

# Stjórnartíðindi

## 1997 - B-deild - 2. hluti

Útgáfa 2.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

### Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

### Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

### Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

### Athugasemdir um þessa útgáfu

Gallar á bls. 944, 964, 1111, og 1146.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval ([svavar@kjarrval.is](mailto:svavar@kjarrval.is))

# STJÓRNARTÍÐINDI B 39 – 1997

6. maí 1997

569

Nr. 292

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 356/1996, um vörugjald.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 3. gr. reglugerðarinnar:

a. 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Gjaldflokkar magngjalds, sbr. upptalningu tollskrárnúmera gjaldskyldrar vöru í A og B lið viðauka I við lög nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, eru 8 kr./l og 10, 15, 20, 28, 30, 35, 40, 60 og 80 kr./kg.

b. Í stað orðanna „C-F lið“ í 2. mgr. kemur: C-E lið.

c. 4. tölul. 2. mgr. fellur brott.

2. gr.

Í stað orðanna „C-F liðum“ í 2. mgr. 5. gr. kemur: C-E liðum.

3. gr.

Í stað orðanna „C-F liðum“ í 1. mgr. 8. gr. kemur: C-E liðum.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í 1. mgr. 13. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, og öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytinu, 6. maí 1997.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

*Bergþór Magnússon.*

6. maí 1997

Nr. 293

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 607/1995, um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

1. gr.

E-liður 10. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Innkaup, innflutning, heildsölu og dreifingu á tóbaki.

2. gr.

3. og 4. málsl. 18. gr. reglugerðarinnar falla brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 33. gr. reglugerðarinnar:

a. A-liður orðast svo: Innkaup og innflutning á áfengi.

b. C-liður fellur brott.

## 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 63/1969, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. júní 1997.

*Fjármálaráðuneytinu, 6. maí 1997.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

*Bergþór Magnússon.*

## REGLUGERÐ

### um endurgreiðslu á virðisaukaskatti til erlendra ferðamanna.

## 1. gr.

Heimilt er að endurgreiða virðisaukaskatt til erlendra ferðamanna af varningi sem þeir hafa fest kaup á hér á landi að uppfylltum skilyrðum reglugerðar þessarar. Endurgreiða skal að lágmarki þá fjárhæð sem tilgreind er í töflum á fylgiskjali við reglugerð þessa.

## 2. gr.

Einungis er heimilt að endurgreiða virðisaukaskatt til ferðamanna með erlent ríkisfang og erlenda heimilisfesti. Til sönnunar ríkisfangi skal leggja fram vegabréf. Útlendingar með fasta búsetu hérlendis eiga ekki rétt á endurgreiðslu.

## 3. gr.

Það er skilyrði endurgreiðslu að kaupandi vörunnar hafi hana með sér af landi brott innan 30 daga frá því er kaup gerðust og framvísi henni ásamt tilskildum endurgreiðslugögnum, sbr. 4. gr., við endurgreiðslufyrirtæki eða eftir atvikum tollyfirvöld við brottför.

Til að endurgreiðsla fáiast verður að uppfylla öll eftirtalinnu skilyrða:

- Kaupandi hafi vöruna á brott með sér úr landi innan mánaðar frá því að kaupin voru gerð.
- Kaupverð vörunnar með virðisaukaskatti nemi minnst 4.000 kr.
- Vörunni sé framvísað ásamt tilskildum gögnum við brottför, sbr. 4. og 6. gr.

Heimilt er að endurgreiða virðisaukaskatt af vörum á einum og sama vöruheikningi sé kaupverð þeirra samtals 4.000 kr. eða meira ásamt virðisaukaskatti, þó einn eða fleiri munir nái ekki tilskilinni lágmarksfjárhæð.

## 4. gr.

Við sölu skal fylla út endurgreiðsluávísun þar sem fram komi eftirtaldar upplýsingar:

- Nafn og heimilisfang seljanda.
- Dagsetning er kaup gerast.
- Vörutegund og magn.
- Verð vörunnar með virðisaukaskatti.
- Fjárhæð sem óskast endurgreidd.
- Nafn, heimilisfang og vegabréfsnúmer kaupanda.

Seljandi skal fylla út liði a-e en kaupandi lið f. Frumrit ávísunarinnar þannig útfylltrar skal afhenda kaupanda. Búa skal um vöruna í lokuðum og innsigliuðum umbúðum.

Endurgreiðsluávísanir vegna sölu á vörum sem bera 14% virðisaukaskatt skulu auðkenndar með áberandi hætti.

## 5. gr.

Aðilar, sem til þess hafa hlotið leyfi fjármálaráðuneytisins, annast endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari.

Við brottför úr landi um alþjóðaflugvöllinn á Keflavíkurlflugvelli skal kaupandi framvísa varningi í innsigliðum umbúðum ásamt endurgreiðsluávísun til endurgreiðsluaðila, er leysir hana til sín, enda séu skilyrði reglugerðar þessarar að öðru leyti uppfyllt. Ef fjárhæð endurgreiðslu nemur hærrí fjárhæð en 5.000 kr. skulu tollyfirvöld hafa staðfest útflutning vöru með áritun á ávísunina. Ákvæði þessarar málsgreinar skulu jafnframt gilda við brottför ferðamanna frá öðrum stöðum, ef aðili sem hlotið hefur heimild skv. 1. mgr. annast endurgreiðslu á virðisaukaskatti við brottför.

Við brottför annars staðar frá landinu skal varningi í innsigliðum umbúðum framvísað við tollgæsluna sem ganga skal úr skugga um að skilyrði fyrir endurgreiðslu séu fyrir hendi. Séu öll skilyrði uppfyllt skal tollgæslan staðfesta það með áritun sinni á ávísunina. Kaupandi skal innan þriggja mánaða frá staðfestingu tollyfirvalda afhenda eða senda ávísunina til endurgreiðsluaðila, sem leysir hana til sín.

## 6. gr.

Endurgreiðsluaðili skal fyrir 5. hvers mánaðar senda skattstjóranum í því umdæmi er endurgreiðsluaðili hefur lögheimili uppgjörsskýrslu vegna endurgreiðslna síðastliðins mánaðar. Uppgjörsskýrsla skal vera í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Fallist skattstjóri á uppgjörsskýrslu skal endurgreiðsluaðili fá endurgreidda heildarfjárhæð þess virðisaukaskatts sem erlendir ferðamenn hafa greitt af keyptri vöru samkvæmt uppgjörsskýrslu.

Hafi skýrslu verið skilað á tilskildum tíma skal innheimtumaður annast greiðsluna innan tíu daga frá lokum skilafrests skv. 1. mgr. Berist skýrsla eftir lok skilafrests skal endurgreiðsla fara fram innan tíu daga frá því að skattstjóri samþykkti greiðslu. Geti skattstjóri, af ástæðum er varða endurgreiðsluaðila, ekki gert nauðsynlegar athuganir á uppgjörsskýrslu eða gögnum sem skýrslugjöf byggist á, framlengist greiðslufrestur ríkissjóðs þar til úr þeim annmörkum hefur verið bætt.

## 7. gr.

Komi í ljós að greiðsla til endurgreiðsluaðila hafi verið of há skal skattstjóri þegar tilkynna viðkomandi innheimtumanni og endurgreiðsluaðila þar um. Endurgreiðsluaðila ber að endurgreiða innheimtumanni það sem ofgreitt var eigi síðar en sjö dögum eftir dagsetningu tilkynningar skattstjóra. Um dráttarvexti vegna of hárrar greiðslu fer eftir vaxtalögum nr. 25/1987.

## 8. gr.

Endurgreiðsluaðila ber að varðveita endurgreiðsluávísanir, uppgjör og önnur gögn er varða endurgreiðslu á virðisaukaskatti samkvæmt reglugerð þessari í sjö ár frá lokum viðkomandi árs.

## 9. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 1. mgr. 43. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 500/1989, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra ferðamanna, með síðari breytingum.

*Fjármálaráðuneytinu, 6. maí 1997.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

*Bergþór Magnússon.*

**Fylgiskjal:****A. Tafla vegna endurgreiðslu á virðisaukaskatti af vörum sem bera 24,5% virðisaukaskatt.**

Sölufrjárhæð	Endurgreiðsla	Sölufrjárhæð	Endurgreiðsla	Sölufrjárhæð	Endurgreiðsla
4.001-4.500	550	16.001-16.500	2.300	28.001-28.500	3.900
4.501-5.000	650	16.501-17.000	2.400	28.501-29.000	4.000
5.001-5.500	750	17.001-17.500	2.450	29.001-29.500	4.100
5.501-6.000	800	17.501-18.000	2.500	29.501-30.000	4.200
6.001-6.500	900	18.001-18.500	2.550	30.001-30.500	4.300
6.501-7.000	950	18.501-19.000	2.600	30.501-31.000	4.400
7.001-7.500	1.000	19.001-19.500	2.700	31.001-31.500	4.500
7.501-8.000	1.050	19.501-20.000	2.800	31.501-32.000	4.600
8.001-8.500	1.100	20.001-20.500	2.900	32.001-32.500	4.700
8.501-9.000	1.200	20.501-21.000	3.000	32.501-33.000	4.750
9.001-9.500	1.300	21.001-21.500	3.050	33.001-33.500	4.800
9.501-10.000	1.400	21.501-22.000	3.100	33.501-34.000	4.850
10.001-10.500	1.500	22.001-22.500	3.150	34.001-34.500	4.900
10.501-11.000	1.550	22.501-23.000	3.200	34.501-35.000	5.000
11.001-11.500	1.600	23.001-23.500	3.250	35.001-35.500	5.100
11.501-12.000	1.650	23.501-24.000	3.300	35.501-36.000	5.200
12.001-12.500	1.750	24.001-24.500	3.350	36.001-36.500	5.300
12.501-13.000	1.850	24.501-25.000	3.400	36.501-37.000	5.400
13.001-13.500	1.900	25.001-25.500	3.450	37.001-37.500	5.500
13.501-14.000	1.950	25.501-26.000	3.500	37.501-38.000	5.600
14.001-14.500	2.000	26.001-26.500	3.550	38.001-38.500	5.700
14.501-15.000	2.100	26.501-27.000	3.600	38.501-39.000	5.800
15.001-15.500	2.200	27.001-27.500	3.700	39.001-39.500	5.900
15.501-16.000	2.250	27.501-28.000	3.800	39.501-40.000	6.000

Ef sölufrjárhæð fer yfir 40.000 kr. skal endurgreiða 15% af sölufrjárhæð. Endurgreiðslan skal ætíð ákvörðuð í hundruðum króna.

**B. Tafla vegna endurgreiðslu á virðisaukaskatti af vörum sem bera 14% virðisaukaskatt.**

Sölufrjárhæð	Endurgreiðsla	Sölufrjárhæð	Endurgreiðsla	Sölufrjárhæð	Endurgreiðsla
4.000-5.000	300	16.001-17.000	1.350	28.001-29.000	2.350
5.001-6.000	400	17.001-18.000	1.450	29.001-30.000	2.400
6.001-7.000	500	18.001-19.000	1.500	30.001-31.000	2.500
7.001-8.000	600	19.001-20.000	1.600	31.001-32.000	2.600
8.001-9.000	700	20.001-21.000	1.700	32.001-33.000	2.650
9.001-10.000	750	21.001-22.000	1.800	33.001-34.000	2.750
10.001-11.000	850	22.001-23.000	1.850	34.001-35.000	2.850
11.001-12.000	950	23.001-24.000	1.950	35.001-36.000	2.900
12.001-13.000	1.000	24.001-25.000	2.000	36.001-37.000	3.000
13.001-14.000	1.100	25.001-26.000	2.100	37.001-38.000	3.100
14.001-15.000	1.200	26.001-27.000	2.200	38.001-39.000	3.150
15.001-16.000	1.250	27.001-28.000	2.250	39.001-40.000	3.250

Ef sölufrjárhæð fer yfir 40.000 kr. skal endurgreiða 8% af sölufrjárhæð. Endurgreiðslan skal ætíð ákvörðuð í hundruðum króna.

## AUGLÝSING

um breytingu á reglum nr. 529/1996 um innkaup og sölu tóbaks  
og skilmálum í viðskiptum við birgja.

**1. mgr. orðist svo:**

Tóbaki er deilt í 4 söluflokka:

1. Kjarna.
2. Reynsluflokk.
3. Sérflokk.
4. Sérpantanir.

**5. mgr. orðist svo:**

Sérflokkur tekur til vöru sem er keypt inn til að auka fjölbreytni í úrvali vindla og píputóbaks. Vöruvalsnefnd ÁTVR ákveður hvaða tegundir tóbaks eru falar í sérflokki.

Reglur þessar taka þegar gildi.

Reykjavík, 29. apríl 1997.

Í stjórn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins

Hildur Petersen

Árni Tómasson

Þórarinn Sveinsson

Breyting þessi á reglum nr. 529/1996, um innkaup og sölu tóbaks og skilmála í viðskiptum við birgja, staðfestist hér með.

*Fjármálaráðuneytinu, 6. maí 1997.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

*Bergþór Magnússon.*

21. apríl 1997

Nr. 296

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Önnu K. Nordal.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Önnu K. Nordal. Heitir hann eftir vestur íslensku konunni Önnu K. Nordal sem búsett er að Gimli í Manitoba í Kanada. Anna K. Nordal gaf stofnfé sjóðsins með þeim skilyrðum sem sett eru í skipulagsskrá þessa.

2. gr.

Grunnstofnfé sjóðsins eru 15.000,- kanadískir dollarar (US\$ 12.219,63) sem lagðir voru inn í Íslandsbanka þann 16. ágúst 1988. Staða sjóðsins þann 9. apríl 1997 eru US\$ 41.896,59 (þ.e. kr. 2.988.065,- miðað við gengi 71,32). Ekki má skerða grunnstofnfé sjóðsins.

## 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnilega söngnemendur til náms í söng, hvort heldur er innanlands eða utan. Anna K. Nordal lýsti þeim vilja sínum bréflega 3. ágúst 1990 að andvirði 20.000,- kanadískra dollara yrði varið til styrktar nemendum í fiðluleik.

## 4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Vextir af stofnfé hans.
- b) Fjárframlög og gjafir.

## 5. gr.

Stjórn sjóðsins veitir styrki til söngnemenda og nemenda í fiðluleik eftir því sem hún telur heppilegast hverju sinni. Skal stjórnin gæta þess að rýra ekki stofnfé sjóðsins svo að úthlutunum úr sjóðnum fækki, eða að fjárhæð sem veitt er til styrkja, lækki verulega. Stefnt skal að því að veita styrki árlega úr sjóðnum.

Stjórninni er heimilt að leita samstarfs við aðra styrktarsjóði með sama eða skyldan tilgang í þeim tilgangi að auðvelda styrkveitingar og til að styrkveitingar gagnist sem flestum. Stjórninni er einnig heimilt að leita samstarfs við aðra styrktarsjóði með sama eða skyldan tilgang með framtíðarskipan sjóðsins í huga. Þetta er einungis heimilt með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Nafn Styrktarsjóðs Önnu K. Nordal skal haldast óbreytt og nafni hennar haldið á lofti.
- b) Tilgangi Styrktarsjóðs Önnu K. Nordal má ekki breyta.
- c) Fjárhagi Styrktarsjóðs Önnu K. Nordal skal alltaf halda aðgreindum frá öðrum sjóðum.
- d) Verði samvinna við annan sjóð það náin að sjóðsstjórn verði óþörf skal breyta skipulagsskrá og leita samþykkis dómsmálaráðuneytis.

## 6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Skal einn þeirra vera ættingi eða tengdur Önnu K. Nordal, ef því verður við komið. Stjórnarmenn skulu hafa góða þekkingu á sönglist og tónlist almennt svo að úthlutanir geti verið vandaðar og faglegar.

Núverandi stjórn valdi Kristinn Hallsson að beiðni Önnu K. Nordal. Stjórnina skipa Júlíus Vífill Ingvarsson, framkvæmdastjóri, Kristinn Hallsson, óperusöngvari og Þórður Júlíusson útibússtjóri.

Þegar stjórnarmaður gengur úr stjórn skulu þeir tveir sem eftir eru tilnefna sameiginlega nýjan stjórnarmann í það stjórnarsæti sem laust er.

## 7. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta ef allir stjórnarmenn eru því sammála. Breytt skipulagsskrá skal send dómsmálaráðuneyti til staðfestingar.

## 8. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda. Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið.

## 9. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í tryggri fjármálastofnun með hagstæðum og öruggum hætti. Eigi má lána úr sjóðnum eða veðsetja hann. Sjóðurinn er á ábyrgð sjóðsstjórnar.

## 10. gr.

Samþykki allra stjórnarmanna þarf til þess að leggja sjóðinn niður. Verði sjóðurinn lagður niður skal hann renna óskiptur til Söngvarasjóðs Félags íslenskra leikara, enda verði farið í öllu að óskum Önnu K. Nordal varðandi tilgang sjóðsins og gætt ákvæða 5. greinar. Áður en það er gert skal leita samþykkis dómsmálaráðherra sem er heimilt að breyta þessu ákvæði.

## 11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. apríl 1997.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

Fanney Óskarsdóttir.



# STJÓRNARTÍÐINDI B 40 – 1997

Nr. 297

576

14. maí 1997

## VIÐAUKI

við reglugerð nr. 104, 5. febrúar 1997, um gerð og útbúnað smáfiskaskilju.

1. gr.

Við reglugerðina bætist nýr viðauki er verði viðauki 2 og orðist svo:

Tegund skilju - Stundaglas

### Lýsing:

Skiljan er nethólkur, sem er mjórri í miðjunni en til endanna, og er í fremri hluta hans komið fyrir tveimur trapisulöguðum grindaeiningum, sem hvor um sig er samsett úr fjórum grindum. Skammhliðar grindaeininganna snúa saman og á milli þeirra er net eða gúmmí-motta. Grindurnar, sem eru úr ryðfríu stáli, eru lásaðar saman þannig að rimlarnir liggja samsíða belg vörpunnar og er sett á þær flot til mótvægis við þyngd þeirra. Möskvastærð nets í skiljuhólki er 135 mm að innanmáli.

Skiljunni er komið fyrir í vörpunni milli belgs og poka og framan við hana skal vera hólkur, skorinn á síðum, með sama ummál og framanverður skiljuhólkurinn.

Stærð grindna í hvorri grindaeiningu skal vera:

Fremsta grind:	0,82-0,71 x 0,50 m
Fremri miðgrind:	0,70-0,59 x 0,50 m
Aftari miðgrind:	0,58-0,47 x 0,50 m
Aftasta grind:	0,46-0,35 x 0,50 m

Bil á milli rimla í grindunum skal vera a.m.k. 60 mm og á milli eininganna er net eða gúmmímotta sem er 2,12 m að lengd.

Um tvær stærðir af nethólkum er að ræða sem grindaeiningunum er komið fyrir í.

### Stærri gerð:

Ummál skiljuhólks er; að framanverðu 122 möskvar, í miðju 62 möskvar og að aftanverðu 122 möskvar. Lengd skiljuhólks er 7,15 m eða 45,5 síður.

Skornir eru gearar úr 45,5 síðna netbyrði þannig að byrðið mjókkar með skurði 1S-4L inn að miðju um 15 möskva hvoru megin og eykst síðan um sama möskvafjölda frá miðju að hinum enda byrðisins. Þetta á bæði við um yfir- og undirbyrði nema framanvert undirbyrði er einum möskva styttra en yfirbyrðið á móti. Byrðin eru fest saman á jöðrunum og eru geararnir festir við til stýringar og styrktar.

Í efra byrði hólksins, 6,5 síðum frá framenda, er skorið op, sem er 42 möskvar að framanverðu, 13,5 síður aftur að miðju og 20 möskvar að aftanverðu, þ.e. 2,5 síðum framan við miðju hólksins. Í þessu opi er grindaeiningunum komið fyrir. Hólkur framan við skiljuna skal vera 8 m langur.

*Minni gerð:*

Ummál skiljuhólks er; að framanverðu 102 möskvar, í miðju 62 möskvar og að aftanverðu 102 möskvar. Lengd skiljuhólks er 6,36 m eða 40,5 síður.

Skornir eru gearar úr 40,5 síðna netbyrði þannig að byrðið mjókkar með skurði 1S-2L inn að miðju um 10 möskva hvoru megin og eykst síðan um sama möskvafjölda frá miðju að hinum enda byrðisins. Þetta á við um bæði yfir- og undirbyrði nema framanvert undirbyrði er einum möskva styttra en yfirbyrðið á móti. Byrðin eru fest saman á jöðrunum og eru geararnir festir við til stýringar og styrktar.

Í efra byrði hólksins, 3 síðum frá framenda, er skorið op, sem er 38 möskvar að framanverðu, 13,5 síður aftur að miðju og 16 möskvar að aftanverðu, þ.e. 3,5 síðum framan við miðju hólksins. Í þessu opi er grindaeiningunum komið fyrir. Hólkur framan við skiljuna skal vera 6 m langur.

2. gr.

Viðauki þessi er settur samkvæmt ákvæðum 12. gr. laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 14. maí 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

Árni Kolbeinsson.

## REGLUGERÐ

### um verndun smáfisks við tog- og dragnótaveiðar fyrir Suðausturlandi.

1. gr.

Frá og með 15. júní 1997 eru allar veiðar með fiskivörpu og dragnót bannaðar á svæði fyrir Suðausturlandi, sem markast af línu, sem dregin er 12 sjómíllur réttvísandi austur frá Hvítungum. Þaðan vestur um að 14°26,60'V markast svæðið af línu tólf sjómíllur utan við viðmiðunarlínu og síðan af línu, sem dregin er um eftirgreinda punkta:

- |                             |                                |
|-----------------------------|--------------------------------|
| 1. 64°09,40'N - 14°26,60'V  | 13. 63°23,40'N - 16°16,60'V    |
| 2. 63°50,30'N - 14°07,80'V  | 14. 63°21,80'N - 16°33,70'V    |
| 3. 63°48,00'N - 14°07,20'V  | 15. 63°21,40'N - 16°56,00'V    |
| 4. 63°39,60'N - 14°36,30'V  | 16. 63°18,70'N - 16°59,70'V    |
| 5. 63°41,10'N - 14°38,20'V  | 17. 63°16,80'N - 17°10,60'V    |
| 6. 63°43,50'N - 14°42,40'V  | 18. 63°15,00'N - 17°25,30'V    |
| 7. 63°36,30'N - 14°52,40'V  | 19. 63°14,50'N - 17°44,20'V    |
| 8. 63°31,50'N - 15°21,70'V  | 20. 63°12,70'N - 17°55,00'V    |
| 9. 63°33,80'N - 15°26,30'V  | 21. 63°11,90'N - 18°04,90'V    |
| 10. 63°30,90'N - 15°40,80'V | 22. 63°12,80'N - 18°13,10'V    |
| 11. 63°29,10'N - 15°41,30'V | 23. 63°13,35'N - 18°30,00'V    |
| 12. 63°23,60'N - 16°10,00'V | og þaðan í réttvísandi norður. |

## 2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. eru veiðar með fiskivörpu heimilaðar á svæðinu, enda sé varpan búin smáfiskaskilju í samræmi við ákvæði viðauka við reglugerð nr. 104, 5. febrúar 1997 um gerð og útbúnað smáfiskaskilju. Þá er togbátum, sem taka vörpuna inn á síðunni, heimilt til 1. september 1997 að stunda togveiðar á svæðinu, enda verði vörpur þeirra búnar leggglugga. Heimildir til veiða með fiskivörpu á svæðinu takmarkast af ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Ennfremur er þeim bátum, sem tilskilin leyfi til dragnótaveiða hafa, heimilt að stunda dragnótaveiðar á svæðinu sé dragnótin búin leggglugga.

Legggluggi, samkvæmt 1. mgr., er netstykki, sem skorið er á legg og komið er fyrir á efra byrði pokans (belgsins) þannig:

1. Lengd gluggans skal minnst vera 4 metrar.
2. Aftari jaðar gluggans skal vera mest 5 metrum frá pokaenda.
3. Þegar glugginn er saumaður við upptöku pokans (belgsins) skal taka tvær upptökur á móti einum legg. Lengdarhliðar gluggans skulu festar slétt við neðra byrði í leisi pokans (belgsins).
4. Möskvastærð í glugganetinu skal ekki vera minni en möskvastærð riðilsins í pokanum.

## 3. gr.

Skipstjóri fiskiskips, sem hyggst stunda veiðar á svæði skilgreindu í 1. gr. með smáfiskaskilju eða leggglugga, skal tilkynna það til Landhelgisgæslunnar, ekki fyrr en 4 klst. og ekki síðar en 2 klst. áður en veiðar hefjast. Einnig skal hann tilkynna til Landhelgisgæslunnar strax og veiðum er hætt.

## 4. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

## 5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 14. maí 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

## SKIPULAGSSKRÁ

### Minningar- og vísindasjóðs Arnórs Björnssonar.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningar- og vísindasjóður Arnórs Björnssonar. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík. Ættingjar og vinir Arnórs Björnssonar eru stofnendur sjóðsins.

## 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja vísindalegar rannsóknir í sálfræði á Íslandi, einkum á sviði klíniskrar sálfræði.

## 3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 500 þúsund, sem stofnendur leggja fram. Eignir minningarsjóðsins eru stofnfé hans og þær gjafir, framlög og aðrar tekjur sem honum kunna að berast og leggjast við höfuðstól.

## 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn. Í fyrstu stjórn sjóðsins sitja Álfheiður Steinþórsdóttir sálfræðingur, Guðríður Þorsteinsdóttir lögfræðingur og Gylfi Ásmundsson sálfræðingur. Láti stjórnarmaður af störfum tilnefnir stjórnin mann í hans stað.

## 5. gr.

Stjórnarmenn ákveða hve miklu fé er úthlutað í hvert sinn, velja viðfangsefni og styrkþega sjóðsins og stjórna rekstri hans.

Auglýst skal eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum í mars ár hvert og skal umsóknarfræstur vera 6 vikur. Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram 6. maí.

## 6. gr.

Stofnfé sjóðsins má ekki skerða. Stjórn sjóðsins skal ávaxta eignir hans í lánastofnunum á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

## 7. gr.

Breytingar má gera á skipulagsskrá sjóðsins ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna, en til þess þarf samþykki allra stjórnarmanna. Verði stjórn sjóðsins sammála um að hætta starfsemi hans og fær til þess samþykki dómsmálaráðuneytisins renna eignir sjóðsins til sálfræðideildar Háskóla Íslands.

## 8. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá sjóðsins.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. maí 1997.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

Fanney Óskarsdóttir.

# STJÓRNARTÍÐINDI B 41 – 1997

Nr. 300

580

21. maí 1997

## REGLUGERÐ

um (4.) breytingu á reglugerð nr. 180/1997 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á papriku í 2. gr. reglugerðarinnar:

Úr tollnúmeri:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0709.6003	Paprika, önnur	22.05.-30.06.97	ótilgr.	15	199

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 1997.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 21. maí 1997.*

F. h. r.

**Guðmundur Sigþórsson.**

*Jón Höskuldsson.*

Nr. 301

14. maí 1997

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 107/1997, um greiðslu kostnaðar vegna tollafgreiðslu utan almenns tollafgreiðslutíma eða utan aðaltollhafna og vegna sérstakrar tollmeðferðar vöru.

1. gr.

Við 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málslíður sem verður 2. másl. og orðast svo: Ef nægilegt er að mati tollstjóra að einn tollvörður annist tollafgreiðslu vegna skipa eða flugvéla sem flytja farþega eða varning í atvinnuskyni skal tollafgreiðslugjald þó vera 2.000 kr.

Gutenberg

## 2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar:

- a. Við 6. tölul. bætist nýr málslíður sem orðast svo: Þó skal ekki greiða kostnað vegna matsins, ef fob-verðmæti þeirrar vöru sem hefur orðið fyrir skemmdum er undir 10.000 kr.
- b. 7. tölul. fellur brott.

## 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytinu, 14. maí 1997.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

*Bergþór Magnússon.*

## REGLUGERÐ

**um hækkun bóta skv. lögum um almannatryggingar nr. 117/1993  
með síðari breytingum og bóta skv. lögum um félagslega aðstoð  
nr. 118/1993 með síðari breytingum.**

## 1. gr.

Upphæð bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 117/1993 með síðari breytingum, greiðslna samkvæmt 59. gr. sömu laga og bóta samkvæmt lögum um félagslega aðstoð nr. 118/1993 með síðari breytingum skulu hækka um 4% frá 1. mars 1997 frá því sem þær voru í janúar 1997.

Heimilisuppbót samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga um félagslega aðstoð skal, auk framangreindrar hækkunar, hækka um 3.608 kr. frá 1. júní 1997.

Viðmiðunarfrjárhæð heildartekna vegna greiðslu frekari uppbótar samkvæmt 3. málsl. 8. gr. reglugerðar nr. 59/1996, með breytingu samkvæmt reglugerð nr. 231/1997, skal hækka í kr. 86.800 frá 1. júní 1997.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð og 66. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með vísan til 6. tl. ákvæðis til bráðabirgða með lögum um almannatryggingar, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 16. maí 1997.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

*Guðríður Þorsteinsdóttir.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 42 – 1997

---

Nr. 303

582

27. maí 1997

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 210/1993 um Lánasjóð íslenskra námsmanna með áorðnum breytingum.

1. gr.

21. gr. orðist svo:

### *Föst ársgreiðsla.*

Árleg endurgreiðsla af skuldabréfi ákvarðast í tvennu lagi, fasta ársgreiðslu og viðbótargreiðslu.

Gjalddagi föstu ársgreiðslunnar er að jafnaði 1. mars ár hvert. Ef námslok eru á fyrri hluta árs, þ.e. 1. janúar til 30. júní, er gjalddagi fyrstu föstu ársgreiðslunnar 30. júní tveimur árum eftir námslok. Séu námslok á síðari hluta árs, þ.e. 1. júlí til 31. desember, er gjalddagi fyrstu föstu ársgreiðslunnar 1. mars á þriðja ári frá námslokum. Gjaldtagi viðbótargreiðslunnar, sbr. 22. gr., er í öllum tilvikum 1. september.

Fjárhæð föstu ársgreiðslunnar er kr. 48.000 miðað við lánskjaravísitölu 3198 nema eftirstöðvar lánsins ásamt verðbótum séu lægri en því nemur, en þá ber lánþega að greiða lán sitt að fullu á fyrrnefndum gjalddaga. Krónutala fastrar ársgreiðslu breytist á hverju ári miðað við lánskjaravísitölu í janúar.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 27. maí 1997.*

**Björn Bjarnason.**

Árni Gunnarsson.

# STJÓRNARTÍÐINDI B 43 – 1997

20. maí 1997

583

Nr. 304

## GJALDSKRÁ fyrir sorphirðu á Siglufirði.

### 1. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald).

### 2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð og hvert fyrirtæki á Siglufirði.

Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

### 3. gr.

Gjaldið sem hér greinir:

A) Íbúðir	sorphirðugjald	kr. 6.000
B) Fyrirtæki:		
Flokkur A: Stærstu fyrirtækin greiða sorphirðugjald eftir vigt.		
Flokkur B	sorphirðugjald	kr. 75.000
Flokkur C	sorphirðugjald	kr. 45.000
Flokkur D	sorphirðugjald	kr. 15.000

Bæjarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka m.a. eftir magni úrgangs.

Fyrirtæki í flokki A greiða kr. 2.000 í urðunargjald fyrir hvert tonn en að auki greiða fyrirtækin gámaleigu og fyrir akstur úrgangs og losun á urðunarstað samkvæmt reikningi frá verktaka.

### 4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Siglufjarðar, er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til að öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfissráðuneytinu, 20. maí 1997.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

13. maí 1997

Nr. 305

## REGLUGERÐ um veitingu lækningaleyfa og sérfræðileyfa.

### I. Skýringar.

#### 1. gr.

Í reglugerð þessari getur heilbrigðisstofnun merkt sérstakt sjúkrahús, sem annast sjúklinga með tiltekna sjúkdóma (sérjúkrahús), samsvarandi einingu í sjúkrahúsi (sérdeild), heilsugæslustöð eða aðrar stofnanir, sem læknaeild metur hæfar til framhaldsnáms.

Gutenberg



Umsóknir um lækningaleyfi og sérfræðileyfi ásamt staðfestum vottorðum yfirmanna og öðrum nauðsynlegum fylgiskjölum skal senda til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.

## II. Almennt lækningaleyfi.

### 2. gr.

Til þess að kandídat í læknisfræði geti átt rétt á að öðlast lækningaleyfi og heita lækni, skal hann að prófi loknu hafa lokið því viðbótarnámi er hér greinir: Hann skal hafa unnið aðstoðarlæknisstörf á viðurkenndum heilbrigðisstofnunum, sbr. auglýsingu þar um, í samtals 12 mánuði. Þar af skal hann a.m.k. vinna í 4 mánuði á lyflækningadeild og í 2 mánuði á handlækningadeild og heimilt er að starfa allt að 4 mánuði á heilsugæslustöð. Skulu a.m.k. 9 mánuðir vera unnir á klínískum deildum og mest 3 mánuðir á rannsóknadeildum.

## III. Almennt heimilislækningaleyfi.

### 3. gr.

Til þess að lækni geti átt rétt á að öðlast almennt heimilislækningaleyfi (Evrópu-læknaaleyfi) skal hann hafa lokið viðbótarnámi sem hér greinir:

Hann skal að afloknu kandiðatsári skv. 2. gr. hafa unnið a.m.k. 12 mánuði sem lækni á viðurkenndri heilbrigðisstofnun. Þar af skal hann hafa unnið a.m.k. 6 mánuði undir handleiðslu heimilislæknis eða á H2 heilsugæslustöð. Nýta má starfstíma á H2 heilsugæslustöð á kandiðatsári til þess að uppfylla kröfu um 6 mánaða starfstíma á heilsugæslustöð. Heildarstarfstími að afloknu kandiðatsári skal þó aldrei vera skemmri en 12 mánuðir.

## IV. Sérfræðileyfi.

### 4. gr.

Til þess að lækni geti átt rétt á að öðlast sérfræðileyfi skal hann hafa fullnægt þeim kröfum, er hér greinir:

- a) Hann skal að jafnaði hafa lokið viðbótarnámi samkvæmt 2. gr., áður en sérnám er hafið.
- b) Hann skal að jafnaði hafa fullnægt ákvæðum 5., 6. og 7. gr.

### 5. gr.

Sérnám samkvæmt 7. gr. má einungis fara fram á þeim heilbrigðisstofnunum, sem viðurkenndar eru til slíks sérnáms í heimalandi sínu. Heilbrigðisráðherra veitir heilbrigðisstofnunum hér á landi slíka viðurkenningu samkvæmt tillögum þriggja lækna nefndar, sem metur starfsemi þeirra. Nefndin er skipuð til 6 ára af ráðherra, þannig að einn er skipaður skv. tilnefningu læknaeildar og er hann formaður, tveir skv. tilnefningu Læknafélags Íslands og skal annar vera sérfræðingur í heimilislækningum og hinn sérfræðingur á sjúkrahúsi. Nefndin endurskoðar matið eigi sjaldnar en á 4ra ára fresti og leitar umsagnar hjá framhaldsmenntunarráði, viðkomandi sérgreinafélögum og forstöðumönnum kennslugreina.

### 6. gr.

Ráðherra er heimilt að setja reglur um sérnám hér á landi að fengnum tillögum læknaeildar. Læknaeild gerir þær tillögur að fengnum tillögum framhaldsmenntunarráðs og viðkomandi sérgreinafélags. Í reglunum skal kveðið nánar á um fyrirkomulag námsins, þar með hvort það skuli stundað samkvæmt marklýsingu, hvort því ljúki með prófi og hversu mikill hluti af sérnámi megi fara fram á hérlendum heilbrigðisstofnunum.

Læknar þeir sem sérnám stunda, skulu vera í fullu starfi á þeim heilbrigðisstofnunum, þar sem þeir nema. Frá þessu ákvæði má þó veita undanþágu, ef önnur námstilhögun þykir jafngild að mati læknaeildar. Nám á sérfræðinámskeiði má viðurkenna í stað takmarkaðs hluta tilskilins starfstíma á heilbrigðisstofnun.

## 7. gr.

Sérfræðileyfi má veita að loknu námi samkvæmt eftirfarandi tölulíðum. Heildarnáms-tími skal eigi vera skemmri en 4 ½ ár í aðalgrein. Til að hljóta einnig sérfræðileyfi í undir-sérgrein skal umsækjandi vera sérfræðingur í aðalgrein og hafa lokið 2ja ára viðurkenndu framhaldsnámi í undirgreininni. Með undirsérgrein er átt við frekari sérhæfingu á fræða- og starfssviði sem fellur að mestu leyti innan aðalgreinar.

Í stað eins árs í aðalgrein sbr. a) lið er sérfræðinefnd heimilt að viðurkenna allt að 1 árs nám á deild eða stofnun, þar með taldar vísindalegar rannsóknastofnanir, sem tengist grein-inni.

- I. Atvinnulækningar:
  - a) 3 ½ ár á atvinnusjúkdómadeild.
  - b) 1 ár á lyfjadeild eða lungnasjúkdómadeild.
- II. Augnlækningar:
  - a) 4 ár á augndeild.
  - b) ½ ár á lyfjadeild eða ½ ár á taugadeild eða taugaskurðeild.
- III. Barnalækningar:
  - a) 4 ár á barnadeild.
  - b) ½ ár á lyfjadeild eða barnageðdeild.

Veita má sérfræðingi í almennum barnalækningum sérfræðileyfi í einni undirgrein þeirra, svo sem í barnaefnaskiptalækningum, barna- og unglíngageðlækningum, barnahjartalækningum, barnakrabbameinslækningum, barnataugalækningum, melt-ingar- og næringarsjúkdómum barna, nýburalækningum, smitsjúkdómum barna, ofnæmis- og ónæmislækningum barna o.s.frv.
- IV. Barna- og unglíngageðlækningar:
  - a) 3 ár á barna- og unglíngageðdeild.
  - b) 1 ár á geðdeild fullorðinna.
  - c) 1 ár á almennri barnadeild.
- V. Blóðgjafarfræði:
  - a) 4 ár í blóðbanka.
  - b) ½ ár á klínískum deildum, svo sem lyfjadeild, barnadeild, svæfingadeild, skurð-deild, blóðsjúkdómadeild, krabbameinsdeild, kvennadeild o.s.frv.
- VI. Bráðalækningar:
  - a) 4 ár á bráðalækningardeild.
  - b) ½ ár á svæfinga- eða gjörgæsludeild.
- VII. Bæklunarskurðlækningar:
  - a) 4 ½ ár á deild fyrir bæklunarskurðlækningar.
  - b) 1 ár á skurðeild, t.d. almennri skurðeild, handaskurðeild, heila- og tauga-skurðeild eða við slysalækningar, þó ekki skemur en ½ ár á deild.

Veita má sérfræðingi í bæklunarskurðlækningum sérfræðileyfi í handaskurðlækningum sem undirgrein.
- VIII. Eiturefnafræði:
  - a) 4 ½ ár á deild þar sem unnið er að grunnrannsóknnum í eiturefnafræði.
- IX. Endurhæfingarlækningar:
  - a) 3 ár á endurhæfingardeild.
  - b) 1 ár á lyfjadeild.
  - c) ½ ár á geðdeild.
- X. Fæðinga- og kvenlækningar:
  - a) 4 ár á kvennadeild.
  - b) 1 ár á almennri skurðeild.

Veita má sérfræðingi í kvenlækningum sérfræðileyfi í einni undirgrein þeirra, svo sem kvenkrabbameinslækningum, innkirtlakvensjúkdómum o.s.frv.

XI. Geðlækningar:

a) 4 ½ ár á geðdeild.

Veita má sérfræðingi í geðlækningum sérfræðileyfi í einni undirgrein þeirra, svo sem barna- og unglíngageðlækningum, taugalífeðlisfræði og réttargeðlæknisfræði.

XII. Háls-, nef- og eymlækningar:

a) 4 ár á háls-, nef- og eyrnadeild.

b) ½ ár á almennri skurðeild, eða sérhæfðri skurðeild, svo sem taugaskurðeild, brjóstholsskurðeild, lýtalækningadeild o.s.frv.

XIII. Heilbrigðisstjórnun:

a) Viðurkenndur sérfræðingur í einhverri annarri sérgrein.

b) 2 ár við fræðilegt nám í heilbrigðisfræði, stjórnun heilbrigðisstofnana eða skyldum greinum, enda ljúki því með prófi. Í stað annars ársins má koma vinna á stofnun er fæst við stjórnun heilbrigðismála eða heilbrigðisfræði og læknaeild metur hæfa.

XIV. Heimilislækningar:

a) 2 ár á heilsugæslu- eða læknastöð.

b) 1 ár á lyflækningadeild.

c) 1 ½ ár samtals á eftirtöldum deildum: barnadeild, geðdeild, kvennadeild, slysa-deild. Lágmarkstími á deild skal vera 4 mánuðir.

d) ½ ár samtals á augndeild, HNE, húðeild, skurðeild, bæklunarlækningadeild, svæfinga- og gjörgæsludeild, samfélagslækningadeild, endurhæfingadeild, öldrunarlækningadeild, röntgendeild, smitsjúkdómadeild, taugadeild eða rannsóknadeild. Þó ekki minna en 3 mánuðir á deild.

XV. Húð- og kynsjúkdómálækningar:

a) 4 ár á húð- og kynsjúkdómadeild.

b) ½ ár á lyfjadeild.

Í stað starfa á húð- og kynsjúkdómadeild má koma 2 ½ árs starf á húðsjúkdómadeild og 1 ½ árs starf á kynsjúkdómadeild eða lækningastöð fyrir kynsjúkdóma. Heimilt er að veita sérfræðiviðurkenningu í hvorri grein fyrir sig, ef lið a) er fullnægt að því er hlutaðeigandi sérdeild snertir enda sé einnig fullnægt lið b).

Veita má sérfræðingi í húð- og kynsjúkdómálækningum sérfræðileyfi í einni undirgrein þeirra, svo sem húðmeinafræði.

XVI. Krabbameinslækningar:

a) 4 ár á krabbameinsdeild.

b) 1 ár á lyfjadeild.

XVII. Lyfjafræði:

a) 4 ½ ár á lyfjafræðideild.

XVIII. Lyflækningar:

a) 4 ½ ár á lyfjadeildum.

Veita má sérfræðingi í lyflækningum sérfræðileyfi í einni undirgrein þeirra, svo sem blóðsjúkdómum, efnaskipta- og innkirtlalækningum, gígarlækningum, hjartalækningum, krabbameinslækningum, lungnalækningum, meltingarlækningum, nýmalækningum, ofnæmis- og ónæmislækningum, smitsjúkdómálækningum, öldrunarlækningum o.s.frv.

XIX. Lýtalækningar:

a) 4 ár á lýtalækningadeild.

b) 1 ½ ár á skurðeild.

Veita má sérfræðingi í lýtalækningum sérfræðileyfi í handaskurðlækningum sem undirgrein.

## XX. Meinafræði:

## 1. Blóðmeinafræði:

- a) 4 ½ ár á blóðsjúkdómadeild, sem rekin er í tengslum við rannsóknastofu eða 3 ½ ár á rannsóknastofu í blóðmeinafræði og 1 ár á lyfjadeild eða deild fyrir blóðsjúkdóma.

## 2. Klínísk lífefnafræði:

- a) 4 ½ ár á deild þar sem er rekin blönduð meinefna- og blóðmeinafræði. Í stað þess má koma starf á sérstökum meinefnafræði- og blóðmeinafræðideildum í 4 ½ ár samtals. Lágmarkstími á deild skal vera 1 ½ ár.

## 3. Meinalífeðlisfræði:

- a) 4 ½ ár á meinalífeðlisfræðideild.

## 4. Meinefnafræði:

- a) 4 ½ ár á meinefnafræðideild.

## 5. Ónæmisfræði:

- a) 4 ½ ár á rannsóknastofu í ónæmisfræði.

## 6. Sýklafræði:

- a) 4 ½ ár á sýklafræðideild.

## 7. Vefjameinafræði:

- a) 4 ½ ár á vefjameinafræðideild.

Veita má sérfræðingi í vefjameinafræði sérfræðileyfi í einni undirgrein svo sem barnameinafræði, frumumeinafræði, taugameinafræði o.s.frv.

## 8. Veirufræði:

- a) 4 ½ ár á veirufræðideild.

## XXI. Myndgreining:

- a) 4 ár á myndgreiningardeild.

- b) ½ ár á skurðeild eða lyfjadeild.

Veita má sérfræðingi í myndgreiningu sérfræðileyfi í einni undirgrein þeirra, svo sem myndgreiningu brjóstholslíffæra, myndgreiningu taugakerfis, ísótópagreiningu o.s.frv.

## XXII. Skurðlækningar:

- a) 4 ½ ár á skurðeild.

- b) ½ ár á svæfingadeild.

Veita má sérfræðingi í almennum skurðlækningum sérfræðileyfi í einni undirgrein þeirra, svo sem barnaskurðlækningum, brjóstholsskurðlækningum, æðaskurðlækningum, lýtalækningum, þvagfæraskurðlækningum o.s.frv.

## XXIII. Svæfingalæknisfræði:

- a) 3 ½ ár á svæfingadeild að meðtalinni gjörgæsludeild.

- b) ½ ár á lyfjadeild.

- c) ½ ár á skurðeild.

## XXIV. Taugalækningar:

- a) 4 ár á taugadeild.

- b) ½ ár á lyfjadeild.

Veita má sérfræðingi í taugalækningum sérfræðileyfi í einni undirsérgrein svo sem taugalífeðlisfræði, taugameinafræði o.s.frv.

## XXV. Taugaskurðlækningar:

- a) 4 ½ ár á sérdeild fyrir greinina.

- b) 1 ár á almennri skurðeild.

- c) ½ ár á taugalækningadeild.

## XXVI. Þvagfæraskurðlækningar:

- a) 4 ár á sérdeild fyrir greinina.

- b) 1 ½ ár á almennri skurðeild.

## 8. gr.

Heimilt er að veita sérfræðileyfi lækni, sem lokið hefur viðurkenndu sérfræðinámi, sérfræðiprófi eða fengið sérfræðileyfi í löndum, sem gera sambærilegar kröfur um sérfræðinám og gert er í þessari reglugerð. Þetta er heimilt þótt námstilhögun sé frábrugðin ákvæðum 7. greinar. Veita má sérfræðileyfi í öðrum greinum en þeim er að framan greinir, ef fullnægt er kröfum um sérmenntun að mati sérfræðinefndar og umsækjandi hefur sérfræðiviðurkenningu frá öðru landi. Sérfræðinefnd úrskurðar á sama hátt um veitingu sérfræðileyfa í nýjum undirgreinum. Sérreglur gilda um sérfræðileyfi sem uppfylla skilyrði EES-samningsins sbr. reglugerð nr. 244/1994.

## 9. gr.

Heimilt er að synja lækni um sérfræðiviðurkenningu, þótt hann hafi fullnægt ákvæðum þessarar reglugerðar, ef sérfræðinefnd læknaeildar telur að námið hafi ekki verið nægilega samfellt eða að óeðlilega langur tími hafi liðið frá því að hann lauk samfelldu sérnámi og þar til umsókn barst.

## 10. gr.

Ráðherra skipar 3 lækna til að fara yfir og úrskurða um umsóknir til sérfræðileyfis, sérfræðinefnd. Skal einn vera úr hópi kennara læknaeildar og er hann formaður nefndarinnar, annar skal tilnefndur af L.Í. og sá þriðji er forstöðumaður kennslu í þeirri grein sem til umfjöllunar er hverju sinni. Við afgreiðslu umsókna skal þegar við á, fulltrúi viðkomandi sérgreinafélags boðaður á fund nefndarinnar. Fulltrúi læknaeildar og L.Í. skulu skipaðir til 4 ára. Þeir annast fyrir hönd læknaeildar túlkun og endurskoðun reglugerðarinnar í samráði við stjórn og sérgreinafélög L.Í. Komi upp ágreiningur í nefndinni skal skjóta honum undir úrskurð læknaeildar.

## 11. gr.

Reglugerð þessi sem sett er að tillögu læknaeildar Háskóla Íslands staðfestist hér með samkvæmt 2. og 5. gr. læknalaga nr. 53/1988 með síðari breytingum til að öðlast gildi 1. júní 1997. Jafnframt fellur úr gildi frá og með sama tíma reglugerð nr. 311/1986 um veitingu lækningaleyfis og sérfræðileyfa.

Kandidötum, sem lokið hafa læknaprófi við gildistöku þessarar reglugerðar skal þó heimilt að haga almennu framhaldsnámi skv. I. kafla hinnar fyrri reglugerðar, ef námið er hafið þegar reglugerð þessi öðlast gildi. Læknum sem hafið hafa sérfræðinám við gildistöku reglugerðarinnar skal heimilt að haga sérnáminu skv. II. kafla fyrri reglugerðar til 1. júní 2002.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 13. maí 1997.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

**Fylgiskjal 1****Viðmiðunarreglur fyrir geðdeildir er veita sérfræðimenntun í geðlækningum á Íslandi.****1. Deildaskipt sjúkrahús.**

Sjúkrahúsið sé deildaskipt og á því séu auk geðdeildar: Lyfjadeild, skurðeild, gjörgæsludeild, svæfingadeild, taugadeild, geðdeild, rannsóknadeildir (blóðmeina- og meinefnafræði og sýkladeild auk aðgangs að ónæmisrannsóknadeild), röntgendeild og a.m.k. 2 eftirtaldir deildir: Augndeild, barnadeild, bæklunardeild, slysadeild, kvennadeild, háls-, nef- og eyrnadeild, endurhæfingaradeild, bráðamóttökudeild (sjúkrahúsvakt). Á sjúkrahúsinu skal vera starfandi göngudeild.

## 2. *Stærð deildarlíffjöldi sérfræðinga.*

Á deildinni skulu vera a.m.k. 80 rúm, og á henni séu a.m.k. 8 full stöðugildi sérfræðinga. Á deildinni skulu auk almennra geðdeilda vera, virk bráðamóttaka og göngudeild. Sérhæfð starfsemi skal fara fram á geðdeildinni s.s. áfengismeðferðardeild, barna- og unglingadeild, endurhæfingardeild og sjúkrahæfingardeild í tengslum við bráðamóttöku.

## 3. *Innlagnir/sjúklingafjöldi.*

Á deildina séu a.m.k. 400-500 innlagnir árlega, og þar af um helmingur bráðainnlagnir.

## 4. *Göngudeildir.*

Deildarlæknar í framhaldsnámi eiga að fylgja sjúklingum eftir reglubundið á göngudeild með sérfræðingi, og verja a.m.k. 10% af tíma sínum í umönnun sjúklinga á almennri göngudeild geðdeilda eða sérhæfðum göngudeildum geðdeilda.

## 5. *Fræðsla.*

Skipulögð fræðsla fyrir lækna verði á öllum deildum sjúkrahússins. Hún verði fólgin í reglubundnum fræðslufundum (ætlaðir öllum læknum deildarinnar), sérstökum vikulegum fræðslufundum ætluðum deildarlæknum eingöngu. Auk þess skal hver deildarlæknir fá handleiðslu (supervisor) varðandi sérhæfða meðferð sjúklinga (þar með talin samtalstækni og samtalsmeðferð) og skal hún fara fram á vikulegum fundum, þar sem deildarlæknir ræðir í smáatriðum um framgang meðferðar. Deildarlæknar taki sjálfir virkan þátt í kennslu annars starfsfólks og læknanema á hverri deild og standi fyrir sjálfstæðum greinafundum o.s.frv. Hvatt verði til sjálfstæðis í vinnubrögðum, m.a. með því að deildarlæknir beri ábyrgð á ákveðnum fjölda innliggjandi sjúklinga og á göngudeild undir umsjá sérfræðings.

## 6. *Starfsvettvangur.*

Deildarlækni verði tryggð kynni af flestum starfsþáttum geðdeildarinnar á meðan á ráðningartíma stendur. Deildarlæknar eiga að taka þátt í ráðgjöf við aðrar deildir og innan deilda undir umsjá sérfræðings.

## 7. *Kennslustjóri.*

Við deildina starfi kennslustjóri, sem í samráði við kennslustjóra sjúkrahússins, skipuleggi fræðslu deildarlækna og önnur atriði sem lúta að starfi þeirra. Kennslustjóri sjúkrahússins skal tilnefndur af læknaráði í samvinnu við læknadeild og Læknafélag Íslands.

## 8. *Vísindastörf.*

Virkt rannsóknastörf (klínísk og/eða á rannsóknastofu) séu stunduð á deildinni og reglulega birtist frá henni greinar í ritdæmdu alþjóðlega viðurkenndum tímaritum. Allir deildarlæknar í skipulögðu framhaldsnámi starfi að og ljúki einu eða fleiri rannsóknaverkefnum (eða ígildi þess [mat í höndum forstöðulæknis og kennslustjóra]) meðan á ráðningartíma stendur. Á deildinni eða í tengslum við hana verði aðstaða til meistara- og/ eða doktorsnáms í læknisfræði/líffræði.

## 9. *Handleiðsla.*

Hverjum deildarlækni verði fenginn sérfræðingur, sem verði handleiðari deildarlæknisins. Hlutverk hans verði að fylgja deildarlækninum, veita honum ráðgjöf um framgang og þroska í starfi, framhaldsnám, ræða umsagnir um frammistöðu o.fl. Hlutverk handleiðara er ekki að veita beina kennslu sérstaklega eða gefa umsögn (einkunn) um frammistöðu.

**10. Mat á frammistöðu.**

Vitnisburður (skriflegur) verði veittur um frammistöðu deildarlækna. Vitnisburðurinn verði byggður á a) umsögnum eftir dvöl á hverri deild skv. matskerfi framhaldsmenntunarráðs læknadeildar og b) stöðluðu prófi. Frammistöðumat má nýta m.a. til ritunar meðmælabréfa vegna umsókna um framhaldsnám erlendis. Deildarlæknar skulu sjá það mat sem þeir hafa fengið og fá tækifæri til að gagnrýna það og ræða.

**11. Samvinna milli sjúkrahúsa.**

Deildarlæknar í framhaldsnámi geta dvalið um tíma á geðdeildum sjúkrastofnana sem ekki hafa fulla aðstöðu til menntunar lækna í framhaldsnámi. Lengd þeirrar dvalar skal taka mið af þeirri sérhæfingu og aðstöðu sem viðkomandi deild býður upp á. Framkvæmd þessa verði í höndum forstöðulæknis í samráði við framhaldsmenntunarráð læknadeildar.

**12. Lengd formlegs framhaldsnáms í geðlækningum hérlendis.**

Að minnsta kosti 1 ár en að jafnaði ekki lengra en 2 ár. Þó má viðurkenna 3 ára nám hérlendis ef deildarlæknir hefur stundað viðamikil vísindastörf að mati vísindanefndar læknadeildar.

**13. Sjúkrahús á Íslandi sem veitt geta framhaldsmenntun í geðlækningum.**

Þau sjúkrahús sem fullnægja kröfum skv. reglugerð um veitingu lækningaleyfa og sérfræðileyfa og uppfylla skilyrði þessara viðmiðunarreglna.

**14. Leyfi til að veita formlega framhaldsmenntun í geðlækningum.**

Veitt af heilbrigðisráðherra í samræmi við tillögur læknadeildar og Læknafélags Íslands og í samráði við viðkomandi sérgreinafélag.

**15. Eftirlit.**

Formlegt eftirlit með því að skilyrði þessara viðmiðunarreglna verði haldin verður í höndum nefndar, skv. 5. gr. reglugerðar um veitingu lækningaleyfa og sérfræðileyfa. Eftirlitið fari fram með reglulegum heimsóknum (á tveggja ára fresti) á deildina og skili nefndin rökstuddri skýrslu um gang mála til læknadeildar og heilbrigðisráðherra. Uppfylli deild ekki ofangreindar viðmiðunarreglur verður leyfi afturkallað.

**Viðmiðunarreglur fyrir barnadeildir er veita sérfræðimenntun í almennum barnalækningum á Íslandi.****1. Deildaskipt sjúkrahús.**

Sjúkrahúsið sé deildaskipt og á því séu auk barnadeildar: Lyfjadeild, skurðeild, gjörgæsludeild, svæfingadeild, taugadeild, geðdeild, rannsóknadeildir (blóðmeina- og meinafræði og sýkladeild auk aðgangs að ónæmisrannsóknadeild), röntgendeild og a.m.k. 2 eftirtaldir deildir: Augndeild, bæklunardeild, slysadeild, kvennadeild, háls-, nef- og eyrnadeild, endurhæfingaradeild, bráðamóttökudeild (sjúkravakt). Barnadeildin skal einnig vera deildarskipt og hafa a.m.k. alm. barnadeild, barnaskurðeild, nýburadeild, göngudeild og bráðamóttöku.

**2. Stærð deildarlfjöldi sérfræðinga.**

Á deildinni skulu vera a.m.k. 40 rúm, og á henni séu a.m.k. 6 full stöðugildi sérfræðinga, þ.m.t. forstöðulæknir deildarinnar. Þeir þurfa að vera fulltrúar a.m.k. 6 eftirtalinna undirgreina barnalækninga: Hjartasjúkdómar barna, taugasjúkdómar barna, efnaskiptasjúkdómar barna, nýrnasjúkdómar barna, smitsjúkdómar barna, krabbameinslækningar barna, barnaskurðlækningar, meltingarsjúkdómar barna, ónæmis- og ofnæmissjúkdómar barna, nýburalækningar og gjörgæsla nýbura.

### 3. *Sjúklingafjöldi.*

Að minnsta kosti 3000 börn komi árlega á göngudeild, dagdeild, bráðamóttöku eða til innlagnar.

### 4. *Göngudeildir.*

Deildarlæknar í framhaldsnámi skulu fylgja eftir sjúklingum á göngudeild í samvinnu við sérfræðinga, og verja hið minnsta fimmtungi tímans í umönnun sjúklinga á almennri eða sérhæfðri göngudeild. Vinnu á bráðamóttöku má meta að hluta sem vinnu á göngudeild.

### 5. *Fræðsla.*

Skipulögð fræðsla fyrir lækna deildarinnar á að vera fyrir hendi og skal hún fólgin í reglubundnum fræðslufundum fyrir alla lækna (a.m.k. einu sinni í viku), kennslumiðuðum morgunfundum og kennslustofugöngum. Reglulegir fræðslufundir eiga að vera í boði fyrir deildarlækna eingöngu, þar sem tekin eru fyrir ákveðin verkefni út frá bæði fræðilegum og verklegum sjónarmiðum. Deildarlæknar taki ennfremur virkan þátt í fræðslu yngri aðstoðarlækna og stúdenta, gangi stofugang án sérfræðings a.m.k. einu sinni í viku, og beri ábyrgð á sínum sjúklingum. Nauðsynlegt er að á deildinni séu reglulegir fundir þar sem vísindagreinar eru teknar og krufnar til mergjar og haldnir reglulegir dánarmeinafundir.

### 6. *Starfsvettvangur.*

Deildarlækni verði tryggð kynni af öllum deildum og undirsérgreinum deildarinnar á starfstímanum.

### 7. *Kennslustjóri.*

Við deildina starfi kennslustjóri, sem í samráði við kennslustjóra sjúkrahússins, skipuleggi fræðslu deildarlækna og önnur atriði sem lúta að starfi þeirra. Kennslustjóri sjúkrahússins skal tilnefndur af lækna ráði í samvinnu við lækna deild og Læknafélag Íslands.

### 8. *Vísindastörf.*

Skilyrði er að virk rannsóknastörf séu stunduð á deildinni og að reglulega birtist frá henni greinar í ritdæmdum alþjóðlega viðurkenndum tímaritum. Allir deildarlæknar í skipulögðu framhaldsnámi ljúki a.m.k. einu rannsóknaverkefni meðan á ráðningartíma stendur. Æskilegt er að á deildinni sé aðstaða til bæði faraldsfræðilegra rannsókna og grunnrannsókna. Á deildinni eða í tengslum við hana verði aðstaða til meistara- og/eða doktorsnáms í lækni- fræði/líffræði.

### 9. *Handleiðsla.*

Hverjum deildarlækni í framhaldsnámi verði fenginn sérfræðingur, sem verði hans handleiðari. Hlutverk hans verði að fylgja deildarlæknum, veita honum ráðgjöf um framgang og þroska í starfi, framhaldsnám, ræða umsagnir um frammistöðu o.fl.

### 10. *Mat á frammistöðu.*

Vitnisburður (skriflegur) verði veittur um frammistöðu deildarlækna. Vitnisburðurinn verði byggður á a) umsögnum eftir dvöl á hverri deild (gangi) skv. matskerfi framhaldsmenntunarráðs lækna deildar og b) stöðluðu prófi. Frammistöðumat má nýta m.a. til ritunar meðmælabréfa vegna umsókna um framhaldsnám erlendis. Deildarlæknar skulu sjá það mat sem þeir hafa fengið og fá tækifæri til að gagnrýna það og ræða.



**11. Samvinna milli sjúkrahúsa.**

Deildarlæknar í framhaldsnámi geta dvalið um tíma á öðrum sjúkrahúsum (á barnadeild eða deildum sem beint tengjast framhaldsnámi viðkomandi læknis) sem ekki hafa fulla aðstöðu til menntunar lækna í framhaldsnámi. Lengd þeirrar dvalar skal taka mið af þeirri sérhæfingu og aðstöðu sem viðkomandi deild býður upp á. Framkvæmd þessa verður í höndum forstöðulæknis í samráði við framhaldsmenntunarráð læknaeildar.

**12. Lengd formlegs framhaldsnáms í almennum barnalækningum hérlandis.**

Gert er ráð fyrir að hægt verði að stunda framhaldsnám í alm. barnalækningum í allt að 2 ár hérlandis.

**13. Sjúkrahús á Íslandi sem veitt geta framhaldsmenntun í almennum barnalækningum.**

Þau sjúkrahús sem fullnægja kröfum skv. reglugerð um veitingu lækningaleyfa og sérfræðileyfa og uppfylla skilyrði þessara viðmiðunarreglna.

**14. Leyfi til að veita formlega framhaldsmenntun í almennum barnalækningum.**

Veitt af heilbrigðisráðherra í samræmi við tillögur læknaeildar og Læknafélags Íslands í samráði við viðkomandi sérgreinafélag.

**15. Eftirlit.**

Formlegt eftirlit með því að skilyrði þessara viðmiðunarreglna verði haldin verður í höndum nefndar, skv. 5. gr. reglugerðar um veitingu lækningaleyfa og sérfræðileyfa. Eftirlitið fari fram með reglulegum heimsóknum (á tveggja ára fresti) á deildina og skili nefndin rökstuddri skýrslu um gang mála til læknaeildar og heilbrigðisráðherra. Uppfylli deild ekki ofangreindar viðmiðunarreglur verður leyfi afturkallað.

**Viðmiðunarreglur fyrir heilsugæslustöðvar  
er veita sérfræðimenntun í heimilislækningum á Íslandi.****1. Gerð stöðvar.**

Stöðin sé skilgreind sem H2stöð. Heimilislæknastöðvar geta þó einnig hlotið viðurkenningu að uppfylltum sömu skilyrðum.

**2. Fjöldi sérfræðinga.**

Á stöðinni starfi a.m.k. 3 læknar með sérfræðiviðurkenningu í heimilislækningum.

**3. Sjúklingafjöldi.**

Íbúafjöldi starfssvæðis sé a.m.k. 1200 manns á hvern lækni stöðvarinnar.

**4. Aðstaða.**

Skrifstofu- og skoðunaraðstaða fyrir námslækni sé fyrir hendi. Á stöðinni séu til staðar helstu kennslutæki.

**5. Fræðsla.**

Á stöðinni sé haldið uppi skipulegum og reglulegum fræðslufundum. Læknar í sérnámi skulu taka virkan þátt í þessum fundum, og standa sjálfir fyrir ákveðnum fjölda þessara fræðslufunda.

## **6. Starfsvettvangur og starfshættir.**

Heimilislæknar á stöðinni sinni sjálfir heilsuvernd, þ.m.t. bæði ungbarna- og mæðravernd. Þeir sinni einnig alhliða þjónustu við skjólstæðinga stöðvarinnar. A þéttbýlissvæðum (íbúafjöldi > 5000 manns) sinni læknar afmörkuðum hópi skjólstæðinga. Skýrsluhald skal vera vandaliðað og tölvufært.

## **7. Mat á frammistöðu.**

Yfirlæknir stöðvar skal láta í té umsögn (skriflega) um frammistöðu námslæknis. Frammistöðumat má nýta m.a. til ritunar meðmælabréfa vegna umsókna um framhaldsnám erlendis. Námslæknar skulu sjá það mat sem þeir hafa fengið og fá tækifæri til að gagnrýna það og ræða.

## **8. Samvinna milli heilsugæslustöðva.**

Námslæknar geta dvalið um tíma á öðrum stöðvum, sem ekki hafa fulla aðstöðu til menntunar lækna í framhaldsnámi. Lengd þeirrar dvalar skal taka mið af þeim viðfangsefnum og aðstöðu sem viðkomandi stöð býður upp á. Framkvæmd þessa verði í höndum forstöðumanns kennslugreinar í samráði við framhaldsmenntunarráð læknaeildar.

## **9. Lengd framhaldsnáms í heimilislækningum hérlendis.**

Gert er ráð fyrir að unnt verði að stunda framhaldsnám í heimilislækningum í allt að 3 ár hérlendis.

## **10. Heilsugæslustöðvar á Íslandi sem veitt geta framhaldsmenntun í heimilislækningum.**

Þær heilsugæslustöðvar sem fullnægja kröfum skv. reglugerð um veitingu lækningaleyfa og sérfræðileyfa og uppfylla skilyrði þessara viðmiðunarreglna.

## **11. Leyfi til að veita formlega framhaldsmenntun í heimilislækningum.**

Veitt af heilbrigðisráðherra í samræmi við tillögur læknaeildar og Læknafélags Íslands og í samráði við viðkomandi sérgreinafélag.

## **12. Eftirlit.**

Formlegt eftirlit með því að skilyrði þessara viðmiðunarreglna verði haldin, verður í höndum nefndar skv. 5. gr. reglugerðar um veitingu lækningaleyfa og sérfræðileyfa. Eftirlitið fari fram með reglulegum heimsóknum (á 2ja ára fresti) á stöðina og skili nefndin rökstuddri skýrslu um gang mála til læknaeildar og heilbrigðisráðherra. Uppfylli stöð ekki ofangreindar viðmiðunarreglur verður leyfi afturkallað.

## **Viðmiðunarreglur fyrir fæðinga- og kvensjúkdómadeildir er veita sérfræðimenntun á Íslandi.**

### **1. Deildaskipt sjúkrahús.**

Sjúkrahúsið sé deildaskipt og á því séu auk fæðinga- og kvensjúkdómadeildar: Lyfjadeild, barnadeild, skurðeild, gjörgæsludeild, svæfingadeild, taugadeild, geðdeild, rannsóknadeildir (blóðmeina- og meinefnafræði og sýkladeild auk aðgangs að ónæmisrannsóknadeild), röntgendeild og a.m.k. 2 eftirtaldar deildir: Augndeild, barnadeild, bæklunardeild, slysadeild, kvennadeild, háls-, nef- og eyrnadeild, endurhæfingardeild, bráðamóttökudeild (sjúkrahvakt). Á sjúkrahúsinu skal vera starfandi almenn göngudeild auk sérhæfðra göngudeilda á sviði fæðinga- og kvensjúkdómafræða.

## 2. *Stærð deildarlfjöldi sérfræðinga.*

Á deildinni skulu vera a.m.k. 50 rúm, og á henni séu a.m.k. 7 full stöðugildi sérfræðinga. Þeir þurfa að vera fulltrúar a.m.k. þriggja eftirtalinna undirsérgreina: Fæðingarfræði (maternal-fetal medicine), kvenlækningar (reproductive medicine), krabbameinslækningar kvenna (gynecological oncology) eða þvagfæralækningar kvenna (gynecological urology).

## 3. *Innlagnir/sjúklingafjöldi.*

Fjöldi fæðinga á deildinni sé a.m.k. 2500 árlega og gerðar séu a.m.k. 3000 skurðaðgerðir.

## 4. *Göngudeildir.*

Á göngudeild séu bæði mæðravernd og almennar heimsóknir kvenna með kvensjúkdómavandamál. Opín dagmóttaka/bráðamóttaka getur gegnt sama hlutverki. Deildarlæknar í framhaldsnámi eiga að geta fylgt sjúklingum eftir reglubundið á göngudeild með sérfræðingi, og verja a.m.k. 10% af tíma sínum í umönnun sjúklinga á göngudeild.

## 5. *Fræðsla.*

Skipulögð fræðslustarfsemi fyrir lækna þarf að vera á deildinni. Hún verður að vera fólgin í reglubundnum fræðslufundum (ætlaðir öllum læknum deildarinnar), kennslumiðuðum morgunfundum, sérstökum vikulegum fræðslufundum ætluðum deildarlæknum eingöngu, kennslustofugöngum, þar sem tími verði tekinn frá (2-3 klst. í viku) til sérstakrar faglegrar umræðu sérfræðings, deildarlæknis, kandidata og stúdenta á grundvelli vandamála sjúklinganna á deildinni. Deildarlæknar annist sjálfir hluta þessarar fræðslu, t.d með sjálfstæðum greinafundum, dánarmeinafundum, o.s.frv. Deildarlæknar taki enn fremur þátt í fræðslu kandidata og stúdenta með svipuðu móti og sérfræðingar. Hvatt verði til sjálfstæðis í vinnubrögðum, m.a. með því að deildarlæknir gangi stofugang án sérfræðings og deildarlæknir beri ábyrgð á innliggjandi sjúklingum með sérfræðingum.

## 6. *Starfsvettvangur.*

Deildarlækni verði með vinnuskipulagi deilda tryggð kynni af sem flestum starfspáttum fæðinga- og kvensjúkdómadeilda meðan á ráðningartíma stendur. Deildarlæknar eiga einnig að sjá um ráðgjöf við aðrar deildir og innan deildar undir umsjá sérfræðings. Deildarlæknir skal skrá allar aðgerðir sem hann tekur þátt í.

## 7. *Kennslustjóri.*

Við deildina starfi kennslustjóri, sem í samráði við kennslustjóra viðkomandi sjúkrahúss skipuleggi fræðslu deildarlækna og önnur atriði sem lúta að starfi þeirra. Kennslustjóri sjúkrahúsins skal tilnefndur af lækna ráði/forstöðulækni í samvinnu við læknaeild og Læknafélag Íslands.

## 8. *Vísindastörf.*

Virk rannsóknastörf (klínísk og/eða á rannsóknastofu) séu stunduð á deildinni og reglulega birtist frá henni greinar í ritdæmdum alþjóðlega viðurkenndum tímaritum. Allir deildarlæknar í skipulögðu framhaldsnámi starfi að og ljúki einu eða fleiri rannsóknaverkefnum (eða ígildi þess [mat í höndum forstöðulæknis og kennslustjóra]) meðan á ráðningartíma stendur. Á deildinni eða í tengslum við hana verði aðstaða til meistara- og/eða doktorsnáms í læknisfræði/líffræði.

## 9. *Handleiðsla.*

Hverjum deildarlækni í framhaldsnámi verði fenginn umsjónarlæknir sem verði handleiðari hans. Hlutverk hans verði að fylgja deildarlækninum, veita honum ráðgjöf um framgang og

þroska í starfi, framhaldsnám, ræða umsagnir um frammistöðu o.fl. Hlutverk handleiðara er ekki að veita beina kennslu sérstaklega eða gefa umsögn (einkunn) um frammistöðu.

### **10. Mat á frammistöðu.**

Vitnisburður (skriflegur) verði veittur um frammistöðu deildarlækna. Vitnisburðurinn verði byggður á a) umsögnum eftir dvöl á hverri deild (gangi) skv. matskerfi framhaldsmenntunarráðs læknadeildar og b) stöðluðu prófi. Frammistöðumat má nýta m.a. til ritunar meðmælubrifa vegna umsókna um framhaldsnám erlendis. Deildarlæknar skulu sjá það mat sem þeir hafa fengið og fá tækifæri til að gagnrýna það og ræða.

### **11. Samvinna milli sjúkrahúsa.**

Deildarlæknir í framhaldsnámi getur dvalið um tíma á öðrum deildaskiptum sjúkrahúsum sem ekki uppfylla kröfur um framhaldsmenntun deildarlækna. Sú dvöl skal vera innan við helmingur þess tíma sem varið er á sjúkrahúsi sem uppfyllir kröfur í lið 3 hér að framan. Forstöðulæknir, í samráði við framhaldsmenntunarráð læknadeildar, mun sjá um framkvæmd þessa.

### **12. Lengd formlegs framhaldsnáms í almennum fæðinga- og kvensjúkdómalækningum hérlendis:**

Að minnsta kosti 1 ár en að jafnaði ekki lengur en í 3 ár. Þó má viðurkenna lengra nám hérlendis (allt að 1 ári til viðbótar) ef deildarlæknir hefur stundað viðamikil vísindastörf að mati vísindanefndar læknadeildar.

### **13. Sjúkrahús á Íslandi sem veitt geta framhaldsmenntun í fæðinga- og kvensjúkdómafræði:**

Þau sjúkrahús sem fullnægja kröfum skv. reglugerð um veitingu lækningaleyfa og sérfræðileyfa og uppfylla skilyrði þessara viðmiðunarreglna.

### **14. Leyfi til að veita formlega framhaldsmenntun í fæðinga- og kvensjúkdómafræði:**

Veitt af heilbrigðisráðherra í samræmi við tillögur læknadeildar og Læknafélags Íslands, í samráði við viðkomandi sérgreinafélag.

### **15. Eftirlit.**

Formlegt eftirlit með því að skilyrði þessara viðmiðunarreglna verði haldin verður í höndum nefndar, skv. 5. gr. reglugerðar um veitingu lækningaleyfa og sérfræðileyfa. Eftirlitið fari fram með reglulegum heimsóknum (á tveggja ára fresti) á deildina og skili nefndin rökstuddri skýrslu um gang mála til læknadeildar og heilbrigðisráðherra. Uppfylli deild ekki ofangreindar viðmiðunarreglur verður leyfi afturkallað.

## **Viðmiðunarreglur fyrir skurðeildir er veita sérfræðimenntun í almennum skurðlækningum á Íslandi.**

### **1. Deildaskipt sjúkrahús.**

Sjúkrahúsið sé deildaskipt og á því séu auk skurðeildar: Lyfjadeild, gjörgæsludeild, svæfingadeild, röntgendeild, rannsóknadeildir (blóðmeina- og meinafræði og sýkladeild) og a.m.k. þrjár eftirtaldar klínískar deildir: Þvagfæraskurðeild, lýtalækningadeild, kvenna-deild, augndeild, barnadeild, bæklunardeild, slysadeild, taugaskurðeild, háls-, nef- og eyrnadeild, endurhæfingadeild. Á sjúkrahúsinu skal vera starfandi göngudeild.

## **2. Stærð deildar/fjöldi sérfræðinga.**

Á skurðeildinni skulu vera a.m.k. 100 rúm og a.m.k. 8 full stöðugildi sérfræðinga. Þeir þurfa að vera fulltrúar a.m.k. þriggja eftirtalinnna skyldra greina: Þvagfæraskurðlækninga, æðaskurðlækninga, brjóstholsskurðlækninga, lýtalækninga, háls-, nef- og eyrnalækninga, augnlækninga og bæklunarskurðlækninga.

## **3. Innlagnir/fjöldi aðgerða.**

Á deildina séu a.m.k. 2500 innlagnir árlega og þar af um þriðjungur bráðainnlagnir. Framkvæmdar séu a.m.k. 3000 aðgerðir á deildinni árlega.

## **4. Göngudeildir.**

Á göngudeild séu a.m.k. 2000 sjúklingaheimsóknir árlega. Deildarlæknar í framhaldsnámi eiga að fylgja sjúklingum eftir reglubundið á almennri göngudeild (og/eða stofu) með sérfræðingi og verja a.m.k. 10% af tíma sínum í umönnun sjúklinga á göngudeild.

## **5. Fræðsla.**

Skipulögð fræðsla fyrir lækna verði á öllum deildum sjúkrahússins. Hún verði fólgin í reglubundnum fræðslufundum (ætlaðir öllum læknum deildarinnar), kennslumiðuðum morgunfundum, sérstökum vikulegum fræðslufundum ætluðum deildarlæknum eingöngu, kennslustofugöngum, þar sem tími verði tekinn frá (2-3 klst. í viku) til sérstakrar faglegrar umræðu sérfræðings, deildarlæknis, kandiðata og stúdenta á grundvelli vandamála sjúklinganna á deildinni. Deildarlæknar annist sjálfir hluta þessarar fræðslu, t.d með dánarmeinafundum, en taki ennfremur þátt í fræðslu kandiðata og stúdenta með svipuðu móti og sérfræðingar. Hvatt verði til sjálfstæðis í vinnubrögðum, m.a. með því að deildarlæknir gangi stofugang án sérfræðings a.m.k. tvisvar í viku.

## **6. Starfsvettvangur.**

Deildarlækni verði tryggð kynni af sem flestum starfsþáttum skurðeildarinnar meðan á ráðningartíma stendur. Auk þess er æskilegt að hann dvelji nokkra mánuði á svæfinga- og gjörgæsludeild spítalans og sinni auk þess reglulega sjúklingum þar. Deildarlæknar eiga einnig að sjá um ráðgjöf við aðrar deildir og innan deildar undir umsjón sérfræðings. Deildarlæknir skrái allar aðgerðir (bæði sem skurðlæknir og aðstoðarlæknir) sem hann tekur þátt í; aldur sjúklings, upphafsstafi, aðgerð.

## **7. Kennslustjóri.**

Við deildina starfi kennslustjóri, sem í samráði við kennslustjóra sjúkrahússins, skipuleggi fræðslu deildarlækna og önnur atriði sem lúta að starfi þeirra. Kennslustjóri sjúkrahússins skal tilnefndur af lækna ráði í samvinnu við læknadeild og Læknafélag Íslands.

## **8. Vísindastörf.**

Virk rannsóknastörf (klínísk og/eða á rannsóknastofu) séu stunduð á deildinni og reglulega birtist frá henni greinar í ritdæmdum alþjóðlega viðurkenndum tímaritum. Allir deildarlæknar í skipulögðu framhaldsnámi starfi að og ljúki einu eða fleiri rannsóknaverkefnum (eða ígildi þess [mat í höndum forstöðulæknis og kennslustjóra]) meðan á ráðningartíma stendur. Á deildinni eða í tengslum við hana verði aðstoða til meistara- og/eða doktorsnáms í læknisfræði/liffræði.

### **9. Handleiðsla.**

Hverjum deildarlækni verði fenginn sérfræðingur sem verði handleiðari hans. Hlutverk hans verði að fylgja deildarlæknum, veita honum ráðgjöf um framgang og þroska í starfi, framhaldsnám, ræða umsagnir um frammistöðu o.fl. Hlutverk handleiðara er ekki að veita beina kennslu sérstaklega eða gefa umsögn (einkunn) um frammistöðu.

### **10. Mat á frammistöðu.**

Vitnisburður (skriflegur) verði veittur um frammistöðu deildarlækna. Vitnisburðurinn verði byggður á a) umsögnum eftir dvöl á hverri deild (gangi) skv. matskerfi framhaldsmenntunarráðs læknaeildar og b) stöðluðu prófi. Frammistöðumat má nýta m.a. til ritunar meðmælabréfa vegna umsókna um framhaldsnám erlendis. Deildarlæknar skulu sjá það og mat sem þeir hafa fengið og fá tækifæri til að gagnrýna það og ræða.

### **11. Samvinna milli sjúkrahúsa.**

Deildarlæknar í framhaldsnámi geta dvalið um tíma á skurðeildum sjúkrahúsa sem ekki hafa fulla aðstöðu til menntunar lækna í framhaldsnámi. Lengd þeirrar dvalar skal taka mið af þeirri sérhæfingu og aðstöðu sem viðkomandi deild býður upp á. Framkvæmd þessa verði í höndum forstöðulæknis í samráði við framhaldsmenntunarráð læknaeildar.

### **12. Lengd formlegs framhaldsnáms í almennum skurðlækningum hérlendis.**

A.m.k. 1 ár en að jafnaði ekki lengra en 2 ár. Þó má viðurkenna 3 ára nám hérlendis ef deildarlæknir hefur stundað viðamikil vísindastörf að mati vísindanefndar læknaeildar.

### **13. Sjúkrahús á Íslandi sem veitt geta framhaldsmenntun í handlæknisfræði.**

Þau sjúkrahús sem fullnægja kröfum skv. gildandi reglugerð um veitingu lækningaleyfa og sérfræðileyfa og uppfylla skilyrði þessara viðmiðunarreglna.

### **14. Leyfi til að veita formlega framhaldsmenntun í almennum skurðlækningum.**

Veitt af heilbrigðisráðherra og í samræmi við tillögur læknaeildar og Læknafélags Íslands í samráði við viðkomandi sérgreinafélag.

### **15. Eftirlit.**

Formlegt eftirlit með því að skilyrði þessara viðmiðunarreglna verði haldin verður í höndum nefndar, skv. 5. gr. reglugerðar um veitingu lækningaleyfa og sérfræðileyfa. Eftirlitið fari fram með reglulegum heimsóknum á deildina og skili nefndin rökstuddri skýrslu um gang mála til læknaeildar og heilbrigðisráðherra. Uppfylli deild ekki ofangreindar viðmiðunarreglur verður leyfi afturkallað.

## **Viðmiðunarreglur fyrir lyflækningaeildir er veita sérfræðimenntun í almennum lyflækningum á Íslandi.**

### **1. Deildaskipt sjúkrahús.**

Sjúkrahúsið sé deildaskipt og á því séu auk lyfjadeildar: Skurðeild, gjörgæsludeild, svæfingadeild, taugadeild, geðdeild, rannsóknadeildir (blóðmeina- og meinafræði og sýkla-deild auk aðgangs að ónæmisrannsóknadeild), röntgendeild og a.m.k. 2 eftirtaldar deildir: Augndeild, barnadeild, bæklunardeild, slysadeild, kvennadeild, háls-, nef- og eyrnadeild, endurhæfingaradeild, bráðamóttökudeild (sjúkrahvakt). Á sjúkrahúsinu skal vera starfandi göngudeild.

## **2. Stærð deildarlfjöldi sérfræðinga.**

Á deildinni skulu vera a.m.k. 100 rúm, og á henni séu a.m.k. 10 full stöðugildi sérfræðinga. Þeir þurfa að vera fulltrúar a.m.k. 6 eftirtalinnna undirgreina lyflækninga: Lungnasjúkdóma, öldrunarsjúkdóma, hjartasjúkdóma, nýrnasjúkdóma, innkirtlasjúkdóma, gígtsjúkdóma, smit-sjúkdóma, meltingarsjúkdóma, ónæmis- og ofnæmissjúkdóma, blóðsjúkdóma, krabbameins-lækninga.

## **3. Innlagdir/sjúklingafjöldi.**

Á deildina séu a.m.k. 2500 innlagdir árlega, og a.m.k. um helmingur bráðainnlagnir.

## **4. Göngudeildir.**

Deildarlæknar í framhaldsnámi eiga að fylgja sjúklingum eftir reglubundið á göngudeild með sérfræðingi, og verja a.m.k. 10% af tíma sínum í umönnun sjúklinga á almenntri göngudeild (lækningastofu) eða sérgreinagöngudeildum.

## **5. Fræðsla.**

Skipulögð fræðsla fyrir lækna verði á öllum deildum sjúkrahússins. Hún verði fólgin í reglubundnum fræðslufundum (ætlaðir öllum læknum deildarinnar), kennslumiðuðum morgunfundum, sérstökum vikulegum fræðslufundum ætluðum deildarlæknum eingöngu, kennslustofugöngum, þar sem tími verði tekinn frá (2-3 klst. í viku) til sérstakrar faglegrar umræðu sérfræðings, deildarlæknis, kandidata og stúdenta á grundvelli vandamála sjúklinganna á deildinni. Deildarlæknar annist sjálfir hluta þessarar fræðslu, t.d með sjálfstæðum greinafundum, dánarmeinafundum, o.s.frv. Deildarlæknar taki ennfremur þátt í fræðslu kandidata og stúdenta með svipuðu móti og sérfræðingar. Hvatt verði til sjálfstæðis í vinnubrögðum, m.a. með því að deildarlæknir gangi stofugang án sérfræðings a.m.k. tvisvar í viku, og deildarlæknir beri ábyrgð á inniliggjandi sjúklingum.

## **6. Starfsvettvangur.**

Deildarlækni verði tryggð kynni af sem flestum starfsháttum lyfjadeildarinnar á meðan á ráðningartíma stendur. Auk þess er æskilegt að hann dvelji a.m.k. mánuð á gjörgæsludeild spítalans, eða sinni reglulega sjúklingum þar. Deildarlæknar eiga einnig að sjá um ráðgjöf við aðrar deildir og innan deildar undir umsjá sérfræðings.

## **7. Kennslustjóri.**

Við deildina starfi kennslustjóri, sem í samráði við kennslustjóra sjúkrahússins, skipuleggi fræðslu deildarlækna og önnur atriði sem lúta að starfi þeirra. Kennslustjóri sjúkrahússins skal tilnefndur af læknaáráði í samvinnu við læknaeild og Læknafélag Íslands.

## **8. Vísindastörf.**

Virkt rannsóknastörf (klínísk og/eða á rannsóknastofu) séu stunduð á deildinni og reglulega birtist frá henni greinar í ritdæmdum alþjóðlega viðurkenndum tímaritum. Allir deildarlæknar í skipulögðu framhaldsnámi starfi að og ljúki einu eða fleiri rannsóknaverkefnum (eða ígildi þess [mat í höndum forstöðulæknis og kennslustjóra]) meðan á ráðningartíma stendur. Á deildinni eða í tengslum við hana verði aðstaða til meistara- og/eða doktorsnáms í læknisfræði/líffræði.

## **9. Handleiðsla.**

Hverjum deildarlækni verði fenginn sérfræðingur, sem verði handleiðari deildarlæknisins. Hlutverk hans verði að fylgja deildarlæknum, veita honum ráðgjöf um framgang og þroska í starfi, framhaldsnám, ræða umsagnir um frammistöðu o.fl. Hlutverk handleiðara er ekki að veita beina kennslu sérstaklega eða gefa umsögn (einkunn) um frammistöðu.

**10. Mat á frammistöðu.**

Vitnisburður (skriflegur) verði veittur um frammistöðu deildarlækna. Vitnisburðurinn verði byggður á a) umsögnum eftir dvöl á hverri deild (gangi) skv. matskerfi framhaldsmenntunarráðs læknadeildar og b) stöðluðu prófi. Frammistöðumat má nýta m.a. til ritunar meðmælabréfa vegna umsókna um framhaldsnám erlendis. Deildarlæknar skulu sjá það mat sem þeir hafa fengið og fá tækifæri til að gagnrýna það og ræða.

**11. Samvinna milli sjúkrahúsa.**

Deildarlæknar í framhaldsnámi geta dvalið um tíma á lyfjadeildum sjúkrahúsa sem ekki hafa fulla aðstöðu til menntunar lækna í framhaldsnámi. Lengd þeirrar dvalar skal taka mið af þeirri sérhæfingu og aðstöðu sem viðkomandi deild býður upp á. Framkvæmd þessa verði í höndum forstöðulæknis í samráði við framhaldsmenntunarráð læknadeildar.

**12. Lengd formlegs framhaldsnáms í lyflækningum hérlendis.**

Að minnsta kosti 1 ár en að jafnaði ekki lengra en 2 ár. Þó má viðurkenna 3 ára nám hérlendis ef deildarlæknir hefur stundað viðamikil vísindastörf að mati vísindanefndar læknadeildar.

**13. Sjúkrahús á Íslandi sem veitt geta framhaldsmenntun í lyflæknisfræði.**

Þau sjúkrahús sem fullnægja kröfum skv. reglugerð um veitingu lækningaleyfa og sérfræðileyfa og uppfylla skilyrði þessara viðmiðunarreglna.

**14. Leyfi til að veita formlega framhaldsmenntun í lyflæknisfræði.**

Veitt af heilbrigðisráðherra í samræmi við tillögur læknadeildar og Læknafélags Íslands í samráði við viðkomandi sérgreinafélag.

**15. Eftirlit.**

Formlegt eftirlit með því að skilyrði þessara viðmiðunarreglna verði haldin verður í höndum nefndar, skv. 5. gr. reglugerðar um veitingu lækningaleyfa og sérfræðileyfa. Eftirlitið fari fram með reglulegum heimsóknum (á tveggja ára fresti) á deildina og skili nefndin rökstuddri skýrslu um gang mála til læknadeildar og heilbrigðisráðherra. Uppfylli deild ekki ofangreindar viðmiðunarreglur verður leyfi afturkallað.

**Viðmiðunarreglur fyrir deildir er veita sérfræðimenntun í vefjameinafræði á Íslandi.****1. Deildaskipt sjúkrahús.**

Sjúkrahúsið sé deildaskipt og á því séu auk vefjameinafræðideildar: Lyfjadeild, skurðeild, gjörgæsludeild, svæfingadeild, taugadeild, geðeild, rannsóknadeildir (blóðmeina- og mein-efnafræði og sýkladeild auk aðgangs að ónæmisrannsóknadeild), röntgendeild og a.m.k. 2 eftirtaldar deildir: Augndeild, barnadeild, bæklunardeild, slysadeild, kvennadeild, háls-, nef- og eyrnadeild, endurhæfingardeild, bráðamóttökudeild (sjúkrovakt). Á sjúkrahúsinu skal vera starfandi göngudeild.

**2. Fjöldi sérfræðinga.**

Á deildinni skulu vera a.m.k. 6 full stöðugildi sérfræðinga.



### **3. Fjöldi rannsókna.**

Á deildinni séu rannsökuð a.m.k. 10 þúsund vefjasýni á ári og framkvæmdar a.m.k. 100 krufningar. Nauðsynlegt er að deildin sé í stakk búin til að rannsaka vefjasýni með ónæmisfræðilegum aðferðum og æskilegt er að á deildinni sé aðstaða til að skoða frumusýni og gera örsjárrannsóknir. Heimilt er að leita eftir samvinnu við aðrar rannsóknastofur til að uppfylla skilyrði þessarar greinar.

### **4. Fræðsla.**

Skipulögð fræðsla fyrir lækna verði á öllum deildum sjúkrahússins. Skipulögð fræðsla sé á deildinni fyrir deildarlækna í framhaldsnámi. Deildarlæknar annast sjálfir hluta þessarar fræðslu undir umsjá sérfræðinga, t.d. með sjálfstæðum greinafundum, sneiðafundum, o.s.frv. Deildarlæknar taki ennfremur þátt í fræðslu kandidata og stúdenta með svipuðu móti og sérfræðingar. Hvatt verði til sjálfstæðis í vinnubrögðum, t.d. með því að deildarlæknir geti, undir umsjón sérfræðings, sjálfur annast útskrift ákveðinna rannsókna.

### **5. Starfsvettvangur.**

Deildarlækni verði tryggð kynni af sem flestum starfspáttum deildarinnar á meðan á ráðningartíma stendur.

### **6. Kennslustjóri.**

Við deildina starfi kennslustjóri, sem í samráði við kennslustjóra sjúkrahússins, skipuleggi fræðslu deildarlækna og önnur atriði sem lúta að starfi þeirra. Kennslustjóri sjúkrahússins skal tilnefndur af lækna ráði í samvinnu við læknadeild og Læknafélag Íslands.

### **7. Vísindastörf.**

Virk rannsóknastörf séu stunduð á deildinni og reglulega birtist frá henni greinar í ritdæmdum alþjóðlega viðurkenndum tímaritum. Allir deildarlæknar í skipulögðu framhaldsnámi starfi að og ljúki einu eða fleiri rannsóknaverkefnum (eða ígildi þess [mat í höndum forstöðulæknis og kennslustjóra]) meðan á ráðningartíma stendur. Á deildinni eða í tengslum við hana verði aðstaða til meistara- og/eða doktorsnáms í læknisfræði/líffræði.

### **8. Handleiðsla.**

Hverjum deildarlækni verði fenginn sérfræðingur, sem verði handleiðari deildarlæknisins. Hlutverk hans verði að fylgja deildarlæknum, veita honum ráðgjöf um framgang og þroska í starfi, framhaldsnám, ræða umsagnir um frammistöðu o.fl. Hlutverk handleiðara er ekki að veita beina kennslu sérstaklega eða gefa umsögn (einkunn) um frammistöðu.

### **9. Mat á frammistöðu.**

Vitnisburður (skriflegur) verði veittur um frammistöðu deildarlækna skv. matskerfi framhaldsmenntunarráðs læknadeildar. Frammistöðumat má nýta m.a. til ritunar meðmæla- bréfa vegna umsókna um framhaldsnám erlendis.

### **10. Samvinna við aðrar rannsóknarstofur.**

Deildarlæknar í framhaldsnámi geta dvalið um tíma á rannsóknastofum sem ekki hafa aðstöðu til menntunar lækna í framhaldsnámi. Framkvæmd þessa verði í höndum forstöðulæknis í samráði við framhaldsmenntunarráð læknadeildar.

### **11. Lengd formlegs framhaldsnáms í vefjameinafræði hérlendis:**

Að minnsta kosti 1 ár en að jafnaði ekki lengra en 2 ár. Þó má viðurkenna 3 ára nám hérlendis ef deildarlæknir hefur stundað viðamikil vísindastörf og/eða sækir fullnægjandi námskeið erlendis að mati vísindanefndar læknadeildar.

**12. Rannsóknastofur á Íslandi sem veitt geta framhaldsmenntun í vefjameinafræði:**

Þær rannsóknastofur sem fullnægja kröfum skv. reglugerð um veitingu lækningaleyfa og sérfræðileyfa og uppfylla skilyrði þessara viðmiðunarreglna.

**13. Leyfi til að veita formlega framhaldsmenntun í vefjameinafræði.**

Veitt af heilbrigðisráðherra í samræmi við tillögur læknaeildar og Læknafélags Íslands og í samráði við viðkomandi sérgreinafélag.

**14. Eftirlit.**

Formlegt eftirlit með því að skilyrði þessara viðmiðunarreglna verði haldin verður í höndum nefndar, skv. 5. gr. reglugerðar um veitingu lækningaleyfa og sérfræðileyfa. Eftirlitið fari fram með reglulegum heimsóknum (á tveggja ára fresti) á deildina og skili nefndin rökstuddri skýrslu um gang mála til læknaeildar og heilbrigðisráðherra. Uppfylli deild ekki ofangreindar viðmiðunarreglur verður leyfi afturkallað.

**Fylgiskjal 2.**

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra veitir hér með eftirtöldum heilbrigðisstofnunum og deildum viðurkenningu til sérnáms samkvæmt tillögum þriggja lækna nefndar:

**Augnækingar**

Augndeild Landspítala

Heilsugæslustöð Sauðárkróks

Heilsugæslustöð Seltjarnarness

**Barnalækningar**

Barnaspítali Hringins, Landspítalanum

Sjúkrahús Reykjavíkur í samvinnu við Barnaspítala

Hringins, Landspítalanum

**Krabbameinslækningar**

Krabbameinslækningadeild Landspítalans

**Bæklunarskurðlækningar**

Bæklunarskurðeild Landspítalans

Bæklunardeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri

Slysa- og bæklunarlækningadeild Sjúkrahúss

Reykjavíkur

**Lyflækningar**

Lyflækningadeild Landspítalans

Lyflækningadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur

Öldrunarlækningadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur

**Endurhæfingalækningar**

Grensásdeild Sjúkrahúss Reykjavíkur

Reykjalundur, endurhæfingamiðstöð

**Meinafræði****Blóðmeinafræði**

Rannsóknastofa í blóðmeinafræði, Landspítala

**Meinefnafræði**

Meinefnafræðideild Landspítala

Rannsóknastofa Sjúkrahúss Reykjavíkur

**Ónæmisfræði**

Rannsóknastofa Háskóla Íslands í ónæmisfræði,

Landspítalanum

**Vefjameinafræði**

Rannsóknastofa Háskóla Íslands við Barónsstíg

**Veirufræði**

Rannsóknastofa Háskóla Íslands í veirufræði

**Fæðinga- og kvenlækningar**

Kvennadeild Landspítalans

**Geðlækningar**

Geðdeild Landspítalans

Geðdeild Sjúkrahúss Reykjavíkur

**Háls-, nef- og eyrnalækningar**

Háls-, nef- og eyrnadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur

**Heimilislækningar**

Heilsugæslustöð Akureyrar

Heilsugæslustöð Árbæjar, Reykjavík

Heilsugæslustöð Blönduóss

Heilsugæslustöð Borgarness

Heilsugæslustöð Efra-Breiðholts, Reykjavík

Heilsugæslustöð Egilsstaða

Heilsugæslustöð Garðabæjar

Heilsugæslustöð Grafarvogs, Reykjavík

Heilsugæslustöðin Sólvangi, Hafnarfirði

Heilsugæslustöð Húsavíkur

Heilsugæslustöð Ísafjarðar

Heilsugæslustöð Kópavogs

Heilsugæslustöðin í Lágmúla, Reykjavík

Heilsugæslustöðin í Mjódd, Reykjavík

Heilsugæslustöð Patreksfjarðar

**Myndgreining**

Röntgendeild Landspítalans

Röntgendeild Krabbameinsfélags Íslands í samvinnu við röntgendeild Landspítala

**Skurðlækningar**

Handlækningadeild Landspítalans

Skurðlækningadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur

**Svæfingalæknisfræði**

Svæfinga- og gjörgæsludeild Landspítalans

Svæfinga- og gjörgæsludeild Sjúkrahúss Reykjavíkur

**Taugalækningar**

Taugalækningadeild Landspítala

Grensásdeild Sjúkrahúss Reykjavíkur

**Taugaskurðlækningar**

Heila- og taugaskurðeild Sjúkrahúss Reykjavíkur

**Fylgiskjal 3.**

**Viðmiðunarreglur læknaeildar Háskóla Íslands fyrir  
kennslusjúkrahús vegna kandidatsnáms.  
(endurskoðaðar 12. maí 1993)**

**A. Skilyrði.****1. Deildaskipt sjúkrahús.**

Á sjúkrahúsinu séu lyfjadeild og skurðeild, og a.m.k. 2 eftirtalinna klínískra deilda: Augndeild, barnadeild, bæklunardeild, geðdeild, taugadeild, kvennadeild, háls-, nef- og eyrnadeild, gjörgæsludeild og svæfingadeild. Ennfremur þurfa þar að vera a.m.k. rannsóknadeild (blóðmeinafræði/meinafræði með aðgangi að sýkladeild), röntgendeild. Á sjúkrahúsinu skal vera starfandi göngudeild.

**2. Fjöldi sérfræðinga.**

Á hverri klínískri deild starfi a.m.k. 3 sérfræðingar í greininni.

**3. Innlagnir.**

Á lyfjadeild og skurðeild séu a.m.k. 600-800 innlagnir árlega og þar af um helmingur bráðainnlagnir.

**4. Fræðsla.**

Skipulögð fræðsla fyrir lækna sé á öllum deildum.

**5. Kennslustjóri.**

Við sjúkrahúsið starfi kennslustjóri, sem annist ráðningu kandidata að sjúkrahúsinu í samráði við yfirlækna deilda, skipuleggi fræðslu þeirra og önnur atriði sem lúta að starfi þeirra. Kennslustjóri skal tilnefndur af lækna ráði í samvinnu við læknaeild.

**B. Æskilegir þættir.****1. Vísindastörf.**

Virk rannsóknastörf (klínísk og/eða á rannsóknastofu) séu stunduð á sjúkrahúsinu.

**2. Handleiðsla (tutorkerfi).**

Hverjum kandidat verði fenginn sérfræðingur, sem verði handleiðari (tutor) kandidatsins. Hlutverk hans verði að fylgja kandidatnum, veita honum ráðgjöf um framgang og þroska í starfi, framhaldsnám o.fl. Hlutverk handleiðara er ekki að veita beina kennslu sérstaklega eða gefa umsögn (einkunn) um frammistöðu.

**3. Göngudeildir.**

Kandidötum verði gert kleift að fylgja sjúklingum eftir reglubundið á göngudeild með sérfræðingi.

**4. Umsagnir.**

Vitnisburður (skriflegur) verði veittur um frammistöðu kandidata er nýta megi m.a. til ritunar meðmælabréfa vegna umsókna um framhaldsnám erlendis.

**5. Kennslustofugangur.**

Deildavinnu verði hagrætt þannig að tími verði tekinn frá (2-3 klst. í viku) til sérstakrar faglegrar umræðu sérfræðings, kandidata og stúdenta á grundvelli vandamála sjúklinganna á deildinni.

**C. Sjúkrahús sem ekki uppfylla staðalinn** geta leitað samvinnu við kennslusjúkrahús um kennslu (affiliation), í samráði við framhaldsmenntunarráð læknaeildar. Einstakar deildir geta uppfyllt viðmiðunarreglur þessar enda þótt aðrar deildir sömu stofnunar geri það ekki (t.d. að því er varðar fjölda innlagna).

**D. Endurskoðun.**

Staðallinn verði endurskoðaður innan þriggja ára með það fyrir augum að ofangreindir æskilegir þættir verði skilyrtir.

14. maí 1997

Nr. 306

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð nr. 64/1991, um bráðabirgðatollafgreiðslur.**

1. gr.

1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 64/1991, um bráðabirgðatollafgreiðslur, fellur brott.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 21. gr. tollalaga nr. 55/1987, öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytinu, 14. maí 1997.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**


---

*Bergþór Magnússon.*

16. maí 1997

Nr. 307

**AUGLÝSING**

**um niðurlagningu sjóða.**

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 6. gr. laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988 hefur dómsmálaráðherra lagt niður eftirtalda sjóði að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar:

Nr. í sjóða-skrá	Heiti	Dagsetning í B-deild Stjórnartíðinda
30	Gjafasjóður Guttorms Þorsteinssonar .....	20/4 1841
225	Msj. Jóns Halldórssonar og Guðrúnar Þórðardóttur frá Laugabóli .....	23/1 1924
516	Hjúkrunarsjóður Ögurhrepps .....	25/8 1942
528	Söngmálasjóður Þormóds Eyjólfssonar .....	4/3 1943
611	Líknarsjóður Snæfjallahrepps .....	8/2 1946
723	Msj. Ásgeirs á Arngröndum .....	29/3 1950
858	Msj. Valgerðar Jónsdóttur og Kristjáns Þorlákssonar frá Múla í Nauteyrarhreppi .....	17/10 1957
1111	Msj. Ragnhildar Magnúsdóttur .....	28/4 1972
1144	Kirkjubýggingarsjóður Hlyns Sverrissonar .....	18/12 1974
1379	Msj. Elínar Rannveigar Briem Jónsson, skólaforstöðukonu .....	3/4 1990
1380	Msj. Helgu Sigurðardóttur skólalastjóra, Húsmæðrakennarskóla Íslands .....	3/4 1990

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. maí 1997.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**


---

*Fanney Óskarsdóttir.*

## AUGLÝSING

um breyting á reglum nr. 487/1994, um tímabundinn tollfrjálsan innflutning ökutækja til sýningar.

1. gr.

2. mgr. 8. gr. reglnanna fellur brott.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytinu, 14. maí 1997.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

*Bergþór Magnússon.*

Nr. 309

20. maí 1997

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 549/1995 um hættumat í iðnaðarstarfsemi.

1. gr.

Í stað „V. viðauka“ í stafl. a í 1. tölul. 1. mgr. 6. gr. komi: IV. viðauka.

2. gr.

Í stað „Magn (tonn)≥ Þegar 3. og 4. gr. tilsk. er beitt“ í I. og II. hluta II. viðauka komi: Magn (tonn)≥ Þegar 4. gr. er beitt.

3. gr.

Í stað „Magn (tonn)≥ Þegar 5. gr. tilsk. er beitt“ í I. og II. hluta II. viðauka komi: Magn (tonn)≥ Þegar 5. gr. er beitt.

4. gr.

Fyrirsögn IV. viðauka verði svohljóðandi:

Tölur og upplýsingar sem gefa á upp í sambandi við tilkynninguna sem kveðið er á um í 5. gr.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í ákvæði 3. gr. laga nr. 81/1988 um hollustu-hætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 20. maí 1997.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

# REGLUGERÐ

## um skráningu vörumerkja o.fl.

### 1. gr.

Umsókn um skráningu vörumerkis skal leggja inn hjá Einkaleyfastofu. Umsóknir skulu vera á íslensku á eyðublöðum sem Einkaleyfastofan lætur í té eða samsvarandi eyðublöðum. Einkaleyfastofan getur krafist löggiltar þýðingar á fylgiskjöllum sem ekki eru á íslensku.

### 2. gr.

Umsókn skal undirrituð af umsækjanda eða umboðsmanni hans og þar skal tilgreina:

- 1) vörumerkið; ef merkið er ekki einungis orðmerki með venjulegum bókstöfum skal mynd af því koma fram á eyðublaðinu; myndin þarf að vera skýr og ekki stærri en 8 x 8 cm; tvö aukaeintök af myndinni skulu fylgja umsókninni,
- 2) nafn eða heiti umsækjanda, heimilisfang og kennitölu,
- 3) nafn, heimilisfang og kennitölu umboðsmanns sé umsækjandi ekki búsettur hér á landi og ef íslenskur umsækjandi hefur falið umboðsmanni að annast umsókn og skráningu fyrir sína hönd,
- 4) vöru eða þjónustu sem óskað er skráningar fyrir, ásamt vöru- eða þjónustuflokki, í samræmi við ákvæði Nice-sáttmálans frá 1957 um alþjóðlega flokkaskrá vörumerkja, með síðari breytingum og auglýsingu um slíka skrá,
- 5) skráningarnúmer í heimalandi ef skráning hér á landi er háð þeirri skráningu skv. 1. mgr. 33. gr. laganna; Einkaleyfastofan getur krafist staðfests vottorðs um skráningu í heimalandi.

Sé óskað skráningar merkis í þrívídd, t.d. ef um er að ræða útlit eða búnað vöru, skal það koma fram í umsókn.

### 3. gr.

Með umsókn um skráningu vörumerkis skal fylgja tilskilið gjald í samræmi við gildandi gjaldskrá. Hafi gjald ekki verið greitt innan eins mánaðar frá umsóknardegi er umsóknin felld úr gildi.

### 4. gr.

Hafi umboðsmaður verið tilnefndur skal frumrit af umboði fylgja umsókn. Í umboði skal koma fram að umsækjandi feli umboðsmanni að sækja um skráningu vörumerkis fyrir sína hönd, taka við stefnu og öðrum tilkynningum er varða merkið svo að bindandi sé fyrir umsækjanda jafnt fyrir og eftir skráningu. Umboðsmaður skal með undirritun á umboðið staðfesta að hann taki það að sér.

## Forgangsréttur.

### 5. gr.

Beiðni um að umsókn njóti forgangsréttar skv. ákvæðum 17. og 18. gr. laganna skal koma fram í umsókn. Þess skal getið á hvaða grundvelli forgangsréttar er krafist og tilgreina jafnframt dagsetningu umsóknar, hvar hún var fyrst lögð inn og umsóknarnúmer. Slíka beiðni má einnig leggja inn skriflega, þó eigi síðar en einum mánuði frá umsóknardegi og skulu fyrrnefndar upplýsingar fylgja.

Einkaleyfastofan getur krafist þess að umsækjandi afhendi, innan tilskilins frests, fullnægjandi sönnun fyrir réttmæti fyrrgreindra upplýsinga.

## 6. gr.

Ef um gagnkvæma réttarvernd er að ræða getur umsækjandi frá hinu erlenda ríki krafist, með þeim skilyrðum sem koma fram í 6. gr. e Parísarsamþykktarinnar, að vörumerki hans verði skráð með sama hætti og það er skráð í hinu erlenda ríki („telle-quelle“ skráning). Aðilar, búsettir í ríkjum sem eru aðilar að Parísarsamþykktinni um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar eða samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar (WTO), njóta gagnkvæmrar réttarverndar.

Beiðni um slíka skráningu verður að koma fram í umsókn eða berast skriflega til Einkaleyfastofunnar innan tveggja mánaða frá umsóknardegi. Sönnun fyrir skráningu í hinu erlenda ríki skal fylgja beiðninni.

## 7. gr.

Krafa um forgang, skv. 57. gr. laganna, skal koma fram í umsókn um skráningu hér á landi eða berast skriflega til Einkaleyfastofunnar innan tveggja mánaða frá umsóknardegi. Í kröfunni skal tilgreina númer alþjóðlegru skráningarinnar sem fallin er úr gildi.

**Meðferð umsókna.**

## 8. gr.

Einkaleyfastofan gefur umsókn dagsetningu og umsóknarnúmer við móttöku, enda komi fram í umsókn merki það sem óskað er skráningar fyrir, heiti eða nafn umsækjanda, tegund þjónustu eða vöru ásamt flokkanúmerum.

## 9. gr.

Þegar meðferð umsóknar um skráningu vörumerkis er lokið og umsóknin hefur verið samþykkt er vörumerkið skráð og birt í ELS-tíðindum. Umsækjanda er að því loknu sent afrit úr skránni (skráningarskírteini).

Ef skráningu er synjað skal umsækjanda tilkynnt um það og ákvörðunin rökstudd. Veita skal umsækjanda frest til að koma fram með athugasemdir. Leggi umsækjandi ekki fram gögn eða komi fram með rök er breytt geta ákvörðun um synjun skal umsóknin felld úr gildi.

**Vörumerkjaskráin.**

## 10. gr.

Einkaleyfastofan heldur vörumerkjaskrá. Í vörumerkjaskrá skal tilgreina:

Fyrir skráningu:

- 1) umsóknarnúmer,
- 2) umsóknardag,
- 3) kröfu um forgangsrétt,
- 4) nafn, heimilisfang og kennitölu umsækjanda,
- 5) merkið,
- 6) ef umboðsmaður hefur verið tilnefndur, nafn hans, heimilisfang og kennitölu,
- 7) vöru eða þjónustu þá sem tilgreind er í umsókn ásamt vöru- eða þjónustuflokki,
- 8) innkomin og útsend skjöl,
- 9) greidd gjöld,
- 10) niðurstöðu meðferðar.

Eftir skráningu:

- 1) skráningarnúmer,
- 2) skráningardag,

- 3) takmarkanir eða aðrar athugasemdir varðandi merkið og umfang skráningar,
- 4) breytingar varðandi merkið, skráninguna eða eiganda hennar,
- 5) upplýsingar um nytjaleyfi, veðsetningu eða fjárnám sé þess óskað.

## 11. gr.

Andmæli við skráningu vörumerkis skv. 22. gr. laganna skulu vera skrifleg, í tvíriti og hafa að geyma:

- 1) nafn andmælanda og heimilisfang ásamt nafni umboðsmanns,
- 2) númer þeirrar skráningar sem andmælt er og númer á tölublaði því sem skráningin var birt í,
- 3) helstu rök fyrir kröfu um ógildingu skráningar.

Í sérstökum tilvikum getur Einkaleyfastofan veitt andmælanda eins mánaðar frest til að leggja fram frekari gögn til stuðnings andmælunum.

Andmælum sem ekki hafa að geyma upplýsingar skv. 1. mgr. skal vísað frá.

## 12. gr.

Einkaleyfastofan skal tilkynna eiganda skráningar um framkomin andmæli og gefa honum kost á að tjá sig um þau innan tilskilins frests.

Komi fram athugasemdir um andmælin frá eiganda skráningarinnar ákveður Einkaleyfastofan hvort þörf sé á frekari bréfaskiptum milli aðila.

Öll bréfaskipti og fylgigögn í andmælamáli skulu vera í tvíriti.

Niðurstaða í andmælamáli skal birt í ELS-tíðindum.

### Breytingar og færslur í vörumerkjaskrá.

## 13. gr.

Beiðni um breytingu á skráðu vörumerki, skv. 24. gr. laganna, skal vera skrifleg og hafa að geyma:

- 1) nafn og heimilisfang eiganda skráningar ásamt nafni og heimilisfangi umboðsmanns,
- 2) skráningarnúmer merkisins,
- 3) lýsingu á þeirri breytingu sem óskað er eftir,
- 4) tvö eintök af merkinu ef um myndmerki er að ræða.

Beiðnin skal undirrituð af eiganda skráningarinnar eða umboðsmanni hans og henni skal fylgja tilskilið gjald.

## 14. gr.

Krafa um að merki sé afmáð úr vörumerkjaskrá, skv. 30. gr. laganna, skal vera skrifleg og í henni skal koma fram skráningarnúmer merkisins sem óskast afmáð. Rökstuðningur fyrir kröfunni skal fylgja.

## 15. gr.

Beiðni um að merki sé afmáð úr vörumerkjaskrá, skv. 2. tölulið 1. mgr. 32. gr. laganna, skal vera skrifleg og geta skal skráningarnúmers þess merkis sem óskast afmáð. Beiðnin skal undirrituð af eiganda skráningar eða umboðsmanni hans.

## 16. gr.

Eigandi vörumerkis getur óskað eftir því að tiltekin vara eða þjónusta verði felld niður úr skráningu merkisins. Beiðnin skal vera skrifleg og í henni skal koma fram skráningarnúmer merkisins og hvaða vara eða þjónusta skuli felld brott. Beiðnin skal undirrituð af eiganda skráningar eða umboðsmanni hans.



## 17. gr.

Beiðni um að framsals, nytjaleyfis, veðs eða fjármáms sé getið í vörumerkjaskrá skal vera skrifleg. Henni skulu fylgja tilheyrandi sönnunargögn og tilskilið gjald. Slíkar breytingar í vörumerkjaskrá skulu birtar í ELS-tíðindum.

## 18. gr.

Beiðni um að umboðsmanns sé getið í vörumerkjaskrá, eða um breytingu er varðar umboðsmann, skal vera skrifleg og henni skulu fylgja tilskilin skjöl.

Beiðnir um breytingar á öðrum atriðum í vörumerkjaskrá skulu vera skriflegar og undirritaðar af eiganda skráningar eða aðila með umboð til þess og þeim skulu fylgja nauðsynleg sönnunargögn ásamt tilskildum gjöldum. Breytingar skv. 1. og 2. mgr. skulu birtar í ELS-tíðindum.

## 19. gr.

Beiðnir skv. 13.-18. gr. skulu undirritaðar af þar til bærum aðila samkvæmt tilsvarendi ákvæðum ellegar þeim skal fylgja tilskilið umboð til handa þeim sem undirritar beiðnina.

## 20. gr.

Beiðni um að vörumerki verði afmáð úr vörumerkjaskrá, sbr. 32. gr. laganna, skal undirrituð af eiganda þess eða beiðni skal fylgja tilskilið umboð til handa þeim sem undirritar.

**Endurnýjun.**

## 21. gr.

Umsókn um endurnýjun á skráningu vörumerkis skal lögð inn hjá Einkaleyfastofu. Umsókn skal vera á íslensku á eyðublaðum sem Einkaleyfastofan lætur í té eða samsvarandi eyðublaði. Einkaleyfastofan getur krafist löggiltrar þýðingar á fylgiskjölum sem ekki eru á íslensku. Umsókn skal fylgja tilskilið gjald.

Ákvæði 1. - 4. gr. gilda um endurnýjunartilkyningar eftir því sem við á.

## 22. gr.

Þegar sótt er um endurnýjun vörumerkis sem skráð var án upptalningar á vöru eða þjónustu skal í umsókninni tilgreina fyrir hvaða vöru eða þjónustu óskað er endurnýjunar. Við tilgreiningu vöru- eða þjónustuflokka skal fylgt ákvæðum Nice-sáttmálans frá 1957 um alþjóðlega flokkaskrá vörumerkja, með síðari breytingum. Óheimilt er að bæta við nýjum vöru- eða þjónustuflokkum.

## 23. gr.

Þegar sótt er um endurnýjun á skráningu vörumerkis skal veita upplýsingar um breytingar sem hafa átt sér stað varðandi eiganda eða umboðsmann. Upplýsingar þessar skulu vera skriflegar og þeim skulu fylgja tilheyrandi skjöl eða gögn er varða breytingarnar.

## 24. gr.

Ef umsókn um endurnýjun vörumerkis er ekki í samræmi við ákvæði laga eða reglugerða skal veita eiganda vörumerkisins frest til að ráða þar bót á. Ef umsókn er enn ábótavant að þeim fresti liðnum skal henni synjað og það tilkynnt eiganda.

Ef umsókn um endurnýjun vörumerkis er í engu áfátt er endurnýjunin skráð í vörumerkjaskrá og birt í ELS-tíðindum. Jafnframt er eiganda sent afrit úr skránni til staðfestingar.

Hafi umsókn um endurnýjun ekki borist Einkaleyfastofu innan 6 mánaða frá lokum skráningartímabils vörumerkis skal það afmáð úr vörumerkjaskrá og auglýsing þar um birt í ELS-tíðindum.

### Umsókn um alþjóðlega skráningu.

#### 25. gr.

Umsókn um alþjóðlega skráningu vörumerkis skal vera á ensku og vélrituð á þar til gert eyðublað frá alþjóðaskrifstofunni eða samsvarandi eyðublað.

Umsóknin skal uppfylla skilyrði 9. reglu í reglugerð við bókunina við Madridsamninginn.

Með umsókn skal fylgja tilskilið gjald til Einkaleyfastofu fyrir móttöku og meðhöndlun umsóknarinnar (móttökugjald). Önnur gjöld skv. 8. gr. bókunarinnar við Madridsamninginn („bókunarinnar“) skal greiða beint til alþjóðaskrifstofunnar.

#### 26. gr.

Á umsókn um alþjóðlega skráningu vörumerkis skal færa dagsetningu móttöku hjá Einkaleyfastofu.

Í umsókninni skal tilgreina:

- 1) nafn umsækjanda og heimilisfang,
- 2) vörumerkið,
- 3) nöfn þeirra ríkja eða ríkjasambanda sem umsækjandi tilnefnir,
- 4) vöru eða þjónustu sem óskað er skráningar fyrir, ásamt vöru- eða þjónustuflokkum í samræmi við ákvæði Nice-sáttmálans frá 1957 um alþjóðlega flokkaskrá vörumerkja, með síðari breytingum,
- 5) númer og dagsetningu umsóknar (grunnumsóknar) eða númer og dagsetningu skráningar (grunnskráningar) sem alþjóðlega skráningin er byggð á.

Umsóknin skal enn fremur vera í samræmi við 3. gr., 3. gr. b) og 3. gr. c) í bókuninni og ákvæði reglugerðar við hana.

#### 27. gr.

Umsóknina má byggja á fleiri en einni vörumerkjaumsókn eða -skráningu ef merkið er hið sama, umsækjandi er sami aðili og sú vara eða þjónusta, sem tilgreind er í umsókninni, kemur einnig fram í einni eða fleirum af grunnumsóknum eða -skráningum.

#### 28. gr.

Ef umsókn uppfyllir skilyrði þessarar reglugerðar og laganna og samræmi er með upplýsingum í umsókninni og grunnumsókninni eða grunnskráningunni sendir Einkaleyfastofa umsóknina til alþjóðaskrifstofunnar eins fljótt og unnt er.

Sjái Einkaleyfastofan eitthvað athugavert við umsóknina skal umsækjanda tilkynnt það og veittur frestur til að leiðrétta eða lagfæra umsóknina.

Sé umsókn ekki lagfærð áður en frestur rennur út ákveður Einkaleyfastofan hvort fella skuli umsókn úr gildi eða senda hana óbreytta til alþjóðaskrifstofunnar. Tilkynna skal umsækjanda um ákvörðun Einkaleyfastofunnar.

#### 29. gr.

Ef alþjóðleg skráning er byggð á umsókn eða skráðu vörumerki hér á landi skal þess getið í vörumerkjaskrá.

**Ísland tilnefnt í umsókn um alþjóðlega skráningu.**

## 30. gr.

Greiða skal tilskilið gjald fyrir beiðni um að alþjóðleg skráning vörumerkis öðlist gildi hér á landi (tilnefningu Íslands). Gjaldið skal greiða til alþjóðaskrifstofunnar í svissneskum frönkum í samræmi við 34. og 35. reglu í reglugerð við bókunina.

## 31. gr.

Pegar Einkaleyfastofunni berst tilkynning um að Ísland hafi verið tilnefnt í umsókn um alþjóðlega skráningu vörumerkis kannar stofnunin hvort nokkuð sé því til fyrirstöðu að merkið öðlist gildi hér á landi.

Telji Einkaleyfastofan að alþjóðleg skráning vörumerkis skuli öðlast gildi hér á landi er hún birt í ELS-tíðindum.

Upptalning vöru eða þjónustu sem óskað er skráningar fyrir skal færð í vörumerkjaskrá á ensku.

Birting alþjóðlegrar skráningar vörumerkis í ELS-tíðindum skal hafa að geyma nafn og heimilisfang eiganda, númer vöru- og þjónustuflokka og alþjóðlegan skráningardag. Jafnframt skal tilgreina númer tölublaðs alþjóðarits þess, „Gazette of International Marks“ frá Alþjóðahugverkastofnuninni, sem skráningin er birt í.

## 32. gr.

Umsókn, skv. 57. gr. laganna og 9. gr. e) í bókuninni, skal hafa að geyma númer alþjóðlegu skráningarinnar, alþjóðlegan skráningardag og forgangsréttardag ef við á, ásamt dagsetningu tilnefninga sem komið hafa fram eftir skráningu. Með umsókninni skal fylgja tilskilið gjald.

Farið skal með umsóknina að öðru leyti eins og um landsbundna umsókn væri að ræða.

## 33. gr.

Alþjóðleg skráning vörumerkis gildir í 10 ár frá skráningardegi. Beiðni um endurnýjun alþjóðlegrar skráningar skal send alþjóðaskrifstofunni.

Fyrir endurnýjun á gildi alþjóðlegrar skráningar hér á landi skal greiða tilskilið gjald. Gjaldið skal greitt til alþjóðaskrifstofunnar í svissneskum frönkum í samræmi við 34. og 35. reglu í reglugerð við bókunina.

## 34. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 62. og 65. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki og öðlast gildi 1. júní 1997. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 1/1969 um tilkynningar og skráningu vörumerkja o.fl.

*Iðnaðarráðuneytinu, 20. maí 1997.*

**Finnur Ingólfsson.**

*Halldór J. Kristjánsson*

# AUGLÝSING

## um flokkun vöru og þjónustu vegna vörumerkja.

Í samræmi við 16. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki og ákvæði Nice-samningsins um alþjóðlega flokkun vöru og þjónustu vegna skráningar vörumerkja, frá 15. júní 1957, með síðari breytingum, gildir eftirfarandi flokkaskrá yfir vöru og þjónustu vegna skráningar vörumerkja (sjá fylgiskjal).

Flokkaskráin er í samræmi við 7. útgáfu alþjóðlegu vöruskrárinnar um flokkun vöru og þjónustu við skráningu vörumerkja samkvæmt Nice-samningnum, sem öðlaðist gildi 1. janúar 1997. Ísland gerðist aðili að samningnum 23. apríl 1995.

Í flokkaskránni er aðeins að finna meginefni hvers flokks. Styðjast verður við ensku eða frönsku útgáfu alþjóðlegu vöruskrárinnar þegar vafi leikur á um hvar flokka skuli tiltekna vöru og þjónustu.

Frá 1. júní 1997 skal tilgreina vöruflokka og vörutegundir í samræmi við þessa skrá, sbr. einnig 4. tl. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 310/1997, um skráningu vörumerkja o.fl.

*Iðnaðarráðuneytinu, 20. maí 1997.*

**Finnur Ingólfsson.**

*Halldór J. Kristjánsson.*

### Fylgiskjal

#### Skrá um flokkun vöru og þjónustu.

##### I. Vörur

1. Efni til að nota í iðnaði, við vísindastörf, ljósmyndun sem og í landbúnaði, garðrækt og skógrækt; óunnin gervikvoða; óunnar plastvörur; áburður; slökkviefni; efnablöndur til herslu og lóðunar; efni til varðveislu á matvælum; sútunarefni; lím- og bindiefni til iðnaðarnota.
2. Málning, gljávöða (fernis), lakk; ryðvarnarefni og fúavarnarefni; litarefni, bæs; óunnin náttúruleg kvoða; málmþynnur og málmduft fyrir málara, skreytingamenn, prentara og listamenn.
3. Bleikiefni og önnur efni til nota við fataþvott, ræstingu, fægingu, hreinsun og slípun; sápa; ilmvörur, ilmolíur, snyrtivörur, hárvötn; tannhirðivörur.
4. Olíur og feiti til iðnaðar; smurolíur; raka- og rykbindiefni; brennsluefni (þar með talið eldsneyti fyrir hreyfla) og ljósmeti; kerti, kveikir.
5. Efnablöndur til lyfja-, dýralækninga og hreinlætisnota; næringarefni framleidd til læknisfræðilegra nota, barnamatur; plástrar, sárabindi; tannfyllingarefni, vax til tannsmíða; sóthreinsiefni; efni til að eyða meindýrum, sveppum og illgresi.
6. Ódýrir málmar og blöndur úr þeim; byggingarefni úr málm, færanlegar byggingar úr málm; málmefni í járnbrautarspor; strengir og vírar úr ódýrum málmum, ekki til rafmagnsnota; járnvörur og smáhlutir úr málm; pípur og hólkar úr málm; öryggisskápar; vörur úr ódýrum málmum sem ekki heyra undir aðra flokka; málmgrýti.

7. Vélar og smíðavélar; hreyflar (þó ekki í ökutæki); vélatengsl og drifbúnaður (þó ekki í ökutæki); landbúnaðarvélar sem ekki eru handknúnar; klakvélar (útungunarvélar).
8. Handverkfæri og handknúin tól, eggjárn og hnífapör, höggvopn og lagvopn; rakvélar.
9. Búnaður og tæki notuð við vísindi, siglingar, landmælingar, raftækni, ljósmyndun, kvikmyndatöku og -sýningar; sjóntæki, vogir, mælingatæki, merkjasendingatæki, eftirlitstæki, björgunartæki, kennslutæki og -búnaður; tæki sem notuð eru til að taka upp eða flytja hljóð eða mynd; segulupptökutæki, gagnadiskar; sjálfssalar og vélbúnaður fyrir mynststýrð tæki; búðarkassar; reiknivélar; gagnavinnslubúnaður og tölvur; slökkvitæki.
10. Tæki og búnaður til skurólækninga, lyflækninga, tannlækninga og dýralækninga; gervilimir, -augu og -tennur; hlutir til bæklunarlækninga; þráður til að sauma saman sár.
11. Tæki og búnaður fyrir lýsingu, hitun, gufuframleiðslu, matseld, kælingu, þurrkun, loftræstingu, vatns- og hreinlætislagir.
12. Ökutæki; tæki til flutninga á landi, í lofti eða á legi.
13. Skotvopn; skotfæri og skot; sprengiefni; flugeldar.
14. Góðmálmar og blöndur úr þeim svo og vörur úr góðmálmum eða húðaðar með þeim og ekki heyra undir aðra flokka; skartgripir, gimsteinar; klukkur og tæki til tíma-mælinga.
15. Hljóðfæri.
16. Pappír, pappi og vörur úr þessum efnum sem ekki eru taldar í öðrum flokkum; prentað mál; bókbandsefni; ljósmyndir; ritföng; bréflím og lím til heimilisnota; vörur handa listamönnum; málningarpenslar; ritvélar og skrifstofutæki (þó ekki húsgögn); fræðslu- og kennslugögn (þó ekki tæki); plastefni til þökkunar (sem ekki eru talin í öðrum flokkum); spil; leturstafir; myndmót.
17. Gúmmí, togleður (gúttaperka), gúmkvoða, asbest, gljásteyn og vörur úr þessum efnum og ekki eru taldar í öðrum flokkum; hálfunnið þanið plast til iðnaðarnota; efni til hvers konar þéttingar eða einangrunar; sveigjanlegar pípur sem ekki eru úr málm.
18. Leður og leðurlíki og vörur gerðar úr þessum efnum og ekki eru taldar í öðrum flokkum; skinn og húðir; ferðakoffort og ferðatöskur; regnhlífur, sóhlífur og göngustafir; svipur, aktygi og reiðtygi.
19. Byggingarefni (ekki úr málm); ósveigjanlegar pípur (ekki úr málm) í byggingar; asfalt, bik og malbik; færanleg hús, ekki úr málm; minnisvarðar, ekki úr málm.
20. Húsgögn, speglar, myndarammar; vörur (ekki taldar í öðrum flokkum) úr tré, korki, reyr, spanskreyr, tágum, horni, beini, fílabeini, hvalbeini, skel, rafi, perlumóður, sæfrauði, svo og úr efnum sem geta komið í stað þessara, eða úr plasti.
21. Heimilis- eða eldhúsáhöld og ílát (þó ekki úr góðmálmi eða húðuð með honum); greiður og þvottasvampar; burstar (nema málningarpenslar); efni til burstagerðar; hlutir sem notaðir eru til ræstingar; stálull; óunnið eða hálfunnið gler (þó ekki gler notað við byggingar); glervörur, postulín og leirvörur, ekki taldar í öðrum flokkum.
22. Kaðlar, seglgarn, net, tjöld, segldúkur, yfirbreiðslur, segl, pokar og skjóður (ekki taldar í öðrum flokkum); bólstrunarefni (nema úr gúmmí eða plasti) óunnin efni úr þræði til vefnaðar.
23. Garn og þráður til vefnaðar.
24. Vefnaður og vefnaðarvörur sem ekki eru taldar í öðrum flokkum; rúmteppi og borðdúkar.
25. Fatnaður, skófatnaður, höfuðfatnaður.

26. Blúndur og útsaumur; borðar og kögur; hnappar og tölur, krókar og lykkjur, þrjónar og nálar; gerviblóm.
27. Teppi, mottur; gólfdukar og annað efni til að leggja á gólf; veggklæðning (þó ekki ofin).
28. Leikspil og leikföng; leikfimi- og íþróttavörur sem ekki eru taldar í öðrum flokkum; jólatrésskraut.
29. Kjöt, fiskur, alifuglar og villibráð; kjötkraftur; niðursoðnir, þurrkaðir og soðnir ávextir og grænmeti; ávaxtaþaup, -sultur og -sósur; egg, mjólk og mjólkurafurðir; matarolíur og matarfeiti.
30. Kaffi, te, kakó, sykur, hrísgrjón, tapioka, sagógrjón, gervikaffi; mjöl og matvörur úr korni; brauð, sætabrauð og sælgæti, ís til matar; hunang, síróp; ger, lyftiduft; salt, sinnep; edik, sósur (bragðbætandi); krydd; ís.
31. Landbúnaðar-, garðræktar- og skógræktarafurðir, svo og korn sem ekki er talið í öðrum flokkum; lifandi dýr, nýir ávextir og grænmeti; fræ, lifandi plöntur og blóm; dýrafóður; malt.
32. Bjór, ölkelduvatn, gosdrykkir og aðrir óáfengir drykkir; ávaxtadrykkir og ávaxtasafi; þykkni og önnur efni til drykkjargerðar.
33. Afengir drykkir (nema bjór).
34. Tóbak; hlutir fyrir reykingamenn; eldspýtur.

## II. Þjónusta.

35. Auglýsingastarfsemi; rekstur og stjórnun fyrirtækja; skrifstofustarfsemi.
36. Tryggingastarfsemi; fjármálastarfsemi; gjaldmiðlaviðskipti; fasteignaviðskipti.
37. Byggingastarfsemi; viðgerðir; uppsetninga- og lagnaþjónusta.
38. Fjarskipti.
39. Flutningar; þökkun og geymsla vöru; ferðaþjónusta.
40. Vinnsla og meðferð efna og hluta.
41. Fræðsla; þjálfun; skemmtistarfsemi; íþrótt- og menningarstarfsemi.
42. Veitingaþjónusta; gistiþjónusta; lækniþjónusta; heilsurækt, fegrunar- og snyrtiþjónusta; dýralækningar og þjónusta við landbúnað; lögfræðiþjónusta; vísindi- og rannsóknir; tölvuforritun; þjónusta sem ekki fellur undir aðra flokka.

## REGLUGERÐ

### um ýmis gjöld varðandi alþjóðlega skráningu vörumerkja.

#### 1. gr.

Fyrir móttöku og meðhöndlun á umsókn um alþjóðlega skráningu vörumerkis, sbr. 46. gr. vörumerkjalaga, greiðist til Einkaleyfastofunnar ..... Kr. 5.000

#### 2. gr.

Fyrir tilnefningu á Íslandi í umsókn um alþjóðlega skráningu vörumerkis, sbr. 51. gr. vörumerkjalaga, greiðist til Alþjóðahugverkastofnunarinnar:

1) grunnjald .....	11.300
2) flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn .....	2.500
3) ef sótt er um skráningu á myndmerki eða stúlfærðu orðmerki greiðist að auki	1.300
Fyrir endurnýjun alþjóðlegrar skráningar vörumerkis greiðist til Alþjóðahugverkastofnunarinnar:	
1) grunnjald .....	11.300
2) flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn .....	2.500

## 3. gr.

Ákvæði varðandi önnur þjónustugjöld Einkaleyfastofunnar, skv. reglugerð nr. 673/1996 með síðari breytingum, gilda einnig varðandi alþjóðlegar vörumerkjaumsóknir og skráningar.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 62. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki og öðlast gildi 1. júní 1997.

*Iðnaðarráðuneytinu, 20. maí 1997.*

**Finnur Ingólfsson.**

Haldór J. Kristjánsson.

Nr. 313

20. maí 1997

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð nr. 673/1996  
um gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.**

## 1. gr.

Við 5. gr. bætist nýr stafliður (d-liður) sem orðast svo: Kr.  
d) Fyrir hverja mynd umfram eina þegar merki er í þrívídd greiðist að auki 1.300

## 2. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðist svo:  
Ýmis gjöld vegna vörumerkja:

a) Beiðni um breytingu á skráðu merki, sbr. 24. gr. vörumerkjalaga .....	2.000
– fylgi beiðnin umsókn um endurnýjun .....	1.000
b) Beiðni um innritun nýs eiganda (framsals) í vörumerkjaskrá .....	1.600
– fylgi beiðnin umsókn um endurnýjun eða beiðni skv. a-lið .....	0
c) Beiðni um innritun nytjaleyfis .....	1.600
d) Beiðni um innritun annarra breytinga í vörumerkjaskrá .....	1.200
e) Beiðni um endurbirtingu umsóknar eða skráningar .....	1.500
f) Staðfest útskrift (ljósrit eða tölvuútskrift) úr vörumerkjaskrá .....	1.200
g) Staðfest afrit umsóknar, forgangsréttarskjal .....	1.600
h) Útskrift (ljósrit eða tölvuútskrift) úr vörumerkjaskrá .....	550
i) Skyndikönnun á því hvort tiltekið vörumerki sé að finna í vörumerkjaskrá (allt að tvö tilvik í senn) .....	0
j) Athugun og mat á því hvort tiltekið vörumerki telst það líkt skráðu vörumerki eða merki sem sótt hefur verið um skráningu á að ruglingshætta yrði hugsanlega talin vera fyrir hendi ef umsókn yrði lögð inn .....	2.300

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 65. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki og öðlast gildi 1. júní 1997.

*Iðnaðarráðuneytinu, 20. maí 1997.*

**Finnur Ingólfsson.**

Haldór J. Kristjánsson.

# GJALDSKRÁ

## Rafveitu Hafnarfjarðar.

### B - hluti.

#### 1. Raforka og aðrir gjaldskrárlíðir

Nánari skýringar á gjaldskrárlíðum er að finna í A - hluta gjaldskrár.

A1. Almenn notkun, minni en 200.000 kWh á ári.		
Orkugjald .....	5,99	kr/kWh
Fast gjald .....	2.597,00	kr/ár
B1. Heimilisnotkun. Sama verð og skilmálar og gilda fyrir taxta A1.		
C1. Afl- og orkumæld notkun, sem er 200.000 kWh á ári eða meiri.		
Vetrarorkugjald, okt. til apríl .....	3,73	kr/kWh
Sumarorkugjald, maí til sept. ....	1,72	kr/kWh
Fast gjald .....	44.730,00	kr/ár
Aflgjald .....	7.570,00	kr/kWh/ár
C2. Götu- og útilýsing.		
Aflgjald .....	20.740,00	kr/kWh/ár
Viðhaldsgjald .....	22.630,00	kr/kWh/ár
D1. Órofin hitun.		
Orkugjald .....	5,99	kr/kWh
Fast gjald .....	2.597,00	kr/ár
D3. Rofin hitun, 3 klst. á dag, óreglulegt rof.		
Orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári.		
Orkugjald .....	2,87	kr/kWh
Fast gjald .....	7.434,00	kr/ár
D5. Rofin hitun, 2 x 2 klst. á dag, kl. 10.30 - 13.30 og 17.15 - 19.15.		
Orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári.		
Orkugjald .....	3,11	kr/kWh
Fast gjald .....	7.434,00	kr/ár
D7. Næturhitun, rofin allt að 12 klst. á dag.		
Orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári.		
Orkugjald .....	2,35	kr/kWh
Fast gjald .....	7.434,00	kr/ár
D8. Rofin hitun, allt að 2 x 2 klst. á dag.		
Orkunotkun 200.000 kWh á ári eða meiri.		
Vetrarorkugjald, okt. til apríl .....	3,59	kr/kWh
Sumarorkugjald, maí til sept. ....	1,77	kr/kWh
Fast gjald .....	7.434,00	kr/ár
D9. Rofin hitun, allt að 12 klst. á dag, næturnotkun.		
Orkunotkun 200.000 kWh á ári eða meiri.		
Vetrarorkugjald, okt. til apríl .....	2,81	kr/kWh
Sumarorkugjald, maí til sept. ....	1,44	kr/kWh
Fast gjald .....	7.434,00	kr/ár
G. Mælaleiga		
G1. Orkumælir, einfasa .....	65,40	kr/mán
G2. Orkumælir, þrífasa .....	258,00	kr/mán
G3. Orkumælir, þrífasa með straumspennum .....	436,00	kr/mán
G4. Afl- og orkumælir með straumspennum .....	654,00	kr/mán
G5. Tvígjaldsorkumælir .....	421,00	kr/mán
G6. Tvígjaldsorkumælir með straumspennum .....	642,00	kr/mán
G7. Móttökuliði .....	435,00	kr/mán



**2. Heimtaugar***Aðalheimtaugar*

Málstraumur stofnvara	Jarðstrengur Heimtaugargjald kr.	Loflínuheimtaug breytt í jarð- strengsheimtaug kr.	Einfasaheim- taug 63 A aukin í 3 x 63 A kr.
<i>230 V kerfi</i>			
63 A 1- fasa	56.050	18.050	
63 A 3- fasa	62.020	20.430	10.920
100 A 3- fasa	99.200	86.390	
200 A 3- fasa	125.710		
300 A 3- fasa	207.700		

*400 V kerfi*

63 A 1- fasa	56.050	18.050	
63 A 3- fasa	62.020	20.430	21.760
100 A 3- fasa	99.200	48.370	
200 A 3- fasa	195.880		
300 A 3- fasa	294.350		
400 A 3- fasa	400.150		
600 A 3- fasa	590.800		
900 A 3- fasa	886.190		
1.200 A 3- fasa	1.183.700		

*Bráðabirgðaheimtaugar*

Málstraumur stofnvara	Stofngjald kr.	Lengdargjald	
		Jarðstrengur kr/m	Loflína kr/stólpa
63 A 1- fasa	11.210	1.655	21.050
63 A 3- fasa	15.500	1.655	24.310
100 A 3- fasa	16.550	2.168	28.180
200 A 3- fasa	62.540	2.168	31.320

*Tengigjald*

Tengigjald vegna skammtímanotkunar, unnið á dagvinnutíma .....	kr. 5.510
Ef tengt er utan dagvinnutíma reiknast álag 55 % .....	8.541

*Innheimtugjald*

Vegna undirbúnings að stöðvun á orkuafhendingu vegna vanskila notanda .....	837
---	-----

*Enduopnunargjald*

Opnað á dagvinnutíma .....	1.260
Opnað utan dagvinnutíma .....	2.520

*Álestrargjald*

Gjald vegna aukaálestrar hjá notanda .....	1.100
--	-------

*Gjaldskrárbreytingar*

Breytist innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum í B-hluta gjaldskrár þessarar um allt að 60% af þeirri breytingu.

Breytist kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar frá 1. apríl 1996, hvort heldur er vegna breytinga á grunnkaupi, kaupgjaldsvísitölu eða vegna samninga, er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að 4/5 af þeirri breytingu.

Ávallt skal miða við að tekjur standi undir rekstri, aukningu veitukerfis og að rafveitan skili arði.

Gjaldskrá þessi, B-hluti, raforka og aðrir gjaldskrárliðir, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að taka gildi 1. júní 1997. Jafnframt er felld úr gildi eldri gjaldskrá nr. 298 23. maí 1996.

*Iðnaðarráðuneytinu, 23. maí 1997.*

F. h. r.

**Kristmundur Halldórsson.**

*Steinunn Bjarmann.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá og reglum fyrir símaþjónustu í einkarétti nr. 135/1997.

1. gr.

7. grein í I. kafla hljóði svo:

#### 7. 800 númer.

Rétthafi 800 númers greiðir fyrir öll innkomandi staðarsímtöl kr. 3,32 við svar og kr. 2,22 á mínútu frá kl 08:00 til kl. 19:00 frá mánudegi til föstudags en kr. 1,11 á mínútu á öðrum tímum. Fyrir innkomandi langlínusímtöl greiðir rétthafi kr. 3,32 við svar og kr. 4,98 á mínútu frá kl. 08:00 til kl. 19:00 frá mánudegi til föstudags en kr. 2,49 á mínútu á öðrum tímum. Ef 800 númeri er vísað til útlanda greiðir rétthafi samkvæmt gjaldskrá viðkomandi lands fyrir umferð til Íslands.

Notandi sem hringir úr almenna talsímakerfinu í 800 númer greiðir ekkert.

Kr.

7.1.	Stofngjald fyrir þjónustuna .....	34 505,00
7.2.	Afnotagjald fyrir þjónustuna á ársfjórðungi .....	13 801,00

Innhringingum í 800 númerið, verður vísað yfir á önnur númer eitt eða fleiri, sem rétthafinn greiðir fyrir samkvæmt gjaldskrá.

2. gr.

III. kafli hljóði svo:

#### III. KAFLI

#### Samnet (ISDN).

Notendur geta valið um tvenns konar aðgang að samnetinu:

Með grunnaðgangi (2B+D) fá notendur tvær 64 kbit/s rásir og eina gagnarás 16 kbit/s, en með stofnaðgangi (30B+D) fá þeir þrjátíu 64 kbit/s rásir og að auki eina gagnarás 64 kbit/s.

### 1. Stofngjald.

- 1.1. Fyrir hverja grunntengingu, innifalinn endabúnaður og ferjald kr. 24 900,00
- 1.2. Fyrir hverja grunntengingu, innifalinn endabúnaður..... kr. 17 900,00  
Ef notandi breytir áskrift að almenna talsímanetinu í áskrift að samnetinu skv. 1.1. og 1.2. skal draga frá stofngjald fyrir almennan síma eins og það er hverju sinni. Á móti hverri grunntengingu er heimilt að leggja mest tvö almenn símanúmer. Verði grunntengingu breytt í almennt símanúmer skal greiða kr. 6 000,00 fyrir hvert númer þó þannig að fyrir hverja grunntengingu geta komið mest tvö almenn símanúmer.
- 1.3. Fyrir hverja stofntengingu ..... kr. 266 119,00  
Þeir notendur sem áður hafa fengið beint innval, sem 2Mbit/s tengingu greiða hálfst stofngjald fyrir hverja tengingu sem breytt er í stofntengingu við samnetið. Ef grunntengingu er breytt í stofntengingu innan árs frá fyrstu tengingu ganga áður greidd stofngjöld upp í stofngjald fyrir stofntengingu.

Ef boðið er um samnetsþjónustu utan samfelldrar þéttar byggðar þar sem jarðsímakerfi er ekki fyrir hendi gilda sömu reglur um aukastofngjald og tilgreindar eru í I. kafla 1.1.

### 2. Afnotagjald.

- 2.1. Fast afnotagjald á ársfjórðungi fyrir hverja grunntengingu fyrir heimili ..... kr. 2 880,00  
Fast afnotagjald á ársfjórðungi fyrir hverja grunntengingu fyrir fyrirtæki ..... kr. 5 760,00
- 2.2. Fast afnotagjald á ársfjórðungi fyrir hverja stofntengingu ..... kr. 69 098,00  
Þeir notendur sem ekki vilja nýta allar 30 rásirnar í stofntengingunni geta fengið færri virkar rásir, þó að lágmarki 12. Fyrir hverjar tvær rásir greiðist þá sama fasta afnotagjaldið og fyrir grunntengingu.
- 2.3. Notkunargjöld fyrir hverja B-rás eru þau sömu og fyrir samsvarandi notkun í almenna símakerfinu. Fast gjald fyrir hvert símtal er kr. 3,32 eins og í talsímanetinu og síðan kemur tímamæling sem miðast við viðkomandi gjaldflokk samkvæmt II. kafla.  
Ekki er nein notkun innifalin í föstu afnotagjaldi fyrir samnetið.  
Ef rásin tengist við aðra þjónustu eða net greiðast gjöld samkvæmt gjaldskrá fyrir þá þjónustu.  
Notkunargjöld fyrir gagnaflutning á D-rás verða birt síðar en ekki er boðið upp á þá þjónustu í upphafi.

### 3. Flutningsgjald, viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

- 3.1. Flutningsgjald fyrir aðgang að samnetinu er jafnt hálfu stofngjaldi fyrir samsvarandi tengingu.
- 3.2. Viðtökugjald án númeraskipta er kr. 5 976,00 fyrir fyrsta númer en kr. 249,00 fyrir hvert númer umfram eitt. Aldrei er heimil viðtaka nema nýi rétthafinn sækir um skriflega og taki jafnframt að sér að greiða allar áfallnar og áfallandi gjaldskuldir vegna yfirtekinna símaréttinda. Á sama hátt ber nýjum rekstraraðilum að sækja skriflega um viðtöku símaréttinda, þegar aðilaskipti verða að félögum. Stofntenging skoðast í þessu tilfelli sem 30 númer.
- 3.3. Óski rétthafi símanúmers að skipta um númer og verði það samþykkt er gjald fyrir númeraskipti kr. 2 129,00.

#### 4. Sérþjónusta á samnetinu.

Eftirtaldar tegundir sérþjónustu, sem boðnar eru notendum í almenna talsímanetinu, standa samnetsnotendum til boða á sömu kjörum og þar:

Símtal bíður, viðmælandi „geymdur“, símtalavíxl, símtalsflutningur (öll símtöl), vakning, endurval, skammval, bein lína, læsing og sundurliðun símtala.

Auk þess hafa notendur samnetsins möguleika á eftirtöldum tegundum sérþjónustu til viðbótar.

- 4.1. Allir samnetsnotendur hafa aðgang að eftirfarandi möguleikum án gjalds:
  - 4.1.1. Númerabirting (CLIP).
  - 4.1.2. Flutningur tækja innanhúss eða skipt milli tækja innanhúss.
- 4.2. Eftirtalda þjónustu þarf að sækja um og greiða fyrir:
  - 4.2.1. Númeraleynd (CLIR). Ekkert stofngjald, en ársfjórðungsgjald er kr. 190,00.
  - 4.2.2. Undirnúmer. Ekkert stofngjald, en ársfjórðungsgjald er kr. 190,00.
  - 4.2.3. Aukanúmer. Ekkert stofngjald en ársfjórðungsgjald er kr. 190,00 fyrir hvert aukanúmer. Ef notandi vill sundurliðun notkunar á aukanúmer greiðist fyrir það eins og fyrir sundurliðun á aðalnúmeri.
  - 4.2.4. Beint innval á grunntengingu. Stofngjald kr. 29 900,00 fyrir hverja 10 númera röð og ársfjórðungsgjald kr. 190,00 fyrir hvert númer.
  - 4.2.5. Beint innval á stofntengingu. Stofngjald kr. 163 499,00. Þeir notendur sem hafa greitt stofngjald fyrir innval í almenna talsímanetinu greiða þó ekki nýtt stofngjald. Ársfjórðungsgjald fyrir beint innval er kr. 82,00 fyrir hvert númer í frátekinni númeraröð.
  - 4.2.6. Afmarkaður notendahópur. Stofngjald fyrir hvern hóp kr. 7 470,00. Ársfjórðungsgjald fyrir hvern hóp kr. 1 587,00. Skráningargjald er kr. 778,00 sem greiðist í hvert sinn sem nýtt númer tengist inn í hópinn eða önnur breyting er gerð á tengingum við hann.
  - 4.2.7. Merkjásending milli notenda. Ekkert stofngjald er tekið en ársfjórðungsgjald er kr. 190,00.

#### 5. Skammtímatenging.

Tenging í allt að 3 mánuði:

Grunntenging .....	kr. 15 780,00
Stofntenging .....	kr. 157 800,00
Tenging með beinu innvali .....	kr. 180 743,00

Tenging í allt að 6 mánuði:

Grunntenging .....	kr. 31 561,00
Stofntenging .....	kr. 315 610,00
Tenging með beinu innvali .....	kr. 361 486,00

Uppsetningarkostnaður er ekki innifalinn.

Fyrir allt umfram 6 mánuði skal greiða 1/1 stofngjald kr. 21 375,00 fyrir grunntengingu og kr. 213 750,00 fyrir stofntengingu auk afnotagjalda.

Tengingargjald skal greitt við úthlutun. Þegar um er að ræða tengingu með beinu innvali eru engin skref innifalinn.

Ef skammtímanotandi gerist fastur notandi þá skal hann greiða 2/3 af stofngjaldi ef hann var með tengingu í 3 mánuði en 1/3 af stofngjaldi ef hann var með tengingu í 6 mánuði. Þetta gildir þó aðeins á þeim stöðum sem samnetsmöguleiki er fyrir hendi. Annars greiðist fullt stofngjald.

## 3. gr.

IV. kafli hljóði svo:

## IV. KAFLI

**Talhólf, svarhólf, faxhólf.**

Talhólf er geymsla fyrir töluð skilaboð, svarhólf geymir símsvarakveðju og faxhólf er geymsla fyrir faxesendingar. Hólfinu fylgir sérstakt símanúmer, með því að hringja beint í hólfíð er hægt að hlusta á skilaboð, leggja inn skilaboð eða fax og einnig er hægt að vísa farsíma og síma í stafræna símakerfinu yfir í hólfíð og koma þannig sendingu í hólfíð. Kerfið getur hringt í fyrirfram ákveðið símanúmer eða boðtækisnúmer og látið vita af innkomnum skilaboðum eða faxi.

**1. Stofngjald.**

- 1.1. Stofngjald fyrir talhólf/svarhólf er kr. 623,00.
- 1.2. Stofngjald fyrir faxhólf er kr. 1 494,00.
- 1.3. Ef talhólfsnotandi gerist notandi að faxhólfi greiðist mismunur á stofngjaldi.

**2. Afnotagjald.**

- 2.1. Fast afnotagjald á ársfjórðungi fyrir talhólf/svarhólf er kr. 374,00.
- 2.2. Fast afnotagjald á ársfjórðungi fyrir faxhólf er kr. 996,00.
- 2.3. Fyrir hringingu í talhólf/svarhólf úr almenna símakerfinu greiðir sá sem hringir kr. 3,32 við svar og síðan samkvæmt staðartaxta. Ef hringt er í talhólf/svarhólf úr farsíma greiðist notkunargjald frá viðkomandi farsíma. Sama gjald greiðist hvort sem verið er að lesa inn skilaboð eða hlusta á þau. Þegar kerfið hringir í fyrirfram ákveðið símanúmer til að láta vita af skilaboðum greiðir réttthafi talhólfsins samsvarandi gjald 3,32 við svar og síðan samkvæmt staðartaxta ef hringt er í númer í almenna símakerfinu, GSM-notkunargjald ef hringt er í GSM-farsímakerfið og NMT-notkunargjald ef hringt er í NMT-farsímakerfið.  
Ef notandi í almenna símakerfinu vísar innkomnu símtali yfir í talhólf/svarhólf greiðir réttthafi símans ekkert. Notandi farsíma í GSM-farsímakerfinu eða NMT-farsímakerfinu greiðir ekkert gjald fyrir skilaboð sem vísað er í talhólf/svarhólf.
- 2.4. Fyrir hringingu í faxhólf úr almenna símakerfinu greiðir sá sem hringir kr. 3,32 við svar og síðan kr. 3,32 á mínútu. Ef hringt er í faxhólf úr farsíma greiðist notkunargjald frá viðkomandi farsíma. Sama gjald greiðist hvort sem verið er að faxeska inn skilaboð eða ná í þau.  
Þegar kerfið hringir í fyrirfram ákveðið símanúmer til að láta vita af skilaboðum greiðir réttthafi faxhólfsins samsvarandi gjald 3,32 við svar og síðan kr. 3,32 á mínútu ef hringt er í númer í almenna kerfinu, GSM-notkunargjald ef hringt er í GSM-farsímakerfið og NMT-notkunargjald ef hringt er í NMT-farsímakerfið.  
Ef notandi í almenna símakerfinu vísar faxesendingu yfir í hólf greiðir réttthafi símans kr. 3,32 við svar og síðan kr. 3,32 á mínútu fyrir öll skilaboð.

## 4. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt bráðabirgðaaákvæði laga nr. 143/1996 um fjarskipti, sbr. 10. gr. laga nr. 103/1996 um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og síma-málastofnunarinnar, öðlast gildi 1. júní 1997 og fellur úr gildi 31. desember 1997.

*Samgönguráðuneytinu, 23. maí 1997.*

**Haldór Blöndal.**

*Haldór-S. Kristjánsson.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 158/1997, um álagningu spilliefnagjalds,  
sbr. breytingu nr. 203/1997.

1. gr.

Við reglugerðina bætist við nýr 4. kafli sem er svohljóðandi:

### IV. KAFLI

#### Málning.

11. gr.

*Gjaldskyld málning og upphæð gjaldsins.*

Spilliefnagjald skal lagt á málningu.

Spilliefnagjald á innflutta málningu skal innheimt í tolli. Af málningu sem framleidd er hér á landi skal greiða spilliefnagjald til spilliefnanefndar samkvæmt reglum sem hún setur.

Spilliefnagjaldi á málningu verður varið til að greiða niður kostnað við förgun spilliefna sem verða til við notkun þessara efna.

Nánar um gjaldtöku og sundurgreiningu málningar eftir tollskrárnúmerum er að finna í viðauka III með reglugerð þessari.

2. gr.

Við reglugerðina bætist við nýr 5. kafli sem er svohljóðandi:

### V. KAFLI

#### Lífræn leysiefni.

12. gr.

*Gjaldskyld lífræn leysiefni.*

Spilliefnagjald skal lagt á lífræn leysiefni.

Spilliefnagjald á lífræn leysiefni skal innheimt í tolli.

Spilliefnagjaldi á lífræn leysiefni verður varið til að greiða niður kostnað við förgun spilliefna sem verða til við notkun þessara efna.

Nánar um gjaldtöku og sundurgreiningu lífrænna leysiefna eftir tollskrárnúmerum er að finna í viðauka IV með reglugerð þessari.

3. gr.

IV. KAFLI verður VI. KAFLI.

4. gr.

11. gr. verður 13. gr. og 12. gr. verður 14. gr.

5. gr.

Við reglugerðina bætist viðauki III sem er svohljóðandi:

VIÐAUKI III  
MÁLNING SEM GETUR ORÐIÐ AÐ SPILLIEFNI.

Á vöru flutta inn til landsins skal leggja kr. 2,00 á hvert kíló.

Á vöru framleidda hér á landi skal leggja kr. 1,75 á hvert kíló og hefur þá verið tekið tillit til spilliefnagjalds á innlendum aðföngum.

**ÚR 32. KAFLA TOLLSKRÁRINNAR**

3205	3205.0000	<b>Litlögur (colour lakes); framleiðsla, sem tilgreind er í 3. athugasemd við þennan kafla, að meginstofni úr litlegi.</b>
3208		<b>Málning og lökk (þar með talin smeltlökk og lakkmálning) að meginstofni úr syntetískum fjölliðum (polymers) eða kemískt umbreyttum náttúrlegum fjölliðum, dreifðum eða uppleystum í vatnssnaðum miðli; lausnir skýrgreindar í 4. athugasemd við þennan kafla:</b>
		— Að meginstofni úr pólýesterum:
	3208.1001	— — Með litunarefnum
	3208.1002	— — Án litunarefna
	3208.1003	— — Viðarvörn
	3208.1004	— — Alkyð- og olíumálning, með eða án litunarefna
	3208.1009	— — Annað
		— Að meginstofni úr akryl- eða vinylfjölliðum:
	3208.2001	— — Með litunarefnum
	3208.2002	— — Án litunarefna
	3208.2009	— — Annað
		— Annað:
	3208.9001	— — Með litunarefnum (t.d. epoxíð, pólýúretan, klórgúm, sellulósi o.fl.)
	3208.9002	— — Án litunarefna
	3208.9003	— — Upplausnir sem skýrgreindar eru í 4. athugasemd við þennan kafla
	3208.9009	— — Annars
3210		<b>Önnur málning og lökk (þar með talin smeltlökk, lakkmálning og límmálning, (distemper)); unnir vatnsdreifulitir notaðir við lokavinnslu á leðri:</b>
		— Málning og lökk:
	3210.0011	— — Blakkfernis, asfalt- og tjörumálning
	3210.0012	— — Önnur málning og lökk, (t.d. epoxy- eða pólýúretanlökk o.fl.), með eða án leysiefna, einnig í samstæðum með herði
	3210.0019	— — Annað
		— Annað:
	3210.0021	— — Bæs
	3210.0029	— — Annars
3211	3211.0000	<b>Unnin þurrkefni</b>
3212		<b>Dreifulitir (þar með talið málmduft og málmflögur) dreifð í vatnssnaðum miðli, fljótandi eða sem deig, notað til framleiðslu á málningu (þar með talið smeltlakk); prentþynnur; leysilítir og önnur litunarefni í þeirri mynd eða umbúðum sem ætlað er til smásölu:</b>

	3212.1000	— Prentþynnur — Annað:
	3212.9001	— — Áldeig
	3212.9009	— — Annars
<b>3213</b>		<b>Litir til listmálunar, kennslu, skiltagerðar, blæbrigða, dægra-dvalar og þess háttar, í töflum, skálpum, krukum, flöskum, skálum eða í áþekkri mynd eða umbúðum:</b>
	3213.1000	— Litir í samstæðum
	3213.9000	— Aðrir
<b>3214</b>		<b>Gluggakíttri, ágræðslukvoða, resinsement, þéttiefni og annað kíttri; spartl; óeldföst efni til yfirborðslagningar á byggingar eða innanhúss á vegg, gólf, loft eða þess háttar:</b>
		— Gluggakíttri, ágræðslukvoða, resinsement, þéttiefni og annað kíttri; spartl:
	3214.1001	— — Innsiglislakk
	3214.1002	— — Kíttri
	3214.1003	— — Önnur þéttiefni
<b>3215</b>		<b>Prentlitir, rit- eða teikniblek og annað blek, einnig kjarnað eða í föstu formi:</b>
		— Prentlitir:
	3215.1100	— — Svartir
	3215.1900	— — Aðrir
	3215.9000	— Annað

## 6. gr.

Við reglugerðina bætist viðauki IV sem er svohljóðandi:

## VIÐAUKI IV

## LÍFRÆN LEYSIEFNI SEM GETA ORÐIÐ AÐ SPILLIEFNUM.

Á lífræn leysiefni skal leggja kr. 0,50 á hvert kíló.

## ÚR 27., 29. og 38. KAFLA TOLLSKRÁRINNAR.

<b>2707</b>		<b>Olíur og aðrar vörur framleiddar með eimingu úr háhita kol-tjöru; áþekkar vörur þar sem þungi arómatískra efnispátta er meiri en óarómatískra efnispátta:</b>
	2707.1000	— Bensól
	2707.2000	— Tólúól
	2707.3000	— Xýlól
	2707.4000	— Naftalín
	2707.5000	— Aðrar arómatískar kolvatnsblöndur sem 65% eða meira miðað við rúmmál (að meðtöldu tapi) eimast við 250 °C með ASTM D-86-aðferðinni
	2707.6000	— Fenól — Annað:
	2707.9100	— — Kreósótolíur
	2707.9900	— — Annars
<b>2710</b>		<b>Jarðolíur og olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum, þó ekki óunnar; framleiðsla sem í er miðað við þyngd 70% eða meira af jarðolíum eða olíum fengnum úr tjörukenndum steinefnum, ót.a. enda séu þessar olíur grunnþáttur framleiðslunnar:</b>



		— Aðrar þunnar olíur og blöndur:
	2710.0031	— — Lakkbensín (white spirit)
<b>2901</b>		<b>Raðtengd kolvatnsefni:</b>
	2901.1000	— Mettuð
		— Ómettuð:
	2901.2100	— — Etylen
	2901.2200	— — Própen (própylen)
		— — Önnur:
	2901.2909	— — — Annars
<b>2902</b>		<b>Hringlaga kolvatnsefni:</b>
		— Cyclan, cyclen og cyclóterpen:
	2902.1100	— — Cyclóhexan
	2902.1900	— — Önnur
	2902.2000	— Bensen (bensól)
	2902.3000	— Tólúen
		— Xylen:
	2902.4400	— — Blönduð myndbrigði xylen
	2902.5000	— Styren
	2902.9000	— Önnur
<b>2912</b>		<b>Aldehyð, einnig með annarri súrefnisvirkni; hringliða fjölliður aldehyða; paraformaldehyð:</b>
		— Raðtengd aldehyð án annarrar súrefnisvirkni:
	2912.1100	— — Metanal (formaldehyð)
	2912.1200	— — Etanal (asetaldehyð)
	2912.1900	— — Önnur
		— Hringliða aldehyð án annarrar súrefnisvirkni:
	2912.2100	— — Bensaldehyð
	2912.2900	— — Önnur
		— Aldehyðeterar, aldehyðfenól og aldehyð með annarri súrefnisvirkni:
	2912.4100	— — Vanillín (4-hydroxy-3-metoxybensaldehyð)
	2912.4200	— — Etylvannillín (3-etoxy-4-hydroxybensaldehyð)
	2912.4900	— — Annað
	2912.6000	— Paraformaldehyð
<b>3814</b>		<b>Lífræn samsett upplausnarefni og þynnar, ót.a.; unnir málningar- eða lakkeyðar:</b>
	3814.0001	— Þynnar
	3814.0002	— Málningar- eða lakkeyðar
	3814.0009	— Annað

## 7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 56/1996 um spilliefnagjald og öðlast gildi 15. júní 1997.

*Umhverfísráðuneytinu, 27. maí 1997.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Magnús Jóhannesson.*

# AUGLÝSING

## um úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir námsárið 1997-1998.

Menntamálaráðherra hefur á grundvelli 2. mgr. 16. gr. laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna sem og 7. gr. reglugerðar nr. 210/1993 með áorðnum breytingum staðfest svohljóðandi úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir námsárið 1997-1998, sbr. fylgiskjal með auglýsingu þessari. Úthlutunarreglurnar voru samþykktar samhljóða á fundi stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna 23. maí 1997, sbr. 16. gr. laga nr. 21/1992.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 27. maí 1997.*

F. h. r.

**Árni Gunnarsson.**

*Þórunn J. Hafstein.*

### Fylgiskjal.

#### I. Kafli – Lánshæft nám

##### 1.1. *Almennt.*

Sjóðurinn veitir námslán til framhaldsnáms, við skóla sem gera sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og gerðar eru til háskólanáms hérlendis.

Sjóðnum er heimilt að veita námslán til sérnáms.

Lán er ekki veitt til náms sem er liður í launuðu starfi samkvæmt ráðningarsamningi. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að lána til slíks náms í samræmi við mat á samningsbundnum ákvæðum um námið og á þeim launum sem greidd eru.

Lán er ekki veitt til undirbúningsnáms né heldur til náms að loknu doktorsprófi eða sambærilegu prófi.

Nám við fjarskóla er ekki lánshæft nema boðið sé upp á a.m.k. 75% af því sem telst fullt nám í reglulegu skólanámi. Sama gildir um hlutanám.

Gestanám er að öllu jöfnu ekki lánshæft. Nám við bréfaskóla er ekki lánshæft.

Skilyrði til aðstoðar frá sjóðnum er að viðkomandi hafi átt lögheimili á Íslandi í eitt ár áður en lánshæft nám hefst. Íslenskur ríkisborgari heldur þó rétti sínum í tvö ár eftir að hann flytur lögheimili sitt hér af landi. Réttur til námsaðstoðar frá sjóðnum helst þó að einstaklingur flytji lögheimili sitt til annars lands vegna náms, starfa fyrir hönd Íslands á vegum sendiráða og alþjóðlegra stofnana og í sambærilegum tilfellum.

Hafi námsmaður fullnýtt svigrúm sitt til lána á ákveðinni námsbraut eða ákveðnu skólastigi, sbr. gr. 2.2.1., telst frekara nám á viðkomandi námsbraut/skólastigi ekki lánshæft.

##### 1.2. *Lánshæft nám á Íslandi.*

###### 1.2.1. *Á háskólastigi.*

Nám á háskólastigi er lánshæft og það nám annað sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Nám á háskólastigi í eftirtöldum skólum er lánshæft:

Bændaskólinn á Hvanneyri, búvísindadeild  
 Háskóli Íslands  
 Háskólinn á Akureyri  
 Kennaraháskóli Íslands  
 Samvinnuháskólinn, rekstrarfræðideild  
 Tónlistarskólinn í Reykjavík, tónmennta- og tónfræðideild  
 Tækniskóli Íslands, tæknifræði- og heilbrigðisdeild  
 Tölvuháskóli Verzlunarskóla Íslands

### 1.2.2. Sérnam.

Nám í fjölbrautaskólum og öðrum skólum, sem að meginstofni er liður í undirbúningi til stúdentsprófs eða sambærilegs prófs er að jafnaði ekki lánshæft skv. þessari grein. Nám í eftirtöldum sérskólum er lánshæft:

ATS skóli flugmálastjórnar  
 Bændaskólar, bændadeildir  
 Dalvíkurskóli, fiskiðn, skipstjórnarbraut  
 Fiskvinnsluskólinn

Fjölbrauta- og iðnskólar: Iðnnám í allt að 6 misseri, læknaritanám (bóknám), aðst. tannlækna (verklegi hlutinn), lyfjatæknanám að undanskildu aðfarnámi, matarfræðingsnám (bóknám), sjúkraliðanám (tvö síðustu misserin), tækniteiknun, snyrtifræði (þrjú síðustu misserin)

Flugskóli Íslands (bóknám)  
 Fósturskóli Íslands  
 Garðyrkjuskóli ríkisins  
 Hótel- og veitingaskóli Íslands, í allt að 6 misseri  
 Íþróttakennaraskóli Íslands  
 Kirkjubæjarskóli, fiskeldi  
 Leiklistarskóli Íslands  
 Meistaraskóli iðnaðarins að undanskildu almennu námi  
 Myndlista- og handíðaskóli Íslands að undanskildu fornámi  
 Myndlistarskólinn á Akureyri að undanskildu fornámi  
 Samvinnuháskólinn  
 Stýrimannaskólar  
 Tannsmíðaskóli Íslands, í allt að 6 misseri

Tónlistarskólar, kennaradeildir og tónlistarnám á 7. stigi og ofar skv. námsskrá menntamálaráðuneytis

Tækniskóli Íslands  
 Vélskólar  
 Proskapjálfskóli Íslands

### 1.2.3. Réttindi erlendra námsmanna.

Námsmenn frá Norðurlöndum, sem heimilisfastir eru á Íslandi og stunda lánshæft nám hérlendis, njóta námsaðstoðar til jafns við íslenska námsmenn enda hljóti þeir ekki námsaðstoð frá heimalandi sínu sbr. samkomulag milli Norðurlanda um þessi efni eins og það er á hverjum tíma. Heimilt er að láta þetta ákvæði taka til einstakra annarra erlendra ríkisborgara, njóti íslenskir námsmenn sambærilegra réttinda í heimalandi þeirra.

Erlendir ríkisborgarar teljast fá lánsrétt á þeirri önn sem Alþingi samþykkir að veita þeim ríkisborgararétt.

Farandlaunþegi, þ.e. launþegi sem starfað hefur á hinu Evrópska efnahagssvæði í a.m.k. fimm ár á rétt á aðstoð til starfstengds náms hafi hann komið hingað til lands vegna

starfs síns og átt hér lögheimili í eitt ár. Hið sama gildir um maka hans og börn þeirra sem eru yngri en 21 árs eða eru á framfæri þeirra hér á landi sbr. 4.2.

### 1.3. Lánshæft nám í útlöndum.

#### 1.3.1. Háskólanám.

Lánað er til framhaldsnáms við viðurkenndar stofnanir erlendis, sem gera sambærilegar kröfur til nemenda og gerðar eru í háskólanámi hérlendis, sjá þó ákvæði gr. 4.6. og 4.8. um lán vegna skólagjalda.

#### 1.3.2. Sérnam.

Heimilt er að veita lán til sérnáms erlendis. Lánshæfi er háð því að um sé að ræða a.m.k. eins árs skipulagt nám sem talist getur nægilega veigamikilið, að því er varðar eðli þess, uppbyggingu og starfsréttindi, að mati stjórnar sjóðsins.

#### 1.3.3. Einkanám í tónlist.

Skilyrði fyrir veitingu láns til einkanáms í tónlist er að umsækjandi hafi lokið 8. stigi tónlistarnáms á Íslandi eða viðurkenndu háskólaprófi í tónlist erlendis, t.d. B.A.-prófi í Bandaríkjunum eða sambærilegu prófi.

Hámarksnámstími sem lánað er til einkanáms er allt að þrem námsárum eða tuttugu og sjö mánuðum, sbr. þó gr. 2.4.4.

Umsækjandi þarf að leggja fram upplýsingar um nafn og stöðu kennara, viðfangsefni, námsfyrirkomulag, tónleika ásamt efnisskrám og staðfestingu kennara.

#### 1.3.4. Tungumálanám sem undirbúningsnám.

Heimilt er að veita lán til tungumálanáms við útlendingadeildir háskóla ef það er undirbúningur undir nám erlendis sem fer fram á öðrum tungumálum en ensku og Norðurlandamálum öðrum en finnsku. Einungis er lánað fyrir skólagjöldum hafi námsmaður lokið grunnháskólanámi og hyggist stunda framhaldsháskólanám í sömu grein.

Ef námsmaður hefur áður fengið lán til að stunda nám í viðkomandi tungumáli er ekki veitt lán til undirbúningsmálanáms.

Hámarksnámstími sem veitt er lán til skv. þessari grein er eitt misseri í eftirtöldum tungumálum: Þýsku, frönsku, spænsku og ítölsku. Í námi þar sem námsári er skipt í fjórðunga jafngilda tveir fjórðungar einu misseri.

Hámarkstími sem veitt er lán til skv. þessari grein eru tvö misseri eða þrjú fjórðungar í eftirtöldum tungumálum: Kínversku, japönsku, finnsku, grísku, tékknesku, ungversku, hollensku o.s.frv.

Ef lánþegi skiptir um námsland að loknu málanáminu er honum synjað um aðstoð jafn lengi og hann naut aðstoðar í málanáminu.

Einungis er veitt lán einu sinni til undirbúningsnáms í tungumálum.

#### 1.3.5. Upplýsingar um lánshæft nám erlendis.

Hjá sjóðnum liggja fyrir upplýsingar um skóla og námsbrautir sem lánað er til. Ef sótt er um skóla eða námsbraut sem ekki hefur verið lánað til þarf stjórn sjóðsins að fjalla um málið. Námsmaður þarf þá að útvega ítarlegar upplýsingar um námið. Gera verður ráð fyrir að slík málsmeðferð geti tekið einhvern tíma.

## II. Kafli – Námsframvinna

### 2.1. Námsstími.

#### 2.1.1. Almennt.

Sjóðurinn veitir aðstoð þann tíma ársins sem eiginlegt skólahald eða skyldunámskeið standa yfir og að jafnaði í 9 mánuði fyrir fullt nám á skólaári. Ef námsmaður sækir

sérstaklega um það og fyrir liggur staðfesting skóla á því hvenær nám hófst að hausti og hvenær viðkomandi námsmaður lauk síðasta prófi að vori er heimilt að lána í allt að tvo mánuði til viðbótar. Ef fullt nám á skólaári stendur skemur en 8 mánuði skal skerða reiknaðan námstíma um það sem upp á 8 mánuðina vantar.

Ef námsmanni er veitt aðstoð hluta úr námsári er heimilt að veita lán í fjóra og hálfan mánuð fyrir hvert misseri og þrjá mánuði fyrir hverja önn eða fjórðung.

### 2.1.2. Sumartími.

Eftirfarandi reglur gilda um veitingu sumarlána 1998, enda hafi námsmaður ekki fullnýtt svigrúm sitt áður en til aðstoðar sjóðsins kemur:

1. Þeir námsmenn, sem ljúka námi á sumarönn í byrjun haustmisseris eiga rétt á að fá afgreitt sumarlán eftir að þeir hafa skilað lokaprófskírteini til sjóðsins.
2. Áformi námsmaður að ljúka námi sínu á almanaksárinu 1998 og stunda nám að sumrinu í því skyni er heimilt að veita honum sumarlán, enda greiðast honum þá sumar- og haustlán, þegar vottorð um lokapróf liggur fyrir. Ljúki viðkomandi ekki námi á almanaksárinu fellur niður réttur hans til sumarláns.
3. Námsmaður, sem skilar á sumarönn árangri sem nemur 75% árangri á venjulegri önn, getur fengið lán vegna sumarannar 1998, sem greiðist eftir að árangur á sumarönn liggur fyrir.
4. Sama gildir um þá sem þurfa að sækja skyldunámskeið að sumrinu enda leggi þeir fram gögn um að þeir hafi tekið þátt í slíku námskeiði áður en lánið er greitt til þeirra.
5. Geri skóli kröfu um að doktorsnemar stundi nám yfir sumartímamann er heimilt að veita lán til þess.
6. Stundi námsmenn launað starfsnám að sumri er ekki heimilt að veita þeim lán.
7. Aðstoð á sumarönn reiknast sem eitt misseri í heildarsvigrúmi námsmanns.
8. Lán á sumarmisseri eru reiknuð frá fyrsta degi til síðasta dags misserisins.
9. Aðstoð er ekki veitt til þess að taka þátt í sumarnámskeiðum sem eru ekki eiginlegur hluti þess náms sem viðkomandi stundar.
10. Lán vegna skólagjalda á sumarönn eru greidd út eftir á, um leið og lán vegna framfærslu á önninni.

## 2.2. Framvinda náms.

### 2.2.1. Fullnægjandi námsframvinda.

Námsframvinda er metin á þeim misserum eða árum sem námsmaður nýtur aðstoðar. Skal námsmaður að jafnaði ljúka 100% af fullu námi skv. skipulagi skóla. Námsmaður verður að fullnægja kröfum um afköst og lágmarkseinkunnir. Tekið er tillit til skipulags náms og nánari reglur settar um framvindu á einstökum námsbrautum. Miða skal fullt nám við stytan eðlilegan námstíma skv. formlegum upplýsingum um skipulag viðkomandi skóla. Einungis er tekið tillit til námskeiða sem nýtast til lokaprófs, fái námsmaður lán út á misseri eða hluta þess þarf hann að uppfylla kröfur um námsafköst á því misseri.

Heildarsvigrúm til þess að ljúka námi ákveðst af reglum sjóðsins um framvindu náms, sbr. 1. mgr., og leyfilega hámarksnámslengd, sbr. gr. 2.4. Þegar heildarsvigrúm í grunnháskólanámi í bandarískum háskólum er metið er fyrsta árið ekki meðtalið. Námsmaður telst hafa fullnýtt svigrúm sitt þegar hann hefur fengið lán, frestun á námslokum eða frest á endurgreiðslu vegna náms í þann annafjölda sem heildarsvigrúm gerir ráð fyrir.

### 2.2.2. Ófullnægjandi námsframvinda.

Námsmaður þarf að ljúka í það minnsta 75% af fullu námi skv. skipulagi skóla til þess að fá námslán. Geri skóli kröfur um meira en 75% árangur í námi til þess að námsmaður fái að halda áfram námi eða flytjast milli ára teljast kröfur skólans lágmarksárangur.

Námseftirlit er framkvæmt eftir hvert misseri. Uppfylli námsmaður ekki kröfur um námsframvindu skv. gr. 2.2.1., skulu námslán til hans skerðast hlutfallslega. Lán til námsmanns sem til dæmis lýkur 75% af fullu námi skv. skipulagi skóla skal þannig skerðast um 25%. Þetta á þó ekki við um lán vegna skólagjalda og ferðalán.

Nú skuldar námsmaður árangur frá fyrri misserum eða námsferlum og er skuld hans þá dregin frá þeim einingum sem hann lýkur áður en námsframvinda er metin í prósentum.

Missi námsmaður rétt til eininga sem hann hafði áður áunnið sér og fengið lán til að ljúka er lán á fyrri námsárum ekki tekið til endurskoðunar. Námsmaðurinn telst hins vegar skulda þann einingafjölda sem hann missti rétt til.

Hafi námsmaður fullnýtt heimild sína til láns á tiltekinni námsbraut á hann ekki rétt á lánum fyrr en hann hefur unnið upp tafir eða lokið fyrrgreindri námsbraut.

### 2.3. *Aukið svigrúm í námi.*

#### 2.3.1. Almennt.

Námsmaður sem lýkur yfir 100% af fullu námi skv. skipulagi skóla á þar með rétt á auknu svigrúmi í námi síðar á námsferli sínum. Ljúki hann t.d. 110% af fullu námi á einu misseri nægir honum 90% árangur á síðara misseri til þess að eiga rétt á óskertu námsláni.

Að loknu skólaári skal árangur ársins gerður upp. Skili námsmaður þá samanlagt a.m.k. 75% árangri á námsárinu í heild, á hann rétt á láni í hlutfalli við árangur á einstökum önnum námsársins.

Reglur þessarar greinar gilda frá og með skólaárinu 1992-93.

#### 2.3.2. Veikindi og barnsburður.

Heimilt er við mat á námsframvindu að taka tillit til þess ef námsmaður, maki hans eða börn veikjast eða námsmaður eignast barn. Með sambærilegum hætti er heimilt að taka tillit til andláts í nánustu fjölskyldu við mat á námsframvindu. Til nánustu fjölskyldu skv. þessari reglu skulu teljast foreldrar námsmanns og maka, afar og ömmur námsmanns og maka, systkini námsmanns og maka og börn þeirra.

Skilyrði fyrir því að námsmaður eigi rétt á auknu svigrúmi skv. þessari grein er að hann hafi áður skilað fullnægjandi árangri í lánshæfu námi.

Ef um veruleg veikindi námsmanns, maka hans eða barna er að ræða á námstíma er heimilt að bæta allt að 25% við árangur hans þegar lán til hans er reiknað, en með viðbótinni skal lánið þó ekki vera herra en 75% í þessum tilfellum. Hámarkssvigrúm eykst ekki að jafnaði vegna þessa. Skilyrði fyrir þessu er að námsmaður framvísi læknisvottorði þar sem greinilega komi fram á hvaða tíma hann vitjaði lækni eða lækni vitjaði hans, og á hvaða tímabili hann var óvinnufær að mati lækni.

Veikist námsmaður seinni hluta annar eða í prófum og skili vegna þess minna en 50% árangri á þeirri önn er heimilt að veita honum 75% lán fyrir önnina. Skilyrði er að fyrir liggja læknisvottorð þar sem greinilega kemur fram á hvaða tíma námsmaður vitjaði lækni eða lækni vitjaði hans, og á hvaða tímabili hann var óvinnufær að mati lækni. Ennfremur þarf að liggja fyrir að viðkomandi námsmanni hafi verið synjað um að taka upptökuþróf og ástæður skóla fyrir þeirri synjun.

Námsmaður sem hefur fengið lán vegna veikinda, skv. læknisvottorði en engum árangri skilað eða minni en 50% á önn á ekki rétt á að tekið sé tillit til veikinda að nýju fyrr en hann hefur skilað námsárangri sem hann vantaði til að ljúka 50% af fullu námi á önninni. Námsmaður sem hefur skilað 50% árangri og fengið veikindasvigrúm, þ.e. 75% lán skv. læknisvottorði í tvö misseri í röð getur átt rétt á að tekið sé tillit til veikinda hans síðar í náminu þannig að honum verði veitt lán í hlutfalli við einingaskil.

Eignist námsmaður barn á námstíma er heimilt að bæta allt að 50% við árangur hans þegar lán til hans er reiknað, en með viðbótinni skal lánið þó ekki vera herra en 75% í

þessum tilfellum. Hámarkssvigrúm eykst ekki að jafnaði vegna þessa. Fæðingarvottorð liggja fyrir í þessu tilvikum. Námsmanni er heimilt að nýta þetta svigrúm á þeirri önn sem fæðing á sér stað, og á næstu önn fyrir fæðingu og eftir fæðingu. Samanlagt skal þó viðbótarsvigrúm vegna einnar fæðingar ekki vera hærra en 50% af árangri einnar annar.

### 2.3.3. Örorka.

Geti námsmaður vegna örorku sinnar að mati lækna ekki skilað lágmarksárangri, skv. reglum sjóðsins er heimilt að veita honum 75% lán ef hann lýkur a.m.k. 50% árangri á hverju misseri. Ef hann lýkur innan við 50% árangri er heimilt að veita honum lán í hlutfalli við einingaskil. Skilyrði fyrir undanþágu skv. þessari grein er að örorka viðkomandi sé metin a.m.k. 75%. Sækja þarf sérstaklega um fyrrnefnda undanþágu til stjórnar sjóðsins. Umsókn þarf að fylgja staðfest námsáætlun og læknisvottorð.

### 2.3.4. Fyrsta árs nemi erlendis.

Á fyrsta misseri í nýju námi erlendis er veitt aukið svigrúm. Þannig er heimilt að veita mönnum lán sem nemur að lágmarki 60% á því misseri. Heildarsvigrúm í náminu eykst þó ekki vegna þessa.

### 2.3.5. Einingaskil við sérstakar aðstæður og námslok.

Ef námsmaður á eftir minna en sem nemur 75% af einni önn á síðasta misseri í námi þá fær hann lán í réttu hlutfalli við það sem ólokið er.

Námsmaður sem ekki getur lokið 75% árangri á misseri vegna skipulags skóla eða vegna mats á fyrra námi, getur fengið lán í réttu hlutfalli við þann einingafjölda sem hann lýkur, enda ljúki hann öllum einingum sem í boði eru og einingaskil séu ekki undir 50% af fullu námi.

### 2.3.6. Mat á ástundun.

Heimilt er að veita lán að fengnu ástundunarvottorði ef námsmenn taka einungis próf einu sinni á ári eða eftir lengri tíma. Lán er þá veitt í samræmi við árangur ef námsframvinda er metin í vottorðinu, þannig er heimilt að veita 100% lán ef skýrt kemur fram í vottorði að menn hafi stundað fullt nám. Þegar vorpróf liggja fyrir hjá námsmönnum í heilsársnámskeiðum er lánið endurmetið. Komi þá í ljós að einingar sem tilheyra haustönn duga ekki fyrir því láni sem veitt var fyrir önnina þá ber námsmanni að endurgreiða ofgreitt lán.

### 2.3.7. Ástundun í framhaldsháskólanámi.

Ástundunarvottorð manna í framhaldsháskólanámi eða námi þar sem próf eru tekin sjaldnar en einu sinni á ári er einungis tekið til greina ef í því kemur fram áætlun skóla og námsmanns um námslok.

Heimilt er í þeim tilvikum að veita allt að 100% lán fyrir hvert misseri eða önn.

Ástundunarvottorð eru ekki tekin gild við afgreiðslu lána á þeirri önn eða misseri sem viðkomandi námsmaður á að ljúka námi skv. skipulagi skóla.

### 2.3.8. Viðamikilið verkefni í framhaldsháskólanámi.

Ef framhaldsháskólanámi lýkur með viðamiklu verkefni er heimilt að veita lán í eitt misseri til viðbótar við þá námslengd sem fyrri reglur kváðu á um.

### 2.3.9. Lágmarkseinkunn.

Ljúki námsmaður tilskildum einingafjölda en aðaleinkunn hans er ekki fullnægjandi skv. reglum skóla, er heimilt að veita honum lán vegna þess misseris, ef hann skilar þeirri einkunn, sem skóli gerir kröfur til eftir næstu önn. Ef honum tekst það ekki fellur réttur hans til láns niður vegna þeirrar annar sem hann náði ekki tilskilinni einkunn á.

## 2.4. Námslengd.

### 2.4.1. Hvað telst aðstoðarar?

Námsmaður telst hafa fengið lán í eitt aðstoðarar hafi hann fengið lán fyrir venjulegt skólaár, sbr. gr. 2.1.1., enda þótt lán hafi skerst vegna reglna um viðmiðun við námsárangur eða tekjur. Venjulegt skólaár er að jafnaði tvö misseri.

### 2.4.2. Fimm ára reglan.

Að uppfylltum skilyrðum um námsframvindu getur námsmaður að hámarki fengið lán í allt að fimm ár samanlagt. Þó er heimilt að veita námsmanni undanþágu frá ofangreindu hámarki og veita honum lán í allt að eitt námsár til viðbótar ef samanlögð fyrri lán hans hjá sjóðnum nema lægri upphæð en 1,5 milljónum króna.

### 2.4.3. Tíu ára reglan.

Leggi námsmaður stund á framhaldsnám að loknu háskólaprófi er heimilt að veita honum lán umfram það hámark sem tilgreint er í 2.4.2. Samanlagður tími sem námsmaður getur fengið lán er að hámarki 10 ár. Með framhaldsnámi er átt við meistara-, doktors- eða licentiatnám eða sambærilegt nám. Auk þess er átt við háskólanám eftir þrjú ár skv. skipulagi skóla, á námsbrautum sem eru skipulagðar sem lengra nám en þrjú ár. Í bandarískum háskólum er þó miðað við nám eftir 4 ár. Stutt starfstengt viðbótarháskólanám, sem ekki lýkur með æðri prófgráðu, t.d. kennslufræði til kennsluréttinda, félagsráðgjöf og námsráðgjöf, telst vera framhaldsháskólanám, ef krafist er B.A./B.S.-prófs, eða sambærilegs prófs, fyrir inngöngu.

Ef námsmaður sem fær lán skv. eldri reglu (7 ára og 12 ára regla) gerir meira en eins árs hlé á námi sínu telst hann falla undir 5 og 10 ára reglu.

### 2.4.4. Einkanám.

Einkanám, t.d. í söng eða tónlist telst til náms á grunnháskólastigi.

## 2.5. Námslok.

### 2.5.1. Almennt.

Námslok teljast við lok þess misseris þegar námsmaður hættir að fá lán, nema námsmaður sýni fram á áframhaldandi lánshæft nám án hlés, sbr. grein 2.5.4. Frestun á útborgun námsláns hefur ekki í för með sér frestun á skilgreindum námslokum.

### 2.5.2. Skilyrðum til útskriftar lokið.

Stundi námsmaður lánshæft nám án þess að gera hlé á námi sínu, skulu námslok teljast á síðasta degi þess misseris sem námsmaður lýkur öllum skilyrðum til að útskrifast.

### 2.5.3. Síðasta aðstoðartímabil.

Eigi námsmaður ekki rétt á frekari lánnum þar sem hann hefur fullnýtt svigrúm, skulu námslok miðast við lok síðasta aðstoðartímabils.

### 2.5.4. Námshlé.

Heimilt er að fresta námslokum hefji námsmaður að nýju lánshæft nám að loknu stuttu námshléi. Ef námsmaður gerir á hinn bóginn hlé á námi sínu lengur en eitt skólaár, skulu námslok miðast við síðasta aðstoðartímabil fyrir námshlé.

### 2.5.5. Nám hafið að nýju að loknu námshléi.

Hefji námsmaður nám aftur að loknu námshléi, sem er lengra en eitt skólaár, skal líta á það sem nýtt nám.

### 2.5.6. Vafi um námslok.

Sjóðsstjórn ákveður námslok í vafatilfellum.



### III. Kafli – Framfærsla og tekjur

#### 3.1. Grunnframfærsla.

##### 3.1.1. Grunnframfærsla á Íslandi.

Öll aðstoð til framfærslu á námstíma frá 1. júní 1997 - 31. maí 1998 miðast við grunnframfærslu á Íslandi, sem skilgreind er af sjóðnum. Sú fjárhæð er kr. 56.200.

##### 3.1.2. Grunnframfærsla í útlöndum.

Grunnframfærsla í útlöndum, sem getur verið mismunandi eftir löndum og borgum, er ákveðið hlutfall af grunnframfærslu á Íslandi. Hlutfallið er endurskoðað tvisvar á ári (júní og desember) með hliðsjón af þróun verðlags og gengis.

#### 3.2. Framfærsla námsmanns.

Auk búsetu hafa þær aðstæður sem tilgreindar eru undir greinum 4.1. - 4.5. áhrif á framfærslu námsmanns. Framfærsla námsmanns hækkar vegna barna sem eru 18 ára eða yngri og á framfæri hans.

#### 3.3. Tekjur.

##### 3.3.1. Tekjur.

Tekjur námsmanns og maka á árinu 1997 eins og þær eru skilgreindar af stjórn sjóðsins, geta haft áhrif á veitta aðstoð á námstíma. Stundi námsmaður nám erlendis, eru tekjur hans yfirfærðar í mynt námslands miðað við gengi hinn 1. ágúst 1997. Ef gengi er ekki skráð fyrir viðkomandi mynt þann dag, er notað gengi eins og það var á síðasta skráningardegi á undan.

Áhrifum tekna skal dreift á einstakar annir skólaársins í hlutfalli við dagafjölda þeirra.

##### 3.3.2. Komið úr námshléi.

Heimilt er að leggja þriggja mánaða jafnaðartekjur, að frádregnum sköttum, til grundvallar við útreikning á lánsupphæð hjá námsmanni sem kemur úr námshléi, enda liggja fyrir staðfesting á að hann hafi verið í fullri vinnu lengur en 6 mánuði á árinu.

Hefjist nám á haustmisseri skal finna þriggja mánaða jafnaðartekjur með því að deila í tekjur að frádregnum sköttum með dagafjölda frá upphafi vinnutímabils á árinu 1997 til upphafs námsárs og margfalda með 92.

Hefjist nám eftir áramót, þ.e. stundi námsmaður ekki nám á haustmisseri, skal finna þriggja mánaða jafnaðartekjur með því að deila í tekjur að frádregnum sköttum með dagafjölda frá upphafi vinnutímabils á árinu 1997 til 31. desember 1997 og margfalda með 92.

##### 3.3.3. Lækkun tekna maka.

Ef maki námsmanns erlendis hættir í vinnu eða tekjur hans skerðast verulega á aðstoðarárinu er heimilt að taka tillit til þess og leggja þriggja mánaða jafnaðartekjur til grundvallar útreikningnum sbr. grein 3.3.2.

Auk þess er heimilt að reikna niður tekjur maka ef námsmaður og maki hefja sambúð/slíta sambúð á námstíma. Leggja skal allar tekjur maka á árinu 1997 til grundvallar við útreikning lánsins, og áhrifum teknanna dreift yfir skólaárið skv. grein 3.3.1. Sá hluti umframtekna maka sem koma á til frádráttar á tímabilinu áður en sambúð hófst eða eftir að henni lýkur, er felldur niður.

##### 3.3.4. Tekjuáætlun.

Áður en til þess kemur að veita lán vegna náms á haustmisseri skal námsmaður gera grein fyrir áætluðum tekjum á árinu 1997.

##### 3.3.5. Endanlegt tekjutillit.

Endanlegt tekjutillit á sér stað 1. júní 1997 og er þá lánsfjárhæð leiðrétt með tilliti til mögulegs fráviks á raunverulegum og áætluðum tekjum.

### 3.3.6. Ófullnægjandi tekjuáætlun.

Sjóðstjórn getur breytt ófullnægjandi tekjuáætlun.

## 3.4. Hvað telst til tekna.

### 3.4.1. Tekjur á árinu 1997.

Allar tekjur sem mynda skattstofn á árinu 1997 teljast til tekna við útreikning á námslánunum.

### 3.4.2. Námsstyrkir.

Náms- og rannsóknarstyrkir og kennslulaun, t.d. „teaching assistantship“, „utbildningsbidrag“, styrkir frá Rannsóknarsjóði námsmanna og Vísindasjóði á námstíma umfram skólagjöld reiknast sem tekjur sbr. grein 4.8.1. Óheimilt er að beita ákvæðum greinar 3.3.2. á styrki.

### 3.4.3. Sérstakir námsstyrkir.

Styrkir sem veittir eru á vegum NORDPLUS og ERASMUS hafa engin áhrif á lán, enda sæki námsmaður ekki um viðbótarlán vegna þess kostnaðar, sem hann verður fyrir vegna námsins erlendis. Sæki námsmaður um viðbótarlán skal reikna NORDPLUS/ERASMUS styrki sem tekjur sbr. gr. 4.8.1.

### 3.4.4. Frádráttur frá tekjum.

Til frádráttar koma skattar vegna tekna á árinu 1997 eins og þeir eru reiknaðir m.v. reglur skattayfirvalda, skólagjöld umfram þá upphæð sem námsmaður fær lánað fyrir að frádrægnum kr. 17.000, önnur skólagjöld og rannsóknarkostnaður, sem námsmaður greiðir með andvirði styrkja sbr. gr. 3.4.2.

## 3.5. Upplýsingaskylda námsmanns og maka vegna tekna.

Með undirritun umsóknar veita námsmaður og maki sjóðnum heimild til að kanna skattframtöl þeirra á þeim tíma sem lán eru veitt eða endurgreiðsla lána stendur yfir. Tekjuupplýsingar skulu gefnar upp skv. beiðni sjóðsins.

## IV. Kafli – Lánaflokkar

### 4.1. Lán til námsmanns sem býr í leiguhúsnæði.

Framfærsla einhleyps námsmanns er grunnframfærsla. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en 50% tekna umfram 180.000 koma til frádráttar.

Einhleypur námsmaður sem býr í leiguhúsnæði, barnlaus hjón eða sambýlisfólk, sanni eðlilegar leigugreiðslur með því að leggja fram afrit greiðsluseðils til skattayfirvalda.

### 4.2. Lán til einstaklings í foreldrahúsum.

#### 4.2.1. Framfærsla.

Framfærsla námsmanns sem býr hjá foreldrum er 70% af grunnframfærslu. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en 50% tekna umfram 140.000 koma til frádráttar.

#### 4.2.2. Námsmenn sem búa hjá einstæðu foreldri.

Heimilt er að hækka framfærslu hjá námsmönnum, sem búa hjá einstæðu foreldri upp í 100% ef tekjur foreldris eru undir viðmiðunarmörkum hverju sinni. Viðmiðunarmörk í þessu sambandi svara til einfaldrar framfærslu einstæðs foreldris. Framfærsla einstæðs foreldris miðast við barnafjölda á framfæri þess undir 21 árs aldri að meðöldum námsmanni.

#### 4.3. Lán til einstæðs foreldris.

Framfærsla er grunnframfærsla sem hækkar um 45% fyrir hvert barn. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en 50% tekna umfram 180.000 koma til frádráttar.

#### 4.4. Lán til námsmanns í hjónabandi/sambúð.

Framfærsla námsmanns í hjónabandi eða sambúð er grunnframfærsla sem hækkar um 25% fyrir hvert barn. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en 50% tekna umfram 180.000 koma til frádráttar. Til frádráttar á láni námsmanns koma 50% af tekjum maka umfram tólf mánaða framfærslu, að teknu tilliti til barnafjölda. Umframtekjum er dreift samanber grein 3.3.1. Lán vegna maka er aðeins veitt í vissum undantekningartilvikum (sjá gr. 4.5.).

Séu hjón bæði í lánshæfu námi ákvarðast lán til hvors um sig sérstaklega, enda reiknist báðum framfærslulán. Hafi þau barn á framfæri geta þau farið fram á að samanlagðar tekjur þeirra skiptist jafnt á milli þeirra við ákvörðun námsláns.

Óvígð sambúð er lögð að jöfnu við hjúskap.

#### 4.5. Lán vegna maka.

##### 4.5.1. Lán vegna maka.

Eftirfarandi aðstæður geta leitt til þess að framfærsla námsmanns (skv. gr. 4.4.) á misseri hækkar um 50% vegna maka:

- Veikindi eða örorka skv. læknisvottorði.
- Námsmaður og maki hafa barn á framfæri sínu og maki kýs að vinna heimilisstörf að mestu eða öllu leyti.

Ef veitt er lán vegna maka koma 50% tekna námsmanns og maka umfram 270.000 til frádráttar. Umframtekjum er dreift samanber grein 3.3.1. Ef námsmaður á rétt á láni vegna maka, er lánið reiknað út á tvo vegu; með og án makaláns. Niðurstöður eru síðan bornar saman og sá útreikningur valinn, sem leiðir til herra láns.

##### 4.5.2. Ófullnægjandi námsframvinda.

Óheimilt er að veita makalán vegna námsmanns sem synjað hefur verið um námslán vegna ófullnægjandi námsframvindu. Hafi námsmaður notað hámarkssvigrúm til náms en ekki lokið námi þá telst hann með ófullnægjandi námsframvindu sbr. gr. 2.2.2.

#### 4.6. Lán á markaðskjörum vegna skólagjalda.

Stjórn LÍN er heimilt að veita námslán til allt að 10 ára með venjulegum meðalvöxtum banka. Lánið endurgreiðist með jöfnum afborgunum óháð öðrum námslánunum, enda sé endurgreiðsla þeirra lána sérstaklega tryggð. Endurgreiðsla hefjist tveimur árum eftir námslok. Lán þessi er heimilt að veita vegna skólagjalda í grunnháskólanámi og sérnámi erlendis, sem ekki verður stundað á Íslandi.

Hámarkslán sem veitt er skv. þessum reglum er samtals 5.800 USD á námsári, eða jafngildi í annarri mynt miðað við gengi eins og það var 2. ágúst 1994.

Lánin eru verðtryggð og með breytilegum vöxtum skv. auglýsingum frá Seðlabanka Íslands um meðalvexti banka og sparisjóða á hverjum tíma. Vextir reiknast frá útborgunardegi. Lánin greiðast óháð öðrum námslánunum. Þau eru ekki háð skerðingu vegna námsframvindu eða öðrum útreikningi námslána.

Óheimilt er að veita námsmanni sem fær venjulegt námslán vegna skólagjalda markaðskjaralán.

#### 4.7. Lán til bóka-, tækja- og efniskaupa.

Heimilt er að veita mönnum lán vegna bóka- og efniskaupa. Lán þessi skulu að jafnaði nema 55% af grunnframfærslu í einn mánuð á hverju skólaári.

#### 4.8. *Almenn lán vegna skólagjalda.*

Lán vegna skólagjalda erlendis umfram fenginn styrk eru aðeins veitt til framhalds-háskólanáms. Ef árleg skólagjöld við viðurkennda skóla á Íslandi eru hærri en kr. 17.000 er veitt lán fyrir umframfjárhæðinni. Samanlögð lán til námsmanns vegna skólagjalda skulu aldrei verða hærri en 32.000 USD eða jafngildi í annarri mynt miðað við gengi eins og það er 2. ágúst 1997.

Við ákvörðun hámarksupphæðar skólagjalda í einstökum gjaldmiðlum öðrum en Bandaríkjadöllum er miðað við gengi eins og það er 1. ágúst 1997.

#### 4.9. *Lán vegna ýmissa atvika og röskunar á stöðu og högum námsmanns.*

##### 4.9.1. *Röskun á stöðu og högum námsmanns.*

Nú verður ófyrirsjáanleg röskun á stöðu og högum námsmanns og reglur þessar ná ekki til hennar að öðru leyti, t.d. verður námsmanni vegna alvarlegra veikinda, örorku sinnar, framfærslu barna sinna eða maka eða af öðrum ástæðum illmögulegt að stunda nám sitt að fullnýttri lánsheimild. Má þá veita honum aukalán úr sjóðnum enda verði höfð hliðsjón af þeim bótum sem hann fær samkvæmt gildandi tryggingalöggjöf. Einnig er heimilt að veita námsmanni, sem ekki nær að skila 75% lágmarksárangri vegna skipulags skóla, aukalán samkvæmt þessari grein, enda eigi hann rétt á láni fyrir viðkomandi misseri, sbr. grein 2.3.5. Aukalánið skal að hámarki nema framfærslu eins mánaðar.

Heimilt er skv. þessari grein að veita námsmanni sérstakt lán vegna aukaferðar ef hann þarf skyndilega að fara heim vegna alvarlegra veikinda eða andláts í nánustu fjölskyldu. Nauðsynlegt er að leggja fram nákvæmar upplýsingar um ástæður ferðar ásamt viðeigandi læknisvottorði eða dánarvottorði. Til nánustu fjölskyldu skulu teljast foreldrar námsmanns og maka, afar og ömmur námsmanns og maka, systkini námsmanns og maka og börn þeirra.

##### 4.9.2. *Hámarkslán.*

Hámarkslán á misseri vegna röskunar á stöðu og högum námsmanns miðast við mánaðarframfærslu eins og hún er reiknuð af sjóðnum að teknu tilliti til fjölskyldustærðar.

#### 4.10. *Lán vegna sjúkratrygginga.*

Námsmenn sem greiða háar sjúkratryggingar geta sótt um að þeim kostnaði sé mætt. Við mat á hæfilegum kostnaði vegna sjúkratrygginga er höfð hliðsjón af upplýsingum frá íslensku tryggingafélögunum. Ef veitt er lán vegna sjúkratrygginga er það einungis fyrir þeim hluta sem er umfram 5% af framfærslukostnaði. Heimilt er að veita aukalán vegna sjúkrakostnaðar erlendis sem námsmaður hefur að hluta til fengið endurgreiddan hjá Tryggingastofnun ríkisins. Við afgreiðslu slíkrar umsóknar skal tekið tillit til þess hvort námsmaður hafi keypt eðlilegar sjúkratryggingar. Heimilt er að veita lán til greiðslu hæfilegs kostnaðar vegna mæðraskoðunar og ungbarnaeftirlits erlendis ef ljóst er að hvorki tryggingaraðili námsmannsins né viðkomandi sveitarfélag á Íslandi taki þátt í greiðslu kostnaðar. Einnig er heimilt á námstíma að veita lán til greiðslu ferðakostnaðar ef barnshafandi námsmaður eða maki námsmanns erlendis kýs, vegna óhóflegs kostnaðar erlendis, að fæða barn á Íslandi. Óheimilt er að taka tillit til sjúkrakostnaðar sem Tryggingastofnun ríkisins hefur synjað að greiða.

#### 4.11. *Vaxtastyrkur.*

Við útborgun lána fyrir framfærslu- og bókakostnaði, sem greiðast eftir hverja önn, misseri eða skólaár, skal greiða vaxtastyrk. Styrkur vegna haustmisseris skal nema 1,4% af framfærslu- og bókakostnaði misserisins, en styrkur vegna vormisseris 1,8% af framfærslu- og bókakostnaði misserisins. Ef lán eða hluti láns fyrir misseri er greitt út á

grundvelli árangurs sem skilað er á síðari misserum námsársins eða niðurstaðna upptöku-prófa að hausti skal miða styrkinn við 3,7% af framfærslu- og bókaláninu, eða þeim hluta lánsins sem þá er greitt út. Samsvarandi hlutföll fyrir fjórðungaskóla er 1,3% vegna haust-fjórðungs, 1,2% vegna vetrar- og vorfjórðunga og 3,1% vegna láns sem greitt er út á grundvelli árangurs sem skilað er á síðari fjórðungum.

#### 4.12. *Lán vegna ferðakostnaðar.*

##### 4.12.1. Ferðakostnaður námsmanns maka og barna.

Námsmanni er heimilt að sækja um lán til þess að greiða hluta eigin ferðakostnaðar, maka og barna sem eru á framfæri námsmanns. Umsóknarfrestur til að sækja um þessi lán er hinn sami og um almenn námslán. Lánin miðast við ákveðna upphæð, sem er mismunandi eftir námslandi og námssvæði.

##### 4.12.2. Lán vegna ferða til námsstaðar erlendis.

Námsmenn erlendis eiga kost á láni vegna einnar ferðar milli heimilis og námsstaðar skólaárið 1997-98, sem ákvarðast þannig: Vegna hvers einstaklings er ferðalán til námsmanna og maka á Norðurlöndum 30.000 krónur á mann, en 35.000 krónur á einstakling vegna námsmanna og maka annars staðar í Evrópu, 45.000 krónur í Norður Ameríku og 80.000 krónur á einstakling vegna námsmanns og maka annarsstaðar. Lán vegna ferða barna miðast við 10% af ofangreindum upphæðum ef barn er yngra en tveggja ára, 50% vegna barna á aldrinum tveggja ára til tólf ára og 100% vegna barna sem eru eldri en tólf ára.

##### 4.12.3. Lán vegna ferða til námsstaðar á Íslandi.

Ferðalán sem námsmenn á Íslandi eiga kost á skólaárið 1997-98 skulu ákvarðast þannig: Vegna einstaklings og maka 12.000 krónur, en lán vegna ferða barna miðast við 10% af ofangreindri upphæð ef barn er yngra en tveggja ára, 50% vegna barna á aldrinum tveggja ára til tólf ára og 100% vegna barna sem eru eldri en tólf ára. Skilyrði þess að námsmenn á Íslandi eigi kost á ferðaláni er að þeir eigi lögheimili a.m.k. 100 km frá höfuðborgarsvæðinu eða öðru skólasvæði. Vegna ferða innanlands er ekki skilyrði að menn framvísi gögnum vegna ferðar.

##### 4.12.4. Hvenær þarf ferð að eiga sér stað?

Heimilt er að taka tillit til ferðar, sem farin er til námsstaðar allt að einu misseri fyrir upphaf námstímabils og heim allt að einu misseri eftir lok skólaárs.

##### 4.12.5. Greiðslutími ferðalána.

Ferðalán greiðast þegar sótt hefur verið um þau og afriti af farseðli framvísað sem sýni að ferð hefur verið farin. Lánin greiðast strax að hausti fyrir bæði misseri skólaársins, hjá öðrum en fyrsta árs nemum, ef námsmaður leggur fram afrit af farmiða að og frá námsstað. Ferðalán vegna námsmanna á Íslandi greiðast með framfærslulánum vegna haust- og vorannar.

#### 4.13. *Lán vegna meðlagsgreiðslna.*

Námsmaður getur sótt sérstaklega um lán vegna meðlags, sem hann greiðir svo sannanlegt sé. Þegar veitt er lán vegna meðlags, greiðir sjóðurinn meðlag beint til Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

## V. Kaffli – Umsóknir og útborgun lána

### 5.1. *Umsóknir um námslán.*

#### 5.1.1. Umsóknareyðublöð.

Sótt er um námslán á sérstökum eyðublöðum sem sjóðurinn lætur í té. Umsóknar-eyðublöðin fást að jafnaði einnig í lánshæfum skólum hérlendis, skrifstofum námsmanna-samtaka og sendiráðum Íslands erlendis.

#### 5.1.2. Umsóknir og gildistími.

Sækja skal sérstaklega um námslán fyrir hvert aðstoðarár. Hver umsókn gildir til loka misseris. Umsókn verður að hafa borist fyrir:

1. ágúst vegna aðstoðar á haustmisseri;
1. desember vegna aðstoðar á vormisseri;
1. mars ef nám hefst eftir 1. apríl;
15. maí 1998 vegna sumarlána.

Umsókn verður að hafa borist tveimur vikum áður en lánshæfur námstími hefst.

Framhaldsumsóknir, þ.e. umsóknir frá námsmönnum sem fengu lán á námsárinu 1996-97, gilda frá upphafi námsárs. Berist framhaldsumsókn á hinn bóginn eftir 1. desember er hún ekki tekin til afgreiðslu fyrr en tveir mánuðir eru liðnir frá því að hún barst. Framhaldsumsóknir sem berast eftir 1. mars eru ekki teknar gildar.

Hafi námsmaður ekki átt gilda umsókn hjá sjóðnum á vormisseri 1998 er umsóknar-frestur um sumarlán í því tilviki 1. mars.

#### 5.1.3. Fylgiskjöl og skilafrestur.

Tilkynna ber námsmanni tímanlega um gögn, sem honum ber að skila, þannig að honum gefist nægur tími til að senda þau til sjóðsins. Fylgiskjöl vegna umsóknar eiga að berast sjóðnum eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að þeirra var óskað. Að öðrum kosti er litið svo á að námsmaður sé fallinn frá umsókn. Hið sama gildir um prófvottorð, þeim skal skilað eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að próftímabili lýkur, að öðrum kosti er litið svo á að námsmaður hafi fallið frá umsókn um lán á viðkomandi önn.

#### 5.1.4. Aðstoð.

Starfsmenn og samtök námsmanna sem tilnefna fulltrúa í stjórn sjóðsins veita aðstoð og leiðbeiningar varðandi þau mál sem snerta starfssvið sjóðsins.

#### 5.1.5. Afgreiðsla umsókna og annarra erinda.

Ákvörðun stjórnar varðandi erindi sem berast sjóðnum skal tilkynnt skriflega, nema það sé augljóslega óþarft. Ákvörðun er bindandi eftir að hún er komin til aðila. Námsmanni eða öðrum þeim sem í hlut á er heimilt að fá ákvörðun rökstudda, samanber gr. 5.10.3., mál endurupptekið, samanber gr. 5.10.4. eða getur óskað eftir úrskurði málskotsnefndar, samanber gr. 5.10.5. Um málsmeðferð að öðru leyti fer eftir stjórnarsýslulögum.

#### 5.1.6. Náms- og lánsfjáráætlun.

Á grundvelli upplýsinga námsmanns m.a. um tekjur og fjölskylduhagi getur hann fengið útfyllta náms- og lánsfjáráætlun frá sjóðnum. Hún gefur kost á tímabundinni fyrir-greiðslu hjá viðskiptabanka sbr. reglu 5.2.3.

## 5.2. *Útborgun námslána.*

### 5.2.1. Útborgun námslána.

Lán greiðast eftir hverja önn, misseri eða skólaár, þegar námsmaður hefur lagt fram gögn um námsárangur sinn, lokatekjuáætlun og aðrar upplýsingar sem máli skipta. Lán greiðast inn á reikning í viðskiptabanka eða sparisjóði sem skal vera á nafni námsmanns. Skal við það miðað að greiðsludagar séu sem næst 15. janúar og 15. júní. Heimilt er að

greiða út lán á öðrum tímum enda liggi fyrir að námsmaður hafi uppfyllt kröfur sjóðsins um afköst og árangur í námi áður en sjóðurinn innir af hendi greiðslu láns vegna viðkomandi annar, misseris eða skyldunámskeiða. Lánveitingum vegna námsársins 1997-1998 skal þó lokið fyrir 1. febrúar 1999, eftir það eru ekki afgreidd lán vegna námsársins.

Heimilt er að greiða lán vegna skólagjalda og ferðalán skv. grein 4.8 og kafla 4.12 á þeirri önn sem námsmaður greiðir slíkan kostnað. Skili námsmaður ekki tilskildum lágmarksárangri eftir viðkomandi skólaár eru þessi lán endurkræf skv. reglum um ofgreidd lán.

#### 5.2.2. Staðfesting á tekjum.

Námsmenn skulu skila staðfestingu eða breytingu á fyrri áætlun vegna tekna á árinu 1997 áður en lán er greitt út. Ef verulegur munur reynist vera á þeirri áætlun og tekjum námsmanns og maka er heimilt að gjaldfella lánið.

#### 5.2.3. Fyrirgreiðsla banka og sparisjóða.

Stjórn sjóðsins hefur gert samkomulag við viðskiptabanka og sparisjóði um að þeir veiti námsmönnum tímabundna fyrirgreiðslu innan misseris eða skólaárs, ef þess er óskað, að uppfylltum venjulegum skilyrðum viðkomandi peningastofnunar og að fenginni náms- og lánsfjáráætlun námsmanns.

#### 5.2.4. Bóka- og aukalán.

Bóka- og aukalán greiðast í einu lagi þegar framfærslulán viðkomandi kemur til útborgunar.

#### 5.2.5. Hlutilán.

Nú óskar námsmaður eftir því að fá einungis greiddan hluta af því láni sem honum reiknast og skal honum það þá heimilt.

#### 5.2.6. Skuldabréf og bankareikningur.

Útborgun lána er háð því skilyrði að lánþegi hafi undirritað skuldabréf og tryggt lánið með sjálfskuldarábyrgðarmönnum eða veði. Lánið greiðist inn á reikning viðkomandi lánþega sem skal vera á hans eigin nafni í banka eða sparisjóði.

### 5.3. Umboðsmaður, ábyrgðarmaður og skilyrði sem námsmenn þurfa að uppfylla.

#### 5.3.1. Umboðsmaður.

Námsmaður erlendis verður að hafa umboðsmann á Íslandi sem m.a. skrifar undir skuldabréf fyrir hans hönd.

#### 5.3.2. Ábyrgðarmenn.

1. Einn ábyrgðarmaður skal að lágmarki ganga í sjálfskuldarábyrgð fyrir lánþega, en flestir geta ábyrgðarmenn orðið 10. Þeir skulu vera fjárráða og að jafnaði íslenskir ríkisborgarar með lögheimili á Íslandi. Ábyrgðarmenn þurfa að fullnægja sömu skilyrðum og lánþegar sjóðsins, sbr. gr. 5.3.3. Hámarksábyrgð einstaks ábyrgðarmanns skal vera fimm milljónir króna (5.000.000) en lágmarksábyrgð eitt hundrað þúsund krónur (100.000). Breytist staða ábyrgðarmanns, þannig að hann telst ekki lengur uppfylla þau skilyrði sem sett eru í grein 5.3.3., skal námsmaður útvega nýjan ábyrgðarmann fyrir láni sínu áður en hann fær frekari lán afgreidd frá sjóðnum.
2. Óheimilt er að samþykkja þá menn sem ábyrgðarmenn fyrir námsláni, sem eru á dómaskrá vegna gjaldþrots eða annarra fjárhagslegra ástæðna.
3. Óski námsmaður að setja fasteign að veði til tryggingar námsláni þarf hann að leggja fram eftirfarandi gögn: Veðbókarvottorð, afrit síðustu greiðsluseðla vegna áhvílandi lána, fasteigna- og brunabótamatsvottorð. Sjóðurinn metur veðhæfni eignarinnar.

### 5.3.3. Skilyrði sem lánþegar þurfa að uppfylla.

Skilyrði, sem lánþegar þurfa m.a. að uppfylla, eru að þeir séu ekki í vanskilum við sjóðinn, þegar sótt er um nýtt lán og bú þeirra sé ekki til gjaldþrotameðferðar eða að þeir teljist af öðrum ástæðum bersýnilega ótryggir lántakendur. Teljist námsmaður ótryggur lántakandi skv. ofangreindu getur hann sótt um undanþágu frá þessari grein enda sýni hann fram á annað, eða að hann leggi fram aðrar ábyrgðir sem sjóðurinn telur viðunandi.

### 5.4. *Greiðsla félagsgjalda.*

Óski námsmaður þess annast sjóðurinn greiðslu félagsgjalda til Sambands íslenskra námsmanna erlendis (SINE) og Bandalags íslenskra sérskólanema (BÍSN). Sjóðurinn dregur félagsgjöldin af námslánum og greiðir til réttra aðila.

Umsókn um námslán skal jafnframt vera umsókn um félagsaðild nema námsmaður óski eftir öðru á umsókn eða bréflaga.

Upphæð félagsgjalda skal koma fram á útreikningi námslána.

### 5.5. *Breytingar á aðstoð.*

#### 5.5.1. Tilkynningaskylda námsmanns.

Umsækjanda ber að tilkynna allar breytingar á högum sínum er haft geta áhrif á veitingu námsaðstoðar, svo sem breyttar fjölskylduaðstæður, breytingar á fjárhag, heimilisfangi og námsáætlun, eða veikindi er valdið geta töfum í námi. M.a. ber að tilkynna sjóðnum þegar námsmaður stofnar til hjúskapar eða sambúðar. Námsmanni ber auk þess að senda sjóðnum öll þau gögn sem hann kann að verða beðinn um.

#### 5.5.2. Leiðrétting á útreikningi.

Ef í ljós kemur að sjóðurinn hefur veitt námsaðstoð eða reiknað út upphæð láns á röngum forsendum er það leiðrétt við fyrsta hentugleika, skv. nánari ákvæðum í þessum kafla. Er þá tekið tillit til þess hvort námsmaður hefur vísitandi gefið villandi eða rangar upplýsingar, hvort um vanrækslu hefur verið að ræða af hans hálfu ellegar um mistök frá hendi sjóðsins. Að jafnaði er mögulegt að semja um fyrirkomulag endurgreiðslna.

### 5.6. *Vísitandi villandi upplýsingar.*

Ef námsmaður hefur vísitandi veitt sjóðnum rangar eða villandi upplýsingar fellur öll námsaðstoð við hann niður og aðstoð sem hann kann að hafa fengið vegna slíkra upplýsinga verður þegar í stað endurkræf með áfallinni verðtryggingu og kostnaði sem af hlýst. Þetta á m.a. við ef sannað þykir að námsmaður hafi gefið upp rangar tekjur skv. skilgreiningu sjóðsins um tekjur, þegar viðkomandi skattári er lokið.

### 5.7. *Ofgreidd lán.*

#### 5.7.1. Ofgreidd lán.

Ef námsmaður fær ofgreitt lán, t.d. vegna vanátlaðra tekna, vanskila á námsárangri eða öðrum ástæðum, skal gefa honum kost á að greiða lánið á sérstöku skuldabréfi og skal greiðslutíminn að jafnaði ekki vera lengri en 10 mánuðir.

Ofgreidd lán námsmanna erlendis, eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur miðað við gengi 1. ágúst 1997. Ef gengi er ekki skráð fyrir viðkomandi mynt þann dag, er notað gengi eins og það var á síðasta skráningardegi á undan.

#### 5.7.2. Skuldabréf.

Skuldabréf vegna ofgreiddra lána bera almenna meðalvexti banka og sparisjóða og leggjast vextirnir á þá upphæð sem námsmanni ber að endurgreiða frá útborgunardegi hins ofgreidda láns.



### 5.7.3. Vextir.

Fyrsti vaxtadagur er skilgreindur í skuldabréfi.

### 5.7.4. Innheimta.

Ofgreitt lán kemur til innheimtu við lok námsárs. Lok námsárs í þessum skilningi er þegar námsárangur og önnur gögn hafa borist vegna allra anna, sem sótt er um aðstoð fyrir á námsárinu.

## 5.8. *Eftirlit með tekjum vegna síðasta láns.*

### 5.8.1. Námsmenn á Íslandi.

Sjóðurinn fær upplýsingar frá ríkisskattstjóra um tekjur skv. skattframtali þess tekjuárs sem lagt var til grundvallar síðustu lánveitingu.

### 5.8.2. Námsmenn á Norðurlöndum.

Námsmenn annars staðar á Norðurlöndum þurfa að skila vottorði um tekjur sl. árs. Í Danmörku „ársoppgørelse“, í Noregi „bruttoinntekt“ og í Svíþjóð „terminalbild 44“.

### 5.8.3. Námsmenn í öðrum löndum.

Sjóðurinn getur krafist skattavottorðs frá námsmönnum í öðrum löndum.

### 5.8.4. Endurgreiðsla.

Komi í ljós að tekjur skv. vottorði skattstjóra eru hærrí en gefið var upp af námsmanni, ber honum að endurgreiða ofgreitt lán með verðtryggingu.

## 5.9. *Mistök sjóðsins.*

Verði mistök við veitingu námsláns, námsmanni í óhag, ber að leiðrétta þau strax og upp kemst. Námsmönnum er eindregið bent á að kynna sér vandlega þau ákvæði í þessum úthlutunarreglum sem eiga við hverju sinni og stuðla að því að slík mistök leiðréttist sem fyrst. Námsmanni skal tilkynnt um slík mistök og síðan ákveðið í hverju einstöku tilviki hvernig endurgreiðslu skuli hagað.

## 5.10. *Vafamál.*

### 5.10.1. Hlutverk stjórnar.

Það er eitt af hlutverkum stjórnar að skera úr vafamálum er varða einstaka lánþega og öðrum málum með bókuðum samþykktum. Úrskurðum stjórnar má vísa til málskotsnefndar, samanber gr. 5.10.5.

### 5.10.2. Málsmeðferð.

Áður en stjórn sker úr vafamáli skal sérstök undirnefnd skipuð úr hópi stjórnarmanna, endurgreiðslunefnd eða vafamálanefnd eftir atvikum, undirbúa og gera tillögur um bókanir fyrir stjórn sjóðsins. Nefndin skal yfirfara afgreiðslu hliðstæðra mála og þau mál sem talin eru koma næst því máli sem er til ákvörðunar. Bókanir stjórnar í vafamálum skulu vera almennar og þeim haldið sérstaklega til haga þannig að þær séu aðgengilegar öllum þeim sem eiga erindi við sjóðinn.

### 5.10.3. Rökstuðningur.

Í rökstuðningi skal vísa til þeirra réttarreglna sem ákvörðun sjóðsins er byggð á, laga, reglugerðar, úthlutunarreglna eða bókunar stjórnar eftir því sem við á. Að því marki, sem ákvörðun byggir á mati, skal í rökstuðningnum greina frá þeim meginsjónarmiðum sem ráðandi voru við matið.

#### 5.10.4. Endurupptaka.

Eftir að stjórn sjóðsins hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt á aðili máls rétt á því að mál hans sé tekið til meðferðar á ný ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik.

#### 5.10.5. Málskotsnefnd.

Menntamálaráðherra skipar málskotsnefnd þriggja manna. Nefndin sker úr um hvort úrskurðir stjórnar séu í samræmi við ákvæði laga og reglugerða. Nefndin getur staðfest, breytt eða fellt úr gildi ákvarðanir stjórnar sjóðsins. Úrskurður nefndarinnar skal vera rökstuddur og er endanlegur.

### VI. Kafli – Samnorrænar reglur um lán á Norðurlöndum

Umsækjandi við nám á Norðurlöndum utan heimalandsins getur að uppfylltum sérstökum skilyrðum fengið námslán frá námslandinu. Skilyrði fyrir námsaðstoð er að umsækjandi fái ekki námsaðstoð frá öðru landi. Hér á eftir fara tvö dæmi um þetta:

- A. Umsækjandi hefur verið búsettur og unnið samfellt tvö ár í námslandinu. Umsjón með eigin barni undir 16 ára aldri jafngildir vinnu. Tekið er tillit til vinnuhlés ef um herskyldu eða veikindi hefur verið að ræða.
- B. Umsækjandi er undir 20 ára aldri og hefur fylgt foreldrum sínum sem eru heimilisföst í námslandinu og hafa þar fasta vinnu.

Nánari upplýsingar fást hjá lánasjóðum í hverju landi.

#### DANMÖRK

Styrelsen for Statens Uddannelsesstøtte (SU)  
Danasvej 30  
DK-1780 København V  
Sími: 00-45-33268600  
Bréfasími: 00-45-4533268611

#### NOREGUR

Statens lånekasse for utdanning(SLK)  
P. boks 195, Østre Aker vei 20  
N-0510 Oslo 5  
Sími: 00-47-22726700  
Bréfasími: 00-47-22642636

#### FINNLAND

Folkpensionsanstaltens Studiestødscentral  
P.O. Box 228  
SF-40 101 Jyväskylä 10  
Sími: 00-358-41-698634  
Bréfasími: 00-358-41698710

#### SVÍÐJÓÐ

Centrala studiestødsnämnden (CSN)  
Norra Tjänggatan 2-6  
S-851 82 Sundsvall  
Sími: 90-46-60-186290  
Bréfasími: 00-46-60186006

### VII. Kafli – Lánskjör

#### 7.1. Vextir R-lána og verðtrygging.

##### 7.1.1. Lánskjör.

Lán skv. lögum nr. 21/1992 eru verðtryggð og bera allt að 3% vexti frá námslokum. Verðtryggingin miðast við breytingar á vísitölu neysluverðs Seðlabanka Íslands.

##### 7.1.2. Verðtrygging.

Grunnvísitala skuldabréfs miðast við vísitölu neysluverðs eins og hún er á dagsetningu námsloka.

##### 7.1.3. Námslok.

Þegar skírteini um lokapróf berst sjóðnum er hafinn undirbúningur að því að ganga frá skuldabréfi námsmanns. Lántaka skal þá sent bréf með sundurliðuðum upplýsingum um greiðslur sem tilheyrja skuldabréfinu. Honum er jafnframt tilkynnt um hvenær hann er talinn hafa lokið námi og vextir fara að reiknast af skuldabréfinu. Hálf mánaðar frestur skal gefinn til að gera athugasemdir. Að þeim tíma liðnum er skuldabréfið fyllt út.

#### 7.1.4. Fullnýtt svigrúm.

Nú hefur námsmaður fullnýtt svigrúm sitt og skal þá líta svo á að námi hans sé lokið og fylla út skuldabréf eftir aðgerðir sbr. 7.1.2.

#### 7.1.5. Gengið frá skuldabréfi.

Þegar gengið er frá skuldabréfi er öllum ábyrgðarmönnum send tilkynning um upphæð bréfsins og þá fjárhæð sem hver og einn telst ábyrgur fyrir.

#### 7.1.6. Námshlé o.fl.

Nú sækir lántaki ekki um lán á nýju námsári fyrir tilskilinn umsóknarfrest en hefur þó ekki lokið námi og skal þá tilkynna honum að gengið verði frá skuldabréfi hans innan hálf mánaðar og hvenær sjóðurinn telur námslok hans hafa verið. Honum skal jafnframt sent yfirlit um greiðslur til hans sem verða færðar uppreiknaðar á skuldabréfið. Í slíkum tilfellum er ekki veittur frestur á því að ganga frá skuldabréfinu. Tilkynni námsmaður að hann hafi tekið sér námshlé sem er ekki lengra en eitt ár er frágangi á skuldabréfi frestað í samræmi við reglur um skilgreiningu á námslokum.

### 7.2. Endurgreiðslutími.

#### 7.2.1. Lán er afborgunarlaust í tvö ár.

Endurgreiðsla hefst aldrei fyrr en tveimur árum eftir námslok sbr. gr. 2.5. Ef námslok eru á fyrri hluta árs, þ.e. fyrir 1. júlí, er gjalddagi fyrstu föstu greiðslu tveimur árum eftir námslok. Séu námslok á síðari hluta árs, 1. júlí eða síðar, er gjalddagi fyrstu föstu greiðslu 1. mars á þriðja ári frá námslokum. Seinni árgreiðslan er alltaf 1. september.

#### 7.2.2. Vextir.

Vextir reiknast frá námslokum. Fáí námsmaður greitt út lán eftir námslok eins og þau eru skilgreind af sjóðnum, þá reiknast vextir á þá greiðslu frá deginum eftir útborgun.

### 7.3. Árleg endurgreiðsla.

Árleg endurgreiðsla er í tvennu lagi. Annars vegar er föst greiðsla sem innheimtist 1. mars, en þó getur fyrsti gjalddagi verið annar. Hins vegar er viðbótargreiðsla sem innheimtist 1. sept. og er háð tekjum fyrra árs. Föst árgreiðsla er 52.698 og miðast við vísitölu neysliverðs 177,8. Þessi upphæð breytist á hverju ári til samræmis við vísitölu neysliverðs 1. janúar hvers árs. Viðbótargreiðslan miðast við 4,75% af útsvarstofni næsta árs á undan endurgreiðsluári. Sú fjárhæð sem þannig fæst skal margfölduð skv. hlutfallslegri breytingu á vísitölu neysliverðs frá 1. júlí á tekjuöflunarári til 1. júlí á endurgreiðsluári. Samkvæmt framansögðu dregst áðurnefnd föst árgreiðsla frá viðbótargreiðslunni.

Lánþega ber að greiða lántökugjald 1,2% í hvert sinn sem lán er tekið og kostnað af innheimtu á hverjum gjalddaga.

### 7.4. Undanþágur.

#### 7.4.1. Undanþága frá árlegri endurgreiðslu.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita undanþágu frá árlegri endurgreiðslu verði skyndilegar breytingar á högum lánþega, t.d. vegna veikinda eða slyss, sem skerða ráðstöfunarfé hans og möguleika til að afla tekna. Stjórn er ennfremur heimilt að veita undanþágu frá fastri árgreiðslu ef lánshæft nám, atvinnuleysi, veikindi, þungun, umönnun barna eða aðrar sambærilegar ástæður valda verulegum og ófyrirséðum fjárhagsörðugleikum hjá lánþega eða fjölskyldu hans.

#### 7.4.2. Sótt um frest.

Lánþegar sem óska eftir frestun eða niðurfellingu á endurgreiðslu námsláns skulu sækja um það á þar til gerðum eyðublöðum og láta fylgja umsókn nákvæmar upplýsingar, sem þar er óskað eftir, á fylgiskjólum.

### 7.4.3. Nám hafið að nýju.

Nú hefur lánþegi sem hefur lánshæft nám að nýju svo háar tekjur að honum reiknast tekjutengd afborgun af fyrri lánum og er þá að jafnaði ekki heimilt að veita viðkomandi frest á afborgun.

### 7.5. Lán sem sjóðurinn hefur veitt.

Lán sem sjóðurinn hefur veitt eru:

Heiti	Veitt	Vextir	Endurgr. hefst m.v. námslok	Endurgr. tími	Gjalddagar
M	1952-61	3,5%	3 ár	10 ár	1. maí og 1. nóv.
N	1952-61	3,5%	3 ár	10 ár	1. feb. og 1. júní
M	1961-67	3,5%	3 ár	15 ár	1. maí og 1. nóv.
N	1961-67	3,5%	3 ár	15 ár	1. feb. og 1. júní
L	1967-75	5%	5 ár	15 ár	1. júní
K	1975	13%	1 ár	4 ár	1. apr. og 1. nóv.
X •	1976-82	verðtryggt	3 ár	20 ár	1. júlí og 1. nóv.
T ••	1982-92	verðtryggt	3 ár	40 ár	1. mars og 1. sept.
R	1992	allt að 3% +verðtr.	2 ár	óákv.	1. mars og 1. sept.

- nefnast V-lán eftir sameiningu
- nefnast S-lán þegar endurgreiðsla hefst.

### 7.6. Sé greitt eftir fleiri kerfum.

Þeir námsmenn, sem taka lán skv. lögum nr. 21 frá 1992 (R- lán) greiða fyrst afborganir og vexti af þeim lánum, en skuldi þeir eldri lán frestast afborganir þeirra þar til fyrrnefnd R-lán eru að fullu greidd. Eldri lán greiðast síðan eftir reglum sem áður giltu. Hlutfallsstuðull fyrir aukaafborgun T- láns hjá þeim sem hafa fengið meira en helming raunvirðis námslána sinna árin 1976-85 er 3,5% í stað 3,75%. Ef lánþegi greiðir bæði af lánum sem tekin voru á árunum 1976-82 og af lánum sem tekin voru 1982-92, þá dragast afborganir eldri lána frá afborgunum hinna nýju. Enginn afsláttur er veittur af afborgunum lána, sem tekin voru 1982-92, þótt einnig sé verið að greiða af L-lánum.

### 7.7. Vanskil.

Ef lánþegi greiðir ekki afborgun á réttum tíma og hefur ekki samið við sjóðinn um greiðslu, sendir sjóðurinn hana til lögfræðings í innheimtu. Ef lánþegi gerir enn ekki skil, er sjóðnum heimilt að gjaldfella alla skuldina og innheimta hana með hæstu leyfilegu dráttarvöxtum.

Staðfesti hér með framangreindar reglur, sem samþykktar hafa verið samhljóða af stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, sbr. lög frá Alþingi 16. maí 1997.

Reykjavík, 27. maí 1997.

**Björn Bjarnason**  
menntamálaráðherra.

## TILKYNNING

### nr. 1/1997 um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Samkeppnisstofnun hefur á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara ákveðið eftirfarandi flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum frá og með 1. júní 1997 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið:

Bifreiðabensín	0,80 kr. á lítra
gasolía	0,85 kr. á lítra
aðrar olíur og blöndur til brennslu	0,75 kr. á kg
flugvélabensín	0,05 kr. á lítra
flugsteinolía (þotuelsneyti)	0,05 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórnin í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

*Samkeppnisstofnun, Reykjavík, 27. maí 1997.*

**Georg Ólafsson.**

---

*Gunnar G. Þorsteinsson.*

Nr. 319

21. maí 1997

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um þinglýsingar, nr. 284 20. maí 1996.

1. gr.

1. mgr. 13. gr. orðast svo:

Þeim sem er nauðsynlegt vegna starfsemi sinnar má veita heimild til að skoða tölvufærðar þinglýsingabækur með beinlínutengingu.

2. gr.

1. mgr. 14. gr. orðast svo:

Dómsmálaráðherra veitir heimild til aðgangs að tölvufærðum þinglýsingabókum með beinlínutengingu að fenginni umsögn tölvunefndar. Slík heimild verður bundin nánari skilyrðum um aðgang að upplýsingum úr þinglýsingabókum og meðferð þeirra.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 53. gr. þinglýsingarlaga nr. 39 10. maí 1978, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. maí 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

---

*Benedikt Bogason.*

## REIKNINGUR

### Verðbréfaþings Íslands fyrir árin 1995 og 1996.

#### Yfirlýsing framkvæmdastjóra.

Í samræmi við ákvæði laga nr. 11/1993 um Verðbréfaþing Íslands eru hér birtir ársreikningar þingsins fyrir árin 1995 og 1996. Ég lýsi því jafnframt yfir að áritanir stjórnar og endurskoðanda á ársreikninginn 1995 voru efnislega samhljóða þeim áritunum sem hér eru birtar vegna ársreiknings 1996. Sjóðsstreymi og skýringar sem vísað er til í áritun endurskoðanda liggja frammi á skrifstofu Verðbréfaþings Íslands.

Reykjavík, 20 maí 1997.

Stefán Halldórsson framkvæmdastjóri.

#### Undirritun stjórnar á ársreikninginn.

Verðbréfaþing Íslands var sett á laggirnar árið 1985 samkvæmt heimild í lögum um Seðlabanka Íslands. Um Verðbréfaþing gilda lög nr. 11/1993 með áorðnum breytingum samkvæmt lögum nr. 22/1996 og er hlutverk þingsins samkvæmt þeim eftirfarandi:

1. að vera vettvangur viðskipta með skuldabréf, hlutabréf og önnur verðbréf og starfrækja í því skyni skipulagt viðskipta-, uppgjör- og upplýsingakerfi,
2. að gera faglegar, fjárhagslegar og siðferðilegar kröfur til þingaðila,
3. að setja reglur um uppgjör viðskipta með tilliti til fjárhagsstöðu þingaðila,
4. að meta skráningarhæfi verðbréfa,
5. að skrá gengi verðbréfa og aðrar upplýsingar sem þurfa þykir,
6. að hafa eftirlit með framkvæmd á reglum Verðbréfaþingsins. Í því skyni skal það hafa samvinnu við bankaeftirlit Seðlabanka Íslands á þeim sviðum þar sem bankaeftirlitið gegnir eftirlitshlutverki lögum samkvæmt,
7. að vinna að framþróun og skilvirkni verðbréfamarkaðar.

Hagnaður varð af starfseminni á árinu 1996 að fjárhæð 7.078 þús. kr. og eigið fé nam 46.054 þús. kr. í árslok 1996 samkvæmt efnahagsreikningi. Í árslok störfuðu 5 starfsmenn hjá Verðbréfaþingi Íslands en þeir voru 3 árið áður. Launagreiðslur námu 14,4 millj. kr. á árinu en auk þess námu launatengd gjöld 1,8 millj. kr.

Stjórn Verðbréfaþings Íslands og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning Verðbréfaþingsins fyrir árið 1996 með undirritun sinni.

Reykjavík, 3. mars 1997.

Stjórn:	Eiríkur Guðnason	Sigurður Einarsson
	Erna Bryndís Halldórsdóttir	Hrafn Magnússon
	Jón Guðmann Pétursson	Þorkell Sigurlaugsson.
	Vilborg Lofts	

Framkvæmdastjóri: Stefán Halldórsson.

#### Áritun endurskoðanda.

Við höfum endurskoðað ársreikning Verðbréfaþings Íslands fyrir árið 1996. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðsstreymi og skýringar nr. 1 - 8. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum þingsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Verðbréfaþingsins á árinu 1996, efnahag þess 31. desember 1996 og breytingu á handbæru fé á árinu 1996, í samræmi við lög, samþykktir þingsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 3. mars 1997.

*KPMG Endurskoðun hf.*,  
löggiltir endurskoðendur.

**Tryggvi Jónsson.**

## REKSTARREIKNINGUR ÁRSINS.

	1996	1995
<b>Rekstrartekjur:</b>		
Stofngjöld .....	12.594.640	8.994.694
Veltugjöld .....	15.209.599	8.637.367
Árgjöld þingaðila .....	4.382.640	3.974.930
Árgjöld vegna skráðra bréfa .....	10.366.680	7.895.128
Aðrar tekjur .....	1.816.600	971.325
	<u>44.370.159</u>	<u>30.473.444</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>		
Laun og launatengd gjöld .....	16.148.878	10.498.394
Annar rekstrarkostnaður .....	20.798.473	13.039.130
Afskriftir .....	1.641.567	818.612
	<u>38.588.918</u>	<u>24.356.136</u>
Rekstrarhagnaður án fjármagnsliða .....	5.781.241	6.117.308
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):</b>		
Fjármunatekjur .....	2.080.345	1.744.793
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga .....	( 783.590)	( 509.219)
	<u>1.296.755</u>	<u>1.235.574</u>
<b>Hagnaður ársins .....</b>	<u>7.077.996</u>	<u>7.352.882</u>

## EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER.

## Eignir

	1996	1995
<b>Veltufjármunir:</b>		
Bankainnstæður .....	1.258.444	2.134.086
Skammtímakröfur:		
Verðbréf .....	23.656.833	28.381.913
Viðskiptakröfur .....	19.691.143	6.041.577
Aðrar skammtímakröfur .....	923.687	23.754
Veltufjármunir	<u>45.530.107</u>	<u>36.581.330</u>
<b>Fastafjármunir:</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Tölvubúnaður .....	2.900.585	1.409.107
Hugbúnaður .....	87.514	724.908
Áhöld og tæki .....	282.766	374.820
Fastafjármunir	<u>3.270.865</u>	<u>2.508.835</u>
<b>Eignir samtals</b>	<u>48.800.972</u>	<u>39.090.165</u>

## Skuldir og eigið fé

	1996	1995
<b>Skammtímaskuldir:</b>		
Ógreiddur kostnaður .....	1.965.123	101.741
Aðrar skammtímaskuldir .....	782.008	840.965
Skuldir samtals	<u>2.747.131</u>	<u>942.706</u>
<b>Eigið fé:</b>		
Stofnframlag .....	1.674.960	1.674.960
Endurmatsreikningur .....	432.271	389.604
Óráðstafað eigið fé .....	43.946.610	36.082.895
Eigið fé	<u>46.053.841</u>	<u>38.147.459</u>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<u>48.800.972</u>	<u>39.090.165</u>

15. maí 1997

Nr. 321

## REGLUGERÐ

## um afnám ýmissa reglugerða um grunnskóla.

1. gr.

Eftirtaldar reglugerðir eru felldar úr gildi:

1. Reglugerð um störf fræðslustjóra nr. 57/1990.
2. Reglugerð um fræðsluráð nr. 80/1990.
3. Reglugerð um rekstrarkostnað grunnskóla nr. 213/1975.
4. Reglugerð um orlof grunnskólakennara og stjórnenda grunnskóla nr. 427/1988.
5. Reglugerð um greiðslu fæðiskostnaðar nr. 214/1975.



6. Reglugerð um kennarafulltrúa í fræðsluráðum o.fl. nr. 514/1975.
7. Reglugerð um starfstíma grunnskóla nr. 473/1995.
8. Reglugerð um leyfi í skólum nr. 80/1976.
9. Reglugerð um kennarafundi og kennararáð nr. 184/1976.
10. Erindisbréf fyrir skólanefndir grunnskóla nr. 185/1976.
11. Erindisbréf fyrir kennara grunnskóla nr. 198/1976.
12. Reglur um leyfi kennara til þátttöku í íþróttamótum nr. 123/1988.
13. Reglugerð um framkvæmd samræmdra prófa í grunnskólum nr. 398/1977.
14. Reglugerð um félagsstörf og félagsmálafræðslu í grunnskóla nr. 433/1977.
15. Erindisbréf fyrir leiðsögukennara nr. 434/1977.
16. Erindisbréf fyrir æfingakennara við Æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskóla Íslands nr. 23/1978.
17. Reglur um störf trúnaðarmanna og prófdómara við námsmat í grunnskóla nr. 116/1978.
18. Reglugerð um heimavistir grunnskóla nr. 86/1990.
19. Reglugerð um stofnkostnað skólamannvirkja nr. 345/1978.
20. Reglur um íþróttarými o.fl. í grunnskóla nr. 351/1978.
21. Reglugerð um ráðgjafar- og sálfræðipjónustu grunnskóla nr. 21/1980.
22. Erindisbréf fyrir yfirkennara grunnskóla nr. 364/1984.
23. Erindisbréf fyrir skólastjóra grunnskóla nr. 197/1976.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 15. maí 1997.*

**Björn Bjarnason.**

*Þórunn J. Hafstein.*

Nr. 322

27. maí 1997

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 8, 14. janúar 1997  
um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.**

1. gr.

Í stað orðanna: „1. júní 1997“ í lokamálslið 2. mgr. 16. gr. komi orðin: 1. september 1997.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. maí 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 190, 17. mars 1997, um stjórn veiða  
úr norsk-íslenska síldarstofninum 1997, með síðari breytingum.

### 1. gr.

Í stað 2. málslíðar 4. gr. komi tveir málslíðir er orðist svo: Við fyrstu löndun síldarafla eftir 31. maí 1997, falla úr gildi veiðileyfi þeirra síldarskipa, sem áður hafa landað síld úr norsk-íslenska síldarstofninum á vertíð þeirri, sem hófst 3. maí 1997. Leyfi annarra skipa til síldveiða falla úr gildi frá og með 1. júní 1997.

### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. maí 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir Rafmagnsveitur ríkisins nr. 122/1992 með áorðnum breytingum.

1. gr.

7. grein reglugerðarinnar orðist svo:

*Stjórn.*

Ráðherra skipar á ársfundi sjö menn í stjórn Rafmagnsveitna ríkisins, rafmagnsveitustjóra til ráðuneytis til eins árs í senn. Stefnt skal að því að stjórnarmenn komi frá mismunandi landshlutum og af orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins. Hlutverk stjórnar er að fylgjast með að skipulag og starfsemi Rafmagnsveitna ríkisins sé jafnan í réttu og góðu horfi. Þá fjallar stjórnin um meginstefnu í starfsemi fyrirtækisins og skal rafmagnsveitustjóri kynna stjórninni þau málefni sem talist geta haft veruleg áhrif á starfsemi og afkomu fyrirtækisins, áður en ákvörðun er tekin um þau. Meðal þeirra mála sem þar geta fallið undir eru framkvæmdaáætlanir, gjaldskrármál, skipulagsmál og framtíðarstefnumörkun. Um starfskjör stjórnarmanna fer samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem samþykkt er af stjórn Rafmagnsveitna ríkisins, er hér með staðfest samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 og orkulögum nr. 58/1967 til að öðlast gildi þegar í stað.

*Iðnaðarráðuneytinu, 28. maí 1997.*

**Finnur Ingólfsson.**

*Halldór J. Kristjánsson.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 362, 27. júní 1996 um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1996/1997 með síðari breytingum.

1. gr.

Síðasti málsliður 10. gr. reglugerðarinnar falli niður.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 29. maí 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 46 – 1997

6. júní 1997

651

Nr. 326

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, er taki gildi 6. júní 1997.

Gjaldskrá Rafmagnsveitna Reykjavíkur nr. 12 10. janúar 1994, með áorðnum breytingum:

Allir verðþættir gjaldskrárinnar hækka um 1,7%.

*Iðnaðarráðuneytinu, 6. júní 1997.*

F. h. r.

**Kristmundur Halldórsson.**

Steinunn Bjarman.

# STJÓRNARTÍÐINDI B 47 – 1997

Nr. 327

652

27. maí 1997

## REGLUGERÐ

um greiðslu vaxtabóta á árinu 1997.

1. gr.

*Vaxtabætur.*

Ríkissjóður skal greiða vaxtabætur til manna sem bera vaxtagjöld af lánnum sem tekin eru til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota eftir því sem nánar er kveðið á um í þessari reglugerð.

2. gr.

*Réttur til vaxtabóta.*

Maður, sem skattskyldur er skv. 1. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt og ber vaxtagjöld af lánnum sem tekin hafa verið vegna kaupa, byggingar eða endurbóta sbr. 3. gr. á íbúðarhúsnæði til eigin nota, þar með talin kaup á eignarhlut í almennri kaupleiguíbúð skv. 76. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins á rétt á vaxtabótum, enda geri hann grein fyrir lánnum og vaxtagjöldum af þeim í sérstakri greinargerð með skattframtali í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Réttur til vaxtabóta er bundinn við eignarhald á íbúðarhúsnæði til eigin nota og stofnast við kaup eða þegar bygging þess hefst.

Réttur til vaxtabóta fellur niður þegar íbúðarhúsnæði telst ekki lengur til eigin nota sbr. 4. gr.

Verði íbúðarhúsnæði selt án þess að hafin sé bygging eða fest kaup á íbúðarhúsnæði til eigin nota á sama ári, fellur réttur til vaxtabóta niður frá þeim tíma sem sala átti sér stað.

3. gr.

*Endurbætur.*

Lán frá Byggingarsjóði ríkisins vegna verulegra endurbóta á íbúðarhúsnæði til eigin nota mynda rétt til vaxtabóta, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir endurbótunum á húsbýggingarskýrslu með skattframtali.

Til verulegra endurbóta skv. 1. mgr. teljast m.a. eftirfarandi framkvæmdir sbr. 12. gr. rg. nr. 467/1991, um húsbrefadeild og húsbrefaviðskipti:

1. Endurbygging eða viðamikil viðgerð á þaki.
2. Endurnýjun á gluggum, jafnt gluggakörmum sem tvö- eða þreföldun á gleri.
3. Endurnýjun á rafkerfi.
4. Endurnýjun á lagnakerfi.
5. Utanhússklæðning.
6. Endureinangrun á þaki og veggjum.

4. gr.

*Eigin not.*

Réttur til vaxtabóta er bundinn við eignarhald á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Með eigin notum er átt við að húsnæðið sé nýtt til íbúðar af eiganda þess sjálfum. Sérstakar tíma-bundnar aðstæður, svo sem nám, veikindi eða atvinnuþarfir sem valda því að eigandi íbúðar-

húsnæðis getur ekki sjálfur nýtt það til íbúðar, leiða þó ekki til þess að hann missi rétt til vaxtabóta. Með tímabundnum aðstæðum er átt við að eigandi íbúðarhúsnæðis geri líklegt að hann muni innan ákveðins tíma taka húsnæðið aftur til eigin nota.

5. gr.

*Ein íbúð.*

Eigi maður fleiri en eina íbúð, þá á hann einungis rétt á vaxtabótum með einni, þeirri sem ætluð er til eigin nota. Maður getur þó átt rétt á vaxtabótum vegna lána sem tekin eru vegna húsnæðis í byggingu eða kaupa á eldra húsnæði sem unnið er að standsetningu á í beinu framhaldi af kaupunum og ætlað er til eigin nota, þrátt fyrir að hann eigi á sama tíma húsnæði til eigin nota og njóti vaxtabóta vegna lána sem tengjast öflun þess húsnæðis. Réttur til vaxtabóta með síðarnefnda húsnæðinu fellur niður þegar það telst ekki lengur til eigin nota sbr. 4. gr.

6. gr.

*Lán til öflunar íbúðarhúsnæðis.*

Vaxtagjöld af lánum sem sannanlega hafa verið tekin vegna öflunar íbúðarhúsnæðis eða endurbóta á því sbr. 3. gr. veita rétt til vaxtabóta. Með vaxtagjöldum er átt við vaxtagjöld vegna fasteignaveðlána til a.m.k. tveggja ára eða lána við lánastofnanir með sjálfskuldarábyrgð til a.m.k. tveggja ára.

Vaxtagjöld vegna lána, sem tekin eru til skemmri tíma en tveggja ára, er einungis heimilt að telja með á næstu fjórum árum talið frá og með kaupári. Sé um nýbyggingu að ræða er heimilt að telja þau með á næstu sjö árum talið frá og með því ári þegar bygging hefst, eða til og með því ári sem húsnæði er tekið til íbúðar ef það er síðar.

Lán sem tekin eru vegna greiðsluferfiðleika og eru sannanlega til greiðslu á lánum til öflunar íbúðarhúsnæðis mynda einnig rétt til vaxtabóta að uppfylltum framangreindum tíma-skilyrðum.

7. gr.

*Vaxtagjöld sem veita rétt til vaxtabóta.*

Vaxtagjöld af lánum skv. 6. gr. teljast eftirfarandi:

1. Gjaldfallnir vextir og gjaldfallnar verðbætur á afborganir og vexti. Til vaxta teljast gjaldfallin gengistöp á afborganir og vexti vegna lána í erlendum gjaldmiðli. Með vöxtum teljast einnig dráttarvextir ársins, en greiddir dráttarvextir vegna fyrri ára teljast ekki með vaxtagjöldum ársins. Annar kostnaður vegna vanskila en dráttarvextir teljast ekki til vaxtagjalda.
2. Afföll af verðbréfum, víxlum og sérhverjum öðrum skuldaviðurkenningum sem framteljandi hefur gefið út sjálfur og selt þriðja aðila og notað andvirðið til fjármögnunar íbúðar til eigin nota, enda sé kaupandi bréfanna nafngreindur. Afföll vegna sölu húsbrefa teljast til vaxtagjalda hjá þeim sem byggir íbúðarhúsnæði til eigin nota og hefur fengið bréfin gegn afhendingu fasteignaveðbréfa. Sama á við um afföll af húsbrefum sem húsbrefadeild kaupir af lánstakanda greiðsluferfiðleikaláns. Afföllin reiknast hlutfallslega miðað við afborganir á lánstímanum. Afföll vegna sölu húsbrefa og annarra verðbréfa sem seljandi hefur fengið í hendur sem greiðslu á fasteign teljast ekki til vaxtagjalda.
3. Lántökukostnaður, árlegur eða tímabundinn fastakostnaður, þóknarir, stimpilgjöld og þinglýsingarkostnaður af lánum. Þinglýsingarkostnaður og stimpilgjöld af kaupsamningi eða afsali teljast ekki til vaxtagjalda.

Uppsafnaðar áfallnar verðbætur á lánum sem yfirtekin eru við kaup á íbúð teljast hvorki til vaxtagjalda hjá seljanda né kaupanda, né heldur uppsafnaðar áfallnar verðbætur sem greiddar eru umfram ákvæði viðkomandi skuldabréfs.

## 8. gr.

*Kaupleiguíbúðir.*

Þeir sem keypt hafa hlut í almennri kaupleiguíbúð skv. 76. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins eiga rétt á vaxtabótum vegna vaxtagjalda skv. 7. gr. sem innheimt eru með leigugjöldum. Gera þarf grein fyrir vaxtagjöldunum og þeim skuldum sem þau reiknast af á sérstöku eyðublaði sem staðfest er af leigusala og skal það fylgja skattframtali.

## 9. gr.

*Fjárhæð vaxtagjalda til útreiknings vaxtabóta.*

Vaxtagjöld til útreiknings vaxtabóta, miðast við fjárhæð vaxtagjalda, sbr. 7. gr., hjá hverjum framteljanda en geta þó ekki orðið hærri en sem nemur 7% af skuldum sem stofnað hefur verið til vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota eins og þær eru í árslok. Þetta á þó ekki við hjá þeim sem:

1. Selja íbúðarhúsnæði á árinu án þess að afla sér annars íbúðarhúsnæðis fyrir árslok. Skal þá miða við eftirstöðvar skulda eins og þær voru á söludegi.
2. Flytjast af landi brott á árinu. Skal þá miða við eftirstöðvar skulda eins og þær voru á brottflutningsdegi.
3. Látast á árinu og láta ekki eftir sig maka. Skal þá miða við eftirstöðvar skulda á andlátsdegi.
4. Keypt hafa eignarhlut í almennri kaupleiguíbúð. Skal þá miða við eftirstöðvar skulda hjá leigusala vegna lána sem stofnað hefur verið til vegna öflunar íbúðarhúsnæðisins, enda hafi vaxtagjöld af lánunum verið innheimt með leigugjöldum.

Frá vaxtagjöldum samkvæmt framansögðu skal draga vaxtatekjur skv. 8. gr. laga nr. 75/1981.

Vaxtagjöld til útreiknings vaxtabóta samkvæmt þessari grein geta þó ekki verið hærri en 411.209 kr. hjá einstaklingi, 539.830 kr. hjá einstæðu foreldri og 668.450 kr. hjá hjónum eða sambýlisfólki. Hámark vaxtagjalda hjá mönnum, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981, hluta úr ári, ákvarðast í hlutfalli við dvalartíma á árinu sbr. 70. gr. laga nr. 75/1981.

## 10. gr.

*Ákvrðun vaxtabóta.*

Vaxtabætur skal ákvarða þannig að frá vaxtagjöldum, sbr. 7. gr., skal draga fjárhæð er svarar til 6% af tekjuskattsstofni. Frá tekjuskattsstofni í þessu sambandi er eigi heimilt að draga tekjur skv. 2. tölul. A-liðar, 2., 3. og 4. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. laga nr. 75/1981. Hjá hjónum eða sambýlisfólki, sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981 í lok tekjuárs, enda þótt það óski ekki samsköttunar, skal við útreikning miðað við samanlagðar tekjur beggja að teknu tilliti til frádráttar samkvæmt framansögðu. Þannig ákvarðaðar vaxtabætur skerðast hlutfallslega fari eignir skv. 73. gr. laga nr. 75/1981 að fráregnum skuldum skv. 1. mgr. 76. gr. laga nr. 75/1981, fram úr 3.092.937 kr. hjá einstaklingi uns þær falla niður við 4.948.699 kr. eign og 5.127.077 kr. hjá hjónum eða sambýlisfólki uns þær falla niður við 8.203.323 kr. eign.

## 11. gr.

*Fjárhæð vaxtabóta.*

Hámark vaxtabóta fyrir hvern mann eru 140.903 kr, fyrir einstætt foreldri 181.212 kr. og 233.015 kr. fyrir hjón eða sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði fyrir samsköttun, sbr. 3. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981 í lok tekjuárs. Hámark vaxtabóta hjá þeim sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981, hluta úr ári ákvarðast í hlutfalli við dvalartíma á tekjuárinu. Vaxtabætur sem eru lægri en 520 kr. á mann falla niður.

## 12. gr.

*Skipting vaxtabóta milli hjóna og sambúðarfólks.*

Skipta skal vaxtabótum til helminga milli hjóna. Sama gildir um sambúðarfólk sem uppfyllir skilyrði fyrir samsköttun, sbr. 3. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981 í lok tekjuárs, enda þótt það óski ekki samsköttunar. Verði skilyrði samsköttunar uppfyllt í árslok, skulu vaxtabætur ákvarðaðar allt árið eins og gildir um hjón.

Við slit á samvistum eða hjúskap þá ákvarðast vaxtabætur fyrir allt árið eins og hjá einstaklingi eða einstæðu foreldri eftir því sem við á, nema óskað sé samsköttunar fram að skilnaði eða sambúðarslitum. Ákvarðast þá vaxtabætur fram að þeim tíma eins og hjá hjónum, en frá þeim tíma og til ársloka eins og hjá einstaklingi eða einstæðu foreldri, eftir því sem við á.

Ef annað hjóna er með lögheimili erlendis reiknast vaxtabætur einungis hjá þeim maka sem hefur lögheimili hér á landi. Við útreikning skal þá miða við vaxtagjöld, tekjur, eignir og skuldir þess maka sem skattskyldur er hér á landi. Vaxtagjöld til útreiknings vaxtabóta geta ekki orðið hærri en helmingur hámarksvaxtagjalda hjá hjónum og vaxtabætur geta ekki orðið hærri en helmingur hámarksvaxtabóta fyrir hjón.

Ef annað hjóna sem á rétt á vaxtabótum fellur frá skal ákvarða eftirlifandi maka, sem situr í óskiptu búi, vaxtabætur eins og um hjón sé að ræða næstu fimm ár eftir lát maka.

## 13. gr.

*Greiðsla vaxtabóta.*

Vaxtabætur greiðast út að lokinni álagningu opinberra gjalda.

Vaxtabætur greiðast réttthafa að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hafa verið dregin opinber gjöld til ríkissjóðs, opinber gjöld til sveitarfélaga og vangreidd meðlög til Innheimtustofnunar sveitarfélaga í þessari forgangs röð:

1. Ofgreiddar vaxtabætur.
2. Tekjuskattur.
3. Önnur þinggjöld, sbr. þó 5. tölulið.
4. Útsvar og aðstöðugjald.
5. Tryggingagjald.
6. Vangreidd gjöld maka skv. 1.-4. tölul. (þó ekki aðstöðugjald).
7. Ofgreiddar húsaleigubætur skv. 19. gr. laga nr. 100/1994.
8. Virðisaukaskattur.
9. Söluskattur.
10. Bifreiðagjöld.
11. Þungaskattur álagður 10. júní 1996 eða síðar.
12. Launaskattur.
13. Vangreidd meðlög eftir kröfu Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

## 14. gr.

*Endurgreiðsla og viðurlög.*

Komi í ljós að maður hefur fengið greiddar vaxtabætur án þess að eiga rétt á þeim skal honum gert að endurgreiða þær að viðbættu 15% álagi. Fella skal niður álagið ef maður færir rök fyrir því að honum verði eigi kennt um þá annmarka á framtali er leiddu til ákvörðunar skattstjóra.



15. gr.  
*Gildistaka.*

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í C-lið 69. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Kemur hún til framkvæmda við ákvörðun vaxtabóta á árinu 1997 vegna vaxtagjalda á árinu 1996.

*Fjármálaráðuneytinu, 27. maí 1997.*

F. h. r.  
**Indriði H. Þorláksson.**

---

*Ragnheiður Snorradóttir.*

## REGLUR

um fornám í framhaldsskólum.

1. gr.

Fornám er ætlað nemendum sem lokið hafa grunnskóla en hafa ekki náð tilskildum námsárangri til þess að fullnægja inntökuskilyrðum á einstakar námsbrautir framhaldsskóla og geta því ekki hafið nám á þeim námsbrautum án frekari undirbúnings.

2. gr.

Fornám skal skipulagt sem eins árs/tveggja anna nám í framhaldsskóla. Markmið námsins er að:

- efla þekkingu og færni nemenda í bóklegum og verklegum námsgreinum þannig að þeir geti hafið nám á námsbrautum framhaldsskóla,
- veita nemendum markvissan stuðning og ráðgjöf um nám og störf.

Markmið námsins, námsskipulag og leiðbeiningar um inntöku nemenda skulu skilgreind í aðalnámskrá framhaldsskóla og útfærð nánar í skólanámskrá.

3. gr.

Menntamálaráðherra ákveður í hvaða framhaldsskólum fornám skuli fara fram. Við mat á því hvort efnt skuli til fornáms við framhaldsskóla skal taka mið af fjölda nemenda og aðstæðum hverju sinni.

4. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 18. gr. sbr. 15. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 16. maí 1997.*

**Björn Bjarnason.**

---

*Guðríður Sigurðardóttir.*

## REGLUGERÐ

### um sérstaka íslenskukennslu í framhaldsskólum.

#### 1. gr.

Eftirtaldir nemendur í framhaldsskólum eiga rétt á sérstakri kennslu í íslensku:

- a. Nemendur er hafa annað móðurmál en íslensku og hafa fasta búsetu hér á landi.
- b. Íslenskir nemendur sem dvalið hafa langdvölum erlendis og hafa litla kunnáttu í íslenskri tungu að mati skóla.
- c. Heyrmarlausir nemendur.
- d. Heyrandi börn heyrmarlausra foreldra.

#### 2. gr.

Markmið sérstakrar íslenskukennslu er að nemendur verði færir um að skilja og nota íslenskt mál, stunda nám í íslenskum framhaldsskóla og taka þátt í íslensku samfélagi.

Í aðalnámskrá skal gera grein fyrir markmiðum og skipulagi kennslunnar með tilliti til þarfa námshópa samkvæmt 1. grein. Við skipulagningu kennslunnar skal taka mið af skyldleika móðurmáls nemanda við íslensku og kunnáttu hans í tungumálinu.

Námsmat nemenda samkvæmt 1. gr. skal taka mið af þeirri sérstöku kennslu sem veitt er. Menntamálaráðherra er heimilt að veita þessum nemendum undanþágu frá því að þreyta samræmt lokapróf í íslensku.

#### 3. gr.

Menntamálaráðherra getur heimilað framhaldsskóla að stofna til sérstaks grunnnáms í íslensku fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku, einkum ætlað nemendum sem hafa mjög takmarkaða kunnáttu í málum. Miða skal námið að því að treysta kunnáttu nemenda í íslensku og efla skilning þeirra á hugtökum í námsgreinum til undirbúnings námi á námsbrautum framhaldsskóla.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 20. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla og tekur þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 16. maí 1997.*

**Björn Bjarnason.**

*Guðríður Sigurðardóttir.*

22. maí 1997

Nr. 330

## REGLUGERÐ

### um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera.

#### I. KAFLI

#### Gildissvið og skilgreiningar.

##### 1. gr.

*Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um hvers konar afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera til dæmis vegna kennslu, rannsókna, þróunar, framleiðslu og geymslu, svo og um rannsóknastofur og athafnasvæði. Jafnframt gildir reglugerðin um eftirlit með ofangreindri starfsemi.

Reglugerðin gildir ekki um flutning, sleppingu eða dreifingu eða markaðssetningu erfðabreyttra lífvera.

## 2. gr.

*Skilgreiningar.*

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi orða og orðasambanda:

**Afmörkuð notkun erfðabreyttra lífvera** táknar alla þá starfsemi þar sem litningum í lífverum er breytt eða þegar erfðabreyttar lífverur eru ræktaðar, geymdar, notaðar, fluttar eða þeim fargað, enda sé beitt tálmunum af hvaða toga sem er til að hindra að erfðabreyttar lífverur komist í snertingu við fólk, umhverfi eða aðrar lífverur.

**Erfðabreyttar lífverur** eru allar lífverur þar sem erfðaefninu hefur verið breytt á annan hátt en gerist í náttúrunni við þörun og/eða náttúrulega endurröðun. Undir þetta falla þær lífverur þar sem erfðaefninu hefur verið breytt með þeirri tækni sem greint er frá í 1. hluta viðauka 1 með reglugerð þessari. Skilgreiningin nær ekki yfir aðferðir sem fram koma í 2. og 3. hluta viðauka 1.

**Lífvera** er líffræðileg eining þar sem fram getur farið eftirmyndun eða yfirfærsla erfðaefnis. **Notandi** er sérhver einstaklingur eða lögpersóna sem ber ábyrgð á afmarkaðri notkun erfðabreyttra lífvera.

**Slys** er sérhvert það tilvik þegar erfðabreyttar lífverur sleppa út og geta stefnt heilsu manna, annarra lífvera eða umhverfinu í hættu þegar í stað eða síðar.

**Tilkynning** er afhending skjala með tilskildum upplýsingum varðandi afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera samkvæmt reglugerð þessari.

**Veira** er líffræðileg eining þar sem fram getur farið eftirmyndun eða yfirfærsla erfðaefnis með hjálp lífvera.

## II. KAFLI

**Flokkun.**

## 3. gr.

*Flokkun erfðabreyttra lífvera.*

Erfðabreyttar lífverur eru flokkaðar sem hér segir:

**Flokkur I:** Örverur sem heilsu manna eða umhverfi stafar ekki hættu af og uppfylla skilyrði og leiðbeiningar í viðauka 2 með þessari reglugerð.

**Flokkur II:** Örverur aðrar en þær sem tilheyra flokki I. Örverur í flokki II skal flokka samkvæmt reglum nr. 554/1996, um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum líffræðilegra skaðvalda á vinnustöðum sem hér segir:

- a) **Flokkur II-1.** Örverur sem geta valdið sjúkdómum í mönnum, dýrum og plöntum eða fela í sér áhættu fyrir umhverfið, en völ er á árangursríkri forvörn eða meðferð.
- b) **Flokkur II-2.** Örverur sem hafa í för með sér hættu á alvarlegum sjúkdómum í mönnum, dýrum eða plöntum eða alvarlegu tjóni á umhverfi, en völ er á árangursríkri forvörn eða meðferð.
- c) **Flokkur II-3.** Örverur sem hafa í för með sér mikla hættu á alvarlegum sjúkdómum í mönnum, dýrum eða plöntum eða alvarlegu tjóni á umhverfi og ekki er völ á árangursríkri forvörn eða meðferð.

**Flokkur III:** Erfðabreyttar lífverur aðrar en örverur, t.d. plöntur og dýr.

## 4. gr.

*Flokkun á afmarkaðri notkun erfðabreyttra örvera.*

Afmörkuð notkun erfðabreyttra örvera flokkast sem hér segir:

**Starfsemi A:** Afmörkuð notkun erfðabreyttra örvera til dæmis við kennslu, rannsóknir, þróunarverkefni og umfangslitla starfsemi óviðkomandi iðnaði eða viðskiptum svo sem langtíma þróunarverkefni þar sem unnið er með 10 lítra ræktunarrými eða minna.

**Starfsemi B:** Öll afmörkuð notkun erfðabreyttra örvera önnur en sú sem fellur undir starfsemi A.

## 5. gr.

*Flokkun rannsóknastofa og/eða athafnasvæða.*

Flokka skal rannsóknastofur og athafnasvæði í samræmi við þá áhættu sem starfseminni fylgir fyrir starfsfólk, sbr. reglur sem Vinnueftirlit ríkisins setur.

Þær ráðstafanir sem notandi gerir til að afmarka örverur úr flokki II skulu valdar með hliðsjón af viðauka 3 eftir því sem við á um hverja örveru og starfsemi hverju sinni til þess að almenningur verði ekki fyrir heilsutjóni og umhverfi skaðist ekki.

Á rannsóknastofum eða athafnasvæðum þar sem afmörkuð notkun erfðabreyttra lífvera fer fram, skulu vera fullnægjandi innréttingar og búnaður eins og kveðið er á um í viðauka 3 með reglugerð þessari.

## III. KAFLI

**Stjórnsýsla og eftirlit.**

## 6. gr.

*Eftirlitsaðilar og leyfisveitingar.*

Hollustuvernd ríkisins fjallar um umsóknir og veitir leyfi fyrir afmarkaðri notkun erfðabreyttra lífvera. Jafnframt hefur stofnunin eftirlit með starfsemi sem fellur undir reglugerð þessa.

Hollustuvernd ríkisins er heimilt að takmarka þann tíma sem starfsemi er heimil eða binda leyfi öðrum skilyrðum. Þá getur stofnunin í samræmi við ákvæði 4. mgr. 5. gr. laga nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur, takmarkað eða fyrirskipað bann við notkun erfðabreyttra lífvera með því að afturkalla leyfi sem hún hefur veitt.

Vinnueftirlit ríkisins samþykkir flokkun rannsóknastofa og athafnasvæða, sbr. 5. gr.

## 7. gr.

*Framkvæmd eftirlits.*

Eftirlit með afmarkaðri notkun erfðabreyttra lífvera skal fara fram reglulega, og aldrei sjaldnar en árlega þegar um er að ræða erfðabreyttar örverur í flokki II en annað hvert ár þegar um er að ræða erfðabreyttar lífverur í flokki III. Við eftirlit skal þess einkum gætt að það svæði, sem afmörkuð notkun erfðabreyttra lífvera fer fram á, uppfylli íturstu öryggiskröfur um útbúnað og annað sem varðar notkunina. Þá skal sá sem er ábyrgur fyrir starfseminni hafa sérfræðipækkingu á því sviði sem varðar hina afmörkuðu notkun, og sjá til þess að henni sé beitt.

Hollustuvernd ríkisins skal ljúka gerð eftirlitsskýrslu og senda hana notanda innan 60 daga frá því eftirlit fór fram.

## IV. KAFLI

**Tilkynningar, umsóknir og hvenær hefja má starfsemi.**

## 8. gr.

*Notkun aðstöðu eða búnaðar í fyrsta sinn.*

Þegar taka skal í notkun sérstakan búnað eða aðstöðu í fyrsta sinn vegna afmarkaðrar notkunar erfðabreyttra lífvera skal senda Vinnueftirliti ríkisins og Hollustuvernd ríkisins umsókn þess efnis.

Starfsemi með erfðabreyttar örverur í flokki I getur hafist 90 dögum eftir að umsókn berst Hollustuvernd ríkisins, hafi stofnunin ekki lýst sig andvíga henni skriflega. Starfsemi með erfðabreyttar örverur í flokki II og erfðabreyttar lífverur í flokki III má ekki hefja án samþykkis Hollustuverndar ríkisins sem skal tilkynna skriflega um ákvörðun sína innan 90 daga frá því umsókn barst.

## 9. gr.

*Hvenær heimilt er að hefja starfsemi.*

Heimilt er að hefja starfsemi A með erfðabreyttar örverur í flokki I eftir að tilkynning þess efnis hefur verið send Hollustuvernd ríkisins, sbr. 26. gr. laga nr. 18/1996.

Hollustuvernd ríkisins ber að afgreiða umsóknir um leyfi til *starfsemi A* með erfðabreyttar örverur í flokki II og *starfsemi B* með erfðabreyttar örverur í flokki I innan 60 daga frá því stofnunin tók við umsókninni. Hafi umsækjanda ekki borist svar innan þessa tíma er honum heimilt að hefja starfsemi.

Óheimilt er að hefja starfsemi B með erfðabreyttar örverur í flokki II eða erfðabreyttar lífverur í flokki III án skriflegs samþykkis Hollustuverndar ríkisins. Umsóknum um starfsemi B með erfðabreyttar örverur í flokki II og starfsemi með lífverur í flokki III skal svara innan 90 daga frá því stofnunin tók við umsókninni.

Ofangreindir frestir gilda ekki um þann tíma sem tekur fyrir Hollustuvernd að afla upplýsinga sem skylt er að geta í umsókninni en ekki koma fram. Hið sama gildir um þann tíma sem tekur að leita samráðs við samtök eða almenning um alla þætti hinnar fyrirhuguðu afmörkuðu notkunar þegar slíkt er talið eiga við, sbr. 20. gr. Stofnunin skal tilkynna umsækjanda skriflega um framlengdan frest.

## 10. gr.

*Umsóknir og tilkynningar.*

Tilkynningar og umsóknir um leyfi til afmarkaðrar notkunar erfðabreyttra lífvera skulu sendar Hollustuvernd ríkisins og skulu upplýsingar sem fylgja tilkynningum eða umsóknum vera í samræmi við 12.-15. gr. Skylt er að upplýsa stofnunina um allt það sem máli skiptir varðandi umfjöllun um umsóknina og láta í té allar upplýsingar sem umsækjandi kann að komast yfir á meðan umsóknin er til umfjöllunar.

Hollustuvernd ríkisins getur, telji hún það nauðsynlegt, óskað eftir frekari upplýsingum eða farið fram á að aðstæðum við fyrirhugaða afmarkaða notkun verði breytt.

Hollustuvernd ríkisins skal tilkynna umsækjanda skriflega um viðtöku umsóknar þegar hann hefur greitt gjald vegna umsóknarinnar samkvæmt sérstakri gjaldskrá þar um, sbr. 22. gr. laga nr. 18/1996. Að sama skapi skal stofnunin tilkynna notanda skriflega um viðtöku tilkynningar skv. 12. gr.

## 11. gr.

*Áhættumat.*

Notandi skal meta fyrirfram þá hættu sem hin afmarkaða notkun getur haft í för með sér fyrir heilsu manna, dýra eða plantna. Í því skyni skal unnið áhættumat sem skal vera í vörslu notanda þar sem tilgreindar eru þær upplýsingar sem greint er frá í viðauka 4 eftir því sem við á. Með umsóknum skal fylgja útdráttur úr áhættumatinu en Hollustuvernd ríkisins er heimilt að fara fram á að umsækjandi leggi fram ítarlega greinargerð telji stofnunin hættu á að erfðabreyttar lífverur sleppi út í umhverfið.

## 12. gr.

*Starfsemi A, flokkur I.*

Í tilkynningum um **starfsemi A** með erfðabreyttar örverur í **flokki I** skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar:

- a) nafn þess eða þeirra sem bera ábyrgð á afmarkaðri notkun, þar á meðal þeirra sem sjá um innra eftirlit, gæslu og öryggismál, og upplýsingar um þjálfun þeirra, menntun og hæfni;
- b) dagsetning umsóknar;
- c) heimilisfang rannsóknastofunnar/athafnasvæðisins og lýsingu á hinum ýmsu deildum;
- d) lýsing á eðli þeirrar starfsemi sem fara á fram og einkum flokkun þeirra örvera sem nota á og líklegt umfang starfseminnar;

- e) útdráttur úr áhættumati;
- f) greinargerð um meðferð úrgangs.

## 13. gr.

*Starfsemi A, flokkur II og starfsemi B, flokkur I.*

Í umsóknum um leyfi til **starfsemi A** með erfðabreyttar örverur í **flokki II** og **starfsemi B** með erfðabreyttar örverur í **flokki I** skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar:

- a) þær sem krafist er í 12. gr.;
- b) hvaða móðurlífveru(ur) fyrirhugað er að nota eða þar sem við á, hvaða hýsilgenaferjúkerfi á að nota;
- c) uppruna og áætlaða starfsemi þess erfðaefnis sem fyrirhugað er að nota við erfðabreytingar;
- d) einkenni og eðli hinnar erfðabreyttu örveru;
- e) tilgangur afmarkaðrar notkunar, þar á meðal þann árangur sem að er stefnt;
- f) rúmmál fyrirhugaðra rækta;
- g) lýsing á deildarskiptingu rannsóknastofu/athafnasvæðis, búnaði og aðferðum sem beita á við meðhöndlun erfðabreyttu örveranna;
- h) lýsing á ríkjandi veðurfari og hugsanlegum hættum sem staðsetning rannsóknastofunnar/athafnasvæðisins kann að hafa í för með sér;
- i) greinargerð um mengunarvarnir og aðferðir til að gera úrgang óvirkan (t.d. dauðhreinsun).

## 14. gr.

*Starfsemi B, flokkur II.*

Í umsóknum um leyfi til starfsemi B með erfðabreyttar örverur í flokki II skulu koma fram þær upplýsingar sem krafist er í 13. gr. Að auki skulu koma fram þær upplýsingar sem krafist er í viðauka 5 með reglugerð þessari en þær varða:

- a) erfðabreyttu örverurnar;
- b) starfsfólk og þjálfun þess;
- c) rannsóknastofuna eða athafnasvæðið;
- d) losun úrgangsefna;
- e) slysavarnir og fyrirhuguð viðbrögð í neyðartilfellum.

## 15. gr.

*Flokkur III.*

Í umsóknum um leyfi til afmarkaðrar notkunar erfðabreyttra lífvera í **flokki III** skulu koma fram þær upplýsingar sem tilskildar eru í 12., 13. og 14. gr. að því leyti sem þær geta átt við um aðrar lífverur en örverur auk annarra upplýsinga sem máli skipta. Þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi að mati Hollustuverndar ríkisins, getur stofnunin, í samráði við sérfræðistofnanir, þó mælt fyrir um að í umsóknum skv. þessari grein komi einungis fram þær upplýsingar sem tilskildar eru í 13. gr.

## 16. gr.

*Meðferð umsókna.*

Hollustuvernd ríkisins skal ganga úr skugga um að umsóknir samræmist kröfum reglugerðar þessarar, að upplýsingarnar séu nákvæmar og ítarlegar, að flokkun sé rétt og, þar sem við á, að losun úrgangsefna, öryggi og ráðstöfunum um viðbrögð í neyðartilfellum sé í engu ábótavant. Sérhver umsókn um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera í flokki III, skal fá þá umfjöllun sem hæfir eðli hinnar fyrirhuguðu starfsemi og skal Hollustuvernd ríkisins leita álits sérfræðistofnana á því sviði sem við á í hverju tilviki. Að öðru leyti vísast til 10. gr. laga nr. 18/1996.

Leita skal umsagnar ráðgjafanefndar, sem skipuð er í samræmi við 6. gr. laga nr. 18/1996, áður en leyfi er veitt fyrir starfsemi B með erfðabreyttar örverur í flokki II og erfðabreyttar lífverur í flokki III.

## V. KAFLI Öryggisráðstafanir.

### 17. gr.

#### *Öryggisráðstafanir.*

Notandi skal viðhafa þær öryggisráðstafanir sem mælt er fyrir um í reglugerð þessari. Við afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera skulu gilda viðteknar starfsvenjur og varðúðarráðstafanir sem við eiga og sem almennt gilda um vinnu með örverur.

Eftirfarandi reglur skulu gilda um öryggi og hollustu á vinnustöðum, sbr. 5. gr.:

- a) halda skal mengun af völdum eðlis-, efna-, og líffræðilegra mengunarvalda í umhverfi eins lítill og mögulegt er;
- b) nota skal mengunarvarnabúnað þar sem mengunin á upptök sín og leggja að auki til hlífðarfatnað og hlífðarbúnað þegar þess gerist þörf;
- c) framkvæma skal viðeigandi prófanir og viðhald á varnarbúnaði og tækjum;
- d) kanna skal eftir þörfum hvort erfðabreyttar lífverur finnast utan þess afmarkaða svæðis þar sem afmörkuð notkun erfðabreyttra lífvera fer fram;
- e) sjá skal til þess að starfsfólk fái viðeigandi þjálfun;
- f) stofna skal öryggisnefndir og undirnefndir um líffræðileg efni ef þörf krefur;
- g) setja skal og framfylgja reglum sem gilda um öryggi á vinnustöðum á hverjum stað.

Auk þess sem að framan greinir skal gæta aukins öryggis við notkun erfðabreyttra örvera í flokki II, eins og segir í viðauka 3 með reglugerð þessari.

Ákvæði ofangreindra málsgreina gilda eftir því sem við á um erfðabreyttar lífverur í flokki III.

### 18. gr.

#### *Endurskoðun afmörkunarráðstafana.*

Notandi eða sá sem ber ábyrgð á afmarkaðri notkun erfðabreyttra lífvera skal koma upp innra eftirliti með starfseminni og endurskoða reglulega þær ráðstafanir sem gerðar eru til að hún fari fram í afmörkuðu rými. Í því skyni skal hafa til hliðsjónar nýjungar á sviði vísinda og tækni. Sama gildir um eftirlit með úrgangi, geymslu, meðferð hans og losun.

### 19. gr.

#### *Vinnudagbækur.*

Notandi skal færa sérstaka vinnudagbók. Hollustuvernd ríkisins getur ákveðið hvaða upplýsingar skulu skráðar í vinnudagbókina og skal hún vera tiltæk stofnuninni og öðrum eftirlitsaðilum sé þess óskað.

### 20. gr.

#### *Viðbragðsáætlun.*

Áður en afmörkuð notkun erfðabreyttra lífvera hefst, skal Hollustuvernd ríkisins tryggja, eftir því sem við á, að fyrir liggi viðbragðsáætlun til verndar heilsu manna og umhverfinu utan rannsóknarsvæðisins, beri slys að höndum. Viðbragðsáætlunin skal vera skrifleg, hún skal kynnt hlutaðeigandi yfirvöldum og þar skal koma fram hvers eðlis hættan er.

Hollustuvernd ríkisins skal tryggja að þeir sem kunna að verða fyrir áhrifum slyss fái upplýsingar um öryggisráðstafanir og um rétt viðbrögð. Upplýsingarnar skulu ítrekaðar og endurskoðaðar með reglulegu millibili. Þær skulu jafnframt vera aðgengilegar almenningi hjá stofnuninni.

## 21. gr.

*Slys.*

Verði slys vegna afmarkaðrar notkunar erfðabreyttra lífvera ber notanda að tilkynna það án tafar til Hollustuverndar ríkisins og annarra, sem eftirlit kann að verða falið. Auk þess skal notandi veita eftirtaldar upplýsingar um:

- a) tildrög slyssins;
- b) tegund og magn erfðabreyttra lífvera sem sloppið hafa út;
- c) allar nauðsynlegar upplýsingar til að meta áhrif slyssins á heilsu almennings og á umhverfið;
- d) neyðarráðstafanir sem gerðar hafa verið.

Þegar Hollustuvernd ríkisins hefur fengið upplýsingar sem krafist er skv. 1. mgr. ber henni að tryggja að gerðar séu neyðarráðstafanir og ráðstafanir til lengri eða skemmri tíma og að öll aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins, sem gætu orðið fyrir áhrifum af völdum slyssins, verði vörud við. Jafnframt ber Hollustuvernd ríkisins að safna eftir föngum nauðsynlegum upplýsingum til greiningar slyssins. Þar sem við á ber stofnuninni, að fenginni ráðgjöf ráðgjafanefndar, að gera tillögur um varnir gegn svipuðum slysum og hvernig megi draga úr áhrifum þeirra.

## 22. gr.

*Breyttar aðstæður.*

Komi fram nýjar upplýsingar eða önnur atriði sem máli skipta eða breyta afmarkaðri notkun á einhvern þann hátt sem getur verulega aukið áhættuna sem henni fylgir, skal notandi tilkynna það án tafar til Hollustuverndar ríkisins. Stofnunin skal tilkynna notanda skriflega eins fljótt og kostur er hvort afturkalla verði áður útgefið leyfi eða hvort hann skuli breyta starfsemi í samræmi við kröfur stofnunarinnar. Sama á við ef flokkun þeirra erfðabreyttu lífvera sem eru í notkun er breytt.

Komist Hollustuvernd ríkisins síðar yfir upplýsingar sem gætu haft veruleg áhrif á áhættuna sem fylgir hinni afmörkuðu notkun, er henni heimilt að krefjast þess að notandi breyti aðstæðum við hina afmörkuðu notkun, fresti henni eða hætti.

## VI. KAFLI

**Almenn ákvæði.**

## 23. gr.

*Samráð við samtök eða almenning.*

Hollustuvernd ríkisins er heimilt að mæla fyrir um að samráð skuli haft við samtök eða almenning um alla þætti hinnar fyrirhuguðu afmörkuðu notkunar erfðabreyttra lífvera, t.d. með því að efna til opins áheyrnarfundar.

## 24. gr.

*Trúnaður.*

Að höfðu samráði við umsækjanda ákveður Hollustuvernd ríkisins hvaða upplýsingar skuli teljast trúnaðarmál og ber stofnuninni að tilkynna honum um ákvörðunina. Skal þess sérstaklega gætt að Vinnueftirlit ríkisins og aðrir þeir sem fara með eftirlit hafi aðgang að gögnum sem nauðsynleg eru vegna eftirlitsins. Óheimilt er að fara með eftirfarandi upplýsingar sem trúnaðarmál:

- a) lýsingu á erfðabreyttum lífverum, nafn og heimilisfang umsækjanda, tilgang hinnar afmörkuðu notkunar og hvar hún fer fram;
- b) aðferðir og áætlanir um eftirlit með erfðabreyttum lífverum og um viðbrögð í neyðartilfellum;



c) mat á fyrirsjáanlegum áhrifum, einkum þeim sem kynnu að valda sýkingu eða geta haft skaðvænleg áhrif á umhverfið.

Hollustuvernd ríkisins er óheimilt að ljósstra upp við þriðja aðila atriðum sem leynt skulu fara skv. reglugerð þessari. Dragi umsækjandi umsókn sína til baka af einhverjum ástæðum, ber Hollustuvernd ríkisins að virða trúnað við þann sem upplýsingarnar veitti.

25. gr.

*Skaðabótaskylda.*

Sá sem ber ábyrgð á afmarkaðri notkun erfðabreyttra lífvera samkvæmt reglugerð þessari er skaðabótaskyldur vegna tjóns sem af hlýst berist þær út í umhverfið, án tillits til þess hvort tjón verði rakið til saknæms hátternis eða ekki.

26. gr.

*Kæruréttur umsækjanda.*

Umsækjandi, leyfishafi eða aðrir sem telja á rétt sinn hallað vegna ákvörðunar sem tekin hefur verið samkvæmt reglugerð þessari geta kært hana til umhverfísráðherra innan þriggja mánaða frá því ákvörðunin var tilkynnt.

27. gr.

*Viðurlög og þvingunarúrræði.*

Um þvingunarúrræði og aðgerðir til að knýja á um framkvæmd ráðstafana sem eftirlitsaðilar hafa ákveðið á grundvelli reglugerðar þessarar fer skv. 28. gr. laga nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur.

Með rannsókn á brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála. Brot gegn reglugerðinni varða viðurlögum skv. 29. gr. áður nefndra laga.

28. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur, 3. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988 og að höfðu samráði við félagsmálaráðuneytið hvað þátt Vinnueftirlits ríkisins varðar, sbr. lög nr. 46/1980. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum 24. t. og 24. t. a XX. viðauka við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði, (tilskipun 90/219/EBE eins og henni var breytt með tilskipun 94/51/EB og ákvörðun 91/448/EBE eins og henni var breytt með ákvörðun 96/134/EB).

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þeir sem bera ábyrgð á leyfisskyldri starfsemi með afmarkaðri notkun erfðabreyttra lífvera sem reglugerð þessi tekur til og þegar er hafin, skulu sækja um leyfi fyrir henni til Hollustuverndar ríkisins eigi síðar en hinn 30. nóvember 1997. Berist umsóknir fyrir þann tíma er heimilt að halda starfseminni áfram uns þær hafa verið afgreiddar. Tilkynningar vegna tilkynningaskyldrar starfsemi skulu berast stofnuninni fyrir sama tíma.

*Umhverfísráðuneytinu, 22. maí 1997.*

**Guðmundur Bjarnason.**

---

*Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir.*

VIÐAUKI 1  
Aðferðir til breytinga á erfðaeefni.

**1. hluti: Aðferðir sem leiða til erfðabreyttra lífvera**

1	Að skeyta saman erfðaeefni með genaferjunaraðferðum (sbr. tilmæli 82/472/EBE)
2	Aðferðir sem fela í sér að koma fyrir í lífverum erfanlegu erfðaeefni sem unnið er utan lífverunnar, þar með talin innspýting í smáum stíl, innspýting í stórum stíl og notkun örhylkja
3	Frumusamruni eða kynblöndunaraðferðir þar sem lifandi frumur með nýrri samsetningu erfanlegs erfðaefnis eru myndaðar með samruna tveggja eða fleiri frumna með aðferðum sem eiga sér ekki stað náttúrulega

**2. hluti: Aðferðir sem leiða ekki til erfðabreyttra lífvera**

að því tilskildu að hvorki sé notað samskeytt erfðaeefni né erfðabreyttar örverur.

1	Frjóvgun í tilraunaglassi
2	Bakteríutenging, veiruleiðsla, ummyndun eða annað náttúrulegt ferli
3	Framköllun fjöllitnunar

**3. hluti: Aðferðir sem reglugerðin nær ekki yfir**

að því tilskildu að erfðabreyttar lífverur séu hvorki notaðar sem móðurlífverur né arfþegar.

1	Framköllun stökkbreytinga
2	Bygging eða notkun blendingsæxlisfrumna dýra (t.d. til framleiðslu einstofna mótefna)
3	Samruni plöntufrumna (þar með talinn samruni vegglausra frumna) sem hægt er að rækta með hefðbundnum kynbótaaðferðum
4	Sjálflónun skaðlausra örvera úr náttúrulegu umhverfi sem uppfylla skilyrði flokks I um örveruarfþega (sbr. Stjórnartíðindi EB nr. 213, 21, 7, 1982, bls. 15)

## VIÐAUKI 2

**Skilyrði og leiðbeiningar um flokkun erfðabreyttra örvera í flokki I.**

*Erfðabreyttar örverur verða að uppfylla eftirtalin skilyrði til að flokkast í flokk I:*

- a) líklegt skal vera að arfþegi valdi ekki sjúkdómum í mönnum, dýrum eða plöntum;
- b) hvorki genaferja né innskot skulu valda því að líklegt sé að hin erfðabreytta örvera valdi sjúkdómum í mönnum, dýrum eða plöntum eða hafi skaðvænleg áhrif á vistkerfið;
- c) ekki má teljast líklegt að erfðabreytta örveran valdi sjúkdómum í mönnum, dýrum eða plöntum eða hafi skaðleg áhrif á vistkerfið.

*Eftirfarandi leiðbeiningar skal nota við túlkun ofangreindra skilyrða:*

1. Þau eiga við menn með heilbriggt ónæmiskerfi og heilbrigð dýr og plöntur.
2. *Eftirfarandi á við um a):*
  - Þegar metið er hvort líklegt sé að arfþegi eða móðurörvera valdi sjúkdómum í mönnum, dýrum eða plöntum, skal tekið tillit til eðlis þess umhverfis sem hugsanlegt er að arfþegi eða móðurörvera komist í snertingu við.
  - Líta má svo á að ólíklegt sé að ómeinvirkir stofnar meinvirkra tegunda valdi sjúkdómum og fullnægi því skilyrði a) að því tilskildu að:
    - ómeinvirkur stofn eigi staðfestan, öruggan feril á rannsóknarstofum og/eða í iðnaði og hafi hvorki haft skaðleg áhrif á heilsu manna, dýra né plantna;

*og/eða*

- að stofninn sé stöðugur m.t.t. þess að erfðaefni sem ákvarðar meinvirkni hafi verið fjarlæggt, eða að framkvæmdar hafi verið stökkbreytingar til að draga úr meinvirkni og að þær séu stöðugar;
  - ekki er nauðsynlegt að fjarlægja alla ákvörðunarþætti meinvirkni úr skaðlegri örveru, en sérstaklega skal gætt að ákvörðunarþáttum eiturefna, plasmíðum, veirubundnum ákvörðunarþáttum meinvirkni og skaðlegum utanaðkomandi þáttum.
3. *Eftirfarandi á við um b):*
    - Genافرja/innskot á ekki að innihalda gen sem tjá virk prótein eða hugsanlega skaðlega eiginleika (t.d. meinvirka ákvörðunarþætti, eiturefni o.s.frv.) í þeim mæli og í þeirri mynd að erfðabreytta lífveran fái svipfar sem gerir hana líklega til að valda sjúkdómum í mönnum, dýrum og plöntum.  
Ef genaferja/innskot inniheldur raðir sem eiga þátt í tjáningu skaðlegra eiginleika í ákveðnum örverum, en valda því ekki að hin erfðabreytta lífvera fái svipfars-einkenni, sem líklegt er að valdi sjúkdómum í mönnum, dýrum eða plöntum eða skaða í umhverfi, skal genaferja/innskot vera lítt hreyfanleg og ófullkomin með tilliti til flutnings- og farþátta.
    - Þegar um er að ræða *starfsemi B* skal sérstakri athygli beint að eftirfarandi þáttum:
      - genaferja á að vera lítt hreyfanleg og ófullkomin með tilliti til flutnings- og farþátta;
      - þegar metið er hvort genaferja/innskot sé líklegt til að láta erfðabreyttu örverunni í té svipfarsþætti sem líklegt er að valdi sjúkdómum í mönnum, dýrum eða plöntum eða valda skaða í umhverfinu, er mikilvægt að ganga úr skugga um að genaferja/innskot sé vel skilgreint eða að stærð þess sé, að svo miklu leyti sem mögulegt er, takmörkuð við þær erfðaraðir sem nauðsynlegar eru vegna fyrirhugaðs hlutverks.

4. *Eftirfarandi á við um skilyrði c):*

- Þegar metið er hvort líklegt sé að erfðabreytta örveran valdi skaða á umhverfinu eða sjúkdómum í dýrum og plöntum, skal tekið tillit til þess umhverfis sem líklegt er að örveran komast í snertingu við.  
Þegar um *starfsemi B* er að ræða skal auk skilyrðis c) tekið tillit til eftirfarandi:
  - erfðabreytta örveran á ekki að flytja þolgen yfir í örverur ef slíkur flutningur verður til að torvelda notkun lyfja við meðferð sjúkdóma;
  - erfðabreytta örveran á að vera jafn óskaðleg í iðnaðarumhverfi og arfþeginn eða móðurörveran, og hafa einkenni sem draga úr lífvænleika hennar og torvelda flutning á erfðaefni.
- Aðrar erfðabreyttar lífverur sem gætu flokkast í flokk I að því tilskildu að þær hafi ekki skaðleg áhrif á umhverfið og fullnægi skilyrðum a), eru arfþegar sem eru einn dreifkjörnungur (að meðtöldum plasmíðum og veirum sem eru örverunni eðlilegar í náttúrunni), eða einn heilkjörnungur (að meðtöldum grænukornum, hvatberum og plasmíðum, en að undanskildum veirum) eða eru algjörlega byggðar úr erfðaröðum annarrar tegundar og tegundirnar geti skipst á þessum erfðaröðum eftir þekktum líffræðilegum leiðum.
- Þegar metið er hvort þessar erfðabreyttu örverur geti fallið undir flokk I skal tekið tillit til þess hvort þær falla utan tilskipunarinnar samkvæmt skilmálum viðauka 1, 3. hluta (4). Ennfremur skal haft í huga að sjálflónun felur í sér að kjarnsýrur eru fjarlægðar úr frumum og síðan eru allar kjarnsýrurnar eða hluti þeirra settur aftur inn í sams konar frumur (frumulínur), með eða án hvatavirkni eða annarra aðferða, eða inn í frumur sem eru þróunarlega náskyldar og geta skipst á erfðaefni við arfgjafann eftir náttúrulegum leiðum.

## VIÐAUKI 3

**Ráðstafanir til að afmarka örverur úr áhættuflokki II.**

Þær ráðstafanir sem notandi gerir til að afmarka starfsemi með örverur í flokki II í því skyni að almenningur verði ekki fyrir heilsutjóni og umhverfi skaðist ekki skulu valdar með hliðsjón af flokkunum hér að neðan eftir því sem á við um hverja örveru og starfsemi hvarju sinni.

Starfsemi B skal metin með hliðsjón af hverjum einstökum lið starfseminnar og fer það eftir eðli hennar hverju sinni hvaða afmörkunarráðstafanir eru gerðar. Þannig er hægt að velja og hanna þá ferla, starfsstöð og aðferðir, sem ákjósanlegastar eru til að tryggja nægilega góðar afmörkunarráðstafanir. Meta skal tvo mikilvæga þætti þegar velja á afmörkunarráðstafanir: Bilanahættu í útbúnaði og afleiðingar bilunar. Því óæskilegri sem afleiðingar bilunar í útbúnaði eru, þeim mun strangari varúðarráðstafanir skal gera.

Sérstakar afmörkunarráðstafanir sem gerðar eru vegna starfsemi A skulu skilgreindar með hliðsjón af afmörkunarflokkunum hér að neðan og að teknu tilliti til þeirra sérstöku aðstæðna sem ríkja.

Afmörkunarráðstafanir	Afmörkunarflokkur		
	1	2	3
1. Lífvænlegar örverur skulu einangraðar við meðhöndlun í lokuðu kerfi sem aðskilur þær frá umhverfinu:	Já	Já	Já
2. Með loft frá hinu lokaða kerfi skal farið þannig:	Sem minnst af lífverum berist út	Engar lífverur berist út	Engar lífverur berist út
3. Standa skal að sýnatöku, viðbót á efnum til hins lokaða kerfis og flutningi á lífvænlegum örverum til annars lokaðs kerfis þannig að:	Sem minnst af lífverum berist út	Engar lífverur berist út	Engar lífverur berist út
4. Ræktunarvökvi skal ekki tekinn úr lokaða kerfinu nema hann hafi verið:	Dauðhreinsaður með viðurkenndum aðferðum	Dauðhreinsaður með viðurkenndum efna- eða eðlisfræðilegum aðferðum	Dauðhreinsaður með viðurkenndum efna- eða eðlisfræðilegum aðferðum
5. Þéttibúnaður skal vera þannig að:	Sem minnst af lífverum berist út	Engar lífverur berist út	Engar lífverur berist út
6. Hin lokuðu kerfi skulu vera staðsett á öryggissvæði:	Valfrjálst	Valfrjálst	Já, og sérhönnuð
a) Skilti sem vara við hættu af líffræðilegum toga:	Valfrjálst	Já	Já
b) Aðgangur skal takmarkaður við tiltekna einstaklinga:	Valfrjálst	Já	Já, og um loftklefa
c) Starfsfólk skal klæðast hlífðarfötum:	Já, vinnufötum	Já	Skipta um föt yst sem innst
d) Starfsfólk skal hafa aðgang að hreinsunar- og þvottaaðstöðu:	Já	Já	Já
e) Starfsfólk skal fara í steypibað áður en það yfirgefur öryggissvæðið:	Nei	Valfrjálst	Já
f) Frárennsli frá vöskum og steypiböðum skal safnað og dauðhreinsað áður en því er veitt frá:	Nei	Valfrjálst	Já
g) Öryggissvæðið skal loftræst á fullnægjandi hátt til að draga sem mest úr loftmengun:	Valfrjálst	Valfrjálst	Já

Afmörkunarráðstafanir	Afmörkunarflokkur		
	1	2	3
h) Loftþrýstingi á öryggissvæðinu skal haldið lægri en utanhúss:	Nei	Valfrjálst	Já
i) Loft til og frá öryggissvæðinu skal síað með HEPA-síu:	Nei	Valfrjálst	Já
j) Unnt skal vera að takmarka við öryggissvæðið úrgang sem berst úr hinu lokaða kerfi:	Valfrjálst	Já	Já
k) Unnt skal vera að loftþétta öryggissvæðið til sótthreinsunar:	Nei	Valfrjálst	Já
l) Meðhöndlun á frárennslisvatni áður en það er endanlega leitt burt:	Dauðhreinsað með viðurkenndum aðferðum	Dauðhreinsað með viðurkenndum efna- og eðlisfræðilegum aðferðum	Dauðhreinsað með viðurkenndum efna- og eðlisfræðilegum aðferðum

## VIÐAUKI 4

**Þættir sem hafa skal til hliðsjónar við áhættumat eftir því sem við á.**

- A. Eiginleikar arfgjafa, arfþega eða (þar sem við á) móðurlífveru eða móðurlífvera.  
 B. Eiginleikar hinnar erfðabreyttu lífveru.  
 C. Heilbrigðissjónarmið.  
 D. Umhverfissjónarmið.
- A. *Eiginleikar arfgjafa, arfþega eða (þar sem við á) móðurlífveru eða móðurlífvera;*  
 – heiti og flokkun;  
 – skyldleiki milli arfgjafa og arfþega eða milli móðurlífvera;  
 – uppruni lífveru eða lífvera;  
 – æxlunarkerfi (kynæxlun/kynlaus æxlun) arfgjafa, eða þar sem við á, arfþega;  
 – stöðugleiki móðurlífveru eða arfgjafa m.t.t. erfðaeinkenna sem máli skipta fyrir erfðabreytinguna;  
 – eðli sjúkdómsvaldandi þátta, meinvirkni, smitþátta, eiturvirkni og smitbera;  
 – eiginleikar genaferju:  
   núkleótíðaröð;  
   fartíðni;  
   viðurvist gena sem valda þoli;  
 – hýsilsvið;  
 – önnur lífeðlisfræðileg einkenni sem máli skipta;  
 – stöðugleiki slíkra einkenna;  
 – náttúruleg búsvæði og landfræðileg dreifing;  
 – víxlverkun og áhrif á aðrar lífverur í umhverfinu (þar með taldir líklegir samkeppnis- eða samlífiseiginleikar);  
 – hæfileikar til að mynda lífseigar einingar (svo sem gró og drjóla).

**B. Eiginleikar hinnar erfðabreyttu lífveru:**

- lýsing á erfðabreytingum svo og aðferð við að koma genaferju-innskoti fyrir í arfþega eða sú aðferð sem notuð er til að ná fram erfðabreytingum;
- hlutverk erfðabreytingarinnar og/eða hinnar nýju kjarnsýru;
- eðli og uppruni genaferju;
- bygging og fjöldi kjarnsýra úr genaferju eða arfgjafa sem eftir kann að verða í hinni erfðabreyttu lífveru;
- stöðugleiki svipfarseinkenna erfðabreyttu lífverunnar;
- fartíðni innfelldu genaferjunnar og/eða hæfileiki til genaflutnings;
- tjáningarhraði og magn hins nýja erfðaeftnis. Aðferðir og nákvæmni mælinga;
- virkni tjáða próteinsins.

**C. Heilbrigðissjónarmið:**

- ofnæmis- og eiturverkun ólífvánlegra lífvera og/eða efnaskiptaafurða þeirra;
- hættur sem tengjast afurðum;
- samanburður á hinum erfðabreyttu lífverum og arfgjafa, arfþega eða (þar sem við á) móðurlífveru m.t.t. meinvirkni;
- ef lífvera er meinvirk mönnum með heilbriggt ónæmiskerfi:
  - sjúkdómur sem orsakast;
  - smit;
  - skammtur sem veldur smiti;
  - hýsilsvið, líkur á breytingu;
  - lífsmöguleikar utan mennsks hýsils;
  - tilvist genaferju eða dreifingaraðferðir;
  - líffræðilegur stöðugleiki;
  - mynstur sýklalyfjapöls;
  - ofnæmisvirkni;
  - tiltæk lækni meðferð.

**D. Heilbrigðissjónarmið:**

- þættir sem hafa áhrif á lífslíkur, fjölgun og dreifingu hinnar erfðabreyttu lífveru í umhverfinu;
- tiltæk tækni við að finna, greina og hafa eftirlit með erfðabreyttu lífverunni;
- tiltæk tækni við að greina flutning nýja erfðaeftnisins í aðrar lífverur;
- þekkt og fyrirsjáanleg búsvæði erfðabreyttu lífverunnar;
- lýsing á vistkerfum þar sem erfðabreyttum lífverum kynni að vera dreift fyrir slysi;
- væntanlegur gangur og afleiðingar víxlverkana milli erfðabreyttu lífveranna og lífveranna sem kynnu að verða fyrir áhrifum ef erfðabreyttar lífverur berast fyrir slysi út í umhverfið;
- þekkt og fyrirsjáanleg áhrif á dýr og jurtir svo sem meinvirkni, smitnæmi, eiturverkun, smithætta, ofnæmisvirkni, kólóníumyndun;
- þekkt og fyrirsjáanleg hlutdeild í lífjarðefnalegum ferlum;
- tiltæk aðferðir við að hreinsa svæði ef erfðabreyttar lífverur berast út í umhverfið.

**VIÐAUKI 5****Nánari skilgreiningar á upplýsingakröfum skv. 14. grein.**

Ef ekki er hægt, af tæknilegum ástæðum, að veita upplýsingar sem krafist er eða það virðist ónáuðsynlegt að afla þeirra, skal greina frá ástæðum þess í umsókninni. Hafi Holl-

ustuvernd ríkisins þegar verið veittar þær upplýsingar sem krafist er getur umsækjandi vísað til þess. Auk þeirra upplýsinga sem krafist er í 12. og 13. gr. skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

1. *Um erfðabreyttar örverur:*

- a) háttalag og einkenni örvera ef breytingar verða á lokuðu rými, þar sem hin afmarkaða notkun fer fram, eða ef þeim er sleppt út í umhverfið;
- b) yfirlit yfir hugsanlegar afleiðingar þess að erfðabreyttar örverur sleppi út í umhverfið;
- c) hliðarafurðir, sem til verða samfara fyrirhugaðri afurð erfðabreyttra örvera.

2. *Um starfsfólk:*

- a) hámarksfjöldi starfsmanna á rannsóknarstofunni eða athafnasvæðinu og fjöldi þeirra sem beinlínis starfa við erfðabreyttar örverur;
- b) þjálfun og hæfni starfsfólks.

3. *Um rannsóknastofuna eða athafnasvæðið:*

- a) eðli fyrirhugaðrar starfsemi;
- b) þau tækniferli sem fyrirhugað er að nota;
- c) lýsing á ríkjandi veðurfari og hugsanlegar hættur sem staðsetning rannsóknastofu/athafnasvæðis kann að hafa í för með sér.

4. *Um stjórnun úrgangsmála:*

- a) tegund, magn og hugsanlegar hættur af úrgangi sem á rætur að rekja til notkunar örvera;
- b) tæknilegt fyrirkomulag við meðferð úrgangs, þar með talin söfnun úrgangs í vökvaformi og aðferðir til að gera hann óvirkan;
- c) endanlegt form og förgunarstaður úrgangs, sem gerður hefur verið óvirkur.

5. *Um slysavarnir og neyðaráætlanir:*

- a) rót hættu og skilyrði sem kynnu að skapa hana;
- b) forvarnarráðstafanir, t.d. varðandi öryggisbúnað, viðvörunarkerfi, einangrunaraðferðir og ráðstafanir ásamt tiltækum hjálparúrræðum;
- c) þær upplýsingar sem starfsfólk fær í hendur;
- d) nauðsynlegar upplýsingar sem veita þarf hlutaðeigandi yfirvöldum til þess að þau geti hannað og komið upp viðhlítandi öryggisáætlunum til nota fyrir utan rannsóknastofuna/athafnasvæðið.

16. maí 1997

Nr. 331

## REGLUGERÐ

### um námsorlof framhaldsskólakennara.

#### 1. gr.

Kennarar, skólameistarar og aðrir stjórnendur framhaldsskóla sem starfað hafa í a.m.k. fimm ár við kennslu- eða stjórnunarstörf í framhaldsskóla geta sótt um sérstakt námsorlof til þess að efla þekkingu sína og kennarahæfni.

Námsorlof getur annars vegar falist í fullu leyfi frá störfum í allt að eitt ár eða lækkun á vinnuskyldu innan þeirra marka, og hins vegar í greiðslu fastra launa í allt að eitt ár eða greiðslu hlutfalls fastra launa sem svarar til lækkunar vinnuskyldu, ef um slíkt er að ræða.

Ef aðilar skv. 1. mgr. sækja um heimild til þess að nýta námsorlof til þess að stunda fjarnám við viðurkennda menntastofnun án leyfis frá starfi eða lækkunar vinnuskyldu, er



heimilt, ef fallist er á veitingu námsorlofsins, að veita þeim styrk til slíks náms til að mæta útlögðum kostnaði s.s. vegna skólagjalda og tiltekins ferðakostnaðar.

#### 2. gr.

Menntamálaráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um námsorlof eigi síðar en 1. september ár hvert og skulu umsóknir berast ráðuneytinu eigi síðar en 1. október.

Umsókn um námsorlof skal vera á eyðublaði sem menntamálaráðuneytið lætur gera. Í umsókn skal m.a. taka fram eftirfarandi:

- Menntastofnun og námsgrein eða námsgreinar þegar um er að ræða reglulegt nám. Sé ekki um reglulegt nám að ræða, heldur styttri námskeið eða annars konar námsdvöl, skal gera ítarlega grein fyrir tilhögun námsins.
- Hvort umsækjandi hefur sótt um eða fengið styrk til fararinnar frá öðrum en menntamálaráðuneytinu.
- Aðrar upplýsingar sem umsækjandi telur skipta máli.

Umsækjendur skulu senda skólameistara eða skólanefnd afrit af umsókn sinni.

#### 3. gr.

Afgreiðsla námsorlofsúmsókna vegna næsta skólaárs skal fara fram fyrir 15. desember ár hvert.

Innan 6 mánaða frá því að námsorlofi lýkur skal orlofsþegi senda menntamálaráðuneytinu skýrslu um störf sín og nám á orlofstímanum. Skýrslan skal miðuð við að unnt sé að birta hana.

#### 4. gr.

Menntamálaráðuneytið getur veitt styrki þeim sem hafa fengið námsorlof af fé því er veitt er til námsorlofa á fjárlögum hverju sinni. Ráðuneytið kynnir orlofsþegum styrkmöguleika og skulu umsóknir hafa borist ráðuneytinu fyrir 1. september vegna haustannar og fyrir 1. janúar vegna vorannar. Þar skal greina ástæður fyrir umsókninni, t.d. kostnað vegna ferðalaga, skólagjöld, húsnæðiskostnað o.fl. Menntamálaráðuneytið lýkur afgreiðslu styrkúmsókna fyrir 1. október og 1. febrúar ár hvert.

#### 5. gr.

Fimm manna nefnd sem menntamálaráðherra skipar veitir menntamálaráðherra umsögn um umsóknir og gerir rökstuddar tillögur um úthlutun námsorlofs og styrkja skv. 2. og 4. gr. Nefndin skal m.a. taka tillit til eftirfarandi:

- a. Hvers konar nám umsækjandi hyggst stunda og hvernig það muni nýtast viðkomandi stofnun eða skólakerfinu í heild. Orlof skal fyrst og fremst veitt til náms sem tengist starfssviði umsækjanda.
- b. Starfsaldurs umsækjanda.

Við veitingu námsorlofs skal taka tillit til eðlilegrar dreifingar milli skólastofnana, námsgreina, skólasvæða og kynja.

Nefndin skal þannig skipuð: Tveir skulu skipaðir af menntamálaráðherra án tilnefningar og skal annar vera formaður nefndarinnar, einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Hins íslenska kennarafélags, einn samkvæmt tilnefningu Kennarasambands Íslands og einn samkvæmt tilnefningu Skólameistarafélags Íslands. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Skipunartímabil nefndarinnar er fjögur ár.

#### 6. gr.

Að loknu hverju námsorlofsári skal námsorlofsnefnd taka saman skýrslu um veitingu námsorlofa. Í skýrslunni skulu m.a. koma fram upplýsingar um fjárveitingar til námsorlofa,

styrkja og fjölda umsækjenda. Þá skal tilgreina nöfn þeirra er hlutu orlof, viðfangsefni þeirra á orlofstímanum, sérsvið þeirra eða kennslugrein, starfsreynslu og vinnustað.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 12. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996 og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 16. maí 1997.*

**Björn Bjarnason.**

*Guðríður Sigurðardóttir.*

27. maí 1997

Nr. 332

## AUGLÝSING

**um umferð á Akureyri.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Akureyrar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri:

Hrafnagilsstræti - bifreiðastöður: Bifreiðastöður verði bannaðar sunnan götunnar frá Byggðavegi og að húsi nr. 29 og norðan götunnar frá húsi nr. 30 og að Mýrarvegi.

Hlíðarfjallsvegur - umferðarréttur: Umferð um Hlíðarfjallsveg fái forgang fyrir umferð af hliðargötum, sem í dag eru Réttarhvammur, Rangárvellir, heimreið að Glerárþæjum og vegur úr malarnámi.

Mímisbraut - umferðarréttur á gatnamótum við Verkmenntaskólann: Umferð um ónefnda götu austan VMA verði látin víkja fyrir umferð um Mímisbraut með biðskyldu og að sett verði hraðahindrun vestan gatnamótanna og þar merkt gangbraut.

Laufásgata - umferðarréttur: Umferð um Laufásgötu fái forgang gagnvart umferð úr hliðargötum með biðskyldu, frá tengingu hennar við Vöruhöfn og að Hjalteyrargötu. Biðskyldu sem nú er á Laufásgötu gagnvart umferð um Strandgötu verður því breytt. Frestað verður framkvæmd biðskyldu á Silfurtanga þar til framhald í Laufásgötu að Hjalteyrargötu við Grenivelli verður tekin í notkun.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Akureyri sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

*Sýslumaðurinn á Akureyri, 27. maí 1997.*

**Björn Jósef Arnviðarson.**

3. júní 1997

Nr. 333

## REGLUGERÐ

**um endurinnritunargjald í framhaldsskólum.**

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til innheimtu sérstaks gjalds, endurinnritunargjalds, vegna endurinnritunar í bekkjardeild eða námsáfangi. Reglugerð þessi nær ekki til nemenda í öldunga- deildum. Óheimilt er að innheimta gjald skv. reglugerð þessari vegna endurtöku- eða sjúkraprófa.

## 2. gr.

Framhaldsskólum er heimilt að innheimta sérstakt endurinnritunargjald af nemendum við endurinnritun í bekkjardeild eða námsáfangi. Nemandi telst hafa verið innritaður í bekkjardeild eða námsáfangi hafi hann skráð sig og ekki sagt sig úr bekkjardeild eða námsáfangi 5 virkum dögum eftir afhendingu stundatöflu.

Endurinnriti nemandi sig í bekkjardeild eða námsáfangi og greiði endurinnritunargjald, ber að endurgreiða gjaldið ef nemandinn segir sig úr bekkjardeild eða námsáfangi innan 5 virkra daga eftir afhendingu stundatöflu.

Skylda til greiðslu endurinnritunargjalds fellur ekki niður þótt nemandi flytjist milli framhaldsskóla eða úr áfangakerfi yfir í bekkjarkerfi og öfugt. Enda þótt nemandi geri hlé á námi hvílir gjaldskylda vegna endurinnritunargjalda á honum í allt að fjögur ár frá lokum síðasta námsáfangi.

## 3. gr.

Fjárhæð endurinnritunargjaldsins skal vera 500 kr. fyrir hverja ólokna einingu frá undangenginni önn, sbr. þó 4. gr. Fjöldi ólokinna eininga er samanlagður einingafjöldi þeirra námsáfangi sem nemandi var innritaður í á undangenginni önn að frádregnum samanlögðum einingafjölda þeirra námsáfangi sem nemandi stóðst próf í á sömu önn.

Í skólum sem starfa eftir bekkjarkerfi skal meta skólaárið til 36 eininga eða 18 eininga á önn.

## 4. gr.

Í skólum sem starfa eftir áfangakerfi eru 12 einingar á önn undanþegnar gjaldskyldu skv. 3. gr. vegna endurinnritunar. Ef einingar sem nemandi stóðst próf í eru færri en 12 þá skal gjaldstofninn þannig vera mismunurinn á 12 og samanlögðum einingafjölda þeirra námsáfangi sem nemandi var skráður í.

Í skólum sem starfa eftir bekkjarkerfi skulu 15 einingar á önn undanþegnar gjaldskyldu, eða 30 einingar á skólaári. Gjaldstofn fyrir nemanda sem endurinnritar sig í bekkjardeild eða sambærilegt nám í skólum sem starfa eftir bekkjarkerfi er því 6 einingar.

## 5. gr.

Endurinnritunargjöld skal öllu jafnan innheimta um leið og innritunargjöld í framhaldsskólum og skulu þau renna til þess skóla þar sem innritun fer fram. Tekjur sem framhaldsskóli hefur af innheimtu endurinnritunargjalda teljast til sértekna hans og skulu bókfærðar í samræmi við það.

## 6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. gr. laga nr. 80/1996, sbr. 2. gr. laga nr. 140/1996 og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 3. júní 1997.*

**Björn Bjarnason.**

---

*Guðríður Sigurðardóttir.*

## REGLUGERÐ

### um dragnótaveiðar.

#### 1. gr.

Allar veiðar í dragnót eru óheimilar án sérstaks leyfis Fiskistofu.

Heimilt er að binda leyfi og útgáfu þess þeim skilyrðum er þurfa þykir, m.a. um að aðeins hljóti leyfi ákveðinn fjöldi skipa, skip af ákveðinni stærð og gerð, eða skip er dragnótaveiðar hafa stundað áður. Jafnframt er heimilt að binda heimildir til dragnótaveiða við ákveðin svæði og taka þá mið af stærð skipa, útgerðar- og heimahöfn og heimilisfesti útgerðar.

#### 2. gr.

Lágmarksstærð möskva í dragnót skal vera 135 mm. Þó er heimilt að ákveða í leyfisbréfi að veiðar í dragnót á tilteknum svæðum skuli háðar sérstökum skilyrðum um lágmarksstærð möskva. Um mælingar á möskvum dragnótar gilda ákvæði reglugerðar nr. 291, 31. maí 1994, um botn- og flotvörpur.

#### 3. gr.

Ráðuneytið getur í leyfisbréfi eða með öðrum hætti gert skylt að nota legglugga við dragnótaveiðar á ákveðnum svæðum. Leggluggi skv. 1. málslíð er netstykki, sem skorið er á legg og komið er fyrir á efra byrði pokans (belgsins) þannig:

1. Lengd gluggans skal minnst vera 4 metrar.
2. Aftari jaðar gluggans skal vera mest 5 metrum frá pokaenda.
3. Þegar glugginn er saumaður við upptöku pokans (belgsins) skal taka tvær upptökur á móti einum legg. Lengdarhliðar gluggans skulu festar slétt við neðra byrði í leisi pokans (belgsins).
4. Möskvastærð í glugganetinu skal ekki vera minni en möskvastærð riðilsins í pokanum.

#### 4. gr.

Óheimilt er að nota nokkurn þann útbúnað sem þrengir eða herpir á nokkurn hátt möskva sbr. 2. og 3. gr., en þó skal eigi teljast ólöglegt að festa net og annað efni undir poka dragnótar í því skyni að forða eða draga úr slitu. Slitvarar þessir skulu aðeins festir að framan og á hliðunum við pokann.

#### 5. gr.

Við veiðar með dragnót er óheimilt að nota hlera og hvað eina sem komið gæti í þeirra stað til útpenslu vængjanna.

#### 6. gr.

Með mál sem rísa kunna út af brotum á ákvæðum reglugerðar þessarar og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út samkvæmt henni skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt 19. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða. Jafnframt er heimilt að svipta skip heimild til veiða sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða.

#### 7. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 74, 5. febrúar 1996, um dragnótaveiðar.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. maí 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Jón B. Jónasson.*

# HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Dalabyggð.

## I. KAFLI.

### Hafnirnar og stjórn þeirra.

#### 1. gr.

##### *Takmörk Skarðsstöðvarhafnar.*

- 1.1 Hafnarsvæði Skarðsstöðvarhafnar á sjó, markast af línu sem dregin er frá punkti, sem er á línu sem dregin er frá bryggjuenda skemmstu leið til Orfyriseyjar 80 m frá bryggjunni. Annars vegar hornrétt 150 m í austur og þaðan af línu dreginni hornrétt til lands. Hins vegar hornrétt 150 m í vestur og þaðan af línu dreginni hornrétt til lands.

Hafnarsvæðið á landi er land Dalabyggðar keypt úr landi Skarðs samkv. kaupsamningi dags. 19. apríl, 1996 og þinglýstum 18. maí, 1996.

- 1.2 Landsvæði hafnarinnar skiptist í:

Bryggjur, sjóvarnargarða, legusvæði og óskipulagt land.

#### 2. gr.

##### *Takmörk Búðardalshafnar.*

- 2.1 Hafnarsvæði Búðardalshafnar markast af línu, sem dregin er frá punkti A, sem er á miðlínu Miðbrautar 150 framan við núverandi bryggjuhaus. Þaðan 200 m norður og þaðan í lóðarmörk Búðarbrautar 10 og 12. Frá punkti A 350 m til suðurs og þaðan í lóðarmörk Ægisbrautar 5 og 7. Að ofanverðu ráða Búðarbraut og Ægisbraut, en undan eru skildar lóðirnar Búðarbraut 1 og Ægisbraut 2-4.

- 2.2 Landsvæði hafnarinnar skiptist í:

Bryggjur, afgreiðslusvæði, götur, iðnaðar- og baksvæði.

#### 3. gr.

##### *Stjórn hafnanna.*

- 3.1 Dalabyggð er eigandi hafnanna. Hreppsnefnd fer með stjórn hafnarmála undir yfirmenssjón samgönguráðuneytisins.
- 3.2 Hafnarstjórn fer með framkvæmd hafnarmála í umboði hreppsnefndar. Hafnarstjórn skal skipuð þrem fulltrúum og jafnmörgum til vara er hreppsnefnd kýs. Kjörtímabil hafnarstjórnar er hið sama og hreppsnefndar.
- 3.3 Auk hinna kjörnu fulltrúa eiga sveitarstjóri og hafnarstjóri sæti í hafnarstjórn með málfrelsi og tillögurétt.
- 3.4 Hreppsnefnd kýs formann nefndarinnar og stýrir hann fundum hennar og boðar til þeirra í samráði við hafnarstjóra.

#### 4. gr.

##### *Hlutverk og valdsvið hafnarstjórnar.*

- 4.1 Hafnarstjórn gerir fjárhagsáætlun fyrir hafnarsjóð, þar sem fram kemur viðhald hinna ýmsu hafnarmannvirkja svo og nýbyggingar. Hafnarstjórn skal leggja fjárhagsáætlun fyrir hreppsnefnd til staðfestingar. Hafnarstjórn gerir tillögu til hreppsnefndar um ráðningu hafnarstjóra og annarra fastra starfsmanna hafnanna.
- 4.2 Hafnarstjórn hefur endanlegt ákvörðunarvald um:  
Rekstur hafnanna, svo sem ráðstöfun á aðstöðu, þ.m.t. leiga á húsnæði í eigu hafnanna og landi þeirra, sem leigt er til skamms tíma.

Leyfisveitingar til starfsemi á hafnarsvæðunum og hefur vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæða er hún telur torvelda eðlilega hafnarstarfsemi.

- 4.3 Hafnarstjórn gerir tillögur til hreppsnefndar varðandi skipulagsmál á hafnarsvæðunum. Byggingamál á hafnarsvæðunum skulu hljóta umfjöllun hafnarstjórnar og bygginganefndar áður en þau eru lögð fyrir hreppsnefnd. Innan hafnar má ekki heldur gera nein hafnarmannvirki, né breyta þeim mannvirkjum sem nú eru og ekki heldur fylla upp, né dýpka út frá landi, nema leyfi hafnarstjórnar og/eða hreppsnefndar komi til. Hafnarstjórn hefur eftirlit á hafnarsvæðunum, með byggingu mannvirkja, sem undanþegin eru ákvæðum byggingarlaga nr. 54/1978.

#### 5. gr.

##### *Hlutverk hafnarstjóra.*

- 5.1 Hafnarstjóri sem skipaður er af hreppsnefnd að fenginni tillögu hafnarstjórnar fer með daglega stjórn hafnanna í umboði hafnarstjórnar. Hafnarstjóri undirbýr mál sem leggja á fyrir hafnarstjórn og veitir viðtöku erindum til hennar. Hann sér um framkvæmd samþykka hafnarstjórnar og veitir hafnarstjórn og hreppsnefnd upplýsingar um málefni hafnanna. Hann sér um að fjárhagsáætlun sé fylgt og ber ábyrgð á fjárreiðum hafnarsjóðs og ber í hvívetna að gæta hagsmuna hafnarsjóðs. Í erindisbréfi má setja nánari reglur um starfssvið hafnarstjóra.
- 5.2 Hafnarstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnalaga og hafnarreglugerðar og fara að öðru leyti eftir samþykktum hafnarstjórnar og hreppsnefndar.
- 5.3 Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á höfnunum og á landi þeirra. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans eða þeirra sem hann felur slík störf.

#### 6. gr.

##### *Aðrir starfsmenn hafnanna.*

- 6.1 Hafnarstjóri ræður vikukaupsmenn og fólk til afleysinga.
- 6.2 Hafnarstarfsmenn, sem hafa umsjón með eignum hafnanna, gæta reglu og sinna hafnarvörslu, skulu bera skilríki um starf sitt og/eða einkennisbúning samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.
- 6.3 Starfsmenn hafnanna skulu gæta allrar kurteisi í starfi. Þyki einhverjum sér óréttur gerður af starfsmönnum hafnanna, getur hann kært það til hafnarstjórnar en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

## II. KAFLI.

### **Umferð skipa.**

#### 7. gr.

##### *Skilgreining á skipi.*

- 7.1 Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far, sem nota má sem flutningatæki, dvalarstað, vinnustað, framleiðslustað eða geymslustað.

#### 8. gr.

##### *Almennar reglur við komu og brottför.*

- 8.1 Við komu og brottför að degi til skulu skip, önnur en íslensk fiskiskip, hafa þjóðfána við hún.
- 8.2 Þjónusta við skip svo sem vatnsafgreiðsla og tenging rafmagns er unnin af hafnarvörðum undir stjórn hafnarstjóra. Skip skulu við komu, brottför og siglingu um hafnarsvæðin hafa opna talstöð á viðskiptabylgju Skarðsstöðvarhafnar.

- 8.3 Sérhvert skip skal boða áætlaða komu sína (ETA) til hafnarvarða með fjarskipta-sambandi eða gegnum umboðsmenn með minnst 24 klst. fyrirvara, en fiskiskip í síðasta lagi með 1 klst. fyrirvara. Tilkynna skal brottför með minnst 3ja klst. fyrirvara.
- 8.4 Skipstjóri skal við komu til hafnar gefa hafnarverði eftirfarandi upplýsingar eftir því sem við á:  
 Skipsnafn, skipaskrárnúmer, þjóðerni, stærð samkvæmt mælibréfi, djúpristu og síðasta viðkomustað.  
 Nafn skipstjóra.  
 Stærð áhafnar og fjölda farþega.  
 Tegund og magn farms.  
 Um hættulegan farm, tegund (tækniheiti og IMDG flokkun) og magn.  
 Um hugsanlega sjúkdóma um borð.  
 Nafn umboðsmanns.
- 8.5 Búnaður skipa skal uppfylla kröfu alþjóðasamþykkt, sem íslensk stjórnvöld hafa staðfest svo og sérreglna Siglingastofnunar Íslands. Skipstjórnarmenn skulu sýna hafnastarfmönnum, ef óskað er, skírteini um fullnægjandi búnað skipa sinna.

## 9. gr.

*Umferð um hafnirnar.*

- 9.1 Skip sem kemur til hafnar skal leita upplýsinga hjá hafnarverði eða umboðsmanni um það hvar binda megi skipið við bryggju. Óheimilt er að binda skip annars staðar en þar sem starfsmaður hafnar vísar til.
- 9.2 Skip mega ekki láta vélar sínar ganga af svo miklu afli að öðrum skipum eða mannvirkjum stafi hætta af straumi frá aðal- eða þverskrúfum.
- 9.3 Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni.
- 9.4 Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka, skal hafa uppi fyrirskipuð ljós og dagmerki.
- 9.5 Skemmti- og smábátar þar með taldir ára- og seglbátar, skulu svo sem frekast er unnt, forðast siglingaleiðir stærri skipa, sem eru á leið til eða frá höfninni. Ennfremur skal sýna sérstaka aðgæslu er skip eru að leggja að og frá viðlegu.

## 10. gr.

*Skip í viðlegu.*

- 10.1 Skip telst í viðlegu er það liggur við hafnarbakka, bryggju, þ.m.t. utan á öðru skipi, eða föst legufæri og er í eða bíður eftir afgreiðslu eða þjónustu.
- 10.2 Skip hljóta viðlegu í sömu röð og þau koma til hafnar. Undanskilin eru skip, sem hafa fastar viðlegur eða umsamin forgangsafnot hafnarbakka og skemmtiferðaskip.
- 10.3 Ekki má festa skip við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarstjóra þess ekki nægilega gætt, getur hann krafist að bætt sé úr því tafarlaust.
- 10.4 Þegar búíð er að leggja skipi við bryggju má ekki flytja það innan hafnar án leyfis hafnarstjóra. Skipstjóri er skyldur til að flytja skipið ef hafnarstjóri skipar svo fyrir. Skip sem ekki er verið að lesta eða losa eða eru ekki í rekstri mega aldrei liggja svo í höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip og skal skylt að hlýða boðum hafnarinnar um flutning þeirra. Færast hlutaðeigandi undan að færa skipið samkvæmt

ákvæðum þessa töluliðar eða dragist flutningur þess fram yfir þann tíma er hafnarstjóri hefur fyrirskipað, er hafnarstjóra heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð skipseiganda.

- 10.5 Í sérhverju skipi skal að jafnaði vera að minnsta kosti einn maður sem tekið getur á móti skipunum starfsmanna hafnar og framkvæmt þær. Skal hann sjá um að óviðkomandi aðilar hafi ekki aðgang að skipinu og ber eigandi fulla ábyrgð á öllu því tjóni, er leiða kann af vanrækslu í þessu efni. Heimilt er hafnarstjóra að fallast á gæslu sérstakra öryggisvarða, enda séu hjá hafnarvörðum nöfn skipstjórarmanna, sem kalla má út vegna veðurs eða annarra orsaka.
- 10.6 Hafnarverðir ákveða legur fyrir skip 12 brl. og minni við viðeigandi mannvirki eftir því sem rými leyfir. Þegar skip er sjósett eða siglt í höfn, skal eigandi tilkynna það hafnarvörðum. Skip þessi eru á ábyrgð eigenda, sama hvort þau eru á floti í höfninni eða á landi hennar. Heimilt er að fela félögum smábátaeigenda umsýslu á ákveðnum svæðum undir eftirliti hafnarstjóra samkvæmt nánari reglum.

#### 11. gr.

##### *Skip í lægi.*

- 11.1 Skip telst í lægi er það liggur fyrir akkeri eða öðrum legufærum og er ekki í rekstri.
- 11.2 Skipum sem leggja skal í lægi má aðeins leggja á þeim stöðum er hafnarstjóri leyfir. Skipum skal lagt undir umsjá hafnarstjóra og legufæri ákveðin í samráði við hann. Eftirlit og viðhald legufæra er á ábyrgð skipseiganda. Meðan skip liggur mannlaut í lægi, skal ekki sjaldnar en tvisvar í mánuði farið út í það til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er. Áður en skipstjóri fer af skipinu, skal hann skriflega tilgreina hafnarstjóra siglingafróðan mann, sem búsettur sé í Dalabyggð, sem hafa skal umsjón skipsins á hendi. Beinir hafnarstjóri til hans öllum fyrirskipunum sem skipið varða. Sér hann um að þeim sé fullnægt. Verði dráttur á því, skal hafnarstjóri láta fullnægja þeim, en skipseigandi greiði allan kostnað sem af því leiðir.

### III. KAFLI.

#### **Afnot hafnarmannvirkja og landsvæða.**

#### 12. gr.

##### *Lestun og losun, almennt.*

- 12.1 Afnot hafnarmannvirkja og lands er öllum heimil, að fengnu leyfi hafnaryfirvalda og gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá.
- 12.2 Hafnarstjórn ber enga ábyrgð á varningi eða öðrum eignum, sem geymdar eru á hafnarsvæðunum.
- 12.3 Við lestun og losun skal viðhafa fyllstu gætni til að koma í veg fyrir óeðlilegt slit mannvirkja og búnaðar. Ekki má draga þunga hluti eftir hafnarbökkum, né sturta varningi af bílum án eðlilegs hlífðarlags.
- 12.4 Hafnarstjórn getur sett hraða- og þungatakmarkanir á hafnarsvæðinu. Í sérstöku tilfellum er hafnarstjóra þó heimilt að veita undanþágu frá slíku.
- 12.5 Óheimilt er að geyma tækjabúnað á hafnarsvæðum utan eigin leigusvæðis, án leyfis hafnaryfirvalda.
- 12.6 Þeir munir og vörur, sem skipað er upp eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggju, hafnarbakka eða annars staðar á landi hafnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu á slíkum varningi. Hafnarstjóri getur flutt vörur og muni, sem geymdir eru í óleyfi burt á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans.



- 12.7 Við lestun og losun á vikri, sandi, kolum og öðru þess háttar er skylt að hafa nægilega sterkar hlífar milli skips og hafnarbakka, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið, uns bætt hefur verið úr því sem áfátt er.
- 12.8 Þegar lokið er lestun eða losun skal sá er séð hefur um verkið, láta ræsta bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hefur verið. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um að það sé gert, en afgreiðslumaður skipsins greiði allan kostnað sem af því leiðir.

## 13. gr.

*Meðferð eldfims og hættulegs varnings.*

- 13.1 Skip sem flytja sprengiefni, eldfima vökva, lofttegundir undir þrýstingi (flöskugas) eða efni, sem við vissar aðstæður valda eld- eða sprengihættu, mega ekki leggjast að bryggju, fyrr en leyfi hefur verið veitt til þess. Skipstjóra eða umboðsmanni ber að tilkynna hafnarstjóra og slökkviliðstjóra um farminn 24 klst. fyrir átætlaðan komutíma. Tilkynningarskyldan nær til efna, sem samkvæmt alþjóðareglum (International Maritime Dangerous Goods Code) flokkast í flokka 1, 2, 3, 4, og 5. Í tilkynningu skal greina tækniheiti efna og UN-tölu þeirra skv. IMDG-reglum, magn, þökkun og lestun. Sem dæmi um hættulegan varning má nefna: Púður, dýnamít, geomit, hlaðnar patrónur, bensín, steinolíu, aceton, terpentínu, toluol, kosangas, kalciumkarbit, ammoníumnítrat og natriumklórat.
- 13.2 Losun á vörum sem um ræðir í þessari grein skal að jafnaði framkvæmd strax og skip leggst að bryggju og á undan losun á öðrum varningi. Við lestun skal slíkur farmur lestaður síðast og skal skip láta strax úr höfn að lestun lokinni. Álíti hafnarstjóri að hætta geti stafað af lestun eða losun eldfimrar vöru getur hann stöðvað verkið uns nauðsynlegar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar.
- 13.3 Skylt er að hafa öryggisvörð við skip sem er að lesta eða losa eldfimar vörur. Hafnarstjóri getur ákveðið að lestun og losun slíkrar vöru fari fram við sérstaka hafnarbakka, þar sem tryggast er talið. Varningur skal geymdur á svæði, sem hafnarstjóri samþykkir. Setja skal sérstakar reglur um nánari framkvæmd og ákvæði þessarar greinar, sbr. ráðleggingar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) um öryggi við flutning, meðferð og geymslu á hættulegum efnum á hafnarsvæðinu. Skip, sem flytja eldfim efni, skulu á daginn hafa uppi rautt flagg (merkjatákn B) á framsigli, en á nóttu rautt ljósker. Í skipum sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja ljós eða eld nema undir kötlum skipsins eða eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerjum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði þar sem unnið er að fermingu eða affermingu eldfims varnings.

## IV. KAFLI.

**Um hafnargjöld í Dalabyggð.**

## 14. gr.

*Um hafnargjöld.*

- 14.1 Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrár er settar skulu í samræmi við ákvæði 13. gr. hafnalaga.

## V. KAFLI.

**Ýmis ákvæði.**

## 15. gr.

*Löggæsla á hafnarsvæðum, umferð og fleira.*

- 15.1 Lögreglan í Búðardal hefur á hendi almenna löggæslu á hafnarsvæðum.
- 15.2 Þeim sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnanna, ef þeir með því tálma lestun og losun eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hverskonar ökutækja um bryggju, hafnarbakka, farmstöðvar

og önnur afgreiðsluvæði. Fólk sem fer um hafnarsvæðið er þar á eigin áhættu og ábyrgð.

- 15.3 Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni. Sömuleiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæðunum án leyfis.
- 15.4 Sand- og malarnám og önnur slík starfsemi er bönnuð á hafnarsvæðunum án leyfis. Fiskveiðar á hafnarsvæðum mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu. Bannað er að leggja veiðarfæri á merktar siglingaleiðir og er heimilt að fjarlægja slík veiðarfæri bótalaust.
- 15.5 Hafnarstjóra skal tilkynnt um allt það sem bjargað er í höfnunum, en hann gefur lögreglu skýrslu um það.

#### 16. gr.

##### *Bryggjur, skipsflök og hlutir í hirðuleysi.*

- 16.1 Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það að álitni hafnarstjóra tálmar greiðri notkun hafnanna, skal færa það í burtu svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eigandans og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningskostnaðinum, ef nauðsyn krefur. Skipsflök má ekki draga á land á hafnarsvæði án leyfis.
- 16.2 Ef skip, bátar, bryggjur, flutningatæki á landi eða annar búnaður er í hirðuleysi á hafnarsvæði og/eða veldur óþrifnaði eða hættu, þá skal hafnarstjóri fyrirskipa úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirmælum ekki sinnt, má fjarlægja viðkomandi hlut á kostnað eiganda án nokkurrar skaðabótaskyldu.

#### 17. gr.

##### *Varnir gegn mengun og óþrifnaði.*

- 17.1 Engum úrgangi eða rusli má kasta í hafnirnar.
- 17.2 Bannaður er hverskonar hvalskurður í eða við hafnirnar. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt inn í hafnirnar hvali, skipsflök eða neitt það sem valdið getur óþrifnaði, umferðartruflunum eða óþægindum í höfnunum, nema leyfi hafnarstjóra komi til.
- 17.3 Öllum skipum, farartækjum svo og verksmiðjum og öðrum atvinnurekstri er stranglega bannað að dæla eða láta renna í hafnirnar olíur, lýsi, olíusora eða annað sem veldur mengun. Skip sem hyggjast taka fljótandi eldsneyti skulu áður hafa gert ráðstafanir svo olía renni ekki í sjóinn af þilfari, verði óhapp m.a. með því að loka afrennslisleiðum frá þilfari.
- 17.4 Afgreiðsluaðila er óheimilt að afgreiða olíu til skipa, sem ekki hafa að mati hafnarstarfsmanna gengið forsvaranlega frá þessum atriðum.
- 17.5 Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lagaákvæðum á hverjum tíma.

#### 18. gr.

##### *Beiðni um og skilyrði fyrir þjónustu.*

- 18.1 Allir þeir sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfnunum, skulu snúa sér beint til skrifstofu hafnanna með beiðni þar að lútandi. Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld hafnanna.

#### 19. gr.

##### *Hverjum gefa skal fyrirmæli.*

- 19.1 Fyrirmæli samkvæmt reglugerð þessari skal gefa skipstjóra, en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans, samkvæmt gr. 9.5. Ef

stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

## 20. gr.

*Um skaðabótaskyldu.*

- 20.1 Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfnum, mannvirkjum þeirra eða áhöldum fer eftir almennum reglum. Ef samningum um skaðabætur verður ekki við komið, má ákveða þær af tveim dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af þrem dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil.
- 20.2 Nú veldur skip skemmdum í höfn eða skipstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfn áður en málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu að dómi hafnarstjóra. Bótakröfum hafnarsjóðs fylgir lögtaksréttur, sbr. 38. gr. hafnalaga.

## 21. gr.

*Brot, sektarákvæði og meðferð mála.*

- 21.1 Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Dalabyggðar. Til tryggingar sektum og vangoldnum gjöldum má leita kyrrsetningar, sbr. 39. gr. hafnalaga.
- 21.2 Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála. Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 23, 29. mars 1994, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.
- Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Búðardal nr. 463 frá 23. september 1991.

*Samgönguráðuneytinu, 16. maí 1997.*

**Halldór Blöndal.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

## HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Vesturbyggð.

## I. KAFLI.

## Hafnirnar og stjórn þeirra.

## 1. gr.

*Takmörk hafnanna á Patreksfirði, Bíldudal, Brjánslæk og Örlyghöfn við Patreksfjörð.*

- 1.1. Patrekshöfn takmarkast annars vegar af strandlengjunni á milli Yxnhamars og Þúfneyrarodda og hins vegar af miðjum Patreksfirði, undan sömu stöðum. Höfnin skiptist í ytri og innri höfn.
- 1.2. Ytri höfn telst allt hafnarsvæðið utan við innsiglingarrennuna að Patrekshöfn, þó er undanskilin strandlengjan frá austurhorni rennunnar inn fyrir Vatneyri samkvæmt nánari lýsingu.

- 1.3. Innri höfn telst allt hafnarsvæðið innan ytri marka á innsiglingarrennuni að Patrekshöfn og strandlengjan frá austurhorni rennunnar austur fyrir Vatneyri að línu sem hugsast dregin austur með syðri brún Eyrargötu til sjávar.
- 1.4. Land Patrekshafnar markast af eftirfarandi línunum: Línu sem hugsast dregin til sjávar samsíða ytri mörkum lóðarinnar nr. 1 við Mýrargötu. Línu sem hugsast dregin meðfram neðri lóðamörkum íbúabyggðar við Mýrargötu frá lóðinni nr. 1 að efri og innri mörkum lóðarinnar nr. 8 við Þórsgötu. Línu sem fylgir innri mörkum sömu lóðar að Þórsgötu og þaðan meðfram efri jaðri hennar að suðurbrún Túngötu. Línu sem hugsast dregin samsíða suðausturjaðri þeirrar götu að Eyrargötu og þaðan austur með henni til sjávar innan við Vatneyri.
- 1.5. Landsvæði hafnarinnar skiptast í:
  - a) Hafnarbakka og bryggjur.
  - b) Farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði.
  - c) Götur.
  - d) Iðnaðar- og baksvæði.

*Takmörk hafnarinnar á Bíldudal.*

- 1.6. Bíldudalshöfn takmarkast af línu sem hugsast dregin frá Haganestá að Jaðarshlein. Innan nefndrar línu takmarkast hún af landinu alla vegu meðfram vognum, nema á þeim stöðum sem lýst er í mörkum á landi.
- 1.7. Land Bíldudalshafnar markast af eftirfarandi línunum: Línu sem hugsast dregin frá Jaðarshlein með neðri kanti Tjarnarbrautar að fremri kanti Hafnarteigs að efri kanti Hafnarbrautar fram að hafnargarði framanverðum.

*Takmörk hafnarinnar á Brjánslæk.*

- 1.8. Hafnarsvæði Brjánslækjarhafnar takmarkast af eftirtöldum línunum: Lína hugsast dregin samsíða þjóðvegi, 50 metrum neðan miðlínu vegar og eru þetta efri eða vestur mörk hafnarsvæðis. Að norðan afmarkast svæðið af línu sem hugsast dregin samsíða vegi er nær frá þjóðvegi niður að ferjubryggju, 100 metrum norðan miðlínu. Þessi lína gengur í sjó fram u.þ.b. miðja vegu milli Þrælavogs og Innri Grundartanga. Að sunnan afmarkast hafnarsvæðið af línu sem hugsast dregin í sjó fram miðja vegu milli Heyness (Ytri Grundartanga) og Hröfsness um svokallaðan Ós. Sjávarlínan að austan nær um 1 km frá ströndinni.
- 1.9. Inni á hafnarsvæðinu eru hinar svonefndu Flókatóftir sem friðlýstar eru samkvæmt þjóðminjalögum nr. 52/1969 og skal farið með þær eins og þau lög ákveða.

*Takmörk hafnarinnar Örlygshöfn við Patreksfjörð.*

- 1.10. Takmörk Örlygshafnar eru: Frá landamerkjum Sellátraness að utanverðu, við svokallaðan Míganda að landamerkjum Vatnsdals, við Múlahlein að innanverðu. Takmörk hafnarsvæðis á landi eru 100 m í báðar áttir frá bryggju og þaðan stystu leið til sjávar, efri mörk með neðri brún þjóðvegjar. Sjávarlína er 1000 m frá strönd, fram af áður nefndum örnefnum.

2. gr.

- 2.1. Vesturbyggð er eigandi hafnanna. Bæjarstjórn fer með stjórn hafnamála undir yfirumsjón samgönguráðuneytis.
- 2.2. Hafnastjórn fer með framkvæmd hafnamála í umboði bæjarstjórnar.

- 2.3. Bæjarstjórn kýs á fyrsta fundi sínum 5 menn í hafnastjórn og jafn marga til vara og skipar formann hennar. Boðar formaður til funda og stýrir þeim. Minnst einn aðalmanna í hafnastjórn skal eiga sæti í bæjarstjórn. Kjörtímabil hafnastjórnar er hið sama og bæjarstjórnar.
- 2.4. Auk hinna kjörnu fulltrúa á hafnastjóri sæti í hafnastjórn með málfrelsi og tillögurétt.
- 2.5. Hafnastjóri skal ráðinn af hafnastjórn.

### 3. gr.

#### *Hlutverk og valdsvið hafnastjórnar.*

- 3.1. Hafnastjórn gerir fjárhagsáætlun fyrir hafnasjóð þar sem fram kemur m.a. viðhaldskostnaður hinna ýmsu hafnamannvirkja svo og kostnaður við nýbyggingar. Hafnastjórn skal leggja fjárhagsáætlun fyrir bæjarstjórn til staðfestingar. Hafnastjórn skal leita staðfestingar bæjarstjórnar á lántökum og öðrum fjárskuldbindingum til langs tíma.
- 3.2. Hafnastjórn hefur endanlegt ákvörðunarvald um:
  - a) Rekstur hafnanna svo sem ráðstöfun á aðstöðu þ.m.t. leigu á húsnæði í eigu hafnanna og landi þeirra sem leigt er til skamms tíma.
  - b) Leyfisveitingar til starfsemi á hafnasvæðunum og að banna eða takmarka afnot hafnasvæða fyrir starfsemi sem hún telur torvelda eðlilega hafnarstarfsemi.
- 3.3. Hafnastjórn gerir tillögur til bæjarstjórnar varðandi skipulagsmál á hafnasvæðunum. Bygginga- og skipulagsmál á hafnasvæðunum skulu hljóta umfjöllun hafnastjórnar og bygginganefndar áður en þau eru lögð fyrir bæjarstjórn.
- 3.4. Innan hafna má ekki gera nein hafnarmannvirki, né breyta þeim mannvirkjum sem nú eru til staðar og ekki heldur fylla upp né dýpka út frá landi nema leyfi hafnastjórnar og/eða bæjarstjórnar komi til.
- 3.5. Hafnastjórn hefur eftirlit á hafnasvæðunum með byggingu mannvirkja sem undanþegin eru ákvæðum byggingarlaga nr. 54/1978.

### 4. gr.

#### *Hlutverk hafnastjóra.*

- 4.1. Hafnastjóri er ráðinn af hafnastjórn og fer með daglega stjórn hafnanna í umboði hafnastjórnar. Hafnastjóri undirbýr mál sem leggja á fyrir hafnastjórn og veitir viðtöku erindum til hennar. Hann sér um framkvæmd samþykktu hafnastjórnar og veitir hafnastjórn og bæjarstjórn upplýsingar um málefni hafnanna. Hann sér um að fjárhagsáætlun sé fylgt og ber ábyrgð á fjárreiðum hafnasjóðs og ber í hvívetna að gæta hagsmuna hafnasjóðs. Í erindisbréfi eru settar nánari reglur um starfsvið hafnastjóra.
- 4.2. Hafnastjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnalaga og bæjarstjórnar.
- 4.3. Hafnastjóri sér um að gætt sé reglu á höfninni og landi hennar. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans og þeirra sem hann felur slík störf.

### 5. gr.

- 5.1. Hafnastjóri ræður fasta starfsmenn hafnanna og setur þeim starfsreglur. Einnig starfsmenn til afleysinga.
- 5.2. Hafnastarismenn, sem hafa umsjón með eignum hafnanna, gæta reglu og sinna hafnavörslu, skulu bera skilríki um starf sitt og/eða einkennisbúning samkvæmt ákvörðun hafnastjórnar.

- 5.3. Starfsmenn hafnanna skulu gæta kurteisi í starfi. Þyki einhverjum að hann sé órétti beittur af starfsmönnum hafnanna getur hann kært það til hafnastjóra en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

## II. KAFLI. Umferð skipa.

### 6. gr.

#### *Skilgreining á skipi.*

- 6.1. Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far sem nota má sem flutningatæki, dvalarstað, vinnustað, framleiðslustað eða geymslustað, þar með taldir kafbátar.

### 7. gr.

#### *Almennar reglur við komu og brottför.*

- 7.1. Við komu og brottför að degi til skulu skip önnur en íslensk fiskiskip hafa þjóðfána við hún.
- 7.2. Þjónusta við skip, svo sem vatnsafgreiðsla og tenging rafmagns, er unnin af hafnarvörðum undir stjórn hafnastjóra. Skulu skip við komu, brottför og siglingu um hafnasvæðin hafa opna talstöð á viðskiptabylgju hafnanna.
- 7.3. Sérhvert skip skal boða áætlaða komu sína (ETA) til hafnavarða með fjarskipta-sambandi eða gegnum umboðsmann með minnst 24 klst. fyrirvara. Tilkynna skal brottför með minnst 3 klst. fyrirvara.
- 7.4. Skipstjóri skal við komu til hafnar gefa eftirfarandi upplýsingar eftir því sem við á: Skipsnafn, skipaskrárnúmer, þjóðerni, stærð samkvæmt mælibréfi, djúpristu og síðasta viðkomustað.  
Nafn skipstjóra.  
Fjöldi í áhöfn og fjöldi farþega.  
Tegund og magn farms.  
Um hættulegan farm, tegund (tækniheiti og IMDG-flokkun) og magn.  
Um hugsanlega sjúkdóma um borð.  
Nafn umboðsmanns.
- 7.5. Búnaður skipa skal uppfylla kröfur alþjóðasamþykktar sem íslensk stjórnvöld hafa staðfest svo og sérreglna Siglingastofnunar Íslands. Skipstjórarmenn skulu sýna hafnastarfsmönnum, ef óskað er, skírteini um fullnægjandi búnað skipa sinna.

### 8. gr.

#### *Hafnsaga og önnur þjónusta við skip.*

- 8.1. Sérhvert skip, sem nota vill hafnsögumann, skal gera boð um það til hafnavarða með minnst 3 klst. fyrirvara. Er hafnsögumanni skylt að fara til móts við skipið allt að 0.5 sjómílu út fyrir ystu mörk hafnanna, ef skipstjóri æskir þess. Vísar þá hafnsögumaður skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er lagst við festar í höfninni. Heimilt er hafnsögumanni meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu að banna hverjum þeim, sem ekki á lögmætt erindi að koma á skipsfjöl.

### 9. gr.

#### *Umferð um hafnirnar.*

- 9.1. Skipstjóri, sem ekki hefur hafnsögumann um borð, skal með talstöðvarsambandi við hafnarverði fá upplýsingar um hvar hann getur bundið skip sitt.
- 9.2. Á innri höfnum má ekki sigla skipum hraðar en sem svarar 4 sjómílum á klst. en þó aldrei hraðar en aðstæður og góð sjómennska leyfa. Sérstaka aðgát skal sýna

- þegar farið er um svæði, þar sem unnið er að dýpkun, köfun og þess háttar enda skal við slík störf hafa uppi viðeigandi merki.
- 9.3. Skip mega ekki láta vélar ganga af svo miklu afli að öðrum skipum eða hafnar-mannvirkjum stafi hætta af frá aðal- eða þverskrúfum.
  - 9.4. Bannað er að blása í flautur og lúðra á innri höfnunum, nema umferð gefi tilefni til þess.
  - 9.5. Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfnunum.
  - 9.6. Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka, skal hafa uppi fyrirskipuð ljós- og dagmerki.
  - 9.7. Skemmti- og smábátar, þar með taldir ára- og seglbátar, skulu svo sem frekast er unnt forðast siglingaleiðir stærri skipa, sem eru á leið til og frá höfninni.
  - 9.8. Ekkert skip má liggja við dufl eða akkeri á innri höfnunum, nema með leyfi hafna-varða.

#### 10. gr.

##### *Skip í viðlegu.*

- 10.1. Skip telst í viðlegu, er það liggur við hafnarbakka, bryggju eða föst legufæri og er í eða bíður eftir afgreiðslu eða þjónustu.
- 10.2. Skip hljóta viðlegu í sömu röð og þau koma til hafnar. Undantekning eru skip sem hafa fastar viðlegur eða umsamin forgangsafnot hafnarbakka.
- 10.3. Ekki má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur, nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbökkum og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarvörðum þessa ekki nægilega gætt, geta þeir krafist, að úr verði bætt tafarlaust.  
Skylt er að hafa hlífar milli skips og hafnarbakka, ef hafnarverðir krefjast þess. Ekki má krækja hökum í bryggjur eða hafnarbakka. Ekki mega skip hleypta vatni á bryggjur eða hafnarbakka, hvorki við þvott á þilfari né heldur er þau hleypta burt vatni eða á annan hátt, heldur skulu þau girða svo fyrir með hlífum að vatnið fari beint í höfnina en komist eigi á bryggjurnar eða hafnarbakkana.
- 10.4. Þegar búið er að leggja skipi við hafnarbakka, má ekki flytja það innan hafnar án samþykkis hafnarvarðar, en skylt er skipstjóra að flytja skipið, ef hafnarvörður skipar svo fyrir. Skip, sem ekki er verið að losa eða eru í rekstri, mega aldrei liggja svo í höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip og skal skylt að hlýða boðum hafnarvarðar um flutning þeirra. Liggi skip á innri höfninni án þess að nokkuð sé unnið við það, getur hafnarvörður krafist þess að það sé tekið í burtu. Færist hlutaðeigandi undan því að færa skipið samkvæmt ákvæðum þessa töluliðar eða dragist flutningur þess fram yfir þann tíma, sem hafnarvörður hefur fyrirskipað, er honum heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð skipseiganda.
- 10.5. Á sérhverju skipi skal jafnan vera að minnsta kosti einn maður sem getur tekið á móti skipunum starfsmanna hafnanna og framkvæmt þær. Skal hann sjá um að óviðkomandi aðilar hafi ekki aðgang að skipinu og ber eigandi fulla ábyrgð á öllu tjóni, er leiða kann af vanrækslu í þessu efni.  
Heimilt er hafnarverði að fallast á gæslu sérstakra öryggisvarða, enda séu hjá skipaþjónustu nöfn skipstjórarmanna, sem kalla má út vegna veðurs eða annarra orsaka.
- 10.6. Hafnarvörður ákveður legu fyrir minni fiskibáta og/eða skemmtibáta við viðeigandi mannvirki eftir því sem rými leyfir. Þegar skip er sjósett eða því siglt í höfn, skal tilkynna það skipaþjónustu. Skip þessi eru á ábyrgð eigenda sama hvort þau eru á floti í höfninni eða á landi hennar.

Heimilt er að fela félögum smábátaeigenda umsýslu á ákveðnum svæðum undir eftirliti hafnavarða.

### 11. gr.

#### *Skip í lægi.*

- 11.1. Skip telst í lægi er það liggur fyrir akkeri eða öðrum legufærum og er ekki í rekstri.
- 11.2. Skipum, sem leggja skal í lægi, má aðeins leggja á þeim stöðum, er hafnarvörður leyfir. Skipum skal lagt undir umsjá hafnarvarðar og í samráði við hann. Eftirlit og viðhald legufæra er á ábyrgð skipseiganda.

### III. KAFLI.

#### **Afnot hafnamannvirkja og landsvæða.**

### 12. gr.

#### *Lestun og losun almennt.*

- 12.1. Afnot hafnamannvirkja og lands er öllum heimil að fengnu leyfi hafnafirvalda og greiðslugjalda samkvæmt gjaldskrá.
- 12.2. Hafnastjórn ber enga ábyrgð á varningi eða öðrum eignum sem geymdar eru á hafnasvæðum.
- 12.3. Við lestun/losun skal viðhafa fyllstu gætni til að koma í veg fyrir óeðlilegt slit mannvirkja og búnaðar. Ekki má draga þunga hluti eftir hafnarbökkum, né sturta varningi af bílum án eðlilegs hlífðarlags.
- 12.4. Óheimilt er að geyma tækjabúnað á hafnasvæðunum án leyfis hafnafirvalda.
- 12.5. Þeir munir eða vörur, sem skipað er upp eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggju, hafnarbakka eða annars staðar á landi hafnanna en á þeim stöðum sem ætlaðir eru til geymslu á slíkum varningi. Hafnarvörður getur flutt vörur og muni, sem geymdir eru í óleyfi, burt á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans.
- 12.6. Þegar lokið er lestun eða losun skal sá er séð hefur um lestun eða losun, láta þrifa bryggju eða hafnarbakka, sem notuð hefur verið. Farist það fyrir skal hafnarvörður sjá um að það sé gert, en afgangslumaður skipsins greiði allan kostnað sem af því leiðir.

### 13. gr.

#### *Meðferð eldfims og hættulegs varnings.*

- 13.1. Skip, sem flytja sprengiefni, eldfima vökva, lofttegundir undir þrýstingi (flöskugas) eða efni, sem við vissar aðstæður valda eld- eða sprengihættu mega ekki koma inn á innri höfnina, fyrr en leyfi hefur verið veitt til þess. Skipstjóra eða umboðsmanni ber að tilkynna hafnarverði og slökkviliðsstjóra um farminn 24 klst. fyrir áætlaðan komutíma.  
Tilkynningarskyldan nær til efna, sem samkvæmt alþjóðareglum (International Maritime Dangerous Goods Code) flokkast í flokka 1, 2, 3, 4 og 5.  
Í tilkynningu skal greina tækniheiti efna og UN-tölu þeirra samkvæmt IMDG-reglum, magn, pökkun og lestun. Sem dæmi um hættulegan varning má nefna: Púður, dýnamít, geomit, hlaðnar patrónur, bensín, steinolíu, acetón, terpentínu, toluol, kosangas, kalsíumkarbit, ammoníumnítrat og natriumklórat.
- 13.2. Losun á vörum, sem um ræðir í þessari grein skal að jafnaði framkvæmd strax og skip hefur lagst að bryggju og á undan losun á öðrum varningi.  
Við lestun skal farmur lestaður síðast, og skal skip láta úr höfn strax að lestun lokinni.  
Álíti hafnarvörður að hætta geti stafað af lestun eldfimrar vöru getur hann stöðvað verkið uns nauðsynlegar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar.



- 13.3. Skylt er að hafa öryggisvörð við skip, sem lesta eða losa eldfimar vörur. Hafnarvörður getur ákveðið að lestun og losun slíkrar vöru fari fram við sérstaka hafnarbakka, þar sem tryggt er talið. Varningur skal geymdur á svæði, sem hafnarvörður eða viðkomandi eftirlitsstofnun samþykkir. Setja skal sérstakar reglur um nánari framkvæmd og ákvæði þessarar greinar sbr. ráðleggingar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) um öryggi við flutning, meðferð og geymslu hættulegra efna á hafnasvæðum. Skip, sem flytja eldfim efni, skulu á daginn hafa uppi rautt flagg (merkjatákn B) á framsigli, en á nóttunni rautt ljósker. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós nema undir kötlum skipsins eða í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerjum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, þar sem unnið er að affermingu eldfims varnings.

#### IV. KAFLI.

#### Um hafnagjöld í höfnum Vesturbyggðar.

##### 14. gr.

##### *Um hafnagjöld.*

- 14.1. Gjöld til hafnasjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá, er settar skulu í samræmi við ákvæði 13. gr. hafnalaga. Séu þau ekki greidd á gjalddaga skulu reiknaðir dráttarvextir á skuldina samkvæmt nánari ákvörðun Seðlabanka Íslands hverju sinni.

#### V. KAFLI.

#### Ýmis ákvæði.

##### 15. gr.

##### *Löggæsla á hafnasvæði, umferð o.fl.*

- 15.1. Lögregla í Barðastrandarsýslu hefur á hendi almenna löggæslu á hafnasvæðunum.
- 15.2. Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnanna ef þeir með því tálma lestun og losun eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónaðsynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur, hafnabakka farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði. Hafnastjórn getur sett umferðartakmarkanir á hafnasvæðunum. Fólk sem fer um hafnasvæðið er þar á eigin ábyrgð. Sund er bannað á hafnasvæðunum án leyfis.
- 15.3. Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni. Sömuleiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnasvæðunum án leyfis.
- 15.4. Fiskveiðar á hafnasvæðunum mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu.
- 15.5. Hafnastjóra skal þegar tilkynnt um allt það, sem bjargað er í höfninni, en hann gefur lögreglu skýrslu um það.

##### 16. gr.

##### *Skipsflök og hlutir í hirðuleysi.*

- 16.1. Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það, að áliti hafnastjóra tálmar greiða notkun hafnanna, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnastjóri láta færa skipið burt á kostnað eiganda, og er honum heimilt að láta selja það til lúkningar kostnaðinum ef nauðsyn krefur. Skipsflök má ekki draga á land á hafnasvæðunum án leyfis.
- 16.2. Ef skip, bátar, flutningstæki á landi eða annar búnaður er í hirðuleysi á hafnasvæðunum og veldur óþrifnaði og hættu þá skal hafnastjóri fyrirskipa úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrir mælum ekki sinnt, má fjarlægja viðkomandi hlut á kostnað eiganda án nokkurrar skaðabótaskyldu.

## 17. gr.

*Varnir gegn mengun og óþrifnaði.*

- 17.1. Ekki má kasta í hafnirnar kjölfestu, ösku, dauðum fiski, matarleifum, fiskúrgangi, vírum, vöruleifum, umbúðum eða öðru þess háttar. Skal það flutt þangað sem hafnarverðir vísa til.
- 17.2. Bannaður er hvers konar hvalskurður við höfnina og í henni. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt hvali inn í hafnirnar né neitt það, sem valdið getur óþrifnaði, umferðartruflun eða óþægindum í höfnunum, nema leyfi hafnastjóra komi til.
- 17.3. Öllum skipum, farartækjum svo og öðrum atvinnurekstri er stranglega bannað að dæla eða láta renna í hafnirnar olíu, lýsi, olúsora eða annað, sem mengun veldur. Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lagaákvæðum á hverjum tíma.

## 18. gr.

*Beiðni um og skilyrði fyrir þjónustu.*

- 18.1. Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfnunum, skulu snúa sér beint til skrifstofu hafnanna með beiðni þar að lútandi. Heimilt er hafnastjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnanna.

## 19. gr.

*Hverjum skal gefa fyrirmæli.*

- 19.1. Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa skipstjóra, en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans, samkvæmt gr. 10.5. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af áhöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

## 20. gr.

*Um skaðabótaskyldu.*

- 20.1. Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfnunum, mannvirkjum þeirra eða áhöldum, fer eftir almennum reglum. Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, má ákveða þær af tveimur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil.
- 20.2. Nú veldur skip skemmdum í höfnunum eða skipstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar, og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfnunum áður en málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu að dómi hafnastjóra. Bótakröfum hafnasjóðs fylgir lögtaksréttur sbr. 37. gr. hafnalaga.

## 21. gr.

*Brot, sektarákvæði og meðferð mála.*

- 21.1. Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum og skulu sektir renna í hafnasjóð Vesturbyggðar. Til tryggingar sektum og vangoldnum gjöldum má leita kyrrsetningar.

- 21.2 Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála. Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 23/1994 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi hafnarreglugerðir fyrir Patrekshöfn nr. 131 frá 24. febrúar 1986, fyrir Bíldudalskauptún nr. 322 frá 23. október 1974 ásamt síðari breytingum, fyrir Brjánslæk nr. 185 frá 15. apríl 1987 og fyrir Örlygshöfn við Patreksfjörð nr. 256 frá 30. maí 1975.

*Samgönguráðuneytinu, 16. maí 1997.*

**Halldór Blöndal.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

Nr. 337

2. maí 1997

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 189/1994 um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa.

#### 1. gr.

12. tl. 3. mgr. (1.3.) 1. gr. orðist svo:

Losunarbúnaður gúmmíbjörgunarbáts er:

- a. Handvirkur búnaður sem losar festingar gúmmíbjörgunarbátsins.
- b. Sjóstýrður búnaður sem losar festingar gúmmíbjörgunarbátsins.

#### 2. gr.

13. tl. 3. mgr. (1.3.) 1. mgr. orðist svo:

Sjósetningarbúnaður er tæki/fyrirkomulag til að flytja björgunarfar eða léttbát frá geymslustað í sjóinn.

#### 3. gr.

2. mgr. (7.2.) 7. gr. orðist svo:

Á skipum sem eru allt að 15 m að lengd og notuð eru í atvinnuskyni og skylt er að hafa gúmmíbjörgunarbáta, einn eða fleiri, öðrum en skipum sem falla undir grein 7.1. skal a.m.k. einn gúmmíbjörgunarbátur sem rúmar alla um borð, vera útbúinn með losunarbúnaði þannig að hægt sé að losa bátinn frá skipinu með einu handtaki á staðnum.

Ennfremur skal annað hvort vera losunarbúnaður sem sjálfvirkt losar gúmmíbjörgunarbátinn frá skipinu fyrir áhrif sjávar eða losunarbúnaður þannig að hægt sé að losa bátinn með einu handtaki frá stjórnspalli eða öðrum hentugum stað (fjarstýring). Þó skulu skip lengri en 12 m hafa bæði sjálfvirkan búnað og fjarstýringu skv. 2. mgr.

Jafnframt skal á skipum sem falla undir þessa grein, vera heimilt að tengja ræsingu uppblásturs gúmmíbjörgunarbátsins við fjarstýrða og/eða sjálfvirka losun hans.

#### 4. gr.

3. mgr. (7.3.) 7. gr. orðist svo:

Á skipum sem eru 15 m að lengd eða lengri, öðrum en skipum sem falla undir grein 7.1. og notuð eru í atvinnuskyni, skal losunarbúnaður skv. ákvæðum greinar 7.2. jafnframt vera sjósetningarbúnaður er sjósetur bátinn og sjálfvirkt ræsir uppblástur hans. Skip sem falla undir þessa grein, skulu á hvorri hlið hafa a.m.k. einn gúmmíbjörgunarbát með losunar- og

sjósetningarbúnað skv. grein 7.2. og þessari grein og skal hvor gúmmíbjörgunarbatúr rúma a.m.k. helming skipverja.

Á skipum sem eru 15-24 m að lengd, getur Siglingastofnun Íslands heimilað að vikið sé frá staðsetningu eins gúmmíbjörgunarbatútsins skv. grein 7.3. og jafnframt heimilað að sá gúmmíbjörgunarbatúr sé án sjósetningarbúnaðar skv. grein 7.3. ef aðstæður eru þannig að mati stofnunarinnar að öryggi skipverja sé betur tryggt á þann hátt.

#### 5. gr.

Á eftir 3. mgr. 7. gr. (7.3.) kemur ný málsgrein, 7.3.a.:

Losunarbúnaður skv. grein 7.2. og sjósetningarbúnaður skv. grein 7.3. skulu uppfylla þær kröfur sem settar verða um staðsetningu, fyrirkomulag, álag, ísingu og virkni.

#### 6. gr.

7. mgr. (7.7.) 7. gr. orðist svo:

Skipum smíðuðum fyrir 1. mars 1988 er heimilt að hafa þann sjósetningarbúnað sem er um borð og viðurkenndur var skv. eldri reglum um losunar- og sjósetningarbúnað. Búnaðurinn skal hins vegar uppfylla nýjar kröfur um fyrirkomulag og frágang um borð við *fyrstu búnaðarskoðun eftir 1. janúar 1998*.

Skip smíðuð fyrir 1. mars 1988 sem þurfa að bæta við búnaði skv. ákvæðum greinar 7.3. skulu hafa lokið uppsetningu viðbótarbúnaðar við *fyrstu búnaðarskoðun eftir 1. janúar 1998*.

#### 7. gr.

8. mgr. (7.8.) 7. gr. orðist svo:

Önnur skip sem skylt er að hafa búnað skv. ákvæðum greina 7.2. og 7.3. skulu uppfylla viðeigandi ákvæði þessara greina við *fyrstu búnaðarskoðun eftir 1. janúar 1998*.

#### 8. gr.

Reglur þessar sem settar eru skv. lögum nr. 35, 30. apríl 1993 um eftirlit með skipum, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 2. maí 1997.*

**Halldór Blöndal.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

3. júní 1997

Nr. 338

## GJALDSKRÁ

**fyrir þjónustu á vegum Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands.**

#### 1. gr.

Fyrir hverja lækni- og heymarrannsókn greiði sjúkratryggður kr. 1.700. Elli- og örorkulífeyrisþegar greiða þó kr. 500. Undanþegnir þessu gjaldi eru allir nemendur Vesturhlíðarskólans svo og börn og unglingar að 18 ára aldri, sem reynast það heymarskert að þau þurfi á heymartæki að halda.

#### 2. gr.

Fyrir hverja rafhlöðuúthlutun (6 rafhlöður) greiða Elli- og örorkulífeyrisþegar kr. 250. Aðrir greiða að fullu nema börn og unglingar, sem eru undanþegin gjaldi sbr. 1. gr.

## 3. gr.

Um gjald fyrir hverja heymarrannsókn á vinnustöðum fer samkvæmt samkomulagi við hlutaðeigandi vinnustaði. Þessi gjöld skulu þó ætíð standa undir öllum kostnaði stöðvarinnar við þessar rannsóknir.

## 4. gr.

Fyrir almenn hlustarstykki skal greiða kr. 1.800 en fyrir skeljar (fyrir hlustartæki) skal greiða kr. 2.400.

Til viðbótar greiðsluþátttöku í heymartæki er heimilt að innheimta ábyrgðargjald, kr. 800. Í þessu gjaldi felst viðgerðarkostnaður í fjögur ár, þar með talið ábyrgðarár framleiðanda og eftirlit og kennsla á tæki.

## 5. gr.

Fyrir málþroskapróf með læknisskoðun skal greiða kr. 1.700. Fyrir komu vegna endur- mats hjá talmeinafræðingi skal greiða kr. 600.

Fyrir aðra þjónustu svo sem fyrir raddbandaskoðun (með hreyfismásjá (stroboscope)), málstol, aðrar skoðanir og greiningar skal greiða kr. 600. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu þó greiða kr. 200. Ef um hópa er að ræða (10 eða fleiri) er heimilt að lækka greiðslu í kr. 500.

## 6. gr.

Skoðanir og greiningar fyrir Greiningarstöð ríkisins, Vesturhlíðarskólann, Öskjuhlíðarskóla og hliðstæðar stofnanir eru gjaldfrjár.

## 7. gr.

Heyrnar- og talmeinastöð Íslands annast innheimtu gjalda skv. gjaldskrá þessari.

## 8. gr.

Ofangreind gjaldskrá, sem sett er með stoð í 6. gr. laga nr. 35/1980 um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 25/1992.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 3. júní 1997.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

# STJÓRNARTÍÐINDI B 48 – 1997

6. júní 1997

693

Nr. 339

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 190, 17. mars 1997,  
um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum 1997.

### 1. gr.

Eftir 3. málslíð 4. gr., sbr. reglugerð nr. 323, 28. maí 1997, komi nýr málslíður er orðist svo: Landi skip ekki fullfermi í fyrstu löndun eftir 31. maí 1997 er því þó heimilt að fara í aðra veiðiferð, enda fari samanlagður afli þeirra úr þessum tveim veiðiferðum ekki yfir það magn sem það hefur mest landað úr einni veiðiferð á síldarvertíðinni til þessa.

### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 6. júní 1997.*

F. h. r.

**Árni Kolbeinsson.**

*Jón B. Jónasson.*

6. júní 1997

Nr. 340

## REGLUGERÐ

um öryggisþjónustu.

### 1. gr.

Til að annast öryggisþjónustu í atvinnuskyni þarf leyfi ráðherra. Samkvæmt reglugerð þessari getur öryggisþjónusta falist í eftirfarandi:

- a. eftirliti með lokuðum svæðum og svæðum opnum almenningi, hvort heldur er með eftirlitsferðum vaktmanna eða myndavélum,
- b. flutningi verðmæta,
- c. taka við og sinna boðum frá einstaklingum um aðstoð,
- d. taka við og sinna boðum frá viðvörðunarkerfum vegna eldsvoða, vatnsleka, innbrots, hitastigs, rafmagnsleysis eða dæluvirkni,
- e. vernd einstaklinga með lífvörðum.

## 2. gr.

Umsókn um leyfi til að annast öryggisgæslu skal vera skrifleg. Í henni skal eftirfarandi koma fram:

- a. nafn umsækjanda og kennitala hans. Þegar umsækjandi er einstaklingur skal einnig koma fram lögheimili hans og hvar hann hafi starfstöð. Ef umsækjandi er skráð félag skal enn fremur koma fram nafn og kennitala framkvæmdastjóra og þeirra sem eiga sæti í stjórn félagsins og hvar það hafi starfstöð,
- b. hvaða öryggisþjónustu umsækjandi hyggst hafa með höndum og ítarleg greinargerð um framkvæmd hennar,
- c. yfirlýsing um hvort umsækjandi fullnægi skilyrðum til að fá leyfi til að annast öryggisþjónustu.

Með umsókn um leyfi til að annast öryggisþjónustu skulu fylgja eftirfarandi gögn:

- a. sakavottorð umsækjanda ef hann er einstaklingur. Þegar umsækjandi er skráð félag skulu fylgja sakavottorð framkvæmdastjóra og þeirra sem eiga sæti í stjórn félagsins.
- b. önnur gögn sem þykja nauðsynleg til að mat verði lagt á umsókn um leyfi til að annast öryggisþjónustu.

Nú er nýr framkvæmdastjóri ráðinn eða breyting verður á stjórn félags og skal þá senda dómsmálaráðuneytinu tilkynningu þess efnis innan 14 daga auk þeirra gagna sem um getur í 2. mgr.

Umsókn um endurnýjun á leyfi til að annast öryggisþjónustu skal skilað inn í samræmi við 1. og 2. mgr.

## 3. gr.

Þegar starfsmaður er ráðinn til að sinna framkvæmd öryggisþjónustu skal hann afhenda leyfishafa sakavottorð og önnur þau gögn sem nauðsynleg þykja til að mat verði lagt á hæfni starfsmanns til að gegna því starfi sem honum verður falið. Starfsmaður skal einnig afhenda leyfishafa nýtt sakavottorð á tveggja ára fresti eða oftar ef efni eru til.

Samkvæmt ósk ber leyfishafa að veita dómsmálaráðuneytinu upplýsingar um hvaða starfsmenn hans sinna öryggisþjónustu og afrit af þeim gögnum sem getur í 1. mgr.

## 4. gr.

Leyfishafi skal sjá til þess að starfsmaður hans, sem sinnir framkvæmd öryggisþjónustu, fái nauðsynlega fræðslu til að hann geti rækt starfann með viðunandi hætti. Skal slíkur starfsmaður leyfishafa einnig hafa fengið viðeigandi fræðslu um hjálp í viðlögum.

## 5. gr.

Starfsmaður leyfishafa, sem sinnir framkvæmd öryggisþjónustu, skal í störfum sínum klæðast einkennisklæðnaði eða bera á sér greinilegt merki sem gefur starf hans til kynna. Skal þess gætt að einkennisklæðnaði svipi ekki til einkennisbúnings lögreglumanna.

Leyfishafi skal gefa út skilríki til starfsmanns, sem sinnir framkvæmd öryggisþjónustu, og skal starfsmaðurinn bera það á sér við framkvæmd starfa sinna. Í slíku skilríki skal meðal annars koma fram hver sé leyfishafi og nafn starfsmanns ásamt mynd.

## 6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 6. gr. laga um öryggisþjónustu, nr. 58 22. maí 1997, öðlast gildi 1. júlí 1997.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 6. júní 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Benedikt Bogason.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 49 – 1997

5. júní 1997

695

Nr. 341

## REGLUGERÐ um friðunarsvæði við Ísland.

### I. Bann við togveiðum

1. gr.

Veiðar með fiskibotn- og flotvörpu eru bannaðar á eftirgreindum svæðum:

1. Fyrir Vesturlandi á svæði sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1.	65°36'00 N - 26°35'00 V	14.	63°01'40 N - 24°38'00 V
2.	65°29'00 N - 26°46'00 V	15.	63°01'00 N - 24°37'80 V
3.	64°38'00 N - 26°46'00 V	16.	62°58'70 N - 24°44'70 V
4.	64°38'00 N - 26°40'00 V	17.	63°19'00 N - 25°32'00 V
5.	64°00'50 N - 26°07'66 V	18.	63°24'00 N - 25°45'00 V
6.	64°10'00 N - 25°37'00 V	19.	63°35'00 N - 26°06'00 V
7.	63°53'00 N - 25°07'00 V	20.	63°45'00 N - 26°17'00 V
8.	63°38'00 N - 25°45'00 V	21.	63°53'00 N - 26°32'00 V
9.	63°06'50 N - 24°44'30 V	22.	64°25'00 N - 26°58'00 V
10.	63°11'70 N - 24°25'85 V	23.	64°55'00 N - 27°14'00 V
11.	63°09'00 N - 24°24'00 V	24.	65°26'00 N - 27°16'00 V
12.	63°06'00 N - 24°25'70 V	25.	65°36'00 N - 26°55'00 V
13.	63°03'00 N - 24°32'00 V		

Þrátt fyrir ofangreint bann er þó heimilt að stunda veiðar innan svæðisins þannig:

- A. Frá frá kl. 20.00 að kvöldi til kl. 8.00 að morgni á eftirgreindu svæði:

1.	65°36'00 N - 26°35'00 V	5.	65°26'00 N - 26°54'00 V
2.	65°29'00 N - 26°46'00 V	6.	65°26'00 N - 27°16'00 V
3.	64°38'00 N - 26°46'00 V	7.	65°36'00 N - 26°55'00 V
4.	64°38'00 N - 26°54'00 V		

- B. Frá 1. september til og með 31. maí á svæði á austanverðri Jökultungu, sem markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1.	64°10'00 N - 25°37'00 V	5.	63°50'00 N - 25°40'00 V
2.	64°00'50 N - 26°08'00 V	6.	63°53'00 N - 25°07'00 V
3.	63°53'00 N - 26°13'00 V		
4.	63°50'00 N - 26°09'00 V		

2. Á svæði á Fylkishóli, 1 sjómílu umhverfis 62°45'50 N - 25°14'50 V.

3. Á Litlabanka á svæði, sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1.	62°53'00 N - 24°44'00 V	3.	62°43'00 N - 24°50'00 V
2.	62°50'00 N - 24°38'00 V	4.	62°45'00 N - 24°55'00 V



4. Á Heimsmeistarahrygg á svæði sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:
- |                            |                            |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 63°18'50 N - 23°10'00 V | 4. 63°10'70 N - 23°24'00 V |
| 2. 63°15'80 N - 23°00'00 V | 5. 63°11'00 N - 23°38'00 V |
| 3. 63°15'00 N - 23°00'00 V | 6. 63°15'00 N - 23°38'00 V |
5. Á Tánni á tímabilinu frá og með 1. júní til og með 31. október á svæði, sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:
- |                            |                            |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 63°10'00 N - 22°00'00 V | 6. 63°06'00 N - 22°41'00 V |
| 2. 63°09'20 N - 21°55'50 V | 7. 63°09'20 N - 22°46'00 V |
| 3. 63°05'40 N - 22°09'00 V | 8. 63°11'00 N - 22°42'00 V |
| 4. 63°02'80 N - 22°23'50 V | 9. 63°05'00 N - 22°24'00 V |
| 5. 63°03'00 N - 22°31'00 V |                            |
6. Í Lónsdýpi á svæði, er markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:
- |                            |                            |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 63°55'00 N - 14°01'00 V | 3. 63°50'30 N - 14°05'00 V |
| 2. 63°53'00 N - 13°56'00 V | 4. 63°53'40 N - 14°06'40 V |
7. Á Fætinum á svæði, er markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:
- |                            |                            |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 64°32'92 N - 12°15'51 V | 3. 64°42'69 N - 12°04'45 V |
| 2. 64°40'89 N - 12°17'51 V | 4. 64°33'11 N - 12°10'98 V |
8. Á Papagrunni á svæði, er markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:
- |                            |                            |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 64°00'00 N - 14°05'00 V | 3. 63°53'00 N - 13°47'80 V |
| 2. 64°00'00 N - 13°53'00 V | 4. 63°52'50 N - 13°51'40 V |
9. Við Hrollaugseyjar á svæði sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:
- |                            |                            |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 64°11'00 N - 15°42'50 V | 4. 63°54'00 N - 15°59'00 V |
| 2. 63°57'70 N - 15°28'70 V | 5. 64°02'00 N - 16°11'20 V |
| 3. 63°54'20 N - 15°46'50 V |                            |
- Að norðan markast svæðið af stórstraumsfjöruborði.

## II. Bann við tog- og línuveiðum

### 2. gr.

Veiðar með fiskibotn- og flotvörpu og línuveiðar eru bannaðar á eftirgreindum svæðum:

1. Á Kögurgrunni á svæði, er markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:
- |                            |                            |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 66°56'00 N - 24°00'00 V | 3. 66°46'79 N - 23°50'00 V |
| 2. 66°56'00 N - 23°50'00 V | 4. 66°45'22 N - 24°00'00 V |
2. Norður af Horni, á svæði, er markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:
- |                            |                            |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 66°36'40 N - 23°22'00 V | 4. 67°02'00 N - 22°00'00 V |
| 2. 66°42'50 N - 23°42'50 V | 5. 67°02'94 N - 21°45'00 V |
| 3. 66°57'50 N - 22°00'00 V | 6. 66°29'20 N - 21°45'00 V |
- Að sunnan afmarkast svæðið af línu sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmið-unarlínu sbr. lög nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.
3. Norðaustur af Horni á svæði, er markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:
- |                            |                            |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 66°29'20 N - 21°45'00 V | 5. 66°34'50 N - 21°11'72 V |
| 2. 67°02'95 N - 21°45'00 V | 6. 66°36'43 N - 20°45'30 V |
| 3. 67°06'50 N - 20°48'50 V | 7. 66°19'80 N - 20°45'15 V |
| 4. 67°04'00 N - 20°42'00 V |                            |

Að sunnan afmarkast svæðið af línu, sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu sbr. lög nr. 81/1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

4. Á Sporðagrunni á svæði er markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- |                            |                            |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 66°34'42 N - 20°20'50 V | 4. 66°51'60 N - 19°21'89 V |
| 2. 66°38'44 N - 20°16'67 V | 5. 66°38'32 N - 19°24'68 V |
| 3. 66°47'37 N - 19°52'94 V |                            |

5. Norðan Haganesvíkur á svæði er markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- |                            |                            |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 66°22'10 N - 19°32'30 V | 3. 66°29'48 N - 18°58'76 V |
| 2. 66°26'99 N - 19°32'94 V | 4. 66°23'98 N - 18°53'78 V |

Að sunnan afmarkast svæðið af línu sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu sbr. lög nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

6. Fyrir Norðausturlandi á svæði sem að vestan markast af línu sem dregin er 10° réttvísandi frá Hraunhafnartanga (viðmiðunarstaður 9) og að austan af línu, sem dregin er 45° réttvísandi frá Langanesi (viðmiðunarstaður 10). Að utan markast svæðið af línu sem dregin er 20 sjómíllur utan viðmiðunarlínu sbr. lög nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, en að sunnan af línu sem dregin er 12 sjómíllur utan við viðmiðunarlínu sbr. lög nr. 81/1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

7. Á Langanesgrunni á svæði sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- |                            |                             |
|----------------------------|-----------------------------|
| 1. 66°36'39 N - 13°57'27 V | 6. 66°38'28 N - 13°10'60 V  |
| 2. 66°40'53 N - 13°47'16 V | 7. 66°48'28 N - 13°28'79 V  |
| 3. 66°37'72 N - 13°37'58 V | 8. 66°48'29 N - 13°47'64 V  |
| 4. 66°31'81 N - 13°42'41 V | 9. 66°55'07 N - 14°01'34 V  |
| 5. 66°29'29 N - 13°39'41 V | 10. 66°40'00 N - 14°15'00 V |

8. Á Digranesflaki á svæði sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- |                            |                            |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 66°12'00 N - 13°48'00 V | 4. 66°03'00 N - 12°40'00 V |
| 2. 66°23'00 N - 12°51'00 V | 5. 65°56'00 N - 13°31'00 V |
| 3. 66°14'00 N - 12°40'00 V |                            |

9. Á Glettinganesgrunni á svæði sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- |                            |                            |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 65°32'33 N - 12°26'34 V | 3. 65°23'99 N - 12°49'52 V |
| 2. 65°26'46 N - 12°11'41 V | 4. 65°33'64 N - 12°51'07 V |

10. Á Breiðdalsgrunni á svæði, sem markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- |                            |                            |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 64°05'76 N - 13°14'40 V | 5. 64°25'00 N - 12°34'00 V |
| 2. 64°17'65 N - 13°21'10 V | 6. 64°16'00 N - 12°46'80 V |
| 3. 64°33'00 N - 13°23'00 V | 7. 64°08'00 N - 13°02'55 V |
| 4. 64°33'00 N - 12°40'00 V |                            |

Heimilt er þó að stunda veiðar með fiskivörpu á svæðinu enda sé hún búin smáfiskaskilju í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 104/1997, um gerð og útbúnað smáfiskaskilju.

**III. Önnur ákvæði**

## 3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 15. júní 1997. Frá sama tíma falla úr gildi eftirfarandi reglugerðir: Reglugerð nr. 504, 20. september 1995, um friðunarsvæði við Ísland, ásamt síðari breytingum. Reglugerð nr. 75, 5. febrúar 1996, um bann við tog- og dragnótaveiðum við Ingólfshöfða. Reglugerð nr. 263, 23. apríl 1997, um bann við togveiðum á Síðugrunni.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. júní 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

Nr. 342

6. júní 1997

**AUGLÝSING****um skráningu íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum.**

Með heimild í 18. gr. laga nr. 36/1986 um Seðlabanka Íslands um markaðssetningu íslensku krónunnar og erlends gjaldeyris staðfestist að gengisvog krónunnar er nú í eftirtöldum hlutföllum:

Bandaríkin	USD	22,45
Bretland	GBP	13,14
Kanada	CAD	1,31
Danmörk	DKK	9,41
Noregur	NOK	8,54
Svíþjóð	SEK	4,13
Finnland	FIM	1,22
Frakkland	FRF	4,75
Belgía	BEF	1,55
Sviss	CHF	1,66
Holland	NLG	4,51
Þýskaland	DEM	14,15
Ítalía	ITL	2,26
Portúgal	PTE	1,34
Spánn	ESP	2,77
Japan	JPY	6,81
Alls		100,00

Reykjavík, 6. júní 1997.  
*Seðlabanki Íslands,*

**Steingrímur Hermannsson.**

**Ingimundur Friðriksson.**

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 548, 17. október 1995, um þorskfisknet.

1. gr.

2. mgr. 2. gr. orðist svo: Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar er heimilt að leggja þorskfisknet með 5 ½ þumlunga riðli (139,7 mm) fyrir Suður- og Vesturlandi. Að austan markast svæðið af línu, sem dregin er réttvísandi suður frá Stokksnesi. Að vestan markast svæðið af 65°10'N.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 13. júní 1997. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 435, 7. ágúst 1996, um breytingu á reglugerð nr. 548, 17. október 1995, um þorskfisknet.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. júní 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

Árni Kolbeinsson.

4. júní 1997

Nr. 344

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 684, 27. desember 1995,  
um meðferð og vinnslu sjávarafla.

1. gr.

Níundi töluliður kafla B í viðauka I reglugerðarinnar orðist svo: Bátum sem landa afla sínum daglega er þó heimilt að landa óslægðum fiski, enda sé hann blóðgaður og kældur á fullnægjandi hátt.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 93/1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 4. júní 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

Árni Kolbeinsson.

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á smjöri, ostum og eggjum.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og IV A við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993 með síðari breytingum.

#### 2. gr.

Eftirfarandi ákvæði taflna a, b, c og d gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
a)					
0405.0000	Smjör og önnur fita	01.07.-31.12.97	20.200	0	201
b)	Ostur til almennra nota:		29.500		
0406.1000	Nýr ostur, mysuostur o.fl.	01.07.-31.12.97		0	143
0406.2000	Hvers konar rifinn eða mulinn ostur	01.07.-31.12.97		0	143
0406.3000	Fullunninn ostur, órifinn eða ómulinn	01.07.-31.12.97		0	107
0406.4000	Gráðostur	01.07.-31.12.97		0	164
0406.9000	Annar ostur	01.07.-31.12.97		0	160
c)	Ostur til iðnaðar- og/eða matvælagæðar:		14.700		
0406.1000	Nýr ostur, mysuostur o.fl.	01.07.-31.12.97		0	143
0406.2000	Hvers konar rifinn eða mulinn ostur	01.07.-31.12.97		0	143
0406.3000	Fullunninn ostur, órifinn eða ómulinn	01.07.-31.12.97		0	107
0406.4000	Gráðostur	01.07.-31.12.97		0	164
0406.9000	Annar ostur	01.07.-31.12.97		0	160
d)	Eggjarauða:				
0408.1900	Önnur	01.07.-31.12.97	ótilgr.	15	195

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ótilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil það sem tilgreint er miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

#### 3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleyfis og er ekki framseljanleg.

Verði umsóknir um tollkvóta meiri en það magn sem auglýst er skal leita tilboða í tollkvóta.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði auglýsingar vegna innflutnings á landbúnaðarvörum nr. 483/1995.

## 4. gr.

Til úthlutunar í vörulið 0406 eru samtals 44.200 kg. Til almennra nota, annað en til iðnaðar- og/eða matvælagarðar, skv. töflu b) í 2. gr. eru til úthlutunar 29.500 kg og til iðnaðar- og/eða matvælagarðar skv. töflu c) eru 14.700 kg. Það teljast almenn not í þessu sambandi ef aðeins er um niðurhlutun og umpökkun í neytendaumbúðir að ræða.

Tilgreina skal í umsóknum hvort sótt er um tollkvóta í osti til almennra nota, eða hvort sótt er um ost til iðnaðar- og/eða matvælagarðar. Verði sótt um minna magn af osti en auglýst er í öðrum hvorum flokknum, skal því magni sem umfram er bætt við hinn.

## 5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildir og gildir til 1. janúar 1998.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 4. júní 1997.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Guðmundur Sigþórsson.*

4. júní 1997

Nr. 346

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á svína-, alifugla- og hreindýrakjöti.

## 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og VI A við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum.

## 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
<i>Svínakjöt - vörulið 0203 og 0210:</i>		24.200		
<b>Tollnúmer:</b> Svínakjöt, fryst:				
0203.2903 Hakkað	01.07.-31.12.97		0	228
0203.2904 Lundir	01.07.-31.12.97		0	401
0203.2905 Hryggvöðvar	01.07.-31.12.97		0	401
0203.2906 Vöðvar af læri	01.07.-31.12.97		0	401
0203.2909 Annað	01.07.-31.12.97		0	401
<b>Úr tollnr.:</b> Svínakjöt, saltað, þurrkað eða reykt:				
0210.1200 Slög og sneiðar af þeim, beinlaust	01.07.-31.12.97		0	287
<b>Tollnúmer:</b>				
0210.1901 Reykt - beinlaust	01.07.-31.12.97		0	325
<b>Úr tollnr.:</b>				
0210.1909 Annars - beinlaust	01.07.-31.12.97		0	325

	<i>Kjöt af alifuglum - vöruliður 0207:</i>		22.600	
	<i>Kjöt og ætir hlutar af hænsnum, fryst:</i>			
0207.1200	Ekki skorið í hluta, fryst	01.07.-31.12.97	0	147
0207.1401	Beinlaust	01.07.-31.12.97	0	147
0207.1402	Lifur	01.07.-31.12.97	0	202
0207.1409	Annað	01.07.-31.12.97	0	147
	<i>Af kalkúnum:</i>			
0207.2500	Ekki skorið í hluta, fryst	01.07.-31.12.97	0	202
0207.2701	Beinlaust	01.07.-31.12.97	0	202
0207.2702	Lifur	01.07.-31.12.97	0	202
0207.2709	Annað	01.07.-31.12.97	0	202
	<i>Af öndum, gæsnum eða perluhænsnum:</i>			
0207.3300	Ekki skorið í hluta, fryst	01.07.-31.12.97	0	202
	<i>Annað kjöt, fryst - vöruliður 0208:</i>		6000	
0208.9006	Hreindýrakjöt, fryst	01.07.-31.12.97	0	465
	<i>Úr tollnr.:</i>			
0208.9009	Annars - strúta kjöt, fryst	01.07.-31.12.97	0	272

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

### 3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleyfis og er ekki framseljanleg.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði auglýsingar nr. 525/1996 um innflutning á sláturafurðum sem ekki hafa fengið hitameðferð.

### 4. gr.

Verði umsóknir um tollkvóta meiri en það sem er til úthlutunar skal leita tilboða í tollkvóta.

Skulu tilboð ráða úthlutun. Þó skal að lágmarki og hámarki úthluta því magni sem hér greinir í eftirtöldum vöruliðum sé um það sótt:

vöruliður	0207.25xx og 0207.27xx	Að lágmarki: 2.100 kg	Að hámarki: 3.000 kg
-----------	------------------------	--------------------------	-------------------------

### 5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum á henni skal farið að hætti opinberra mála.

### 6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 1998.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 4. júní 1997.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Guðmundur Sigþórsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 50 – 1997

13. júní 1997

703

Nr. 347

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 298, 14. maí 1997,  
um verndun smáfisks við tog- og dragnótaveiðar fyrir Suðurlandi.

1. gr.

Við 2. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo: Séu veiðar stundaðar með leggglugga skal lágmarksmöskvastærð gluggastykkisins og aftan þess vera 135 mm.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 15. júní 1997.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 13. júní 1997.*

F. h. r.

**Árni Kolbeinsson.**

*Þórður Eyþórsson.*

13. júní 1997

Nr. 348

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 104, 5. febrúar 1997,  
um gerð og búnað smáfiskaskilju.

1. gr.

3. gr. breytist og orðist svo: Ef togveiðar eru stundaðar á tilgreindum svæðum sbr. 2. gr. og notuð er smáfiskaskilja skal lágmarksmöskvastærð í skiljuhólknum og þar fyrir aftan vera 135 mm.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 12. gr. laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 15. júní 1997.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 13. júní 1997.*

F. h. r.

**Árni Kolbeinsson.**

*Þórður Eyþórsson.*

Gutenberg



# REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 291, 31. maí 1994,  
um botn- og flotvörpur.

1. gr.

Við 1. málslíð 2. mgr. 4. gr. bætist: eða smárækjuskilju sbr. reglugerð nr. 253, 17. apríl 1997, um gerð og búnað smárækjuskilju.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi frá og með 19. júní 1997.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 13. júní 1997.*

F. h. r.

**Árni Kolbeinsson.**

*Þórður Eyþórsson.*

## REGLUGERÐ

### um prófnefnd váttryggingamiðlara, námskeið og próf til þess að mega stunda miðlun váttrygginga.

#### I. KAFLI

##### Prófnefnd.

###### 1. gr.

Ráðherra váttryggingamála skipar nefnd, prófnefnd váttryggingamiðlara, til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti þrír menn og jafnmargir til vara, allir sérfróðir um váttryggingamál. Ráðherra velur formann en nefndin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Nefndin getur ráðið sér starfsmann.

###### 2. gr.

Hlutverk prófnefndar er að hafa yfirumsjón með og ákveða tilhögun námskeiða fyrir væntanlega váttryggingamiðlara, þ.m.t. að ákveða námsgreinar og prófkröfur, láta semja kennsluskrá, útbúa kennsluefni og ráða leiðbeinendur. Nefndin getur falið öðrum aðila námskeiðshaldið.

###### 3. gr.

Prófnefnd heldur gerðabók. Í hana skal færa ákvarðanir nefndarinnar og niðurstöður prófa.

#### II. KAFLI

##### Námskeið og próf.

###### 4. gr.

Námskeið skal að jafnaði halda annað hvert ár. Þó er eigi skylt að halda námskeið nema a.m.k. 10 þátttakendur hafi staðfest þátttöku sína með greiðslu staðfestingargjalds. Prófnefnd ákveður það efni sem prófað er úr og hvernig því efni er skipt upp á námshluta. Til grundvallar ákvörðun sinni hefur prófnefnd til hliðsjónar að væntanlegir váttryggingamiðlarar skuli búa yfir þekkingu í eftirtöldum námsgreinum:

1. Almenn atriði.
  - 1.1 Kynning. Saga. Skilgreining hugtaka.
  - 1.2 Bókhald. Skattareglur.
  - 1.3 Félagaréttur.
  - 1.4 Sölu- og markaðsfræði. Samskiptatækni.
  - 1.5 Starfsskyldur váttryggingamiðlara. Neytendaréttur.
  - 1.6 Framkvæmd váttryggingamiðlunar.
2. Almenn lögfræði.
  - 2.1 Lög um váttryggingastarfsemi.
  - 2.2 Lög um váttryggingarsamninga.
  - 2.3 Skaðabótaréttur.
  - 2.4 Bótaúrræði. Almannatryggingar. Lífeyrissjóðir.
  - 2.5 Samningaréttur.
  - 2.6 Bótaábyrgð váttryggingamiðlara. Refsilöggjöf.

3. Vátryggingagreinar.
  - 3.1 Sjúkra- og slysatryggingar.
  - 3.2 Líftryggingar.
  - 3.3 Almennar ábyrgðartryggingar.
  - 3.4 Eignatryggingar.
  - 3.5 Ökutækjatryggingar.
  - 3.6 Skipatryggingar. Flugvélatryggingar.
  - 3.7 Farmtryggingar.
4. Önnur atriði.
  - 4.1 Áhættumat. Áhættumeðferð.
  - 4.2 Tjónsuppgjör.
  - 4.3 Iðgjaldaákvörðun. Ágrip af tryggingastærðfræði.
  - 4.4 Fjármagnsmarkaðurinn. Ávöxtun fjármagns.

Heimilt er prófnefnd að færa námsgreinar á milli hluta svo og að bæta einni grein við hvern námshluta eða fækka um eina grein. Telji nefndin nauðsyn á frekari tilfærslu eða endurskoðun námsgreina skal hún leita samþykkis ráðherra vátryggingamála.

#### 5. gr.

Heimilt er prófnefnd að ákveða að raunhæf verkefni sem tengjast námsgrein/námsgreinum í viðkomandi námshluta verði lögð fyrir nemendur. Er nefndinni heimilt að ákveða að vægi verkefna í heildareinkunn hverrar námsgreinar sé allt að 30%. Skal nefndin gera grein fyrir vægi verkefna í hverri námsgrein í upphafi hvers námskeiðs.

#### 6. gr.

Heimilt er prófnefnd að veita lögfræðingum undanþágu frá prófi í greinum 1.3, 2.3, 2.5 og 2.6 og viðskiptafræðingum/hagfræðingum í greinum 1.2, 1.4 og 4.4.

Þá er prófnefnd heimilt að veita þátttakanda, sem um það sækir, undanþágu frá því að þreyta próf í einstökum námsgreinum. Skilyrði slíkrar undanþágu er að þátttakandi framvísi vottorði frá viðurkenndri menntastofnun um að hann hafi staðist sambærilegar námskröfur og gerðar eru til þátttakenda á námskeiðinu að mati prófnefndar.

Þátttaka í námskeiðinu án próftöku er heimil, að fengnu samþykki prófnefndar, gegn greiðslu staðfestingargjalds og kennslugjalds sbr. 9. gr. Slík þátttaka veitir ekki starfsréttindi né réttindi til próftöku síðar.

#### 7. gr.

Próf skulu að öllu jöfnu haldin þegar yfirferð er lokið í hverjum námshluta fyrir sig. Skal próftími vera þrjár klukkustundir úr hvorum námshluta 1 og 4 og tvö próf úr hvorum námshluta 2 og 3 og skal hvert um sig standa yfir í þrjár klukkustundir. Vægi einstakra námsgreina á prófi skal tilkynnt a.m.k. 7 virkum dögum fyrir próf.

Til þess að standast próf skal þátttakandi hljóta einkunnina 5,0 að lágmarki úr hverju prófi fyrir sig og að lágmarki 7,0 í samanlagðri meðaleinkunn. Gefa skal einkunnir með einum aukastaf.

#### 8. gr.

Prófnefnd er skylt að gangast fyrir sjúkraprófi hafi þátttakandi ekki getað sótt próf vegna veikinda. Skal hann framvísa læknisvottorði vegna veikindanna.

Prófnefnd er heimilt að halda sérstakt upptökupróf fyrir þá þátttakendur sem ekki ná tilskildri lágmarkseinkunn. Ef slíkt próf er ekki haldið er þeim heimilt að þreyta próf úr viðkomandi námshlutum næst þegar próf eru haldin.

### III. KAFLI Námskeiðsgjöld o.fl.

#### 9. gr.

Ráðherra ákveður að fenginni tillögu prófnefndar námskeiðsgjöld. Þau skiptast í staðfestingargjald, kennslugjald og prófgjald.

Staðfestingargjald greiðir þátttakandi er hann skráir sig á námskeiðið og er það óafturkræft þótt hann hætti við þátttöku. Gjaldið endurgreiðist honum ef ekki verður af námskeiðinu.

Kennslugjald greiðir þátttakandi eigi síðar en 7 virkum dögum eftir að kennsla hefst. Kennslugjald endurgreiðist hlutfallslega miðað við tilkynningu um brottfall úr námskeiði.

Prófgjald greiðir þátttakandi eigi síðar en 7 virkum dögum fyrir hvert próf. Skal þátttakanda óheimil seta á prófi nema hann hafi staðið skil á prófgjaldi. Þeir er fengið hafa undanþágu frá prófi í einstökum greinum, sbr. 6. gr., skulu greiða hlutfallslegt prófgjald.

Við ákvörðun námskeiðsgjalda skal miða við að nemendur greiði allan kostnað af námskeiði og prófi.

#### 10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 81. gr. og 98. gr. laga nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi með síðari breytingum og öðlast hún þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytinu, 5. júní 1997.*

**Finnur Ingólfsson.**

*Halldór J. Kristjánsson.*

## REGLUGERÐ um miðlun váttrygginga.

### Almenn ákvæði.

#### 1. gr.

Reglugerð þessi gildir um miðlun váttrygginga. Í því felst m.a.:

1. að undirbúa samninga um váttryggingu,
2. gerð slíkra samninga,
3. aðstoð við framkvæmd á slíkum samningum, einnig þegar krafa um váttryggingabætur er sett fram.

Með váttryggingamiðlara í reglugerð þessari er átt við einstakling eða lögaðila sem stundar váttryggingamiðlun.

#### 2. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar eiga ekki við um starfsemi sem rekin er í umboði einstakra váttryggingafélaga og þegar gert er samkomulag við váttryggingafélag eða -félög sem takmarkar heimildir til miðlunar til annarra váttryggingafélaga.

Ákvæði reglugerðar þessarar eiga ekki við um starfsemi þar sem einungis fer fram tjónsuppgjör eða ráðgjöf á váttryggingasviði án þess að jafnframt sé starfað við að koma á váttryggingasamningum í frumtryggingum.

Þegar við á eiga ákvæði reglugerðar þessarar við um starfsemi váttryggingasöllumanna sem eru í þjónustu váttryggingamiðlara.

Leiki vafi á um hvort starfsemi falli undir ákvæði laga um váttryggingastarfsemi og reglugerðar þessarar, sker ráðherra váttryggingamála úr.

## 3. gr.

Sá einn má nota heitið váttryggingamiðlari sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi eða hefur verið skráður í váttryggingamiðlaraskrá.

Skilyrði starfsleyfis lögaðila er að framkvæmdastjóri uppfylli skilyrði til að fá starfsleyfi sem váttryggingamiðlari.

Starfsleyfi váttryggingamiðlara í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins telst jafngilda starfsleyfi hér á landi enda séu uppfyllt skilyrði laga um váttryggingastarfsemi og reglugerðar þessarar. Váttryggingamiðlari með starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu sem hyggst starfa hér á landi skal skráður hjá Váttryggingaeftirlitinu. Kröfum um þekkingu og starfsreynslu skal talið fullnægt séu uppfyllt ákvæði 9. gr. eftir því sem við getur átt. Sé starfsemin ekki háð starfsleyfi í heimaríkinu skal váttryggingamiðlari sækja um starfsleyfi og gilda þá sömu reglur og um innlenda váttryggingamiðlara.

## 4. gr.

Einungis má miðla frumtryggingum til váttryggingafélaga sem hafa starfsleyfi hér á landi. Starfsleyfi váttryggingafélags í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins telst jafngilda starfsleyfi hér á landi enda séu uppfyllt skilyrði laga um váttryggingastarfsemi varðandi heimildir til stofnunar útibús eða til að veita hér þjónustu.

## 5. gr.

Váttryggingaeftirlitið hefur eftirlit með miðlun váttrygginga hér á landi. Þeim er stunda þá starfsemi er skylt að veita eftirlitinu allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að framfylgja eftirliti með starfseminni, þar á meðal allar upplýsingar sem það óskar um váttryggingasamninga sem þeir hafa komið á vegna váttryggingaáhættu hér á landi. Váttryggingaeftirlitinu er heimilt að gera vettvangskönnun í því skyni þegar þörf er á.

**Starfsleyfi. Hæfiskröfur.**

## 6. gr.

Skrifleg umsókn um starfsleyfi einstaklings sem váttryggingamiðlara skal send viðskiptaráðuneytinu. Eftirfarandi skal koma fram eða fylgja umsókn:

1. Nafn, fæðingardagur og ár, kennitala og lögheimili.
2. Heiti greinaflokka váttrygginga sem miðla á, sbr. 22. og 23. gr. laga um váttryggingastarfsemi, eða skaðatryggingar, persónutryggingar (líf-, sjúkra- og slysatryggingar) eða frumtryggingar í heild.
3. Upplýsingar um þekkingu og starfsreynslu á sviði váttrygginga og tengdum sviðum eða skirteini gefið út af lögbærum yfirvöldum eða þar til bærum aðilum um þá þekkingu sem umsækjandi býr yfir til starfans.
4. Staðfesting á lögræði, óflekkuðu mannorði og að umsækjandi hafi ekki á síðustu fimm árum verið úrskurðaður gjaldþrota eða í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld, svo og löggjöf um váttryggingastarfsemi.
5. Yfirlýsing umsækjanda um sjálfstæði gagnvart einstökum váttryggingafélögum og að fjárhagsleg tengsl séu engin við váttryggingafélög, sem miðlað er til vegna eignaraðildar eða hagsmuna annarra en þeirra sem tengjast þeim váttryggingasamningum sem komið er á.
6. Greinargerð um tengsl við einstök váttryggingafélög og félög í þeirra eigu.
7. Vottorð um gilda starfsábyrgðartryggingu, skilmálar hennar og heiti og aðsetur hlutaðeigandi váttryggingafélags.

## 7. gr.

Umsækjandi um starfsleyfi skal leggja fram vottorð gefið út af til þess bæru yfirvaldi í dóms- eða stjórnkerfi heimaríkis eða upprunaríkis hans, er sanni að ákvæði 4. tl. 6. gr. séu uppfyllt.

Séu skjöl af því tagi sem tilgreind eru í 1. mgr. ekki gefin út í heimaríki umsækjanda getur eiðsvarin yfirlýsing komið í staðinn eða yfirlýsing að viðlögðum drengskap sem hlutaðeigandi gefur til þess bæru yfirvaldi í dóms- eða stjórnkerfi eða lögbókanda og staðfest skal af þeim. Slík yfirlýsing gefin ráðuneytinu skal tekin gild hér á landi.

Skjöl gefin út samkvæmt 1. mgr. mega ekki vera eldri en þriggja mánaða talið frá útgáfudegi þegar þau eru lögð fram.

Staðfesting af til þess bærum aðilum á Evrópska efnahagssvæðinu skal tekin gild hér á landi.

## 8. gr.

Skrifleg umsókn lögaðila um starfsleyfi sem váttryggingamiðlari skal send viðskiptaráðuneytinu. Eftirfarandi skal koma fram eða fylgja umsókn:

1. Heiti og lögheimili lögaðilans og vottorð um firmaskráningu, nöfn stjórnarmanna og framkvæmdastjóra ásamt fæðingardegi og ári eða kennitölu og lögheimili hvers þeirra.
2. Gögn samkvæmt 2. tl. og 5. tl. - 7. tl. 6. gr.
3. Gögn samkvæmt 1. tl. og 3. tl. - 6. tl. 6. gr. um framkvæmdastjóra lögaðilans.

## 9. gr.

Umsækjandi um starfsleyfi sem váttryggingamiðlari telst því aðeins fullnægja kröfum um þekkingu og starfsreynslu uppfylli hann eitt eftirtalinna skilyrða:

1. Hafi starfað í stjórnunarstöðu samfelld í fjögur ár við miðlun váttrygginga.
2. Hafi starfað í stjórnunarstöðu samfelld í tvö ár við miðlun váttrygginga og hafi starfað í þrjú ár með váttryggingaumboðsmönnum eða váttryggingamiðlurum eða hjá váttryggingafélögum.
3. Hafi starfað í stjórnunarstöðu samfelld í eitt ár við miðlun váttrygginga og leggi fram skírteini um að hann hafi hlotið menntun til starfans sem viðurkennd er af stjórnvöldum.
4. Hafi starfað í stjórnunarstöðu samfelld í fjögur ár í váttryggingafélagi eða annars staðar á sviði váttrygginga.
5. Leggi fram prófskírteini þess efnis að hann hafi lokið prófi á námskeiði í váttryggingamiðlun hér á landi sem haldið hefur verið á vegum prófnefndar sem skipuð hefur verið af ráðherra.

Með starfi í stjórnunarstöðu skv. 1. - 4. tölul. er átt við starf framkvæmdastjóra, útibússtjóra eða fulltrúa þeirra með sambærilegri ábyrgð. Sama gildir hafi það heyrnt undir störf einstaklings í váttryggingafélagi að hafa umsjón með umboðsmönnum eða eftirlit með starfi þeirra. Störfum á váttryggingasviði sem tilgreind eru í 2. tölul. 1. mgr. skal hafa fylgt ábyrgð í sambandi við öflun, umsjá eða framkvæmd váttryggingasamninga.

Eigi skulu hafa liðið meira en tíu ár síðan störfum eða námi sem tilgreind eru í 1. - 5. tölul. 1. mgr. lauk, þegar sótt er um starfsleyfi.

## 10. gr.

Viðskiptaráðuneytið sendir Váttryggingaeftirlitinu umsókn um starfsleyfi til umsagnar. Umsögn Váttryggingaeftirlitsins skal send ráðuneytinu innan mánaðar frá móttöku umsóknar og allra gagna sem fylgja eiga umsókn. Séu skilyrði leyfis uppfyllt veitir ráðherra váttryggingamála starfsleyfi.

Neitun um starfsleyfi skal rökstudd og tilkynnt umsækjanda skriflega.

## 11. gr.

Vátryggingamiðlari er hyggt taka upp nýjan greinaflokk vátrygginga skal sækja um leyfi til viðskiptaráðuneytisins fyrir hinni nýju starfsemi. Í umsókn skal koma fram hvaða greinaflokka er fyrirhugað að taka upp og gögn er sanni að gild starfsábyrgðartrygging sé fyrir hendi. Afgreiðsla umsóknarinnar fer samkvæmt 10. gr.

## 12. gr.

Heimilt er vátryggingamiðlara að leggja inn til ráðuneytisins starfsleyfi sitt. Óheimilt er honum að segja upp starfsábyrgðartryggingu sinni fyrr en að fenginni staðfestingu ráðuneytisins á innlögn leyfisins. Leyfisins getur hann vitjað aftur gegn framvísun staðfestingar á gildri starfsábyrgðartryggingu.

Ráðuneytið skal tilkynna Vátryggingaeftirlitinu um innlögn leyfis og jafnframt þegar leyfi er afhent að nýju. Vátryggingaeftirlitið skal skrá afgreiðslu þessa í vátryggingamiðlaraskrá og birta tilkynningu þessa efnis í Lögbirtingablaði.

**Skráning.**

## 13. gr.

Vátryggingaeftirlitið skal halda skrá, vátryggingamiðlaraskrá, yfir þá sem leyfi hafa til vátryggingamiðlunar hér á landi. Sá sem fengið hefur starfsleyfi skal þegar í stað skráður í skrána og í aðra opinbera skrá ef fyriræli eru um slíkt í lögum.

Vátryggingamiðlari með starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu sem hyggt starfa hér á landi skal óska skráningar í vátryggingamiðlaraskrá.

Eftirfarandi atriði skulu skráð:

1. Nafn, fæðingardagur og ár, kennitala, lögheimili og aðsetur vátryggingamiðlara.
2. Útgáfudagur starfsleyfis.
3. Greinaflokkar vátrygginga sem heimilt er að miðla.
4. Tengsl við einstök vátryggingafélög og félög í eigu þeirra.
5. Nafn og aðsetur þess vátryggingafélags er veitir lögboðna starfsábyrgðartryggingu og gildistími, vátryggingafjárhæð og eigin áhætta.
6. Þegar við á nöfn, fæðingardagar og ár, kennitölur og heimili stjórnarmanna og framkvæmdastjóra.
7. Innlögn starfsleyfis og endurútgáfa samkvæmt 12. gr.

Allar breytingar varðandi atriði sem skráð eru í vátryggingamiðlaraskrá skulu tilkynntar til Vátryggingaeftirlitsins eins fljótt og unnt er og eigi síðar en mánuði eftir að þær hafa tekið gildi.

Almenningi skal heimill aðgangur að vátryggingamiðlaraskrá.

## 14. gr.

Birta skal í Lögbirtingablaði tilkynningar um skráningu í vátryggingamiðlaraskrá og árlega skrá um þá sem skráðir eru.

Verði skráning felld niður skal þegar í stað má nafn leyfishafa úr skránni og tilkynna í Lögbirtingablaði.

**Starfshættir.**

## 15. gr.

Vátryggingamiðlari skal veita ráðgjöf og aðstoð á hlutlægan hátt um þá valkosti í vátryggingum sem í boði eru á vátryggingamarkaði og samrýmast vátryggingaþörf þeirra sem hann starfar fyrir.

Sé verulegum hluta iðgjaldamagns á einhverju ári miðlað til eins og sama vátryggingafélags skulu Vátryggingaeftirlitinu skýrðar ástæður þess.

Skylt er að upplýsa váttryggingataka sem starfað er fyrir um hvers konar tengsl við einstök váttryggingafélög sem áhrif gætu haft á ráðgjöf og aðstoð við váttryggingatakann.

Skilyrði starfsleyfis teljast brostin, sé gert samkomulag við váttryggingafélag er skerðir frelsi til miðlunar til annarra félaga.

#### 16. gr.

Í skriflegum samningi váttryggingamiðlara við þann sem falast eftir váttryggingu skal koma fram í hverju umboð hans felst, hversu víðtækt það er og til hvaða þátta á starfsviði hans það nær. Samningurinn má vera í formi staðlaðs umboðs eða yfirlýsingar. Einnig skal koma fram hvort heimilt er að taka við fjármunum fyrir hönd umbjóðenda og um skil á þeim.

Skylt er að upplýsa þá sem starfað er fyrir um þóknun frá váttryggingafélagi vegna viðskiptanna sé þess óskað. Váttryggingamiðlari má ekki taka við þóknun af neinu tagi frá váttryggingafélagi nema vegna váttryggingasamninga sem komið hefur verið á milli váttryggingafélagsins og váttryggingataka.

Upplýsa skal þá sem starfað er fyrir um það sem í boði er hjá félögum sem miðlað er til, og um valmöguleika almennt á váttryggingamarkaðnum á því sviði váttrygginga sem þjónustu er leitað.

#### 17. gr.

Hafi váttryggingasamningur komist á er váttryggingamiðlara heimilt að taka við iðgjöldum fyrir hönd váttryggingafélags eða fulltrúa þess samkvæmt skriflegu samkomulagi. Í samkomulaginu skal m.a. skýrt kveðið á um skil váttryggingamiðlarans á iðgjöldum til félagsins og tímamörk. Váttryggingamiðlara er skylt að halda fjármunum þessum aðgreindum frá eigin fjármunum. Skulu þeir varðveittir á sérstökum bankareikningi, vörslufjárreikningi. Heimilt er að féð sé varðveitt á fleiri reikningum svo sem með sundurgreiningu á einstök váttryggingafélög eða á annan hátt.

#### 18. gr.

Auglýsingar og gögn ætluð almenningi skulu veita hlutlægar upplýsingar um þá þjónustu sem veitt er og hlutleysis skal gætt gagnvart einstökum váttryggingafélögum. Í þeim má ekkert koma fram sem talist getur í andstöðu við kröfu um sjálfstæði váttryggingamiðlara gagnvart vali á einstökum váttryggingafélögum. Hlutleysis er ekki gætt ef váttryggingamiðlari auglýsir einstök váttryggingafélög.

### **Tilkynningar og skil á gögnum.**

#### 19. gr.

Váttryggingamiðlari skal senda Váttryggingaefirlitinu ársreikning endurskoðaðan af lög-giltum endurskoðanda eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs. Ársreikningurinn skal undirritaður af váttryggingamiðlara og af stjórn og framkvæmdastjóra þegar um lögaðila er að ræða.

#### 20. gr.

Ársreikningi skal fylgja skrá yfir þau váttryggingafélög sem miðlað er til vegna váttryggingaáhættu hér á landi ásamt iðgjaldamagni og þóknun frá hverju félagi vegna váttryggingasamninga sem komið hefur verið á, með skiptingu á greinaflokka váttrygginga. Einnig skal fylgja greinargerð um önnur tengsl við váttryggingafélög.

#### 21. gr.

Váttryggingamiðlari skal láta Váttryggingaefirlitinu í té sýnishorn af formi umboða og annarra samninga sem gerðir eru við váttryggingataka og váttryggingafélög vegna starfa á sviði váttryggingamiðlunar.



## 22. gr.

Vátryggingamiðlari skal þegar í stað tilkynna Vátryggingaeftirlitinu verði gerð skaðabótakrafa vegna starfa hans og um efni og fjárhæð kröfunnar.

**Eftirlitsgjald.**

## 23. gr.

Þeir sem heimild hafa til miðlunar vátrygginga hér á landi skulu árlega greiða til Vátryggingaeftirlitsins 0,033% af iðgjaldamagni sem miðlað er til vátryggingafélaga á því ári vegna vátryggingaáhættu hér á landi, þó eigi lægri fjárhæð en 25.000 kr., vegna kostnaðar sem eftirlit með starfseminni hefur í för með sér. Hafi vátryggingamiðlari sem starfar hjá lögaðila ekki stundað sjálfstæða starfsemi á árinu fellur eftirlitsgjald hans niður. Gjaldið ber að greiða til Vátryggingaeftirlitsins innan mánaðar frá lokum almanaksárs vegna starfseminnar á árinu á undan.

Vátryggingaeftirlitið getur gert leyfishafa að greiða kostnað samkvæmt reikningi vegna sérstakra kannana sem það telur nauðsynlegt að framkvæma vegna eftirlits með starfsemi hans.

**Sérstakar ráðstafanir.**

## 24. gr.

Vanræki vátryggingamiðlari gróflega skyldur sínar, greiði ekki eftirlitsgjaldið, samrýmist starfsemin ekki hlutverki hans sem vátryggingamiðlara eða séu skilyrði starfsleyfis eða skráningar ekki lengur uppfyllt skal Vátryggingaeftirlitið afturkalla starfsleyfi og fella niður skráningu. Þó er heimilt, telji Vátryggingaeftirlitið það fullnægjandi, að veita viðvörðun eða frest til úrbóta því sem úrskaiðis hefur farið. Ráðherra skal staðfesta afturköllun starfsleyfis innan 7 daga.

Sé skráningarskyld starfsemi rekin án heimildar skal Vátryggingaeftirlitið gera ráðstafanir til að slíkri starfsemi verði hætt.

**Ýmis ákvæði.**

## 25. gr.

Handhafar óskilyrts bráðabirgðastarfsleyfis skv. reglugerð um miðlun vátrygginga nr. 473/1994 geta sótt um endurnýjun á bráðabirgðastarfsleyfi þar til uppfyllt eru skilyrði um fullt starfsleyfi skv. 9. gr. Hið sama á við um handhafa skilyrts bráðabirgðastarfsleyfis þó þannig að þeir skulu hlíta þeim skilyrðum sem sett voru við starfsleyfisveitingu á grundvelli reglugerðar um miðlun vátrygginga nr. 473/1994.

## 26. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar fésektum eða varðhaldi nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

## 27. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 52. gr., 81. gr., 85. gr. og 98. gr. laga um vátryggingastarfsemi nr. 60/1994 með síðari breytingum öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um miðlun vátrygginga, nr. 473/1994, og reglugerð nr. 656/1994, um breytingu á þeirri reglugerð.

*Viðskiptaráðuneytinu, 5. júní 1997.*

**Finnur Ingólfsson.**

*Halldór J. Kristjánsson.*

## REGLUGERÐ

### um váttryggingarskyldu vegna miðlunar váttrygginga.

#### 1. gr.

Þeir sem hyggjast stunda miðlun váttrygginga skulu leggja fram vottorð um gilda starfsábyrgðartryggingu sem bætir það tjón sem kann að hljótast vegna starfsemi þeirra og þeir eru bótaskyldir fyrir.

#### 2. gr.

Starfsleyfi til miðlunar váttrygginga er háð því skilyrði að í gildi sé starfsábyrgðartrygging hjá váttryggingafélagi sem hefur leyfi til starfsemi hér á landi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að leggja fram samsvarandi bankaábyrgð í stað váttryggingar enda veiti hún sambærilega vermd að mati viðskiptaráðuneytis.

Váttryggingafjárhæð skal miðuð við þá áhættu sem í starfseminni felst, en skal að lágmarki nema eftirtöldum fjárhæðum vegna tjóna sem valdið er af gáleysi innan hvers váttryggingarárs:

1. 25 milljónum kr. þegar starfað er á sviði persónutrygginga.
  2. 150 milljónum kr. sé starfað við miðlun greinaflokka sem teljast til stóráhættu samkvæmt lögum um váttryggingastarfsemi að greiðsluváttryggingum undanteknum, eða í atvinnurekstri þar sem eru fleiri en 100 ársverk.
  3. 50 milljónum kr. í öðrum váttryggingum en þeim sem tilgreindar eru í tölulíðum 1 og 2.
- Sé starfað á fleiri en einu sviði samkvæmt 1.-3. tölul. 3. mgr., gildir sú lágmarksfjárhæð sem hæst er.

Váttryggingaeftirlitið getur gert kröfu um að váttryggingafjárhæðir séu hærri en segir í 3. mgr. telji eftirlitið það nauðsynlegt vegna umfangs og eðlis starfseminnar og skal slík krafa rökstudd.

#### 3. gr.

Váttryggingin skal greiða bætur vegna tjóns sem tjónþoli verður fyrir vegna miðlunar váttrygginga og valdið er af gáleysi. Váttryggingafélagi er heimilt að undanskilja ábyrgð sína vegna tjóns sem valdið er af stórkostlegu gáleysi.

Heimilt er að áskilja sjálfsáhættu váttryggingataka í váttryggingaskilmálum en slíkt ákvæði má ekki skerða réttarstöðu þriðja manns. Sjálfsáhættu skal getið í váttryggingaskilmálum, skírteini eða iðgjaldskvittun. Heimilt er að semja svo um að váttryggingafélag greiði ekki sjálfsáhættu til þriðja manns ef váttryggingataki leggur fram bankaábyrgð sem Váttryggingaeftirlitið samþykkir. Samþykki Váttryggingaeftirlitsins skal háð þeim skilyrðum að komi til greiðslu úr váttryggingunni greiði viðkomandi banki sjálfsáhættuna skilyrðislaust út til þriðja aðila og að bankaábyrgðin nemi á hverjum tíma fimmfaldri fjárhæð sjálfsáhættu.

Váttryggingin skal taka til miðlunar váttrygginga hvar sem er innan hins Evrópska efnahagssvæðis nema um annað hafi verið samið sérstaklega.

#### 4. gr.

Falli starfsábyrgðartrygging úr gildi skal hlutaðeigandi váttryggingafélag tilkynna það váttryggingataka og Váttryggingaeftirlitinu þegar í stað. Váttryggingartímabili telst ekki lokið fyrr en liðnir eru 4 dagar frá því að váttryggingafélagið tilkynnti Váttryggingaeftirlitinu og váttryggingataka sannanlega um lok váttryggingar. Að liðnum nefndum 4 daga fresti telst leyfi til váttryggingamiðlunar fallið úr gildi, nema önnur fullnægjandi starfsábyrgðartrygging hafi verið keypt.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um bankaábyrgð sem heimiluð er samkvæmt 2. mgr. 2. gr. eða 2. mgr. 3. gr.

Breytingar á váttryggingaskilmálum starfsábyrgðartryggingar skulu sendar Váttrygginga-  
eftirlitinu áður en þær taka gildi.

## 5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 81. og 98. gr. laga nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi með síðari breytingum og öðlast hún þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytinu, 5. júní 1997.*

**Finnur Ingólfsson.**

*Halldór J. Kristjánsson.*

Nr. 353

12. júní 1997

## REGLUGERÐ

**um starfshætti þeirra sem annast löggildingar  
mælitækja í umboði Löggildingarstofu.**

### Gildissvið.

## 1. gr.

Þeir sem annast löggildingar mælitækja í umboði Löggildingarstofu, þar með taldar bráðabirgðalöggildingar, skulu uppfylla ákvæði reglugerðar þessarar.

### Skilgreiningar.

## 2. gr.

*Ábyrgðarmaður mælitækis:* Ábyrgðarmaður mælitækis er eigandi þess eða sá sem hann tilnefnir.

*B-faggilding þjónustuverkstæða:* B-faggilding á sviði löggildinga er faggilding sem framkvæmd er í samræmi við ákvæði reglugerðar um starfsemi þjónustuverkstæða með B-faggildingu til bráðabirgðalöggildinga í umboði Löggildingarstofu.

*Bráðabirgðalöggildingarmiði:* Bráðabirgðalöggildingarmiði er miði sem festur er á mælitæki og sýnir að það hafi bráðabirgðalöggildingu með takmarkaðan gildistíma. Útlit og málsetningar miðans koma fram í viðauka I við reglugerð þessa. Á honum kemur einnig fram hámarksgildistími bráðabirgðalöggildingar og faggildingarnúmer þjónustuverkstæðisins sem framkvæmir löggildinguna.

*Innsiglismerki:* Innsiglismerki er löggildingarhnappur eða límmiði sem notaður er til að innsigla mælitæki. Merkin eru þannig gerð að ekki er hægt að fjarlægja þau eftir að þeim hefur verið komið fyrir án þess að þau eyðileggist. Límmiðinn er með varanlegri áletrun þar sem fram kemur að hann er löginnsigli sem ekki má rjúfa. Útlit og málsetningar merkjanna koma fram í viðauka I við þessa reglugerð.

*Löggildingagjald:* Löggildingagjald er gjald sem prófunarstofur og aðilar sem hlotið hafa B-faggildingu greiða Löggildingarstofu fyrir umsjúlu með framkvæmd löggildinga á viðkomandi löggildingarsviði. Greitt er í samræmi við gjaldskrá Löggildingarstofu fyrir hverja löggildingu eða bráðabirgðalöggildingu.

*Löggildingarhnappur:* Löggildingarhnappur er hnappur eða flipi sem notaður er sem innsiglismerki. Hann er úr plasti eða mjúkum málm, sem notaður er með innsiglisvír eða -þráði sem innsiglismerki. Hnappurinn er notaður til að læsa saman innsiglisvírinn eða -þráðinn með því að klemma hnappinn utan um vírinn eða þráðinn með þar til gerðri innsiglistöng. Þegar hnappurinn er klemmdur saman er jafnframt þrykkt í hann löggildingartákni sem sýnir að mælitæki sem ber hann hefur verið löggilt.

*Löggildingarhæfi:* Löggildingarhæfi er staðfesting á að mælitæki sé hæft til að hljóta löggildingu. Undanfari þess er skoðun og prófun mælitækis til staðfestingar þess að það uppfylli settar kröfur.

*Löggildingarmiði:* Löggildingarmiði er miði sem festur er á mælitæki og sýnir að það hafi verið löggilt. Á honum kemur fram að mælitækið sem ber hann sé löggilt og hámarks-gildistími löggildingarinnar og faggildingarnúmer prófunarstofu sem framkvæmdi löggildinguna. Útlit og málsetningar miðans koma fram í viðauka I við reglugerð þessa.

*Löggildingarsvið:* Löggildingar mælitækja skiptast í löggildingarsvið sem afmarkast af reglugerðum sem fjalla um einstakar gerðir mælitækja.

*Mæligrunnur:* Mæligrunnur er áþreifanlegur mælikvarði, mælitæki eða mælibúnaður til þess að skilgreina, varðveita eða birta einingu eða gildi eðlisfræðistærðar til þess að flytja þessa einingu eða stærð yfir á önnur mælitæki með samanburði.

*Prófun:* Prófun merkir tæknilega framkvæmd sem felur í sér ákvörðun á einu eða fleiri einkennum tiltekinnar vöru, ferlis eða þjónustu samkvæmt fyrir fram tilgreindum verklags-reglum.

*Prófunarstofa:* Faggilt prófunarstofa sem uppfyllir ákvæði reglugerðar um starfsemi faggiltra prófunarstofa nr. 351/1993. Hún skal hafa hlotið starfsleyfi Löggildingarstofu til að annast löggildingar mælitækja í umboði hennar.

*Þjónustugjald:* Þjónustugjald er gjald sem ábyrgðarmaður löggildingarskylds mælitækis greiðir prófunarstofu fyrir prófun og löggildinguna mælitækisins samkvæmt samningi.

### **Tæknilegar kröfur.**

3. gr.

Tæknileg framkvæmd löggildinga skal vera í samræmi við ákvæði í viðeigandi reglugerðum sem gilda um einstök löggildingarsvið þar sem tæknilegum kröfum til prófunarstofa, starfsmanna, búnaðar o.s.frv. er lýst.

### **Framkvæmd löggildingar.**

4. gr.

Prófunarstofa sem annast löggildingar skal hafa hlotið faggildinguna í samræmi við reglugerð um starfsemi faggiltra prófunarstofa nr. 351/1993 og nánari ákvæði í reglugerðum, sem settar eru með heimild í lögum um vog, mál og faggildinguna nr. 100/1992, um hvert löggildingarsvið fyrir sig.

Prófunarstofu er aðeins heimilt að löggilda þau mælitæki sem starfsleyfi hennar nær til og skal hún geta löggilt öll mælitæki sem falla undir viðkomandi löggildingarsvið. Prófunarstofu má faggilda til að annast löggildingar á fleiri en einu löggildingarsviði en ekki hluta af sviði.

Starfsvettvangur prófunarstofu er landið allt. Berist prófunarstofu ósk um löggildinguna mælitækis sem fellur undir löggildingarsvið hennar er henni ekki heimilt að hafna löggildinguna vegna landfræðilegrar staðsetningar mælitækisins eða af öðrum þeim sökum sem teljast þrengja starfssvið prófunarstofunnar. Hún skal framkvæma löggildinguna svo skjótt sem auðið er.

Þeir sem annast bráðabirgðalöggildingar skulu hafa faggildinguna í samræmi við reglugerð um starfsemi þjónustuverkstæða með B-faggildinguna til bráðabirgðalöggildinga í umboði Löggildingarstofu.

Aðilar með B-faggildinguna mega eingöngu löggilda þau mælitæki sem tilgreind eru í starfsleyfi þeirra.

### **Bráðabirgðalöggilding.**

5. gr.

Skilyrði fyrir því veita megi löggildingarskyldu mælitæki bráðabirgðalöggildinguna eru eftirfarandi:

- a) Stöðva þarf framleiðslu eða vinnslu ef mælitæki sem notað er hefur ekki gilda löggildingu, og
- b) prófunarstofa getur ekki framkvæmt löggildinguna nægilega skjótt.

Bráðabirgðalöggildingin skal tilkynnt Löggildingarstofu samstundis. Sá sem framkvæmir bráðabirgðalöggildingar skal hafa hlotið B-faggildingu. Bráðabirgðalöggilding gildir í allt að mánuð.

#### **Hæfniskröfur.**

6. gr.

Hæfniskröfum starfsmanna prófunarstofu og aðila með B-faggildingu er lýst í viðkomandi sérreglugerðum.

#### **Starfsleyfi.**

7. gr.

Prófunarstofa sem starfar við löggildingar mælitækja skal hafa starfsleyfi frá Löggildingarstofu. Til að öðlast starfsleyfi þarf hún að uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

- a) Prófunarstofan skal vera faggilt til að framkvæma þær prófanir og skoðanir sem nauðsynlegar eru til að staðfesta löggildingarhæfi mælitækja á viðkomandi löggildingarsviði.
  - b) Prófunarstofan skal geta annast frumsannprófanir í samræmi við kröfur í sérreglugerðum.
  - c) Prófunarstofan skal hafa í föstu starfi, tæknilegan stjórnanda sem uppfyllir hæfniskröfur sem settar eru fram í viðeigandi sérreglugerðum. Tæknilegur stjórnandi ber tæknilega ábyrgð á framkvæmd löggildinga.
  - d) Prófunarstofan skal hafa nægilegan fjölda fastra starfsmanna með fullnægjandi menntun, þekkingu og reynslu til að annast löggildingar. Þeir skulu uppfylla hæfniskröfur sem settar eru fram í viðkomandi sérreglugerðum.
  - e) Prófunarstofan skal hafa yfir að ráða þeim mælitækjum og búnaði sem nauðsynlegur er til að löggilda viðkomandi mælitæki og sem lýst er í viðeigandi sérreglugerðum. Mælitækjum og búnaði skal haldið í góðu ástandi auk þess sem mælitæki skulu kvörðuð.
  - f) Mæligrunnar og mælitæki sem prófunarstofan notar við löggildingar skulu vera kvörðuð og skal kvörðunin vera rekjanleg til landsmæligrunna á Íslandi. Tryggt skal að nákvæmni þeirra sé innan marka sem sett eru í viðkomandi sérreglugerðum.
  - g) Prófunarstofan skal taka þátt í þeim samanburðarskoðunum og samvinnuverkefnum sem Löggildingarstofa ákveður og ber eigin kostnað vegna þessa.
  - h) Prófunarstofan skal senda Löggildingarstofu upplýsingar um allar löggildingar sem hún framkvæmir ásamt nauðsynlegum skýrslum.
  - i) Prófunarstofan skal greiða löggildingargjald til Löggildingarstofu fyrir hverja löggildingu sem hún framkvæmir.
  - j) Prófunarstofa skal tilkynna Löggildingarstofu um löggildingaskyld mælitæki sem ekki uppfylla kröfur um löggildingarhæfi.
  - k) Tilkynna skal Löggildingarstofu samstundis um bráðabirgðalöggildingu.
- Ofangreind ákvæði gilda einnig, eftir því sem við á, um aðila sem hafa B-faggildingu. Í starfsleyfi aðila með B-faggildingu skal tilgreina hvaða mælitæki þeir hafa heimild til að löggilda.

#### **Bráðabirgðastarfsleyfi.**

8. gr.

Þegar aðili sækir í fyrsta sinn um starfsleyfi til að framkvæma löggildingar er hægt að veita honum starfsleyfi til bráðabirgða. Bráðabirgðastarfsleyfið gildir aldrei lengur en til eins

árs. Á þessum tíma getur hann löggilt tæki eins og um prófunarstofu væri að ræða. Aðili getur aðeins fengið bráðabirgðastarfsleyfi einu sinni fyrir hvert löggildingarsvið.

Þeir sem sækja um bráðabirgðastarfsleyfi skulu hafa komið upp nauðsynlegu gæðakerfi og verklagsreglum ásamt því að leggja fram áætlun um á hvern hátt þeir hyggjast nota aðlögunartímamann til að byggja upp starfsemi sína til að uppfylla öll þau ákvæði sem liggja til grundvallar fullu starfsleyfi.

Áður en bráðabirgðastarfsleyfi er veitt skal sá sem um starfsleyfið sækir hafa staðist forúttekt faggildingardeildar Löggildingarstofu.

### Leyfissvipting.

#### 9. gr.

Löggildingarstofa getur svipt prófunarstofu starfsleyfi ef skilyrði fyrir leyfisveitingu eru ekki lengur fyrir hendi. Sama á við ef prófunarstofan hlítir ekki fyrir mælum Löggildingarstofu eða faggildingardeildar hennar, vanrækir hlutverk sitt og skyldur eða sýnir af sér ítrekaða óvarkárni í starfi. Starfsleyfi fellur sjálfkrafa niður hafi prófunarstofan verið svipt faggildingu sinni.

Sömu skilyrði gilda einnig fyrir aðila með B-faggildingunum.

### Samskipti.

#### 10. gr.

Prófunarstofa skal hafa frumrit löggildingavottorða aðgengileg starfsmönnum Löggildingarstofu. Frumritin skulu undirrituð af ábyrgðarmanni mælitækis eða fulltrúa hans svo og þeim prófunarmanni sem ábyrgur er fyrir verkinu.

Upplýsingum um niðurstöður löggildinga skal skila til lögmælifræðideildar Löggildingarstofu mánaðarlega. Upplýsingunum skal skila á tölvutæku formi samkvæmt verklagsreglum Löggildingarstofu þar um. Í það minnsta skal eftirfarandi koma fram fyrir hvert löggilt mælitæki:

- a) Nafn, kennitala, aðsetur og símanúmer eiganda mælitækisins.
- b) Nafn, kennitala, aðsetur og símanúmer þess sem notar mælitækið ef hann er annar en eigandi þess.
- c) Kennistærðir mælitækisins, svo og raðnúmer.
- d) Niðurstaða prófunar.
- e) Hvenær löggilt var, svo og gildistími löggildingar.
- f) Löggildingarstaða mælitækis fyrir prófun.
- g) Hvort stilla þurfti mælitækið og hve mikið frávik var frá heimiluðu hámarksfráviki í slíku tilfalli.
- h) Beiðnir um löggildingar sem borist hafa.
- i) Staða verka.

#### 11. gr.

Í reglugerðum er kveðið á um þær upplýsingar sem skulu koma fram í prófunarskýrslum sem lagðar eru til grundvallar löggildingunum. Þessar upplýsingar skulu vera aðgengilegar starfsmönnum Löggildingarstofu.

#### 12. gr.

Ársfjórðungslega skal prófunarstofa afhenda Löggildingarstofu skýrslu þar sem tölfraðilegar upplýsingar um löggildingar síðastliðins ársfjórðungs eru lagðar fram. Skýrslan skal vera unnin í samræmi við verklagsreglur Löggildingarstofu þar að lútandi. Ársfjórðungar eru miðaðir við almanaksárið.

Árlega skal prófunarstofa afhenda Löggildingarstofu ársskýrslu í samræmi við verklagsreglur Löggildingarstofu þar að lútandi með ítarlegum tölfræðilegum upplýsingum um niðurstöður prófana og löggildinga síðastliðið ár.

### 13. gr.

Handhafi B-faggildingar sem löggildir mælitæki til bráðabirgða, skal skila Löggildingarstofu skýrslu þar að lútandi. Eftirfarandi skal koma fram:

- a) Hvaða mælitæki hafi hlotið bráðabirgðalöggildingu.
- b) Hvar það sé.
- c) Hver sé eigandi þess.
- d) Staðfesting um að búið sé að óska eftir löggildingu hjá prófunarstofu.

### Löggildingarmiðar og skýrslublöð.

#### 14. gr.

Útlit og málsetningar löggildingarmiða og innsiglimerkja eru skilgreindar í viðauka I við reglugerð þessa.

Skýrslublöð geta verið tvenns konar. Annars vegar löggildingarvottorð og hins vegar prófunarskýrslur þar sem skráðar eru niðurstöður prófana á mælitækinu. Útlit og innihald skýrslublaða skulu samþykkt af Löggildingarstofu.

### Innsigli.

#### 15. gr.

Eftir að löggildingarhæfi mælitækis hefur verið staðfest má löggilda það. Innsigla skal löggilt mælitæki með innsigli merki eða hnappi svo að ekki sé hægt breyta eiginleikum þeim sem áhrif hafa á löggildingarhæfi þess eftir því sem við á.

Löggildingarstofa lætur prófunarstofu eða aðilum með B-faggildingu í té löggildingarmót þau sem notuð eru til að marka í löggildingarhnappa. Ekki má nota önnur mót en þau sem Löggildingarstofa hefur látið í té.

### Heildaróvissa.

#### 16. gr.

Prófunarstofan skal sýna fram á að heildaróvissa við löggildingar sem hún annast eða ætlar sér að annast séu innan við þriðjung af leyfilegu hámarksfráviki mælitækisins. Prófunarstofan skal einnig sýna fram á að áhrifspættir svo sem umhverfisaðstæður geti ekki aukið heildaróvissuna upp fyrir leyfileg mörk.

### Málskot.

#### 17. gr.

Komi upp ágreiningur um úrskurð Löggildingarstofu um einhver atriði varðandi ákvæði eða beitingu þessarar reglugerðar, má skjóta málinu til ráðherra.

### Gildistaka.

#### 18. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um vog, mál og faggildingu nr. 100/1992 og öðlast gildi 1. júlí 1997.

*Viðskiptaráðuneytinu, 12. júní 1997.*

F. h. r.

**Halldór J. Kristjánsson.**

*Atli Freyr Guðmundsson.*

# Viðauki I

Útlit og málsetning löggildingarmiða, bráðabirgðalöggildingarmiða og innsiglimerkis skulu vera sem hér segir:



## LÖGGILT MÆLITÆKI

100% stærð 35 x 28 mm

## MERKI LÖGGILDINGARSTOFU Í LIT

Blár flötur:  
PANTON 286  
PROCESS-LITIR C 100% M 60% K 6%

Rauður flötur:  
PANTON 032  
PROCESS-LITIR M 91% Y 87%

Fáni í skjaldarmerki:  
Dekkri grár: K 55%  
Ljósari grár: K 40%

Letur:  
Berling Roman Condensed 80%



## BRÁÐABIRGÐA-LÖGGILDING

100% stærð 35 x 28 mm

Grunnur:  
Graduated hvítur að grænum (35% Cyan 84% Yellow)



## INNSIGLI

100% stærð 35 x 35 mm

Letur:  
Löggildingarstofa, Berling Roman Condensed 80% 10 pt  
Innsigli, Berling Roman Condensed 90% 11 pt

## SKJALDARMERKI einfaldað fyrir leturgrafara



Merkið er notað sem löggildingartákn eða innsigli.

100% stærð  
10 mm á hæð x 9 mm á breidd

Ekki er heimilt að nota merkin í öðrum litum eða hlutföllum.



# REGLUGERÐ

## um starfsemi þjónustuverkstæða með B-faggildingu.

### Gildissvið og skilgreiningar.

#### 1. gr.

Reglugerð þessi gildir um starfsemi þjónustuverkstæða sem veita löggildingarskyldum mælitækjum bráðabirgðalöggildingu í umboði Löggildingarstofu. Reglugerð þessi tekur mið af viðkomandi ákvæðum í ÍST EN 45000 staðlaröðinni.

Faggilding á þjónustuverkstæðum er takmörkuð að því leyti að verkstæðin þurfa ekki að fullnægja öllum skilyrðum sem gilda við hefðbundna faggildingu og nefnist hún því B-faggilding.

#### 2. gr.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér greinir:

*Þjónustuverkstæði:* Verkstæði sem hlotið hefur B-faggildingu á sviði bráðabirgða-löggildinga mælitækja og uppfyllir viðkomandi reglugerðir um löggildingar mælitækja.

*B-faggilding:* Aðferð sem Löggildingarstofa beitir til að veita formlega viðurkenningu á því að þjónustuverkstæði búi yfir nægjanlegri hæfni til að starfa samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

*Tæknilegur stjórnandi:* Yfirmaður á þjónustuverkstæði sem fullnægir hæfniskröfum viðkomandi reglugerða um löggildingar mælitækja og ber tæknilega ábyrgð á því að prófanir séu framkvæmdar í samræmi við settar reglur og að öllum kröfum um B-faggildingu sé fullnægt.

*Prófunarmaður:* Starfsmaður þjónustuverkstæðis sem uppfyllir hæfniskröfur viðkomandi reglugerða um löggildingar mælitækja og önnur skilyrði í öðrum reglugerðum um löggildingar.

### Reglur um stjórnun.

#### 3. gr.

Þjónustuverkstæði skal hafa skráða kennitölu og virðisaukaskattsnúmer, ástunda heiðarlega viðskiptahætti og viðhafa fagleg vinnubrögð. Á þjónustuverkstæði skal starfa maður sem er tæknilega ábyrgur fyrir því að löggilding sé gerð samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar og öðrum þeim reglum sem um starfsemi þessa fjalla. Starfsmaðurinn skal vera fastráðinn, heyra beint undir yfirstjórn verkstæðisins og hafa viðhlítandi starfsréttindi og reynslu.

Þjónustuverkstæði skal hafa skjalfesta lýsingu á þeirri starfsemi sem faggilt er.

### Sjálfstæði og ráðvendni.

#### 4. gr.

Við löggildingu mælitækja má prófunarmaður ekki þiggja afkastahvetjandi laun eða hliðstæðar greiðslur né hafa fjárhagslegan ávinning af niðurstöðum löggildinga eða á annan hátt vera háður niðurstöðum þeirra.

Þjónustuverkstæði skal tryggja að utanaðkomandi aðilar hafi engin áhrif á niðurstöður löggildinga.

**Gæðakerfi.**

## 5. gr.

Þjónustuverkstæði skal vegna löggildingarstarfsemi sinnar hafa skýra stefnu í gæðamálum og beita virku gæðakerfi sem skjalfest er í gæðahandbók.

**Tæknileg hæfni.***Tæknilegur stjórnandi og prófunarmaður.*

## 6. gr.

Tæknilegur stjórnandi og prófunarmaður skulu hafa nægilega tæknikunnáttu í þeim viðgerðum og löggildingum sem þjónustuverkstæðið annast. Hann skal auk þess kunna skil á viðkomandi reglugerðum um bráðbirgðalöggildingar löggildingarskyldra mælitækja. Ennfremur skal hann uppfylla hæfniskröfur í viðkomandi reglugerðum um löggildingar mælitækja.

Þjónustuverkstæðið skal halda skrá yfir þá starfsmenn sem annast prófun á mælitækjum. Í skránni skulu vera upplýsingar um grunnmenntun, þjálfun, tæknilega þekkingu og reynslu sérhvers starfsmanns.

*Aðstaða og tækjabúnaður.*

## 7. gr.

Þjónustuverkstæði skal hafa húsnæði og aðstöðu sem hentar til löggildinga mælitækja. Húsnæði skal að öðru leyti uppfylla allar reglur opinberra aðila um heilbrigðis- og öryggismál.

## 8. gr.

Þjónustuverkstæði skal hafa yfir að ráða tækjum í samræmi við ákvæði í viðkomandi reglugerðum um löggildingar mælitækja.

Þjónustuverkstæði skal ábyrgjast að búnaður sem notaður er við skoðun, fái viðhald og umhirðu samkvæmt skriflegri áætlun þjónustuverkstæðisins.

Þjónustuverkstæði skal halda skrá yfir tæki sem notuð eru við löggildingar mælitækja með upplýsingum um kvörðun og viðhald eftir því sem við á. Áður en mælitæki sem notuð eru við löggildingar eru tekin í notkun af verkstæði skulu þau kvörðuð og síðan endurkvörðuð eftir föstu skipulagi.

Þjónustuverkstæði skal setja sér reglur um kvörðun mælitækja sem notuð eru við löggildingar og skal þeim reglum beitt þannig að mælingar sem gerðar eru megi rekja til mæligrunna.

Mælitæki skulu athuguð milli reglubundinna kvarðana samkvæmt skriflegri áætlun þjónustuverkstæðisins.

Þjónustuverkstæði skal taka biluð tæki úr notkun. Áhrif bilunar á fyrri löggildingar skulu athuguð og bætt úr þeim.

Tækjakostur sem notaður er við löggildingar skal vera greinilega merktur.

Tækjakostur skal að öðru leyti uppfylla allar reglur stjórnvalda um heilbrigðis- og öryggismál.

**Vinnuskipan.***Verklagsreglur.*

## 9. gr.

Þjónustuverkstæði skal útbúa eigin verklagsreglur um framkvæmd löggildinga og starfa samkvæmt þeim.

Aðeins skal löggilda þau mælitæki sem starfsleyfi þjónustuverkstæðis nær til. Tryggt skal að mælitæki hafi áður hlotið fullnaðar löggildingingu.

#### *Prófunarskýrslur.*

10. gr.

Þjónustuverkstæði skal skrá niðurstöður í prófunarskýrslu.

Prófunarskýrsla skal geyma upplýsingar um hver prófaði, niðurstöður prófunar, mat á samræmi við gildandi reglugerðir ásamt upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að skilja og túlka niðurstöður. Upplýsingar skulu gefnar villulausar, nákvæmar og skýrar.

Prófunarskýrsla skal einungis undirritað af þeim prófunarmanni sem framkvæmdi prófunina.

Þjónustuverkstæði skal senda afrit af prófunarskýrslu samdægurs til Löggildingarstofu.

Þjónustuverkstæði skal tilgreina faggildingarnúmer sitt á prófunarskýrslu.

#### *Skjalavistun.*

11. gr.

Prófunarskýrsla og önnur gögn skulu vistuð á öruggum stað í a.m.k. fjögur ár eftir að löggilding fór fram.

Skýrslur og önnur gögn skulu ávallt vera tiltæk og aðgengileg fyrir Löggildingarstofu.

#### *Kvartanir.*

12. gr.

Þjónustuverkstæði skal setja sér skriflegar reglur um hvernig það fer með kvartanir vegna löggildinga. Verkstæðið skal skrá þær kvartanir sem beinast að löggildingarstarfsemi og þær ráðstafanir sem gerðar voru.

#### **Ýmis ákvæði.**

13. gr.

Þjónustuverkstæði skal:

- a) Tilgreina á skýran hátt á hvaða sviði það er faggilt.
- b) Tryggja eftir föngum að prófunarskýrslur eða hlutar úr þeim séu ekki notuð á villandi hátt.
- c) Hætta þegar í stað allri vísun til faggildingar ef hún er felld úr gildi eða rennur út.
- d) Tryggja eðlilegt samstarf vegna eftirlits Löggildingarstofu og taka þátt í samráðsstarfsemi og samanburðarprófunum.

14. gr.

Þjónustuverkstæði skal tilkynna faggildingardeild Löggildingarstofu skriflega og án tafar hverja þá breytingu sem getur haft áhrif á heimild verkstæðisins til þess að starfa samkvæmt fyrirmælum um faggildingingu.

15. gr.

Faggilding gildir til alls fimm ára og skal í síðasta lagi að þeim tíma liðnum fara fram mat á þjónustuverkstæði, eins og um fyrsta mat sé að ræða. Löggildingarstofa hefur reglubundið eftirlit á árs fresti.

16. gr.

Ef þjónustuverkstæði uppfyllir ekki almenn skilyrði um faggildingingu, framkvæmd löggildingar er ófullnægjandi eða prófunarmaður staðfestir löggildingingu ranglega getur Löggild-

ingarstofa þegar í stað krafist úrbóta af hálfu þjónustuverkstæðis, breytt umfangi faggildingar eða afturkallað faggildingu.

Kostnaður sem af slíkri aðgerð hlýst, skal greiddur af þjónustuverkstæðinu.

17. gr.

Kostnað við faggildingu, árlegt eftirlit o.fl. sem tilgreindur er í gjaldskrá Löggingingastofu skal þjónustuverkstæðið greiða á gjalddaga.

18. gr.

Þjónustuverkstæði skal hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingar.

**Gildistaka.**

19. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 12. gr. laga nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, öðlast gildi 1. júlí 1997.

*Viðskiptaráðuneytinu, 11. júní 1997.*

F. h. r.

**Halldór J. Kristjánsson.**

*Atli Freyr Guðmundsson.*

## REGLUGERÐ

### um löggildingu rennslismæla fyrir vökva aðra en vatn.

**Gildissvið.**

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til prófana og löggildinga rennslismæla fyrir vökva aðra en vatn þar sem vökvinn orsakar hreyfingu á hreyfanlegum veggjum í mælihólfum er gera kleift að mæla hvaða magn sem er. Reglugerðin tekur einnig til viðbótarbúnaðar með rennslismælum eins og þess sem mælt er fyrir um í reglugerð um viðbótarbúnað með rennslismælum fyrir vökva aðra en vatn nr. 141/1994. Ennfremur tekur hún til mælikerfa eins og þau sem mælt er fyrir um í reglugerð um mælikerfi fyrir vökva aðra en vatn nr. 142/1994.

**Skilgreiningar.**

2. gr.

*Frum sannprófun:* Frumsannprófun er aðferð til að ganga úr skugga um að framleiðsla tækis sé í samræmi við viðurkennda frumgerð og standist mælifræðilegar kröfur, m.a. um heimiluð hámarksfrávik og merkingar. Aðferðinni er lýst nánar í reglugerðum.

*Gerðarviðurkenning:* Gerðarviðurkenning byggir á ítarlegri gerðarprófun, þar sem prófað hefur verið eftir kröfum viðkomandi tilskipana og reglugerða eða annarra kröfuskjala. Gerðarviðurkenning er forsenda frumsannprófunar og markaðssetningar eftir öðrum leiðum.

*Heimiluð hámarksfrávik:* Heimiluð hámarksfrávik skulu vera í samræmi við viðkomandi reglugerðir, sbr. 1. gr.

*Leyfilegt lágmarkssölumagn:* Leyfilegt lágmarkssölumagn er minnsta afhendingarmagn sem selja má frá rennslismæli.

*Mæligrunnur*: Merkir áþreifanlegan mælikvarða, mælitæki eða mælibúnað til þess að skilgreina, raungera, varðveita eða birta einingu eða gildi eðlisfræðistærðar til þess að flytja þessa einingu eða stærð yfir á önnur mælitæki með samanburði.

$Q_{\max}$  : Hámarksrennsli rennslismælis samkvæmt tegundarviðurkenningu hans.

$Q_{\max\text{-raun}}$  : Raunhámarksrennsli mælis. Raunhámarksrennsli mælis er raunverulegt hámarksrennsli eftir að mælirinn hefur verið settur upp á notkunarstað. Það skal vera á bilinu  $0,9Q_{\max}$  og  $1,1Q_{\max}$  við frumsannpröfun en á bilinu  $0,5Q_{\max}$  og  $1,1Q_{\max}$  við endurlöggildingu.

$Q_{\text{med}}$  : Rennsli sem er meira en tvö- eða þrefalt  $Q_{\min}$  og minna en hálf  $Q_{\max\text{-raun}}$ .

$Q_{\min}$  : Minnsta rennsli sem rennslismælir getur afkastað án þess að frávik verði meiri en heimiluð hámarksfrávik.

### **Hæfniskröfur aðila með B-faggildingu og starfsmanna prófunarstofu.**

#### 3. gr.

Prófunarstofa skal uppfylla þær hæfniskröfur sem fram koma í reglugerð um starfshætti þeirra sem annast löggildingar mælitækja í umboði Löggildingarstofu.

Prófunarmaður skal vera vélfræðingur eða raffræðingur eða hafa sambærilega menntun og hafa yfir að ráða nægilegri tæknikunnáttu til að annast löggildingar rennslismæla og meta ástand þeirra út frá prófunum eða skoðunum. Tryggt skal að kunnáttu hans sé við haldið með endurmenntun. Hann skal kunna skil á þeim reglum sem iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið setur varðandi rennslismæla.

Tæknilegur stjórnandi skal vera verkfræðingur eða tæknifræðingur og hafa þekkingu á rennslismælum og reynslu af löggildingu þeirra. Undanþágu má gera frá framangreindum skilyrðum um þekkingu og reynslu ef viðkomandi hefur menntun eða starfsreynslu og þjálfun sem faggildingardeild Löggildingarstofu telur fullnægjandi. Tæknilegur stjórnandi er ábyrgur fyrir öllum löggildingum sem prófunarstofa vinnur.

Aðilar með B-faggildingu á sviði löggildinga skulu uppfylla sömu hæfniskröfur og prófunarmaður.

### **Mælitæki notuð við löggildingu.**

#### 4. gr.

Allir mæligrunnar sem prófunarstofa eða aðili með B-faggildingu notar í tengslum við löggildingar rennslismæla skulu vera kvarðaðir og skal kvörðunin rekjanleg til landsmæligrunna á Íslandi. Óvissa mæligrunna skal vera mest þriðjungur af heimiluðu hámarksfrávikum á því rennslisviði sem verið er að prófa.

#### 5. gr.

Prófunarstofa eða aðili með B-faggildingu skal hafa yfir að ráða nauðsynlegum mælitækjum til að staðfesta að umhverfi rennslismælis henti honum.

### **Aðstæður.**

#### 6. gr.

Uppsetning löggildingarskylds rennslismælis skal vera í samræmi við ákvæði í reglugerðum og fyrirmæli framleiðanda um umhverfisaðstæður og frágang. Rennslismælir skal ekki löggiltur nema umhverfishiti sé innan vinnuhitasviðs hans og skal staðfest með mælingu að umhverfisþættir hafi hverfandi áhrif á mæliniðurstöður.

Prófunarstofa skal hafa yfir að ráða nauðsynlegum mælitækjum til að staðfesta að umhverfisaðstæður rennslismælis henti honum.

**Heildaróvissa.**

## 7. gr.

Í verklagsreglum skal prófunarstofa sýna fram á með útreikningum hver heildaróvissa við löggildingar er.

Í verklagsreglum hennar skal m.a. tekið fram hve mikið frávik má vera án þess að stilla þurfi rennslismælinn eða fella löggildinguna hans úr gildi.

Prófunarstofa skal sýna fram á, með 95% vissu ( $k = 2$ ), að öryggisbil mælinga sé innan heimilaðra hámarksfrávika.

**Löggildingarhæfi.**

## 8. gr.

Löggildingarhæfi rennslismælis felst í því að staðfesta með skoðun og prófun að hann uppfylli eftirfarandi atriði:

- a) Ákvæði reglugerðar nr. 140/1994 um markaðssetningu. Tekið skal tillit til undanþáguákvæða um rennslismæla sem voru markaðsfærðir fyrir setningu reglugerðar nr. 140/1994.
- b) Að merkingar séu í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 140/1994.
- c) Að aðstæður og notkun henti rennslismælinum.
- d) Að mælifræðilegir eiginleikar hans séu í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 140/1994, þetta skal staðfest með prófun. Einkum er um að ræða staðfestingu þess að kröfum um heimiluð hámarksfrávik, endurtekningarhæfni og verðútreikning séu uppfyllt.
- e) Að virkni og frávik viðbótarbúnaðar séu í samræmi við ákvæði reglugerðar um viðbótarbúnað með rennslismælum fyrir vökva aðra en vatn, nr. 141/1994.
- f) Að virkni og frávik mælikerfa séu í samræmi við ákvæði reglugerðar um mælikerfi fyrir vökva aðra en vatn nr. 142/1994.

Heimilt er að löggilda rennslismæli þó svo að merkingar séu ekki í fyllsta samræmi við kröfur að því tilskildu að lágmarksmerkingar komi fram. Þetta á þó aðeins við um rennslismæla sem markaðssettir voru fyrir setningu reglugerðar nr. 140/1994. Lágmarksmerkingar eru:

- g) Framleiðandi.
- h) Gerð.
- i) Hámarksrennsli.
- j) Lágmarksrennsli.
- k) Leyfilegt lágmarkssölumagn.
- l) Raðnúmer.

Í þeim tilvikum sem rennslismælir uppfyllir ekki fyllstu kröfur um merkingar skal prófunarstofa gera athugasemd um að merkingum sé ábótavant og að rennslismælirinn verði ekki endurlöggiltur nema að úr því verði bætt. Athugasemdinni skal komið á framfæri við ábyrgðarmann rennslismælis og Löggildingarstofu.

Fyrir mælt magn sem er minnst 2 l er heimilað hámarksfrávik við löggildinguna  $\pm 5\%$ . Í þeim tilfellum sem notað er vatn við prófun mjólkurmæla eru heimiluð hámarksfrávik  $-0\%$  og  $+10\%$ .

Til að rennslismælir standist prófun mega frávik ekki vera meiri en heimiluð hámarksfrávik. Gildir þetta um hvert atriði sem prófað er eftir því sem við á. Prófunarstofa skal taka tillit til heildaróvissu sinnar við mat á frávikum. Við mat á hvar mæligildi liggur skal prófunarstofa miða við  $k=2$  (95% vissa).

Við prófun rennslismæla skal prófun framkvæmd í það minnsta við  $Q_{\max-\text{raun}}$ ,  $Q_{\min}$  og leyfilegt lágmarkssölumagn. Fyrir mæla með hámarksrennsli til og með 100 l/mín skal láta renna í mælikerfi við  $Q_{\max-\text{raun}}$  í minnst 30 sekúndur. Sé hámarksrennsli meira en 100 l/mín skal tímunn vera í það minnsta 60 sekúndur. Rennslismælar sem hafa  $Q_{\max}$  sem er meira en 70 l/mín skulu einnig mældir við  $Q_{\text{med}}$ .

**Löggilding rennismæla.**

## 9. gr.

Í samræmi við 10. gr. laga um vog, mál og faggildingu, nr. 100/1992 ber ábyrgðarmanni rennismælis að sjá til þess að hann sæti reglubundnu eftirliti og uppfylli þær kröfur sem til hans eru gerðar samkvæmt lögum og reglugerðum og að löggilding hans sé ætíð í gildi.

Áður en rennismælir er fyrst tekin í notkun skal samræmi hans við gerðarviðurkenningu staðfest með frumsannprófun. Frumsannprófun er lýst í viðkomandi reglugerðum.

Rennismæli má löggilda hafi löggildingarhæfi hans verið staðfest með skoðun og prófun. Sé rennismælir löggildingarhæfur er festur á hann löggildingarmiði og telst hann þá löggiltur. Hafi rennismælirinn íhluti sem notanda er óheimilt að fjarlægja eða stilla skal tryggt gegn slíku með innsigli áður en löggildingarmiði er festur á hann. Rennismæli skal ekki löggilda nema heimilað hámarksfrávik viðbótarbúnaðar sem tengdur er við hann sé innan leyfilegra marka. Noti margir rennismælar sama viðbótarbúnaðinn er fullnægjandi að staðfesta frávik hans fyrir hverja rennismælasamstæðu, ekki er nauðsynlegt að staðfesta frávik hans fyrir hvern rennismæli.

Í þeim tilfellum sem rennismælir reynist vera kominn lítillaga út fyrir leyfileg fráviksmörk er prófunarstofu heimilt að stilla hann þannig að frávik hans séu innan leyfilegra marka, enda sé ekki um viðgerð að ræða. Slík stilling skal gerð í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda eða viðurkenndar aðferðir, séu leiðbeiningar framleiðanda ekki til. Starfsmenn eða stjórnendur prófunarstofu mega ekki gera við rennismæli.

Aðili með B-faggildingu á þessu sviði hefur heimild til að veita rennismæli bráðabirgðalöggildingu að uppfylltum þeim skilyrðum sem fram koma í reglugerð um starfshætti þeirra sem annast löggildingar mælitækja í umboði Löggildingarstofu. Aðili með B-faggildingu hefur heimild til að veita þeim rennismælum sem tilgreindir eru í starfsleyfi hans, bráðabirgðalöggildingu að undangenginni viðgerð og stillingu. Aðili með B-faggildingu má ekki veita öðrum rennismælum bráðabirgðalöggildingu en þeim sem hafa áður hlotið fulla löggildingu og eru tilgreindir í starfsleyfi hans.

**Tíðni löggildinga.**

## 10. gr.

Gildistími löggildingar rennismæla fyrir eldsneyti svo sem bensín og steinolú, er eitt ár. Rennismælar fyrir smurolú þurfa aðeins fyrstu löggildingu svo fremi sem frávik í notkun eru ekki meiri en ein tvöföld heimiluð hámarksfrávik.

**Afturköllun löggildingar.**

## 11. gr.

Löggilding fellur úr gildi við eftirtalið:

- a) Ef rennismælir bilar.
- b) Ef innsigli rennismælis er rofið.
- c) Ef viðgerð er framkvæmd á rennismælinum sem áhrif getur haft á mæliniðurstöður hans.
- d) Ef frávik eru meiri en tvöföld þau heimiluðu hámarksfrávik sem gefin eru upp í tölulíðum 1, 2 og 3 í II. kafla reglugerðar nr. 140/1994.
- e) Ef löggildingargjald er ekki greitt innan fjögurra vikna frá löggildingu.

**Skýrslugerð.**

## 12. gr.

Skýrslugjöf til Löggildingarstofu skal vera í samræmi við reglugerð um starfshætti þeirra sem annast löggildingar mælitækja í umboði Löggildingarstofu.

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í prófunarskýrslum sem lagðar eru til grundvallar löggildingu:

- 1) Frávik við mælingu.
- 2) Endurtekningarhæfni.
- 3) Frávik verðútreiknings.
- 4) Frávik viðbótarálestrarbúnaðar.
- 5) Frávik þegar fyrirframstilling er notuð.
- 6) Aðstæður.

Þessar upplýsingar skulu vera aðgengilegar starfsmönnum Löggildingarstofu.

#### Málskot.

13. gr.

Komi upp ágreiningur um úrskurð Löggildingarstofu um einhver atriði varðandi ákvæði eða beitingu þessarar reglugerðar má skjóta málinu til ráðherra.

#### Gildistaka.

14. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um vog, mál og faggildingu, nr. 100/1992 og öðlast gildi 1. júlí 1997.

*Viðskiptaráðuneytinu, 11. júní 1997.*

F. h. r.

**Halldór J. Kristjánsson.**

*Atli Freyr Guðmundsson.*

## REGLUGERÐ

### um löggildingu ósjálfvirks vogarbúnaðar.

#### Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til prófana og löggildinga ósjálfvirks vogarbúnaðar af öllum stærðum. Hér eftir nefnist ósjálfvirkur vogarbúnaður vogir.

#### Skilgreiningar.

2. gr.

*Frum sannprófun:* Frumsannprófun er aðferð til að ganga úr skugga um að framleiðsla tækis sé í samræmi við viðurkennda frumgerð og standist mælifræðilegar kröfur, m.a. um heimiluð hámarksfrávik og merkingar. Aðferðinni er lýst nánar í viðkomandi reglugerðum.

*Gerðarviðurkenning:* Gerðarviðurkenning byggir á ítarlegri gerðarprófun þar sem prófað hefur verið eftir kröfum viðkomandi tilskipana og reglugerða eða annarra kröfuskjala. Gerðarviðurkenning er forsenda frumsannprófunar og markaðssetningar eftir öðrum leiðum.

*Heimiluð hámarksfrávik:* Heimiluð hámarksfrávik skulu vera í samræmi við viðkomandi reglugerðir, sbr. 1. gr.

*Mæligrunnur:* Merkir áþreifanlegan mælikvarða, mælitæki eða mælibúnað til þess að skilgreina, raungera, varðveita eða birta einingu eða gildi eðlisfræðistærðar til þess að flytja þessa einingu eða stærð yfir á önnur mælitæki með samanburði.



**Hæfniskröfur starfsmanna prófunarstofu.**

## 3. gr.

Prófunarstofa skal uppfylla hæfniskröfur sem settar eru fram í reglugerð um starfshætti þeirra sem annast löggildingar mælitækja í umboði Löggildingarstofu.

Prófunarmaður skal vera vél- eða raffræðingur eða hafa sambærilega menntun og hafa nægilega tæknikunnáttu til að annast löggildingar voga og meta ástand þeirra út frá prófunum eða skoðunum. Tryggt skal að kunnáttu hans sé við haldið með endurmenntun. Hann skal kunna skil á þeim reglum sem iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið setur varðandi ósjálfvirkar vogir.

Tæknilegur stjórnandi skal vera verkfræðingur eða tæknifræðingur og hafa þekkingu á vogum og reynslu af löggildingum þeirra. Undanþágu má gera frá framangreindum skilyrðum um þekkingu og reynslu ef viðkomandi hefur menntun eða starfsreynslu og þjálfun sem faggildingardeild Löggildingarstofu telur fullnægjandi. Tæknilegur stjórnandi er ábyrgur fyrir öllum löggildingum sem prófunarstofa vinnur.

Aðili með B-faggildingu skal uppfylla sömu hæfniskröfur og prófunarmaður.

**Mælitæki notuð við löggildingu.**

## 4. gr.

Allir mæligrunnar sem prófunarstofa eða aðili með B-faggildingu notar í tengslum við löggildingar voga skulu vera kvarðaðir og skal kvörðunin rekjanleg til landsmæligrunna á Íslandi. Övissa mæligrunna skal vera mest þriðjungur af heimiluðu hámarksfráviki á því vigtarsviði sem verið er að prófa.

## 5. gr.

Lóð, sem notuð eru við löggildingu voga, skulu vera í samræmi við kröfur gildandi reglugerða um lóð.

Lóð verða að henta aðstæðum og vog þeirri sem verið er að prófa. Frávik lóða skal vera mest þriðjungur af heimiluðu hámarksfráviki á því vigtarsviði sem verið er að prófa.

Um lóðaflokka sem nota skal við prófanir voga, fer samkvæmt eftirfarandi töflu:

Hámarks- geta vogar	Skerðing vogar							
	100g	10g	1g	100mg	10mg	1mg	0,1mg	≤0,01mg
Allt að 200g				M1	M1	F2	F1	E2
200g til 1 kg			M1	M1	F2	F1/E2	E2	E2
1 kg til 30 kg	M2	M2	M1	F2	E2	E2	E2	
30 kg til 100 kg	M2	M1	F2	F1	E2			
Meira en 100 kg	M2	M1/F1	F1	E2				

Lóðaflokkur M2 samsvarar lóðum skilgreindum í reglugerð nr. 137/1994.

## 6. gr.

Prófunarstofa skal hafa yfir að ráða nauðsynlegum mælitækjum til að staðfesta að umhverfi vogar henti henni.

**Aðstæður.**

## 7. gr.

Undirlag voga skal hæfa vogargerð og notkun. Það skal vera stöðugt og laust við óhreinindi sem áhrif gætu haft á mæliniðurstöður vogarinnar. Yfirborð undirlags skal vera slétt og sem næst lárétt svo að unnt sé að stilla vogina lárétta, gerist þess þörf. Sé undirlag vogar hallandi má ekki vera hætt á að vogin skriði undan hallanum. Umhverfishiti skal hæfa vog. Óheimilt er að löggilda vog ef hitastig þar sem vogin er notuð er utan þess sviðs sem voginni er ætlað að þola (gerð fyrir).

Vog skal ekki löggilt nema veðuráraun eða aðrir umhverfisþættir hafi hverfandi áhrif á mæliniðurstöður.

### Heildaróvissa.

#### 8. gr.

Prófunarstofa skal sýna fram á með útreikningum hver heildaróvissa við löggildingar er.

Í verklagsreglum hennar skal m.a. tekið fram hve mikið frávik má vera án þess að stilla þurfi vogina eða fella löggildingu hennar úr gildi.

Prófunarstofa skal sýna fram á, með 95% vissu ( $k = 2$ ), að öryggisbil mælinga sé innan heimilaðra hámarksfrávika.

### Löggildingarhæfi.

#### 9. gr.

Löggildingarhæfi vogar felst í því að staðfesta að hún uppfylli eftirfarandi atriði:

- a) Ákvæði reglugerðar nr. 426/1994 um markaðssetningu. Tekið skal tillit til undanþágu-ákvæða reglugerðarinnar um vogir sem voru markaðsfærðar fyrir setningu reglugerðar nr. 426/1994, svo og ákvæða um einfaldar vogir sbr. a-lið 1. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar.
- b) Að merkingar séu í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 426/1994.
- c) Að aðstæður og notkun henti voginni.
- d) Að mælifræðilegir eiginleikar hennar séu í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 426/1994, þetta skal staðfest með prófun. Einkum er um að ræða staðfestingu þess að kröfum um heimiluð hámarksfrávik, endurtekningarhæfni og hornaskekkju sem fram koma í liðum 4, 5 og 6 í I. viðauka reglugerðarinnar. Vog telst uppfylla ákvæðin ef hún stenst prófun og skoðun samkvæmt grein 8.2 í staðlinum ÍST EN 45501. Sé vog notuð til verðútreiknings, stykkjatalningar eða til að útbúa verðmiða skal vogin einnig standast kröfur sem fram koma í liðum 14 og 15 í I. viðauka reglugerðarinnar eða sambærilegar greinar í staðlinum ÍST EN 45501.

Heimilt er að löggilda vog þó svo að merkingar séu ekki í fyllsta samræmi við kröfur að því tilskyldu að lágmarksmerkingar komi fram. Þetta á þó aðeins við um vogir sem markaðssettar voru fyrir setningu reglugerðar nr. 426/1994. Lágmarksmerkingar eru:

- a) Vogargerð.
- b) Hámarksgeta.
- c) Lágmarksgeta.
- d) Skerðingargildi.
- e) Raðnúmer.

Í þeim tilfellum sem vog uppfyllir ekki fyllstu kröfur um merkingar skal prófunarstofa gera athugasemd um að merkingum sé ábótavant og að vogin verði ekki endurlöggilt nema úr verði bætt. Athugasemdinni skal komið á framfæri við ábyrgðarmann vogar og Löggildingarstofu.

Heimiluð hámarksfrávik skulu vera í samræmi við töflu 3 í viðauka I í reglugerð nr. 426/1994.

Til þess að vog standist prófun, mega frávik ekki vera meiri en heimiluð hámarksfrávik. Gildir þetta um hvert atriði sem prófað er. Prófunarstofa skal taka tillit til heildaróvissu sinnar við mat á frávikum. Við mat á hvar mæligildi liggur skal prófunarstofa miða við  $k=2$  (95% vissa).

**Löggilding voga.**

## 10. gr.

Í samræmi við 10. gr. laga um vog, mál og faggildingu nr. 100/1992 ber ábyrgðarmanni vogar að sjá til þess að hún sæti reglubundnu eftirliti og uppfylli þær kröfur sem til hennar eru gerðar samkvæmt lögum og reglugerðum og að hún sé ætíð með gilda löggildingu.

Áður en vog er fyrst tekin í notkun skal samræmi hennar við gerðarviðurkenningu staðfest með frumsannprófun. Frumsannprófun er lýst í viðkomandi reglugerðum.

Vog má löggilda hafi löggildingarhæfi hennar verið staðfest með skoðun og prófun. Sé vog löggildingarhæf er festur á hana löggildingarmiði og telst vogin þá löggilt. Hafi vogin búnað sem notanda er óheimilt að fjarlægja eða stilla skal tryggja gegn slíku með innsigli áður en löggildingarmiði er festur á vogina.

Ekki má taka vog til þeirra nota sem talin eru upp í a-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 426/1994, nema að undangenginni löggildingu.

Í þeim tilfellum sem vog reynist vera komin lítilega út fyrir leyfileg fráviksmörk er löggildingaraðila heimilt að stilla vogina þannig að frávik hennar séu innan leyfilegra marka, enda sé ekki um viðgerð að ræða. Slík stilling skal vera gerð í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda eða viðurkenndar aðferðir, séu leiðbeiningar framleiðanda ekki til. Prófunarstofa má ekki gera við vog.

Aðili með B-faggildingu á þessu sviði hefur heimild til að veita vog bráðabirgða-löggildingu að uppfylltum þeim skilyrðum sem fram koma í reglugerð um starfshætti þeirra sem annast löggildingar mælitækja í umboði Löggildingarstofu. Aðili með B-faggildingu má ekki veita öðrum vogum bráðabirgðalöggildingu en þeim sem hafa áður hlotið fulla löggildingu og tilgreindar eru í starfsleyfi hans.

**Tíðni löggildinga.**

## 11. gr.

Gildistími löggildinga voga er sem hér segir:

- a) Löggilding voga gildir allt að tveimur árum.
- b) Löggilding voga, sem notaðar eru í framleiðslu, iðnaði, við matvælavinnslu, utanhúss, hvers konar annari framleiðslu eða þar sem þær verða fyrir mikilli áraun, gildir allt að einu ári.

**Afturköllun löggildingar.**

## 12. gr.

Löggilding fellur úr gildi við eftirfarandi aðstæður þrátt fyrir að gildistími skv. 11. gr. sé ekki liðinn:

- a) Ef vog bilar.
- b) Ef innsigli vogar er rofið.
- c) Ef viðgerð er framkvæmd á voginni sem áhrif getur haft á mæliniðurstöður hennar.
- d) Ef vog af nákvæmnisflokki II eða I er flutt (á annað þyngdarsvæði).
- e) Ef frávik eru meiri en tvöföld þau heimiluð hámarksfrávik sem gefin eru upp í lið 4.1 í I. viðauka reglugerðar nr. 426/1994.
- f) Ef löggildingargjald hefur ekki verið greitt Löggildingarstofu innan fjögurra vikna frá löggildingu.

**Skýrslugerð.**

## 13. gr.

Skýrslugjöf til Löggildingarstofu skal vera í samræmi við reglugerð um starfshætti þeirra sem annast löggildingar mælitækja í umboði Löggildingarstofu.

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í prófunarskýrslum sem lagðar eru til grundvallar löggildingu:

- a) Núllfrávik.
- b) Vigtarfall og frávik í þeim punktum sem prófaðir eru.
- c) Hornaskekka.
- d) Endurtekningarfæni.
- e) Frávik með törun.
- f) Greiningarfæni.
- g) Frávik verðútreiknings.
- h) Aðstæður.

Þessar upplýsingar skulu vera aðgengilegar starfsmönnum Löggildingarstofu.

#### Málskot.

14. gr.

Komi upp ágreiningur um úrskurð Löggildingarstofu um einhver atriði varðandi ákvæði eða beitingu þessarar reglugerðar má skjóta málinu til ráðherra.

#### Gildistaka.

15. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um vog, mál og faggildingu nr. 100/1992 og öðlast gildi 1. júlí 1997.

*Viðskiptaráðuneytinu, 11. júní 1997.*

F. h. r.

**Halldór J. Kristjánsson.**

*Atli Freyr Guðmundsson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi stóriðnaðarsvæðis að Grundartanga, Skilmannahreppi.

Samkvæmt ósk sveitarstjórnar Skilmannahrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins með undirritun þann 18. desember 1996 staðfest breytingu á aðalskipulagi stóriðnaðarsvæðis að Grundartanga frá 16. júní 1975, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin felst í því að iðnaðarsvæðið stækkar til norðausturs inn í Hvalfjarðarstrandarhrepp, vegstæði breytist og háspennulagnasvæði hefur verið skilgreint.

Sveitarstjórn Skilmannahrepps hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfisráðuneytinu, 5. júní 1997.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Hrafn Hallgrímsson.*

## AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu um gjöld vegna alþjóðlegra einkaleyfisumsókna,  
nr. 639/1995, sbr. reglugerð nr. 288/1996 og auglýsingu nr. 200/1997.

### 1. gr.

1. mgr. 2. gr. orðast svo:

Fyrir rannsókn á alþjóðlegri umsókn og rannsókn skv. 9. gr. einkaleyfalaga nr. 17/1991, með síðari breytingum greiðast eftirtalin gjöld: Kr.

- |  |        |
|--|--------|
| 1) Nýnæmisrannsókn á alþjóðlegri einkaleyfisumsókn hjá sænsku einkaleyfastofnuninni (PRV), skv. 3. tl. 2. mgr. 51. gr. rg. ell., sbr. b-lið 1. mgr. 16. reglu PCT:   |        |
| a) Ef skýrsla vegna nýnæmisrannsóknar hefur verið gerð og látin í té af sænsku, dönsku, finnsku, norsku eða íslensku einkaleyfastofnuninni vegna eldri umsóknar sem forgangsréttarkrafa er byggð á (afrit af skýrslunni verður að fylgja með umsókn) ..... | 58.500 |
| b) í öðrum tilvikum .....  | 64.000 |
| 2) Viðbótargjald vegna rannsóknar skv. 1. tl., ef umsókn tekur til fleiri en einnar uppfinningar sem eru óháðar hver annarri .....   | 64.000 |
| 3) Nýnæmisrannsókn á alþjóðlegri einkaleyfisumsókn hjá evrópsku einkaleyfastofnuninni (EPO), skv. 3. tl. 2. mgr. 51. gr. rg. ell., sbr. b-lið 1. mgr. 16. reglu PCT .....  | 93.000 |
| 4) Gjöld fyrir alþjóðlega nýnæmisrannsókn („International Type Search“) á íslenskri einkaleyfisumsókn, skv. 9. gr. ell., sbr. 5. gr. rg. ell.:   |        |
| a) Grunnjald hjá sænsku einkaleyfastofnuninni.....   | 58.500 |
| b) Viðbótargjald hjá sænsku einkaleyfastofnuninni fyrir hverja einkaleyfiskröfu umfram 10 .....  | 1.000  |
| c) Grunnjald hjá evrópsku einkaleyfastofnuninni (EPO) .....  | 93.000 |

### 2. gr.

Gjöld skv. 1. gr. taka til umsókna sem lagðar eru inn frá og með 1. júlí 1997.

### 3. gr.

Auglýsing þessi er sett með heimild í lögum nr. 17/1991 með síðari breytingum og öðlast gildi þann 1. júlí 1997.

*Iðnaðarráðuneytinu, 5. júní 1997.*

**Finnur Ingólfsson.**

\_\_\_\_\_  
*Jón Ögmundur Þormóðsson.*

## REGLUGERÐ

### um símatorgsþjónustu.

#### I. KAFLI

##### Inngangur.

###### 1. gr.

Símatorg er upplýsingaþjónusta, sem rekstrarleyfishafa er heimilt að bjóða fram í tengslum við talsímaþjónustu á stafrænu neti. Fyrirtæki, stofnanir og einstaklingar, sem vilja veita upplýsingar á símatorginu nefnast upplýsingaveitendur. Einungis þeir, sem hafa fengið leyfi til reksturs talsímaþjónustu, mega tengja saman notendur og upplýsingaveitendur. Upplýsingar skulu lesnar inn á sjálfvirkan svörunarbúnað og má nálgast þær með því að hringja í sérstök uppkallsnúmer, sem rekstrarleyfishafi í talsímaþjónustu úthlutar upplýsingaveitanda í samræmi við verðflokka þjónustunnar. Heimilt er að taka aukagjald fyrir símtöl við símatorgsnúmer.

#### II. KAFLI

##### Skráning, ábyrgð og þagnarskylda.

###### 2. gr.

Upplýsingaveitandi, sem óskar eftir að veita upplýsingaþjónustu á símatorgi, skal sækja um tengingu og símatorgsnúmer til rekstrarleyfishafa í talsímaþjónustu. Í umsókn skal koma fram nafn, kennitala og heimilisfang upplýsingaveitanda ásamt upplýsingum um fyrirhugaða upplýsingaþjónustu. Einnig skal tilgreina hver er ábyrgðarmaður þeirra upplýsinga sem veittar verða í upplýsingaþjónustunni.

Áður en opnað er fyrir tengingu til upplýsingaveitanda skal rekstrarleyfishafi tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun um hinn nýja upplýsingaveitanda.

Enginn upplýsingaveitandi getur fengið eða áskilið sér einkarétt á þjónustu á símatorgi.

###### 3. gr.

Öll svörun í númer á símatorgi skal vera sjálfvirk. Upplýsingaveitandi skal varðveita upplýsingatexta í a.m.k. 6 mánuði eftir að hætt hefur verið að nota hann.

###### 4. gr.

Upplýsingaveitandi ber einn ábyrgð á upplýsingum, sem hann lætur í té á símatorginu.

###### 5. gr.

Upplýsingaveitandi og starfsmenn sem og rekstrarleyfishafi og starfsmenn hans skulu bundnir þagnarskyldu gagnvart notendum í samræmi við fjarskiptalög. Óheimilt er að veita öðrum upplýsingar um notkun símatorgs en réttihafa viðkomandi síma og upplýsingaveitanda.

#### III. KAFLI

##### Flokkun þjónustu og gjaldflokkar.

###### 6. gr.

Uppkallsnúmer og verðflokkar skulu tengjast með þeim hætti að verðflokk þjónustu megi sjá af uppkallsnúmeraröðinni, t.d.

1. flokkur 901 xxxx
2. flokkur 902 xxxx
3. flokkur 903 xxxx
4. flokkur 904 xxxx
5. flokkur 905 xxxx

Rekstrarleyfishafi ákveður mínútgjald í hverjum verðflokki fyrir sig. Heimilt er rekstrarleyfishafa að ákveða að aðgangur að upplýsingaþjónustu í verðflokkum, einum eða fleiri, sé bundinn áskrift.

7. gr.

Rekstrarleyfishafa er skylt að læsa fyrir aðgang símanotanda að símatorgi, ef hann óskar þess skriflega. Símanotandi skal eiga þess kost að læsa annað hvort fyrir alla símatorgsþjónustu eða fyrir alla flokka nema þá tvo lægstu. Fyrsta læsing skal vera endurgjaldslaus, en kostnað af endurofnun og endurlæsingu ber símanotandi.

8. gr.

Rekstrarleyfishafa er heimilt að breyta uppkallsnúmeri í símatorgsþjónustu af tæknilegum ástæðum, enda sé það gert með hæfilegum fyrirvara.

#### IV. KAFLI

##### Almennar takmarkanir á efni þjónustu á símatorgi.

9. gr.

Hámarkslengd símtals við símatorgsnúmer skal vera 30 mínútur. Símtal skal hins vegar rofið eftir 10 mínútur hafi ekki komið til nein aðgerð af hálfu símanotanda. Upplýsingaveitandi er ábyrgur fyrir því að búnaður hans rjúfi símtal þegar þessum hámarkstímum er náð.

10. gr.

Efni, sem er sérstaklega ætlað börnum, má ekki taka lengri tíma en 10 mínútur og skal vera í 1. eða 2. gjaldflokki.

11. gr.

Rabblínur, þ.e. samtenging notenda í einu símtali, eru ekki leyfilegar á símatorgi. Póst- og fjarskiptastofnun getur í einstökum tilfellum heimilað uppsetningu leikja á símatorgi enda sé þeim að fullu lokið innan 10 mínútna.

12. gr.

Óheimilt er að kynna eða auglýsa annað uppkallsnúmer í símatorgssímtali.

13. gr.

Óheimilt er hafa á símatorgi efni, sem brýtur gegn almennum siðgæðisreglum svo sem efni, sem hvetur til ofbeldis og glæpa eða efni, sem kynnir eða tengist kynferðislegum athöfnum eða líkir eftir þeim.

#### V. KAFLI

##### Gjaldtaka og innheimta greiðslna.

14. gr.

Upplýsingaveitandi greiðir rekstrarleyfishafa fyrir númer og línur í samræmi við gjaldskrá hins síðarnefnda. Rekstrarleyfishafi annast innheimtu símatorgsgjalda með símareikningum eða með sérstökum reikningi. Ef símatorgsgjald er innheimt með símareikningi skal koma fram hvert var heildargjald fyrir símatorgsþjónustu á viðkomandi tímabili.

Réttshafi síma á rétt á að fá sundurliðun á símatorgsnotkun sinni, ef hann leggur fram skriflega beiðni þar að lútandi. Hann skal á beiðninni staðfesta að öðrum notendum símans hafi verið gerð grein fyrir því að símtöl í símatorgsþjónustu verði sundurliðuð á síma-reikningum. Fyrir sundurliðun reikninga greiðist samkvæmt gjaldskrá rekstrarleyfishafa.

Rekstrarleyfishafa er ekki heimilt að loka síma vegna vanskila fyrir símatorgssímtöl.

Rekstrarleyfishafi skal í samningi við upplýsingaveitanda ákveða skiptingu mínútu-gjaldsins milli þeirra svo og hvenær uppgjör fari fram.

Rekstrarleyfishafa er heimilt að draga frá í uppgjöri hlut upplýsingaveitanda vegna vanskila símanotenda fyrir símatorgssímtöl. Hafi upplýsingaveitandi þegar fengið greiðslu fyrir slík símtöl er heimilt að krefja hann um endurgreiðslu. Rekstrarleyfishafa er ennfremur heimilt að krefja upplýsingaveitanda um greiðslu kostnaðar við árangurslausar innheimtu-tilraunir reikninga fyrir símatorgsþjónustu í hlutfalli við þá fjárhæð, sem fallið hefði í hlut viðkomandi upplýsingaveitanda. Rekstrarleyfishafi skal gefa viðhlítandi skýringar á slíkum kostnaði.

## VI. KAFLI

### Auglýsingar og kynning.

#### 15. gr.

Í öllum auglýsingum og kynningu um símatorgsþjónustu skal koma fram á skýran hátt verð fyrir hverja mínútu. Í prentuðum auglýsingum og myndauglýsingum skulu verðupplýsingar vera með a.m.k. jafnstórum stöfum og megintexti.

Í auglýsingum og kynningu skal ekki gefa til kynna að veittar séu aðrar eða víðtækari upplýsingar en fram koma við uppkall. Auglýsingar og kynning skulu ekki brjóta í bága við ákvæði 13. gr.

#### 16. gr.

Upplýsingaveitendur mega eingöngu vísa til þjónustu hvers annars í markaðsaðgerðum að um það hafi verið gerður samningur þeirra á milli. Rekstrarleyfishafa er heimilt í sínum markaðsaðgerðum að vísa til upplýsingaveitanda, sem hann hefur á samningi.

Rekstrarleyfishafa er heimilt að krefjast þess að markaðsaðgerðir upplýsingaveitanda séu ekki í ósamræmi við afkastagetu þeirra.

#### 17. gr.

Þagnarskylda um símatorgsþjónustu skal ríkja milli rekstrarleyfishafa og upplýsingaveitanda í samræmi við góða viðskiptahætti.

## VII. KAFLI

### Eftirlit.

#### 18. gr.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með því að rekstrarleyfishafar og upplýsingaveitendur fylgi ákvæðum fjarskiptalaga og reglugerðar þessarar.

Eftirlit Póst- og fjarskiptastofnunar skal m.a. felast í upphringingum í uppkallsnúmer upplýsingaveitanda. Hver rekstrarleyfishafi, sem starfrækir símatorg, skal úthluta Póst- og fjarskiptastofnun sérnúmeri, sem stofnunin skal nota eingöngu til eftirlits. Rekstrarleyfishafi skal ekki gjaldfæra Póst- og fjarskiptastofnun fyrir slík númer og notkun sem tengjast þeim né á upplýsingaveitandi rétt á greiðslu fyrir uppköll úr slíkum númerum.

Póst- og fjarskiptastofnun getur við mat á því hvort upplýsingar, sem veittar eru á símatorgi, brjóti gegn ákvæðum 13. gr. um almennar siðgæðisreglur, leitað til sérstakrar símatorgsnefndar, sem samgönguráðherra skipar til þriggja ára í senn. Nefndin skal skipuð fjórum



fulltrúum, einum frá hverjum eftirtalinna aðila: Samgönguráðuneyti, dómismálaráðuneyti, barnaverndarráði og Neytendasamtökunum. Nefndin velur sér sjálf formann. Hún kemur saman að ósk Póst- og fjarskiptastofnunar eða að frumkvæði einstakra nefndarmanna og skal gefa álit á því, hvort efni á símatorgi stríði gegn almennum siðgæðisreglum. Póst- og fjarskiptastofnun skal hafa álit nefndarinnar til hliðsjónar við endanlega ákvörðun sína um málið.

Árleg þóknun nefndarmanna ákveðst af þóknunarnefnd og skal hún greidd úr ríkissjóði.

### VIII. KAFLI

#### Viðurlög og heimild til lokunar.

##### 19. gr.

Ef talið er að upplýsingaveitandi brjóti gegn almennum ákvæðum reglugerðar þessarar skal Póst- og fjarskiptastofnun gefa honum kost á að bæta úr því.

Við ítrekuð eða stórfelld brot getur stofnunin skyldað rekstrarleyfishafa til að loka uppkallsnúmeri upplýsingaveitanda.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að láta loka fyrirvaralaust uppkallsnúmeri upplýsingaveitanda, sem veitir upplýsingar, sem stofnunin telur brjóta gegn almennu siðgæði. Innan viku frá slíkri lokun skal stofnunin vísa málinu til símatorgsnefndar. Upplýsingaveitandi á ekki kröfu á skaðabótum vegna lokana.

##### 20. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 143/1996 og staðfestist hér með til að taka gildi 1. júní 1997 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 419/1992 um símatorgsþjónustu.

*Samgönguráðuneytinu, 27. maí 1997.*

**Halldór Blöndal.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

Nr. 360

## REIKNINGUR

### Innheimtustofnunar sveitarfélaga fyrir árið 1996.

#### Rekstrarreikningur.

##### Rekstrartekjur:

	Kr.
Innheimtuþóknun v/erlendar innheimtu .....	2.836.933
Innheimtuþóknun önnur .....	3.187.204
Endurkrafinn lögtakskostnaður .....	9.838.784
Innheimtur vaxtakostnaður og aðrar vaxtakröfur .....	<u>163.122.773</u>
	<u>178.985.694</u>

##### Rekstrargjöld:

Laun og launatengd gjöld .....	32.176.773
Húsnæðiskostnaður .....	1.516.199
Annar rekstrarkostnaður .....	27.104.063
Vextir og verðbætur .....	<u>733.604</u>
	<u>61.530.639</u>

Tekjur umfram gjöld .....	<u>117.455.055</u>
---------------------------	--------------------

**Efnahagsreikningur 31. desember 1996.**

<b>Eignir:</b>	Kr.
Sjóður .....	4.178.047
Bankainnstæður .....	40.847.096
Ógreidd innheimtuþóknun .....	3.589.413
Óinnheimtar kröfur .....	5.964.359.579
Sveitarfélög .....	0
Kröfur á fyrirtæki .....	26.930.901
Fyrirfram greiddur kostnaður .....	307.000
	<u>6.040.212.036</u>

**Skuldir og eigið fé:**

Ógreiddur kostnaður .....	7.708
Skuldabréf vegna fasteignakaupa .....	5.510.687
Tryggingastofnun ríkisins .....	154.183.270
Sveitarfélög .....	0
Erlendar innheimtur .....	527.630
Félagsmálaráðuneytið .....	<u>7.564.300</u>
	167.793.595
Framlag jöfnunarsjóðs .....	3.516.725.811
Dráttarvextir óinnheimtir .....	1.281.734.323
Lögtakskostnaður óinnheimtur .....	44.601.929
Annað eigið fé .....	<u>1.029.356.378</u>
	<u>6.040.212.036</u>

*Reykjavík, 17. febrúar 1997.*

Í stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga.  
**Sigurgeir Sigurðsson.**                      **Húnbogi Þorsteinsson.**  
**Snorri Björn Sigurðsson.**                **Árni Guðjónsson.**

13. júní 1997

Nr. 361

**REGLUGERÐ****um breytingu á reglugerð um biskupskosningu, nr. 151 12. mars 1981.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr.:

a. 1. tölul. orðist svo:

1. Biskup Íslands, þjónandi vígslubiskupar, sóknarprestar og prófastar, svo og aðstoðarprestar og sérþjónustuprestar ráðnir af ráðherra, kennarar guðfræðideildar Háskóla Íslands sem eru í föstum embættum eða störfum (prófessorar, dósentar, lektorar) og rektor Skálholtsskóla, enda séu þeir guðfræðikandidatar, svo og biskupsritari og aðrir starfsmenn biskupsstofu í föstu starfi með sama skilorði, aðstoðarprestar ráðnir af sóknarnefndum og prestar sem ráðnir eru af stjórn sjúkrastofnana eða sveitarfélögum til prestsþjónustu þar og lúta yfirstjórn kirkjulegra stjórnvalda í kirkjulegum efnunum, enda gegni þeir því starfi sem aðalstarfi, og prestvígðir menn sem ráðnir eru til

sérstakra starfa innan þjóðkirkjunnar á vegum biskups og kirkjuráðs, enda taki þeir full árslauð úr Kristnisjóði eða Kirkjumálasjóði.

b. 3. tölul. orðist svo:

3. Ennfremur leikmaður fyrir hvert prófastsdæmi, kjörinn af leikmönnum, sem sæti eiga á héraðsfundi, til fjögurra ára í senn, og skulu varamenn einnig kjörnir á sama hátt.

2. gr.

2. og 3. mgr. 5. gr. orðist svo:

Prófastur stýrir kosningunni. Skal hún vera skrifleg og leynileg. Hver leikmaður skal rita eitt nafn á kjörseðil. Rétt kjörinn sem aðalmaður er sá sem flest atkvæði hlýtur. Nú hljóta tveir eða fleiri sama atkvæðamagn, og skal þá hlutkesti ráða úrslitum.

Kjör varamanns fer fram með sama hætti.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 7. gr. laga um biskupskosningu, nr. 96 31. desember 1980, sbr. lög nr. 91 22. maí 1997, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. júní 1997.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

*Hjalti Zóphóníasson.*

Nr. 362

## REIKNINGUR

**Þjóðhátíðarsjóðs fyrir árið 1996.**

**Rekstrarreikningur ársins 1996.**

	<i>Skýringar</i>	<i>Kr.</i>
<b>Tekjur:</b>		
Vegna sölu forsetamyntar 1996 .....		<u>300.000</u>
Tekjur alls		300.000
<b>Gjöld:</b>		
Fjöldi umsókna .....	2	5.000.000
Niðurfelling styrkja .....		(140.000)
Ýmis kostnaður .....		<u>233.193</u>
		5.093.193
<b>Fjármunatekjur - fjármunagjöld:</b>		
Vaxtatekjur .....	3	1.476.526
Sala spariskírteina .....	4	4.810.519
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga .....	1	<u>(1.019.572)</u>
Fjármagnstekjur nettó		<u>5.267.473</u>
<b>Tekjur umfram gjöld (Tap) .....</b>		<u><u>474.280</u></u>

**Efnahagsreikningur 31. desember 1996.**

<b>Eignir:</b>	<i>Kr.</i>
<b>Veltufjármunir:</b>	
Bankainnstæða .....	0
Veltufjármunir samtals	<u>0</u>
<b>Langtímakröfur:</b>	
Spariskírteini ríkissjóðs .....	63.964.550
Langtímakröfur samtals	<u>63.964.550</u>
<b>Eignir alls</b> .....	<u>63.964.550</u>
<b>Skuldir og eigið fé</b>	
<b>Skammtímaskuldir:</b>	
Skuld hlr. 40091 .....	109.655
Óhafnar styrkveitingar .....	<u>950.000</u>
Skammtímaskuldir samtals	<u>1.059.655</u>
<b>Höfuðstóll:</b>	
Höfuðstóll 1. janúar 1996 .....	61.411.043
Endurmat .....	1.019.572
Tekjur umfram gjöld (Tap) .....	<u>474.280</u>
Samtals	<u>62.904.895</u>
<b>Skuldir og eigið fé alls</b> .....	<u>63.964.550</u>

**Skýringar með ársreikningi 1996.****Reikningsskilaaðferðir**

1. Áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir eins og þær voru í byrjun reikningsársins og breytingu þeirra á árinu, eru reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningurinn byggist á breytingu á vísitölu neysluverðs innan ársins. Staða peningalegra eigna og skulda í ársbyrjun og árslok er reiknuð til meðalverðlags ársins. Mismunur á þannig umreiknaðri stöðu í ársbyrjun, að viðbættri breytingu á árinu annars vegar og stöðunni í árslok hins vegar, myndar hækkanir verðlagsbreytinga að fjárhæð kr. 1.019.572 og er sú fjárhæð færð til frádráttar fjármunatekjum.

Hinar reiknuðu hækkanir eiga að endurspegla þá raunvirðisrýrmun sem verður á peningalegum eignum og skuldum við verðbólguaðstæður og mætt er með verðbótum og vöxtum. Færslan á sér því mótvægi í vaxtatekjum og verðbótum.

Vísitala í ársbyrjun	174,9
Meðalvísitala	177,1
Vísitala í árslok	177,8

2. Á árinu 1996 voru veittir styrkir alls að fjárhæð kr. 5.000.000. Eftirfarandi aðilar hlutu styrki:

	kr.
Friðlýsingarsjóður v/Náttúruverndarráðs .....	1.250.000
Þjóðminjasafn Íslands .....	1.250.000
Snorri Þorfinnsson ehf. ....	100.000
Húsfélagið Gudmanns Minde .....	200.000
Zontaklúbbur Akureyrar .....	150.000
Hólanefnd .....	150.000

Aðalgeir Egilsson .....		100.000
Héraðsskjalasafnið Ísafirði .....		150.000
Myndadeild Þjóðminjasafns .....		150.000
Héraðsnefnd Strandasýslu .....		150.000
Menntaskólinn í Reykjavík .....		200.000
Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn .....		150.000
Þjóðskjalasafn Íslands .....		50.000
Minjasafn Egils Ólafssonar .....		50.000
Héraðsskjalasafn Árnesinga .....		150.000
Ljósmyndasafn Austurlands .....		100.000
Birna Gunnarsdóttir .....		50.000
Hringurinn, kvenfélag í Reykjavík .....		200.00
Heiðursrit helgað Gísla Jónssyni .....		150.000
Framkvæmdanefnd Skrúðs .....		200.000
Fuglaverndarfélag Íslands .....		50.000
		<u>5.000.000</u>
3. <i>Fjármagnstekjur</i>	<i>1996</i>	<i>1995</i>
v/bankainneigna	2.376	42.103
v/spariskírteina	<u>1.474.150</u>	<u>2.300.280</u>
	<u>1.476.526</u>	<u>2.342.383</u>

4. *Spariskírteini*

Í upphafi árs var spariskírteinaeign sjóðsins í 2. fl. 1984 að nafnverði 7 m.kr. Uppreiknað og bókfært verð var kr. 62.490.400. Á árinu voru seld spariskírteini að nafnverði kr. 500.000 og að söluverði kr. 4.810.519 til að standa undir úthlutun styrkja ársins og tilfallandi kostnaði. Í árslok var því spariskírteinaeignin að nafnverði kr. 6,5 m.kr. sem nam uppreiknað kr. 63.964.550.

**Áritun endurskoðenda**

Ársreikning þennan fyrir Þjóðhátíðarsjóð hefur stofnunin endurskoðað. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi fyrir árið 1996 og efnahagsreikningi 31. desember 1996 ásamt skýringum 1-4.

Við framkvæmd endurskoðunarinnar voru gerðar þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum sem taldar voru nauðsynlegar.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri sjóðsins á árinu 1996 og efnahag 31. desember 1996.

Ríkisendurskoðun, 28. maí 1997.

Sigurður Þórðarson.

**Áritun stjórnar**

Stjórn Þjóðhátíðarsjóðs staðfestir hér með ársreikning sjóðsins með undirritun sinni.

Reykjavík, 15. maí 1997.

**Hulda Valtýsdóttir.**  
**Björg Einarsdóttir.**

**Birgir Ísleifur Gunnarsson.**  
**Björn Teitsson.**

*Sveinbjörn Hafliðason ritari.*

# REGLUGERÐ

## um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á unnum kjötvörum.

### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III A við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum.

### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr/kg
<b>Tollnúmer: Kjötvörur úr vörulið 1602:</b>		32.800		
1602.1001 Blönduð matvara meira en 60% af kjöti	01.07.-31.12.97		0	84
1602.1009 Meira en 20% til og með 60%	01.07.-31.12.97		0	84
1602.2011 Meira en 60% af dýralifur	01.07.-31.12.97		0	117
1602.2012 Meira en 20% til og með 60% af dýralifur	01.07.-31.12.97		0	117
1602.2019 Annað	01.07.-31.12.97		0	44
1602.2021 Annað, meira en 60% af dýralifur	01.07.-31.12.97		0	117
1602.2022 Annað, meira en 20%, til og með 60%	01.07.-31.12.97		0	78
1602.2029 Annað	01.07.-31.12.97		0	26
1602.3101 Úr kalkúnum meira en 60%	01.07.-31.12.97		0	203
1602.3102 Úr kalkúnum meira en 20% til og með 60%	01.07.-31.12.97		0	203
1602.3109 Annað	01.07.-31.12.97		0	115
1602.3201 Úr hænsnum meira en 60%	01.07.-31.12.97		0	203
1602.3202 Úr hænsnum meira en 20%, til og með 60%	01.07.-31.12.97		0	203
1602.3209 Annað	01.07.-31.12.97		0	115
1602.3901 Annað meira en 60% úr alifuglum	01.07.-31.12.97		0	203
1602.3902 Annað 20% til og með 60% úr alifuglum	01.07.-31.12.97		0	203
1602.3909 Annað	01.07.-31.12.97		0	115
1602.4101 Úr svínnum meira en 60%, læri og lærissneiðar	01.07.-31.12.97		0	522
1602.4102 Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.-31.12.97		0	343
1602.4109 Annað	01.07.-31.12.97		0	115
1602.4201 Meira en 60% af kjöti, bógur og bógsneiðar	01.07.-31.12.97		0	412
1602.4202 Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.-31.12.97		0	247
1602.4209 Annað	01.07.-31.12.97		0	83
1602.4901 Annað meira en 60% af kjöti, blöndur	01.07.-31.12.97		0	511
1602.4902 Annað meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.-31.12.97		0	307
1602.4909 Annað	01.07.-31.12.97		0	102
1602.5001 Meira en 60% kjöt úr nautgripum	01.07.-31.12.97		0	362
1602.5002 Meira en 20% til og með 60%, úr kjöti	01.07.-31.12.97		0	304
1602.5009 Annað	01.07.-31.12.97		0	102
1602.9011 Úr dilkakjöti meira en 60% af kjöti	01.07.-31.12.97		0	442
1602.9012 Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.-31.12.97		0	265
1602.9019 Annað	01.07.-31.12.97		0	89
1602.9021 Annað, úr öðru kjöti meira en 60%	01.07.-31.12.97		0	442
1602.9022 Annað, meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.-31.12.97		0	265
1602.9029 Annað	01.07.-31.12.97		0	89

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

## 3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleyfis og er ekki framseljanleg.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði auglýsingar vegna innflutnings á landbúnaðarvörum nr. 483/1995.

## 4. gr.

Verði umsóknir um tollkvóta meiri en það sem er til úthlutunar skal leita tilboða í tollkvóta. Skulu tilboð ráða úthlutun, þó skal að lágmarki úthluta því magni sem hér greinir í eftirtöldum vöruliðum sé um það sótt:

vöruliðir	1602.10XX	1.000 kg
vöruliðir	1602.20XX	1.000 kg
vöruliðir	1602.3XXX	6.200 kg
vöruliðir	1602.4XXX	5.000 kg
vöruliðir	1602.50XX	1.800 kg
vöruliðir	1602.90XX	1.400 kg

## 5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum á henni skal farið að hætti opinberra mála.

## 6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 1998.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 4. júní 1997.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Guðmundur Sigþórsson.*

Nr. 364

5. júní 1997

## AUGLÝSING

### **ríkisskattstjóra nr. 7/1997 um breytingar á auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 3/1997 um skattmat í staðgreiðslu á árinu 1997.**

Frá og með 1. júní 1997 breytist skattmat á fjárhæðum ökutækjastyrkja og á dagpeningum sem launamaður fær greidda vegna ferða á vegum launagreiðanda og halda má utan staðgreiðslu og verður sem hér segir:

#### **1. Ökutækjastyrkir.**

Eftirfarandi breytingar verði á fjárhæðum í kafla 3.2. í auglýsingunni um mat á ökutækjastyrk innan viðmiðunarmarka, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu:

a) *Almennt gjald:*

Fyrir:	1 - 10.000 km	kr. 35,15	verði	kr. 34,55
	10.001 - 20.000 km	kr. 31,45	verði	kr. 30,95
	20.001 - >	kr. 27,75	verði	kr. 27,30

b) *Sérstakt gjald og torfærugjald.*

Þær fjárhæðir sem hækka má ofangreint mat um, ef um greiðslu sérstaks gjalds og torfærugjalds er að ræða, breytast sem hér greinir:

Fjárhæðin:	kr. 5,35	verði	kr. 5,30	(sérst. gjald	1 - 10.000 km)
	kr. 16,40	verði	kr. 16,30	(torfærugjald	1 - 10.000 km)
	kr. 4,80	verði	kr. 4,70	(sérst. gjald	10.001 - 20.000 km)
	kr. 14,70	verði	kr. 14,55	(torfærugjald	10.001 - 20.000 km)
	kr. 4,20	verði	kr. 4,15	(sérst. gjald	20.001 - >)
	kr. 12,95	verði	kr. 12,85	(torfærugj.	20.001 - >)

2. **Dagpeningar erlendis.**

Kaflinn „Almennir dagpeningar“ í tölulið 4.1. í auglýsingunni orðist svo:

	Gisting	Annað	Samtals
	SDR	SDR	SDR
Svíþjóð, Bretland og Sviss .....	105	87	192
New York .....	108	69	177
Asía .....	129	102	231
Annars staðar .....	88	87	175

Kaflinn „Dagpeningar vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa“ í sama tölulið orðist svo:

	Gisting	Annað	Samtals
	SDR	SDR	SDR
Svíþjóð, Bretland og Sviss .....	67	56	123
New York .....	69	44	113
Asía .....	83	66	149
Annars staðar .....	57	56	113

3. **Dagpeningar innanlands.**

Eftirfarandi breytingar verði á fjárhæðum í kafla 4.2. í auglýsingunni:

Gisting og fæði í einn sólarhring:	kr. 7.250, verði kr. 8.500.
Gisting í eina nótt:	kr. 3.750, verði kr. 5.000.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og 116. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Gildir hún við staðgreiðslu frá og með 1. júní 1997.

Reykjavík, 5. júní 1997.

**Garðar Valdimarsson** ríkisskattstjóri.

Nr. 365

## REIKNINGUR

Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1996.

**Rekstrarreikningur árið 1996.**

**Tekjur:**

Ríkisframlag .....

Tekjur alls

Kr.

3.177.738.979

3.177.738.979



**Gjöld:**

Bundin framlög .....	721.278.980
Sérstök framlög .....	625.923.774
Jöfnunarframlög .....	851.931.347
Húsaleigubætur .....	200.000.000
Yfirfærsla grunnskólakostnaðar .....	<u>754.738.615</u>
Framlög samtals	<u>3.153.872.716</u>
<i>Rekstrarkostnaður:</i>	
Laun og launatengd gjöld .....	4.495.604
Önnur rekstrargjöld .....	<u>6.794.575</u>
Rekstrarkostnaður samtals	11.290.179
Gjöld alls	<u>3.165.162.895</u>
Tekjur umfram gjöld án fjármunatekna .....	12.576.084
<i>Fjármunatekjur/(fjármagnsgjöld):</i>	
Vaxtatekjur .....	8.301.711
Vaxtagjöld .....	<u>(82.451)</u>
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) alls	<u>8.219.260</u>
Tekjur umfram gjöld	<u>20.795.344</u>

**Efnahagsreikningur 31. desember 1996.****Eignir:**

<i>Veltufjármunir:</i>	Kr.
Bankareikningur .....	7.623.473
Áfallnar ógjaldf. vaxtatekjur .....	4.986.104
Óendurgreiddur virðisaukaskattur .....	298.232
Viðskiptakröfur .....	<u>3.946.842</u>
Veltufjármunir samtals	<u>16.854.651</u>
Eignir alls	<u>16.854.651</u>

**Skuldir og eigið fé:**

<i>Skammtímaskuldir:</i>	
Yfirdráttarheimild í L.Í. ....	0
Ógreiddir vextir v/yfirdráttar .....	0
Ógreitt tryggingagjald .....	69.333
Óhafin framlög .....	58.822.268
Viðskiptaskuldir .....	<u>103.531.438</u>
Skammtímaskuldir samtals	<u>162.423.039</u>
Skuldir alls	<u>162.423.039</u>
<i>Eiginfjárreikningur:</i>	
Eigið fé 1. janúar .....	(166.363.732)
Tekjur umfram gjöld .....	<u>20.795.344</u>
Eiginfjárreikningur samtals	<u>(145.568.388)</u>
Skuldir og eigið fé alls	<u>16.854.651</u>

## Sjóðstreymi

Framlag rekstrar:	Kr.
Tekjur umfram gjöld .....	<u>20.795.344</u>
	<u>20.795.344</u>
<i>Breyting liða innan hreins veltufjár:</i>	
(Aukning) minnkun viðskiptakrafna .....	67.160
(Aukning) minnkun fyrirframgreiddra skatta .....	21.271
Aukning (minnkun) viðskiptaskulda .....	<u>(17.809.893)</u>
Breytingar á veltufjárreikningi	<u>(17.721.462)</u>
Lækkun á handbæru fé .....	3.073.882
Handbært fé í ársbyrjun .....	<u>4.549.591</u>
Handbært fé í árslok	<u><u>7.623.473</u></u>

### Áritun endurskoðenda

Við höfum endurskoðað ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1996. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1-14. Ársreikningurinn er á ábyrgð yfirstjórnar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og lagður fram í samræmi við lög og starfsskyldur þeirra. Ábyrgð okkar felst í því að láta í ljós álit á ársreikningnum og byggja það á endurskoðun okkar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin fólst meðal annars í úrtakskönnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum og einnig athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að við endurskoðunina hafi fengist nægjanlega traustar upplýsingar til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 1996, efnahag 31. desember 1996 og breytingum á handbæru fé á árinu 1996 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

*Ríkisendurskoðun, 15. maí 1997.*

**Sigurður Þórðarson** ríkisendurskoðandi.  
**Sveinn Arason** skrifstofustjóri.

### Staðfesting ársreiknings

Félagsmálaráðherra og formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga staðfesta ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1996 með áritun sinni.

*Reykjavík, 15. maí 1997.*

**Páll Pétursson** félagsmálaráðherra.  
**Húnbogi Þorsteinsson** formaður ráðgjafarnefndar.

# AUGLÝSING

## um veitingu starfa háskólakennara.

Menntamálaráðherra hefur hinn 30. maí 1997 staðfest svohljóðandi reglur um veitingu starfa háskólakennara, sbr. fylgiskjal, sbr. 11. gr. laga nr. 131/1990 um Háskóla Íslands. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 2. júní 1997.*

F. h. r.  
**Guðríður Sigurðardóttir.**

*Þórunn J. Hafstein.*

### Fylgiskjal.

#### **Reglur um veitingu starfa háskólakennara.**

##### **1. Umsóknir og meðferð þeirra.**

- 1.1. Reglur þessar eiga við um veitingu prófessors-, dósent- eða lektorsstarfa við Háskóla Íslands. Umsóknir eiga að berast framkvæmdastjóra starfsmannasviðs, sem að umsóknarfresti liðnum staðfestir móttöku umsókna með bréfi til umsækjenda. Eftir að umsóknarfresti um starf lýkur verða öll nöfn umsækjenda birt.
- 1.2. Umsækjendur skulu láta fylgja umsókn sinni rækilega skýrslu um vísindastörf þau, er þeir hafa unnið, ritsmíðar og rannsóknir, svo og vottorð um námsferil sinn og störf. Með umsókninni skulu send þrjú eintök af vísindalegum ritum og ritgerðum, birtum og óbirtum, sem umsækjendur óska eftir að tekin verði til mats. Þegar fleiri en einn höfundur stendur að ritverki skal umsækjandi gera grein fyrir framlagi sínu til verksins. Einnig er nauðsynlegt að í umsókn komi fram hvaða verkefnum umsækjendur hafa unnið að, hverju þeir eru að vinna að og hver eru áform þeirra ef til ráðningar kæmi. Enn fremur er ætlast til þess að umsækjendur láti fylgja með umsagnir um kennslu- og stjórnunarstörf sín, eftir því sem við á.
- 1.3. Umsækjendum er heimilt að senda inn viðbótargögn þangað til mánuður er liðinn frá lokum umsóknarfrests, nema annað sé tekið fram í auglýsingu.

##### **2. Skipan dómnefnda og starfshættir þeirra.**

- 2.1. Skipa skal hverju sinni þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna starfinu. Háskólaráð skipar einn nefndarmann, menntamálaráðherra annan, en deild sú sem hann á að starfa við hinn þriðja, og er hann formaður. Rektor gerir deild grein fyrir nöfnum umsækjenda og leitar eftir skipun fulltrúa hennar í dómnefndina. Vilji deild að dómnefnd forgangsraði hæfum umsækjendum skal sú ósk liggja fyrir áður en dómnefnd er skipuð. Rektor greinir menntamálaráðherra frá nöfnum umsækjenda og nöfnum dómnefndarmanna sem deild og háskólaráð hyggjast skipa í nefndina og óskar eftir skipun fulltrúa ráðherra í nefndina. Rektor staðfestir skipun dómnefndar með bréfi til hlutaðeigandi manna.
- 2.2. Í nefnd þessa má skipa þá eina, er lokið hafa háskólaprófi á hlutaðeigandi fræðasviði, eða eru að öðru leyti viðurkenndir sérfræðingar á því sviði. Sitji starfsmaður Háskólans í dómnefnd skal hann, að mati rektors, a.m.k. hafa á móta hæfni og krafist

- er til þess starfs sem dómnefnd á að fjalla um. Dómnefndarmenn skulu, eftir því sem við á, uppfylla hin sérstöku dómaraskilyrði sem kveðið er á um í 5. gr. laga nr. 91/1991.
- 2.3. Dómnefndir sem fjalla um hæfi umsækjenda til að gegna starfi prófessors skulu að hluta skipaðar sérfræðingum erlendum eða innlendum, sem starfa utan Háskólans. Æskilegt er að leitað sé álits erlends sérfræðings ef enginn dómnefndarmaður er erlendur.
  - 2.4. Háskólaráð felur rektor að skipa ritara dómnefnd til ráðuneytis, leiðbeiningar og annarrar aðstoðar. Hlutverk ritara er að gæta samræmis í störfum dómnefnda, gæta þess að dómnefnd vinni samkvæmt lögum og reglum og vera henni innan handar með þjónustu sem hún þarf á að halda.
  - 2.5. Formaður dómnefndar tekur við umsóknargögnum af framkvæmdastjóra starfsmannasviðs og staðfestir móttöku þeirra. Hann kallar nefndina til starfa. Eftir að frestur til að skila umsóknargögnum er liðinn, sbr. 1.1 og 1.3, tekur dómnefnd ekki við frekari gögnum frá umsækjendum, nema þau séu til að votta gögn sem fylgdu umsókn. Dómnefnd er þó heimilt að óska eftir því við umsækjendur að þeir láti í té viðbótargögn við áður framlögð gögn. Í þessu efni skal dómnefnd láta umsækjendur njóta jafnræðis.
  - 2.6. Dómnefnd skal hraða störfum sínum eftir föngum, og skal hún að jafnaði hafa lokið störfum innan tveggja mánaða frá því er hún var skipuð.

### 3. Um mat á hæfi umsækjenda.

- 3.1. Að teknu tilliti til menntunar skal mat byggt á eftirfarandi starfsþáttum í þessari röð: rannsóknir, kennsla, stjórnun. Þetta er almenn viðmiðun en einstakir þættir kunna að skarast í forgangsröðun.
- 3.2. Við mat á rannsóknum skal leggja megináherslu á vísindagildi þeirra. Við það mat ber að athuga frumleika rannsóknarverkefnis og sjálfstæði gagnvart öðrum rannsóknum og ritverkum, þekkingu á stöðu rannsókna á viðkomandi fræðasviði, meðferð heimilda og vísindaleg vinnubrögð, fræðilegar nýjungar og eftir atvikum notagildi rannsókna. Kennslurit og önnur hugverk geta haft vísindagildi að því marki sem þau uppfylla þessar kröfur. Í fyrsta lagi skulu metin rit, bækur og ritgerðir sem hafa verið gefin út eða samþykkt til birtingar í viðurkenndum tímaritum innlendum eða erlendum og hlotið hafa faglegt mat. Í öðru lagi er höfð hliðsjón af álitsgerðum og áfangaskýrslum sem umsækjandi hefur sent frá sér í frágenginni mynd til þeirra sem hlut eiga að mati. Í þriðja lagi er heimilt að taka tillit til verka í vinnslu.
- 3.3. Við mat á kennsluframlagi ber öðru fremur að athuga hversu mikla alúð umsækjandi hefur lagt við kennslustörf sín, svo sem samningu kennslugagna og leiðbeininga, fjölbreytni og nýjungar í kennsluáðferðum. Eins skal líta til frumkvæðis í uppbyggingu og endurbóta á tilhögun kennslu og viðleitni að hvetja nemendur til sjálfstæðra og fræðilegra vinnubragða.
- 3.4. Meta skal stjórnunarreynslu jafnt innan háskóla sem utan. Hafa skal í huga að hún nýttist við stjórnunarstörf innan Háskólans.
- 3.5. Dómnefnd er heimilt að kalla umsækjendur í viðtal. Hún getur leitað skriflegra umsagna frá íslenskum eða erlendum sérfræðingum um tiltekin verk eða störf umsækjenda almennt. Í mati á kennslu og stjórnunarreynslu ber dómnefnd að leita eftir umsögnum um frammistöðu umsækjenda eftir því sem kostur er. Skulu slíkar umsagnir fylgja umsóknargögnum við afgreiðslu málsins. Þá er dómnefnd heimilt að nýta sér faglega unnið gæðamat á kennslu umsækjenda.

- 3.6. Háskólaráð setur að tillögu deildar nánari reglur fyrir dómnefndir um mat á rannsóknunum, kennslu og stjórnun eftir því sem þær telja nauðsynlegt og samrýmist ákvæðum laga og reglugerðar.
- 3.7. Dómnefnd forgangsraðar hæfum umsækjendum ef deild hefur óskað þess áður en dómnefndin var skipuð, sbr. 2.1. Nefndin skal gera grein fyrir því á hvaða forsendum forgangsstöðun hennar er byggð.

#### 4. Um dómnefndarálit, efni þess og frágang.

- 4.1. Í upphafi dómnefndarálits skal dómnefnd gera grein fyrir þeim forsendum, gögnum og heimildum, sem hún byggir á í mati sínu á umsækjendum og vinnubrögðum sínum við mat á umsækjendum.
- 4.2. Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit á því hvort af vísindagildi rita umsækjenda og rannsókna svo og námsferli þeirra og störfum megi ráða að þeir séu hæfir til að gegna starfinu. Þetta álit dómnefndar skal vera afdráttarlaust um það, hvort hún eða meirihluti hennar telur hvern umsækjanda um sig hæfan eða ekki. Sé ágreiningur um þetta í dómnefnd skulu greidd atkvæði sérstaklega um hvern umsækjanda og ber hverjum dómnefndarmanni þá að taka afstöðu. Minnihluta gefst kostur á að gera grein fyrir máli sínu með séráliti.
- 4.3. Teljist umsækjandi ekki hæfur, ber dómnefnd að gera rækilega grein fyrir þeirri niðurstöðu, en að öðru leyti þarf umfjöllun ekki að vera eins ítarleg og um þá, sem teljast hæfir.
- 4.4. Í dómnefndaráliti skal einnig vera ritaskrá umsækjenda sem þeir hafa látið fylgja umsókn sinni og greinargerð um námsferil þeirra og fyrri störf.

#### 5. Um meðferð dómnefndarálits og afgreiðslu máls.

- 5.1. Dómnefndarálit, ásamt umsóknargögnum og umsögnum sem dómnefnd hefur aflað, á að berast rektor, dagsett og undirritað af öllum dómnefndarmönnum. Telji rektor álitnið gallað að einhverju leyti eða störfum dómnefndar ábótavant er honum heimilt að senda dómnefndarálit aftur til dómnefndar. Dómnefndarálit telst gallað ef álitnið samrýmist ekki lögum og reglum, umfjöllun um umsækjendur og rökstuðningur eru rýr, mikilvægar upplýsingar vantar eða um aðrar greinilegar misfellur er að ræða. Dómnefnd er skylt að svara athugasemdum.
- 5.2. Rektor skal senda hverjum umsækjanda dómnefndarálitið í heild, ásamt lista yfir þær umsagnir um umsækjanda sem dómnefnd byggir niðurstöður sínar á. Rektor gefur umsækjendum kost á að gera skriflegar athugasemdir við álitnið áður en hann sendir það deildarforseta til meðferðar. Berist athugasemdir skulu þær bornar undir dómnefnd. Athugasemdirnar ásamt svari dómnefndar skulu fylgja álitinu þegar það er sent til deildar.

Dragi umsækjandi umsókn sína til baka, áður en dómnefndarálit er sent deild til umsagnar, á hann rétt á að ekki verði fjallað um hæfi hans í áliti dómnefndar. Eftir að álit dómnefndar er komið til umsagnar deildar verður því ekki breytt af þessu tilefni.
- 5.3. Deildarforseti skal leita álits hlutaðeigandi skorar áður en háskóladeild fjallar um umsækjendur sem dómnefnd telur hæfa. Einnig er heimilt að leita álits stjórnar viðkomandi rannsóknarstofnunar áður en fjallað er um umsækjendur á deildarfundi.
- 5.4. Fara skal með umsóknargögn, dómnefndarálit, og önnur skjöl tengd dómnefndarstarfinu sem trúnaðarskjöl.
- 5.5. Um leið og deildarforseti boðar til deildarfundar um ráðstöfun starfs skal dómnefndarálitið sent til þeirra deildarmanna sem atkvæði eiga um málið á deildarfundi.

Þeir skulu hafa aðgang að umsóknargögnum og fylgiskjölum uns málið er afgreitt. Á deildarfundinum skal formaður dómnefndar eða staðgengill hans úr dómnefnd gera grein fyrir álitinu. Heimilt er dómnefndinni allri að sitja fundinn meðan umfjöllun um dómnefndarálitid fer fram. Skylt er að fresta atkvæðagreiðslu um ráðstöfun starfs til næsta fundar ef  $\frac{1}{3}$  hluti fundarmanna óskar þess.

- 5.6. Nú koma fram athugasemdir við dómnefndarálit á deildarfundum og fjallar þá fundurinn um álitid og framkomnar athugasemdir og gengur síðan til atkvæðagreiðslu á grundvelli fyrirbyggjandi dómnefndarálits og umræðna um það. Dómnefnd telst hafa lokið störfum þegar deild gengur til atkvæða um ráðstöfun starfs.
- 5.7. Engum má veita prófessors-, dósent- eða lektorsstarf við Háskólann nema meirihluti dómnefndar telji hann hæfan og meiri hluti viðstaddra á deildarfundum greiði honum atkvæði í starfið. Ef fleiri umsækjendur en tveir eru í kjöri og enginn þeirra hlýtur meiri hluta við fyrstu atkvæðagreiðslu skal kosið á ný milli þeirra tveggja sem flest atkvæði hlutu.
- 5.8. Deildarforseti sendir rektor greinargerð um afgreiðslu deildarfundar. Afrit greinargerðar ásamt umsóknargögnum skal sent til framkvæmdastjóra starfsmannasviðs, sem sér um að senda erindi vegna starfsveitingarinnar til rektors eða menntamálaráðuneytisins eftir því sem við á. Hann sér einnig um að umsóknargögnin séu endursend umsækjendum ásamt upplýsingum um niðurstöðu málsins í deild.
- 5.9. Nú fellst rektor eða menntamálaráðherra ekki á tillögu deildarfundar og skal þá auglýsa starfið að nýju.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 131/1990 um Háskóla Íslands og taka gildi þegar menntamálaráðuneytið hefur staðfest þær.

Staðfesti hér með framangreindar reglur sbr. 3. mgr. 11. gr. laga nr. 131/1990 um Háskóla Íslands.

*Menntamálaráðuneytinu, 30. maí 1997.*

**Björn Bjarnason.**

*Guðríður Sigurðardóttir.*

30. maí 1997

Nr. 367

## REGLUGERÐ

um viðurkenningu á starfi og starfsþjálfun í iðnaði í öðru EES-ríki.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 31., 32., 35., 36. og 47. tölul. VII. viðauka við samninginn um gagnkvæma viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi, skulu öðlast gildi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af VII. viðauka, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins, sbr. lög nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið, með síðari breytingum.

Eftirtaldir gerðir, sem taka nú til allra EES-ríkjanna þrátt fyrir þrengra orðalag gerðanna, öðlast samkvæmt þessu gildi:

1. Tilskipun ráðsins 64/427/EBE frá 7. júlí 1964 sem hefur að geyma ítarleg ákvæði um bráðabirgðaráðstafanir vegna starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga á sviði

- framleiðslu- og vinnsluiðnaðar sem fellur undir ISIC yfirflokka 23-40 (Iðnaður og handverk), ásamt breytingu með tilskipun ráðsins 69/77/EBE frá 4. mars 1969 (ákvæði 3. mgr. 5. gr. um Lúxemborg gilda ekki);
2. tilskipun ráðsins 64/429/EBE frá 7. júlí 1964 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga til að veita þjónustu á sviði framleiðslu- og vinnsluiðnaðar er heyrir undir ISIC yfirflokka 23-40 (Iðnaður og handverk);
  3. tilskipun ráðsins 68/365/EBE frá 15. október 1968 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga til að veita þjónustu á sviði matvæla- og drykkjarvöruframleiðslu (ISIC yfirflokkar 20 og 21);
  4. tilskipun ráðsins 68/366/EBE frá 15. október 1968 sem hefur að geyma ítarleg ákvæði um bráðabirgðaráráðstafanir vegna starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga á sviði matvæla- og drykkjarvöruframleiðslu (ISIC yfirflokkar 20 og 21) (ákvæði 3. mgr. 6. gr. um Lúxemborg gilda ekki);
  5. tilskipun ráðsins 82/489/EBE frá 19. júlí 1982 um ráðstafanir til að auðvelda að staðfesturéttar og réttar til að veita þjónustu sé neytt í háriðn.
- Textar framangreindra tilskipana, áður birtir í sérriiti S 34 í EES-gerðum sem tengdust Stjórnartíðindum, birtast í viðauka við reglugerð þessa.

## 2. gr.

Þrátt fyrir önnur ákvæði iðnaðarlaga en felast í 2. gr. laganna hafa ríkisborgarar eða lögaðilar aðildarríkja að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið rétt til að starfa í iðnaði hér á landi á grundvelli skuldbindinga Íslands samkvæmt framangreindum gerðum sem fela í sér viðurkenningu á starfi og starfsþjálfun í iðnaði í öðru EES-ríki. Ekki felst í starfsréttinum heimild til að kalla sig meistara eða svein án nánari tilgreiningar. Þá felst heldur ekki í réttinum sú heimild sem meistara hafa til að veita löggilttri iðngrein forstöðu, taka nema eða vinna störf sem sérstaka löggildingu þarf til nema slíkt felist í hverju einstöku tilviki í skuldbindingum Íslands samkvæmt EES-samningnum. Þar til bær stjórnvöld, m.a. menntamálaráðuneytið, geta kveðið upp úr um það hvort telja eigi að slíkar heimildir skuli vera fyrir hendi hér á landi með samanburði við heimildir aðila í viðkomandi EES-ríkjum en leita má úrskurðar dómstóla.

## 3. gr.

Færa skal fyrir lögreglustjóra hér á landi sönnur um starf og starfsþjálfun í öðru EES-ríki í samræmi við viðkomandi gerðir. Fara má fram á að gögn erlends stjórnvalds taki mið af viðurkenndri lýsingu á viðkomandi iðngrein hér á landi en þá lýsingu getur menntamálaráðuneytið gefið. Lögreglustjórar skulu staðfesta réttmæti gagna um starfið og starfsþjálfunina eftir að viðkomandi félagi iðnaðarmanna, þ.e. landsamtökum meistara og sveina í iðngrein og staðbundnu félagi ef til er, hefur verið gefinn kostur á að segja álit sitt. Skal frestur til þess vera stuttur og að jafnaði eigi lengri en tvær vikur. Eftir atvikum má leita álits annarra aðila, t.d. iðnráðs Reykjavíkur.

Í staðfestingu komi a.m.k. fram: Viðurkenning samkvæmt 2. gr. iðnaðarlaga á rétti til starfa hér á landi í .....(iðngrein), nafn og kennitala réttshafa, útgáfustaður, útgáfudagur og nafn embættis. Binda má viðurkenningu skilyrðum, m.a. takmarka hana í tíma, ef þurfa þykir vegna nánari athugunar, eða gera fyrirvara um endurskoðun vegna nýrra upplýsinga.

Lögreglustjórar skulu gefa þeim er leita starfsréttinda í öðru EES-ríki á grundvelli framangreindra EES-gerða tilskilin vottorð um það í hvaða iðngrein viðkomandi hafi starfað og hversu lengi. Er vottorð eru gefin skal leitast við að hafa hliðsjón af viðurkenndri lýsingu á viðkomandi iðngrein í EES-ríkinu sem ætlunin er að starfa í.

## 4. gr.

Lögreglustjórar hafa eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar. Ágreining um rétt má bera undir iðnaðarráðherra og enn fremur leita úrskurðar dómstóla.

## 5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. gr. iðnaðarlaga nr. 42/1978, eins og henni hefur verið breytt með lögum nr. 40/1997, öðlast þegar gildi.

*Iðnaðarráðuneytinu, 30. maí 1997.*

**Finnur Ingólfsson.**

*Jón Ögmundur Pormóðsson.*

## VIÐAUKI

### TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 7. júlí 1964

sem hefur að geyma ítarleg ákvæði um bráðabirgðaráðstafanir vegna starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga á sviði framleiðslu- og vinnsluiðnaðar sem fellur undir ISIC yfirflokkna 23–40 (Iðnaður og handverk)

(64/427/EBE)

RÁÐ EFNAHAGSBANDALAGS EVRÓPU HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 54. gr. (2. mgr.), 57. gr., 63. gr. (2. mgr.) og 66. gr.,

með hliðsjón af hinn almennu áætlun um afnám hafta á staðfesturétti<sup>(1)</sup>, einkum annarri og þriðju málsgrein V. bóls,

með hliðsjón af hinn almennu áætlun um afnám hafta á rétti til að veita þjónustu<sup>(2)</sup>, einkum annarri og þriðju málsgrein VI. bóls,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins<sup>(3)</sup>,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar<sup>(4)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Auk ákvæða um afnám hafta hafa hinar almennu áætlanir að geyma ákvæði um að athugað verði hvort á undan, eftir eða samhliða afnámínu ætti að koma á gagnkvæmri viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum formlegum vitnisburði um menntun og hæfi, og samræmingu ákvæða laga og stjórnsýslufyrirmæla vegna umræddrar starfsemi, og hvort grípa þurfi til bráðabirgðaráðstafana þar til af slíkri viðurkenningu eða samræmingu verður.

Ekki setja öll aðildarríki skilyrði fyrir því að starfsemi sé hafin og stunduð á sviði iðnaðar og handverks í framleiðslu- og vinnsluiðnaði. Skilgreining á því hvað telst handverk og skilin milli handverks og iðnaðar eru breytileg frá einu aðildarríki til annars. Auk þess er í sumum tilvikum frjálst að hefja og stunda handverk en í öðrum eru sett ströng ákvæði um formlega menntun og hæfi vegna slíkrar starfsemi.

Ráðið komst að þeirri niðurstöðu, þegar það samþykkti hinar almennu áætlanir, að samræming og viðurkenning handverks hefði vandamál í för með sér og nákvæms undirbúnings væri þörf til að finna lausn á þeim.

Af þeim sökum er ekki hægt að hrinda samræmingunni, sem kveðið er á um, í framkvæmd á sama tíma og höftunum er aflétt. Samræmingin verður að koma til síðar.

Jafnvel þótt ekki sé unnt að koma strax á samræmingu, er engu að síður æskilegt að auðvelda fólki að verða sér úti um staðfesturétt og rétt til að veita þjónustu hvað varðar þá starfsemi sem um ræðir með því að taka upp þær bráðabirgðaráðstafanir sem fyrirhugaðar eru í hinum almennu áætlunum. Tilgangur þessa er einkum að koma í veg fyrir að ríkisborgarar aðildarríkja þar sem engum skilyrðum er háð að hefja slíka starfsemi lendi í verulegum erfiðleikum.

Til þess að afstýra slíkum erfiðleikum ættu bráðabirgðaráðstafanir fyrst og fremst að felast í því að meta starfsreynslu í tiltekinn lágmarkstíma í landinu sem hlutaðeigandi aðili kemur frá, hafi ekki of langur tími liðið frá því hennar

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. 2, 15. 1. 1962, bls. 36/62.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. 2, 15. 1. 1962, bls. 32/62.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. 182, 12. 12. 1963, bls. 2895/63.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. 117, 23. 7. 1964, bls. 1869/64.



var aflað, sem fullnægjandi skilyrði fyrir því að hefja starfsemi á því sviði sem hér um ræðir í gistiríkjum sem setja reglur um slíka starfsemi enda búi hann yfir sambærilegri fagþekkingu og krafist er af innlendum aðilum.

Að því er varðar aðildarríki þar sem engar reglur eru settar fyrir því að starfsemi á umræddu sviði sé hafin ætti að gera ráðstafanir er heimila, í þeim tilgangi að hindra óeðlilegt streymi einstaklinga sem ekki uppfylla skilyrði til að hefja eða leggja stund á slíka starfsemi í landinu sem þeir komu frá, þessum ríkjum að krefja ríkisborgara annarra aðildarríkja, þegar við á og hvað varðar starfsemi á einu eða fleiri sviðum, um sönnun þess að þeir hafi uppfyllt tilskildar kröfur um hæfi vegna starfsins í landinu sem þeir komu frá.

Engu að síður ætti að fara varlega við veitingu slíkra heimilda þar sem þær geta hindrað frjálsa flutninga ef þær eru veittar í of miklum mæli. Því ætti að takmarka þær bæði hvað varðar gildistíma og gildissvið og skal fela framkvæmdastjórninni að sjá um að veita slíkar heimildir eins og almennt er gert ráð fyrir í ákvæðum sáttmálans um vermdarráðstafanir stjórnvalda.

Ekki verður lengur þörf fyrir þær ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari tilskipun þegar skilyrði fyrir því að hefja og stunda slíka starfsemi hafa verið samræmd og gagnkvæmri viðurkenningu prófskírteina, vottorða og annars formlegs vitnisburðar um menntun og hæfi hefur verið komið á.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

1. Aðildarríkjunum ber, í samræmi við ákvæðin sem hér eru sett, að gera eftirfarandi bráðabirgðaráðstafanir á yfirráðasvæðum sínum vegna staðfestu eða þjónustustarfsemi einstaklinga eða félaga eða fyrirtækja sem heyra undir I. bálk hinna almennu áætlana, (hér eftir nefndir „rétthafar“) og óska eftir að starfa sjálfstætt á sviði framleiðslu- og vinnsluðnaðar.

2. Starfsemin sem hér um ræðir heyrir undir tilskipun ráðsins frá 7. júlí 1964 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga til að veita þjónustu á sviði framleiðslu- og vinnsluðnaðar er heyrir undir ISIC yfirflokka 23-40 (Iðnaður og handverk).

##### 2. gr.

Aðildarríki sem setja ákvæðin skilyrði um menntun og hæfi fyrir að fá að hefja og stunda einhverja þá starfsemi sem um getur í 2. mgr. 1. gr. skulu tryggja að rétthafa berist upplýsingar um reglur sem settar eru í þeirri starfsgrein sem hann æskir að stunda áður en hann öðlast staðfestu eða hefur tímabundið starf.

##### 3. gr.

Þar sem svo háttar til í aðildarríki að leyfi til að fá að hefja eða stunda einhverja þá starfsemi sem um getur í 2. mgr. 1. gr. er háð því skilyrði að hlutaðeigandi aðili búi yfir almennri, viðskipta- eða fagþekkingu og hæfni, skal það aðildarríki viðurkenna sem nægilegan vitnisburð um slíka þekkingu og hæfni hafi viðkomandi stundað umrædda starfsemi í öðru aðildarríki í einhvern þann tíma sem hér er tilgreindur:

- a) sex ár samfelld annaðhvort á eigin vegum eða í stjórnunarstöðu; eða
- b) þrjú ár samfelld annaðhvort á eigin vegum eða í stjórnunarstöðu enda geti rétthafi sýnt fram á að hann hafi áður hlotið þjálfun í þrjú ár hið minnsta á því sviði sem um ræðir, staðfest með vottorði sem ríkið viðurkennir eða þar til bær sérfræðistofnun telur fullnægjandi; eða
- c) þrjú ár samfelld annaðhvort á eigin vegum eða í stjórnunarstöðu enda geti rétthafi sýnt fram á að hann hafi stundað þá starfsgrein sem um ræðir í minnst fimm ár á annarra vegum; eða
- d) fimm ár samfelld í stjórnunarstöðu, þar af í þrjú ár hið minnsta við tæknistörf með ábyrgð á einni eða fleiri deildum fyrirtækisins enda geti rétthafi sýnt fram á að hann hafi hlotið minnst þriggja ára þjálfun til þess starfs er um ræðir, staðfest með vottorði sem ríkið viðurkennir eða þar til bær sérfræðistofnun telur fullnægjandi.

Í þeim tilvikum sem um getur í a- og c-lið mega ekki hafa liðið meira en tíu ár frá því að starfi á því sviði sem um ræðir lauk, miðað við dagsetningu umsóknar þeirrar sem kveðið er á um í 3. mgr. 4. gr.

##### 4. gr.

Að því er varðar beitingu 3. gr.:

- 1. Þau aðildarríki þar sem svo háttar til að leyfi til að fá að hefja eða stunda störf í einhverri þeirri starfsgrein sem um getur í 2. mgr. 1. gr. er háð því skilyrði að hlutaðeigandi aðili búi yfir almennri, viðskipta- eða

fagþekkingu eða hæfni, skulu veita hinum aðildarríkjunum, með aðstoð framkvæmdastjórnarinnar, upplýsingar um megineinkenni þeirrar starfsgreinar (lýsingu á þeirri starfsemi sem fellur undir starfsgreinina).

2. Lögbært yfirvald sem tilnefnt er í þessu skyni í upprunaráttinu eða ríkinu sem réttthafi kemur frá skal vottfesta hvaða atvinnustarfsemi hann hafi í raun veru lagt stund á og hve lengi. Vottorð skulu útfyllt með tilliti til viðurkenndrar lýsingar á þeirri starfsgrein sem um ræðir og látin er í té af aðildarríkinu sem réttthafi æskir að leggja stund á slíka starfsgrein í, annaðhvort tímabundið eða til langframa.
3. Gistiríkið skal veita leyfi til að stunda þá starfsemi sem um ræðir, að því tilskildu að hið vottfesta starf samsvari í meginráttum lýsingunni á starfseminni sem látin er í té samkvæmt 1. mgr. og að því tilskildu að öðrum skilyrðum sem sett eru samkvæmt reglum þess ríkis sé fullnægt.

5. gr.

1. Ef aðildarríki setur það ekki sem skilyrði fyrir því að fá að hefja eða stunda einhverja þá starfsemi sem um getur í 2. mgr. 1. gr. að viðkomandi búi yfir almennri viðskipta- eða fagþekkingu, getur það ríki, komi verulegir erfiðleikar fram við beitingu tilskipunar ráðsins sem getið er í 2. mgr. 1. gr., farið fram á heimild frá framkvæmdastjórninni, tímabundið og að því er varðar starfsemi á einu eða fleiri sviðum, til þess að krefja ríkisborgara annarra aðildarríkja, sem óska eftir að fá að starfa á þessum sviðum á yfirráðasvæði þess, um sönnun fyrir því að þeir hafi tilskilda menntun og hæfi til að stunda slíka starfsemi í landinu sem þeir koma frá.

Slíku valdi má ekki beita gagnvart einstaklingi sem kemur frá landi þar sem ekki er farið fram á sönnun fyrir sérstakri þekkingu vegna umræddrar starfsemi, eða gagnvart einstaklingi sem hefur búið í gistiríkinu í að minnsta kosti fimm ár.

2. Framkvæmdastjórnin skal, um leið og hún tekur við rökstuddri beiðni frá hlutaðeigandi aðildarríki, tilgreina skilyrði fyrir veitingu heimildarinnar sem kveðið er á um í 1. mgr. þessarar greinar og setja jafnframt nákvæmar reglur um framkvæmd hennar.

3. Ef beiting tilskipunar ráðsins sem getið er um í 2. mgr. 1. gr. veldur verulegum erfiðleikum getur framkvæmdastjórnin, á eigin skilmálum og á því tímabili sem hún tiltekur, heimilað Stórhertogadæminu Lúxemborg að fresta beitingu ákvæða 3. gr. þessarar tilskipunar hvað varðar eitt eða fleiri tiltekin starfssvið.

6. gr.

Ákvæði þessarar tilskipunar gilda þar til ákvæði um samræmingu á innlendum lögum er varða rétt til að fá að hefja og stunda umrædda starfsemi hafa tekið gildi.

7. gr.

Aðildarríkjunum ber, innan þeirra tímamarka sem sett eru í 8. gr., að tilnefna lögbær yfirvöld og stofnanir sem skulu gefa út fyrrnefnd vottorð og tilkynna það öðrum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni.

8. gr.

Aðildarríkjunum ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskipun þessari innan sex mánaða frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

9. gr.

Aðildarríkjunum ber að tryggja að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

10. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. júlí 1964.

*Fyrir hönd ráðsins,*

Kurt SCHMÜCKER

*forseti.*

## TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 4. mars 1969

um breytingu á tilskipun ráðsins frá 7. júlí 1964 sem hefur að geyma ítarleg ákvæði um bráðabirgðaráðstafanir vegna starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga á sviði framleiðslu- og vinnsluiðnaðar sem fellur undir ISIC yfirflokka 23–40 (Iðnaður og handverk)

(69/77/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 2. mgr. 54. gr. (2. mgr.), 77. gr., 63. gr. (2. mgr.) og 66. gr.,

með hliðsjón af hinni almennu áætlun um afnám hafta á staðfesturétti<sup>(1)</sup>, einkum annarri og þriðju málsgrein V. bóls,

með hliðsjón af hinni almennu áætlun um afnám hafta á þjónustustarfsemi<sup>(2)</sup>, einkum annarri og þriðju málsgrein VI. bóls,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins<sup>(3)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar<sup>(4)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Sjónprófun sem gerð er af sjóntækjafraeðingum vegna framleiðslu á sjóngerjum fellur utan við gildissvið tilskipunar ráðsins frá 7. júlí 1964<sup>(5)</sup> um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga til að veita þjónustu á sviði framleiðslu- og vinnsluiðnaðar er heyrir undir ISIC yfirflokka 23–40 (Iðnaður og handverk). Af þessu leiðir að tilskipunin<sup>(6)</sup> sem hefur að geyma ítarleg

ákvæði um bráðabirgðaráðstafanir vegna slíkrar starfsemi ætti ekki heldur að gilda um þessa starfsemi.

Heyrnar- eða sjónprófun, eða skoðun á öðrum líkamshlutum, sem unnin er vegna stillingar eða sölu á hjálpartækjum sjón- eða heymarskertra eða öðrum hjálpartækjum fellur utan við gildissvið tilskipunar ráðsins frá 15. október 1968<sup>(7)</sup> um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga til að veita þjónustu á sviði smásöluverslunar (ISIC flokkur 612) og tilskipunarinnar<sup>(8)</sup> sem hefur að geyma ítarleg ákvæði um bráðabirgðaráðstafanir vegna slíkrar starfsemi. Gildandi ákvæði laga og stjórn-sýslufyrirmæla í ákveðnum aðildarríkjum valda sérstökum vanda í þessu sambandi hvað varðar verndun almannaheilbrigðis.

Þar sem líkur eru á að vandi geti skapast við beitingu viðeigandi tilskipana, í ljósi þess að bráðabirgðaráðstafanir gagnvart iðnaði og handverki ná ekki til sama sviðs og bráðabirgðaráðstafanir gagnvart smásöluverslun, ætti að laga tilskipunina um bráðabirgðaráðstafanir vegna iðnaðar og handverks að tilskipuninni um bráðabirgðaráðstafanir á sviði smásöluverslunar. Engu að síður ætti að gæta réttinda réthafa samkvæmt tilskipuninni um bráðabirgðaráðstafanir vegna iðnaðar og handverks. Því hefur þessi tilskipun engin áhrif á þau réttindi.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. 2, 15. 1. 1962, bls. 36/62.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. 2, 15. 1. 1962, bls. 32/62.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. C 17, 12. 2. 1969, bls. 12.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. C 4, 14. 1. 1969, bls. 6.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB nr. 117, 23. 7. 1964, bls. 1880/64.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB nr. 117, 23. 7. 1964, bls. 1863/64.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB nr. L 260, 22. 10. 1968, bls. 1.

<sup>(8)</sup> Stjtið. EB nr. L 260, 22. 10. 1968, bls. 6.

Sérstakar tilskipanir verða settar til þess að samræma ákvæði laga og stjórnsýslufyrirmæla í aðildarríkjunum um þá starfsemi sem ekki heyrir undir gildissvið ofanefndra tilskipana.

gerð er vegna smíði, prófunar, stillingar eða sölu hjálpartækja til handa sjón- eða heymarskertum eða annarra hjálpartækja.“

2. gr.

SAMFYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Við 1. gr. tilskipunar ráðsins frá 7. júlí 1964, sem hefur að geyma ítarleg ákvæði um bráðabirgðaráðstafanir vegna starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga á sviði framleiðslu- og vinnsluiðnaðar sem fellur undir ISIC-yfirflokka 23–40 (Iðnaður og handverk), bætist 3. mgr., svohljóðandi:

„3. Tilskipun þessi skal ekki ná til sjón- eða heymarprófana eða til skoðunar á öðrum líkamshlutum sem

Tilskipun þessi hefur engin áhrif á réttindi þau sem rétthafar hafa þegar öðlast samkvæmt tilskipun þeirri sem getið er í 1. gr.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 4. mars 1969.

*Fyrir hönd ráðsins,*

G. THORN

*forseti.*

## TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 7. júlí 1964

um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga til að veita þjónustu á sviði framleiðslu- og vinnsluðnaðar er heyrir undir ISIC yfirflokka 23–40 (Iðnaður og handverk)

(64/429/EBE)

RÁÐ EFNAHAGSBANDALAGS EVRÓPU HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 2. og 3. mgr. 54. gr. og 2. og 3. mgr. 63. gr.,

með hliðsjón af hinn almennu áætlun um afnám hafta á staðfesturétti<sup>(1)</sup>, einkum A-hluta IV. bóls,

með hliðsjón af hinn almennu áætlun um afnám hafta á rétti til að veita þjónustu<sup>(2)</sup>, einkum C-hluta V. bóls,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitu Evrópuþingsins<sup>(3)</sup>,

með hliðsjón af álitu efnahags- og félagsmálanefndarinnar<sup>(4)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í hinum almennu áætlunum er kveðið á um afnám allrar mismununar sem byggir á þjóðerni hvað varðar staðfestu og þjónustustarfsemi á mörgum sviðum framleiðslu- og vinnsluðnaðar fyrir lok annars árs annars áfanga. Í áætlunum er að þessu leyti enginn greinarmunur gerður á aðilum í iðnaði og handverki hvað varðar dagsetninguna þegar þessi starfsemi verður gefin frjáls. Í raun er ekki unnt að afnema höft á fyrirtækjum í handverki síðar þar eð laga-legal skilgreiningar á því hvað sé handverk eru mjög breyti-

legar frá einu landi til annars og misræmis gæti orðið vart ef sambærileg starfsemi yrði gefin frjáls á ólíkum tímum. Auk þess krefst samræming á löggjöf í handverki mikillar undirbúningsvinnu sem hefði í för með sér að fresta yrði ráðstöfunum í frjálsræðisátt. Samfara afnámi hafta hvað varðar erlenda ríkisborgara verður að grípa til bráðabirgðarárástafana er hafa það að markmiði að draga úr áhrifum misræmis í lagaákvæðum landanna en sérstök tilskipun verður sett um þær ráðstafanir.

Ákvæði þessarar tilskipunar ná ekki til framleiðslu lyfja og lyfjavara og smíði ákveðinna flutningatækja. Samkvæmt hinum almennu áætlunum verður sú starfsemi gefin frjáls síðar.

Tilskipun þessi gildir heldur ekki um sjónprófanir sjöntækjafraðinga. Hvað þá starfsemi áhrærir er orðið ljóst að sérstök vandamál koma upp sem varðað geta almannaheilbrigði þegar hliðsjón er höfð af gildandi lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum. Útlökun þessarar starfsemi kemur ekki í veg fyrir samræmingu á þeim sviðum sem heyra undir sérfræðistörf sjöntækjafraðinga.

Frá því að hinar almennu áætlanir voru samþykktar hefur EBE útbúið sitt eigið flokkunarkerfi yfir atvinnugreinar sem ber yfirskriftina „Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins“ (NICE). Þetta flokkunarkerfi, sem skírskotar til flokkunar aðildarríkjanna og er tölusett á sama hátt, hæfir betur þörfum aðildarríkja bandalagsins en ISIC flokkunarkerfið (Atvinnugreinaflokkun Hagstofu Sameinuðu þjóðanna). Þar af leiðandi ætti frekar að nota NICE flokkunarkerfið við flokkun þeirrar starfsemi sem gefa á frjálsa í þeim tilvikum þar sem tilskipun nær til margvíslegrar starfsemi

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. 2, 15. 1. 1962, bls. 36/62.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. 2, 15. 1. 1962, bls. 32/62.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. 182, 12. 12. 1963, bls. 2891/63.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. 117, 23. 7. 1964, bls. 1890/64.

og nauðsynlegt er, til að auðvelda framkvæmd viðkomandi tilskipunar, að gera nákvæma skrá yfir slíka starfsemi, svo framarlega sem slíkt raskar ekki þeirri tímaáætlun sem fram kemur í hinum almennu áætlunum, en hún var byggð á ISIC flokkunarkerfinu. Samþykkt NICE flokkunarkerfisins má ekki hafa slíka verkun í för með sér í umræddu tilviki.

Sérstakar tilskipanir hafa verið eða verða samþykktar um alla starfsemi þeirra einstaklinga sem starfa sjálfstætt, með ákvæðum um ráðstafanir vegna flutninga og búsetu réttihafa og, þar sem nauðsyn krefur, einnig tilskipanir um samræmingu öryggisráðstafana sem aðildarríkin krefjast af félögum og fyrirtækjum til að gæta hagsmuna aðila og annarra.

Í hinum almennu áætlunum um afnám hafta á staðfesturétti er gert ráð fyrir að höft á réttinum til að ganga í fag- eða stéttarfélög verði afnumin þegar atvinnustarfsemi hlutaðeigandi einstaklings felur óhjákvæmilega í sér að hann fái notið slíks réttar.

Stofnsáttmáli Kola- og stálbandalags Evrópu hefur ekki að geyma neim ákvæði um staðfesturétt eða réttinn til að veita þjónustu. Af þeim sökum fellur afnám hafta á þá starfsemi sem greint er frá í þessari tilskipun að öllu leyti undir ákvæði stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu.

Þegar til þess kemur að gera ráðstafanir sem lúta að staðfesturétti og frjálsri þjónustustarfsemi skulu félög og fyrirtæki lúta sömu reglum og einstaklingar sem eru ríkisborgarar í aðildarríki, að teknu tilliti til skilyrða sem sett eru í 58. gr og, ef nauðsyn krefur, þess skilyrðis að stofnað hafi verið til eiginlegra og langvarandi fjárhagslegra tengsla við aðildarríkið. Því má ekki krefjast þess af neinu félagi eða fyrirtæki, í krafti slíkra ráðstafana, að það uppfylli viðbótarskilyrði eða leiti eftir sérstöku leyfi til þess að hefja tiltekna starfsemi sé ekki farið fram á slíkt við innlend félög eða fyrirtæki. Þó skal þessi jöfnun á aðstöðu ekki hamla því að aðildarríki krefjist þess af hlutafélögum sem starfa á landsvæði þeirra að þau starfi í samræmi við þá lýsingu sem þau bera samkvæmt lögum þess aðildarríkis sem þau eru stofnuð í og að þau greini frá upphæð skráðs hlutafjár í viðskiptapappírnum sem þau nota.

Staða launaðra starfsmanna í fylgd þess er rekur þjónustustarfsemi eða sem koma fram fyrir hans hönd ræðst af

ákvæðum sem sett eru samkvæmt 48. og 49. gr. sáttmálans.

Svo að tilætlaður árangur náist þegar starfsemi sú sem þessi tilskipun nær til verður gefin frjáls, þarf einnig að heimila framleiðendum sölu eigin framleiðslu, að meðtalinni smásölu, án þess þó að það raski samkeppnisjafnvægi í smásöluverslun sem gefin verður frjáls með tilskipun síðar.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

Aðildarríkjnum ber að afnema höft sem hafa verið sett á einstaklinga og félög eða fyrirtæki (hér eftir nefnt „rétthafar“) sem fjallað er um í I. bálki hinna almennu áætlana um afnám hafta á staðfesturétti og rétti til að veita þjónustu, hér er átt við þau höft sem um getur í III. bálki hinna almennu áætlana og varða réttinn til að hefja og stunda þá starfsemi sem um getur í 2. gr. þessarar tilskipunar.

##### 2. gr.

1. Ákvæði þessarar tilskipunar gilda um starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga í framleiðslu- og vinnsluáætlun sem heyrir undir yfirflokka 23–40 í I. viðauka við hina almennu áætlun um afnám hafta á staðfesturétti. Sú starfsemi samsvarar þeirri sem heyrir undir yfirflokka 23–40 í „Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins“ (NICE) þar sem mið er tekið af skipulagi framleiðslu- og vinnsluáætlana í Evrópu. Yfirlit yfir þá starfsemi sem um ræðir er að finna í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. Ákvæði þessarar tilskipunar ná einnig til sölu framleiðenda á eigin vörum hvort heldur er í heildsölu eða smásölu. Hafi starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga, hvað varðar sölu á framleiðslunni sem um ræðir, ekki verið gefin frjáls með öðrum tilskipunum skal umfang þeirrar starfsemi takmarkað við einn útsöluastað í framleiðslulandinu.

##### 3. gr.

1. Eftirfarandi starfsemi í aðildarríkjnum fellur ekki undir gildissvið þessarar tilskipunar:

a) efnaiðnaður:

— framleiðsla lyfja og lyfjavara;

## b) framleiðsla samgöngutækja:

- skipasmíðar og skipaviðgerðir;
- framleiðsla dráttarvagna og vagna jámbrautarlesta og sporvagna auk einstakra hluta slíkra vagna;
- framleiðsla flugvéla (auk búnaðar til nota úti í geimnum).

## 2. Þessi tilskipun gildir ekki um sjónpróf á vegum sjón-tækjafraeðinga vegna gleraugnaframleiðslu.

## 4. gr.

## 1. Aðildarríkin skulu einkum afnema eftirfarandi höft:

- a) þau sem koma í veg fyrir að rétthafar öðlist staðfestu eða geti veitt þjónustu í gistiríkinu með sömu skilmálum og með sama rétti og ríkisborgarar þess ríkis;
- b) þau sem tíðkast vegna stjórnsýsluvenju og leiða til þess að rétthafar eru settir skör lægra en innlendir ríkisborgarar.

## 2. Einkum skal afnema þau höft sem koma í veg fyrir eða takmarka staðfestu eða þjónustustarfsemi rétthafa með eftirtöldum hætti:

## a) í Sambandslýðveldinu Þýskalandi:

- þá kröfu að sá sem stofna vill til viðskipta við aðra í tengslum við verslun sína skuli bera vottorð farandsala (*Reisegewerbekarte*) (d-liður 55. mgr. í *Gewerbeordnung, Verordnung* frá 30. nóvember 1960);
- þá kröfu að erlendir lögðili sem æskir þess að stunda atvinnustarfsemi á yfirráðasvæði Sambandslýðveldisins þurfi til þess sérstakt leyfi (12. mgr. *Gewerbeordnung* og 292. mgr. *Aktiengesetz*);

## b) í Belgíu

- þá skyldu að bera *carte professionnelle* (*Arrêté royal* nr. 62 frá 16. nóvember 1939, *Arrêté ministériel* frá 17. desember 1945 og *Arrêté ministériel* frá 11. mars 1954);

## c) í Frakklandi

- þá skyldu að bera *carte spéciale d'étranger* (*Décret-loi* frá 12. nóvember 1938, lög frá 8. október 1940);

- þá kröfu að eftirtaldir einstaklingar hjá olíu-hreinsunarfyrirtækjum sem hafa leyfi til innflutnings á hráolíu, olíufurðum og olíuúr-gangi séu franskir ríkisborgarar: stjórnarformaður (*Conseil d'Administration*), aðalframkvæmdastjóri (*Président-directeur général*) og meirihluti stjórnar, og þá kröfu að handhafar slíks leyfis haldi ákveðnum stöðum í stjórnunar-, tækni- og sölu-deildum fyrir franska starfsmenn (16. gr. *Décrets* nr. 53–198 til 63-207 og 17. gr. *Décrets* nr. 63–199 til 63–204 frá 27. febrúar 1963);

## d) á Ítalíu

- þá reglu að erlendir ríkisborgarar, sem óska að fá sérstaka heimild sem krafist er af *questore* hvað varðar ákveðnar framleiðsluvörur, skuli vera handhafar vegabréfsáritunar (lagabálkurinn *Leggi di Pubblica Sicurezza*, síðasti málsliður 5. mgr. 127. gr.);

## e) í Lúxemborg

- hinn takmarkaða gildistíma leyfa sem erlendum ríkisborgurum eru veitt samkvæmt 21. gr. laga í Lúxemborg frá 2. júní 1962 (*Mémorial A* nr. 31 frá 19. júní 1962).

## 5. gr.

1. Aðildarríkjunum ber að tryggja að rétthafar sem heyra undir þessa tilskipun njóti þess réttar að ganga í fag- eða stéttarfélög með sömu skilmálum, réttindum og skyldum og þeirra eigin ríkisborgarar.

2. Réttinum til að ganga í fag- eða stéttarfélög skal fylgja kjörgengi til æðstu embættis í slíkum samtökum þegar hann tengist staðfesturétti. Hins vegar er hægt að binda slík embætti við ríkisborgararétt þegar í hlut eiga samtök sem geta hlutast til um opinber málefni samkvæmt ákvæðum laga eða reglugerða.

3. Í Stórhertogadæminu Lúxemborg veitir aðild að *Chambre de commerce* eða *Chambre des métiers* réttthöf- um ekki sjálfkrafa heimild til að taka þátt í kosningu til stjórnar í þeim ráðum.

## 6. gr.

Ekkert aðildarríki skal veita þegnum sínum, sem fara til annars aðildarríkis til að stunda starfsemi þá sem um getur í 2. gr., neina þá aðstoð sem gæti raskað skilyrðum til staðfestu.

7. gr.

1. Fari gistiríki fram á það við eigin ríkisborgara, sem æskja þess að takast á hendur starfsemi þá sem getið er í 2. gr., að þeir leggi fram meðmæli eða sönnun þess að þeir hafi ekki orðið gjaldþrota, eða geti vottað hvort tveggja, þá ber því ríki að taka „sakavottorð“ sem gildan vitnisburð, þegar í hlut eiga ríkisborgarar annarra aðildarríkja, eða jafngilt skjal sem gefið er út af þar til bæru yfirvaldi á sviði dómgæslu eða stjórnssýslu í upprunalandi hins erlenda ríkisborgara eða í landi því sem hann kemur frá er sýnir að skilyrðum sé fullnægt.

2. Ef upprunandið eða landið sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá gefur ekki út slík skjöl um að viðkomandi hafi ekki verið lýstur gjaldþrota, getur eiðsvarin yfirlýsing hlutaðeigandi aðila frammi fyrir yfirvaldi á sviði dómgæslu eða stjórnssýslu, lögbókanda eða þar til bæru fagfélagi eða -samtökum í upprunalandinu eða landinu sem viðkomandi kemur frá, komið í staðinn.

3. Skjöl sem gefin eru út samkvæmt 1. eða 2. mgr. gilda ekki lengur en í þrjá mánuði frá útgáfudegi.

4. Aðildarríkjunum ber, innan þeirra tímamarka sem sett eru í 8. gr., að tilnefna lögbær yfirvöld og stofnanir sem gefa skulu út þessi skjöl og ber þeim að tilkynna það öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni þegar í stað.

5. Í gistiríki þar sem krafist er vottorðs er sýni fjárhagsstöðu hlutaðeigandi aðila skal vottorð sem gefið er út af bankastofnunum í upprunalandinu eða í landinu sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá jafngilda vottorðum sem gefin eru út á yfirráðasvæði þess.

8. gr.

Aðildarríkin skulu gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að fara að tilskipun þessari innan sex mánaða frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

9. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. júlí 1964.

*Fyrir hönd ráðsins,*

Kurt SCHMÜCKER

*forseti.*



## VIÐAUKI

Skrá yfir starfsemi sem fellur undir tilskipun þessa og byggir á „Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins“ (NICE)<sup>1</sup>

	<i>Flokkur</i>
<i>Yfirflokkur 23</i>	<i>Spunaefnaframleiðsla</i>
232	Framleiðsla og vinnsla spunaefna í vélum fyrir ull
233	Framleiðsla og vinnsla spunaefna í vélum fyrir bómull
234	Framleiðsla og vinnsla spunaefna í vélum fyrir silki
235	Framleiðsla og vinnsla spunaefna í vélum fyrir hör og hamp
236	Annar spunaefnaiðnaður (júta, harötrefjar o.s.frv.), kaðlar
237	Framleiðsla þrjónavöru og heklaðrar vöru
238	Frágangur spunaefna
239	Annar spunaefnaiðnaður
<i>Yfirflokkur 24</i>	<i>Framleiðsla skófatnaðar, fatnaðar og rúmföt</i>
241	Framleiðsla skófatnaðar í vélum (nema úr gúmmí eða tré)
242	Handunninn skófatnaður og viðgerðir á honum
243	Framleiðsla fatnaðar (nema felda)
244	Framleiðsla á dýnum og sængurfatnaði
245	Skinna- og feldaiðnaður
<i>Yfirflokkur 25</i>	<i>Framleiðsla úr viði og korki, nema húsgagnaframleiðsla</i>
251	Sögun og iðnvinnsla viðar
252	Framleiðsla hálfunnins viðarvarnings
253	Fjöldaframleiðsla byggingahluta úr viði að meðtalinni gólfklæðningu
254	Framleiðsla tréiláta
255	Framleiðsla annars viðarvarnings (nema húsgagna)
259	Framleiðsla úr hálmi, korki, tágum, tágafléttum og á vörum úr spanskreyr; burstaframleiðsla
<i>Yfirflokkur 26</i>	260 <i>Framleiðsla húsgagna úr viði</i>
<i>Yfirflokkur 27</i>	<i>Framleiðsla pappírs og pappírsvöru</i>
271	Framleiðsla trjávöðu, pappírs og pappa
272	Vinnsla pappírs og pappa og vöruframleiðsla úr trjávöðu
<i>Yfirflokkur 28</i>	280 <i>Prentun, útgáfa og skyldur iðnaður</i>
<i>Yfirflokkur 29</i>	<i>Leðuriðnaður</i>
291	Sútunarstöðvar og verksmíðjur sem fullvinna leður
292	Leðurvöruframleiðsla
<i>úr Yfirflokki 30</i>	<i>Gúmmí- og plastvöruframleiðsla, tilbúnir þræðir og sterkjívörur</i>
301	Gúmmí- og asbestvinnsla

<sup>1</sup> Þessi skrá hefur verið þýdd á tungumál bandalagsþjóðanna á grundvelli „Atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalagsins“ (NICE) — Viðbótarútgáfa í ritröðinni „Industrial Statistics“, Statistical Office of the European Communities, Brussel, júní 1963.

	<i>Flokkur</i>
	302 Vinnsla plastefna
	303 Framleiðsla tilbúinna þráða
<i>úr Yfirflokki 31</i>	<i>Efnaiðnaður</i>
	311 Framleiðsla hráefnis í efnaiðnaði og frekari vinnsla slíkra efna
	312 Sérhæfð efnavinnsla einkum í þágu iðnaðar og landbúnaðar (þ. m. t. framleiðsla á feiti og olíu úr jurta- og dýraríkinu fyrir iðnað sem heyrir undir ISIC flokk 312) <sup>1</sup>
	313 Sérhæfð framleiðsla efnavöru einkum til heimilis- og skrifstofunota (að undanskilinni framleiðslu lyfja- og lyfjavara (ISIC úr flokki 319))
<i>Yfirflokkur 32</i>	320 <i>Jarðolíuiðnaður</i>
<i>Yfirflokkur 33</i>	<i>Framleiðsla málmlausra steinefna</i>
	331 Framleiðsla á leirvörum
	332 Framleiðsla á gleri og glervörum
	333 Framleiðsla á leirkerum og vörum úr eldföstu efni
	334 Framleiðsla á sementi, kalki og múrhúðarefni
	335 Framleiðsla byggingarefnis úr steypu, sementi og múrhúðarefni
	339 Vinna við steinhögg og framleiðsla málmlausra steinefna
<i>Yfirflokkur 34</i>	<i>Framleiðsla og fyrsta vinnslustig járnsambanda og járnláusra sambanda</i>
	341 Járn- og stáliðnaður (samkvæmt skilgreiningu KSE-sáttmáls, þ.m.t. koxvinnsla sem er rekin í tengslum við stáliðnaðarfyrirtæki
	342 Framleiðsla á stálrörum
	343 Hvers kyns framleiðsla og mótun víra
	344 Framleiðsla og fyrsta vinnslustig járnláusra sambanda
	345 Málmsteypur sem vinna bæði með járnsambönd og járnláus sambönd
<i>Yfirflokkur 35</i>	<i>Framleiðsla málmvara (að undanskildum vélbúnaði og samgöngutækjum)</i>
	351 Steypa, stönsun og mótun
	352 Annað vinnslustig og yfirborðsmeðferð
	353 Málmhlutir
	354 Ketilsmíði, framleiðsla kerja til iðnaðar
	355 Framleiðsla áhalda og tækja og fullunninna hluta úr málm (nema raftækja)
	359 Hliðargreinar véltæknistarfsemi
<i>Yfirflokkur 36</i>	<i>Framleiðsla véla sem eru ekki rafknúnar</i>
	361 Framleiðsla landbúnaðarvéla og dráttarvéla
	362 Framleiðsla skrifstofuvéla
	363 Framleiðsla málmverkfæra og annarra vélaverkfæra og festinga og tenginga á þau og önnur knúin verkfæri

<sup>1</sup>Framleiðsla smjörlikis og matarfitu, bæði í NICE (flokkur 200) og ISIC (hluti flokks 209), heyrir undir matvælaframleiðsluiðnað (II. viðauki hinna almennu áætlana).

*Flokkur*

- 364 Framleiðsla spunavéla og fylgihluta, framleiðsla saumavéla  
 365 Framleiðsla véla og búnaðar fyrir matvæla- og drykkjarvöruíðnað og fyrir efnaiðnað og skyldan iðnað  
 366 Framleiðsla tækja og búnaðar fyrir námur, járn- og stálverksmiðjur, og fyrir byggingariðnað; framleiðsla verkfæra til vélaviðgerða  
 367 Framleiðsla sendibúnaðar  
 368 Framleiðsla vélbúnaðar til annars tiltekins iðnaðar  
 369 Framleiðsla annarra véla og búnaðar sem ekki er rafknúinn

*Yfirflokkur 37**Raftækniíðnaður*

- 371 Framleiðsla rafmagnsvíra og -kapla  
 372 Framleiðsla véla, rafala, spennubreyta, rofa og annars búnaðar til raforkuframleiðslu  
 373 Framleiðsla raftækja sem eru seld beint til notenda  
 374 Framleiðsla fjarskiptabúnaðar, mæla, annarra mælitækja og rafmagnstækja til lækninga  
 375 Framleiðsla rafeindabúnaðar, útvarps- og sjónvarpsviðtækja, hljómf lutningstækja  
 376 Framleiðsla raftækja til heimilisnota  
 377 Framleiðsla lampa og ljósabúnaðar  
 378 Framleiðsla rafhlaðna og rafgeyma  
 379 Viðgerðir, samsetning og sérhæfð uppsetning rafbúnaðar<sup>1</sup>

*úr Yfirflokki 38**Framleiðsla samgöngutækja*

- 383 Framleiðsla vélknúinna ökutækja og hluta þeirra  
 384 Viðgerðir á vélknúnum ökutækjum, vélhjólum og reiðhjólum  
 385 Framleiðsla vélhjóla, reiðhjóla og hluta þeirra  
 389 Framleiðsla samgöngutækja sem eru ekki flokkuð annars staðar

*Yfirflokkur 39**Ýmiss konar framleiðsluíðnaður*

- 391 Framleiðsla nákvæmra mælitækja, mæli- og stjórntækja  
 392 Framleiðsla tækja og búnaðar til skurðlækninga og hjálpartækja (nema fótabúnaðar)  
 393 Framleiðsla ljósmynda- og sjöntækja  
 394 Framleiðsla og viðgerðir á úrum og klukkum  
 395 Skartgripagerð og góðmálasmíð  
 396 Framleiðsla og viðgerðir hljóðfæra  
 397 Framleiðsla leikja, leikfanga, íþróttatækja og íþróttavarnings  
 399 Annar framleiðsluíðnaður

*Yfirflokkur 40**Byggingar*

- 400 Byggingar (ekki sérhæfðar); niðurrif  
 401 Húsbyggingar (til íbúðar eða annarra nota)  
 402 Mannvirkjagerð; gerð vega, brúa, jámbrauta o.s.frv.  
 403 Lagnir  
 404 Skreytingar og frágangur

<sup>1</sup> Raflagnir í byggingum flokkast undir 403.

32. 364L0429: Tilskipun ráðsins 64/429/EBE frá 7. júlí 1964 (Stjúd. EB nr. 117, 23.7.1964, bls. 1880/64), eins og henni var breytt með:

- 172B: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Danmerkur, Írlands og Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands að Evrópubandalögunum (Stjúd. EB nr. L 73, 27.3.1972, bls. 83).  
Eftirfarandi bætist við í lok 2. mgr. 4. gr.:

„f) í Danmörku:

- þá kröfu að einstaklingar sem eru ekki búsettir í Danmörku og félög og fyrirtæki sem eru ekki skráð þar og óska að eignast fasteign skuli fyrst hljóta til þess sérstakt leyfi frá dómsmálaráðuneytinu (lög frá 23. desember 1959 um eignarhald á fasteignum);

g) í Noregi:

- sem banna einstaklingum eða löggjafnum öðrum en norska ríkinu, norskum sveitarfélögum, norskum ríkisborgurum og norskum félögum, fyrirtækjum, samtökum (korporasjonar) og stofnunum (stiftelser), sem skráð eru í Noregi og þar sem eingöngu Norðmenn sitja í stjórn og, að því er félög snertir, átta tíundu af skráðu hlutafé eru í eigu Norðmanna, að eignast fasteign eða hafa afnotarétt af fasteign (lög nr. 16 frá 14. desember 1917, III. kafli);
- sem takmarka rétt erlendra ríkisborgara til að eignast hlut í félögum sem hafa rétt til að eignast fasteign eða hafa afnotarétt af fasteign (37. gr. og 2. mgr. 37. gr. a í fyrrnefndum lögum);
- sem veita sérleyfi til öflunar rafmagns, yfir tilteknum mörkum, einungis til félaga, fyrirtækja, samtaka (korporasjonar) og stofnana (stiftelser) sem skráð eru í Noregi, þar sem norskir ríkisborgarar eru í meirihluta í stjórn og stjórnarformaður norskur (1. mgr. 23. gr. í fyrrnefndum lögum);
- sem gefa kost á að gera veitingu leyfisins háða rétti til endurkaups af hálfu ríkisins þegar rétthafinn er erlendur ríkisborgari eða erlent félag (7. mgr. 23. gr. í fyrrnefndum lögum);
- þá reglu sem gerir búsetu í Noregi aftur í tímann að skilyrði fyrir útgáfu réttindabréfa iðnaðarmanna (håndverksbrev) (7. gr. laga frá 19. júní 1970 um iðnaðarréttindi (håndverk));
- þá reglu sem gerir búsetu í Noregi aftur í tímann að skilyrði fyrir því að fá viðurkenningu sem verktaki (lög frá 24. október 1952 um viðurkenningu verktaka).“

Eftirfarandi komi í stað 2. mgr. 7. gr.:

„Ef upprunandið eða landið sem rétthafi kemur frá gefur ekki út skjöl til sönnunar um óflekkað mannorð eða um að viðkomandi hafi ekki verið lýstur gjaldþrota, getur eiðsvarinn yfirlýsing komið í staðinn — eða í ríkjum þar sem ekki er gert ráð fyrir eiðsvarinni yfirlýsingu, drengskaparheit — hlutaðeigandi aðila frammi fyrir þar til bæru yfirvaldi á sviði dómgæslu eða stjórnslu eða, þar sem það á við, lögbókanda í upprunalandinu eða landinu sem viðkomandi kemur frá; slík yfirvöld eða lögbókandi gefur út vottorð sem staðfestir áreiðanleika hinnar eiðsvörnu yfirlýsingar eða drengskaparheitsins. Einnig má gefa yfirlýsingu um að viðkomandi hafi ekki verið lýstur gjaldþrota frammi fyrir þar til bærum fagfélögum eða -samtökum í nefndu landi.“

## TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 15. október 1968

um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga til að veita þjónustu á sviði matvæla- og drygkjárvöruframleiðslu (ISIC yfirflokkar 20 og 21)

(68/365/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 2. og 3. mgr. 54. gr. og 2. og 3. mgr. 63. gr.,

með hliðsjón af hinni almennu áætlun um afnám hafta á staðfesturétti <sup>(1)</sup>, einkum C-hluta VI. bóls,

með hliðsjón af hinni almennu áætlun um afnám hafta á þjónustustarfsemi <sup>(2)</sup>, einkum C-hluta V. bóls,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(3)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(4)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í hinum almennu áætlunum er kveðið á um afnám allrar mismununar á grundvelli þjóðemis að því er varðar staðfestu og þjónustustarfsemi á sviði matvæla- og drygkjárvöruframleiðslu fyrir lok annars áfanga. Í áætlunum er að þessu leyti enginn greinarmunur gerður á aðilum í iðnaði og handverki hvað varðar dagsetninguna þegar þessi starfsemi verður gefin frjáls. Í raun er ekki unnt að afnema höft á fyrirtækjum í handverki síðar þar sem lagalegar skilgreiningar á því hvað sé handverk eru mjög breytilegar frá einu landi til annars og mismæmis gæti orðið vart ef sambærileg starfsemi yrði gefin frjáls á ólíkum tímum. Auk þess krefst samræming á löggjöf um handverk mikillar undirbúnings-

vinnu sem hefði í för með sér að fresta yrði ráðstöfunum í frjálsræðisátt. Samfara afnámi hafta að því er varðar erlenda ríkisborgara verður að grípa til bráðabirgðaráðstafana er hafa það að markmiði að draga úr áhrifum mismæmisins í lagaákvæðum landanna en sérstök tilskipun verður sett um þær ráðstafanir.

Tilskipun þessi nær ekki til farandsölu eins og hún er skilgreind í annarri undirgrein 1. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins frá 15. október 1968 <sup>(5)</sup> um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga til að veita þjónustu á sviði smásöluverslunar (ISIC úr flokki 612) en undir hana falla verslunarviðskipti götu- og farandsala og starfsemi einstaklinga sem stunda sölumennsku á útimörkuðum og þeirra sem stunda sölumennsku á skýldum mörkuðum en ekki í föstum starfsstöðvum.

Hún nær ekki til frumframleiðslu matvæla og drygkjárværa landbúnaði, að meðtalinni vínrækt, eða í skógrækt, veiðum eða fiskveiðum, né vinnslu fisks um borð í fiski- eða verksmiðjuskipum. Starfsemi af þessu tagi verður gefin frjáls með öðrum tilskipunum.

Frá því að hinar almennu áætlanir voru samþykktar hafa Evrópubandalögin útbúið sitt eigið flokkunarkerfi yfir atvinnugreinar sem ber yfirskriftina „Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins“ (NICE). Þetta flokkunarkerfi, sem skírskotar til flokkunar aðildarríkjanna og er tölusett á sama hátt, hæfir betur þörfum aðildarríkja bandalagsins en ISIC flokkunarkerfið (Atvinnugreinaflokkun Hagstofu Sameinuðu þjóðanna). Þar af leiðandi ætti frekar að nota NICE flokkunarkerfið við flokkun þeirrar starfsemi sem gefa á frjálsa í þeim tilvikum þar sem tilskipun nær til margvíslegrar starfsemi og nauðsynlegt er, til að auðvelda framkvæmd

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. 2, 15. 1. 1962, bls. 36/62.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. 2, 15. 1. 1962, bls. 32/62.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. 23, 5. 2. 1966, bls. 345/66.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. 14, 25. 1. 1966, bls. 211/66.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB nr. L 260, 22. 10. 1968, bls. 1.

viðkomandi tilskipunar, að gera nákvæma skrá yfir slíka starfsemi, svo framarlega sem slíkt raskar ekki þeirri tíma-áætlun sem fram kemur í hinum almennu áætlunum, en hún var byggð á ISIC flokkunarkerfinu. Samþykkt NICE flokkunarkerfisins má ekki hafa slíka verkun í för með sér í umræddu tilviki.

Sérstakar tilskipanir hafa verið eða verða samþykktar um alla starfsemi þeirra er starfa sjálfstætt, með ákvæðum um ráðstafanir vegna flutninga og búsetu réttihafa og, þar sem nauðsyn krefur, einnig tilskipanir um samræmingu öryggisráðstafana sem aðildarríkin krefjast af félögum og fyrirtækjum til að gæta hagsmuna aðila og annarra.

Hin almenna áætlun um afnám hafta á staðfesturétti gerir ráð fyrir að höft á réttinn til að ganga í fag- eða stéttarsamtök verði afnumin þegar atvinnustarfsemi hlutaðeigandi einstaklings felur óhjákvæmilega í sér að hann fái notið slíks réttar.

Staða launaðra starfsmanna í fylgd þess er þjónustustarfsemi rekur eða sem koma fram fyrir hans hönd ræðst af ákvæðum sem sett eru samkvæmt 48. og 49. gr. sáttmálans.

Smásöluverslun framleiðenda sem selja sjálfir framleiðsluvörur sínar í gistilandinu til neytenda, án þess að hafa öðlast staðfestu sem framleiðendur í því landi, heyrir undir ákvæði tilskipunar ráðsins frá 15. október 1968 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga til að veita þjónustu á sviði smásöluverslunar (ISIC úr flokki 612). Þar af leiðandi nær þessi tilskipun ekki til slíkrar starfsemi.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

Aðildarríkjunum ber að afnema höft sem hafa verið sett á einstaklinga og félög eða fyrirtæki (hér eftir nefndir „réttihafar“) sem fjallað er um í I. bálki hinna almennu áætlana um afnám hafta á staðfesturétti og rétti til að veita þjónustu, hér er átt við þau höft sem um getur í III. bálki hinna almennu áætlana og varða réttinn til að hefja og stunda þá starfsemi sem um getur í 2. gr. þessarar tilskipunar.

##### 2. gr.

1. Ákvæði þessarar tilskipunar gilda um starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga sem fellur undir yfirflokka 20 og 21 í II. viðauka við hina almennu áætlun um afnám hafta

á staðfesturétti, að framleiðslu lyfja og lyfjavara undanþeginni.

Slík starfsemi svarar til þeirrar sem heyrir undir yfirflokka 20 A, 20 B og 21 og flokk 304 í Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (NICE) þar sem mið er tekið af skipulagi evrópskra framleiðslugreina. Starfsemin sem hér um ræðir er talin upp í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. Ákvæði þessarar tilskipunar ná einnig til sölu á eigin vörum framleiðenda, sem hafa öðlast staðfestu í gistilandinu, hvort heldur er í heildsölu eða smásölu.

3. Ákvæði þessarar tilskipunar ná ekki yfir farandviðskipti.

##### 3. gr.

1. Aðildarríkin skulu einkum afnema eftirfarandi höft:

- a) þau sem koma í veg fyrir að réttihafar öðlist staðfestu eða geti veitt þjónustu í gistiríkinu með sömu skilmálum og með sama rétti og ríkisborgarar þess ríkis;
- b) þau sem tókast vegna stjórnsýslufyrirmæla og leiða til þess að réttihafar eru settir skör lægra en innlendir ríkisborgarar.

2. Einkum skal afnema þau höft sem koma í veg fyrir eða takmarka staðfestu eða þjónustustarfsemi réttihafa með eftirtöldum hætti:

##### a) í Belgíu:

— þá skyldu að bera *carte professionnelle* (1. gr. laga frá 19. febrúar 1965);

##### b) í Frakklandi:

— þá skyldu að bera *carte d'identité d'étranger commerçant (décret-loi* frá 12. nóvember 1938; lög frá 8. október 1940);

— útilokun á réttinum til að endumýja verslunarleyfi (38. gr. *décret* frá 30. september 1953);

##### c) í Lúxemborg:

— hinn takmarkaða gildistíma leyfa sem veitt eru erlendum ríkisborgurum (21. gr. laga frá 2. júní 1962).

## 4. gr.

1. Aðildarríkjnum ber að tryggja að réttahafar njóti þess réttar að ganga í fag- eða stéttarfélög með sömu skilmálum og sömu réttindum og skyldum og þeirra eigin ríkisborgarar. Undir þetta fellur Lýðveldið Frakkland en því ber sér í lagi að tryggja að réttahafar geti gengið í *Confédération des industries de traitement des produits de la pêche maritime*.

2. Í réttinum til að ganga í fag- eða stéttarfélög skal felast kjörgengi til æðstu embættis í slíkum samtökum þegar hann tengist staðfesturéttinum. Hins vegar er hægt að binda slík embætti við ríkisborgararétt þegar í hlut eiga samtök sem geta hlutast til um opinber málefni samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða.

3. Í Stórhertogadæminu Lúxemborg veitir aðild að *Chambre de commerce* eða *Chambre des métiers* réttthöf- um ekki sjálfkrafa heimild til að taka þátt í kosningu til stjórna í þessum ráðum.

## 5. gr.

Ekkert aðildarríki skal veita þegnum sínum, sem fara til annars aðildarríkis til að stunda starfsemi þá sem um getur í 2. gr., neina þá aðstoð sem gæti raskað skilyrðum til staðfestu.

## 6. gr.

1. Fari gistiríki fram á það við eigin ríkisborgara, sem æskja þess að takast á hendur starfsemi þá sem um getur í 2. gr., að þeir leggi fram meðmæli og sönnun þess að þeir hafi ekki orðið gjaldþrota, eða geti vottað hvort tveggja, þá ber því ríki að taka „sakavottorð“ sem gildan vitnisburð, þegar í hlut eiga ríkisborgarar annarra aðildarríkja, eða jafngilt skjal sem gefið er út af þar til bæru yfirvaldi á sviði dómgæslu eða stjórnsýslu í upprunalandi hins erlenda ríkisborgara eða í landi því sem hann kemur frá er sýnir að skilyrðum sé fullnægt.

Ef upprunalandið eða landið sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá gefur ekki út slík skjöl um að viðkomandi hafi ekki verið lýstur gjaldþrota getur eiðsvarin yfirlýsing hlutaðeigandi aðila frammi fyrir yfirvaldi á sviði dómgæslu eða stjórnsýslu, lögbókanda eða þar til bæru fagfélagi eða -samtökum í upprunalandinu eða landinu sem viðkomandi kemur frá, komið í staðinn.

2. Geri gistiríki þær kröfur til eigin ríkisborgara, sem æskja þess að hefja starfsemi á sviði mjólkur- eða mjólkurvöruiðnaðar (NICE flokkur 202), að þeir hafi óflekkað mannorð og góðan orðstír, en ekki er hægt að færa sönnur á að slíkum kröfum sé fullnægt með skjalinu sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr., þá ber því ríki að taka gilt sem næga sönnun, þegar í hlut eiga ríkisborgarar annarra aðildarríkja, vottorð sem gefið er út af þar til bæru yfirvaldi á sviði dómgæslu eða stjórnsýslu í upprunalandinu eða í landinu sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá og sýnir að skilyrðum hafi verið fullnægt. Í slíku vottorði þurfa að koma fram þær upplýsingar sem gistiríkið telur skipta máli.

3. Skjöl sem gefin eru út samkvæmt 1. eða 2. mgr. gilda ekki lengur en í þrjá mánuði frá útgáfudegi.

4. Aðildarríkjnum ber, innan þeirra tímamarka sem sett eru í 7. gr., að tilnefna lögbær yfirvöld og stofnanir sem gefa skulu út þessi skjöl og ber þeim að tilkynna það aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni þegar í stað.

5. Í gistiríki þar sem krafist er vottorðs er sýni fjárhagsstöðu hlutaðeigandi aðila skal vottorð sem gefið er út af bankastofnunum í upprunalandinu eða í landinu sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá jafngilda vottorðum sem gefin eru út á yfirráðasvæði þess.

## 7. gr.

Aðildarríkin skulu gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að fara að tilskipun þessari innan sex mánaða frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

## 8. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 15. október 1968.

*Fyrir hönd ráðsins,*

G. SEDATI

*forseti.*

## VIÐAUKI

Skrá yfir starfsemi sem fellur undir tilskipun þessa og byggð er á Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (NICE),<sup>1)</sup>

Yfirflokkur	Flokkur	
20 A	200	<i>Framleiðsluiðnaður með dýra- og jurtafeiti og olíur</i>
20 B		<i>Matvælaframleiðsluiðnaður (að undanskildum drykkjarvöruiðnaði)</i>
	201	Slátrun, vinnsla og geymsla kjöts
	202	Mjólkur- og mjólkurvöruiðnaður
	203	Niðurlagning og geymsla ávaxta og grænmetis
	204	Niðurlagning og geymsla fisks og sjávarafurða
	205	Framleiðsla kommylluafurða
	206	Framleiðsla á bökuðum vörum, að meðtöldum kruðum og kexi
	207	Sykuriðnaður
	208	Framleiðsla á kakói, súkkulaði og sykurvörum
	209	Framleiðsla á ýmsum matvælum
21		<i>Drykkjarvöruiðnaður</i>
	211	Framleiðsla etanóls með gerjun, framleiðsla gers og vínanda
	212	Víngerð
	213	Öl- og bjóngerð
	214	Framleiðsla gosdrykkja og annarra kolsýrðra drykkja
úr 30		<i>Framleiðsla á gúmmívörum, plastefnum, gerviþráðum og sterkjuafurðum</i>
	304	Framleiðsla á sterkjuafurðum

<sup>(1)</sup> Þessi skrá hefur verið þýdd á tungumál bandalagsþjóðanna á grundvelli Atvinnugreinaflokunar Evrópubandalagsins (NICE) – Viðbótarútgáfa í ritróðinni „Industrial Statistics,“ Statistical Office of the European Communities, Brussel, júní 1963.



35. 368L0365: Tilskipun ráðsins 68/365/EBE frá 15. október 1968 (Stjtið. EB nr. L 260, 22.10.1968, bls. 9), eins og henni var breytt með:

— 172B: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Danmerkur, Írlands og Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands að Evrópubandalögunum (Stjtið. EB nr. L 73, 27.3.1972, bls. 83).  
Eftirfarandi bætist við í lok 2. mgr. 3. gr.:

„d) í *Danmörku*:

- þá kröfu að stjórnarmenn félaga eða fyrirtækja sem hafa leyfi til að framleiða áfengi og ger séu danskir ríkisborgarar (1. mgr. 3. gr. laga nr. 74 frá 15. mars 1934 um áfengi og ger);
- þá kröfu að einstaklingar sem eru ekki búsettir í Danmörku og félög og fyrirtæki sem ekki eru skráð þar og óska að eignast fasteign skuli fyrst hljóta til þess sérstakt leyfi frá dómsmálaráðuneytinu (lög frá 23. desember 1959 um eignarhald á fasteignum);

f) í *Noregi*:

- þá reglu sem bannar einstaklingum eða lögpersónum öðrum en norska ríkinu, norskum sveitarfélögum, norskum ríkisborgurum og norskum félögum, fyrirtækjum, samtökum (korporasjonar) og stofnunum (stiftelser), sem skráð eru í Noregi og hafa eingöngu Norðmenn í stjórn og, að því er félög snertir, hafa átta tíundu af skráðu hlutafé sínu í eigu Norðmanna, að eignast fasteign eða hafa afnotarétt af fasteign (lög nr. 16 frá 14. desember 1917, III. kafli);
- þær takmarkanir á rétti erlendra ríkisborgara til að eignast hlut í félögum eða fyrirtækjum sem hafa rétt til að eignast fasteign eða hafa afnotarétt af fasteign (37. gr. og 2. mgr. 37. gr. a í fyrrnefndum lögum);
- þá reglu sem takmarkar veitingu leyfis til öflunar rafmagns yfir tilteknum mörkum einungis við félög, fyrirtæki, samtök (korporasjonar) og stofnanir (stiftelser) sem hafa skráða skrifstofu í Noregi, hafa norska ríkisborgara í meirihluta í stjórn og þar á meðal norskan stjórnarformann (1. mgr. 23. gr. í fyrrnefndum lögum);
- þann kost á að gera veitingu leyfisins háða rétti til endurkaups af hálfu ríkisins þegar rétthafinn er erlendir ríkisborgari eða erlent félag (7. mgr. 23. gr. í fyrrnefndum lögum);
- þá reglu sem gerir búsetu í Noregi aftur í tímann að skilyrði fyrir útgáfu réttindabréfa iðnaðarmanna (håndverksbrev) (7. gr. laga frá 19. júní 1970 um iðnaðarréttindi (håndverk)).“

Eftirfarandi komi í stað annarrar undirgreinar 1. mgr. 6. gr.:

„Ef upprunalandið eða landið sem réthafi kemur frá gefur ekki út skjöl til sönnunar um óflekkað mannorð eða um að viðkomandi hafi ekki verið lýstur gjaldþrota, getur eiðsvarinn yfirlýsing komið í staðinn — eða í ríkjum þar sem ekki er gert ráð fyrir eiðsvarinni yfirlýsingu, drengskaparheit — hlutaðeigandi aðila frammi fyrir þar til bæru yfirvaldi á sviði dómgæslu eða stjórnýslu eða, þar sem það á við, lögbókanda í upprunalandinu eða landinu sem viðkomandi kemur frá; slík yfirvöld eða lögbókandi gefur út vottorð sem staðfestir áreiðanleika hinnar eiðsvörnu yfirlýsingar eða drengskaparheitsins. Einnig má gefa yfirlýsingu um að viðkomandi hafi ekki verið lýstur gjaldþrota frammi fyrir þar til bærum fagfélögum eða -samtökum í nefndu landi.“

## TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 15. október 1968

sem hefur að geyma ítarleg ákvæði um bráðabirgðaráðstafanir vegna starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga á sviði matvæla- og drykkjarvöruframleiðslu (ISIC yfirflokkar 20 og 21)

(68/366/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 54. gr. (2. mgr.), 57. gr., 63. gr. (2. mgr.) og 66. gr.,

með hliðsjón af hinn almennu áætlun um afnám hafta á staðfesturétt (<sup>1</sup>), einkum annarri og þriðju málsgrein V. bóls,

með hliðsjón af hinn almennu áætlun um afnám hafta á rétti til að veita þjónustu (<sup>2</sup>), einkum annarri og þriðju málsgrein VI. bóls,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitu Evrópuþingsins (<sup>3</sup>),

með hliðsjón af álitu efnahags- og félagsmálanefndarinnar (<sup>4</sup>),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Auk ákvæða um afnám hafta hafa hinn almennu áætlanir að geyma ákvæði um að athugað verði hvort á undan, eftir eða samhliða afnámínu ætti að koma á gagnkvæmri viðurkenningu á prófskirtinum, vottorðum og öðrum formlegum vitnisburði um menntun og hæfi, og samræmingu ákvæða laga og stjórnsýslufyrirmæla vegna umræddrar starfsemi, og hvort grípa þurfi til bráðabirgðaráðstafana þar til af slíkri viðurkenningu eða samræmingu verður.

Ekki setja öll aðildarríki skilyrði fyrir því að starfsemi sé hafin og stunduð á sviði matvæla- og drykkjarvöruframleiðslu. Skilgreining á því hvað telst handverk og skilin milli handverks og iðnaðar eru breytileg frá einu aðildarríki

til annars. Auk þess er í sumum tilvikum frjálst að hefja og stunda handverk en í öðrum eru sett ströng ákvæði um formlega menntun og hæfi vegna slíkrar starfsemi.

Ráðið komst að þeirri niðurstöðu, þegar það samþykkti hinn almennu áætlanir, að samræming og viðurkenning handverks hefði vandamál í för með sér og nákvæms undirbúnings væri þörf til að finna lausn á þeim.

Af þeim sökum er ekki hægt að hrinda samræmingunni, sem kveðið er á um, í framkvæmd á sama tíma og höftum er aflétt. Samræmingin verður að koma til síðar.

Jafnvel þótt ekki sé unnt að koma strax á samræmingu, er engu að síður æskilegt að auðvelda fólki að verða sér úti um staðfesturétt og rétt til að veita þjónustu hvað varðar þá starfsemi sem um ræðir með því að taka upp þær bráðabirgðaráðstafanir sem fyrirhugaðar eru í hinum almennu áætlunum. Tilgangur þessa er einkum að koma í veg fyrir að ríkisborgarar aðildarríkja þar sem engum skilyrðum er háð að hefja slíka starfsemi lendi í verulegum erfiðleikum.

Til þess að afstýra slíkum erfiðleikum ættu bráðabirgðaráðstafanir fyrst og fremst að felast í því að meta starfsreynslu í tiltekinn lágmarkstíma í landinu sem hlutaðeigandi aðili kemur frá, hafi ekki of langur tími liðið frá því hennar var aflað, sem fullnægjandi skilyrði fyrir því að hefja starfsemi á því sviði sem hér um ræðir í gistiríkjum sem setja reglur um slíka starfsemi, enda búi hann yfir sambærilegri fagþekkingu og kraftist er af innlendum aðilum. Í bráðabirgðaráðstöfunum sem ná til skýrt afmarkaðra starfsgreina getur jafnframt falist að aðildarríkin meti héðan í frá skráningu í fagfélagi í öðru aðildarríki sem nægilegan vitnisburð

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB nr. 2, 15. 1. 1962, bls. 36/62.

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB nr. 2, 15. 1. 1962, bls. 32/62.

(<sup>3</sup>) Stjtið. EB nr. 23, 5. 2. 1966, bls. 349/66.

(<sup>4</sup>) Stjtið. EB nr. 14, 25. 1. 1966, bls. 206/66.

um þekkingu og hæfni, þar til gagnkvæm viðurkenning prófskírteina, vottorða og annars formlegs vitnisburðar um menntun og hæfi hefur átt sér stað.

Ráðið hefur, að því er varðar starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga sem heyra undir ISIC yfirflokka 23–40 (Iónaður og handverk), samþykkt tilskipun um bráðabirgðaráráðstafanir. <sup>(1)</sup> Þessa tilskipun verður jafnframt að aflaga þeim bráðabirgðaráráðstöfunum.

Þar sem mismunandi aðildarríki geta litið tiltekna starfsemi sem heyrir undir ákvæði tilskipunar ráðsins <sup>(2)</sup> frá 15. október 1968, um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga til að veita þjónustu á sviði matvæla- eða drykkjarvöruframleiðslu (ISIC yfirflokkar 20 og 21), ólíkum augum er mögulegt að starfsemi sem í einu aðildarríki telst til matvæla- eða drykkjarvöruframleiðslu teljist í öðru til smásölu eða einkaþjónustugeirans. Komi til ágreinings vegna slíks mismunar skulu skilgreiningar í lögum gistiríkisins gilda í hverju tilviki þegar ákvarða skal hvaða tilskipun um bráðabirgðaráráðstafanir skuli beita.

Að því er varðar aðildarríki þar sem engar reglur eru settar fyrir því að starfsemi á umræddu sviði sé hafin ætti að gera ráðstafanir er heimila, í þeim tilgangi að hindra óeðlilegt streymi einstaklinga sem ekki uppfylla skilyrði til að hefja eða leggja stund á slíka starfsemi í landinu sem þeir komu frá, þessum ríkjum að krefja ríkisborgara annarra aðildarríkja, þegar við á og hvað varðar starfsemi á einu eða fleiri sviðum, um sannanir þess að þeir hafi uppfyllt tilskildar kröfur um hæfi vegna starfsins í landinu sem þeir komu frá.

Engu að síður ætti að fara varlega við veitingu slíkra heimilda þar sem þær geta hindrað frjálsa flutninga ef þær eru veittar í of miklum mæli. Því ætti að takmarka þær bæði hvað varðar gildistíma og gildissvið og skal fela framkvæmdastjórninni að sjá um að veita slíkar heimildir eins og almennt er gert ráð fyrir í ákvæðum sáttmálans um verndarráðstafanir stjórnvalda.

Ekki verður lengur þörf fyrir þær ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari tilskipun þegar skilyrði fyrir því að hefja og stunda slíka starfsemi hafa verið samræmd og gagnkvæmri viðurkenningu prófskírteina, vottorða og annars formlegs vitnisburðar um menntun og hæfi hefur verið komið á.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

1. Aðildarríkjunum ber, í samræmi við ákvæðin sem hér eru sett, að gera eftirfarandi bráðabirgðaráráðstafanir á yfirráðasvæðum sínum vegna staðfestu eða þjónustustarfsemi einstaklinga, félaga eða fyrirtækja (hér eftir kallaðir „rétt-hafar“) sem heyra undir I. bálk hinna almennu áætlana og vilja starfa sjálfstætt á sviði matvæla- og drykkjarvöruframleiðslu.

2. Starfsemin sem hér um ræðir heyrir undir tilskipun ráðsins frá 15. október 1968 um hvernig koma skuli á staðfesturétti sjálfstætt starfandi einstaklinga og rétti til að veita þjónustu á sviði matvæla- og drykkjarvöruframleiðslu (ISIC yfirflokkar 20 og 21).

##### 2. gr.

Ef starfsemi fellur ekki undir matvæla- eða drykkjarvöruframleiðslu samkvæmt lögum aðildarríkis, heldur undir smásölu eða þjónustu í einkageiranum, skal viðeigandi tilskipun þar sem sett eru ákvæði vegna bráðabirgðaráráðstafana á hlutaðeigandi sviði gilda um þessa starfsemi í aðildarríkinu.

##### 3. gr.

Aðildarríki sem setja ákveðin skilyrði um menntun og hæfi fyrir að fá að hefja og stunda einhverja þá starfsemi sem um getur í 2. mgr. 1. gr. skulu tryggja að réttthafa berist upplýsingar um reglur sem settar eru í þeirri starfsgrein sem hann æskir að stunda áður en hann staðfestist eða hefur tímabundið starf.

##### 4. gr.

1. Þar sem svo háttar til í aðildarríki að leyfi til að fá að hefja eða stunda einhverja þá starfsemi sem um getur í 2. mgr. 1. gr. er háð því skilyrði að hlutaðeigandi aðili búi yfir almennt, viðskipta- eða fagþekkingu og hæfni, skal það aðildarríki, samkvæmt 2. og 3. mgr. þessarar greinar, viðurkenna sem nægilegan vitnisburð um slíka þekkingu og hæfni hafi viðkomandi stundað umrædda starfsemi í öðru aðildarríki í einhverjum þann tíma sem hér er tilgreindur:

a) sex ár samfelld annaðhvort á eigin vegum eða í stjórnunarstöðu; eða

b) þrjú ár samfelld annaðhvort á eigin vegum eða í stjórnunarstöðu enda geti réttthafi sýnt fram á að hann hafi

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. 117, 23. 7. 1964, bls. 1863/64.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 260, 22. 10. 1968, bls. 9.

áður hlotið þjálfun í þrjú ár hið minnsta á því sviði sem um ræðir, staðfest með vottorði sem ríkið viðurkennir eða þar til bær sérfræðistofnun telur fullnægjandi; eða

c) þrjú ár samfelld annaðhvort á eigin vegum eða í stjórnunarstöðu enda geti réttthafi sýnt fram á að hann hafi stundað þá starfsgrein sem um ræðir í minnst fimm ár á annarra vegum; eða

d) fimm ár samfelld í stjórnunarstöðu, þar af í þrjú ár hið minnsta við tæknistörf með ábyrgð á einni eða fleiri deildum fyrirtækisins enda geti réttthafi sýnt fram á að hann hafi hlotið minnst þriggja ára þjálfun til þess starfs er um ræðir, staðfest með vottorði sem ríkið viðurkennir eða þar til bær sérfræðistofnun telur fullnægjandi.

Í þeim tilvikum sem um getur í a- og c-lið mega ekki hafa liðið meira en tíu ár frá því að starfi á því sviði sem um ræðir lauk, miðað við dagsetningu umsóknar þeirrar sem kveðið er á um í 3. mgr. 5. gr. Á hinn bóginn geta aðildarríki sem kveða á um styttra tímabil fyrir eigin ríkisborgara látið það sama gilda fyrir réttthafa.

2. Sambandslýðveldið Þýskaland skal, hvað varðar starfsemi framkvæmdastjóra tæknisviðs mjólkur- eða mjólkurvinnslufyrirtækis, viðurkenna sem fullnægjandi vitnisburð hafi umrædd starfsemi verið stunduð í öðru aðildarríki í einhvern þann tíma sem hér er tilgreindur:

a) átta ár samfelld annaðhvort á eigin vegum eða í stjórnunarstöðu að því tilskildu að starfinu hafi ekki lokið meira en tíu árum fyrir dagsetningu umsóknarinnar sem kveðið er á um í 3. mgr. 5. gr.; eða

b) fjögur ár samfelld annaðhvort á eigin vegum eða í stjórnunarstöðu, eða í sex ár samfelld í stjórnunarstöðu, en af þeim skal viðkomandi hafa starfað í þrjú ár hið minnsta sem starfsmaður tæknisviðs og borið ábyrgð á einni eða fleiri deildum fyrirtækis, enda geti réttthafi sýnt fram á að hann hafi hlotið í það minnsta þriggja ára þjálfun til þess starfs sem um ræðir og hafi viðurkennt vottorð ríkisins um að það eða þar til bær sérfræðistofnun telji hann fullnægja þeim skilyrðum sem sett eru.

3. Á Ítalíu getur hlutaðeigandi einstaklingur lagt fram til sönnunar á starfshæfni sinni sem forstöðumaður tæknisviðs í fyrirtæki sem framleiðir sérþæði fyrir ungabörn og börn, eða annað sérþæði, prófskirteini sem gefið er út í öðru aðildarríki og samsvarar, að því er varðar menntun og starfsþjálfun, skirteini sem krafist er samkvæmt ítölskum lögum og sem jafnframt gerir hlutaðeigandi einstaklingi kleift að skrá sig í fagfélag, eingöngu þó á grundvelli umrædds starfs. Hlutaðeigandi einstaklingur verður á sama tíma að leggja fram sönnun þess að hann hafi stundað starfsemi á umræddu sviði á eigin vegum eða í stjórnunarstöðu, eða sem forstöðumaður tæknisviðs í þrjú ár samfelld í öðrum aðildarríkjum.

5. gr.

Að því er varðar beitingu 4. gr.:

1. Þau aðildarríki þar sem svo háttar til að leyfi til að fá að hefja eða stunda störf í einhverri þeirri starfsgrein sem um getur í 2. mgr. 1 gr. er háð því skilyrði að hlutaðeigandi aðili búi yfir almenntri, viðskipta- eða fagþekkingu eða hæfni, skulu veita hinum aðildarríkjunum, með aðstoð framkvæmdastjórnarinnar, upplýsingar um megineinkenni þeirrar starfsgreinar (lýsingu á þeirri starfsemi sem fellur undir starfsgreinina).

2. Lögbært yfirvald sem tilnefnt er í þessu skyni í uprunaríkinu eða ríkinu sem réttthafi kemur frá, skal vottfesta hvaða atvinnustarfsemi hann hefur í raun veru lagt stund á og hve lengi. Vottorð skulu útfyllt með tilliti til viðurkenndrar lýsingar á þeirri starfsgrein sem um ræðir og látn er í té af aðildarríkinu sem réttthafi æskir að stunda slíka starfsgrein í, annaðhvort tímabundið eða til langframa.

3. Gistiríkið skal veita leyfi til að stunda þá starfsemi sem um ræðir, að því tilskildu að hið vottfesta starf samsvari í megindrátum lýsingunni á starfinu sem látn er í té samkvæmt 1. mgr. og að því tilskildu að öðrum skilyrðum, sem sett eru samkvæmt reglum þess ríkis, sé fullnægt.

6. gr.

1. Ef aðildarríki setur það ekki sem skilyrði fyrir því að fá að hefja og stunda einhverja þá starfsemi sem um getur í 2. mgr. 1. gr., að viðkomandi búi yfir almenntri, viðskipta- eða fagþekkingu, getur það ríki, komi verulegir erfiðleikar fram við beitingu tilskipunar ráðsins sem getið er í 2. mgr. 1. gr., farið fram á heimild frá framkvæmdastjórninni, tímabundið og að því er varðar starfsemi á einu eða fleiri sviðum, til

Þess að krefja ríkisborgara annarra aðildarríkja, sem óska eftir að fá að starfa á þessum sviðum á yfirráðasvæði þess, um sannanir fyrir því að þeir hafi tilskilda menntun og hæfi til að stunda slíka starfsemi í landinu sem þeir koma frá.

Slíku valdi má ekki beita gagnvart einstaklingi sem kemur frá landi þar sem ekki er farið fram á sönnun fyrir sérstakri þekkingu vegna umræddrar starfsemi, eða gagnvart einstaklingi sem hefur búið í gistiríkinu í að minnsta kosti fimm ár.

2. Framkvæmdastjórnin skal, um leið og hún tekur við rökstuddri beiðni frá hlutaðeigandi aðildarríki, tilgreina skilyrði fyrir veitingu heimildarinnar sem kveðið er á um í 1. mgr. þessarar greinar og setja jafnframt nákvæmar reglur um framkvæmd hennar.

3. Ef beiting tilskipunar ráðsins sem getið er um í 2. mgr. 1. gr. veldur verulegum erfiðleikum, getur framkvæmdastjórnin, á eigin skilmálum og á því tímabili sem hún tiltekur, heimilað Stórhertogadæminu Lúxemborg að fresta beitingu ákvæða 3. gr. þessarar tilskipunar hvað varðar eitt eða fleiri tiltekin starfssvið.

7. gr.

Ákvæði þessarar tilskipunar gilda þar til ákvæði um samræmingu á innlendum lögum er varða rétt til að fá að hefja og stunda umrædda starfsemi hafa tekið gildi.

8. gr.

Aðildarríkjunum ber, innan þeirra tímamarka sem sett er í 9. gr., tilnefna lögbær yfirvöld og stofnanir sem skulu gefa út fyrrnefnd vottorð og tilkynna það öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni.

9. gr.

Aðildarríkjunum ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskipun þessari innan sex mánaða frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

10. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 15. október 1968.

*Fyrir hönd ráðsins,*

G. SEDATI

*forseti.*

## TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 19. júlí 1982

um ráðstafanir til að auðvelda að staðfesturéttar og réttar til að veita þjónustu sé neytt í hárið

(82/489/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 49., 57. og 66. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Samkvæmt sáttmálanum er ekki leyfilegt að loknu aðlögunartímabilinu að mismuna fólki á grundvelli ríkisfangs að því er varðar staðfestu og þjónustustarfsemi. Slíkt jafnræði hvað varðar ríkisfang nær einkum til veitingar hvers kyns starfsleyfa sem krafist er ef hefja á starfsemi á sviði hárgreiðslu og til skráningar eða þátttöku í stéttarsamtökum eða -félögum.

Engu að síður virðist æskilegt að setja sérákvæði til að auðvelda að staðfesturéttar og réttar til að veita þjónustu sé neytt í hárið.

Ekki eru sett skilyrði um menntun og hæfi í öllum aðildarríkjunum fyrir því að hefja og stunda starfsemi sem hárgreiðslumaður. Í sumum aðildarríkjunum eru sérákvæði

þar sem sett eru skilyrði um formlega menntun og hæfi fyrir því að hefja og stunda starfsemi á sviði hárgreiðslu.

Ekki virðist gerlegt að halda samræmingunni áfram á þessu stigi. Engu að síður er æskilegt að stefna að slíkri samræmingu eins skjótt og auðið er.

Uns slíkri samræmingu hefur verið komið á er engu að síður æskilegt og gerlegt að auðvelda hreyfanleika hárgreiðslufólks innan bandalagsins, uns slíkri samræmingu hefur verið komið á, með því að viðurkenna sem fullnægjandi menntun og hæfi til að hefja umrædda starfsemi í gistiríkjum, þar sem í gildi eru reglur um það hverjir megi hefja slíka starfsemi, þá staðreynd að viðkomandi hafi stundað starfsemina á eigin vegum eða sem forstöðumaður fyrirtækis í aðildarríkinu sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá, hæfilega lengi og nógu nýlega til að tryggja að hlutaðeigandi einstaklingur búi yfir sambærilegri sérfræðipækkingu við þá sem krafist er í gistiríkinu.

Í aðildarríkjum þar sem leyfi til að fá að hefja og stunda starfsemi á sviði hárgreiðslu er einnig háð fagþekkingu og hæfni, þegar um er að ræða launþega, ætti þessi tilskipun einnig að gilda um þennan hóp fólks til þess að greiða fyrir frjálsum flutningum launþega og vera þannig viðbót við ráðstafanir reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1612/68 frá 15. október 1968 um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins <sup>(4)</sup>.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 106, 23. 10. 1971, bls. 6.<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 103, 5. 10. 1972, bls. 14.<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. C 89, 28. 8. 1972, bls. 9.<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 257, 19. 10. 1968, bls. 2.

Réttthafi sem óskar eftir að fá staðfestu í þeirri grein sem hér um ræðir í gistiríkinu verður að hafa stundað hana áður og búa yfir þeirri starfsmenntun sem krafist er í greininni, geri gistiríkið þá kröfu á eigin yfirráðasvæði.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

Tilskipun þessi nær, að því er varðar starfsemina sem fellur undir ISIC flokk 855, til starfsemi hárgreiðslufólks.

##### 2. gr.

1. Þar sem svo háttar til í aðildarríki að leyfi til að fá að hefja eða stunda starfsemina sem um getur í 1. gr. er háð því skilyrði að hlutaðeigandi aðili búi yfir almennri, viðskipta- eða fagþekkingu og hæfni, skal það aðildarríki viðurkenna sem nægilegan vitnisburð um slíka þekkingu og hæfni hafi viðkomandi stundað sambærilega starfsemi í öðru aðildarríki í einhvern þann tíma sem hér er tilgreindur:

- a) sex ár samfelld annaðhvort á eigin vegum eða sem forstöðumaður fyrirtækis; eða
- b) þrjú ár samfelld annaðhvort á eigin vegum eða í stjórnunarstöðu enda geti réttthafi sýnt fram á að hann hafi áður hlotið þjálfun í þrjú ár hið minnsta á því sviði sem um ræðir, vottfest með skilríkjum sem ríkið viðurkennir eða þar til bær sérfræðistofnun telur fullnægjandi; eða
- c) þrjú ár samfelld á eigin vegum enda geti réttthafi sýnt fram á að hann hafi stundað þá starfsemi sem um ræðir í minnst fimm ár sem launþegi.

Gistiríkið getur, þegar mismunandi skilyrði eru um menntun og hæfi fyrir hársnyrtingu karla og kvenna, krafist þess af ríkisborgurum annarra aðildarríkja að þeir hafi stundað umrædda starfsemi og hlotið starfsþjálfun á sama sviði og réttthafi óskar eftir að staðfestast í gistiríkinu.

2. Í þeim tilvikum sem um getur í a- og c-lið 1. mgr. mega ekki hafa liðið meira en tíu ár frá því að starfi á umræddu sviði lauk, miðað við dagsetningu umsóknar þeirrar sem kveðið er á um í 3. gr. Starfi viðkomandi sjálfstætt eða veiti hann fyrirtæki forstöðu eins og um getur í a- og c-lið 1. mgr. verður hann að hafa iðkað umrædda starfsemi eftir tvítugt.

##### 3. gr.

Leggja skal fram sönnun þess að skilyrðum 2. gr. sé fullnægt með vottorði sem gefið er út af lögbærum yfirvöldum eða

stofnun í upprunaríkinu eða aðildarríkinu sem hlutaðeigandi einstaklingur kemur frá og skal hann leggja þau fram til stuðnings umsókn sinni um leyfi til að fá að stunda umrædda starfsemi í gistiríkinu.

##### 4. gr.

1. Fari gistiríki fram á það við eigin ríkisborgara, sem æskja þess að takast á hendur starfsemi þá sem um getur í 1. gr., að þeir leggi fram meðmæli og sönnun þess að þeir hafi ekki orðið gjaldþrota, eða geti vottað hvort tveggja, þá ber því ríki að taka „sakavottorð“ sem gildan vitnisburð, þegar í hlut eiga ríkisborgarar annarra aðildarríkja, eða að öðrum kosti jafngilt skjal sem gefið er út af þar til bæru yfirvaldi á sviði dómgæslu eða stjórnslu í upprunaríkinu eða aðildarríkinu sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá er sýnir að skilyrðum sé fullnægt.

2. Ef upprunaríkið eða ríkið sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá gefur ekki út skjalið sem um getur í 1. mgr., sem sönnun fyrir óflekkuðu mannorði eða því að viðkomandi hafi ekki orðið gjaldþrota, má eiðsvarin yfirlýsing koma í staðinn — eða í aðildarríkjum þar sem engin ákvæði eru til um eiðsvarnar yfirlýsingar, drengskaparheit — sem viðkomandi gefur frammi fyrir lögbæru stjórnvaldi eða dómara eða, þar sem það á við, lögbókanda í upprunaríkinu eða aðildarríkinu sem hlutaðeigandi einstaklingur kemur frá, umrætt yfirvald eða lögbókandi skal gefa út vottorð sem staðfestir áreiðanleika yfirlýsingarinnar eða drengskaparheitsins. Einnig má gefa yfirlýsingu um að viðkomandi hafi ekki verið lýstur gjaldþrota frammi fyrir þar til bæru fagfélagi eða samtökum í umræddu landi.

3. Í gistiríki þar sem krafist er vottorðs er sýni fjárhagsstöðu hlutaðeigandi aðila skal vottorð sem gefið er út af bankastofnunum í öðrum aðildarríkjum tekið jafngilt vottorðum sem gefin eru út á yfirráðasvæði þess.

4. Skjöl sem gefin eru út samkvæmt 1., 2. eða 3. mgr. gilda ekki lengur en í þrjú mánuði frá útgáfudegi.

##### 5. gr.

Aðildarríkjum ber, innan þeirra tímamarka sem mælt er fyrir um í 8. gr., að tilnefna lögbær yfirvöld og stofnanir sem gefa skulu út þau skjöl sem um getur í þessari tilskipun og ber þeim að tilkynna það öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni þegar í stað.

##### 6. gr.

Eigi síðar en þremur árum eftir lok tímabilsins sem mælt er fyrir um í 8. gr. skal framkvæmdastjórnin leggja viðeigandi tillögur fyrir ráðið sem miða að því að samræma skilyrði um menntun hárgreiðslufólks. Ráðið skal taka þessar tillögur til skoðunar innan árs.

7. gr.

berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

Tilskipun þessi skal einnig ná til ríkisborgara aðildarríkja sem í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1612/68 stunda eða munu stunda þá starfsemi sem um getur í 1. gr.

10. gr.

8. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Aðildarríkin skulu gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að fara að tilskipun þessari innan átján mánaða frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Gjört í Brussel 19. júlí 1982.

Fyrir hönd ráðsins,

K. OLESEN

forseti.

9. gr.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að framkvæmdastjórninni

3. júní 1997

Nr. 368

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 160/1986 um þátttöku ríkisins í kostnaði vegna hjálpartækja fyrir heyrnar- og talskerta, með síðari breytingum.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Heyrnar- og talmeinstöð Íslands greiðir nauðsynleg hjálpartæki fyrir heyrnar- og talskerta sem hér segir:

- |  |      |
|--|------|
| 1. Fyrir börn og unglíngar til loka skólaskyldu .....                      | 100% |
| 2. Fyrir 18 ára og eldri .....   | 60%  |
| 3. Fyrir þá sem þurfa að nota 2 tæki samtímis og eru 18 ára og eldri ..... | 70%  |
| 4. Fyrir þá sem þurfa að nota beinheimartæki .....                         | 80%. |

Stjórn Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands er heimilt, að fenginni rökstuddri umsókn, að auka greiðsluþátttöku skv. 2. og 3. tl. í 80%, sé um að ræða verulega skerta heyrn að mati yfirlæknis stöðvarinnar.

5. Heimilt er að leigja út sérhæfð hjálpartæki, s.s. barnavakt og talmögnunartæki sem notuð eru yfir skamman tíma. Leiguverð skal standa undir kostnaði af innkaupsverði.

Ofangreindar reglur, sem öðlast gildi þegar við birtingu, eru settar með stöð í 5. gr. laga nr. 35/1980, um Heyrnar- og talmeinstöð Íslands, að fengnum tillögum stjórnar stöðvarinnar.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 3. júní 1997.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

*Halldór Eiríksson.*



## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi stóriðnaðarsvæðis að Grundartanga, Hvalfjarðarstrandarhreppi.

Samkvæmt ósk sveitarstjórnar Hvalfjarðarstrandarhrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins með undirritun þann 18. desember 1996 staðfest breytingu á aðalskipulagi stóriðnaðarsvæðis að Grundartanga frá 16. júní 1975, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin felst í því að iðnaðarsvæðið stækkar til norðausturs inn í Hvalfjarðarstrandarhrepp, vegstæði breytist og háspennulagnasvæði hefur verið skilgreint.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarstrandarhrepps hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfissráðuneytinu, 5. júní 1997.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Hrafn Hallgrímsson.*

Nr. 370

12. júní 1997

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð um Ríkisútvarpið nr. 357/1986, sbr. reglugerð nr. 478/1986.

1. gr.

7. mgr. 18. gr. orðist svo:

Veita skal þeim, sem eru fullra 67 ára eða fá greiddan örorkulífeyri skv. lögum um almannatryggingar 20% afslátt af útvarpsgjaldi. Almenn undanþága frá greiðslu útvarpsgjalds til handa þeim sem fá frekari uppbætur á lífeyri skv. 8. gr. reglugerðar nr. 59/1996, sbr. reglugerð nr. 231/1997, skal falla niður. Þeir einstaklingar sem njóta undanþágu frá greiðslu útvarpsgjalds 1. júní 1997, en uppfylla ekki skilyrði til að fá hækkun á heimilisuppbót þann dag, skv. 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 302/1997, skulu áfram undanþegnir greiðslu útvarpsgjalds. Undanþágan skal þó falla niður ef þeir öðlast síðar rétt til greiðslu heimilisuppbótar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 38. gr. útvarpslaga nr. 68/1985 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 12. júní 1997.*

**Björn Bjarnason.**

*Örlygur Geirsson.*

## REGLUGERÐ

### fyrir Friðlýsingarsjóð skv. lögum um náttúruvernd.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Friðlýsingarsjóður. Tilgangur sjóðsins er að stuðla að náttúruvernd og friðlýsingu svæða og auka fræðslu um náttúruvernd og náttúrufar. Náttúruverndarráð fer með stjórn sjóðsins og annast vörslu hans.

#### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er þrjúhundruð þúsund krónur.

Tekjur sjóðsins eru:

- árlegt framlag Þjóðhátíðarsjóðs, sbr. 3. gr. skipulagsskrár Þjóðhátíðarsjóðs nr. 361/1977,
- tekjur af sérstöku verkefnum sem Náttúruverndarráð gengst fyrir til tekjuöflunar fyrir sjóðinn,
- gjafir er sjóðnum kunna að berast,
- vaxtatekjur og aðrar tekjur af eignum sjóðsins.

#### 3. gr.

Sjóðstjórn leitar eftir hugmyndum um verkefni í samræmi við tilgang sjóðsins og ráðstafar tekjum sjóðsins sbr. 2. mgr. 2. gr. í samræmi við tilganginn. Óheimilt er að verja fé sjóðsins með öðrum hætti.

#### 4. gr.

Friðlýsingarsjóður hefur sjálfstæðan fjárhag og skal ávaxtaður á sem hagkvæmastan hátt á grundvelli verðtryggingar í samræmi við nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins á hverjum tíma.

#### 5. gr.

Sjóðstjórn semur reikninga sjóðsins árlega. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun og sendir umhverfisráðuneyti og Þjóðhátíðarsjóði.

Umhverfisráðuneyti og Þjóðhátíðarsjóði skal árlega gerð grein fyrir ráðstöfun sjóðsins eftir verkefnum, framvindu þeirra og verklokum.

#### 6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 4. mgr. 12. gr. laga nr. 93/1996, um náttúruvernd, öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 16. júní 1997.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Inzimar Sigurðsson.*

# SAMÞYKKT

## um hunda- og kattahald í Stokkseyrarhreppi.

### Hundahald.

#### 1. gr.

Hundahald er bannað í Stokkseyrarhreppi.

#### 2. gr.

Sveitarstjórn er þó heimilt að veita lögráða einstaklingum sem lögheimili eiga í hreppnum, í vissum tilvikum, undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins og þar fær eigandi hundsins afhenta númeraða plötu sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- b) Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið skal vera samkvæmt gjaldskrá sem ákveðin er af hreppsnefnd og staðfest af umhverfisráðherra. Við ákvörðun gjaldsins skal tekið mið af þeim kostnaði, sem leiðir af framkvæmd þessarar samþykktar. Gjaldið skal í fyrsta sinn greitt við skráningu hunds og síðan árlega fyrir fram 1. janúar ár hvert. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi. Dragist lengur en tvo mánuði að skrá hund, á skrifstofu sveitarfélagsins, skal heimilt að innheimta tvöfalt skráningargjald.
- c) Sveitarsjóður ábyrgðartryggir alla skráða hunda sem greitt er leyfisgjald af. Þeir hundaeigendur sem undanþegnir eru leyfisgjaldi samkvæmt f. lið þessarar greinar, ábyrgðartryggja hunda sína hjá viðurkenndu tryggingarfélagi, þeir skulu og greiða sveitarsjóði útlagðan kostnað vegna hundahreinsunar. Við hundahreinsun skulu hundaeigendur sem falla undir f. lið leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu sem sýnir að trygging sé í fullu gildi.
- d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum. Hundaeigandi skal gæta þess að hundur hans valdi ekki hættu eða raski ró manna eða verði mönnum til óþæginda á neinn annan hátt. Þá eru umráðamönnum hunda alltaf skylt að fjarlægja saur eftir hundinn. Eigi er leyfilegt að hafa með sér hunda þó í taumi séu inn í opinberar stofnanir, skólahús, matvöruverslanir, eða aðra staði samkvæmt ákvæðum heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990 með síðari tíma breytingum, en þeir eru m.a. eftirfarandi:
  1. Vatnsveitur, vatnsból og verndarsvæði þeirra, brunnar og sjóveitur.
  2. Almennings- og útisalerni.
  3. Hvers konar sorpgeymslur og sorpförgunarstaðir.
  4. Gististaðir, veitingastaðir og matsölustaðir.
  5. Tjald- og hjólhýsasvæði, nema skv. ákvörðun umsjónaraðila.
  6. Húsakynni þar sem geymd eru, framleidd eða seld matvæli.
  7. Skólar, kennslustaðir, barnaheimili og gæsluvellir.
  8. Rakarastofur, hárgreiðslustofur, hvers konar snyrti- og sólbaðsstofur.
  9. Heilbrigðisstofnanir, hæli, heilsuræktar- og íþróttastöðvar og baðstaðir.
  10. Samkomuhús hvers konar og almennar skrifstofur.
  11. Kirkjugarðar, bálstofur, líkhús og líkgeymslur.
  12. Almenn samgöngutæki.
- e) Hundaeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varðar, þ.á m. reglur um árlega hreinsun hunda og greiðslu leyfisgjalds, sbr. b-lið þessarar greinar, svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur.

- f) Bændum á lögbýlum er heimilt að hafa 1 hund án gjalds og einnig er heimilt að skrá viðurkennda veiðihunda án gjalds. Hundar á lögbýlum mega ganga frjálssir á landareign eigenda sinna. Að öðru leyti skulu slíkir hundar háðir ákvæðum þessarar samþykktar. Skylt er bændum að sjá til þess að hundar þeirra séu ekki lausir á almannafæri.

3. gr.

Sveitarstjórn eða aðili á hennar vegum annast framkvæmd og eftirlit með hundahaldi í Stokkseyrarhreppi, undir yfirstjórn heilbrigðisnefndar, og getur heilbrigðisnefnd leitað aðstoðar lögregluþingvalda þegar þörf krefur og um endurtekin brot á samþykkt þessari er að ræða.

4. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal honum komið fyrir, sé um að ræða minniháttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins skal leysa hann út gegn greiðslu handsömunargjalds og alls annars kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekað brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Hunda sem ráðast á menn eða skepnur skal fjarlægja, og er heimilt að lóga þeim þegar í stað. Aðra hunda er heimilt að afhenda, ef leyfi er framvísað innan 7 daga frá því hundurinn kom í vörslu eftirlitsmanns, enda verði handsömunargjald og annar áfallinn kostnaður greiddur áður en það er gert. Að öðrum kosti er heimilt að lóga hundinum.

Sveitarstjórn er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

5. gr.

Handsömunargjald samkvæmt 4. gr. skal vera samkvæmt gjaldskrá sem ákveðin er af hreppsnefnd og staðfest af umhverfisráðherra.

### **Kattahald.**

6. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að takmarka eða banna kattahald í þéttbýli, ef til þess er talin brýn þörf að mati heilbrigðisnefndar, heilsugæslulæknis eða héraðsdýralæknis. Þannig getur hreppsnefnd t.d. takmarkað fjölda fullorðinna katta á heimili við ákveðna hámarkstölu, ef ástæða þykir til.

7. gr.

Allir heimiliskettir skulu skráðir á skrifstofu hreppsins og þar fær eigandi hans afhenta númeraða plötu með skráningarnúmeri kattarins, sem alltaf skal vera í ól um háls dýrsins.

Greiða skal skráningargjald, sem nemur sannarlegum kostnaði vegna skráningu kattarins. Gjaldið skal vera samkvæmt gjaldskrá sem ákveðin er af hreppsnefnd og staðfest af umhverfisráðherra.

Árlega skal kattareigandi framvísa vottorði dýralæknis, um að kötturinn hafi verið hreinsaður af spóluormum, svo og öðrum skilríkjum sem máli skipta og óskað er eftir.

8. gr.

Eigendum katta er skylt að gæta þess að köttur hans valdi ekki tjóni, hættu, óþægindum, óþrifum eða raski ró manna. Kattareiganda ber að greiða allt það tjón sem köttur hans veldur, svo og greiðslu alls kostnaðar við að fjarlægja dýrið gerist þess þörf.

## 9. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að láta eyða ómerktum köttum, enda hafi framkvæmdin verið auglýst með áberandi hætti í sveitarfélaginu í a.m.k. 7 sólarhringa áður en hún hefst.

## 10. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal fara að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum.

## 11. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Stokkseyrarhrepps staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Þeir sem nú halda heimilisketti skulu skrá þá á skrifstofu sveitarfélagsins fyrir 15. júlí 1997 og fá þar afhenta númeraða plötu, sbr. ákvæði 7. gr.

*Umhverfisráðuneytinu, 9. júní 1997.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 53 – 1997

20. júní 1997

781

Nr. 373

## REGLUGERÐ um loðnuveiðar 1997/1998.

### 1. gr.

Reglugerð þessi tekur til loðnuveiða á tímabilinu frá og með 1. júlí 1997 til 1. maí 1998.

### 2. gr.

Aðeins skipum, sem aflamark hafa í loðnu, er heimilt að stunda loðnuveiðar. Veiðar umfram aflamark í loðnu varða gjaldtöku samkvæmt ákvæðum laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólöglegs sjávarafla.

Leyfilegur hámarksafli íslenskra loðnuveiðiskipa verður birtur með sérstakri reglugerð.

### 3. gr.

Veiðar eru heimilaðar í lögsögu Íslands, Grænlands og Jan Mayen með þeirri takmörkun að veiðar í lögsögu Grænlands eru bannaðar sunnan 64°30'N.

### 4. gr.

Stjórnvöld í Noregi og Grænlandi setja reglur um veiðar í lögsögu landanna. Fiskistofa skal koma upplýsingum þar um til skipa eftir því sem unnt er.

### 5. gr.

Skipstjóri veiðiskips skal í skeyti tilkynna áætlaðan loðnuafla til veiðieftirlits Fiskistofu, strax þegar skip heldur til lands til löndunar afla. Skal tilgreina í tilkynningu reit þar sem afli er fenginn. Geta skal sérstaklega í aflatilkynningu ef afli er fenginn í lögsögu Grænlands eða Jan Mayen verði það ekki greint á uppgefnum reiti.

### 6. gr.

Ráðuneytið getur takmarkað eða bannað loðnuveiðar á ákveðnum svæðum í tiltekinn tíma þyki ástæða til þess, m.a. vegna verndunarsjónarmiða og til þess að stuðla að sem bestri hagnýtingu loðnustofnsins. Jafnframt getur ráðherra ákveðið, að aðeins stundi loðnuveiðar í tilraunaskyni ákveðinn fjöldi skipa í því skyni að kanna ástand loðnustofnsins undir eftirliti Hafrannsóknastofnunarinnar.

Hafrannsóknastofnuninni er heimilt að grípa til skyndilokunar veiðisvæða, sbr. 8. gr. laga nr. 81/1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, fari hlutfall smærri loðnu en 14 cm yfir 20%, miðað við fjölda. Stærð loðnu er mæld frá trjónuoddi að sporðsenda.

## 7. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

## 8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 20. júní 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

Nr. 374

20. júní 1997

## REGLUGERÐ

### um loðnuveiðar erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

## 1. gr.

Reglugerð þessi tekur til loðnuveiða grænenskra, norskra og færeyskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, á loðnuvertíðinni 1997/1998.

## 2. gr.

Aðeins þeim skipum sem fengið hafa sérstakt leyfi frá Fiskistofu er heimilt að stunda loðnuveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Skip sem óska eftir leyfi til loðnuveiða skulu sækja um það til Fiskistofu. Í umsókninni komi fram upplýsingar um nafn skips, skráningarnúmer, kallmerki, stærð í brt., burðargetu og upplýsingar um fjarskiptatæki. Skip sem afsala sér veiðileyfi skulu tilkynna það Fiskistofu, og komi sömu upplýsingar fram og í umsókninni.

## 3. gr.

Loðnuveiðar eru einungis heimilar frá 1. júlí 1997 til 15. febrúar 1998, norðan við 64°30'N, með þeim takmörkunum sem leiða af ákvörðunum skv. 12. gr. reglugerðar þessarar.

Birta skal í sérstakri auglýsingu leyfilegan heildarafla hvers lands, og þegar honum er náð falla veiðileyfi skipa frá viðkomandi löndum niður.

Óheimilt er að umskipa afla í fiskveiðilandhelgi Íslands.

## 4. gr.

Á tímabilinu 1. júlí til 30. nóvember skulu ekki fleiri en 30 norsk skip hafa leyfi til loðnuveiða. Á tímabilinu 1. desember til 15. febrúar skulu ekki fleiri en 20 norsk skip hafa leyfi til loðnuveiða.

Ekki skulu fleiri en 7 færeysk skip hafa leyfi til loðnuveiða.

Ekki skulu fleiri loðnuveiðiskip frá hvorri þjóð vera í fiskveiðilandhelgi Íslands, en hafa leyfi til veiða hverju sinni.

Afsali skip sér veiðileyfi, sbr. 2. gr. er Fiskistofu heimilt að gefa út nýtt leyfi þess í stað.

## 5. gr.

Skip skulu á leið til veiðisvæðis, áður en veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands hefjast, og á leið úr fiskveiðilandhelgi Íslands, sigla um einn af eftirfarandi athugunarstöðum:

- a) 67°30'N - 10°00'V
- b) 69°15'N - 13°00'V
- c) 68°00'N - 20°00'V.

Athugunarstöðum, sbr. 1. mgr. verður breytt með sérstakri reglugerð, ef þróun veiða gefur tilefni til þess.

## 6. gr.

Áður en skip hefur veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands skal tilkynna Landhelgisgæslunni um fyrirhugaðar veiðar og komutíma í athugunarstað með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara.

Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

- a) Orðið „komutilkynning“ (entry report).
- b) Nafn skips.
- c) Skráningarnúmer.
- d) Kallmerki.
- e) Dagsetning og staðsetning við sendingu tilkynningar.
- f) Heildarafli um borð.
- g) Áætlað veiðisvæði.
- h) Athugunarstaður sem siglt verður um, sbr. 5. gr. og fyrirhugaðan komutíma á staðinn.

Haldi skip til veiða úr íslenskri höfn skal það tilkynnt Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er í 1. mgr., þó þarf ekki að tilgreina athugunarstað sbr. h)-lið.

## 7. gr.

Skip sem stundar veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands skal á hverjum degi á tímabilinu frá kl. 10:00 til 12:00, senda Landhelgisgæslunni tilkynningu þar sem fram kemur í þessari röð:

- a) Orðið „aflatilkynning“ (catch report).
- b) Nafn skips.
- c) Skráningarnúmer.
- d) Kallmerki.
- e) Dagsetning og staðsetning við sendingu tilkynningar.
- f) Heildarafli um borð.
- g) Afli síðasta sólarhrings eða afli frá því skipið kom inn í fiskveiðilandhelgi Íslands sé um skemmri tíma að ræða.

## 8. gr.

Þegar skip lýkur veiðum í fiskveiðilandhelgi Íslands skal það tilkynnt Landhelgisgæslunni. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

- a) Orðið „lokatilkynning“ (exit report).
- b) Nafn skips.
- c) Skráningarnúmer.
- d) Kallmerki.
- e) Dagsetning og staðsetning við sendingu tilkynningar.
- f) Heildarafli um borð.
- g) Afli síðan síðasta aflatilkynning var send.



## 9. gr.

Áður en skip heldur út úr fiskveiðilandhelgi Íslands skal senda Landhelgisgæslunni tilkynningu um það og komutíma í athugunarstað með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð;

- a) Orðið „athugunartilkynning“ (control report).
- b) Nafn skips.
- c) Skráningarnúmer.
- d) Kallmerki.
- e) Dagsetning og staðsetning við sendingu tilkynningar.
- f) Heildaraflí um borð.
- g) Athugunarstaður sem siglt verður um, sbr. 5. gr. og fyrirhugaður komutími á staðinn.

Landi skip afla sínum í íslenskrí höfn skal tilkynna það til Landhelgisgæslunnar á sama hátt og greint er frá í 1. mgr. en í stað athugunarstaðar verði greint frá löndunarhöfn.

## 10. gr.

Í afladagbók, sem skal vera innbundin, með númeruðum síðum og í tvíriti, skal skipstjóri skrá eftirfarandi upplýsingar: Nafn skips, skráningarnúmer og kallmerki. Fyrir hvert kast skal skrá staðsetningu, dagsetningu og tíma þegar nótinni er kastað og afla í hverju kasti í lestum, áður en nótinni er kastað á ný. Einnig skal skrá heildarafla á sólarhring í fiskveiðilandhelgi Íslands, stærð nótar og möskvastærð. Þá skal skipstjóri undirrita hverja síðu.

Starfsmönnum Landhelgisgæslunnar og Veidieftirlits Fiskistofu skal sýnd afladagbók sé þess óskað.

## 11. gr.

Möskvastærð í loðnunótum skal vera a.m.k. 19,6 mm ef um ferkantaða möskva er að ræða, en a.m.k. 16 mm ef um sexkantaða möskva er að ræða.

Skipum er óheimilt að vera með loðnunætur með annarri möskvastærð en um getur í 1. mgr. um borð eða veiðarfæri sem ætluð eru til annarra veiða en loðnuveiða.

## 12. gr.

Skipum ber að fylgja banni ráðuneytisins við veiðum vegna verndunarsjónarmiða og skyndilökunum Hafrannsóknastofnunar, sbr. 6. - 8. gr. l. nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

## 13. gr.

Heimilt er að veita undanþágu frá ákvæðum 5. gr., 6. gr. og 9. gr. hafi aðilar gert samkomulag þar um.

## 14. gr.

Tilkynningar skv. 6. - 9. gr. skal senda á íslensku eða ensku.

Skipum er ekki heimilt að yfirgefa athugunarstaði fyrr en áætlaður komutími í athugunarstað, sbr. 6. og 9. gr. er liðinn.

Skip sem veiðileyfi hafa skv. reglugerð þessari skulu að öðru leyti fylgja ákvæðum laga og reglugerða er gilda um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

## 15. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, sbr. V. kafla laga nr. 57, 3. júní 1996 um umgengni um nytjastofna sjávar og 6. gr. laga nr. 13, 30. mars 1992 um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands sbr. 17. gr. laga nr. 81, 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 16. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, laga nr. 38, 15. maí 1990 um stjórn fiskveiða ásamt síðari breytingum, laga nr. 13, 30. mars 1992 um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands og laga nr. 57, 3. júní 1996 um umgengni um nytjastofna sjávar.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 20. júní 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

20. júní 1997

Nr. 375

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 667/1995, um framtal og skil á virðisaukaskatti, með breytingu skv. reglugerð nr. 588/1996.**

## 1. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætast nýir málsliðir er orðast svo: Sama gildir um aðila sem hafa með höndum nytjaskógrækt, enda sé sala á skattskyldri vöru eða þjónustu lægri en 1.400.000 kr. á almanaksári. Fari sala aðila í nytjaskógrækt umfram þau mörk sem getið er skv. 1. málsl. skal hann á næsta gjalddaga almennra uppgjörstímabila, sbr. 1. gr., gera upp mismun þess útskatts og innskatts sem fallið hefur á sölu og kaup hans á viðkomandi uppgjörstímabili.

## 2. gr.

Við 2. mgr. 3. gr. bætist nýr töluliður er verður 6. tölul. er orðast svo: Umboðsmanna erlendra aðila skv. 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 50/1988.

## 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 20. júní 1997.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

*Hermann Jónasson.*

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 576/1989, um virðisaukaskatt af byggingarstarfsemi.

#### 1. gr.

2. og 3. málsl. 6. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Liggi slíkt gangverð ekki fyrir skal miða skattverð við reiknað útsöluverð þar sem tekið er tillit til alls kostnaðar, þ.m.t. álagningar á byggingarefni, launagjalda, launatengdra gjalda, fasts kostnaðar og ágóða. Ríkisskattstjóri skal gefa út reglur um reiknað útsöluverð.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 3. gr. og 23. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. júlí 1997.

*Fjármálaráðuneytinu, 20. júní 1997.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

*Hermann Jónasson.*

Nr. 377

13. júní 1997

## AUGLÝSING

### um breytingu á auglýsingu nr. 525/1996 um innflutning á sláturafurðum sem ekki hafa fengið hitameðferð.

#### 1. gr.

1. mgr. 2. gr. auglýsingarinnar orðast svo:

Innflutningur er heimilaður frá eftirtöldum löndum, að uppfylltum skilyrðum 3. gr.:

Danmörku:	Kjöt af svínum og kjöt og ætir hlutar af alifuglum.
Grænlandi:	Hreindýrakjöt.
Finnlandi:	Hreindýrakjöt, kjöt af svínum og kjöt og ætir hlutar af alifuglum.
Noregi:	Hreindýrakjöt, kjöt af svínum og kjöt og ætir hlutar af alifuglum.
Svíþjóð:	Hreindýrakjöt, kjöt af svínum og kjöt og ætir hlutar af alifuglum.

#### 2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt a-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 479/1995 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar berist til landsins og um takmörkun á innflutningi dýra sem fengið hafa vaxtaraukandi efni, sbr. lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 623/1996 um breytingu á auglýsingu nr. 525/1996.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 13. júní 1997.*

F. h. r.

**Guðmundur Sigþórsson.**

*Jón Höskuldsson.*

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 515/1996, um skráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.

1. gr.

2. málsl. 1. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 20. júní 1997.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

*Hermann Jónasson.*

13. júní 1997

Nr. 379

## REGLUGERÐ

### um eftirlitsgjald vegna lyfjaeftirlits fyrir árið 1997.

1. gr.

Lyfjaeftirlitsþegum sbr. 3. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 ber að greiða eftirlitsgjald fyrir árið 1997 vegna lyfjaeftirlits, sbr. 2. gr. sömu laga, sem hér segir:

	Kr.		Kr.		Kr.
1. flokkur	360.000	10. flokkur	500.000	19. flokkur	250.000
2. flokkur	330.000	11. flokkur	375.000	20. flokkur	150.000
3. flokkur	250.000	12. flokkur	275.000	21. flokkur	100.000
4. flokkur	210.000	13. flokkur	225.000	22. flokkur	75.000
5. flokkur	160.000	14. flokkur	170.000	23. flokkur	50.000
6. flokkur	130.000	15. flokkur	130.000	24. flokkur	30.000
7. flokkur	110.000	16. flokkur	100.000	25. flokkur	15.000
8. flokkur	75.000	17. flokkur	60.000	26. flokkur	7.500
9. flokkur	50.000	18. flokkur	35.000		

2. gr.

Lyfjaeftirlitsþegum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins, eftir veltu og/eða umfangi eftirlitsskyldrar starfsemi, sbr. fylgiskjal 1.

Eftirlitsgjald samkvæmt 9. flokki skal lagt á lyfjafræðinga, sem veitt er nýtt lyfsölu-leyfi. Árlega skal sama gjald lagt á lyfsöluleyfshafa sem ekki hafa opnað apótek.

Hlutfallslegt eftirlitsgjald samkvæmt 6. flokki, skal lagt á ný apótek sem hefja starfsemi á árinu. Greiða skal  $\frac{1}{12}$  gjaldsins fyrir hvern starfsmánuð eða hluta úr mánuði.

3. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjaldsins er fyrsti virki dagur næsta mánaðar eftir dagsetningu reiknings og eindagi síðasti dagur þess mánaðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga ef eigi hefur verið greitt á eindaga.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 13. júní 1997.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Einar Magnússon.*

### Fylgiskjal 1

Flokkar eftirlitsþega:	Flokkar 19 - 26	Lyfjasölur dýralækna
Flokkar 1 - 9	Lyfsöluleyfishafar	Sjúkrahús með apótek
	Lyfjasölur lækna	Sjúkrahús, hjúkrunar-
	Lyfjasölur sveitarfélaga	og dvalarheimili
Flokkar 10 - 18	Lyfjagerðir	Heilsugæslustöðvar
	Lyfjaheildsölur	Læknar sem kaupa
	Lyfjaumboðsfyrirtæki	lyf í heildsölu
		Aðrir lyfjaeftirlitsþegar

Nr. 380

10. júní 1997

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hríseyjar.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist eftirfarandi breyting á gjaldskrá Hitaveitu Hríseyjar fyrir afnot af heitu vatni og heimæðagjöld er taki gildi 1. júlí 1997.

Gjaldskrá Hitaveitu Hríseyjar fyrir afnot af heitu vatni og heimæðagjöld nr. 57 23. janúar 1997:

Allir gjaldaliðir hækka um 5%.

*Iðnaðarráðuneytinu, 10. júní 1997.*

F. h. r.

**Jón Ingimarsson**

\_\_\_\_\_  
*Steinunn Bjarman*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 54 – 1997

25. júní 1997

789

Nr. 381

## REGLUGERÐ

### um bann við tog- og dragnótaveiðum fyrir suðurströndinni.

#### 1. gr.

Frá og með 1. júlí til og með 15. ágúst 1997 eru allar tog- og dragnótaveiðar bannaðar á eftirgreindum svæðum:

1. Út af Krýsuvíkurbergi á svæði sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1.	63°45,00 N - 21°39,00 V	3.	63°37,00 N - 22°24,00 V
2.	63°37,00 N - 21°39,00 V	4.	63°45,00 N - 22°24,00 V

2. Á Selvogsbanka á svæði sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1.	63°29,20 N - 21°41,60 V	3.	63°22,80 N - 21°28,20 V
2.	63°25,60 N - 21°28,20 V	4.	63°23,10 N - 21°40,30 V

3. Í Háfadýpi á svæði sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1.	63°22,50 N - 19°50,00 V	5.	63°16,50 N - 19°57,00 V
2.	63°21,00 N - 19°50,00 V	6.	63°16,50 N - 20°00,00 V
3.	63°21,00 N - 19°45,00 V	7.	63°22,50 N - 20°00,00 V
4.	63°20,00 N - 19°45,00 V		

4. Í Breiðamerkurdýpi á svæði sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1.	64°02,00 N - 16°11,20 V	4.	63°37,00 N - 15°30,00 V
2.	63°54,00 N - 15°59,00 V	5.	63°34,00 N - 15°45,00 V
3.	63°54,10 N - 15°52,90 V	6.	63°57,00 N - 16°23,00 V

#### 2. gr.

Frá og með 1. júlí til og með 15. ágúst eru allar humarveiðar bannaðar á svæði austan línu, sem dregin er réttvísandi suður frá Ingólfshöfða.

## 3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 25. júní 1997.*

F. h. r.

**Árni Kolbeinsson.**

*Pórður Eyþórsson.*

Nr. 382

20. júní 1997

## AUGLÝSING

### um umferð á Eskifirði.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Eskifjarðar, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Eskifirði:

#### I. Um gangbrautir.

Gangbrautir skulu vera:

1. Milli íþróttavallar og söluskála Esso við Norðfjarðarveg.
2. Yfir Strandgötu neðan skrúðgarðs.
3. Yfir Strandgötu neðan heilsugæslustöðvar Strandgötu 31.
4. Yfir Strandgötu gengt sportvöruverslun Hákonar Strandgötu 46.
5. Yfir Strandgötu milli pósthúss og sýsluskrifstofu Strandgötu 52.
6. Yfir Dalbraut gengt væntanlegum leikskóla (sjá aðalskipulag).

#### II. Um stöðvunarskyldu.

1. Á gatnamótum Útkaupstaðarbrautar og Strandgötu.

#### III. Um stöðvun og lagningu ökutækja.

Bannað verði að:

1. Leggja á Strandgötu meðfram netaverkstæði Strandgötu 64 og út að Ljósá.
2. Leggja á Strandgötu, frá Lambeyrará inn að Útkaupstaðarbraut.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Eskifirði sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

*Lögreglustjórinn á Eskifirði, 20. júní 1997.*

**Friðrik Pétursson,**

e. u.

# STJÓRNARTÍÐINDI B 55 – 1997

10. júní 1997

791

Nr. 383

## GJALDSKRÁ

### Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

#### B - HLUTI

#### Raforkugjöld og önnur gjöld.

##### 1. gr.

##### *Almennt.*

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Gjaldskráin tekur til afhendingar og sölu rafmagns á lágsþennu. Heimilt er með samþykki borgarráðs að selja rafmagn á háþennu samkvæmt sérstökum samningi.

Gjaldskráin skiptist í tvo hluta:

*A-hluti* gjaldskrár fjallar um almenna skilmála um orkuafhendingu á orkuveitusvæði Rafmagnsveitunnar. Í þessum hluta er skilgreining á raforkutöxtum, heimtaugagjöldum, mælaleigu, tengigjaldi, álestrargjaldi, innheimtugjaldi auk annarra ákvæða.

*B-hluti* gjaldskrár sýnir gildandi raforkuverð og önnur gjöld á hverjum tíma.

Virðisaukaskattur bætist við gjöldin samkvæmt gjaldskrá þessari miðað við gildandi lög og reglur um virðisaukaskatt á hverjum tíma.

#### *Skammstafanir*

<i>Tákn</i>	<i>Eining</i>	<i>Skýring</i>
A	amper	straumur
kW	kílówatt	afl
kWh	kílówattstund	orka

#### *Skilgreiningar*

Notandi:	Viðskiptamaður, sem kaupir orku um einn mæli (eina veitu).
Orkukaupandi:	Viðskiptamaður, sem kaupir orku um einn eða fleiri mæla (veitur).
Veita:	Rafkerfi notanda með einn mæli.
Ársnotkun:	Fjöldi kWh sem notaðar eru á einu ári (365 dögum).
Aftloppur:	Mesta mælda afl (kW) yfir árið.

##### 2. gr.

#### *Raforkugjöld.*

#### 2.1 *Almenn orkunotkun.*

Almenn orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári. Sjá nánari skilgreiningu í A-hluta gjaldskrár.

A.1 Almenn notkun:	
Fast gjald .....	2.590,00 kr/ár
Orkugjald .....	5,99 kr/kWh
A.4 Sumarhúsanotkun:	
Fast gjald .....	9.980,00 kr/ár
Orkugjald .....	3,24 kr/kWh



2.2 *Afl- og orkunotkun.*

Almenn orkunotkun, sem er 200.000 kWh á ári og yfir. Útílysing.

Sjá nánari skilgreiningu í A-hluta gjaldskrár.

## B.1 Afl- og orkumæling:

Fast gjald .....	44.700,00 kr/ár
Aflgjald .....	7.570,00 kr/kW/ár
Vetrarorkugjald .....	3,73 kr/kWh
Sumarorkugjald .....	1,72 kr/kWh

## B.2 Útílysing

Aflgjald .....	20.700,00 kr/kW/ár
Viðhaldsgjald .....	21.400,00 kr/kW/ár

2.3 *Rofin orkunotkun.*

Rofin orkuafhending. Sjá nánari skilgreiningu í A-hluta gjaldskrár.

## R.1 Rofin orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári:

Fast gjald .....	7.430,00 kr/ár
Orkugjald með rofi í nóv.-febr. ....	2,87 kr/kWh
Orkugjald með rofi í des.-jan .....	3,11 kr/kWh

## R.2 Rofin orkunotkun 200.000 kWh á ári og yfir:

Fast gjald .....	7.430,00 kr/ár
Vetrarorkugjald með rofi í nóv.-febr. ....	3,59 kr/kWh
Vetrarorkugjald með rofi í des.-jan .....	4,06 kr/kWh
Sumarorkugjald .....	1,77 kr/kWh

## R.3 Næturorkunotkun minni en 200.000 kWh á ári:

Fast gjald .....	7.430,00 kr/ár
Orkugjald .....	2,35 kr/kWh

## R.4 Næturorkunotkun 200.000 kWh á ári og yfir:

Fast gjald .....	7.430,00 kr/ár
Vetrarorkugjald .....	2,81 kr/kWh
Sumarorkugjald .....	1,44 kr/kWh

## 3. gr.

*Önnur gjöld*3.1 *Heimtaugargjöld.*

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu. Sjá nánari skilgreiningu í A-hluta gjaldskrár.

H.1 *Aðalheimtaugar*

Málstraumur	Heimtauggjöld kr.	Málstraumur	Heimtauggjöld kr.
63 A 1-fasa	56.000	630 A 3-fasa	620.000
63 A 3-fasa	62.000	710 A 3-fasa	701.000
100 A 3-fasa	99.200	1200 A 3-fasa	1.180.000
200 A 3-fasa	196.000	1800 A 3-fasa	1.780.000
315 A 3-fasa	309.000	2400 A 3-fasa	2.370.000
400 A 3-fasa	400.000		

H.2 *Bráðabirgðaheimtaugar*

Málstraumur	Stofngjald Jarðstrengur kr/m	Lengdargjald Loflína kr/stólpi
63 A 1-fasa	11.200	1.660
63 A 3-fasa	15.500	1.660
100 A 3-fasa	16.600	2.170
200 A 3-fasa	62.500	2.170

<i>H.3</i>	<i>Sumarhúsaheimtaugar</i>	
	Málstraumur	Heimtaugagjöld kr.
	35 A 1-fasa	193.000
	35 A 3-fasa	213.000

### 3.2 *Mælaleiga.*

Mælaleiga er innifalin í raforkuverðum skv. töxtum. Sjá nánari skilgreiningu í A-hluta gjaldskrár. Fyrir mælitæki til annarra nota er ársleiga sem hér segir:

		kr.
M.1	Orkumælir, einfasa .....	784
M.2	Orkumælir, þrífasa .....	3.100
M.3	Orkumælir, þrífasa með straumspennum .....	5.240
M.4	Aflmælir .....	5.240
M.5	Aflmælir með straumspennum .....	7.840
M.6	Tvígjaldsorkumælir .....	5.040
M.7	Tvígjaldsorkumælir með straumspennum .....	7.700
M.8	Fjarstýriliði .....	3.480
M.9	Púlsmagnari .....	5.240

### 3.3 *Tengigjald.*

Tengigjald vegna skammtímanotkunar .....	5.510
Álag vegna tenginga utan dagvinnutíma 55%.	

### 3.4 *Álestrargjald.*

Gjald vegna aukaálestrar hjá notanda .....	1.100
--	-------

### 3.5 *Innheimtugjald.*

Innheimtugjald vegna vanskila notanda .....	837
Gjald vegna stöðvunar orkuafhendingar .....	1.260

Gjaldskrá þessi (B-HLUTI: Raforkugjöld og önnur gjöld) staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 og orkulögum nr. 58/1967, sbr. reglugerð Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 451/1977, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 6. júní 1997 og birtist til efturbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 12. janúar 1994 með áorðnum breytingum.

*Iðnaðarráðuneytinu, 10. júní 1997.*

F. h. r.  
**Jón Ingimarsson.**

*Steinunn Bjarman.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 533/1993  
um kæli- og varmadælukerfi með ósoneyðandi kælimiðlum.

1. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Þrýsti- og lekaprófanir.*

Óheimilt er að nota CFC-, HCFC-kælimiðla eða halóna við þrýsti- og lekaprófanir á kerfum eða kerfishlutum.

## 2. gr.

7. gr. reglugerðarinnar orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Val á kælimiðlum.*

Óheimilt er að setja upp ný kerfi með CFC-, HCFC-kælimiðlum eða halónum.

Við meiri háttar breytingar og viðgerðir á eldri kerfum með CFC-kælimiðlum og með kælimiðlinum HCFC-22 (díklórflúormetan) skal skipta yfir í kælimiðil sem hefur engin eða óveruleg ósoneyðandi áhrif (ODP < 0.04). Meiri háttar breyting telst t.d. vera flutningur á hluta kerfis, svo sem þjöppu eða eimi úr einu rými í annað. Stærri viðgerðir eru t.d. skipti á þjöppu, eimsvala eða eimi.

## 3. gr.

13. gr. reglugerðarinnar orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Lekaskynjarar.*

Öll nýsmíðuð kælikerfi, með kælimiðlismagn yfir 70 kg, skulu hafa sjálfvirkan búnað sem gefur það þegar í stað til kynna ef kælimiðill byrjar að leka af kerfinu. Öll eldri kælikerfi með kælimiðlismagn yfir 70 kg skulu koma samskonar búnaði upp ekki seinna en einu ári frá gildistöku reglugerðar þessarar.

## 4. gr.

18. gr. reglugerðarinnar orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Skráning kæli- og varmadælukerfa.*

Sérhvert fyrirtæki eða atvinnurekstur sem hefur yfir að ráða kæli- og varmadælukerfi með samanlagða kælimiðilsfyllingu yfir 30 kg skal fylla út þar til gerð eyðublöð um rekstur kerfanna sem Hollustuvernd ríkisins lætur í té og senda eftirlitsaðila fyrir 1. mars ár hvert fyrir árið á undan. Staðfesting Hollustuverndar ríkisins fyrir móttöku eyðublaðsins skal liggja fyrir hjá Siglingastofnun Íslands áður en haffærisskírteini er veitt hverju sinni og skal dagsetning hennar ekki vera eldri en eins árs.

## 5. gr.

23. gr. reglugerðarinnar orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Eftirlitsaðilar.*

Hollustuvernd ríkisins hefur yfirumsjón með framkvæmd reglugerðar þessarar. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga annast eftirlit á landi, Siglingastofnun Íslands annast eftirlit um borð í skipum og með flutningagámum og Flugmálastjórn annast eftirlit um borð í flugvélum.

## 6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, 1. gr. laga nr. 51/1993 um breytingu á lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni og að höfðu samráði við samgönguráðuneytið hvað varðar þátt Siglingastofnunar Íslands og Flugmálastjórnar.

Reglugerðin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 167/1996 um breytingu á reglugerð nr. 533/1993 um kæli- og varmadælukerfi með ósoneyðandi kælimiðlum.

*Umhverfissráðuneytinu, 16. júní 1997.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*

## GJALDSKRÁ

### vegna skráningar fyrirtækja sem þátt taka í umhverfismálakerfi ESB.

#### 1. gr.

Hollstuvernd ríkisins skal innheimta gjald vegna skráningar atvinnusvæða fyrirtækja sem þátt taka í umhverfismálakerfi Evrópusambandsins (EMAS), sbr. reglugerð nr. 321/1996 um frjálsa þátttöku iðnfyrirtækja í umhverfismálakerfi ESB. Gjaldið skal einnig standa undir kostnaði við að stuðla að framgangi kerfisins, sbr. 1. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar.

Gjald fyrir fyrstu skráningu og árlegt gjald er sem hér segir:

	<i>Fyrsta skráning</i>	<i>Árlegt gjald</i>
	kr.	kr.
1. flokkur .....	200.000	40.000
2. flokkur .....	40.000	10.000
3., 4. og 5. flokkur .....	10.000	5.000

Um flokkun atvinnurekstrar fer samkvæmt viðauka 9 í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994, með síðari breytingum.

#### 2. gr.

Gjalddagi gjalds fyrir fyrstu skráningu er þegar skráning fer fram, en fyrir árlegt gjald 1. mars ár hvert. Um innheimtu fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum.

#### 3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 17. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 9. júní 1997.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*

13. júní 1997

Nr. 386

## REGLUGERÐ

### um (26.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988.

#### 1. gr.

2. og 3. málslíður 8. gr. orðist svo:

Lyfjafræðingi (þar sem getið er lyfjafræðings í reglugerð þessari er einnig átt við aðstoðarlyfjafræðing, nema annað sé tekið fram) er heimilt að breyta ávísuðu magni lyfs skv. lyfseðli í pakkningastærð eða pakkningastærðir, sem víkja 10% eða minna frá ávísuðu magni. Ef um eftirritunarskylt lyf (sbr. 15. gr.) er að ræða, er þó einungis heimilt að breyta í pakkningastærð, sem er minni en ávísað magn.

Óski útgefandi lyfseðils að afhent sé nákvæmlega það magn lyfs sem hann ávísar, skal hann auðkenna það með því að undirstrika magn lyfsins.

## 2. gr.

Við 15. gr. bætist nýr stafliður:

c) Eftirtalin lyf eru eftirritunarskyld:

**Ephedrinum Ph.Eur.**, óblandað öðrum virkum efnum uppleyst eða í föstu formi.

## 3. gr.

Eftirfarandi fellur úr 1. mgr. 27. gr.:

(sbr. þó undanþágu í XII. kafla þessarar reglugerðar, 50. gr.).

2. mgr. 27. gr. fellur niður.

## 4. gr.

50. gr. hljóði svo:

Eftirtalið dýralyf er heimilt að afhenda án lyfseðils enda fylgi því ítarlegar leiðbeiningar:

1. Bórkalk, vet.; sbr. viðauka 4.

## 5. gr.

Eftirfarandi skal bætt við viðauka 4 við reglugerðina:

Efni	Hámarks magn og/eða takmarkanir.	Dæmi um lyf og lyfjaform er selja má án lyfseðils.	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.
Acidum boricum.	Stungulyf til dýralækninga.	Bórkalk, vet. stungulyf.	Dýralyf. Til að fyrirbyggja doða og við doðasleni hjá kúm og ám. Skammtastærðir: Kýr: 250 - 500 ml. Ær: 50 - 100 ml. Lyfið skal gefið undir húð á tveimur til þremur stöðum. Við inndælingu skal lyfið vera sem næst líkamshita.

## 6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, öðlast gildi við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 13. júní 1997.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

*Einar Magnússon.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um skírteini gefin út af Flugmálastjórn nr. 344/1990 með síðari breytingum.

#### 1. gr.

Grein 2.1.10.1 orðist svo:

Skírteinishafi skal ekki starfa sem flugmaður í loftfari, sem rekið er í atvinnuflutningum, eftir að hann hefur náð 60 ára aldri, nema

- 1) í áhöfn séu fleiri en einn flugmaður,
- 2) aðrir flugmenn í áhöfninni séu yngri en 60 ára,
- 3) um sé að ræða innanlandsflug eða samþykki viðkomandi erlends ríkis komi til,
- 4) hlutaðeigandi flugmaður gangist undir skoðun trúnaðarlækna Flugmálastjórnar og uppfylli heilbrigðisskilyrði, sbr. gr. 1.2.4, ekki sjaldnar en á fjögurra mánaða fresti eftir að hann hefur náð 60 ára aldri.

#### 2. gr.

Grein 2.1.10.2 orðist svo:

Heimildar skv. gr. 2.1.10.1 má neyta þar til 65 ára aldri er náð, en eftir það skal skírteinishafi ekki starfa sem flugmaður í loftfari, sem rekið er í atvinnuflutningum.

#### 3. gr.

Grein 2.1.10.3 orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði gr. 2.1.10.2 getur skírteinishafi starfað áfram sem flugmaður eftir að hámarksaldri er náð í m.a. einkaflugi, kennsluflugi og ýmis konar þjónustuflugi, þar sem ekki er um að ræða flutninga á farþegum eða vörum gegn endurgjaldi, svo sem fræsáningar- og áburðarflugi, mælinga- og könnunarflugi, leitar- og björgunarflugi, ljósmyndaflugi, auglýsingaflugi, prófflugi og verkflugi, enda fullnægi hann þeim skilyrðum sem um slík gilda.

#### 4. gr.

Reglugerðin er sett samkvæmt 188. gr. laga nr. 34, 21. maí 1964 um loftferðir og staðfestist hér með til að öðlast gildi 15. júlí 1997.

*Samgönguráðuneytinu, 23. júní 1997.*

**Halldór Blöndal.**

*Halldór S. Kristjánsson.*

## REGLUGERÐ

### um eingreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega árið 1997.

#### 1. gr.

Á fjárhæð tekjutryggingar skv. 17. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar og fjárhæðir heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar skv. 9. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð skal greiða uppbót sem hér segir á árinu 1997:

- a) Í júlí 1997 skal greiða 20% uppbót á þessar fjárhæðir vegna orlofsuppbótar.
- b) Í desember 1997 skal greiða 30% uppbót á þessar fjárhæðir vegna desemberuppbótar.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 65. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, sbr. 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 20. júní 1997.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

*David Á. Gunnarsson.*

Nr. 389

19. júní 1997

## REGLUGERÐ

### um verndun smáfisks við tog- og dragnótaveiðar fyrir Suðausturlandi.

## 1. gr.

Frá og með 15. júní 1997 eru allar veiðar með fiskivörpu og dragnót bannaðar á svæði fyrir Suðausturlandi, sem markast af línu, sem dregin er réttvísandi austur frá Hvítungum í 12 sjómílna mörkin utan við viðmiðunarlínu. Þaðan, vestur um að 14°26,60'V, markast svæðið af línu tólf sjómíllur utan við viðmiðunarlínu og síðan af línu, sem dregin er um eftirgreinda punkta:

- |                             |                                |
|-----------------------------|--------------------------------|
| 1. 64°09,40'N - 14°26,60'V  | 13. 63°23,40'N - 16°16,60'V    |
| 2. 63°50,30'N - 14°07,80'V  | 14. 63°21,80'N - 16°33,70'V    |
| 3. 63°48,00'N - 14°07,20'V  | 15. 63°21,40'N - 16°56,00'V    |
| 4. 63°39,60'N - 14°36,30'V  | 16. 63°18,70'N - 16°59,70'V    |
| 5. 63°41,10'N - 14°38,20'V  | 17. 63°16,80'N - 17°10,60'V    |
| 6. 63°43,50'N - 14°42,40'V  | 18. 63°15,00'N - 17°25,30'V    |
| 7. 63°36,30'N - 14°52,40'V  | 19. 63°14,50'N - 17°44,20'V    |
| 8. 63°31,50'N - 15°21,70'V  | 20. 63°12,70'N - 17°55,00'V    |
| 9. 63°33,80'N - 15°26,30'V  | 21. 63°11,90'N - 18°04,90'V    |
| 10. 63°30,90'N - 15°40,80'V | 22. 63°12,80'N - 18°13,10'V    |
| 11. 63°29,10'N - 15°41,30'V | 23. 63°13,35'N - 18°30,00'V    |
| 12. 63°23,60'N - 16°10,00'V | og þaðan í réttvísandi norður. |

## 2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. eru veiðar með fiskivörpu heimilaðar á svæðinu, enda sé varpan búin smáfiskaskilju í samræmi við ákvæði viðauka við reglugerð nr. 104, 5. febrúar 1997 um gerð og útbúnað smáfiskaskilju. Þá er togbátum, sem taka vörpuna inn á síðunni, heimilt til 1. september 1997 að stunda togveiðar á svæðinu, enda verði vörpur þeirra búnar legglugga. Heimildir til veiða með fiskivörpu á svæðinu takmarkast af ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Ennfremur er þeim bátum, sem tilskilin leyfi til dragnótaveiða hafa, heimilt að stunda dragnótaveiðar á svæðinu sé dragnótin búin legglugga.

Leggluggi, samkvæmt 1. mgr., er netstykki, sem skorið er á legg og komið er fyrir á efra byrði pokans (belgsins) þannig:

1. Lengd gluggans skal minnst vera 4 metrar.
2. Aftari jaðar gluggans skal vera mest 5 metrum frá pokaenda.
3. Þegar glugginn er saumaður við upptöku pokans (belgsins) skal taka tvær upptökur á móti einum legg. Lengdarhliðar gluggans skulu festar slétt við neðra byrði í leisi pokans (belgsins).

4. Möskvastærð í glugganetinu skal ekki vera minni en möskvastærð riðilsins í pokaum.

Séu veiðar stundaðar með leggglugga skal lágmarksmöskvastærð gluggastykkisins og þar fyrir aftan vera 135 mm.

3. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot vjðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Frá sama tíma er felld úr gildi reglugerð nr. 298, 14. maí 1997, um verndun smáfisks við tog- og dragnótaveiðar fyrir Suðausturlandi með síðari breytingum.

*Sjávarútvegsráðuneytinu. 19. júní 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

26. maí 1997

Nr. 390

## AUGLÝSING

### um gjaldskyld bílastæði.

Borgarráð Reykjavíkur, að fenginni tillögu Bílastæðasjóðs Reykjavíkur, samþykkti eftirfarandi á fundi sínum 15. apríl síðastliðinn, með tilvísun til 83. gr. umferðarlaga nr. 50 1987 og 1. gr. og 10. gr. reglna um notkun stöðureita í Reykjavík og gjaldtöku frá febrúar 1988.

Tímakort á lóð SPRON, Skólavörðustíg 11, verði hækkað í 100 krónur og myntbúnaði breytt til að hægt verði að nota 100, 50 og 10 króna peninga.

Ákvörðunin tekur gildi nú þegar.

*Reykjavík, 26. maí 1997.*

Borgarstjórinn í Reykjavík,  
**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.**

18. júní 1997

Nr. 391

## AUGLÝSING

### um gjaldskyld bílastæði.

Borgarráð Reykjavíkur, að fenginni tillögu skipulags- og umferðarnefndar Reykjavíkur, ákvað eftirfarandi á fundi sínum 12. nóvember 1996, með tilvísun til 83. gr. umferðarlaga nr. 50 1987 og 1. gr. reglna um notkun stöðureita í Reykjavík og gjaldtöku frá febrúar 1988:



Bílastæði við Hverfisgötu norðanverða, frá Rauðarárstíg að Snorrabraut við hús nr. 113-115, verði gjaldskyld.

Settir verði upp stöðumælur með tveggja klukkustunda leyfilegum hámarkstíma, og tímagjaldinu 100 krónur á klukkustund. Lágmarkstími verði 6 mínútur fyrir 10 krónur.

*Reykjavík, 18. júní 1997.*

Borgarstjórinn í Reykjavík,  
**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.**

## REGLUGERÐ

### um mjólk og mjólkurvörur.

#### I. KAFLI

#### Gildissvið og skilgreiningar.

##### 1. gr.

Reglugerð þessi nær yfir framleiðslu og dreifingu mjólkur og mjólkurvara, að undanskilinni meðferð mjólkur hjá framleiðanda við og eftir mjaltir. Reglugerðin gildir einnig um eftirlitsskyldur dýralækna vegna flokkunar mjólkur, sbr. viðauka III með reglugerð þessari.

Framleiðsla og dreifing á mjólk og mjólkurvörum skal jafnframt uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla og ákvæði annarra reglna sem ná til þessara vörutegunda.

##### 2. gr.

**Mjólk** er í reglugerð þessari kúamjólk sem fengin er við reglubundnar mjaltir og ætluð er til mannelis. Úr mjólk, sem lögð er inn í mjólkurstöð, má ekkert taka og engu í bæta. Um kapla-, geita- og sauðamjólk skulu gilda sömu reglur og um mjólk í reglugerð þessari. Þessar vörur eru ásamt broddmjólk og geldmjólk nánar skilgreindar í viðauka I með reglugerðinni.

**Mjólkurvara** er hver sú matvara sem unnin er úr mjólk eða fellur til við mjólkurvinnslu. Í mjólkurvöru geta auk efna mjólkurinnar verið önnur hráefni til viðbótar, aukefni og bragðefni. Hráefni þessi og aukefni mega ekki fara yfir 25% af heildarmagni vörunnar. Í mjólkurvörum, sem seldar eru í ílátum með fleiri en einu hólf, skal mjólkurvöruhlutinn uppfylla þetta skilyrði. Mjólkurvörur eru nánar skilgreindar í viðauka I með reglugerð þessari og er framleiðsla og dreifing á mjólkurvörum með öðrum efnum, tegundum eða tegundaafbrigðum örvera ekki heimil nema að fengnu samþykki Hollustuverndar ríkisins.

**Mjólkurbúnaður** er ílát, tæki, áhöld, vélar, leiðslur og aðrir þeir hlutir sem mjólk og mjólkurvörur komast í beina snertingu við í framleiðslu og dreifingu.

**Mjólkurstöð** er matvælafyrirtæki sem tekur hrámjólk til gerilsneyðingar, framleiðslu og dreifingar.

##### 3. gr.

Hitun mjólkur og mjólkurvöru er gerð í þeim tilgangi að sneyða vöruna að nokkru eða öllu leyti lifandi örverum og fer fram með eftirfarandi hætti:

1. **Gerilskerðing** (forhitun) er hitun upp í 63-68°C í 15 sek. án þess að fosfatasahvatinn í mjólkinni verði óvirkur.

2. **Gerilsneyðing** er hitun upp í 62-65°C í 30 mín. eða 72-78°C í 15-20 sek. Eftir gerilsneyðingu er fosfatasahvatinn í mjólkinni óvirkur en peroxydasahvatinn virkur.
3. **Hágerilsneyðing** er hitun upp í 81-95°C í 15-20 sek. Þannig að fosfata- og peroxydasahvatarnir verða óvirkir.
4. **Niðursuða** er hitun upp í 105-121°C undir þrýstingi.
5. **Leifturhitun** er hitun upp í 130-150°C í 3-5 sek. Mysupróteinið skal þó haldast eðlilegt (Aschaffenburg-próf jákvætt).
6. **Dauðhreinsun** er hitun yfir suðumarki við yfirþrýsting (niðursuða, sbr. staðla IDF, þ.e. Alþjóðasamtaka mjólkuriðnaðarins). Mysupróteinið verður óvirkt.

## 4. gr.

**Fituskerðing** mjólkur eða mjólkurvöru gerist á þann hátt að skilin er frá mjólkinni nokkur hluti fitunnar eða að í mjólkina er blandað undanrennu sem svarar til skerðingarinnar.

**Fitusprengring** mjólkur eða mjólkurvöru er í því fólgin að fitukúlur mjólkurinnar eru sprengdar í þar til gerðum tækjum. Við þetta dreifist fitan um vöruna þannig að hún sest treglega til aftur.

## II. KAFLI

**Framleiðsla og dreifing.**

## 5. gr.

Mjólkurvörur skulu unnar úr gerilsneyddri mjólk og er óheimilt að dreifa mjólk eða mjólkurvöru nema varan sé óskemmd og hafi eðlilegt bragð, lykt og útlit. Broddmjólk, sbr. 1. tl. A liðar í viðauka 1, er þó heimilt að dreifa án gerilsneyðingar, sbr. ákvæði 2. mgr. Óheimilt er að dreifa mjólkurvörum sem í eru efni eða sýklar hættulegir heilbrigði manna eða óeðlilega mikið af örverum sem rýra hollustu og gæði þeirra.

Einungis má dreifa broddmjólk úr fjósum sem framleiða 1. flokks mjólk. Ekki má dreifa broddmjólk úr kúm sem fengið hafa geldstöðulyf. Ekki er heimilt að dreifa broddmjólk frá framleiðendum þar sem við reglubundið mjólkureftirlit hafa fundist sýklar hættulegir heilbrigði manna. Vottorð héraðsdýralæknis skal fylgja hverri sendingu og liggja fyrir á sölustað til staðfestingar. Broddmjólkina skal frysta strax í neytendaumbúðum og ber að tryggja að hún haldist frosin (við a.m.k. -18°C) frá því hún fer frá framleiðanda uns sala fer fram. Merkja skal umbúðir með pökkunardegri, „best fyrir“ dagsetningu, nafni framleiðanda, framleiðslustað, auk annarra merkingarskyldra atriða samkvæmt reglugerð nr. 588/1993 um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla.

## 6. gr.

Mjólk og mjólkurvörur skulu uppfylla kröfur um örverufræðileg viðmið í viðauka II. Í viðauka þessum koma einnig fram leiðbeiningar um eftirlit með vörugæðum. Hverri mjólkurstöð er skylt að framkvæma gæðaeftirlit á vinnslu mjólkur og mjólkurvara og fylgja ákvæðum um flokkun mjólkur, verðfellingu og sölubann. Ákvæði um flokkun mjólkur, verðfellingu og sölubann koma fram í viðauka III og reglur um flokkun mjólkur á tilteknum tímabilum eru í viðauka IV.

## 7. gr.

Mjólk, sem dreift er til neytenda, skal vera gerilsneydd, sbr. ákvæði 5. gr., og pakkað í neytendaumbúðir.

Óheimilt er að framleiða og dreifa enduruninni mjólk (nýmjólk, léttmjólk eða undanrennu), sbr. 5. tl. B liðar í viðauka 1, nema sannanlegur skortur sé á þessari vöru og að fyrir liggja heimild til þess frá Hollustuvernd ríkisins. Endurunna mjólk má aðeins framleiða og dreifa sem samsettri mjólk (nýmjólk, léttmjólk eða undanrennu), sbr. 6. tl. B liðar í viðauka I, eða hluta af samsettri mjólk og skulu umbúðirnar auðkenndar sérstaklega.

Óheimilt er að dreifa niðurseyddum mjólkurvörum og mjólkurdufti nema að þessar vörur uppfylli ákvæði í viðauka V.

#### 8. gr.

Mjólkurstöð er óheimilt að taka við mjólk til framleiðslu og dreifingar frá innleggjanda nema héraðsdýralæknir hafi skoðað fjós hans, kýr og alla hreinlætisaðstöðu og gefið út fjósaskoðunarvottorð. Ef mjólkurframleiðsla er hafin að nýju eftir eitt ár eða lengra hlé skal gefa út nýtt fjósaskoðunarvottorð. Fjósaskoðunarvottorð skal liggja fyrir í mjólkurstöðinni.

#### 9. gr.

Mjólk, sem berst til mjólkurstöðva, skal rannsökuð með tilliti til efna- og lyfjaleifa (sýklalyf, sýklaeyðandi og sýklaheftandi efni). Að minnsta kosti einu sinni í mánuði, og oftár ef þurfa þykir, skulu sýni af mjólk hvers framleiðanda, sem tekin eru samkvæmt ákvæðum 19. gr., rannsökuð með tilliti til framangreindra efna.

Mjólk telst óhæf til mannelis og til fódurs dýra sem nýtt eru til mannelis ef í henni mælast lyfjaleifar í meira magni en sem segir til um í reglugerð nr. 252/1995, um hámark dýralyfjaleifa í sláturafurðum, eggjum og mjólk. Mjólkurbú skulu fella niður greiðslur fyrir slíkar mjólkursendingar en þær skulu skráðar sem innvegin mjólk frá viðkomandi framleiðanda. Viðkomandi mjólkurbú eða framleiðandi geta óskað eftir staðfestingu á slíkum niðurstöðum frá rannsóknastofu sem uppfyllir ákvæði 21. gr. reglugerðar nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.

Mjólkurstöðvar skulu þegar í stað tilkynna mjólkurframleiðanda og viðkomandi héraðsdýralækni þegar í mjólk hans finnast framangreind efni. Mjólk skal ekki senda mjólkurstöð að nýju frá viðkomandi fyrr en tryggt er að hún er laus við framangreindar leifar.

#### 10. gr.

Mjólkurstöðvar skulu tvisvar á ári láta framkvæma sýklagreiningu á innleggsmjólk hvers framleiðanda í þeim tilgangi að leita að keðjusýklum af flokki B (*Streptococcus agalactiae*). Þegar þessi sýkill greinist í mjólk framleiðanda skulu gerðar sérstakar ráðstafanir til útrýmingar honum, samkvæmt nánari reglum sem yfirdýralæknir setur.

#### 11. gr.

Mjólkurstöðvar skulu mánaðarlega senda skýrslu til Hollustuverndar ríkisins og héraðsdýralæknis um flokkun mjólkur í 2. og 3. flokk, sbr. viðauka IV, frá hverjum einstökum framleiðanda í hverri viku. Einnig skal í áður nefnda skýrslu skrá fjölda mjólkursýna sem ekki flokkast í 1. flokk vegna frumtölu og þar sem magn efna- og lyfjaleifa er yfir þeim mörkum sem tilgreind eru í 4. gr. Þá skal tilgreina heildarmagn mjólkur sem mjólkurstöðin tekur við.

### III. KAFLI

#### Almennir hollustuhættir.

#### 12. gr.

Auk þeirra ákvæða sem koma fram í þessari reglugerð skal framleiðsla og dreifing mjólkur og mjólkurvara vera í samræmi við 6. gr. reglugerðar nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.

#### 13. gr.

Lóð og næsta umhverfi mjólkurstöðvar skal vera rykbundið. Bílastæði, ak- og gangbrautir skulu vera með bundnu slitlagi.

## 14. gr.

Hollustuvernd ríkisins getur bannað notkun á tilteknum mjólkurbúnaði ef gildar ástæður eru fyrir hendi. Forráðamenn mjólkurstöðva skulu þegar í stað tilkynna stofnuninni og hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd um allar meiri háttar bilanir í tækjabúnaði sem skert geta gæði eða hollustu mjólkur og mjólkurvara. Þar sem hringrásarkerfi er notað við hreinsun véla og tækja skal fylgst reglulega með virkni kerfisins og skulu vélar og tæki tekin í sundur og skoðuð a.m.k. einu sinni á ári og oftast ef þurfa þykir.

Áhöld og verkfæri sem notuð eru við mjólkurvinnslu skulu geymd upphengd á vegg eða á hillum úr ryðfríum málmum eða öðrum jafngildum efnum.

## 15. gr.

Allur óþarfa umgangur milli hreinna og óhreinna deilda mjólkurstöðvar er bannaður. Starfsfólk skal klæðast hreinum og heilum brjóstvasalausum vinnufatnaði, hentugum höfuðbúnaði og skófátnaði. Vinnufatnað þennan er óheimilt að nota utan vinnustaðar og skal hann skilinn eftir í fatageymslu í lok vinnudags.

Tóbaksnotkun er stranglega bönnuð þar sem mjólk er unnin og mjólk, mjólkurvörur, hráefni og umbúðir eru meðhöndluð og geymd. Þá er neysla matvæla og drykkja óheimil nema í matstofu stöðvarinnar og óheimilt er að geyma í stöðinni muni eða hluti sem eru starfseminni óviðkomandi.

## IV. KAFLI

**Mjólkurflutningar.**

## 16. gr.

Við flutning mjólkur milli geyma, t.d. dælingu úr geymi í mjólkurhúsi í flutningageymi og móttöku mjólkur í mjólkurstöð, mega aðeins þeir vinna sem fengið hafa tilsögn á námskeiðum um meðferð mjólkur, dælingu hennar, töku sýna og annað varðandi hreinlæti við flutning mjólkur. Námskeið þessi skulu viðurkennd af yfirdýralækni.

Þeir sem annast mjólkurflutninga skulu klæðast heilum og hreinum hlífðarfátnaði.

## 17. gr.

Mjólk, sem kæld er í kæligeymi í mjólkurhúsi framleiðanda og ætluð er til neyslu, má ekki vera eldri en 78 klst. þegar hún berst mjólkurstöð. Ef gerilskerðing eða gerilsneyðing hennar dregst lengur en 4 klst. skal mjólkin kæld niður fyrir 4°C strax og hún berst viðkomandi mjólkurstöð og skal það hitastig hennar haldast þar til hún verður gerilskert eða gerilsneydd.

Víkja má frá ákvæðum um hámarksgeymslutíma mjólkur þegar sérstaklega stendur á, svo sem vegna ófærðar, náttúruhamfara, verkfalla og nauðsynlegra mjólkurflutninga milli sölusvæða.

## 18. gr.

Dæling og flutningur mjólkur úr geymi í mjólkurhúsi og flutningageymi í geyma mjólkurstöðvar skal fara fram á svo hreinlegan og tryggilegan hátt að mjólkin verði ekki fyrir mengun sem rýri gæði hennar og hollustu. Mjólk, sem hefur óeðlilegt útlit og/eða lykt, má ekki undir neinum kringumstæðum dæla í flutningageymi tankbíls. Í vafatilfellum ber mjólkurbifreiðarstjóra að hafa samráð við mjólkursamlag.

Eigi má dæla mjólk úr geymi í mjólkurhúsi í flutningageymi nema hitastig hennar sé undir 6°C. Þegar sérstakar aðstæður, svo sem ófærð, hamla eðlilegum mjólkurflutningum þá skal heimilt að flytja mjólk í brúsum eða þar til gerðum geymum. Meðan á flutningi stendur má hitastig mjólkur ekki fara yfir 6°C í mjólkurbrúsum og í geymum flutninga-bifreiða.

## 19. gr.

Mjólkursýni skulu tekin af mjólkinni vel hrærðri úr geymi í mjólkurhúsi og áður en dælubúnaður mjólkurbifreiðar er tengdur við. Sýnin skulu geymd í einangruðum kælikassa við 1-6°C.

## 20. gr.

Dæluhús mjólkurbifreiðar skal vera eins þétt og frekast er unnt. Þéttingar á hurðum skulu ávallt vera heilar og þær endurnýjaðar eftir þörfum. Gæta skal þess vel að útblástursloft mjólkurbifreiðar berist ekki inn í fjós, mjólkurhús eða mjólkurstöð.

Mjólkurbifreiðum skal haldið vel hreinum. Eftir notkun í lok hvers vinnudags skal flutningsgeymir svo og allur dælubúnaður þveginn og sótthreinsaður. Eigi má mjólkurbifreið flytja vörur sem lykt eða óþrifnaður stafar af heldur aðeins hreinlegan smávarning í traustum og vel merktum umbúðum og því aðeins að hann sé geymdur í sérstöku geymslurými.

## V. KAFLI

**Hitun mjólkur.**

## 21. gr.

Hollustuvernd ríkisins getur ákvarðað hvaða tæki er heimilt að nota til að hita mjólk og mjólkurvörur og ef beita á öðrum aðferðum en fram koma í 3. gr. Þá skal leita samþykkis stofnunarinnar.

Gerilsneyðingartæki skulu búin einstefnuöryggislokum, viðhlítandi hitamælum og siritandi hitamælum til að tryggja að tilskildu hitastigi hafi verið náð. Skylt er að geyma hitastigsskráningarnar a.m.k. í 12 mánuði og framvísa þeim hvenær sem þeirra er krafist af eftirlitsaðilum.

Gerilsneyðingartæki sem ekki eru búin tvöföldum öryggisplötum, skulu útbúin þannig að hærri þrýstingur sé í þeim hlutum tækisins sem gerilsneydd mjólk rennur um.

## 22. gr.

Áður en mjólk er gerilsneydd í mjólkurstöð skal hún hreinsuð í hreinsiskilvindu eða síuð. Þá skulu mjólk, rjómi og undanrenna, sem flutt eru á milli mjólkurstöðva, ávallt gerilsneyðast í síðari stöðinni.

Óheimilt er að tvígerilsneyða mjólk sem selja skal sem neyslumjólk nema til komi sérstakt leyfi Hollustuverndar ríkisins. Heimilt er að tvígerilsneyða rjóma og undanrennu og skal síðari hitunin ávallt vera við hærri hitastig.

Heimilt er að gerilskerða mjólk í mjólkurstöð til þess að auka geymsluþol hennar ef geyma þarf mjólkina lengur en 48 klst. eftir móttöku áður en gerilsneyðing hennar, vinnsla og þökkun hefst. Strax að lokinni gerilskerðingu skal kæla mjólkina niður fyrir 4°C og geyma hana þannig. Þar sem gerilskerðingu verður ekki við komið er Hollustuvernd ríkisins heimilt að leyfa tvígerilsneyðingu ef geyma þarf mjólkina lengur en 48 klst. áður en síðari gerilsneyðing, vinnsla og þökkun hefst. Gerilskerðing eða gerilsneyðing skal fara fram í mjólkurstöð innan 48 klst. frá móttöku mjólkurinnar.

## VI. KAFLI

**Leyfisveitingar, eftirlit og rannsóknir.**

## 23. gr.

Framleiðsla og dreifing mjólkur og mjólkurvara er háð starfsleyfi samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla. Mjólkurstöðvar og önnur fyrirtæki, sem framleiða og dreifa mjólk og mjólkurvörur, skulu jafnframt starfrækja innra eftirlit samkvæmt 4. gr. sömu reglugerðar.

## 24. gr.

Mjólkurstöðvar, sem taka við mjólk frá innleggjanda, skulu hafa í þjónustu sinni mjólkureftirlitsmenn sem hafa aflað sér sérstakrar menntunar um meðferð mjólkur, mjaltavéla og kælibúnaðar á framleiðslustað. Þeir skulu ásamt héraðsdýralæknum stuðla að viðhlítandi hreinlæti í allri meðferð mjólkur og mjólkurbúnaðar. Mjólkureftirlitsmenn skulu afla sér menntunar og starfsréttinda samkvæmt nánari reglum sem landbúnaðarráðherra setur að höfðu samráði við umhverfisráðuneytið og samstarfsráð sem starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 93/1995 um matvæli.

## 25. gr.

Eftirlit með ákvæðum þessarar reglugerðar skal vera í samræmi við 4. gr. og IV. kafla reglugerðar nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla. Auk þeirra ákvæða sem þar eru skal hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd, sem veitir starfsleyfið, hafa samráð við Hollustuvernd ríkisins um veitingu starfsleyfa fyrir mjólkurstöðvar og fara á hverju ári í eftirlit í mjólkurstöð ásamt fulltrúa stofnunarinnar.

## 26. gr.

Hollustuvernd ríkisins getur mælt fyrir um sýnatökur, örveru-, eðlis- og efnafræðilegar rannsóknaraðferðir, aðferðir við frumutalningu, mat á mjólk og mjólkurvörum og notkun efna og aðferða við hreinsun og sótthreinsun mjólkur- og kælibúnaðar.

Við sýnatöku og rannsóknir (prófanir) á niðurseyddum mjólkurvörum og mjólkurdufti, sbr. D og E lið viðauka I, skal nota þær aðferðir sem fram koma í tilskipunum 79/1067/EBE og 87/524/EBE, sbr. og ákvæði 29. gr. þessarar reglugerðar.

## 27. gr.

Ef mjólk og mjólkurvörur standast ekki kröfur í viðauka II, eru ekki í samræmi við uppgefið geymsluþol eða er ábótavant á annan hátt skal eftirlitsaðili krefjast úrbóta innan tiltekins tíma. Enn fremur er honum heimilt að takmarka sölufrest (geymsluþol) vörunnar þegar þörf er á. Ef ekki er bætt úr getur eftirlitsaðili stöðvað framleiðslu og dreifingu viðkomandi vöru.

## VII. KAFLI

**Gildistaka og viðurlög.**

## 28. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, nema þyngrí refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála.

## 29. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, og lögum nr. 93/1995 um matvæli. Einnig voru höfð til hlíðsjónar ákvæði sammingsins um Evrópskt efnahagssvæði sem vísað er til í II. viðauka, XII. kafla, 1. t. (tilskipun 76/118/EBE um tilteknar niðurseyddar mjólkurvörur og mjólkurduft), 23. t. (tilskipun 79/1067/EBE um greiningaraðferðir til prófunar á þessum vörum) og 42. t. (tilskipun 87/524/EBE um aðferðir við sýnatöku vegna prófana og eftirlits með þessum vörum). Reglugerðin er sett að höfðu samráði við landbúnaðarráðuneytið hvað varðar menntun og starfsréttindi mjólkureftirlitsmanna og þá þætti sem dýralæknar eiga að sjá um, sbr. lög um dýralækna nr. 77/1981.

Reglugerðin öðlast gildi 1. júlí 1997. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 35/1986 um mjólk og mjólkurvörur, ásamt síðari breytingum. Undanþágur, sem veittar voru samkvæmt 5. tl. ákvæða til bráðabirgða í reglugerð nr. 625/1991, halda gildi sínu.

### Ákvæði til bráðabirgða.

1. Ákvæði um flokkun mjólkur koma til framkvæmda í samræmi við ákvæði í viðauka IV. Þó er heimilt að beita ákvæðum reglugerðar nr. 625/1991 við flokkun vegna frumutölu til 31. desember 1997.
2. Mjólkurstöð er heimilt að veita undanþágur frá sölubannsákvæðum vegna frumutölu, þegar hún er á bilinu frá 400.000 til og með 500.000 frumur/ml, með því að framleiðendur geri samkomulag við viðkomandi mjólkurbú og héraðsdýralækni um aðgerðir til lækkunar frumutölu. Undanþágu er heimilt að veita til allt að eins árs í senn og eigi lengur en til 1. janúar 2002. Samkomulag þetta skal vera skriflegt og samþykkt af yfirdýralækni.
3. Verðfellingarákvæði 4. tl. viðauka III tekur gildi 1. janúar 1998. Fram til þess tíma skulu verðfellingarákvæði reglugerðar nr. 625/1991 halda gildi sínu.
4. Þar til reglur um mjaltir og meðferð mjólkur í fjósi og um eftirlitsstörf dýralækna hafa verið endurskoðaðar, skulu ákvæði III. kafla reglugerðar nr. 35/1986 um mjólk og mjólkurvörur og 40.-41. gr. sömu reglugerðar halda gildi sínu.

*Umhverfissráðuneytinu, 16. júní 1997.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*

### VIÐAUKI I

### Skilgreiningar á mjólk og mjólkurvörum.

#### A. Mjólk.

1. **Broddmjólk** er mjólk sem fengin er við mjaltir fyrstu 4 dagana eftir burð. Hún hleypur við upphitun.
2. **Geldmjólk** er úr kúm sem eru að verða geldar og mjólka minna en 2 lítra á sólarhring. Enn fremur mjólk sem fellur til síðustu dagana fyrir burð.
3. **Sauðamjólk** er fengin við mjaltir á ám.
4. **Geitamjólk** er fengin við mjaltir á geitum.
5. **Kaplamjólk** er fengin við mjaltir á hryssum.

#### B. Nýmjólk, rjómi o.fl.

1. **Nýmjólk** er gerilsneydd mjólk.
2. **Léttmjólk** er gerilsneydd fituskert mjólk sem í eru 1%-2% af mjólkurfitu.
3. **Undanrenna** er sá hluti mjólkurinnar sem eftir verður þegar rjóminn hefur verið skilinn frá henni. Í undanrennu skal vera mest 0,2% af mjólkurfitu.
4. **Rjómi** er unninn úr mjólk og er fitumagn rjómans haft mismunandi eftir því til hvers hann er ætlaður, en minnst 9%. Í kaffirjóma skal vera 9%-16% af mjólkurfitu en í þeytirjóma minnst 36%. Rjóma skal hágerilsneyða.

5. **Endurunnin nýmjólk, léttmjólk eða undanrenna** er gerilsneydd vara framleidd úr nýmjólkurdufti eða undanrennudufti að viðbættu vatni, undanrennu, nýmjólk, rjóma eða smjöri. Endurunnin nýmjólk skal innihalda minnst 3% af mjólkurfitu, endurunnin léttmjólk 1%-2% af mjólkurfitu og endurunnin undanrenna mest 0,2% af mjólkurfitu. Í þessum vörum skal vera 8,5%-9,5% af fitusnaudu mjólkurþurrefni. Í endurunna mjólk má ekki nota önnur efni en þau sem finnast í mjólk.
6. **Samsett nýmjólk, léttmjólk eða undanrenna** er gerilsneydd vara sem að hluta til, mest 25%, er gerð úr endurunninni mjólkurvöru.
7. **Kakómjólk** er fituskert nýmjólk sem í er bætt kakói, sykri, aukefnum og bragðefnum. Í henni skal vera minnst 1,8% mjólkurfita.

### C. Sýrðar mjólkurvörur.

Í sýrðum mjólkurvörum má viðbótarmagn sykra eigi vera meira en 10% af heildarmagni vörunnar. Þær mjólkurvörur sem innihalda lifandi *Lactobacillus acidophilus* eða *Bifidobacterium bifidus* gerla og eru markaðssettar sérstaklega vegna þeirra skulu að lágmarki innihalda 1 milljón ( $10^6$ ) af hvorum þessara gerla í hverjum ml.

1. **Súrmjólk** er unnin úr nýmjólk, léttmjólk, undanrennu eða endurunninni mjólk. Mjólkin er sýrð með mjólkursýrugerlum af flokki *Lactococcus lactis/cremoris*, *Lactococcus lactis subsp. diacetyllactis* og *Leuconostoc citrovorum*.
2. **Súrmjólkurréttir** eru unnir úr súrmjólk og í þá má bæta öðrum hráefnum, aukefnum og bragðefnum.
3. **Jógúrt** er gerð úr nýmjólk, léttmjólk eða undanrennu eða endurunninni mjólk. Mjólkin er sýrð með *Lactobacillus bulgaricus* og *Streptococcus thermophilus*. Í jógúrt skal vera minnst 3% af mjólkurfitu og 8,5% af fitusnaudu mjólkurþurrefni.
4. **Jógúrtréttir og jógúrtdrykkir** eru gerðir úr jógúrt. Í þá má bæta öðrum hráefnum, aukefnum og bragðefnum.
5. **Sýrður rjómi** er rjómi sem sýrður hefur verið samkvæmt 1. tl.
6. **Sýrðir rjómaréttir** eru gerðir úr sýrðum rjóma og í þá má blanda öðrum hráefnum, aukefnum og bragðefnum.
7. **Sýrð mjólk og sýrðir mjólkurréttir** eru unnir úr nýmjólk, léttmjólk, rjóma eða undanrennu eða endurunninni mjólk. Mjólkin er sýrð með viðurkenndum mjólkursýrugerlum, öðrum en þeim sem skilgreindir eru í 1. og 3. tl., en má þó einnig innihalda þá gerla.

### D. Niðurseyddar mjólkurvörur.

Niðurseydd mjólk er afurð, sem fengin er með því að fjarlægja hluta vatns úr nýmjólk, léttmjólk, undanrennu eða blöndu þessara vara, með hugsanlega íbættum rjóma eða mjólkurdufti eða hvorutveggja og má viðbættu mjólkurdufti ekki vera meira en 25% af mjólkurþurrefnum í fullunninni vöru. Eftirfarandi heiti skal einungis nota um þær vörur er hér eru skilgreindar og skulu þau notuð í viðskiptum til að lýsa þeim:

1. **Ósykruð niðurseydd nýmjólk** skal innihalda minnst 7,5% fitu og 25% mjólkurþurrefni.
2. **Ósykruð niðurseydd undanrenna** skal ekki innihalda meira en 1% fitu og ekki minna en 20% mjólkurþurrefni.
3. **Ósykruð niðurseydd léttmjólk** skal innihalda minnst 1% og ekki meira en 7,5% fitu og ekki minna en 20% mjólkurþurrefni. Í smásölu skal ósykruð niðurseydd léttmjólk innihalda milli 4% og 4,5% fitu og minnst 24% mjólkurþurrefni.
4. **Ósykruð niðurseydd fiturík mjólk** skal innihalda minnst 15% fitu og 26,5% mjólkurþurrefni.



5. **Sykruð niðurseydd nýmjólk** skal ekki innihalda minna en 8% fitu og 20% mjólkurþurrefni. Í smásölu skal varan innihalda minnst 9% fitu og 31% mjólkurþurrefni.
6. **Sykruð niðurseydd undanrenna** skal ekki innihalda meira en 1% fitu og minnst 24% mjólkurþurrefni.
7. **Sykruð niðurseydd léttmjólk** skal innihalda minnst 1% og mest 8% fitu og ekki minna en 24% mjólkurþurrefni. Í smásölu skal varan innihalda milli 4% og 4,5% fitu og minnst 28% mjólkurþurrefni.

Geymsluþol skal tryggt með dauðhreinsun á vörum í 1.- 4. tl. og blöndun súkrósa í vörur í 5.-7. tl. Mjólkursýruinnihald þessara vara má ekki vera meira en 300 mg í hverjum 100 g af fitulausum þurrefnum. Vörur í 5.-7. tl. mega innihalda viðbættan laktósa sem nemur 0,02% af þyngd fullunninnar vöru.

### E. Mjólkurduft.

Mjólkurduft er afurð sem inniheldur ekki meira en 5% vatn miðað við þyngd fullunninnar vöru. Varan er unnin og geymsluþol tryggt með því að fjarlægja vatn í þar til gerðum tækjum úr nýmjólk, léttmjólk, undanrennu og rjóma eða blöndu af þessum vörum. Eftirfarandi skilyrði eru sett:

1. **Nýmjólkurduft** skal innihalda minnst 26% mjólkurfitu.
2. **Undanrennuþufla** skal innihalda mest 1,5% mjólkurfitu.
3. **Léttmjólkurduft** skal innihalda minnst 1,5% og mest 26% fitu.
4. **Fituríkt mjólkurduft** skal innihalda minnst 42% fitu.

### F. Skyr og kvarg.

1. **Skyr** er framleitt úr gerilsneyddri og/eða endurunninni undanrennu sem hituð hefur verið upp í minnst 72-78°C í 15-20 sek. Undanrennan er hleypt með ostahleypi og sýrð með hefðbundnum skyrþétti og mysan skilin frá. Skyr skal innihalda minnst 18% af mjólkurþurrefni.
2. **Gerilskert skyr** er framleitt á sama hátt og skyr, nema skyrhlaupið má hita í allt að 68°C í 15-20 sek. þannig að mestur hluti skyrgerlanna lifi af hitunina. Gerilskert skyr skal innihalda minnst 16% af mjólkurþurrefni.
3. **Skyrréttir** eru gerðir úr skyri en í vöruna er blandað öðrum hráefnum, aukefnum og bragðefnum. Viðbótarmagn sykra má eigi vera meira en 10% af heildarmagni vörunnar.
4. **Rjómaskyr** er skyr með auknu fituinnihaldi. Í því skal vera minnst 10% af mjólkurfitu miðað við heildarþurrefni.
5. **Kvarg** er framleitt úr gerilsneyddri og/eða endurunninni undanrennu sem hituð hefur verið upp í minnst 72-78°C í 15-20 sek. Undanrennan er hleypt með ostahleypi og/eða sýrð með hreinræktuðum mjólkursýrugerlum. Mysan er skilin frá við síun, vélrænt eða á annan hátt. Í kvarg má blanda rjóma og öðrum hráefnum, aukefnum og bragðefnum.

### G. Mysa.

1. **Skyrmysa** er mysu sem fellur til við skyrgerð. Í henni skal vera minnst 1% af mjólkursýru.
2. **Mysudrykkir** eru gerðir úr skyrmysu en í hana er blandað öðrum hráefnum, aukefnum og bragðefnum.
3. **Ostamysa** er mysu sem fellur til við ostagerð.

### H. Smjör og áfir.

1. **Smjör** er unnið úr gerilsneyddum rjóma. Í smjöri skal vera minnst 80% af mjólkurfitu. Fitusnautt mjólkurþurrefni má ekki fara yfir 2% og vatnsinnihald ekki yfir 16%. Í smjör má bæta matarsalti, aukefnum og bragðefnum.

2. **Sýrt smjör** er framleitt úr sýrðum rjóma eða með því að bæta í það viðurkenndum lífrænum eða ólífrænum sýrum.
3. **Áfir** eru sá hluti rjómans sem eftir verður þegar úr honum hefur verið strokkað smjör. Í áfum skal vera minnst 8% af mjólkurþurrefni.

### I. Ostar.

Ostum er skipt í tvo flokka, ostar úr hleyptri mjólk eru nefndir hleypostar og ostar úr niðurseyddri ostamysu eru nefndir mysuostar.

1. **Hleypostar** eru gerðir úr nýmjólk með eða án íblöndunar rjóma, undanrennu, áfa eða vatns. Mjólkin er sýrð með hreinræktuðum mjólkursýrugerlum og/eða viðurkenndum lífrænum eða ólífrænum sýrum og hleypt með eða án ostahleypis. Mysan er skilin frá og osturinn mótaður. Hleypostum er skipt í eftirfarandi undirflokkar:

**Gerjaðir ostar** eru hleypostar sem eftir mótun verða fyrir hægfara efnabreytingu af völdum örvera. Gerjun getur verið af völdum mjólkursýrugerla og annarra gerla eða af völdum gerla og myglusveppa.

**Ferskir ostar** eru hleypostar tilbúnir til neyslu án gerjunar.

**Bræddir ostar** eru endurunnir hleypostar sem bræddir eru með viðeigandi söltum. Bæta má í þá smjöri, mjólk eða mjólkurdufti til stöðlunar á fitu og/eða þurrefni auk annarra hráefna, aukefna og bragðefna.

2. **Mysuostar** eru gerðir úr ostamysu með því að seyða úr henni mikinn hluta vatnsins. Í mysuna má bæta öðrum mjólkurvörum til stöðlunar fitu, próteins og heildarþurrefnis. Í mysing og rjóamysing má nota jurtaolíu. Auk þess má bæta í mysuosta öðrum hráefnum, aukefnum og bragðefnum.

Mysuostar skiptast í fjóra flokka:

**Mysuosta** með minna en 20% fitu í þurrefni.

**Rjómamysuosta** með meira en 20% fitu í þurrefni.

**Mysing** með minna en 20% fitu í þurrefni.

**Rjómamysing** með meira en 20% fitu í þurrefni.

### J. Ís og ísvörur.

Mjólkurís og rjómaís eru kældar eða frosnar mjólkurvörur sem þannig er dreift til neyslu. Í þeim skulu próteinin og fitan eingöngu vera úr mjólk en bæta má í vöruna öðrum hráefnum, aukefnum og bragðefnum. Hundradshlutar hráefna í þessum ístegundum miðast við þyngd. Einn lítri af mjólkurís eða rjómaís skal vege minnst 450 g. Ísblöndurnar skulu gerilsneyddar eða leifturhitaðar.

1. **Rjómaís** skal innihalda minnst 10% af mjólkurfitu og yfir 32% af þurrefni. Séu viðbætt hráefni svo föst í sér að unnt sé að skilja þau frá ísnum skal ísinn að þeim fráskildum fullnægja áðurgreindum ákvæðum. Blandist hráefnin svo vel í ísnum að þau verði ekki skilin frá má fitumagnid í ísnum vera 9%.
2. **Mjólkurís** skal innihalda minnst 4% af mjólkurfitu og yfir 30% af þurrefni. Fitumagnid má lækka niður í 3% vegna óaðskiljanlegra hráefna, sbr. 1. tl. Blandan ófryst er notuð sem hráefni í mjúkan ís og til framleiðslu ísrétta og drykkja.
3. **Rjóma- og mjólkurísblöndingar** (fromage, trifle) eru gerðir úr rjómaís- eða mjólkurísblöndu með auknu magni af bindiefnum. Í þeim eru minnst 4% af mjólkurfitu og þurrefni yfir 30%.

VIÐAUKI II  
Örverufræðilegar viðmiðunarreglur.

**I. Ógerilsneydd mjólk.**

Mörk í þessari töflu gilda fyrir heildargerlafjölda í mjólk eftir geymslu í mjólkurstöð.

Tegund mjólkur	Sýnataka	Gerlafjöldi í ml við 30°C
Mjólk ætluð til framleiðslu á gerilskertri mjólk eða gerilsneyddri eða gerilsneyðingu neyslumjólk og sem er meðhöndluð síðar en 36 tímum eftir komu í mjólkurstöð	Strax fyrir gerilskerðingu eða gerilsneyðingu	≤ 300.000
Gerilskert mjólk sem ætluð er til framleiðslu á gerilsneyddri mjólk	Strax fyrir gerilsneyðingu	≤ 100.000

**II. Tilbúnar mjólkurvörur.**

Í töflunum eru notuð gildin n, m, M og c sem merkja eftirfarandi:

n = fjöldi eininga sem mynda sýnið.

m = neðri viðmiðunarmörk fyrir fjölda gerla. Niðurstaðan er talin fullnægjandi ef fjöldi gerla í öllum sýnaeingum er ekki yfir „m“.

M = efri viðmiðunarmörk fyrir fjölda gerla. Niðurstaðan er talin ófullnægjandi ef fjöldi gerla í einni eða fleiri sýnaeingum er „M“ eða fleiri.

c = fjöldi sýnaeinga þar sem fjöldi gerla getur verið milli „m“ og „M“. Sýnið er viðunandi ef fjöldi gerla í hinum sýnaeingunum er „m“ eða færri.

**A. Gerilsneydd mjólk, leifturhituð og dauðhreinsuð mjólk.**

Vörutegund	Rannsóknabáttur	Viðmiðun
Gerilsneydd mjólk	<i>Salmonella spp.</i> <i>Listeria monocytogenes</i> Kóligerlar	Má ekki greinast í 25 g, n = 5 m = 0 í ml M = 5 í ml n = 5, c = 1
	Heildargerlafjöldi við 30°C	m = 10.000 í ml M = 100.000 í ml n = 5, c = 1
Leifturhituð mjólk (UHT) og dauðhreinsuð mjólk	Gerlafjöldi við 30°C (eftir 15 daga við 30°C) Skynmat (eftir 15 daga við 30°C)	≤ 100 í ml Eðlilegt

**B. Aðrar mjólkurvörur.**

Ostur, ekki fastur	<i>Listeria monocytogenes</i>	Má ekki greinast í 25 g <sup>1</sup> , n = 5
Aðrar mjólkurvörur	<i>Listeria monocytogenes</i>	Má ekki greinast í 1 g

Vörutegund	Rannsóknafáttur	Viðmiðun
	<i>Salmonella spp.</i>	Má ekki greinast í 25 g <sup>1</sup> , n = 5
Mjólkurduft	<i>Salmonella spp.</i>	Má ekki greinast í 25 g <sup>1</sup> , n = 10
Ostur	<i>Stahylococcus aureus</i> <sup>2</sup>	m = 100 M = 1.000 n = 5, c = 2
	<i>Escherichia coli</i> <sup>3</sup>	m = 10 M = 100 n = 5, c = 2
Ferskostar, mjólkurduft, frosnar mjólkurvörur (ís meðtalinn)	<i>Stahylococcus aureus</i> <sup>2</sup>	m = 10 M = 100 n = 5, c = 2
<i>C. Leiðbeiningar um eftirlit með vörugæðum.</i>		
Mjólkurdrykkir	Kólígerlar við 30°C	m = 0 M = 5 n = 5 c = 2
Smjör	Kólígerlar við 30°C	m = 0 M = 10 n = 5 c = 2
Ostar	Kólígerlar við 30°C	m = 1.000 M = 10.000 n = 5 c = 2
Mjólkurvörur í duftformi	Kólígerlar við 30°C	m = 0 M = 10 n = 5 c = 2
Frosnar mjólkurvörur (ís meðtalinn)	Kólígerlar við 30°C	m = 10 M = 100 n = 5 c = 2
	Gerlafjöldi við 30°C	m = 10.000 M = 100.000 n = 5 c = 2

1) Sýnið samanstendur af fimm 5 gramma sýnaeiningum sem öll eru tekin frá mismunandi stöðum en úr sömu framleiðslueiningu.

2) Ef einhver niðurstaða er stærri en „M“ verður að gera athuganir á hvort um er að ræða bakteríur sem mynda eitrefni.

3) Ef einhver niðurstaða er stærri en „M“ verður að gera athuganir á hvort um sjúkdómvaldandi bakteríur geti verið að ræða.

Vörutegund	Rannsóknþáttur	Viðmiðun
Ferskar mjólkurvörur, ósýrðar	Gerlafjöldi við 30°C	m = 50.000 í ml M = 100.000 í ml n = 5 c = 1

## VIÐAUKI III

**Flokkun, verðfelling og sölubann.**

1. Mjólkurstöðvar skulu flokka mjólk, sem þær taka á móti, eftir sýnum af kældri mjólk, sem tekin hafa verið úr kæligeymi framleiðandans, samkvæmt ákvæðum 19. gr. Ekki skulu líða meira en 12 klst. frá sýnatöku og þar til rannsókn hefst. Flokkun skal framkvæma vikulega á mjólk hvers framleiðanda og skal hún a.m.k. tvisvar í mánuði fara fram á mánudegi eða þriðjudegi. Mjólkurframleiðendum skulu ávallt kynntar niðurstöður flokkunar eigin mjólkur. Þegar mjólk einhvers framleiðanda stenst ekki gæðakröfur um 1. flokks mjólk skal hún verðfelld samkvæmt ákvæðum 4. tl. og skal bæði framleiðanda og viðkomandi héraðsdýralækni tilkynnt um slíkar niðurstöður tafarlaust. Sömu aðilum skal tilkynnt um sölubann vegna frumutölu, sbr. ákvæði 4. tl.
2. a) Flokkun samkvæmt heildargerlafjölda (eða samsvarandi talning með t.d. Bactoscan) skal fara fram í þremur vikum hvers mánaðar.  
b) Flokkun samkvæmt fjölda hitaþolinna og kuldþolinna gerla skal fara fram einu sinni í mánuði og þá í þeirri viku þegar ekki er flokkað skv. heildargerlafjölda.  
c) Mæling á frumutölu skal framkvæmd vikulega.  
Mjólkurstöðvum er heimilt að flokka mjólk oftari en að ofan greinir. Flokkun samkvæmt magni dvalargróa loftfælinna gerla og flokkun samkvæmt skynmati er heimilt að nota við mjólkureftirlit en ekki til verðfellingar.
3. Flokkun skal framkvæmd með eftirfarandi aðferðum:
  - a) *Heildargerlatalning:*  
Gerlaræktun við 30°C í 72 klst.
    1. fl. Til og með 100.000 gerlar/ml
    2. fl. Yfir 100.000 til og með 250.000 gerlar/ml
    3. fl. Yfir 250.000 gerlar/ml
  - b) *Fjöldi hitaþolinna gerla:*  
Hitun í 62°C í 30 mín. og síðan gerlaræktun við 30°C í 72 klst.
    1. fl. Til og með 5.000 gerlar/ml
    2. fl. Yfir 5.000 til og með 25.000 gerlar/ml
    3. fl. Yfir 25.000 gerlar/ml
  - c) *Fjöldi kuldþolinna gerla:*  
Ræktun við 17°C í 16-20 klst. og síðan við 7°C í 72 klst.
    1. fl. Til og með 25.000 gerlar/ml
    2. fl. Yfir 25.000 til og með 100.000 gerlar/ml
    3. fl. Yfir 100.000 gerlar/ml
  - d) *Frumutala:*  
Fossomatic (eða aðrar sambærilegar aðferðir).
    1. fl. Til og með 400.000 frumur/ml
  - e) *Ákvörðun á magni dvalargróa loftfælinna gerla:*  
Hitun í 80°C í 10 mín., síðan gerlaræktun við 30°C í 72 klst. (eða aðrar sambærilegar aðferðir).
    1. fl. Enginn vöxtur/ml eftir 72 klst.
    2. fl. Vöxtur eftir 48-72 klst.
    3. fl. Vöxtur á fyrstu 48 klst.

f) *Skynmat í mjólkurstöð:*

1. fl. Engin prufa með lyktar-/bragðgalla í mánuðinum
2. fl. Greinilega lyktar-/bragðgalli í mánuðinum
3. fl. Sterkur lyktar-/bragðgalli í mánuðinum
4. Reglur sem gilda um verðfellingu eftir framangreindum flokkunaraðferðum:  
Við flokkun samkvæmt 3. tl., liðum a-c, skal mjólkinn flokkuð í hverri viku samkvæmt slökustu flokkun úr öllum þremur flokkunaraðferðum og fæst þannig eitt sýni í viku og þar með fjögur í mánuði.  
Verðfellingu skal reikna sem hér segir:  
Fyrir hvert sýni, sem fer í annan flokk, skal verðfellt um 2%.  
Fyrir hvert sýni, sem fer í þriðja flokk, skal verðfellt um 5%.  
Samanlögð prósentu einstakra flokka skal gilda sem heildarverðfelling fyrir allt mjólkurmagn framleiðandans. Verðfelling fyrir hvern lítra mjólkur skal reiknuð af grundvallarverði sem gildir á hverjum tíma.  
Reglur sem gilda um sölubann vegna frumutölu:  
Reiknað skal út rúmfræðilegt (geometriskt) meðaltal frumutöluáætlinga í mánuðinum og flokka samkvæmt d lið 3. tl. og reikna síðan sem eitt sýni í mánuði. Svo lengi sem meðaltal frumutölu í mánuði er viðvarandi yfir mörkum fyrir fyrsta flokks mjólk skulu meðaltöl undangenginna mánaða reiknast með sem eitt sýni fyrir hvern mánuð þó mest fjögur sýni. Standist mjólkinn ekki kröfur um mjólk í 1. flokki er mjólkurstöð óheimilt að kaupa mjólkina.
5. Ef ógerilsneydd mjólk, sem ætluð er til neyslu, er flutt á milli mjólkurstöðva skal hún flokkuð á ný samkvæmt ákvæðum 3. tl. í þeirri stöð sem tekur hana til gerilsneyðingar.
6. a) Reynist mjólk frá einstökum framleiðanda ekki standast flokkun um fyrsta flokks mjólk ber mjólkureftirlitsmanni sem fyrst að leiðbeina viðkomandi framleiðanda sem kallar til dýralækni ef með þarf.  
b) Ef sett er sölubann á mjólk eða hún verðfelld tvo mánuði í röð skal framleiðandi leita ráðgjafar dýralæknis þegar í stað. Dýralæknir sendir mjólkurstöð staðfestingu á heimsókn sinni til viðkomandi framleiðanda.  
c) Ef mjólk frá framleiðanda er verðfelld þrjú mánuði í röð ber mjólkurstöð að tilkalla héraðsdýralækni sem gerir úttekt á aðstöðu hjá viðkomandi framleiðanda og gerir honum ljóst að verði engar úrbætur gerðar innan mánaðar renni mjólkursöluleyfi hans út. Héraðsdýralæknir sendir skýrslu til mjólkurstöðvar.  
d) Falli mjólk frá sama framleiðanda fjórða mánuðinn í röð er mjólkurstöð óheimilt að kaupa mjólkina. Héraðsdýralækni ber að innkalla mjólkursöluleyfi þar til staðfest er að mjólkinn standist kröfur sem gerðar eru til mjólkur í fyrsta flokki.

## VIÐAUKI IV

## Reglur um flokkun mjólkur á tilteknum tímabilum.

## A. Flokkun til 31. desember 1997.

Próf/mat	Aðferð	Mælieining	1. flokkur	2. flokkur	3. flokkur
Heildargerlafjöldi	Gerlaræktun við 30°C í 72 klst.	<i>Gerlar í ml</i>	≤100.000	> 100.000 og ≤500.000	> 500.000
Heildargerlafjöldi	Bactoscan eða samb. tækni	<i>Gerlar í ml</i>	1)	1)	1)
Fjöldi hitaþolinna gerla	Hitun í 62°C í 32 mín. og gerlaræktun við 30°C í 72 klst.	<i>Gerlar í ml</i>	≤10.000	> 10.000 og ≤50.000	> 50.000

Próf/mat	Aðferð	Mælieining	1. flokkur	2. flokkur	3. flokkur
Fjöldi kuldapölinna gerla	Gerlaræktun við 17°C í 24 klst. og síðan við 7°C í 72 klst.	<i>Gerlar í ml</i>	≤50.000	> 50.000 og ≤200.000	> 200.000
Frumutala <sup>2)</sup>	Fossomatic	<i>Frumur í ml</i>	≤600.000		
Lyfjaleifar	Viðurkenndar aðferðir	<i>Jákvætt/ neikvætt</i>	<sup>3)</sup>	<sup>3)</sup>	<sup>3)</sup>
Dvalargró loftfælinna gerla <sup>4)</sup>	Hitun í 80°C í 10 mín. og gerlaræktun við 30°C í 72 klst. <sup>5)</sup>	<i>Vöxturlenginn vöxtur í ml</i>	Enginn vöxtur e. 72 klst.	Vöxtur eftir 48-72 klst.	Vöxtur á fyrstu 48 klst.
Lykt og bragð <sup>4)</sup>	Skynmat		Ekkert sýni með lyktar-/bragðgalla	Greinilegur lyktar-/bragðgalli	Áberandi lyktar-/bragðgalli

### B. Flokkun frá 1. janúar 1998.

Heildargerlafjöldi	Gerlaræktun við 30°C í 72 klst.	<i>Gerlar í ml</i>	≤100.000	> 100.000 og ≤250.000	> 250.000
Heildargerlafjöldi	Bactoscan eða samb. tækni	<i>Gerlar í ml</i>	<sup>1)</sup>	<sup>1)</sup>	<sup>1)</sup>
Fjöldi hitapölinna gerla	Hitun í 62°C í 32 mín. og gerlaræktun við 30°C í 72 klst.	<i>Gerlar í ml</i>	≤5.000	> 5.000 og ≤25.000	> 25.000
Fjöldi kuldapölinna gerla	Gerlaræktun við 17°C í 24 klst. og síðan við 7°C í 72 klst.	<i>Gerlar í ml</i>	≤25.000	> 25.000 og ≤100.000	> 100.000
Frumutala <sup>2)</sup>	Fossomatic	<i>Frumur í ml</i>	≤400.000		
Lyfjaleifar	Viðurkenndar aðferðir	<i>Jákvætt/ neikvætt</i>	<sup>3)</sup>	<sup>3)</sup>	<sup>3)</sup>
Dvalargró loftfælinna gerla <sup>4)</sup>	Hitun í 80°C í 10 mín. og gerlaræktun við 30°C í 72 klst. <sup>5)</sup>	<i>Vöxturlenginn vöxtur í ml</i>	Enginn vöxtur e. 72 klst.	Vöxtur eftir 48-72 klst.	Vöxtur á fyrstu 48 klst.
Lykt og bragð <sup>4)</sup>	Skynmat		Ekkert sýni með lyktar-/bragðgalla	Greinilegur lyktar-/bragðgalli	Áberandi lyktar-/bragðgalli

1) Sambærilegar niðurstöður og við gerlaræktun.

2) Rúmfraðilegt meðaltal 4 mælinga í mánuðinum. Formúla fyrir rúmfraðilegt meðaltal (GM) er eftirfarandi:

$$GM = n \sqrt{y_1 \cdot y_2 \cdot y_3 \cdot \dots \cdot y_n}$$

Dæmi: 4 mælingar; 300, 290, 310 og 400 verða:

$$GM = 4 \sqrt{300 \cdot 290 \cdot 310 \cdot 400} = 322$$

3) Ef lyfjaleifar mælast í innleggsmjólk fær framleiðandinn ekki greiðslu fyrir mjólkurinnleggið. Mjólkurinnleggið reiknast þó til greiðslumarks.

4) Nýjar viðmiðanir sem leiða ekki til verðfellingar, eingöngu til aðstoðar við mjólkurefirlit.

5) Eða aðrar sambærilegar aðferðir.

## VIÐAUKI V

**Merking niðurseyddra mjólkurvara og mjólkurdufts.**

Við merkingar á umbúðum mjólkurvara, sem skilgreindar eru í D og E lið viðauka I, skal farið að ákvæðum reglugerðar nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla auk eftirfarandi ákvæða:

**A. Merking umbúða ætlaðra til smásölu.**

1. Þegar lesitín hefur verið notað í vörur í E lið skal merkingin „auðleysanlegt“ koma fram í tengslum við vöruheiti.
2. Nettóþyngd vöru í D og E lið skal gefin upp í þyngdareiningum og fyrir vörur í 1.-4. tl. í D lið, sem ekki er pakkað í túpur eða málm dósir, skal nettóþyngd gefin upp í rúmmáls- og þyngdareiningum.
3. Merkja skal fitu (%) fyrir vörur í D og E lið, að frátöldum vörum í 2. og 6. tl. í D lið.
4. Merkja skal fitufrítt þurrefni (%) í vörum í D lið.
5. Ráðleggingar um þynningaraðferð skulu koma fram fyrir vörur í D lið. Upplýsingar um notkun vöru geta komið í stað þessara ráðlegginga þegar varan er ætluð til notkunar í óbreyttu ástandi.
6. Ráðleggingar um þynningaraðferð eða blöndunaraðferð skulu koma fram fyrir vörur í E lið, auk upplýsinga um fituinnihald hinnar tilbúnu vöru, nema fyrir vörur í 2. tl. í E lið.
7. Fyrir vörur í 1.-4. tl. í D lið skal merkingin „leifturhítuð“ koma fram.
8. Þær upplýsingar sem koma fram í 1. og 3. tl. skulu vera á sama sjónsviði og þær upplýsingar sem taldar eru upp í 1. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla. Þegar vörum í minna en 20 g einingum er pakkað saman í stærri umbúðir skal vöruheiti koma fram á umbúðum en ádur taldar merkingar þurfa aðeins að koma fram á ytri umbúðum.

**B. Merking umbúða sem ekki eru ætlaðar til smásölu.**

1. Vöruheiti, sbr. D og E lið.
2. Heiti upprunaland vörutegunda sem fluttar eru inn frá ríkjum utan Evrópska efnahags-svæðisins.
3. Framleiðsludagur eða önnur merking vegna rekjanleika (geymsluþolsmerking/lotu-merking) samkvæmt reglugerð nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla.

## AUGLÝSING

**um gildistöku EES-ákvæðana um viðmiðanir fyrir umhverfismerkingar á jarðvegsbætiefnum, salernispappír, eldhúsrúllum, þvottaefni fyrir föt, ljósaperum með einum og/eða tveimur sökkjum, málningu og lökkum til notkunar innanhúss og rúmfötum, T-bolum, afritunarpappír og þvottavélum.**

## 1. gr.

Með vísan til meginmáls samningsins um evrópskt efnahagssvæði (EES-samningsins), og XX. viðauka við hann, ásamt viðbótum, breytingum og bókunum, auk annarra ákvæða hans, er hér með auglýst gildistaka eftirtalinna ákvæðana framkvæmdastjórnarinnar (EB):

1. Ákvæðun nr. 94/923/EB frá 14. nóvember 1994, um umhverfismerkingar á jarðvegsbætiefnum, sbr. lið 2ec, í XX. viðauka EES-samningsins.



2. Ákvörðun nr. 94/924/EB frá 14. nóvember 1994, um umhverfismerkingar á salernis-pappír, sbr. lið 2ed, í XX. viðauka EES-samningsins.
3. Ákvörðun nr. 94/925/EB frá 14. nóvember 1994, um umhverfismerkingar á eldhús-rúllum, sbr. lið 2ee, í XX. viðauka EES-samningsins.
4. Ákvörðun nr. 95/365/EB frá 25. júlí 1995, um umhverfismerkingar á þvottaefni fyrir föt, sbr. lið 2ef, í XX. viðauka EES-samningsins.
5. Ákvörðun nr. 95/533/EB frá 1995, um umhverfismerkingar á ljósaperur með einum sökklí, sbr. lið 2eg, í XX. viðauka EES-samningsins.
6. Ákvörðun nr. 96/13/EB frá 1996, um umhverfismerkingar á málningu og lökkum til notkunar innanhúss, sbr. lið 2eh, í XX. viðauka EES-samningsins.
7. Ákvörðun nr. 96/304/EB frá 1996, um umhverfismerkingar á rúmföt og T-boli, sbr. lið 2ei, í XX. viðauka EES-samningsins.
8. Ákvörðun nr. 96/337/EB frá 1996, um umhverfismerkingar á ljósaperur með tveimur sökklum, sbr. lið 2ej, í XX. viðauka EES-samningsins.
9. Ákvörðun nr. 96/467/EB, um vistfræðileg viðmið er veita á umhverfismerki EB fyrir afritunarpappír, sbr. lið 2ek, í XX. viðauka EES-samningsins.
10. Ákvörðun nr. 96/461/EB, um vistfræðileg viðmið fyrir þvottavélar, sem fellir úr gildi ákvörðun nr. 93/430/EBE, sbr. lið 2c, í XX. viðauka EES-samningsins.

2. gr.

Auglýsing þessi er birt samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfísráðuneytinu, 20. júní 1997.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993 með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
			kg	%	kr/kg
0703.9001	Blaðlaukur	01.07.-03.08.97	ótilgr.	30	0
0703.9001	Blaðlaukur	04.08.-17.08.97	ótilgr.	7,5	57
0703.9001	Blaðlaukur	18.08.-31.08.97	ótilgr.	15	114
0704.1000	Blómkál	01.07.-06.07.97	ótilgr.	30	0
0704.1000	Blómkál	07.07.-13.07.97	ótilgr.	15	88
0704.1000	Blómkál	14.07.-20.07.97	ótilgr.	22,5	132
0704.2000	Rósakál	01.07.-30.09.97	ótilgr.	30	0

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magnatollur kr./kg
0704.9001	Hvítkál	01.07.-06.07.97	ótilgr.	15	40
0704.9001	Hvítkál	07.07.-13.07.97	ótilgr.	22,5	59
0704.9002	Rauðkál	01.07.-30.09.97	ótilgr.	30	0
0704.9004	Spergilkál	01.07.-06.07.97	ótilgr.	30	0
0704.9004	Spergilkál	07.07.-13.07.97	ótilgr.	15	141
0704.9004	Spergilkál	14.07.-20.07.97	ótilgr.	22,5	212
0704.9005	Fóðurmergskál	01.07.-30.09.97	ótilgr.	30	0
0704.9009	Annað	01.07.-31.08.97	ótilgr.	30	0
0705.1112	Jöklasalat	01.07.-30.09.97	ótilgr.	30	0
0705.1199	Annað (salat)	01.07.-30.09.97	ótilgr.	15	97
0705.1900	Annað	01.07.-30.09.97	ótilgr.	15	97
0705.2100	Kaffiþífilsblöð	01.07.-30.09.97	ótilgr.	30	0
0705.2900	Annað	01.07.-30.09.97	ótilgr.	15	97
0706.1000	Gulrætur og næpur	01.07.-06.07.97	ótilgr.	30	0
0706.1000	Gulrætur og næpur	07.07.-13.07.97	ótilgr.	15	68
0706.1000	Gulrætur og næpur	14.07.-30.09.97	ótilgr.	22,5	102
0706.9000	Annað	01.07.-30.09.97	ótilgr.	30	0
0709.3000	Eggaldinjurtir	01.07.-30.09.97	ótilgr.	15	58
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	01.07.-03.08.97	ótilgr.	30	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	04.08.-10.08.97	ótilgr.	7,5	69
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	11.08.-17.08.97	ótilgr.	15	138
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	18.08.-30.09.97	ótilgr.	22,5	207
0709.5100	Sveppir	01.07.-30.09.97	ótilgr.	7,5	100
0709.6003	Paprika	01.07.-30.09.97	ótilgr.	15	199
0709.6009	Önnur (Chillepipar)	01.07.-30.09.97	ótilgr.	30	0
0709.9002	Kúrbítur	01.07.-30.09.97	ótilgr.	30	0
0709.9009	Annars	01.07.-30.09.97	ótilgr.	30	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magnatollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

### 3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. október 1997.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 23. júní 1997.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Jón Höskuldsson.*

## REGLUGERÐ

### um réttarstöðu handtekinna manna og yfirheyrslur hjá lögreglu.

#### I. KAFLI

##### Tilkynningar til vandamanna handtekinna manna.

###### 1. gr.

Maður, sem hefur verið handtekinn og er í haldi lögreglu á lögreglustöð eða annars staðar, á rétt á því að vandamanni eða nánum vini sé, eins fljótt og mögulegt er, gert viðvart um handtökuna og hvar hann sé vistaður.

Nú er handtekinn maður yngri en 18 ára og skal þá þegar hafa samband við foreldra hans og fulltrúa barnaverndarnefndar og hvetja þá til að koma án tafar á lögreglustöð.

Nú er handtekinn maður ólöggráða af öðrum ástæðum og skal þá gera lögráðamanni viðvart um handtökuna og hvetja hann til að koma á lögreglustöð.

###### 2. gr.

Stjórnandi lögregluvaktar eða sá, sem ber ábyrgð á rannsókn máls, má fresta tilkynningu til vandamanns eða náins vinar handtekings manns, ef sérstök ástæða er til að ætla að vitneskja hans um handtökuna muni torvelda rannsókn málsins, enda varði brotið sem hinn handtekni er grunaður um þriggja ára fangelsi eða meir.

###### 3. gr.

Aldrei má fresta tilkynningu til vandamanns eða náins vinar lengur en í 24 klukkustundir frá handtöku.

###### 4. gr.

Ákvörðun um frestun tilkynningar til vandamanns eða náins vinar má vera munnleg, en hana ber að staðfesta skriflega svo fljótt sem verða má.

###### 5. gr.

Sá sem tekur ákvörðun um frestun tilkynningar til vandamanns eða náins vinar verður að hafa rökstuddan grun um að tilkynning muni leiða til þess að:

- a. Merki eftir afbrot verði afmáð eða sönnunargögnum spillt með öðrum hætti,
- b. munum verði skotið undan og komið í veg fyrir að þeim verði skilað aftur til rétts eiganda,
- c. ávinningi af broti verði skotið undan,
- d. samsekir, sem enn hafa ekki verið handteknir, verði varaðir við.

###### 6. gr.

Gera skal handteknum manni grein fyrir ákvörðun um frestun á tilkynningu til vandamanns eða náins vinar og forsendum hennar. Forsendur frestunar skulu jafnframt skráðar í handtöku- og vistunarskýrslu.

#### II. KAFLI

##### Yfirheyrslur hjá lögreglu.

###### A. Sakborningur yfirheyrður.

###### 7. gr.

Áður en yfirheyrsla byrjar skal kynna sakborningi kæruefni. Kynna skal sakborningi um hvað málið snýst í stórum dráttum og hvaða sakir eru bornar á hann.

Kynna skal sakborningi að honum sé ekki skylt að svara spurningum um sakarefnið eða skýra sjálfstætt frá nokkru sem varðar það.

Kynna skal sakborningi að hann eigi rétt á að hafa réttargæslumann eða verjanda sér til stuðnings eða aðstoðar við yfirheyrsluna og á öllum stigum málsins. Spyrja skal sakborning hvern hann vilji fá tilnefndan sem réttargæslumann, eða skipaðan sem verjanda, eftir því sem við á.

Spyrja skal sakborning um nafn, kennitölu, stöðu, vinnustað, heimilisfang og símanúmer. Ennfremur skal, eftir að sakborningur hefur gefið skýrslu, biðja hann að veita upplýsingar vegna æviferilsskýrslu.

#### 8. gr.

Vilji sakborningur tjá sig og svara spurningum, skal skora á hann að skýra satt og rétt frá.

Leitast skal við að fá frásögn af atvikum í svo góðu samhengi sem unnt er. Sakborningur skal eiga þess kost að hrekja þær forsendur sem grunur er reistur á og koma á framfæri skýringum og lýsingum, sem eru honum til hagsbóta.

Spurningar skulu vera skýrar, ekki tvíræðar eða veiðandi, ekki særandi eða móðgandi framur en efni standa til og ekki sýnilega þýðingarlausar.

Bera skal undir sakborning skaðabótakröfu, sem gerð er á hendur honum.

Við yfirheyrslu skal lögreglumaður ávallt vera rólegur og tillitssamur. Ekki má veita sakborningi rangar upplýsingar, eða beita loforðum, hótunum eða nauðung. Ekki má gefa sakborningi í skyn að draga megi úr sakarefni ef hann játi eða gefi aðrar mikilvægar upplýsingar. Sakborningi skal kynnt að hugsanleg játning hans þurfi ekki að leiða til þess að hann verði látinn laus, ef ástæða er til að ætla að hann telji svo vera.

Ekki má beita úrræðum sem eru til þess fallin að draga úr meðvitund sakbornings eða hæfni til ákvarðanatöku. Reynt skal að komast hjá því að yfirheyra grunaðan mann sem talinn er vera undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna. Sé það hins vegar gert skal þess getið í skýrslu.

Við yfirheyrslu skal leitast við að þreyta ekki sakborning. Sakborningur skal eiga kost á venjulegum máltíðum og hann skal fá nægilegan svefn og hvíld. Aldrei má yfirheyra sakborning lengur en sex klukkustundir í einu. Hafi sakborningur verið yfirheyrdur í 16 klukkustundir á einum sólarhring, að meðtöldum hléum, ber honum átta klukkustunda hvíld uns hefja má yfirheyrslu að nýju.

Neiti sakborningur sakargiftum má kynna honum upplýsingar sem fyrir liggja í málinu, verði það gert án þess að hætta sé á að rannsókn spillist. Að því búnu skal spyrja sakborning hvort hann vilji tjá sig frekar um sakarefni.

#### 9. gr.

Nú er sakborningur yngri en 18 ára og skal þá spyrja hann um nöfn foreldra og heimilisfang.

Foreldrum, eða öðrum þeim sem barnið ber traust til, skal gert viðvart um yfirheyrslu, ef þess er kostur, og þeim veitt færi á að vera viðstaddir. Jafnframt skal gefa foreldrum kost á að benda á löghæfan mann til að fara með starf réttargæslumanns eða verjanda.

Gefa skal barnaverndarnefnd kost á að láta fulltrúa sinn eða starfsmann vera viðstaddan yfirheyrslu. Ef ástæða þykir til skal æskja þess að fulltrúi eða starfsmaður barnaverndarnefndar verði við yfirheyrslu.

#### 10. gr.

Verjandi eða réttargæslumaður má ætíð vera viðstaddur, þegar sakborningur er yfirheyrdur. Sama gildir að jafnaði um talsmann, sem sakborningur ræður sér á eigin kostnað.

Við yfirheyrslu má sakborningur ráðfæra sig við verjanda eða réttargæslumann áður en hann svarar spurningu, sem beint er til hans, nema lögregla telji það trufla skýrslutöku.

*B. Vitni yfirheyr.*

## 11. gr.

Áður en byrjað er að yfirheyra vitni skal kynna því um hvaða efni eða atvik óskað er að verði upplýst.

Spyrja skal vitni um nafn, kennitölu, stöðu, vinnustað, heimilisfang, símanúmer og tengsl við sakborning og brotþola. Ef sérstök ástæða er til, skal einnig spyrja vitni um önnur atriði, sem geta haft áhrif á skýrslugjöf þess.

Nú er vitni undanþegið vitnaskyldu samkvæmt 1. mgr. 50. gr. laga um meðferð opinberra mála og skal þá kynna því heimild til að skorast undan því að gefa skýrslu.

Kynna skal vitni undanþágu- og bannreglur samkvæmt 51. - 55. gr. laga um meðferð opinberra mála, ef ástæða er til.

Vitni skal kynnt að því sé skylt, að viðlagðri refsíábyrgð, að skýra satt og rétt frá og draga ekkert undan sem varðar málið.

## 12. gr.

Vitni skal yfirheyrð án þess að önnur vitni heyri til.

Kveðja skal vitni til að gefa skýrslu í starfsstöð lögreglu, eða heimsækja það til skýrslutöku.

Vitni skal tjá sig munnlega. Biðja skal vitni að skýra frá því sem það veit um málsatvik. Að því loknu má leggja sérstakar spurningar fyrir vitnið. Vitni skal beðið um að skýra frá heimildum sínum.

Vitni má styðjast við skráð minnisatriði, t.d. um tölur og annað. Það verður að skýra frá því frá hverjum minnisatriðin stafa, hvenær þau voru skráð og í hvaða tilgangi.

Ekki má beita loforðum, hótunum eða nauðung, eða veita vitni rangar upplýsingar. Við yfirheyrslu skal lögreglumaður ávallt sýna rósemi og tillitssemi og haga yfirheyrslu á þann veg sem fallinn er til að fá fram skýra og sanna skýrslu. Spurningar skulu vera skýrar, ekki tvíræðar eða veiðandi, ekki særandi eða móðgandi frammar en efni standa til og ekki sýnilega þýðingarlausar.

Spurningar um fyrri kynhegðun brotþola skal ekki bera upp nema svar við þeim kunnir að hafa verulega þýðingu í málinu. Komi til slíkra spurninga skal bera þær upp af sérstakri tillitssemi.

Vitni skal ekki fá afrit af skýrslu sinni, nema sérstakar ástæður séu til þess. Ekki skal heldur kynna öðrum skýrslu vitnis, nema sérstakar ástæður séu til þess.

## 13. gr.

Nú er brotþoli yfirheyrður í fyrsta sinn og er þá rétt að spyrja hann hvort hann krefjist saksóknar. Það skal ávallt gert, þegar mál verður því aðeins höfðað að sá krefjist sem misgert var við.

Nú er opinber saksókn háð því skilyrði að brotþoli krefjist saksóknar, og skal þá spyrja lögráðamann ósjálfráða brotþola, hvort hann krefjist saksóknar.

Kynna skal tjónþola rétt til að bera fram skaðabótakröfu, sem dæma má í væntanlegu refsímáli. Krefjist hann bóta vegna líkamstjóns, miska eða tjóns á munum, skal tilgreina fjárhæð og styðja gögnum eins og frekast er kostur, eftir atvikum innan ákveðinna tíma- marka. Ber að leiðbeina tjónþola við gerð kröfunnar og afla gagna um hana eftir þörfum.

Nú hefur brotþoli beðið tjón, sem ætla má að ríkissjóður muni bæta samkvæmt lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, og ber þá að kynna honum rétt til bóta samkvæmt þeim lögum.

Spyrja skal lögráðamann ófjárráða brotþola hvort hann óski þess að gera skaðabótakröfu fyrir hönd hins ófjárráða.

## 14. gr.

Nú er vitni yngra en 18 ára yfirheyrð og skal þá gefa foreldrum þess eða öðrum þeim sem það ber traust til, kost á að vera við yfirheyrsluna. Þetta á ekki við ef viðkomandi er sjálfur kærður í málinu eða aðrar ástæður mæla því í mót.

Gefa skal barnaverndarnefnd kost á að láta fulltrúa sinn eða starfsmann vera viðstaddan yfirheyrslu. Ef ástæða þykir til skal æskja þess að fulltrúi eða starfsmaður barnaverndarnefndar verði við yfirheyrslu.

Gæta skal fyllstu tillitssemi við yfirheyrslu barns sem er yngra en 18 ára. Barn skal yfirheyrð á heimavelli þess, ef þess er kostur. Ef mál varðar meint kynferðisbrot gegn stúlkubarni skal kona annast yfirheyrslu. Ef þess er ekki kostur skal leitast við að yfirheyra barnið í viðurvist konu, ef foreldrar eða aðrir sem barnið ber traust til, geta ekki verið viðstaddir.

Nú er vitni þolandi kynferðisbrots og skal þá, ef þess er kostur, taka skýrslu þess upp á hljóðband og jafnframt upp á myndband. Forðast skal sem unnt er að endurtaka yfirheyrslur barna.

## 15. gr.

Verjanda eða réttargæslumanni sakbornings er heimilt að vera viðstaddur yfirheyrslu vitnis, ef það þykir skaðlaust vegna rannsóknar málsins.

Í málum vegna kynferðisbrota má heimila þeim, sem brotaþoli óskar, að vera við yfirheyrsluna.

## III. KAFLI

**Skýrslugjöf og hljóðupptaka.**

## 16. gr.

Rita skal skýrslu um yfirheyrslu sakbornings og vitnis.

Í skýrslu skal koma fram lögregluumdæmi, hvenær og hvar yfirheyrsla hefur farið fram, úmalengd yfirheyrslu, hvaða lögreglumaður (nafn og staða) hefur tekið við frásögn og hverjir aðrir hafa verið viðstaddir yfirheyrslu.

Nú er sakborningur yfirheyrður og skulu þá koma fram upplýsingar um þau atriði sem nefnd eru í 4. mgr. 7. gr., en ef vitni er yfirheyrð, upplýsingar um þau atriði sem nefnd eru í 2. mgr. 11. gr.

Skrá skal sérhverja skýringu eða yfirlýsingu. Játningar og aðrar sérstaklega mikilvægar yfirlýsingar skal skrá með orðum þess sem yfirheyrður er, eða sem næst því.

Lesið skal skýrslu upp til staðfestingar. Óski yfirheyrður þess má yfirlestur koma í stað upplesturs. Krefjist yfirheyrður breytinga skal skrá þær sem viðbót við skýrslu. Leggja skal skýrslu fyrir yfirheyrðan til undirritunar. Gera skal grein fyrir því í skýrslu ef yfirheyrður neitar að undirrita hana.

Hafi ekki verið unnt að skrá skýrslu þar sem yfirheyrsla fer fram, skal það gert svo fljótt sem þess er kostur.

Skýrsla skal skráð í tölvu eða á ritvél. Hafi skýrsla verið handrituð eða töluð inn á hljóðband skal varðveita handritið eða hljóðbandið með gögnum málsins.

Við yfirheyrslu um síma skal lögreglumaður skrá skýrslu sem sína eigin.

## 17. gr.

Við yfirheyrslu sakbornings skal rita æviferilsskýrslu hans, sem ávallt skal geyma upplýsingar um fullt nafn, kennitölu, heimilisfang, símanúmer og fæðingarstað.

Æviferilsskýrsla skal auk þess, ef nauðsyn þykir til, geyma upplýsingar um nöfn foreldra, ríkisfang sakbornings, stöðu hans og vinnustað, fjárhag og tekjur, hjúskaparstöðu

og nafn maka eða sambýlismaka, framfærslubyrði, skólagöngu, faglega menntun, opinber leyfisbréf, lífeyrisréttindi, fyrri ákærufrestanir, refsidóma, reynslulausn og mál til meðferðar í refsivörslukerfinu.

Nú er sakborningur yngri en 18 ára og skal æviferilsskýrsla þá geyma upplýsingar um heimili foreldra hans og, ef foreldrar búa ekki saman, hvernig framfærslu og forsjá er háttað. Eftir atvikum skal skýrsla geyma upplýsingar um persónulega hagi sakbornings, einkum á heimili og í skóla og um ákvarðanir sem hafa verið teknar varðandi hann samkvæmt heimild í lögum um vernd barna og ungmenna.

Afla skal fæðingarvottorðs verði upplýsingar um aldur sakbornings ekki sannaðar með öðrum óbyggjandi hætti.

Í minni háttar málum og málum sem ekki eru flókin, má fresta því að rita æviferilsskýrslu uns sýnt verður að dómsmál verði höfðað á hendur sakborningi.

#### 18. gr.

Taka má yfirheyrslu sakbornings eða vitnis upp á hljóðband.

Kynna skal sakborningi eða vitni áður en yfirheyrsla hefst að hún verði tekin upp.

Skýrslu skal skrá með venjulegum hætti þótt yfirheyrsla sé tekin upp á hljóðband. Í skýrslu skal koma fram að yfirheyrsla sé tekin upp á hljóðband. Í undantekningartilvikum getur endurrit af hljóðbandi að öllu leyti komið í stað ritaðrar skýrslu.

Sakborningur og réttargæslumaður hans eða verjandi, hafa rétt til að hlýða á hljóðupptöku.

Lögregla varðveitir hljóðband uns máli er endanlega lokið. Ef gert er endurrit af upptökunni, verður það hluti af gögnum málsins.

Hafi yfirheyrsla verið tekin upp á hljóð- og myndband þarf ekki jafnframt að rita frásögnina eða spurningar og svör. Skýrsla þarf þá einungis að geyma upplýsingar um þau atriði, sem talin eru í 2. mgr. 11. gr.

### IV. KAFLI

#### **Skráning ýmissa atriða varðandi handtöku á mönnum og vistun handtekinna í fangageymslu lögreglu.**

#### 19. gr.

Lögregla ritar handtöku- og vistunarskýrslu um handtöku og vistun handtekins manns í fangageymslu.

Í skýrslu lögreglu skal skrá í stuttu máli upplýsingar um handtöku, tilefni hennar og framkvæmd, hvenær handtaka átti sér stað, hvar handtekinn maður var vistaður, hvenær hann var látinn laus og hvort hann var færður í gæsluvarðhald eða afplánunarfangelsi. Skýrsla skal færð í stöðluðu formi samkvæmt ákvörðun ríkislögreglustjóra.

#### 20. gr.

Skýrsla skal bera sérstakt númer, handtöku- og vistunarskýrslunúmer, og tilvísun til númers þess máls eða sakarefnis sem er forsenda handtöku. Í skýrslu skulu koma fram upplýsingar um:

- a. Nafn, kennitölu og heimilisfang handtekins manns,
- b. hvar og hvenær handtaka fór fram,
- c. ástæðu handtöku,
- d. hver eða hverjir unnu að handtöku,
- e. hvert handtekinn maður var færður eftir handtöku,
- f. hvort handtekinn maður virtist vera undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna,
- g. hvaða munir voru teknir úr fórum handtekins manns við komu á lögreglustöð eða í fangageymslu og hver framkvæmdi líkamsleit ef því er að skipta,

- h. hvort handtekinn maður bar sýnilega áverka við komu í lögreglustöð eða fangageymslu eða virtist vera í andlegu ójafnvægi,
- i. númer fangaklefa sem handtekinn maður var færður í og innsetningarnúmer ef því er að skipta,
- j. hver tók ákvörðun um vistun handtekings manns í fangaklefa,
- k. hvenær handteknum manni voru kynnt réttindi hans og réttarstaða og hver gerði það,
- l. hvaða óskir handtekinn maður setti fram varðandi réttargæslumann, verjanda og tilkynningu til vandamanns,
- m. hvenær og hvernig orðið var við óskum handtekings manns varðandi réttargæslumann, verjanda og tilkynningu til vandamanns,
- n. heimsóknir réttargæslumanns, verjanda og annarra,
- o. hvenær handteknum manni var borinn matur,
- p. á hvaða tímabili handtekinn maður var yfirheyrður,
- q. hvenær handtekinn maður var látinn laus,
- r. hvenær handtekinn maður var leiddur fyrir dómara,
- s. hvenær handtekinn maður var á ný færður í fangageymslu lögreglu, ef því var að skipta eða látinn laus að skipun dómara,
- t. hvenær handtekinn maður var færður í gæsluvarðhaldsfangelsi eða afplánunarfangelsi, ef því var að skipta,
- u. annað er máli kann að skipta varðandi vistunina, s.s. ef handtekinn maður var færður til læknis, á sjúkrahús, á aðra lögreglustöð o.s.frv.

## 21. gr.

Afla skal undirritunar handtekings manns á viðeigandi stað á handtöku- og vistunarskýrslu við afhendingu þeirra muna sem teknir voru úr fórum hans við handtöku, komu í fangelsi eða síðar. Gera skal grein fyrir því í skýrslunni ef hinn handtekni neitar að undirrita hana og ástæður þess, ef þær fást upp gefnar.

## 22. gr.

Lögregla skráir upplýsingar í skýrslu eftir því sem tilefni er til. Ef ekki er unnt að skrá skýrsluna jafnóðum skal það tekið fram og ástæður þess tilgreindar.

## 23. gr.

Færslur í skýrslu skulu tímasettar og merktar nafni eða upphafsstöfum þess sem skráir. Ber sá ábyrgð á að rétt sé fært.

## 24. gr.

Nú er handtekinn maður fluttur á milli lögreglustöðva eða lögregluliða og skal eintak af handtöku- og vistunarskýrslu þá fylgja honum. Í skýrslu ber að skrá ástæður flutnings. Skráningu í handtöku- og vistunarskýrslu skal haldið áfram á þeim stað sem handtekni verður fluttur á.

## V. KAFLI

**Gildistaka.**

## 25. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 3. mgr. 19. gr., 1. mgr. 32. gr., 6. mgr. 69. gr. og 4. mgr. 101. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19 26. mars 1991, sbr. lög nr. 136 13. desember 1996, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. júní 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Þorsteinn Geirsson.*



## REGLUGERÐ

### um stjórn lögreglurannsókna og samvinnu lögreglustjóra við rannsókn opinberra mála.

#### 1. gr.

Rannsókn refsiverðra brota er í höndum lögreglu.

Lögregla annast rannsókn brota í samráði við ákærendur. Til ákærenda teljast lögreglustjórar, þar á meðal ríkislögreglustjóri, og löglærðir fulltrúar þeirra, sem þeir fela flutning mála.

Ákærendur skulu sjá til þess að rannsókn fari fram í samræmi við lög og reglur samkvæmt þeim. Þeir geta gefið lögreglu fyrirmæli um framkvæmd rannsókna.

#### 2. gr.

Brot skal að jafnaði rannsaka í lögregluumdæmi, þar sem talið er að það hafi verið framið. Lögreglustjóri annast rannsókn sem fer fram í umdæmi hans.

Ríkislögreglustjóri annast rannsókn skatta- og efnahagsbrota. Um rannsókn slíkra brota fer eftir reglum um rannsókn og saksókn vegna efnahagsbrota.

Ríkislögreglustjóri annast rannsókn brota á ákvæðum X. og XI. kafla almennra hegningarlaga og kærumála á hendur lögreglumönnum vegna brota í starfi.

Rannsókn á vegum ríkislögreglustjóra fer fram þar sem hagfelldast þykir.

#### 3. gr.

Nú fremur maður fleiri en eitt brot og skal þá rannsókn þeirra fara fram í sama umdæmi, ef unnt er, enda valdi það ekki verulegum tögum á rannsókninni. Rannsókn máls skal sá lögreglustjóri að jafnaði annast, sem fyrstur hóf rannsókna. Nú er ástæða til að ætla að málið verði höfðað í öðru umdæmi og skal rannsókn þá fara fram í því umdæmi sem ætla má að mál verði höfðað.

Lögreglustjórinn í Reykjavík skal að jafnaði annast rannsókn mála vegna ólöglegs innflutnings ávana- og fíkniefna um Keflavíkurflugvöll. Rannsókn skal þó fara fram í öðru umdæmi, ef ætla má að málið verði höfðað þar.

#### 4. gr.

Einstakar rannsóknaraðgerðir í máli, utan rannsóknarumdæmis, annast lögreglustjóri í því umdæmi sem sá dvelst, sem yfirheyra skal, eða vettvangur sá er eða munir, sem rannsóknaraðgerð lýtur að. Lögreglustjórar skulu aðstoða hvern annan við rannsókn máls, með því m.a. að annast einstakar rannsóknaraðgerðir, eftir beiðni þar um.

Lögreglustjóri getur annast, eða falið undirmanni sínum að annast, rannsóknaraðgerð utan umdæmis síns, ef hættu er á að dráttur á aðgerðum lögreglustjóra í viðkomandi umdæmi valdi sakarspjöllum. Lögreglustjóra í því umdæmi sem aðgerðin fór fram skal gert viðvart um hana eins fljótt og kostur er.

Við meðferð tiltekins máls geta lögreglustjórar samið um að lögreglustjóri sem annast rannsókn málsins megi annast rannsóknaraðgerð í þágu þess í umdæmi hins.

#### 5. gr.

Nú telur ríkislögreglustjóri ástæðu til að ætla að brot, sem framin hafa verið í fleiri en einu lögregluumdæmi, hafi verið framin af sama manni eða sömu mönnum, og líklegt að brotastarfsemi muni haldið áfram, og getur ríkislögreglustjóri þá ákveðið, að höfðu samráði við viðkomandi lögreglustjóra, að stjórn rannsókna verði í höndum eins af þeim lögreglustjórum sem eiga í hlut, og þá að jafnaði í höndum lögreglustjóra í því umdæmi, þar sem flest brotin eða þau alvarlegustu hafa verið framin. Sama gildir ef ríkislögreglustjóri metur aðstæður svo, að rannsókn tiltekinnna óvenjulegra brota, sem virðast tengjast, muni

best hagað svo að stofnað verði til samvinnu milli lögregluumdæma. Öðrum lögreglustjórum ber að veita þeim lögreglustjóra, sem tekið hefur við stjórn rannsóknar, allar nauðsynlegar upplýsingar og aðstoða við eftirgrennslan og leit í eigin umdæmi, að því marki sem eðlilegt getur talist miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar og möguleika á að málið verði upplýst.

## 6. gr.

Nú má ætla að rannsókn brots heyri undir fleiri en eitt umdæmi og getur ríkislögreglustjóri þá hafið rannsókn að eigin frumkvæði. Lögreglustjórar í viðkomandi umdæmum skulu fá vitneskju um framgang málsins. Þegar ljóst þykir hvaða umdæmi er aðalvettvangur málsins, flyst rannsókn þess í hendur lögreglustjóra þar.

## 7. gr.

Nú er grunur um að maður hafi verið sviptur lífi, eða reynt hafi verið að svipta mann lífi, og skal þá þegar kynna ríkislögreglustjóra málsatvik, ef málið telst ekki þegar að fullu upplýst og grunaði handtekinn.

Telji ríkislögreglustjóri nauðsynlegt, að höfðu samráði við lögreglustjóra í viðkomandi umdæmi, sendir hann staðarlögreglu til aðstoðar lið frá rannsóknardeild samkvæmt b-lið 2. mgr. 5. gr. lögreglulaga, eða frá lögregluumdæmi sem liggur nærri vettvangi.

Í aðstoðarliði skal að jafnaði vera yfirmaður, sem skipuleggur og stjórnar rannsókn í samvinnu við stjórnanda staðarlögreglu, en á ábyrgð lögreglustjóra í umdæmi þar sem brot var framið. Lögreglustjóri skal annast samskipti við fjölmiðla, eftir því sem frekast er unnt.

Ríkislögreglustjóri metur, að höfðu samráði við lögreglustjóra í umdæmi þar sem brot var framið, hvort nauðsynlegt sé að senda mann eða menn til að aðstoða við vettvangsrannsókn, annað hvort frá vettvangsrannsóknardeild lögreglustjórans í Reykjavík, samkvæmt 4. mgr. 8. gr. lögreglulaga, eða tæknirannsóknarstofu ríkislögreglustjóra, samkvæmt e-lið 2. mgr. 5. gr. lögreglulaga.

## 8. gr.

Rannsóknardeild ríkislögreglustjóra getur, eftir beiðni þar um, aðstoðað lögreglustjóra við rannsókn umfangsmikilla og alvarlegra brota og slysa, þ.m.t. brunamála.

Ríkissaksóknari getur lagt fyrir lögreglustjóra að leita aðstoðar rannsóknardeildar í einstökum málum.

## 9. gr.

Rannsóknardeild ríkislögreglustjóra getur, eftir beiðni þar um, aðstoðað lögreglustjóra við rannsókn brots, þótt það sé ekki sérstaklega alvarlegt, ef lögregluumdæmi þar sem brot var framið er faliðað, eða málið krefst sérþekkingar eða sérstakrar rannsóknarreynslu.

## 10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 3. mgr. 5. gr., 3. mgr. 8. gr. og 40. gr. lögreglulaga, nr. 90 13. júní 1996, öðlast gildi 1. júlí 1997.

Frá sama tíma falla úr gildi reglugerð um samvinnu og starfsskiptingu milli lögreglustjóra og rannsóknarlögreglu ríkisins, nr. 253 29. júní 1977, sbr. reglugerð nr. 315 30. júní 1986 og reglugerð nr. 26 12. janúar 1994 og reglur um hlutverk ávana- og fíkniefnadeildar lögreglustjórans í Reykjavík, verkaskiptingu milli hennar og annarra lögreglufirvalda svo og samstarf við aðrar stofnanir, nr. 165 6. apríl 1990.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. júní 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Þorsteinn Geirsson.*

# GJALDSKRÁ

## Bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir raforku.

### I. RAFORKA.

Bæjarveitur Vestmannaeyja selja rafmagn á þann hátt og við því verði sem hér segir:

#### A. Almenn notkun.

A1. Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald	6,43 kr/kWh
Fastagjald	2.306,00 kr/a

#### C. Afl- og orkumæling.

C2. Um kW/kWh - mæli, enda sé málaun tækja yfir 40 kW.

Aflgjald	11.042,00 kr/kWh/a
Orkugjald	2,49 kr/kWh
Mælaleiga samkvæmt gjaldskrá.	

Aflgjaldið miðast við mesta 15 mín. meðalálag ársins. Á tímabilinu 16. maí - 15. september er heimilt að leyfa kaupendum að auka aflúttekt sína um allt að 20% án þess að aflgjald hækki.

Ofangreindur taxti fylgir kaupverði Bæjarveitna Vestmannaeyja á rafmagni, þannig að álagning bæjarveitna sé samkvæmt ákvörðun hverju sinni.

Orkugjald miðast við að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé eigi lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðull niður fyrir þetta gildi skal orkugjald umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshlutastig eða meirihluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins er lægri en 0,85.

### D. Hitun.

D1. Til hitunar á íbúðarhúsnæði.

Orkugjald	3,60 kr/kWh
Fastagjald	3.427,00 kr/a

Ríkissjóður greiðir 1,38 kr/kWh og Landsvirkjun 0,39 kr/kWh af orkuverðinu, alls 1,77 kr/kWh, fyrir allt að 30000 kWh ársnotkun á hverja íbúð og kemur sú greiðsla fram á reikningi.

D4. Til hitunar.

Orkugjald	3,58 kr/kWh
Fastagjald	3.427,00 kr/a

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru: Að vélaafl, spennar og götulinur þoli álagið, að dómi veitustjóra. Búnaði öllum sé hagað skv. fyrirmælum veitustjóra, en hann kostaður af notanda. Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga um mesta samtímaafli og ársorkuþörf þess húsrýmis sem hita skal.

### F. Önnur raforkunotkun.

F2. Vinnuljós.

Orkugjald	6,43 kr/kWh
Fastagjald	2.306,00 kr/a

Til vinnuljósa, vinnuvéla og annarrar notkunar við mannvirkjagerð, svo og breytingar á eldri mannvirkjum.

## F5. Gatnalýsing.

Aflgjald

19.976,00 kr/kWa

Af uppsettu afli til götu- og hafnarlýsingar. Gjald þetta miðaðst við taxa C2 og 3600 h. nýtingartíma á ári. Leggi bæjarveitur til búnað til lýsingarinnar og sjái um viðhald hans, greiði notandi aðrar kr. 19.976,00 kW/a (m/vsk) fyrir þá þjónustu.

**II. MÆLALEIGA.**

	kr/a
Bæjarveitur leigja mælitæki við því verði sem hér segir:	
1. Einfasa kWh-mælir	446,00
2. Þrífasa kWh-mælir	1.690,00
3. Þrífasa kWh-mælir með straumspennumæli	2.856,00
4. Þrífasa kW/kWh-mælir	2.856,00
5. Þrífasa kW/kWh-mælir með straumspennumæli	4.546,00

Af öðrum mælitækjum, en þeim sem hér eru nefnd, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækjanna.

**III. HEIMTAUGAGJÖLD.**

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Bæjarveitna Vestmannaeyja. Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingarstaði.

**Aðalheimtaugar.**

Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur: Málraun	Stofngjald: kr.	Lengdargjald (1): kr/m
63 A einfasa	50.672,00	1.558,00
63 A þrífasa	55.590,00	1.558,00
100 A þrífasa	88.196,00	1.907,00
200 A þrífasa	182.378,00	2.291,00
315 A þrífasa	275.277,00	Skv. kostnaði
400 A þrífasa	347.651,00	–
710 A þrífasa	631.266,00	–
1200 A þrífasa	1.070.641,00	–

**Bráðabirgðaheimtaugar.**

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur:	Stofngjald:	Lengdargjald (1) (2) Jarðstrengur (kr/m)
63 A einfasa	9.924,00	1.558,00
63 A þrífasa	13.811,00	1.558,00
100 A þrífasa	14.662,00	1.907,00

A merkir málstraum stofnvara í amper. kVA merkir málraun spennis í kílóvoltamper, þegar um sérstaka spennistöð er að ræða.

(1) Lengd heimitaugar reiknast 2 m inn fyrir húsvegg á þeim stað, sem bærjarveitur hafa samþykkt. Eigandi húseignar láti ganga frá röri til ídráttar á heimitaug, sé tengistaður heimitaugarinnar ekki á útvegg.

(2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 m innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimitaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til húsnæði eða lóð undir stöðina bærjarveitunum að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum bærjarveitna um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af bærjarveitunum (í leiguformi t.d. fyrir lengri tíma) og kemur þannig til frádráttar heimitaugargjaldi. Þegar aðalheimtaug er að ósk notanda breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug svo og þegar heimitaug er stækkuð, skal greiða fullt heimitaugargjald fyrir hina nýju heimitaug, að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimitaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

#### IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá ekki verið greitt, þannig að beita þurfi reglugerðar-ákvæðum um lokun, skal greiða fyrir enduropnun kr. 1.234,00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni tafarlaust lokað og verður hún eigi opnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald kr. 1.234,00 á skrifstofu bærjarveitna.
3. Fyrir uppsetningu á viðbótarmælitækjum, breytingar á mælingu, svo og aðra þjónustu, sem bærjarveitur veita, að ósk notanda, skal greiða gjald kr. 1.234,00.
4. Fyrir þá þjónustu bærjarveitna sem veitt er utan venjubundins vinnutíma skal notandi aldrei greiða lægra gjald en sem samsvarar þreföldu gjaldi skv. 3. lið þessa kafla. Vari þjónustan lengur en 3 klst. skal greiða aukalega fyrir hverja klst. er samsvarar yfirvinnukaupi viðkomandi starfsmanna með launatengdum gjöldum.

#### V. ÝMIS ÁKVÆÐI.

1. Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld þau sem ákveðin eru í I., II. og III. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu áður en til hennar kemur.
2. Gjaldskrá þessi er miðuð við raforkukaup samkvæmt samningi við Rafmagnsveitur ríkisins. Stöðvist flutningur raforku frá landi í samfleytt einn mánuð eða lengri tíma, hækkar rafmagnsverðið frá gildandi gjaldskráum um allt að 50% fyrir jafnlangan tíma.
3. Heimilt er, með samþykkt stjórnar veitunnar, að selja rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.
4. Heimilt er að takmarka eða stöðva notkun tækja, sem valdið geta truflunum á veitukerfinu og/eða óþægindum hjá öðrum notendum.
5. Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls eða lágan ársnýtingartíma, geta Bærjarveitur Vestmannaeyja takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárlíði, eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu.
6. Virðisaukaskattur leggst á gjöldin samkvæmt gildandi lögum og reglum hverju sinni.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. júlí 1997 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 9 12. janúar 1996 með áorðnum breytingum.

*Iðnaðarráðuneytinu, 25. júní 1997.*

F. h. r.

**Jón Ingimarsson.**

Steinunn Bjarmann.

25. júní 1997

Nr. 398

## GJALDSKRÁ

### Bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir heitt vatn.

#### I. KAFLI

##### 1. gr.

Bæjarveitur Vestmannaeyja selja afnot af heitu vatni úr veitukerfum sínum eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

##### 2. gr.

Bæjarveitur Vestmannaeyja láta hverju húsi, sem er í sambandi við dreifikerfi þeirra, í té vatnsmagn sem ætla má að nægi til fullrar hitunar á húsinu, enda fullnægi hitakerfi hússins skilyrðum, sem sett eru í reglugerð fyrir Bæjarveitur Vestmannaeyja, og hitaflétir séu næginlega stórir að dómi bæjarveitna.

#### II. KAFLI

##### 3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli:

Heimili 68,59 kr.

Önnur notkun 105,22 kr.

fyrir hvern rúmmetra vatns. Heimilt er að áætla vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins, þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar.

##### 4. gr.

Bæjarveitum er heimilt að selja afnot vatnsins á grundvelli orku- og rennslismælingar.

Greiðist þá:

Heimili 1,14 kr.

Önnur notkun 1,75 kr.

fyrir hverja kílóvattstund samkvæmt orkumæli og

Heimili 17,15 kr.

Önnur notkun 26,32 kr.

fyrir hvern rúmmetra vatns samkvæmt rennslismæli.

##### 5. gr.

Þegar afnot af hitaveitunni eru leyfð til annarra nota en húshitunar, er veitunni heimilt að ákveða gjald fyrir slík afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

## 6. gr.

Bæjarveitur leigja vatnsmæla og annast viðhald þeirra.

Fastagjald fyrir mæli skal greitt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera á ári:

- a) Fyrir mæla allt að 3/4“ 8.150,00 kr.
- b) Fyrir mæla allt að 2“ 16.235,00 kr.
- c) Fyrir mæla allt að 3“ 32.548,00 kr.
- d) Fyrir varmamagnsmæla skal greiða tvöfalt gjald.

## 7. gr.

Gjöld skv. 3. - 6. gr. innheimta Bæjarveitur Vestmannaeyja og er heimilt að krefja þau mánaðarlega.

Gjalddagi á greiðslum fyrir vatnsnotkun og mælaleigu er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Greiðslustöðu skal getið á reikningnum eða tilkynningu.

Það eru vanskil ef gjöld eru ekki að fullu greidd á eindaga.

## III. KAFLI

## 8. gr.

Fyrir öll hús sem tengd eru hitaveitunni skal greiða heimæðargjald. Heimæðargjald skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (m<sup>3</sup>)

(utanmál)

Allt að 400	116.804,00 kr.	Fyrir	400 m <sup>3</sup> + 93,26 kr/m <sup>3</sup> þar yfir
400 að 2000	116.804,00 kr.	Fyrir	2000 m <sup>3</sup> + 78,71 kr/m <sup>3</sup> þar yfir
2000 að 6000	266.072,00 kr.	Fyrir	6000 m <sup>3</sup> + 70,20 kr/m <sup>3</sup> þar yfir
6000 að 10000	580.757,00 kr.	Fyrir	10000 m <sup>3</sup> + 60,94 kr/m <sup>3</sup> þar yfir
Meira en 10000	861.799,00 kr.	Heimæðargjöld greiðast ekki af bifreiðageymslum.	

## 9. gr.

Ef tengt er við fleiri mæla en einn í sama húsi, skal greiða aukalega fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta:

- a) Fyrir mæli allt að 3/4“ 17.490,00 kr.
- b) Fyrir mæli allt að 2“ 34.982,00 kr.
- c) Fyrir mæli allt að 3“ 70.111,00 kr.

## 10. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Bæjarveitunum er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskránni til samræmis við nefnda vísitölu eins og hún er þegar gjöldin eru greidd.

## 11. gr.

Þegar tengingu heimæðar er lokið er heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins. Greiðslustaður heimæðagjalda er á skrifstofu Bæjarveitna Vestmannaeyja.

## IV. KAFLI

## 12. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

## 13. gr.

Bæjarveitur hafa rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns sem vanrækir að greiða gjöld til veitunnar. Heimilt er og að loka vatnsrennsli að húsi sem vangreidd eru af gjöld.

Lokun skal tilkynna með a.m.k. 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, er vanskilum veldur og er gjaldið 1.355,00 kr. fyrir hvert skipti.

## 14. gr.

Einungis starfsmönnum hitaveitunnar er heimilt að breyta innsigliðum tengihlutum veitunnar.

## 15. gr.

Eftirlitsmaður hitaveitunnar skal hvenær sem er hafa frjálsan aðgang að öllum búnaði, sem er í sambandi við hana.

Húseiganda er skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

## 16. gr.

Virðisaukaskattur leggst á gjöldin samkvæmt gildandi lögum og reglum hverju sinni.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júlí 1997 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 10 12. janúar 1996 með áorðnum breytingum.

*Iðnaðarráðuneytinu, 25. júní 1997.*

F .h. r.

**Jón Ingimarsson.**

*Steinunn Bjarman.*

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð fyrir talnagetraunir  
Íslenskrar getsþár, nr. 86 24. febrúar 1993  
með síðari breytingum.**

## 1. gr.

5. gr. liður 5.5.1 b) orðist svo:

b) 8% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 4 aðaltölur réttar og auk þess rétta aukatölu „bónustölu“. Með vísan til liðar 5.6., 3. mgr. skal, ef 8% af heildarvinningsfjárhæð nær ekki 300.000 krónum, bæta við þennan vinningsflokk fjárhæð sem þarf til að vinningsfjárhæðin fari yfir 300.000 krónur. Viðbót þessi skal hlaupa á 10.000 krónum.



## 2. gr.

5. gr. liður 5.6, 3. mgr., orðist svo:

Stjórn Íslenskrar getspár er heimilt að leggja viðbótarfé frá fyrirtækinu til vinninga í báðum leikjunum í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar og við sérstök tækifæri svo og að efna til aukaútdráttar við sérstök tækifæri þar sem lagt er fram fé frá fyrirtækinu til vinninga. Stjórnin skal leita samþykkis dómsmálaráðuneytisins fyrir slíkum framlögum og fyrirkomulagi útdráttar.

## 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um talnagetraunir nr. 26. 2. maí 1986, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. júní 1997.*

F. h. r.

**Dorsteinn Geirsson.**

*Jón Thors.*

## AUGLÝSING

### **um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.**

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist eftirfarandi breyting á gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar til að öðlast gildi 1. júlí 1997.

Gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar nr. 163 3. mars 1997, 2. og 3. gr. gjaldskrárinnar verða svohljóðandi:

#### **Heildsala:**

## 2. gr.

Fast gjald Akraness er 79.130.427,00 krónur á ári og fast gjald Borgarbyggðar er 31.128.867,00 krónur á ári.

## 3. gr.

Breytilegt gjald er 23,62 krónur á rúmmetra. Gjaldið leiðréttist miðað við mælt hitastig sbr. 17. gr. reglugerðar hitaveitunnar.

*Iðnaðarráðuneytinu, 25. júní 1997.*

F. h. r.

**Kristmundur Halldórsson.**

*Steinunn Bjarman.*

## REGLUGERÐ

### um skipun og verkefni rannsóknarnefndar, er hefur það hlutverk að bera kennsl á látna menn.

#### 1. Skipun nefndarinnar og skipulag.

- 1.1. Stjórnarfragslega heyrir nefndin undir ríkislögreglustjóra.
- 1.2. Nefndina skipa fjórir menn, rannsóknarlögreglumaður af almennu sviði, sem jafnframt er formaður, rannsóknarlögreglumaður af tæknisviði, réttarlæknir og tannlæknir.
- 1.3. Fyrir hvern nefndarmann skulu vera a.m.k. tveir varamenn. Við skipun varamanna fyrir réttarlækni og tannlækni skal taka tillit til landfræðilegrar staðsetningar þeirra, eftir því sem tæk eru á.
- 1.4. Að fenginni tillögu frá ríkislögreglustjóranum, réttarlæknisdeild læknaáðs og tannlæknadeildar Háskóla Íslands, skipar dómsmálaráðherra nefndarmenn og varamenn til þriggja ára.

#### 2. Verkefni nefndarinnar.

- 2.1. Nefndin skal leitast við að bera kennsl á menn, er margir hafa týnt lífi í flugslysi, skriðuföllum, snjóflóðum, flóði eða skipstapa eða öðrum náttúruhamförum, eða þegar óþekkt lík eða líkamsleifar finnast.
- 2.2. Við störf sín skal nefndin tryggja að gögn, sem finnast og geta haft þýðingu við að varpa ljósi á orsakir óhapps eða ábyrgð á óhappi, verði varðveitt.
- 2.3. Nefndin skal halda gerðabók um rannsóknir sínar. Í hana skal færa nákvæmlega allar niðurstöður.
- 2.4. Nefndinni ber að semja skýrslu um niðurstöður sínar. Þegar þær lúta að því að kennsl séu borin á einhvern, skal tilgreint á hvaða atriðum niðurstöðurnar séu byggðar.
- 2.5. Ríkissaksóknari getur gefið nánari fyrirmæli um það, hvenær einstök lögreglustjóraembætti skuli gera ríkislögreglustjóra viðvart um mál, sem greinir í lið 2.1 og um samvinnu nefndarinnar og hlutaðeigandi lögreglustjóraembættis.

#### 3. Skipan nefndarinnar í einstöku máli.

- 3.1. Ríkislögreglustjóri ákveður í samráði við hlutaðeigandi lögreglustjóra og formann nefndarinnar, hvort nefndin fullskipuð eða einstakir nefndarmenn taki þátt í rannsókn tiltekins máls.
- 3.2. Á sama hátt skal ákveða hvort kveðja skuli aðra sérfræðinga til.
- 3.3. Þegar ákvörðun er tekin samkvæmt lið 3.1 eða 3.2 skal leitast við, eftir því sem tæk eru á, að kveðja til nefndarmenn frá þeim landshluta sem rannsókn fer fram í.

#### 4. Vettvangur rannsókna.

- 4.1. Ríkislögreglustjóri ákveður að höfðu samráði við hlutaðeigandi lögreglustjóra og formann nefndarinnar hvort störf nefndarinnar skuli fara fram að nokkru eða öllu leyti á vettvangi eða annars staðar.
- 4.2. Ef rannsókn þarf að fara fram erlendis, að nokkru eða öllu leyti, þarf að leita ferðaheimildar hjá dómsmálaráðuneytinu með venjulegum hætti.

#### 5. Fundir nefndarmanna.

- 5.1. Nefndarmenn og staðgenglar þeirra skulu hið minnsta koma saman til fundar einu sinni á ári, þar sem þeir beri saman bækur sínar um helstu nýjungar í tækjabúnaði og starfsaðferðum á þessu sviði. Á fundunum skal einnig ræða annað, er máli skiptir varðandi störf nefndarinnar.

- 5.2. Formaður skal sjá til þess að fundargerð verði rituð og ríkislögreglustjóra sent eintak hennar.
- 5.3. Við lok hvers árs skal formaður taka saman greinargerð um störf nefndarinnar.

#### **6. Kostnaður af störfum nefndarinnar.**

- 6.1. Starf lögreglumanna, sem skipaðir eru í nefndina, telst hluti lögreglustarfs þeirra og er launað sem slíkt.
- 6.2. Fyrir starf annarra nefndarmanna skal greiða þóknun samkvæmt gildandi töxtum fyrir sérfræðistörf. Þóknun greiðist af málskostnaðarreikningi samkvæmt venjulegum greiðsluskilmálum.
- 6.3. Ferðakostnaður vegna funda samkvæmt lið 5.1. og funda sem haldnir eru erlendis og nauðsynlegt þykir að sækja skal greiðast af rekstrarfé ríkislögreglustjóra.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 10. gr. laga um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum nr. 42 10. nóvember 1913 og 40. gr. lögreglulaga nr. 90 13. júní 1996, öðlast gildi 1. júlí 1997.

Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um skipun og verkefni rannsóknarnefndar, er hefur það hlutverk að bera kennsl á látna menn, nr. 433 6. september 1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. júní 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Þorsteinn Geirsson.*

## **REGLUGERÐ**

### **um breytingu á reglugerð um lögreglustjórasáttir, nr. 250 29. júní 1992.**

#### **1. gr.**

Í stað „kr. 75.000“ í 2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar kemur: kr. 100.000, og í stað „kr. 25.000“ kemur: kr. 35.000.

#### **2. gr.**

2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Um brot á umferðarlögum gilda ákvæði reglugerðar um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum.

#### **3. gr.**

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. og 4. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, sbr. lög nr. 57 22. maí 1997, öðlast gildi 1. júlí 1997.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. júní 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Benedikt Bogason.*

# REGLUGERÐ

## um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum.

### 1. gr.

Vegna brota á einstökum ákvæðum umferðarlaga eða reglum samkvæmt þeim skal ákvarða sektarfjárhæð og sviptingu ökuréttar samkvæmt skrá um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum, sem birt er sem viðauki við reglugerð þessa.

Heimilt er að víkja frá sektum eða sviptingu ökuréttar samkvæmt skránni ef veigamikil rök mæla með því.

### 2. gr.

Þegar ákvörðun er tekin um sekt vegna brota á tveimur eða fleiri ákvæðum umferðarlaga eða reglna samkvæmt þeim skal sektin vera samtala sekta vegna hvers brots um sig, enda rúmist sektin innan sektarmarka almennra hegningarlaga.

Veita má sakborningi allt að 25% afslátt af sektarfjárhæð sem lögreglustjóri hefur ákvarðað ef sakborningur greiðir sektina ásamt sakarkostnaði að fullu innan 30 daga frá dagsetningu sektarboðs eða undirritun sektargerðar sem sakborningur hefur gengist skriflega undir.

Um innheimtu sekta gilda ákvæði 52. gr. almennra hegningarlaga.

### 3. gr.

Sekt allt að 100.000 krónum, sem sakborningur hefur skriflega gengist undir hjá lögreglustjóra, afplánast með varðhaldi skv. 4.-6. mgr. 54. gr. almennra hegningarlaga.

### 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987, sbr. 3. gr. laga nr. 57 22. maí 1997, öðlast gildi 1. júlí 1997.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. júní 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Benedikt Bogason.*

### VIÐAUKI

#### **Skrá um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum.**

Brot á eftirfarandi ákvæðum umferðarlaga eða reglum samkvæmt þeim varða sektum og sviptingu ökuréttar samkvæmt þessari skrá.

<b>5. gr.</b> * Akstur gegn rauðu umferðarljósi * Ekið gegn einstefnu * Ekið fram úr þar sem bannað er * Öhlýðni ökumanns við leiðbeiningum lögreglu	kr. 4.000-11.000
<b>8. gr.</b> * Eigi vikið úr vegi fyrir ökutæki til neyðaraksturs sem gefur hljóð- eða ljósmerki	kr. 5.000
<b>10. gr.</b> * Brot á skyldum við umferðaróhapp	kr. 5.000
<b>13. gr.</b> * Bifreið ekið eftir gangstétt eða gangstíg og önnur brot gegn ákvæðum greinarinnar	kr. 4.000
<b>14. - 17. gr.</b> * Ekið á röngum vegarhelmingi, of stutt bil á milli ökutækja og önnur brot gegn ákvæðum þessara greina	kr. 4.000
<b>18. gr.</b> * Eigi virtur forgangur hópbifreiðar sem gefur merki um akstur frá auðkenndri biðstöð	kr. 4.000
<b>19. gr.</b> * Eigi vikið nægjanlega eða dregið úr hraða vegna ökutækis sem á móti kemur	kr. 3.000
<b>20. gr.</b> * Ekið ógætilega fram úr hópbifreið á biðstöð	kr. 5.000
<b>21. gr.</b> * Framúrakstur hindraður vísvitandi	kr. 5.000
<b>22. gr.</b> * Framúrakstur við vegamót	kr. 5.000
<b>24. gr.</b> * Framúrakstur við gangbraut	kr. 8.000
<b>25. gr.</b> * Eigi virtur almennur forgangur umferðar (hægri reglan) * Eigi virt biðskylda * Eigi virt stöðvunarskylda * Eigi vikið fyrir umferð á vegi sem ekið er inn á frá bifreiðastæði, lokaðri landareign o.þ.h.	kr. 5.000-11.000
<b>26. gr.</b> * Brot á skyldum gagnvart gangandi vegfarendum	kr. 7.000
<b>27. gr.</b> * Ökutæki lagt eða stöðvað þannig að það veldur óþægindum eða hættu fyrir umferðina	kr. 3.000-5.000
<b>31. gr.</b> * Brot á reglum um merki og merkjagjöf	kr. 3.000
<b>32. gr.</b> * Ökuljós eigi tendruð eða ekið með háum ljósgeisla í stað þess lága	kr. 3.000
<b>36. gr.</b> * Ekið hraðar en aðstæður leyfa	kr. 7.000-13.000

<b>37. - 38. gr.</b>						<b>kr. 7.000-12.000</b>
* Ekið hraðar en 11 - 40 km á klst. yfir leyfilegum hámarkshraða * Ef ekið er enn hraðar gildir eftirfarandi tafla:						
<i>Hraði</i>	<i>50 km</i>	<i>60 km</i>	<i>70 km</i>	<i>80 km</i>	<i>90 km</i>	
92-101	16.000					
102-106 Svipting	20.000 1 mán.	16.000				
107-111 Svipting	24.000 1 mán.	16.000 1 mán.	12.000			
112-116 Svipting	28.000 2 mán.	20.000 1 mán.	16.000			
117-121 Svipting	32.000 3 mán.	24.000 1 mán.	16.000			
122-126 Svipting	36.000 4 mán.	28.000 2 mán.	16.000 1 mán.	16.000		
127-131 Svipting	40.000 4 mán.	32.000 3 mán.	16.000 1 mán.	16.000		
132-136 Svipting	40.000 6 mán.	32.000 4 mán.	20.000 2 mán.	16.000		
137-141 Svipting	48.000 6 mán.	40.000 4 mán.	24.000 2 mán.	20.000 1 mán.	20.000	
142-146 Svipting	48.000 8 mán.	48.000 6 mán.	32.000 3 mán.	24.000 2 mán.	20.000 1 mán.	
147-151 Svipting	60.000 12 mán.	48.000 8 mán.	40.000 4 mán.	32.000 3 mán.	24.000 1 mán.	
<b>41. gr.</b>						<b>kr. 3.000</b>
* Bifhjóli ekið samhliða öðru ökutæki * Bifhjóli ekið um gangstíg eða gangstétt						
<b>42. gr.</b>						<b>kr. 4.000</b>
* Farþegi fluttur á léttu bifhjóli						
<b>43. gr.</b>						<b>kr. 4.000</b>
* Akstur torfærutækis á almennum umferðarleiðum						

<b>44. gr.</b> * Lyfjaakstur (1. brot)	kr. 20.000-47.000 Svipting: 6-12 mán.
<b>45. gr.</b> * Ölvunarakstur (1. brot)	
<i>Alkóhólmagn í blóði 0/00</i>	<i>Sekt kr.</i>
0,60-0,70	24.000
0,71-0,85	28.000
0,86-0,99	32.000
1,00-1,19	36.000
1,20-1,32	40.000
1,33 og yfir	47.000
	<i>Svipting</i>
	1 mán.
	2 mán.
	3 mán.
	4 mán.
	6 mán.
	12 mán.
<b>48. gr.</b> * Akstur bifreiðar og bifhjóls án réttinda í fyrsta og annað sinn * Ökuskírteini ekki meðferðis * Ekið án þess að hafa endurnýjað ökuskírteini * Akstur sviptur ökurétti (1. brot) Akstur sviptur ökurétti (2. brot)	kr. 3.000-7.000    kr. 47.000 kr. 93.000
<b>50. gr.</b> * Akstur bifreiðar til farþegaflutninga í atvinnuskyni án þess að hafa réttindi til þess * Akstur bifreiðar sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd eða akstur annarra ökutækja án þess að hafa fengið tilskilin réttindi til þess	kr. 7.000-13.000
<b>55. gr.</b> * Akstur dráttarvélar, vinnuvélar, léttis bifhjóls og torfærutækis án réttinda	kr. 4.000
<b>58. gr.</b> * Manni, sem ekki hefur réttindi til að stjórna ökutæki, falin stjórn þess	kr. 4.000
<b>59. gr. (sbr. reglur um gerð og búnað ökutækja)</b> * Helstu stjórnækjum ökutækis áfátt, svo sem stýrisbúnaði og hemlum, eða ökutæki verulega áfátt merkjatakjum og ljósabúnaði * Fyrir hvern óhæfan hjólbarða * Nagladekk án heimildar	kr. 3.000-7.000
<b>62. gr. (sbr. reglur um eftirvagna og tengitæki)</b> * Of margir eftirvagnar eða tengitæki * Bifhjól notað til þess að draga eftirvagn eða tengitæki	kr. 4.000-7.000
<b>63. gr.</b> * Notkun skráningarskylds ökutækis, án skráningar þess	kr. 7.000-13.000
<b>64. gr.</b> * Vanrækt að tilkynna eigendaskipti * Skráningarmarki vantar eða eru ógreinileg * Skráningarmarki vísitandi gerð ógreinileg	kr. 3.000-5.000
<b>67. gr.</b> * Vanrækt að færa ökutæki til aðalskoðunar eða endurskoðunar	kr. 3.000-7.000
<b>71. gr.</b> * Öryggisbelti eða annar öryggis- og verndarbúnaður ekki notaður þegar skylt er	kr. 3.000-4.000
<b>72. gr.</b> * Ökumaður eða farþegi á bifhjóli án hlífðarhjálms	kr. 3.000
<b>73. - 75. gr.</b> * Óhæfilega gengið frá farmi eða breidd eða hæð ökutækis of mikil * Fyrir hvern farþega sem ofaukið er	kr. 3.000-7.000

<b>76. gr.</b>	
* Áspungi allt að 10% umfram leyfilegt hámark	<b>kr. 11.000</b>
* Áspungi allt að 20% umfram leyfilegt hámark	<b>kr. 19.000</b>
* Áspungi allt að 30% umfram leyfilegt hámark	<b>kr. 27.000</b>
* Áspungi meiri en 30% umfram leyfilegt hámark	<b>kr. 35.000</b>
<b>77. gr.</b>	
* Munir eða tæki skilin eftir á alfaraleið til hættu eða óþæginda fyrir umferð	<b>kr. 4.000</b>

## REGLUGERÐ

### um ökuferilsskrá og punktakerfi vegna umferðarlagabrota.

#### I. KAFLI

#### Um ökuferilsskrá.

##### 1. gr.

##### *Landsskrá um ökuferil.*

Ríkislögreglustjóri skal halda landsskrá um ökuferil ökumanna og punktafjölda sem þeir ávinna sér vegna umferðarlagabrota samkvæmt reglugerð þessari.

##### 2. gr.

##### *Færsla ökuferilsskrár.*

Lögreglustjórar, hver í sínu umdæmi, skulu færa upplýsingar í ökuferilsskrá og er hún hluti af tölvutækri málaskrá lögreglu.

##### 3. gr.

##### *Brot sem færa skal í ökuferilsskrá.*

Í ökuferilsskrá skal færa upplýsingar um umferðarlagabrot sem varða ökumenn og byggðar eru á kærum lögreglumanna. Einnig skal færa í skrána upplýsingar um öll umferðarslys sem lögregluskýrslur hafa verið ritaðar um.

Færa skal í skrána upplýsingar sem berast frá lögregluþvöldum erlendis um umferðarlagabrot manna búsettra hér á landi.

##### 4. gr.

##### *Upplýsingar í ökuferilsskrá.*

Eftirfarandi upplýsingar skulu skráðar í ökuferilsskrá ef þær liggja fyrir:

1. Nafn, kennitala og heimili ökumanns.
2. Upprunanúmer máls í málaskrá.
3. Um ökuskírteini ökumanns og ökuréttindi.
4. Númer og dagsetning kæru.
5. Skráningarkerfi og fastnúmer ökutækis.
6. Tímasetning atburðar og brotavettvangur.
7. Lýsing brots eða umferðaróhapps.
8. Heimfærsla til refsíákvæða.
9. Upphafs- og lokadagur sviptingar ökuréttar.
10. Nafn skrásetjara.
11. Punktafjöldi vegna brots.
12. Heildarpunktafjöldi ökumanns á síðustu þremur árum.
13. Annað það er máli kann að skipta.



## 5. gr.

*Grundvöllur skráningar.*

Ökuferilsskrá skal geyma upplýsingar sem byggðar eru á fyrirliggjandi lögregluskýrslum og öðrum rannsóknargögnum.

## 6. gr.

*Eftirlit með upplýsingum.*

Lögreglustjórar, hver í sínu umdæmi, skulu sjá til þess að upplýsingar séu rétt færðar í ökuferilsskrá og að skráin verði nýtt til eftirlits með ökuferli manna sem búsettir eru í umdæmi þeirra til aðhalds og í forvarnarskygni.

## II. KAFLI.

**Um punktakerfi vegna umferðarlagabrota.**

## 7. gr.

*Svipting ökuréttar.*

Nú hefur maður á allt að þriggja ára tímabili gerst sekur um þrjú eða fleiri brot á umferðarlögum eða reglum samkvæmt þeim og náð tilteknum punktafjölda samkvæmt skrá um vægi brota í punktakerfi, sem birt er sem viðauki við reglugerð þessa, og skal hann þá sviptur ökurétti í þrjá mánuði til viðbótar þeim viðurlögum sem við síðasta broti hans kunna að liggja.

## 8. gr.

*Punktafjöldi til sviptingar ökuréttar.*

Ökumaður skal sviptur ökurétti þegar hann hefur hlotið samtals 12 punkta.

Ökumaður með bráðabirgðaökuskírteini, sbr. 2. mgr. 51. gr. umferðarlaga, skal sviptur ökurétti þegar hann hefur hlotið samtals 7 punkta, þó ekki fyrr en við þriðja brot.

## 9. gr.

*Málsmeðferð lögreglustjóra.*

Lögreglustjóri skal ætíð haga málsmeðferð umferðarlagabrota í samræmi við punktafjölda viðkomandi ökumanns.

## 10. gr.

*Punktakerfi og önnur viðurlög.*

Ákvörðun um sviptingu ökuréttar vegna uppsafnaðra punkta skal tekin samhliða ákvörðun annarra viðurlaga vegna þess brots sem varð þess valdandi að ökumaður hlaut tilskilinn fjölda punkta til sviptingar ökuréttar. Varði viðkomandi brot eitt og sér sviptingu ökuréttar bætist þriggja mánaða svipting vegna uppsafnaðra punkta við þann sviptingartíma sem ella hefði verið ákveðinn.

## 11. gr.

*Færsla punkta í ökuferilsskrá.*

Punktar vegna umferðarlagabrota skulu færðir í ökuferilsskrá þegar brot ökumanns hefur verið staðreynt með einhverjum eftirfarandi hætti:

1. Greiðslu sektar.
  2. Undirritun lögreglustjórásáttar.
  3. Dómi eða viðurlagaákvörðun í opinberu máli.
- Brot ökumanna sem ekki hafa ökuréttindi varða einnig punktum.

## 12. gr.

*Samlagning punkta.*

Nú hefur ökumaður með sama verknaði gerst brotlegur við tvö eða fleiri ákvæði umferðarlaga eða reglna samkvæmt þeim, sem varða færslu punkta í ökuferilsskrá, og skulu þá punktar vegna allra brotanna lagðir saman.

## 13. gr.

*Brottfall punkta.*

Réttaráhrif punkta falla niður:

1. Að liðnum þremur árum frá þeim degi er brot var framið.
2. Þegar ákvörðun um sviptingu ökuréttar á grundvelli uppsafnaðra punkta hefur verið tekin falla niður þeir punktar sem eru grundvöllur þeirrar ökuréttarsviptingar.
3. Þegar ákvörðun um viðurlög vegna brots, sem varðað hefur færslu punkta, er felld úr gildi.

## 14. gr.

*Frestun brotfalls punkta vegna meðferðar máls.*

Gerist ökumaður sekur um umferðarlagabrot á þriggja ára tímabili, sem jafngilda 12 punktum (7 ef ökumaður er með bráðabirgðaökuskírteini) eða meira, falla punktar hans þó ekki niður fyrir en málsmeðferð er endanlega lokið vegna síðasta brotsins.

Nú hefur ökumaður framið brot og málsmeðferð er ekki lokið þegar hann nær síðar 12 punktum (7 ef ökumaður er með bráðabirgðaökuskírteini) á þriggja ára tímabili vegna annarra brota og skal þá þegar svipta hann ökurétti án tillits til óafgreiddra mála. Punktar sem hann síðar fær vegna brots, sem hann gerðist sekur um áður en ákvörðun um sviptingu ökuréttar vegna punktastöfnunar var tekin, falla ekki niður fyrir en að liðnum þremur árum frá því að það brot var framið.

## 15. gr.

*Viðvörðun til ökumanns.*

Ríkislögreglustjóri skal gefa út viðvörðun til ökumanns þegar 8 punktar hafa verið færðir í ökuferilsskrá hans á þriggja ára tímabili. Slíka viðvörðun skal þó gefa út til ökumanns með bráðabirgðaökuskírteini þegar 3 punktar hafa verið færðir í ökuferilsskrá hans.

Það kemur ekki í veg fyrir sviptingu ökuréttar þótt viðvörðun berist ekki ökumanni áður en tilskildum punktastöðla er náð.

## III. KAFLI

**Gildistaka**

## 16. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 52. gr. og 2. mgr. 101. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 57 22. maí 1997, öðlast gildi 15. september 1997.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. júní 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Benedikt Bogason.*

## VIÐAUKI

**Skrá um vægi brota í punktakerfi.**

Brot á eftirfarandi ákvæðum umferðarlaga eða reglum samkvæmt þeim varða punktum samkvæmt þessari skrá.

	Punktur
<b>5. gr.</b>	
Akstur gegn rauðu umferðarljósi	4
Ekið gegn einstefnu	2
Ekið fram úr þar sem bannað er	3
Öhlýðni ökumanns við leiðbeiningum lögreglu	2
<b>10. gr.</b>	
Brot á skyldum við umferðaróhapp	2
<b>13. gr.</b>	
Bifreið ekið eftir gangstétt eða gangstíg og önnur brot gegn ákvæðum greinarinnar	1
<b>14. - 17. gr.</b>	
Ekið á röngum vegarhelmingi, of stutt bil milli ökutækja og önnur brot gegn ákvæðum þessara greina	1
<b>18. gr.</b>	
Eigi virtur forgangur hópbifreiðar sem gefur merki um akstur frá auðkenndri biðstöð	1
<b>19. gr.</b>	
Eigi vikið nægjanlega eða dregið úr hraða vegna ökutækis sem á móti kemur	1
<b>20. gr.</b>	
Ekið ógætlega fram úr hópbifreið á biðstöð	2
<b>21. gr.</b>	
Framúrakstur hindraður vísvitandi	2
<b>22. gr.</b>	
Framúrakstur við vegamót	2
<b>24. gr.</b>	
Framúrakstur við gangbraut	2
<b>25. gr.</b>	
Eigi virtur almennur forgangur umferðar (hægri reglan)	1
Eigi virt biðskylda	2
Eigi virt stöðvunarskylda	3
<b>26. gr.</b>	
Brot á skyldum gagnvart gangandi vegfarendum	1
<b>27. gr.</b>	
Ökutæki lagt eða stöðvað þannig að það veldur óþægindum eða hættu fyrir umferðina	1
<b>32. gr.</b>	
Ökuljós eigi tendruð eða ekið með háum ljósgeisla í stað þess lága	1
<b>36. gr.</b>	
Ekið hraðar en aðstæður leyfa	1
<b>37. og 38. gr.</b>	
Ekið allt að 20 km á klst. yfir leyfilegum hámarkshraða	1
Ekið 21-30 km á klst. yfir leyfilegum hámarkshraða	2
Ekið 31-40 km á klst. yfir leyfilegum hámarkshraða	3
Ekið 41 km á klst. eða meira yfir leyfilegum hámarkshraða	4
<b>41. gr.</b>	
Bifhjóli ekið samhliða öðru ökutæki	1
Bifhjóli ekið um gangstétt eða gangstíg	1
<b>48. gr.</b>	
Akstur bifreiðar eða bifhjóls án réttinda í fyrsta og annað sinn	2
<b>64. gr.</b>	
Skráningarmerki vantar eða eru ógreinileg	1
Skráningarmerki vísvitandi gerð ógreinileg	2
<b>71. gr.</b>	
Öryggisbelti eða annar öryggis- og verndarbúnaður ekki notaður þegar skylt er	1
<b>72. gr.</b>	
Ökumaður eða farþegi á bifhjóli án hlífðarhjálms	1

## AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra um breytingu á auglýsingu nr. 8/1994, í Lögbirtingablaði um reglur um stofn til virðisaukaskatts (skattverð) í byggingarstarfsemi.

### 1. gr.

Liðir A og B í grein 2.1 orðast svo:

#### A. Eigin vinna byggingaraðila.

- Miða skal við lágmarksendurgjald skv. 3.0.
- Við framangreint bætist álag skv. lið 2.2.

#### B. Vinna starfsmanna.

- Miða skal við greidd laun, þ.m.t. eru fæðispeningar, fatapeningar, verkfæragjald, ferða- og flutningsgjald o.fl. Þegar ekki er um að ræða launagreiðslur, heldur skiptivinnu o.s.frv., skal miða þennan þátt kostnaðarins við a.m.k. lágmarksendurgjald samkvæmt lið 3.
- Við framangreint bætist álag skv. lið 2.2.

### 2. gr.

1. Núverandi grein 2.2 fellur brott og í stað hennar kemur ný grein svohljóðandi:

#### 2.2 Álag á laun m.a. fyrir launatengdum gjöldum, föstum kostnaði og ágóða.

Í álagi þessu felast m.a. eftirfarandi kostnaðarliðir: lífeyrissjóðsgjald, sjúkrasjóðsgjald, orlofssjóðsgjald, tryggingargjald, ábyrgðargjald, slysatryggingar, orlof, veikindi, sérstakir frídagar, stjórnunarkostnaður og ágóði.

Margfalda skal greidd laun eða laun ákvörðuð samkvæmt lið 3.0 með eftirfarandi hækkunarstuðlum:

#### Hækkunarstuðull

a. Sérfræðingar, t.d. arkitektar og verkfræðingar .....	2,15
b. Iðnaðarmenn og verkamenn á verkstæði .....	1,67
c. Iðnaðarmenn og verkamenn á byggingarstað .....	1,46

Sú fjárhæð sem þannig fæst telst skattverð viðkomandi liða.

2. Grein 2.4 verður að grein 2.3. og grein 2.5 verður að grein 2.4.

### 3. gr.

Í stað fimm fyrstu málsliða í grein 3.0 kemur eftirfarandi:

Liggi almennt gangverð útseldrar vinnu byggingaraðila ekki fyrir skal miða skattverð við lágmarksendurgjald í eftirfarandi gjaldflokkum. Lágmarksverð þetta byggist á reiknuðu endurgjaldi skv. 6. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með áorðnum breytingum. Orlof er ekki meðtalið þar sem það er hluti álags samkvæmt lið 2.2. Við lágmarksverð skv. þessum lið skal bæta álagi samkvæmt lið 2.2.

### 4. gr.

Reglur þessar eru settar með stoð í 8. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 576/1989, um virðisaukaskatt af byggingarstarfsemi, og taka gildi 1. júlí 1997.

Reykjavík, 27. júní 1997.

**Guðrún Helga Brynleifsdóttir**, vararíkisskattstjóri.

## REGLUGERÐ

### um rannsókn og saksókn efnahagsbrota.

#### 1. gr.

Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra annast rannsókn fjármunabrota, sem falla undir skilgreiningu 3. gr. og saksókn þeirra í héraði.

Deildin getur tekið við málum á sinu sviði frá staðarlögreglu, en einnig hafið rannsókn að eigin frumkvæði.

Í fyrirvari deildarinnar er saksóknari, sem annast meðferð mála í umboði ríkislögreglustjóra.

Ríkissaksóknari getur gefið saksóknara fyrirmæli um einstök mál, kveðið á um rannsókn máls, mælt fyrir um framkvæmd rannsókna og fylgst með henni.

#### 2. gr.

Ríkislögreglustjóri höfðar opinber mál sem efnahagsbrotadeildin rannsakar, önnur en þau sem ríkissaksóknari höfðar samkvæmt 27. gr. laga um meðferð opinberra mála, og flytur þau í héraði. Ríkislögreglustjóri getur falið vararíkislögreglustjóra, saksóknara og löglærðum fulltrúum sínum flutning mála fyrir héraðsdómi.

#### 3. gr.

Efnahagsbrotadeildin annast rannsókn alvarlegra brota á 247. – 250. gr., 253. gr., 254. gr. og XXVII. kafla almennra hegningarlaga. Deildin annast jafnframt rannsókn brota á skattalögum, tollalögum (tollsvik), lögum sem varða gjaldeyrismál, verðlagsmál, verðbréfa- og lánsviðskipti, umhverfisvernd, vinnuvernd og stjórn fiskveiða, svo og rannsókn annarrar refsiverðrar háttsemi í hagnaðarskyni, sem fer fram kerfisbundið og reglulega í annars lögregli atvinnustarfsemi lögaðila eða einstaklinga. Nú þykir mál samkvæmt 2. másl. smávægilegt og getur ríkislögreglustjóri þá, ef hann telur það hagfelldara, ákveðið að hlutaðeigandi lögreglustjóri fari með rannsókn þess.

Nú er vafi um hvort mál skuli rannsakað af hálfu efnahagsbrotadeildar eða lögreglustjóra og ákveður ríkislögreglustjóri þá hvernig með skuli fara. Við ákvörðunina skal sérstaklega tekið tillit til eftirfarandi atriða:

- a. umfangs rannsókna og hversu margslungið mál er,
- b. verðmæta eða fjármuna, sem rannsókn lýtur að,
- c. hvort mál eða viðskipti, sem rannsókn lýtur að, tengist öðru landi,
- d. hvort um er að ræða brotastarfsemi í atvinnurekstri eða aðra skipulagða brotastarfsemi,
- e. hvort mál hefur grundvallarþýðingu ef tekið er mið af almannahagsmunum og hvort það hefur fordæmisgildi.

#### 4. gr.

Efnahagsbrotadeildin getur, eftir beiðni lögreglustjóra, yfirtekið rannsókn efnahagsbrots, sem lögreglustjóri hefur haft með höndum.

Lögreglustjóri skal þegar á frumstigi rannsókna gera efnahagsbrotadeildinni viðvart um stórfelld og alvarleg efnahagsbrotamál, sem koma til rannsókna í umdæmi hans.

Efnahagsbrotadeildin getur hafið rannsókn máls að eigin frumkvæði. Deildin skal, ef þess er kostur, gera viðkomandi lögreglustjóra viðvart um rannsóknina áður en hún hefst. Deildin getur einnig ákveðið að taka í sínar hendur rannsókn sem hafin er hjá lögreglustjóra.

Ríkissaksóknari sker úr ágreiningi um hver fari með rannsókn máls.

## 5. gr.

Efnahagsbrotadeildin og viðkomandi lögreglustjóri geta, ef hagfellt þykir, gert samkomulag um að skipa rannsóknarhóp með starfsmönnum frá deildinni og viðkomandi lögregluumdæmi til að rannsaka mál sem deildin hefur yfirtekið.

## 6. gr.

Komi fram í máli, sem efnahagsbrotadeild rannsakar, upplýsingar um önnur ætluð refsiverð brot, sem ekki heyra undir verksvið deildarinnar, skal deildin allt að einu rannsaka þau, enda sé augljóslega hagfelldast að ljúka málinu í heild.

## 7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 3. mgr. 5. gr. og 3. mgr. 8. gr. lögreglulaga nr. 90 13. júní 1996, öðlast gildi 1. júlí 1997.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. júní 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Þorsteinn Geirsson.*

## REGLUGERÐ

### um útflutning á kindakjöti.

## I. KAFLI

#### Útflutningskylda framleiðenda og sláturleyfishafa.

## 1. gr.

Reglugerð þessi tekur til útflutnings á kindakjöti sem framleitt er á árinu 1997.

Eigendum sláturfjár, hvort sem þeir eru beingreiðsluhafar eða ekki, er skylt að taka þátt í útflutningi og sæta útflutningsuppgjöri fyrir framleiðslu sína árið 1997 í því hlutfalli sem landbúnaðarráðherra auglýsir fyrir 1. september 1997. Heimilt er að ákveða mismunandi hlutfall útflutnings fyrir dilkakjöt og fyrir kjöt af fullorðnu fé. Útflutningshlutfall skal reikna af allri framleiðslu viðkomandi aðila eftir gæðaflokkum, með þeim undantekningum sem reglugerð þessi kveður á um.

## 2. gr.

Sláturleyfishafi, sem tekur á móti sauðfé til slátrunar, er ábyrgur fyrir því að útflutningsskil eigenda þess sláturfjár er hann tekur við fari fram eftir ákvörðun ráðherra um útflutningshlutfall. Þó skal eiganda sláturfjár heimilt að gera samning við einn sláturleyfishafa um að annast allan útflutning fyrir sig þótt hann slátri einnig hjá öðrum sláturleyfishöfum. Slíkir samningar skulu miðast við að slátrað sé hjá þeim sláturleyfishafa sem samið er um útflutning við fyllilega útflutningsskyldu viðkomandi framleiðanda. Afrit af þeim samningi skal framleiðandi afhenda þeim sláturleyfishöfum sem hann óskar eftir að vera undanþeginn útflutningsskyldu hjá, eigi þeim að vera heimilt að taka við framleiðslu hans án útflutningsskyldu. Afrit skal einnig sent til Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Sé innlegg eiganda sláturfjár, sem samið hefur við einn sláturleyfishafa um fullnustu útflutningsskyldu, minna hjá þessum sláturleyfishafa en nemur reiknaðri útflutningsskyldu, sbr. 4. gr., bera aðrir sláturleyfishafar, sem viðkomandi sláturfjäreigandi skiptir við, ábyrgð

á útflutningsskilum á því magni sem eftir stendur í réttu hlutfalli við slátrun sláturfjáreigandans hjá þeim.

Annist sláturleyfishafi slátrun án þess að sjá um sölu afurðanna, skal hann krefja eiganda sláturfjár um tryggingu fyrir útflutningsgjaldi sem eigandanum ber að greiða samkvæmt 7. gr., ella skal hann afhenda sláturleyfishafa það magn kjöts sem nemur útflutningsskyldu hans.

Sláturleyfishafa er skylt að tilkynna Framleiðsluráði landbúnaðarins um slátrun hvers mánaðar eigi síðar en 10. næsta mánaðar. Í tilkynningunni skal koma fram hver sé eigandi sláturfjár, fjöldi þess, magn í kg og skipting í gæðaflokka ásamt upplýsingum um hvort sláturleyfishafi annist sölu afurða eða ekki, samkvæmt nánari reglum sem Framleiðsluráð landbúnaðarins setur.

Lokauppgjör á beingreiðslum almanaksárið 1997 fer ekki fram fyrir en útflutningsuppgjör er lokið.

### 3. gr.

Undanþegin útflutningsskyldu og/eða útflutningsgjaldi er:

- a. Framleiðsla til heimanota allt að 240 kg á viðkomandi lögbýli, með skráð sauðfé á forðagæsluskýrslu haustið 1996 og 180 kg á skráðan sauðfjáreiganda í þéttbýli.
- b. Framleiðsla kindakjöts á lögbýlum, sem hafa staðfestingu búfjárefirlitsmanns á að framleiðendur hafi samanlagt ekki fleiri en 0,7 vetrarfóðraðar kindur á hvert ærgildi greiðslumarks samkvæmt talningu í apríl 1997 enda hafi þeir skuldbundið sig skriflega til að leggja aðeins inn afurðir þess fjár. Stundi sami aðili sjálfstæðan rekstur á tveimur eða fleiri lögbýlum, skulu framangreind skilyrði vera uppfyllt fyrir bæði eða öll lögbýlin áður en undanþága er veitt. Stundi tveir eða fleiri aðilar sjálfstæðan rekstur á sama lögbýli og sé greiðslumark þeirra jafnframt aðgreint í greiðslumarksskrá, nægir að einn eða fleiri þeirra uppfylli framangreind skilyrði til að fá undanþágu fyrir sína framleiðslu þótt lögbýlið í heild uppfylli þau ekki.
- c. Framleiðsla dilkakjöts sem á sér stað fyrir 1. september 1997 eða eftir 31. október 1997 og framleiðsla kjöts af fullorðnu fé sem á sér stað fyrir 1. september 1997 og eftir 30. nóvember 1997, enda sé framleiðslan sett fersk á markað innanlands eða flutt á erlendan markað.

### 4. gr.

Útreikningur á skiptingu magns hvers eiganda sláturfjár til sölu innanlands, til heimanota eða til útflutnings skal fara fram í lok sláturtíðar, þó eigi síðar en 1. desember 1997 vegna slátrunar sauðfjár í janúar-október.

Sláturleyfishöfum er skylt að flytja út kindakjöt að jafnvirði þess kjöts sem þeir hafa tekið til útflutnings af eigendum sláturfjár, metið eftir verði til framleiðenda, sbr. þó ákvæði 3. gr. Skal það annarsvegar reiknað fyrir dilkakjöt og hinsvegar fyrir kjöt af fullorðnu. Við kjötskipti skal útflutningsskyldan reiknuð á sama hátt.

Framleiðsluráð landbúnaðarins reiknar út og skráir útflutningsskyldu eða greiðsluskyldu afurðastöðva og eigenda sláturfjár og annast uppgjör við þá og hefur jafnframt eftirlit með framkvæmd útflutningsins.

## II. KAFLI

### Gjöld og nýting markaða.

#### 5. gr.

Greiða skal sérstakt gjald, sem nemur kr. 30 á kg af magni kjöts sem hverjum framleiðanda er skylt að taka þátt í útflutningi með, sbr. ákvæði 1. og 2. gr. þessarar reglugerðar. Hver afurðastöð er ábyrg fyrir greiðslu gjaldsins, sem dregst frá því verði sem afurðastöð greiðir til framleiðenda en skal innheimt með sláturkostnaði sé um verktaka-

slátrun að ræða. Framleiðsluráð landbúnaðarins annast innheimtu og vörslu gjaldsins. Gjaldldagi er 25. dag næsta mánaðar eftir útflutningsmánuð fyrir það kjöt sem er innlagt, en 25. dag næsta mánaðar eftir slátrun þegar um verktakaslátrun er að ræða.

#### 6. gr.

Uppgjör á endurgreiðslu gjalds sem innheimt er samkvæmt 5. gr. fer fram þegar lokið er útflutningi/sölu á því magni kindakjöts sem er útflutningsskylt. Framleiðsluráð landbúnaðarins endurgreiðir gjaldið eftir þessum reglum:

- a. Á kjöt sem hefur lífræna eða vistræna vottun, ferskt kjöt og unnið kjöt ferskt eða frosið endurgreiðist gjaldið að öllu leyti án tafar. Sama á við um kjöt sem er undanþegið útflutningsskyldu samkvæmt 7. gr. Skal miðað við hlutfall verðmæta og magns af heilum skrokki skv. meðalverði á unnum kjöthlutum og áætlunum sem Framleiðsluráð landbúnaðarins gerir. Til að kjöt, sem fellur undir 2. kafla tollskrár teljist unnið, skal það vera úrbeinað eða meira unnið. Kjöt, sem unnið hefur verið í neytendaumbúðir telst hér með svo og kjötvörur í 16. kafla tollskrár. Framleiðsluráð landbúnaðarins staðfestir verðmætamat og hvort vinnsla kjötsins gerir það endurgreiðsluhæft skv. þessum ákvæðum.
- b. Á kjöt sem flutt er út óunnið skal greiða uppbót á skilaverð þannig að jafnaður verði með sama hlutfalli, sá munur sem er milli meðalverðs fyrir útflutning og verðs þess útflutnings sem nær ekki meðalverði.
- c. Sé um útflutning á sundurhlutuðu kjöti að ræða skal miða við hlutfall verðmæta og magns af heilum skrokki skv. meðalheildsöluverði kjöthlutanna skv. verðtöku Framleiðsluráðs landbúnaðarins.
- d. Í stað jöfnunar milli slátruhúsa eftir markaðsmöguleikum við útflutning, getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að fegnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins, að greiða framlag til jöfnunar á flutningskostnaði sláturfjár, sem nemur allt að kr. 0,80 á kind á km sem flutt er umfram 100 km vegalengd, sé flutt í næsta slátruhús með ESB eða USA leyfi. Ákvörðun þessi getur gilt fyrir ákveðin slátruhús eða landsvæði.

#### 7. gr.

Landbúnaðarráðherra auglýsir fyrir 1. september 1997 að fegnum tillögum Framkvæmdanefndar búvörusamninga, útflutningsgjald sem sláturleyfishöfum eða eigendum sláturfjár ber að greiða af því magni sem þeir flytja ekki út en ber að flytja út skv. 1. gr. Gjaldið skal svara til mismunar á heildsöluverði og viðmiðunarverði sem miðast við meðalverð f.o.b. við útflutning á undangegnum tólf mánuðum.

Framleiðsluráð landbúnaðarins ráðstafar þeim fjármunum sem innheimtir eru skv. þessari gr. til kaupa á kindakjöti til útflutnings. Sérstakt gjald sem innheimt er skv. 5. gr. endurgreiðist á þennan útflutning að fullu.

### III. KAFLI Skipulag útflutnings.

#### 8. gr.

Þegar ákvörðun landbúnaðarráðherra um útflutningsskyldu liggur fyrir skal Framleiðsluráð landbúnaðarins birta sláturleyfishöfum áætlun um útflutningsþörf kindakjöts hjá hverjum þeirra, eigi síðar en 14 dögum eftir að ákvörðun ráðherra liggur fyrir.

#### 9. gr.

Sláturleyfishafar skulu innan 14 daga frá því að þeim berst tilkynning samkvæmt 8. gr. gera Framleiðsluráði landbúnaðarins grein fyrir því hvornig þeir ætla að afsetja það kjöt sem er skylt að flytja út. Þær tilkynningar skulu bera með sér hvort:



- a. Sláturleyfishafi ætli að verka til útflutnings það magn sem honum ber að flytja út og annast útflutning þess. Gera skal grein fyrir þeim mörkuðum sem ætlað er að flytja á; á hvaða markaði, í hvaða formi og á hvaða verði.
- b. Sláturleyfishafi hafi samið við annan sláturleyfishafa um að hann uppfylli útflutnings-skyldu skv. a-lið að meira eða minna leyti. Koma skulu fram sömu atriði og undir a-lið.
- c. Sláturleyfishafi eigi þess ekki kost að verka kjöt til útflutnings eða semja við annan sláturleyfishafa um að uppfylla útflutningsskyldu sína og óski eftir því að greiða gjald vegna útflutningskvaðar skv. 7. gr. að hluta eða öllu leyti.

Framleiðsluráð landbúnaðarins fer yfir tilkynningar sláturleyfishafa og gerir tillögur til landbúnaðarráðherra um útflutning. Telji Framleiðsluráð nauðsynlegt að skipta útflutningi milli sláturleyfishafa eftir mörkuðum skal það tilkynna landbúnaðarráðherra um þá skiptingu og gera tillögu um leyfisveitingar. Óheimilt er að flytja til þeirra markaða, sem um ræðir, nema að fengnu leyfi landbúnaðarráðherra. Á sama hátt er þeim aðilum skylt að leita leyfis, sem ætla að njóta verðjöfnunar við útflutning samkvæmt 6. gr. Útflutningur sláturleyfishafa á markaði sem ákveðið hefur verið að skipta, umfram það sem viðkomandi hefur fengið leyfi til, telst ekki fullnægja útflutningsskyldu, samkvæmt 1. gr. þessarar reglugerðar.

10. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 70. gr. laga nr. 99 8. september 1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99 8. september 1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um útflutning á kindakjöti nr. 422 24. júlí 1996.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 20. júní 1997.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Jón Höskuldsson.*

## REGLUGERÐ

**um afnám reglugerðar nr. 589/1996  
um bann við rækjuveiðum á Skjálfandadjúpi  
með áorðnum breytingum.**

1. gr.

Reglugerð nr. 589/1996 um bann við rækjuveiðum á Skjálfandadjúpi með áorðnum breytingum er hér með felld úr gildi.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 23. júní 1997.*

F. h. r.

**Árni Kolbeinsson.**

*Pórður Eyþórsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 56 – 1997

---

26. júní 1997

849

Nr. 409

## AUGLÝSING

### um leyfilegan hámarksafli skipa frá Grænlandi, Noregi og Færeyjum af loðnu í fiskveiðilandhelgi Íslands.

#### 1. gr.

Leyfilegur hámarksafli skipa frá Grænlandi, Noregi og Færeyjum af loðnu í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. reglugerð nr. 374/1997, um loðnuveiðar erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, er eftirfarandi:

Skip frá Grænlandi:	139.150 lestir
Skip frá Noregi:	80.490 lestir
Skip frá Færeyjum:	21.225 lestir

#### 2. gr.

Þegar hámarksafli skv. 1. gr. er náð falla veiðileyfi skipa frá viðkomandi landi niður, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 374/1997 um loðnuveiðar erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

#### 3. gr.

Brot á auglýsingu þessari varða refsingu skv. 15. gr. reglugerðar nr. 374/1997, um loðnuveiðar erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, laga nr. 38, 15. maí 1990 um stjórn fiskveiða ásamt síðari breytingum, laga nr. 13, 30. mars 1992 um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands og laga nr. 57, 3. júní 1996 um umgengni um nytjastofna sjávar.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 26. júní 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

## REGLUGERÐ

### um leyfilegan hámarksafla íslenskra loðnuveiðiskipa á vertíðinni 1997/1998.

#### 1. gr.

Á loðnuvertíðinni 1997/1998, sbr. reglugerð nr. 373/1997, um loðnuveiðar 1997/1998, er íslenskum veiðiskipum heimilt að veiða 569.475 lestir af loðnu.

#### 2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. reglugerðar nr. 373/1997 um loðnuveiðar 1997/1998, er íslenskum veiðiskipum heimilt að veiða allt að 8.000 lestum af loðnu sunnan 64°30'N í lögsögu Grænlands.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. júní 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

Árni Kolbeinsson.

# STJÓRNARTÍÐINDI B 57 – 1997

30. júní 1997

851

Nr. 411

## REGLUGERÐ

### um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og beingreiðslur til bænda verðlagsárið 1997-1998.

1. gr.

#### *Heildargreiðslumark og greiðslumark lögbýla.*

Heildargreiðslumark til framleiðslu mjólkur verðlagsárið 1997-1998 skal vera 102 milljónir lítra og skiptist í greiðslumark lögbýla. Greiðslumark lögbýla reiknast í líturum mjólkur og skiptist hlutfallslega milli lögbýla á sama hátt og greiðslumark til framleiðslu mjólkur á verðlagsárinu 1996-1997.

2. gr.

#### *Aðilaskipti að greiðslumarki.*

Heimil eru aðilaskipti að greiðslumarki á milli lögbýla. Sé ábúandi lögbýlis annar en eigandi/eigendur þess þarf samþykki beggja/allra fyrir ráðstöfun greiðslumarks frá lögbýli.

Nú á framleiðandi fleiri en eitt lögbýli eða flytur af einu lögbýli á annað og er þá heimilt að sameina greiðslumark beggja lögbýlanna með þeim takmörkunum sem um getur í 1. mgr. Á sama hátt er landbúnaðarráðherra heimilt að flytja greiðslumark milli lögbýla í eigu ríkisins.

Aðilaskipti greiðslumarks skulu tilkynnt á þar til gerðum eyðublöðum sem Framleiðsluráð landbúnaðarins lætur í té og liggja frammi á skrifstofum búnaðarsambanda. Með tilkynningu um aðilaskipti að greiðslumarki skal fylgja staðfesting um eignarhald á lögbýlinu. Þá skal seljandi leggja fram þinglýsingarvottorð fyrir það lögbýli sem selt er frá og skriflegt samþykki allra veðhafa fyrir sölnunni.

Tilkynningar um aðilaskipti fyrir verðlagsárið 1997-1998 skulu hafa borist Framleiðsluráði landbúnaðarins í síðasta lagi 20. apríl 1998 til að þau taki gildi á verðlagsárinu. Aðilaskiptin taka fyrst gildi þegar staðfesting Framleiðsluráðs landbúnaðarins liggur fyrir.

3. gr.

#### *Nýting greiðslumarks lögbýla.*

Afurðastöð skal greiða framleiðanda fullt verð innan greiðslumarks samkvæmt gildandi verðlagsgrundvelli á innleggsdegi.

Greiðslutilhögun vegna framleiðslu umfram greiðslumark skal vera með eftirfarandi hætti:

- a) Fyrstu 4% sem framleiðandi framleiðir umfram greiðslumark sitt hefur forgang að greiðslum frá afurðastöð sé ónotað greiðslumark þá fyrir hendi á viðkomandi mjólkursamlagssvæði.

- b) Verði enn ónotað greiðslumark á samlagssvæði gengur það til annarra svæða til nýtingar allt að 104% greiðslumarks.
- c) Verði enn ónotað greiðslumark, greiðist hlutfallslega á það sem er umfram 104% greiðslumarks á landinu öllu, enda liggi fyrir heimild Framleiðsluráðs, sbr. 3. mgr.

Framleiðsla, umfram það magn sem unnt er að greiða fyrir skv. staflíðum a-c að ofan, skal markaðsfærð erlendis, þó getur Framleiðsluráð landbúnaðarins heimilað sölu hennar innanlands ef gengið hefur á birgðir þannig að fyrirsjáanlegur sé skortur á mjólk.

#### 4. gr.

##### *Brottfall og geymsla greiðslumarks.*

Greiðslumark sem ekki hefur verið nýtt til framleiðslu að neinu leyti í full tvö verðlagsár er landbúnaðarráðherra heimilt að fella niður að fengnu samþykki handhafa greiðslumarks.

Heimilt er framleiðanda að leggja greiðslumark lögbýlisins inn til geymslu til 31. ágúst 1998 og sætir það þá sömu breytingum og annað greiðslumark.

#### 5. gr.

##### *Beingreiðslur.*

Beingreiðsla er framlag úr ríkissjóði til framleiðanda mjólkur og skal svara til 47,1% af framleiðslukostnaði mjólkur samkvæmt verðlagsgrundvelli á innleggsdegi. Dreifing beingreiðslna og fráviksmörk skulu vera með eftirfarandi hætti:

- A: 57,54% skal greiða óháð framleiðslu, að því tilskildu að framleiðsla lögbýlisins sé a.m.k. 80% greiðslumarks á tímabilinu. Greiða skal 1. hvers mánaðar, 1/12 hluta, í fyrsta sinn 1. september 1997.
- B: 25,48% skal greiða eftir framleiðslu. Greiða skal 1. hvers mánaðar fyrir innlegg næstsíðasta mánaðar, í fyrsta sinn 1. nóvember 1997.
- C: 16,98% skal greiða með jöfnum hlutfallslegum fjárhæðum fyrir innlegg í mánuðunum nóvember til febrúar. Greiða skal 1. hvers mánaðar fyrir innlegg næstsíðasta mánaðar, í fyrsta sinn 1. janúar 1998.

Að því marki sem beinar greiðslur ganga ekki út eftir uppgjör innan greiðslumarks skal greitt út á framleiðslu umfram greiðslumark þó þannig að fyrstu 4% njóti forgangs, sbr. greiðslur afurðastöðva skv. 3. gr.

#### 6. gr.

##### *Viðtakandi beingreiðslna.*

Beingreiðslur greiðast ábúanda á lögbýli. Á hverju lögbýli skal aðeins einn framleiðandi vera skráður handhafi. Þó er heimilt, þegar um fleiri sjálfstæða rekstraraðila er að ræða sem standa að búinu, að skrá þá sérstaklega. Sjálfstæður rekstraraðili telst sá einn sem hefur sjálfstætt virðisaukaskattsuppgjör. Tilkynna skal Framleiðsluráði landbúnaðarins allar breytingar á því hver eigi að vera handhafi beingreiðslna. Séu handhafar tveir eða fleiri, skal gefa upp hlutfallslega skiptingu beingreiðslna. Jafnframt skulu viðtakendur beingreiðslna tilgreina sérstakan reikning í bönkum eða öðrum viðskiptastofnunum, sem greiðslur skulu lagðar inn á.

#### 7. gr.

##### *Uppgjör beingreiðslna.*

Sjái framleiðandi fram á að nýting greiðslumarks gefi ekki rétt til a.m.k. 80% af beingreiðslum verðlagsársins, ber honum að tilkynna það Framleiðsluráði landbúnaðarins, sem þá skal haga beingreiðslum í samræmi við áætlaða nýtingu. Komi samt fram við lok verðlagsárs, að ofgreitt hafi verið, ber viðtakanda beingreiðslna að endurgreiða mismuninn samkvæmt reikningi.

## 8. gr.

*Útreikningur á greiðslumarki lögbýla.*

Framleiðsluráð landbúnaðarins reiknar út greiðslumark til framleiðslu mjólkur og heldur skrá yfir greiðslumark lögbýla og handhafa réttar til beingreiðslna og lætur afurðastöðvum og búnaðarsamböndum í té eintak af henni fyrir starfssvæði þeirra.

Framleiðsluráð landbúnaðarins aflar upplýsinga og annast útreikninga vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar og hefur eftirlit með uppgjöri afurðastöðva við framleiðendur. Afurðastöðvum er skylt að láta Framleiðsluráði landbúnaðarins í té allar þær upplýsingar sem að gagni geta komið við störf þess og þær geta veitt.

## 9. gr.

*Tilkynningar um greiðslumark lögbýla.*

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal tilkynna framleiðendum um greiðslumark lögbýlisins. Þeir eiga þess kost að gera athugasemdir við það og skulu þær berast Framleiðsluráði landbúnaðarins innan 20 daga frá dagsetningu tilkynningar um greiðslumark, ella gildir það fyrir verðlagsárið. Framleiðsluráð landbúnaðarins endurskoðar útreikninga, sem athugasemdir eru gerðar við og tilkynnir framleiðanda niðurstöðu sína.

Berist Framleiðsluráði ekki athugasemdir við þá niðurstöðu innan 25 daga frá dagsetningu úrskurðarins, gildir hann fyrir hlutaðeigandi verðlagsár.

Úni viðkomandi framleiðandi ekki þeirri niðurstöðu, hefur hann rétt til þess að skjóta ágreiningnum með rökstuddri kæru til úrskurðarnefndar.

## 10. gr.

*Úrskurðarnefnd.*

Ágreiningi um ákvörðun á greiðslumarki lögbýlis, skráningu á greiðslumarki og rétt til beinna greiðslna, er heimilt að skjóta til úrskurðarnefndar, sem starfar skv. lögum nr. 99/1993. Úrskurði nefndarinnar, sem skal liggja fyrir innan 45 daga frá því erindi berst henni, verður ekki skotið til ráðherra.

## 11. gr.

*Viðurlög og gildistaka.*

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 70. gr. laga nr. 99 8. september 1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99 8. september 1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 30. júní 1997.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Jón Höskuldsson.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um notkun og bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna nr. 137/1987, með síðari breytingum.**

1. gr.

15. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Heimilt er verslunum, er fengið hafa til þess leyfi ráðherra, að fengnum meðmælum Hollustuverndar ríkisins, að flytja inn og selja til eldsneytis á módelmótora blöndur rícínusolíu (laxerolíu), tilbúinnar olíu og metanóls án þess að til kaupanna þurfi sérstakt leyfi, sbr. ákvæði reglugerðar um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna og annarra tilsvarendi leyfa, og skal magn rícínusolíu í blöndum þessum vera minnst 2%.

Leyfi þessi eru bundin nánari skilyrðum um ílát, merkingar, færslur í sölubækur, varðveislu o.fl., í samræmi við leyfi viðkomandi verslana, sbr. 1. mgr.

Módeleldsneyti sem inniheldur yfir 5% metanól má aðeins selja eða afhenda þeim sem eru 18 ára eða eldri.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 16. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 460/1994 um breytingu á reglugerð nr. 137/1987.

*Umhverfísráðuneytinu, 20. júní 1997.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 253, 17. apríl 1997, um gerð og búnað smárækjuskilju.**

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar er hér með úr gildi felld og breytist númeraröð annarra greina til samræmis við það.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 23. júní 1997.*

F. h. r.

**Árni Kolbeinsson.**

*Þórður Eyþórsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 58 – 1997

27. júní 1997

855

Nr. 414

## REGLUGERÐ

### um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1997/1998.

#### *Veiðileyfi í atvinnuskyni.*

##### 1. gr.

Við veitingu veiðileyfa í atvinnuskyni á fiskveiðiárinu 1. september 1997 til 31. ágúst 1998 koma aðeins til greina þau skip, sem veiðileyfi hafa fengið samkvæmt 5. gr. l. nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Um endurnýjun fiskiskipa fer skv. ákvæðum 11.-19. gr. reglugerðar þessarar.

#### *Heildaraflí og veiðitímabil.*

##### 2. gr.

Fyrir fiskveiðiárið 1. september 1997 til 31. ágúst 1998 er leyfilegur heildaraflí og úthlutað aflamark úr botnfisktegundum sem hér segir:

Tegund	Leyfilegur heildaraflí 1997/1998	Utan aflamarks		Úthlutað aflamark 1997/1998
		Til jöfnunar 1997/1998	Króka bátar 1997/1998	
1. Þorskur	Lestir 218.000	Lestir 5.000	Lestir 30.302	Lestir 182.698
2. Ýsa	45.000	-	2.200	42.800
3. Ufsi	30.000	-	1.500	28.500
4. Karfi	65.000	-	-	65.000
5. Grálúða	10.000	-	-	10.000
6. Skarkoli	9.000	-	-	9.000
7. Steinbítur	13.000	-	2.500	10.500
8. Langlúra	1.100	-	-	1.100
9. Sandkoli	7.000	-	-	7.000
10. Skrápflúra	5.000	-	-	5.000

Aflí samkvæmt ofangreindu miðast við óslægðan fisk með haus.

Aflamark einstakra skipa skal miðað við slægðan fisk með haus í öðrum tegundum en karfa.

Aflamark í sandkolla og skrápflúru miðast við afla á svæði sem er sunnan 64°30'N við Austurland og sunnan við línu sem dregin er réttvísandi vestur úr Öndverðarnesi. Á öðrum svæðum eru veiðar á þessum tegundum ekki bundnar aflamarki.

##### 3. gr.

Á tímabilinu 1. september 1997 til 31. ágúst 1998 er leyfilegur heildaraflí úr neðangreindum tegundum sem hér segir:



<b>Tegund</b>	<b>Lestir</b>
1. Síld (Íslensk sumargotssíld) .....	100.000
2. Úthafs-rækja .....	75.000
3. Humar .....	1.200
4. Hörpudiskur í Breiðafirði .....	8.000
5. Innfjarðarrækja samtals .....	6.650
þ.a. Eldey .....	500
þ.a. Arnarfjörður .....	500
þ.a. Ísafjarðardjúp .....	1.450
þ.a. Húnaflói .....	1.400
þ.a. Skagafjörður .....	1.000
þ.a. Skjálfaflói .....	700
þ.a. Axarfjörður .....	1.100

Leyfilegur heildaraflí af innfjarðarækju skv. tl. 5 á öðrum svæðum en við Eldey, er miðaður við bráðabirgðatillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um upphafsaflla og verða þær endurskoðaðar fyrir rækjuvertíðina og síðan eftir áramót 1997/1998.

Veiðitímabil síldar er frá og með 1. september 1997 til og með 1. maí 1998. Veiðitímabil úthafs-rækju er fiskveiðiárið. Veiðitímabil humars verður ákveðið með sérstakri reglugerð.

Miðað er við að veiðitímabil innfjarðarækju standi frá 1. október 1997 til 1. maí 1998 á öllum svæðum öðrum en við Eldey. Miðað er við að rækjuvertíð, sem hófst við Eldey í júní 1997, ljúki 1. desember 1997. Nýtt veiðitímabil við Eldey hefst 1. maí 1998, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar um upphafsaflla. Heimilt er með tilkynningu til leyfishafa að breyta upphafi og lokum vertíðar á tilgreindum veiðisvæðum innfjarðarækju, liggi fyrir umsögn um það frá Hafrannsóknastofnuninni.

Veiðitímabil annarra tegunda verður ákveðið sérstaklega með reglugerð, ennfremur heildaraflí af loðnu.

#### *Úthafs-rækjuveiðisvæði.*

##### 4. gr.

Til úthafs-rækju telst rækja, sem veidd er á svæðum, sem skilgreind eru í reglugerð nr. 303/1995, um úthafs-rækjuveiðisvæði o.fl., og ennfremur rækja, sem veidd er samkvæmt sérstökum leyfum innan viðmiðunarlínu á Breiðafirði.

Úthafs-rækja, sem veidd er á Dohrnbanka vestan 26°V og norðan 65°30'N telst ekki til aflamarks í úthafs-rækju, enda staðfesti skipstjóri nákvæmlega í afladagbók hversu mikill aflí sé fenginn á því svæði og tilkynni um veiðar og afla skv. 3. mgr. 20. gr. reglugerðar þessarar. Vanræksla á tilkynningum, rangar eða villandi upplýsingar leiða til þess að allur rækjuafli skipsins reiknast til aflamarks í úthafs-rækju.

#### *Skipting leyfilegs afla.*

##### 5. gr.

Veiðiheimildum í þeim tegundum sem heildaraflí er takmarkaður af, skv. 2. og 3. gr. skal skipt milli einstakra skipa.

Úthlutað aflamark hvers skips í hverri einstakri tegund ræðst annars vegar af aflahlutdeild skipsins í viðkomandi tegund en hins vegar af úthlutaðu heildaraflamarki í tegundinni skv. 2. og 3. gr.

Aflahlutdeild hvers skips skal vera sú sama og skipunum var úthlutað fyrir fiskveiðiárið 1. september 1996 til 31. ágúst 1997, að teknu tilliti til flutnings á aflahlutdeild milli skipa og áhrifa skerðingar og endurúthlutunar vegna úthlutunar aflahlutdeildar í úthafs-karfa og rækju á Flæmingjagrunni sbr. reglugerðir nr. 27/1997 og 685/1996, með síðari breytingum.

Varðandi úthlutun aflahlutdeildar í sandkola og skrápflúru vísast til ákvæðis til bráðabirgða við reglugerð þessa.

Áður en leyfðum heildarafla er skipt á grundvelli aflahlutdeildar er eftirtalið dregið frá:

1. Áætlaður afli krókabáta skv. 6. gr.
2. Aflaheimildir, sem nota skal til jöfnunar sbr. 2. gr.

#### *Krókabátar.*

##### 6. gr.

Bátar, sem eingöngu stunda veiðar með handfærum eða línu og handfærum, skv. 6. gr. laga nr. 38/1990, með síðari breytingum, kallast krókabátar, veiðileyfi þeirra krókaleyfi og veiðar þeirra krókaveiðar. Um veiðar krókabáta gilda ákvæði reglugerðar um veiðar krókabáta fiskveiðiárið 1997/1998.

Sameiginlegur hámarksafli krókabáta í þorski skal vera 30.302 lestir miðað við óslægðan þorsk með haus. Af því magni skal Byggðastofnun hafa til ráðstöfunar þorsk-aflahámark sem nemur 500 lestum, miðað við óslægðan fisk.

#### *Útreikningur aflamarks.*

##### 7. gr.

Þegar umreikna skal óslægðan fisk í slægðan skal margfalda magn þorsks, ýsu og ufsa með 0,84, grálúðu, skarkola, sandkola, skrápflúru og langlúru með 0,92 og steinbíts með 0,9.

Þegar umreikna skal slægðan fisk í óslægðan skal deila í magn þorsks, ýsu og ufsa með 0,84, grálúðu, skarkola, sandkola, skrápflúru og langlúru með 0,92 en steinbíts með 0,9.

Allan afla af botnfisktegundum, sem sæta ákvæðum um leyfilegan heildarafla, sbr. 2. gr., og fluttur er óunninn á erlendan markað skal reikna með álagi til aflamarks. Skal álagið vera 20% á þorsk, 15% á ýsu, ufsa, karfa og grálúðu en 10% á skarkola, steinbít, langlúru, skrápflúru og sandkola.

Þorskur og ufsi styttri en 50 cm, ýsa styttri en 45 cm og karfi styttri en 33 cm teljast ekki að hálfu til aflamarks, enda fari þorskur undir 50 cm ekki yfir 7% af þorskafla í veiðiferð og afli annarra tegunda samkvæmt þessari málsgrein ekki yfir 10% af viðkomandi tegund. Heimild samkvæmt þessari málsgrein er bundin þeim skilyrðum að afla undir tilgreindum stærðum sbr. 1. málslíð, sé haldið aðgreindum frá öðrum afla um borð í veiðiskipi og hann veginn sérstaklega af löggiltum vigtarmanni, sem annast endanlega vigtun aflans innanlands. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda ekki um afla, sem frystur er um borð í veiðiskipi, nema um heilfrystan fisk sé að ræða. Allur fiskur, sem veiddur er á handfæri telst til aflamarks.

##### 8. gr.

Þegar meta skal til hvaða fiskveiðiárs tiltekinn afli telst, skal miða við hvenær afla er landað hér á landi. Þannig telst afli, sem landað er 1. september 1997 eða síðar, til fiskveiðiársins 1. september 1997 til 31. ágúst 1998, enda þótt veiðiferð hefjist fyrir upphaf þess fiskveiðiárs. Á sama hátt telst afli, sem landað er 1. september 1998 eða síðar, til fiskveiðiárs er hefst þann dag, enda þótt veiðiferð hefjist fyrir.

Sigli skip með eigin afla á erlendan markað, skal afli teljast til þess fiskveiðiárs, þá er skipið sannanlega hættir veiðum fyrir siglingu.

#### *Framsal og sameining veiðiheimilda.*

##### 9. gr.

Flutning á aflaheimildum samkvæmt 11. og 12. gr. laga nr. 38/1990 skal tilkynna Fiski-stofu skriflega fyrirfram. Eigandi þess skips, sem aflaheimildir eru fluttar frá, skal undirrita

beiðni um flutning. Við flutning á aflahlutdeild samkvæmt 11. gr. laga nr. 38/1990 skal leggja fram veðbókarvottorð þess skips sem flutt er frá, ásamt samþykki þeirra aðila, sem áttu þinglýst veð í skipinu 1. janúar 1991. Flutningur aflahlutdeildar öðlast ekki gildi fyrr en staðfesting Fiskistofu liggur fyrir.

Veði fiskiskip minna en 50% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið tvö fiskveiðiár í röð fellur veiðileyfi þess og aflahlutdeild niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur. Skal við mat á þessu hlutfalli miðað við verðmæti einstakra tegunda í aflamarki skips samkvæmt ákvörðun ráðuneytis í upphafi árs. Viðmiðunarhlutfall, sem ákveðið er í þessari málsgrein, lækkar þó um 5% fyrir hverja fulla 30 daga sem skipi er haldið til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands á fiskveiðiárinu á þeim tegundum sem ekki hefur verið samið um veiðistjórn á. Tefjist skip frá veiðum í sex mánuði eða lengur innan fiskveiðiárs, vegna tjóns eða meiriháttar bilana, hefur afli þess fiskveiðiárs ekki áhrif til niðurfellingar aflahlutdeildar eða veiðileyfis samkvæmt þessari grein.

Aldrei er heimilt að flytja aflahlutdeild milli skipa, leiði slíkur flutningur til þess að veiðiheimildir þess skips, sem flutt er til, verði bersýnilega umfram veiðigetgu þess.

#### *Verðmætastuðlar.*

##### 10. gr.

Við mat á því hvernig veiðiheimildir eru nýttar, sbr. 4. mgr. 12. gr. 1. nr. 38/1990, skulu verðmætastuðlar fyrir fiskveiðiárið 1. september 1996 til 31. ágúst 1997 vera eftirfarandi: Þorskur 1.00, ýsa 1.00, ufsi 0.60, karfi 0.70, grálúða 2.40, skarkoli 1.20, steinbítur 0.80, langlúra 1.40, skrápflúra 0.70, sandkoli 0.70, loðna 0.06, síld 0.12, humar (slitinn) 8.80, rækja 1.20 og hörpudiskur 0.40. Ofangreindir verðmætastuðlar gilda einnig varðandi færslu milli tegunda, sbr. 10. gr. laga nr. 38/1990, eftir því sem við á.

Til viðmiðunar á því hvort um jöfn skipti er að ræða, skv. 12. gr. 1. nr. 38/1990, með síðari breytingum, skal sjávarútvegsráðuneytið auglýsa viðmiðunarstuðla með reglulegu millibili, sem byggðir skulu á gangverði aflamarks í viðskiptum.

#### *Endurnýjun fiskiskipa.*

##### 11. gr.

Heimilt er að flytja veiðileyfi skips til annars sambærilegs skips, enda hafi rétti til endurnýjunar ekki verið afsalað. Skilyrði þess, að veiðileyfi sé flutt til annars skips er, að eigandi skips sem veiðileyfi lætur, hafi skriflega óskað eftir því að veiðileyfið sé flutt til skips sem sé á skipaskrá hjá Siglingastofnun Íslands og hafi gilt haffærisskírteini.

Fullnægi skip, eigendur eða útgerðir þeirra ekki þeim skilyrðum til að stunda veiðar í efnahagslögsögu Íslands, sem kveðið er á í lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og lögum nr. 30/1992, um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands, skulu skip hlutaðeigandi aðila ekki eiga kost á veiðileyfi í atvinnuskyni í efnahagslögsögu Íslands.

Heimilt er að flytja veiðileyfi fleiri en eins skips til skips er veiðileyfi hlýtur og veita fleiri en einu skipi veiðileyfi í stað skips er veiðileyfi lætur.

##### 12. gr.

Fyrir þilfarsskip ákvarðar Fiskistofa, hvort um sambærileg skip sé að ræða, samkvæmt 2. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar. Við mat á því skal leggja til grundvallar rúmtölu skipa sem er margfeldi eftirgreindra hönnunarmála:

1. Lóðlínulengdar, sem er lárétt fjarlægð milli aftari lóðlínu, sem er lóðrétt lína er gengur í gegnum stýrisás og fremri lóðlínu, sem er lóðrétt lína er gengur í gegnum skurðpunkt stefnis og hönnunarvatnslínu.

2. Mótaðrar breiddar, sem er mesta breidd á miðbandi. Þversnið skipsgrindar, sem tekið er mitt á milli lóðlína, nefnist miðband.
3. Mótaðrar dýptar, að neðra þilfari, sem er lóðrétt fjarlægð frá neðri punkti miðbands við kjöl að efri brún þilfarsbita við byrðing.

Fyrir opna vélbáta ákvarðast rúmtala sem 4,3 x brúttótonn, þar sem brúttótonnatala er fundin samkvæmt 5. gr. reglna nr. 433, 17. ágúst 1990, um mælingar skipa undir 24 metrum að lengd.

13. gr.

Rúmtala skips eða skipa, sem veiðileyfi fá skv. 11. gr. skal ekki vera hærri en rúmtala þess skips eða skipa, sem veiðileyfi láta í þeirra stað.

Sé krókaleyfi flutt á krókabát skal rúmtala þess, er leyfið fær, vera a.m.k. 50% minni en rúmtala þess krókabáts eða krókabáta er veiðileyfi láta, nema bátur komi í stað báts, sem dæmdur hefur verið óbætandi vegna sjóttjóns. Aldrei er heimilt að flytja krókaleyfi til báts, sé hann 6 brúttótonn eða stærri.

Óheimilt er að flytja krókaleyfi til báts, sem haft hefur veiðileyfi með aflamarki. Heimilt er þó Fiskistofu að leyfa flutning krókaleyfis til aflamarksbáts í þeim tilvikum, að krókabátur hafi verið dæmdur óbætandi vegna sjóttjóns og tekinn af skipaskrá eða settur á minjasafn, enda liggi fyrir umsögn Þjóðminjasafns Íslands um að krókabáturinn hafi verulegt minjagildi og rík ástæða sé til varðveislu hans. Flutningur krókaleyfis til aflamarksbáts fer að öðru leyti eftir ákvæðum 2. mgr. þessarar greinar.

14. gr.

Við útreikning rúmtölu fiskiskipa, samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, skal byggt á gögnum tæknideildar Fiskifélags Íslands og Fiskveiðasjóðs Íslands.

Heimilt er að meta það sérstaklega, ef lögum skipsins er ekki hefðbundin, t.d. ef mismunur mestu lengdar og lóðlínulengdar eða mótaðrar breiddar og mestu breiddar er óvenjulegur. Sama gildir þegar það er miklum vandkvæðum bundið að finna hönnunarmál.

15. gr.

Heimilt er, með samþykki Fiskistofu, að flytja veiðileyfi tveggja eða fleiri skipa til eins, enda megi ætla að afkastagetan aukist ekki við skiptin. Leyfileg rúmtala þess skips, sem veiðileyfi fær skal miðast við samanlagða rúmtölu þeirra skipa, er veiðileyfi láta.

16. gr.

Heimilt er með samþykki Fiskistofu að flytja veiðileyfi eins skips til tveggja eða fleiri skipa. Skal leyfileg rúmtala þeirra skipa, sem veiðileyfi fá, samtals ekki vera hærri en rúmtala þess skips, sem veiðileyfi lætur.

17. gr.

Sé veiðileyfi flutt milli skipa samkvæmt ákvæðum 11.-16. gr. fellur niður umframrúmtala, sem ekki nýtist við þann flutning.

18. gr.

Aðeins er Fiskistofu heimilt að veita skipi veiðileyfi að fullnægt sé skilyrðum 11. gr. Óheimilt er að stunda veiðar í fiskveiðilögsögu Íslands nema að fengnu veiðileyfi Fiskistofu.

19. gr.

Skylt er að sækja um sérstakt leyfi Fiskistofu, til að breyta skipi, sem veiðileyfi með aflamarki hefur fengið eftir 1. janúar 1986, þannig að rúmmál þess vaxi sbr. 12. gr., enda

eigi að halda skipinu til veiða innan fiskveiðilandhelgi Íslands. Leyfi Fiskistofu skal bundið því skilyrði, að flutt sé veiðileyfi af a.m.k. jafn stóru skipi og sem stækkun skipsins nemur.

Oheimilt er, án leyfis Fiskistofu, að breyta krókabátum þannig að rúmtala eða brúttótonnastærð þeirra vaxi. Leyfi Fiskistofu skal bundið því skilyrði, að flutt sé veiðileyfi af a.m.k. tvisvar sinnum stærri báti en stækkun bátsins nemur. Oheimilt er að stækka krókabát þannig að hann verði 6 brúttótonn eða stærri.

Sé skipi, sem veiðileyfi fékk með aflamarki fyrir 1. janúar 1986 eða krókabáti, breytt þannig, að gerð eða lögun hans breytist í grundvallaratriðum eða rúmtala hans aukist verulega skal Fiskistofa ákvarða, hvort um nýsmíði eða breytingu á eldra skipi sé að ræða.

Séu breytingar gerðar á skipi, sem veiðar stundar samkvæmt aflamarksleyfi, sem það fékk fyrir 1. janúar 1986, skulu þær breytingar ekki lagðar til grundvallar við mat á afkastagetu þess síðar. Í þessu sambandi skal miðað við skráða stærð þess hjá Siglingamálastofnun ríkisins 21. júní 1995.

#### *Ýmis ákvæði.*

##### 20. gr.

Skipstjóra er skylt að halda fiski um borð í veiðiskipum aðgreindum eftir tegundum. Verði slíku ekki viðkomið vegna smæðar báts skal afli aðgreindur eftir tegundum við löndun. Ennfremur er skylt að láta vigta afla samkvæmt ákvæðum III. kafla laga nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar og reglugerðar nr. 618/1994 um vigtun sjávarafila.

Afla af skráplúru og sandkolla sem fenginn er á því veiðisvæði sem tilgreint er í 4. mgr. 2. gr. skal haldið aðskildum frá öðrum afla af þessum tegundum og hann veginn og skráður sérstaklega.

Skipstjórar fiskiskipa, sem fara til úthafsækjuveiða á Dohrnbanka, sbr. 2. mgr. 4. gr., eða halda til veiða utan fiskveiðilögsögu Íslands skulu tilkynna sérstaklega til Fiskistofu hvenær þær hefjast og hvenær þeim lýkur, nema annað sé ákveðið í sérstökum reglugerðum um viðkomandi veiðar. Í tilkynningunum komi fram áætlaður afli um borð, sundurlíðaður eftir tegundum.

Í einni og sömu veiðiferð er óheimilt að stunda veiðar bæði innan og utan fiskveiðilögsögu Íslands. Þetta gildir þó ekki, haldi skip til veiða utan lögsögunnar á fisktegundum í aflamarki, blálöngu og síld.

Heimilt er þó með samþykki Fiskistofu að víkja frá banni samkvæmt 3. mgr., enda hafi afli og aflasamsetning um borð í fiskiskipi verið staðfest með fullnægjandi hætti að mati Fiskistofu, áður en skip flytur sig milli veiðisvæða utan og innan lögsögunnar.

##### 21. gr.

Útgerðum skipa með fullvinnsluleyfi er skylt að lokinni veiðiferð að skila sérstakri skýrslu um afla til Fiskistofu á eyðublöðum sem Fiskistofa leggur til.

Þá er skipstjórum fiskiskipa skylt að halda sérstakar afladagbækur sem Fiskistofa leggur til samkvæmt nánari reglum þar um og skal upplýsingum skilað mánaðarlega til Fiskistofu.

Skilafrestur á skýrslum til Fiskistofu og afladagbókum skal vera tvær vikur frá lokum hvers tímabils.

Kaupendum afla er skylt að skila til Fiskistofu skýrslum um móttekinn afla í því formi, sem Fiskistofa ákveður.

##### 22. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, sbr. V. kafla laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Um sviptingu veiðileyfa vegna brota á ákvæðum reglugerðar þessarar fer samkvæmt IV. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990 um stjórn fiskveiða, sbr. IV. kafla laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

Um gjald vegna ólögmæts sjávarafila skal beita ákvæðum laga nr. 37, 27. maí 1992.

## 23. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, laga nr. 57, 3. júní 1996 um umgengni um nytjastofna sjávar og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda 1. september 1997 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

**Ákvæði til bráðbirgða.**

Fyrir upphaf fiskveiðiársins sem hefst 1. september 1997, skal þeim skipum sem aflareynslu hafa í skrápflúru og sandkola á tímabilinu 1. júní 1994 til 31. maí 1997, á svæði sem er sunnan 64°30'N við Austurland og sunnan við línu sem dregin er réttvísandi vestur úr Öndverðarnesi, úthlutað aflahlutdeild í þessum tegundum á grundvelli aflareynslu þeirra á tímabilinu.

Við útreikning á aflahlutdeild hvers skips, skal leggja til grundvallar aflaupplýsingar skv. aflaupplýsingakerfinu Lóðs og hlutfall heildarafla af skrápflúru og sandkola sem einstök skip hafa veitt á ofangreindu svæði og tímabili.

Hafi veiðileyfi verið flutt milli skipa fylgir aflareynslan veiðileyfinu.

Við útreikning á aflahlutdeild einstakra skipa skal ekki tekið tilliti til frátafa frá veiðum á viðmiðunartímabilinu.

Fiskistofa skal eigi síðar en 15. júlí 1997 senda upplýsingar um skráðan afla í ofangreindum tegundum til eigenda hlutaðeigandi skipa. Eigendur skipanna skulu fyrir 1. ágúst 1997 senda til Fiskistofu upplýsingar um hversu mikill hluti afla er fenginn á því veiðisvæði sem tilgreint er í 1. mgr., og fyrir sama tíma gefst þeim kostur á að koma að athugasemdum um afla skipanna.

Áður en aflahlutdeild og aflamarki í umræddum tegundum er úthlutað, skal Fiskistofa taka afstöðu til framkominna upplýsinga og athugasemda, m.a. með samanburði við tiltækar upplýsingar.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. júní 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

27. júní 1997

Nr. 415

**REGLUGERÐ**

**um greiðslu gjalds skv. 6. gr. l. nr. 92/1994,  
um Þróunarsjóð sjávarútvegsins með síðari breytingum,  
fiskveiðiárið 1997/1998.**

## 1. gr.

Útgerðir fiskiskipa er hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni 1. september 1997 skv. lögum um stjórn fiskveiða skulu greiða gjald til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins.

Fiskiskip er fá úthlutað aflamarki 1. september 1997 skulu greiða gjald er nemur 1.160 krónum á hverja úthlutaða þorskígildislest miðað við verðmætastuðla skv. 3. gr. Gjaldið fellur í gjalddaga með þremur jöfnum greiðslum; þann 1. september 1997, 1. janúar 1998 og 1. maí 1998. Fiskiskip er fær úthlutað aflamarki á öðrum tíma innan fiskveiðiársins skal greiða jafnhátt gjald vegna þess aflamarks. Fari úthlutun fram á fyrsta ársþriðjungi fellur 1/3 hluti gjaldsins í gjalddaga við úthlutun en eftirstöðvar skulu skiptast jafnt á tvo seinni gjalddaga eins og þeir eru tilgreindir í 2. málslíð þessarar greinar. Fari úthlutun fram á

öðrum ársþriðjungi falla 2/3 hlutar gjaldsins í gjalddaga við úthlutun en eftirstöðvar skulu greiddast 1. maí 1998. Fari úthlutun fram á þriðja ársþriðjungi fellur allt gjaldið í gjalddaga við úthlutun.

Fiskiskip er stunda veiðar með línu og handfærum með þorskaflahámarki eða dagatak-mörkunum skulu greiða 1.160 kr. á hverja landaða þorskígildislest, miðað við verðmæta-stuðla skv. 3. gr., af þeim fisktegundum sem voru í aflamarki fiskveiðiárið 1996/1997 og viðkomandi bátur landaði á tímabilinu 1. ágúst 1996 til 31. júlí 1997 eins og aflinn er skráður í aflaupplýsingakerfi Fiskistofu. Gjaldið fellur í gjalddaga með þremur jöfnum greiðslum; 1. september 1997, 1. janúar 1998 og 1. maí 1998.

#### 2. gr.

Hafi greiðsla fyrir gjald skv. 1. gr. ekki borist innan mánaðar frá gjalddaga á þann bankareikning sem tilgreindur er á reikningi skv. 4. gr. fellur veiðileyfi viðkomandi fiski-skips niður án frekari viðvörðunar. Hæstu lögleyfðir dráttarvextir reiknast á vanskil frá gjald-daga ef ekki er greitt innan mánaðar frá gjalddaga.

#### 3. gr.

Við útreikning þorskígilda við álagningu gjalds skv. 1. gr. skal miða við eftirfarandi verðmætahlutföll: Þorskur 1.00, ýsa 1.00, ufsi 0.60, karfi 0.70, grálúða 2.40, skarkoli 1.20, sandkoli 0.70, steinbítur 0.80, langlúra 1.40, skrápflúra 0.70, loðna 0.06, síld 0.12, humar (slitinn) 8.80, rækja 1.20 og hörpudiskur 0.40.

#### 4. gr.

Fiskistofa annast innheimtu gjaldsins og sendir útgerð fiskiskips reikning vegna gjalds þessa. Á reikningi skal koma fram að um sé að ræða innheimtu á gjaldi skv. l. nr. 92/1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins sem renni til Þróunarsjóðs. Ennfremur skal koma fram úthlutað aflamark eða viðmiðunarafla viðkomandi fiskiskips, gjald á þorskígildislest, heildar-fjárhæð gjaldsins, gjalddagar gjaldsins og aðrir greiðsluskilmálar ásamt númeri bankareikn-ings sem greiða ber inn á. Gjaldið er ekki endurkræft enda þótt úthlutað aflamark verði ekki nýtt. Útgerð fiskiskips er gjaldskyld vegna úthlutaðs aflamarks þótt aflamark verði framselt á annað fiskiskip.

#### 5. gr.

Fiskistofa skal halda fjárreiðum vegna innheimtu þessarar aðgreindum frá bókhaldi sínu og skal standa Þróunarsjóði sjávarútvegsins skil á innheimtu gjaldsins eins fljótt og auðið er, þó ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði. Þróunarsjóður sjávarútvegsins skal greiða Fiskistofu samkvæmt reikningi kostnað vegna innheimtu þeirrar sem Fiskistofa annast skv. reglugerð þessari.

#### 6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 92/1994 um Þróunarsjóð sjávar-útvegsins með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. júní 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

## REGLUGERÐ

**um ráðstöfun aflaheimilda fiskveiðiárið 1997/1998, skv. ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 83/1995, um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.**

### 1. gr.

Aflaheimildum er nema 5.000 lestum af þorski miðað við óslægðan fisk, skal úthlutað til þeirra fiskiskipa, sem hafa orðið fyrir mestri skerðingu við úthlutun aflamarks í þorskígildum talið frá fiskveiðiárinu 1991/1992 til fiskveiðiársins 1997/1998.

Aflaheimildir af þorski skv. 1. mgr. skal reikna til þorskígilda miðað við verðmætastuðla skv. reglugerð um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1997/1998. Skal Fiskistofa úthluta aflaheimildum þessum til skipa, þannig að skerðing úthlutaðs aflamarks í þorskígildum talið á milli umræddra fiskveiðarára, sbr. 2. gr., umfram tiltekin mörk verði að fullu bætt. Ekkert skip skal þó fá úthlutað meiri aflaheimildum en sem nemur 10 þorskígildislestum.

### 2. gr.

Fyrir hvert fiskiskip, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni með aflahlutdeild sbr. lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, skal reikna aflamark fyrir hverja tegund, sem úthlutað er bæði árin, annars vegar fyrir fiskveiðiárið 1991/1992 og hins vegar fyrir fiskveiðiárið 1997/1998. Einnig skal tekið tillit til tegunda sem aflamarki er úthlutað í fiskveiðiárið 1997/1998 en ekki á fiskveiðiárinu 1991/1992. Varðandi aðrar tegundir en sandkola og skrápflúru skal það gert með því að reikna með tilsvarendi aflamarki árið 1991/1992 og úthlutað er 1997/1998. Varðandi sandkola og skrápflúru skal hvorugt fiskveiðiárið reikna með aflamarki. Í þessu sambandi skal þó undanskilja skip sem þann 27. júní 1997 hafa leyfi til fullvinnslu botnfiskafla um borð, sbr. lög nr. 54/1992 og skip sem voru á skipaskrá 27. júní 1997 en hafa síðan verið úrelt skv. lögum nr. 92/1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins með síðari breytingum. Skal miðað við aflahlutdeild skipanna í hverri tegund eins og hún var 27. júní 1997 og úthlutað heildaraflamark hvors fiskveiðiárs fyrir hverja tegund, að teknu tilliti til breytinga sem urðu á heildaraflamarki innan fiskveiðiársins 1991/1992. Við útreikninga þessa skal ekki tekið tillit til úthlutunar á aflaheimildum úr Hagræðingarsjóði á fiskveiðiárinu 1991/1992, sbr. lög nr. 4/1992. Þannig reiknað aflamark hvers skips fyrir hvort fiskveiðiár um sig skal reiknað til þorskígilda miðað við verðmætastuðla samkvæmt reglugerð um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1997/1998. Sú hlutfallslega breyting sem orðið hefur á aflaheimildum einstakra skipa milli fiskveiðiaranna 1991/1992 og 1997/1998 miðað við framangreindar forsendur, skal lögð til grundvallar við úthlutun skv. 1. gr.

### 3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 83, 20. júní 1995, um breytingu á lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. júní 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*



# REGLUGERÐ

## um veiðar krókabáta fiskveiðiárið 1997/1998.

### *Leyfilegur heildaraflí.*

#### 1. gr.

Veiðiheimildir krókabáta á fiskveiðiárinu 1997/1998 skulu við það miðast að þorskaflí þeirra fari ekki yfir 30.302 lestir, miðað við óslægðan fisk, að teknu tilliti til flutnings á þorskaflahámarki milli ára, sbr. 3. gr. Þar af skal Byggðastofnun hafa til ráðstöfunar þorskafilahámark sem nemur 500 lestum.

### *Þorskaflahámark.*

#### 2. gr.

Þorskaflahámark báts sem stundar veiðar með þorskaflahámarki skal nema sama hlutfalli af 29.802 lestum, sbr. 1. gr. og nam hlutdeild hans í 21.000 lestum, miðað við reiknað þorskaflahámark skv. 2. gr. laga nr. 83/1995, að teknu tilliti til framsals á þorskaflahámarki, sbr. 5. mgr. 6. gr. laga nr. 38/1990, með síðari breytingum og flutnings á þorskaflahámarki milli ára sbr. 3. gr.

#### 3. gr.

Heimilt er að flytja allt að 20% af þorskaflahámarki krókabáts frá einu fiskveiðári yfir á það næsta.

Þá er heimilt að flytja til krókabáts á þorskaflahámarki, innan hvers fiskveiðiárs, útlutað aflamark í þorski skv. 7. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum. Um þann flutning gilda almennar reglur um flutning aflamarks, sbr. 9. gr. reglugerðar um veiðar í atvinnuskyni 1997/1998.

### *Sóknardagar, handfæraveiðar.*

#### 4. gr.

Sameiginlegur hámarksafli þeirra báta, sem stunda veiðar á sóknardögum með handfærum, skal vera 3.002.444 kg á fiskveiðiárinu 1997/1998.

### *Sóknardagar, línu- og handfæraveiðar.*

#### 5. gr.

Sameiginlegur hámarksafli þeirra báta, sem stunda veiðar á sóknardögum með línu og handfærum, skal vera 2.157.839 kg á fiskveiðiárinu 1997/1998.

#### 6. gr.

Þegar bátur stundar veiðar með línu skv. 5. gr. skal margfalda fjölda nýtttra daga með tölunni 1,9 á tímabilinu frá 1. maí til 1. september, en með tölunni 1,35 á öðrum tímum. Sé einn maður í áhöfn krókabáts er óheimilt að róa með og eiga í sjó fleiri en 12 bala alls af línu fyrir hvern sóknardag en 20 bala séu tveir eða fleiri í áhöfn, miðað við allt að 500 króka á línu í hverjum bala.

Sé lína um borð í báti í róðri skal bátur tilkynntur við línuveiðar sbr. reglur 1. mgr. Tilkynningar skal senda í gegnum símakrók sbr. 8. gr.

### *Sóknardagar.*

#### 7. gr.

Fjöldi sóknardaga á fiskveiðiárinu 1997/1998 er ákveðinn fyrir hvorn sóknarhóp fyrir sig skv. 4. og 5. gr. Skal það gert með því að reikna meðalafli á hvern leyfðan sóknardag

næstliðins fiskveiðiárs og deila þeirri tölu í sameiginlegan hámarksafla hvors sóknarhóps á fiskveiðiárinu. Afli báta sem veiða skv. 4. gr. hefur ekki áhrif á útreikning á dagafjölda báta sem veiða skv. 5. gr. og öfugt. Sóknardögum skal fækka eða fjölga um heila daga og broti sleppt.

Fjöldi sóknardaga á fiskveiðiárinu 1997/1998 skal auglýstur sérstaklega innan 10 daga frá upphafi fiskveiðiársins. Skipstjóri skal fylgja ákvæðum 8. gr. um tilkynningar og teljast þeir dagar sem róið er, áður en auglýsing um fjölda sóknardaga er birt, til nýtrra sóknardaga á fiskveiðiárinu 1997/1998.

#### 8. gr.

Sóknardagur telst vera 24 klst. frá upphafi veiðiferðar.

Skipstjóri skal tilkynna Fiskistofu um upphaf veiðiferðar og hvort bátur er veiðar stundar skv. 5. gr. verður við línuveiðar, áður en lagt er úr höfn. Telst veiðiferð hafin þegar tilkynning berst. Skipstjóri skal einnig tilkynna Fiskistofu um lok veiðiferðar þegar hann kemur með afla til hafnar og telst sóknardegi þá lokið. Tilkynningar skal senda í gegnum símakrök, sjálfvirkan þjónustusíma Fiskistofu.

Heimilt er að afturkalla tilkynningu um sóknardag, enda sé það gert innan þriggja klukkustunda eftir að tilkynning um nýtingu sóknardags, sbr. 1. mgr., var send Fiskistofu, að öðrum kosti telst sóknardagur nýttur. Ekki er heimilt að afturkalla tilkynningu um sóknardag, nema bátur sé í höfn þegar afturköllun er send Fiskistofu og aldrei er heimilt að afturkalla tilkynningu um sóknardag hafi veiðarfæri verið sett í sjó.

Valdi vélarbilun því að skipstjóri sem afturkalla vill tilkynningu um nýtingu sóknardags komist ekki til hafnar innan þriggja klukkustunda en öðrum skilyrðum 4. mgr. er fullnægt, getur Fiskistofa engu að síður fellt niður sóknardag sé þess skriflega farið á leit innan 7 daga, enda fylgi fullnægjandi upplýsingar um bilunina.

#### *Aðrar veiðar krókabáta.*

#### 9. gr.

Utan sóknardaga sbr. 7. gr. eru þeim bátum sem stunda veiðar skv. 4. og 5. gr. bannaðar allar veiðar á nytjastofnum. Þá eru krókabátum, sem náð hafa þorskaflahámarki sínu óheimilar allar veiðar á nytjastofnum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur ráðherra veitt undanþágu frá banni þessu með sérstökum leyfum til veiða á botndýrum með plógum og gildrum svo og til hrognkelsaveiða í net og til veiða á háffiskum með sérhæfðri línu.

Aukaafli af þorski sem fæst við veiðar samkvæmt 2. mgr. reiknast til þorskaflahámarks.

Fái bátur, sem krókaleyfi hefur með sóknardögum, leyfi samkvæmt 2. mgr. er honum óheimilt að nýta sóknardaga þann tíma, sem leyfið gildir. Velji eigandi þann kost að nýta leyfið ekki allan gildistíma þess, skal hann tilkynna til Fiskistofu hvenær hann hættir að nýta leyfið og er honum eftir það heimilt að nýta sóknardaga bátsins.

Landi krókabátur skv. 4. mgr. á þeim tíma, sem hann stundar veiðar samkvæmt sérstöku leyfi sbr. 2. mgr., aukaafli af þorski getur Fiskistofa áætlað á bátinn sóknardaga í samræmi við afla hans.

Nýti bátur leyfi, samkvæmt 2. mgr. til þess að veiða aðrar tegundir en leyfið miðast við, varðar það leyfissviptingu og viðurlögum sbr. 12. gr.

#### *Stöðvun veiða.*

#### 10. gr.

Óheimilt er bátum sem krókaleyfi hafa með sóknardögum að vera á sjó með veiðarfæri utan sóknardaga.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að flytja báta milli hafna með veiðarfæri um borð, enda sé slíkur flutningur fyrirfram tilkynntur Fiskistofu. Fari bátur á sjó án veiðarfæra á því tímabili, sem um ræðir í 1. mgr. skal eigandi hans tilkynna það fyrirfram til Fiskistofu. Tilkynningar skal senda í gegnum símakrök, sjálfvirkan þjónustusíma Fiskistofu.

*Endurnýjun krókabáta.*

## 11. gr.

Um endurnýjun krókabáta gilda ákvæði 11.-19. gr. reglugerðar, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1997/1998, eftir því sem við á.

Heimilt er að framselja, hvenær sem er innan fiskveiðiársins, þorskaflahámark krókabáts til annars krókabáts eða báta en það er háð því skilyrði að allt hámark, sem eftir er, sé flutt af viðkomandi báti, enda falli veiðileyfi niður og rétti til endurnýjunar sé afsalað. Tilkynna skal Fiskistofu fyrirfram um flutning þorskaflahámarks milli báta og öðlast hann ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest flutninginn.

Heimilt er að flytja krókaleyfi með þorskaflahámarki tveggja eða fleiri krókabáta til eins báts, sem þá fær krókaleyfi með samanlögðu þorskaflahámarki bátanna.

Heimilt er að flytja krókaleyfi með sóknardögum tveggja eða fleiri báta til eins báts sem þá hlýtur sams konar krókaleyfi. Séu þeir bátar sem leyfi láta hvor í sínum sóknarhópi skv. 4. og 5. gr. skal nýi eigandinn velja í hvorum hópnum báturinn lendir, og er heimilt að nýta sóknardaga þess báts sem flesta sóknardaga á ónýtta.

Sé krókaleyfi með sóknardögum og krókaleyfi með þorskaflahámarki flutt til eins báts skal eigandi velja, hvort báturinn hlýtur krókaleyfi með sóknardögum eða þorskaflahámarki. Velji eigandi krókaleyfi með þorskaflahámarki skal bátnum úthlutað krókaleyfi með sama þorskaflahámarki og sá bátur hafði er krókaleyfi lét. Velji eigandi krókaleyfi með sóknardögum fellur þorskaflahámarkið niður.

*Ýmis ákvæði.*

## 12. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum og lögum um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Um gjald vegna ólögmæts sjávarafra fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 37, 27. maí 1992.

## 13. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda 1. september 1997. Frá 1. september falla úr gildi reglugerð nr. 361/1996 um veiðar krókabáta fiskveiðiárið 1996/1997 og auglýsing nr. 36/1996 um reglur um sóknardaga fiskveiðiárið 1996/1997.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. júní 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

**REGLUGERÐ****um veiðieftirlitsgjald.**

## 1. gr.

Á fiskveiðiarinu er hefst 1. september 1997 og lýkur 31. ágúst 1998 skulu útgerðir fiskiskipa greiða sérstakt gjald - veiðieftirlitsgjald - fyrir veiðiheimildir sem veittar eru á grundvelli laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða.

## 2. gr.

Fyrir veitingu almenns leyfis til veiða í atvinnuskyni skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990 með síðari breytingum, skal greiða fast gjald, 14.135 kr.

## 3. gr.

Fyrir tilkynningu um aflamark, sem kveður á um heimild til að veiða tiltekið magn sjávardýra skal greiða gjald sem miðast við aflamark af einstökum tegundum metið til þorskígilda samkvæmt verðmætahlutföllum í 5. gr. Gjald fyrir aflamarkstilkynningu skal vera 155 kr. fyrir hvert þorskígildistonn. Gjald fyrir hverja tilkynningu um aflamark, sem ekki er gefin út samhliða almennu leyfi til veiða í atvinnuskyni, skal þó aldrei vera lægra en 2.525 kr.

Aflamarksskip sem stunduðu línuveiðar fiskveiðiárið 1996/1997 skulu greiða veiðieftirlitsgjald vegna þess helmings landaðs afla viðkomandi skips í janúar og febrúar 1997 sem ekki taldist til aflamarks eins og aflinn er skráður í aflaupplýsingakerfi Fiskistofu. Skal gjaldið vera jafnhátt gjaldi vegna tilkynningar um aflamark skv. 1. mgr. þessarar greinar og gilda ákvæði þeirrar mgr. um gjald þetta eftir því sem við getur átt.

Innheimta skal sérstakt gjald vegna afla krókabáta er veiðar stunda með línu og handfærum með þorskaflahámarki eða dagatakörkunum. Skal gjaldið vera jafnhátt gjaldi vegna tilkynningar um aflamark skv. 1. mgr. þessarar greinar og gilda ákvæði þeirrar mgr. um gjald þetta eftir því sem við getur átt. Við útreikning á gjaldinu skal miða við landaðan afla viðkomandi krókabáts af þeim fisktegundum sem voru í aflamarki fiskveiðiárið 1996/1997 eins og afli bátsins er skráður í aflaupplýsingakerfi Fiskistofu á 6 mánaða tímabili frá 1. febrúar til 31. júlí 1997.

## 4. gr.

Fyrir leyfi til að veiða með dragnót, leyfi til hrognkelsaveiða og önnur veiðileyfi sem gefin eru út með stoð í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990 skal greiða fast gjald, 14.135 kr. fyrir hvert leyfi.

## 5. gr.

Við útreikning þorskígilda samkvæmt 3. gr. skal miða við eftirfarandi verðmætahlutföll: Þorskur 1.00, ýsa 1.00, ufsi 0.60, karfi 0.70, grálúða 2.40, skarkoli 1.20, sandkoli 0.70, steinbítur 0.80, langlúra 1.40, skrápflúra 0.70, rækja 1.20, humar (slitinn) 8.80, hörpudiskur 0.40, síld 0.12, loðna 0.06.

## 6. gr.

Gjald samkvæmt 2., 3. og 4. gr. skal innheimt við útgáfu veiðileyfa eða afhendingu veiðiheimilda.

Gjald fyrir veiðiheimild skal tilgreint á leyfisbréfi. Gjaldið er ekki endurkræft, enda þótt veiðiheimildir séu ekki nýttar.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari renna til reksturs veiðieftirlits Fiskistofu.

## 7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu. 27. júní 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

# REGLUR

## um lausafjárhlutfall innlánsstofnana af innlendum skuldbindingum.

Bankastjórn Seðlabankans hefur, að höfðu samráði við bankaráðið, ákveðið eftirfarandi reglur um lausafjárhlutfall innlánsstofnana skv. 4. og 5. mgr. 8. gr. og 41. gr. laga um Seðlabanka Íslands nr. 36/1986, sbr. lög nr. 11/1989, sbr. ennfremur 4. og 5. mgr. 19. gr. og 70. gr. reglugerðar fyrir Seðlabanka Íslands nr. 470/1986, með áorðnum breytingum.

### 1. gr.

Reglur þessar taka til viðskiptabanka og sparisjóða svo og annarra stofnana og félaga, sem heimilt er lögum samkvæmt að taka við innlánnum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar, sbr. 6. gr. laga nr. 36/1986.

### 2. gr.

Innlánsstofnanir skulu eiga laust fé eins og það er skilgreint í 3. gr. sbr. 5. gr., að lágmarki 12% af ráðstöfunarfé eins og það er skilgreint í 4. gr.

### 3. gr.

Með lausu fé er átt við eftirfarandi liði, enda sé upphaflegur lánstími/binding þeirra lengst til 3ja mánaða, sbr. þó 3., 8. og 9. tl.:

1. Innstæður í íslenskum krónum á óbundnum reikningum í Seðlabanka.
2. Innlendir peningar í sjóði.
3. Ríkisvixlar og mótvirði endurhverfra ríkisvixlaviðskipta. Mótvirði vegna endurhverfra ríkisvixlakaupa skal talið til eignar en mótvirði endurhverfrar ríkisvixlasölu til frádráttar.
4. Innstæðubréf í Seðlabanka og mótvirði endurhverfra verðbréfakaupa með innstæðubréf Seðlabanka.
5. Vixillán í Seðlabanka til frádráttar.
6. Óbundin nettóstaða í íslenskum krónum gagnvart innlendum innlánsstofnunum en með nettóstöðu er átt við innstæður eða aðrar kröfur að frádregnum skuldum. Innstæður eða aðrar kröfur á innlánsstofnanir teljast því aðeins með lausu fé að þær hafi verið tilkynntar jafnóðum til Seðlabankans og gefin hafi verið skýrsla um skiptingu þeirra eftir innlánsstofnunum í lok mánaðar og að meðaltali í mánuðinum.
7. Skuldir umfram kröfur á innlendar innlánsstofnanir sbr. 6. tölulið koma þó ekki til frádráttar lausu fé, enda séu þær ekki hærrí en 3% af ráðstöfunarfé sbr. 4. gr. og þær hafi verið tilkynntar jafnóðum til Seðlabankans og gefin hafi verið skýrsla um skiptingu skuldanna eftir innlánsstofnunum í lok mánaðar og að meðaltali í mánuðinum.
8. Nústaða gjaldeyrisjafnaðar (jákvæð eða neikvæð), sbr. 2. gr. reglna Seðlabankans um gjaldeyrisjöfnuð, nú frá 1. júlí 1997.
9. Húsbref, húsnæðisbref og skuldabref útgefin af ríkissjóði, skráð á Verðbréfapingi Íslands, og mótvirði endurhverfra viðskipta með slík verðbréf. Mótvirði vegna endurhverfra verðbréfakaupa skal talið til eignar en mótvirði endurhverfrar verðbréfasölu til frádráttar. Hrein eign samkvæmt framansögðu að fjárhæð allt að 2<sup>1</sup>/<sub>2</sub>% af ráðstöfunarfé sbr. 4. gr. auk 60% slíkrar eignar umfram 2<sup>1</sup>/<sub>2</sub>% af ráðstöfunarfé.

### 4. gr.

Með ráðstöfunarfé í reglum þessum er átt við niðurstöðutölu efnahagsreiknings innlánsstofnunar samkvæmt mánaðarskýrslu til Seðlabankans, að meðtöldum tekjum en að frádregnum eftirfarandi efnahags- og rekstrarliðum:

## 1. Gengisbundnar skuldir.

Með gengisbundnum skuldum er ekki átt við fé sem verðtryggt er miðað við svo nefnt reikningsgengi t.d. fé á gengisbundnum krónureikningum.

## 2. Skuldir í íslenskum krónum við bindiskyldar lánastofnanir sbr. 2. gr. reglna Seðlabankans um bindiskyldu, nú frá 1. júlí 1997.

## 3. Afskriftareikningur útlána.

## 4. Eigið fé og víkjandi lán.

## 5. Gjöld.

## 6. Viðskiptareikningur höfðuðstöðvar/útibús.

Þessi liður myndast vegna innbyrðis viðskipta innlánsstofnunar, t.d. viðskipta útibúa við höfðuðstöðvar. Þegar efnahagsreikningar allra rekstrareininga bankans eru lagðir saman á að koma fram sama fjárhæð slíkra viðskipta á eignahlið og skuldahlið. Séu fjárhæðirnar ólíkar, vegna rangrar bóknunar, er hér í 5. tl. átt við lægri fjárhæðina.

## 5. gr.

Seðlabankinn reiknar út hlutfall lauss fjár af ráðstöfunarfé sbr. 2. - 4. gr. Útreikningur skal byggja annars vegar á meðalstöðu lausafjárliða í mánuðinum, sbr. 3. gr., sé hún fyrirliggjandi og hins vegar á stöðu annarra liða, sbr. 3. og 4. gr., samkvæmt mánaðarskýrslu frá næstliðnum mánaðamótum. Meðalstaða gjaldeyrisjafnaðar skv. 8. tl. 3. gr. skal þó reiknuð eins og lýst er í 5. gr. reglna um gengisbundnar eignir og skuldir innlánsstofnana, nú frá 31. mars 1989.

Útreikningur meðalstöðu, sbr. 1. mgr., skal miðast við 30 daga í hverjum mánuði, þannig að síðasti dagur almanaksmánaðar reiknast ávallt sem 30. dagur mánaðar.

## 6. gr.

Viðurlög reiknast af þeirri fjárhæð, sem á vantar að meðaltali í tvo undangengna mánuði hverju sinni, sbr. útreikninga skv. 5. gr. fyrir sömu mánuði, þ.e. þann mánuð sem útreikningur lausafjárhlutfalls tekur til og næsta mánuð á undan. Viðurlögin skulu samsvara 1/12 hluta meðaltals ársávöxtunar nýrra almennra útlána viðskiptabanka og sparisjóða, eins og Seðlabankinn auglýsir það hverju sinni, skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1987 með síðari breytingum.

## 7. gr.

Viðurlög skv. 6. gr. skulu greiðast til Seðlabanka 20 dögum eftir hvert útreiknings tímabil sbr. 5. gr.

## 8. gr.

Vanræki innlánsstofnun að skila mánaðarskýrslu til Seðlabankans innan þeirra tíma marka, sem gildandi reglur um bindiskyldu innlánsstofnana kveða á um, getur útreikningur skv. 5. og 6. gr. byggst á stöðu efnahagsliða skv. síðustu mánaðarskýrslu hlutaðeigandi stofnunar.

## 9. gr.

Reglur þessar gilda fyrst í ágúst 1997 við uppgjör lausafjárhlutfalls vegna júlí 1997. Þar með falla úr gildi reglur um lausafjárhlutfall innlánsstofnana af innlendum skuldbindingum frá 23. september 1996.

Reykjavík, 1. júlí 1997.  
*Seðlabanki Íslands,*

**Birgir Ísl. Gunnarsson.**

**Eiríkur Guðnason.**

# REGLUR

## um bindiskyldu við Seðlabanka Íslands.

Bankastjórn Seðlabankans hefur, að höfðu samráði við bankaráðið, og að fengnu samþykki viðskiptaráðherra, ákveðið eftirfarandi reglur um bindiskyldu innlánsstofnana, skv. 1. - 3. mgr. 8. gr laga um Seðlabanka Íslands nr. 36/1986 með áorðnum breytingum:

### 1. gr.

#### *Gildissvið.*

Reglur þessar fjalla um útreikning og greiðslu bindiskyldu af innlendu ráðstöfunarfé og innlánnum á innlendum gjaldeyrisreikningum hjá innlánsstofnunum í lok hvers mánaðar, sem fundið er á grundvelli mánaðarskýrslu til tölfraeðideildar Seðlabanka Íslands.

### 2. gr.

#### *Stofnanir.*

Bindiskylda nær til viðskiptabanka og sparisjóða, svo og annarra stofnana og félaga sem heimilt er skv. lögum að taka við innlánnum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar.

### 3. gr.

#### *Bindiskyld fjárhæð.*

Eftir uppgjör bindiskyldu hverju sinni skal hin skyldubundna fjárhæð, ásamt áföllnum ófærðum vöxtum hennar, vera jöfn samtölu tveggja eftirtalinnna stærða, sbr. þó næstu mgr.

a. 2,5% af bundnum innlánnum og verðbréfum skv. 5. gr.

b. 4% af mismuni ráðstöfunarfjár skv. 4. gr. og bundnum innlánnum og verðbréfum skv. 5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal aukning skyldubundins fjár frá einu uppgjöri til annars, ekki vera meiri en 20% af aukningu ráðstöfunarfjár skv. 4. gr.

Bankastjórn Seðlabanka Íslands getur, þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr., ákveðið með sérstakri tilkynningu til innlánsstofnana að hækka eða lækka hámarksbindingu skv. 1. mgr. um allt að 1% af ráðstöfunarfé. Uppgjör á bindiskyldum fjárhæðum vegna breytinga á hámarksbindingu skv. þessari mgr. getur verið á öðrum gjalddaga en gert er ráð fyrir í 7. gr. enda sé það tilkynnt sérstaklega.

### 4. gr.

#### *Ráðstöfunarfé.*

Með ráðstöfunarfé í reglum þessum er átt við niðurstöðutölu efnahagsreiknings innlánsstofnunar þ.m.t. veðdeildar að meðtöldum tekjum en að frádregnum eftirfarandi efnahags- og rekstrarliðum:

1. Gengisbundnar skuldir.

Með gengisbundnum skuldum er ekki átt við fé sem verðtryggt er miðað við svo-nefnt reikningsgengi, t.d. fé á gengisbundnum krónureikningum.

2. Skuldir í íslenskum krónum við bindiskyldar stofnanir samkvæmt 2. gr. þessara reglna.

3. Afskriftarreikningur útlána.

4. Eigið fé og víkjandi lán.

5. Gjöld.

## 6. Viðskiptareikningur höfuðstöðvar/útibús/veðdeildar.

Þessi liður myndast vegna innbyrðis viðskipta innlánsstofnunar t.d. viðskipta útibúa við höfuðstöðvar. Þegar efnahagsreikningar allra rekstrareininga bankans eru lagðir saman á að koma fram sama fjárhæð slíkra viðskipta á eignahlið og skuldahlið. Séu fjárhæðirnar ólíkar, vegna rangrar bóknunar, er hér í 7. tl. átt við lægri fjárhæðina.

## 5. gr.

*Verðbréf og bundin innlán til minnst 3ja mánaða.*

- a. Útistandandi verðbréf útgefin af hlutaðeigandi innlánsstofnun, enda hafi upphaflegur lánstími þeirra ekki verið skemmri en 3 mánuðir.
- b. Innlán á bundnum sparireikningum, þ.e. reikningum sem aðeins eru opnir til úttektar í tiltekinn tíma í senn, en þess á milli líði minnst 3 mánuðir án þess að höfuðstóllinn sé aðgengilegur reikningseiganda að neinu leyti. Innlánsreikningar, sem um tiltekinn tíma eru opnir til úttektar, skulu teljast hér með, enda geri samningar eða reglur ráð fyrir að þeir lokist á ný. Innlánsreikningar, sem að hluta eða öllu leyti eru opnir til úttektar í ótiltekinn tíma, skulu ekki teljast hér með, enda þótt þeir hafi einhverju sinni verið lokaðir fyrir úttektum.
- c. Innlán á reikningum sem stofnaðir hafa verið vegna samninga um reglubundinn sparnað. Slíkur innlánsreikningur skal þó ekki teljast hér með sé samningurinn úr gildi fallinn.
- d. Áfallnir ófærðir vextir liða a, b og c.

## 6. gr.

*Bindiskylda af innlendum gjaldeyrisreikningum.*

Bindiskyldar stofnanir samkvæmt 2. gr. þessara reglna, sem taka við innlánnum á innlenda gjaldeyrisreikninga, skulu eiga reikninga í Seðlabankanum í sömu gjaldmiðlum með heildarinnstæðu að lágmarki er fullnægja ákvæðum 3. gr. undirlíðar b. Innstæður á þessum reikningum frá öðrum bindiskyldum stofnunum eru þó undanþegnar bindiskyldu.

## 7. gr.

*Uppgjör bindingar.*

Uppgjör bindiskyldu hvers mánaðar fer fram með millifærslu milli viðskiptareiknings og bindireiknings innlánsstofnunar í Seðlabankanum hinn sautjándi dag næsta mánaðar eða næsta virkan dag þar á eftir, sé hinn sautjándi ekki afgreiðsludagur banka.

## 8. gr.

*Skýrsluskil.*

Mánaðarskýrslur frá viðskiptabönkum og sparisjóðum skulu hafa borist Seðlabanka Íslands eigi síðar en 11. dag hvers mánaðar eða næsta dag þar á undan ef skiladag ber upp á almennan frídag bankamanna.

Vanræki innlánsstofnun að skila skýrslum til Seðlabankans innan þeirra tímamarka, sem greind eru í 1. mgr., er Seðlabankanum heimilt, skv. 70. gr., sbr. 3. mgr. 19. gr. reglugerðar nr. 470/1986 um Seðlabanka Íslands með áorðnum breytingum, að úrskurða bindiskylda fjárhæð á grundvelli síðustu skýrslu frá innlánsstofnun auk 10% álags fyrir hvern mánuð. Sé þessu ákvæði beitt skal stjórn og endurskoðendum þeirrar stofnunar, sem í hlut á, þegar tilkynnt um það, en bankaeftirlitinu ber jafnframt að rannsaka sem fyrst bókhald og eignir stofnunarinnar, sbr. 72. gr. reglugerðar nr. 470/1986 um Seðlabanka Íslands.



## 9. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar gilda fyrst við uppgjör bindiskyldu í ágúst 1997. Jafnframt falla úr gildi fyrri reglur um innlánsbindingu við Seðlabankann frá 8. nóvember 1993.

Reykjavík, 1. júlí 1997.

*Seðlabanki Íslands,*

**Birgir Ísl. Gunnarsson.**

**Eiríkur Guðnason.**

Nr. 421

1. júlí 1997

**REGLUR****um gjaldeyrisjöfnuð lánastofnana og þeirra  
er leyfi hafa til milligöngu um gjaldeyrisviðskipti.**

Með tilvísun til 8. gr. laga nr. 36/1986 um Seðlabanka Íslands sbr. 1. gr. laga nr. 11 frá 30. mars 1989 um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, svo og 8. gr. laga nr. 87/1993 um gjaldeyrisráð, hefur bankastjórn Seðlabankans, að höfðu samráði við bankaráðið, ákveðið eftirfarandi reglur um gjaldeyrisjöfnuð innlánsstofnana og þeirra sem leyfi hafa til milligöngu um gjaldeyrisviðskipti.

## 1. gr.

*Gildissvið.*

Reglur þessar taka til lánastofnana, þ.e. viðskiptabanka og sparisjóða, sbr. lög nr. 113/1996, og annarra lánastofnana, sbr. lög nr. 123/1993, sem starfa hér á landi. Einnig taka þær til aðila sem leyfi hafa til milligöngu um gjaldeyrisviðskipti frá Seðlabanka Íslands þar sem áskilið er að leyfishafi hlýti reglum um gjaldeyrisjöfnuð.

## 2. gr.

*Skilgreiningar.*

Til gengisbundinna liða í reglum þessum skal telja eigna- og skuldaliði svo og liði utan efnahagsreiknings sem eru í erlendum gjaldmiðli og liði í íslenskum krónum ef þessir liðir eru með gengisviðmiðun.

Til nústöðu í gjaldmiðli skal telja gengisbundna eigna- og skuldaliði í viðkomandi gjaldmiðli þar með talin núviðskipti með uppgjöri innan þriggja daga.

Til framvirkrar stöðu í gjaldmiðli skal telja alla gengisbundna framvirka samninga.

Heildargjaldeyrisjöfnuður stofnunar er samtala þeirra gjaldmiðla þar sem opin gjaldeyrisstaða stofnunar er jákvæð (nettó gnóttstaða) að frádreginni samtölu þeirra gjaldmiðla þar sem opin gjaldeyrisstaða er neikvæð (nettó skortstaða).

Hrein gjaldeyrisstaða stofnunar er hærri fjárhæðin af tveimur, samanlögð opin gjaldeyrisstaða í þeim gjaldmiðlum þar sem opin gjaldeyrisstaða er jákvæð (nettó gnóttstaða) eða samanlögð opin gjaldeyrisstaða þeirra gjaldmiðla þar sem opin gjaldeyrisstaða er neikvæð (nettó skortstaða).

Eigið fé í reglum þessum er eftir því sem við á skilgreint í eiginfjárvæðum laga um viðskiptabanka og sparisjóði nr. 113/1996 með síðari breytingum, laga um aðrar lánastofnanir nr. 123/1993 með síðari breytingum eða ákvæðum laga um ársreikninga nr. 37/1995. Þó skal telja með eigin fé hjá Sparisjóðabanka Íslands hf. samtölu ábyrgðayfirlýsinga þeirra sem einstakir sparisjóðir hafa gefið út vegna viðskiptaskuldbindinga Sparisjóðabanka Íslands hf. gagnvart erlendum lánastofnunum.

## 3. gr.

*Útreikningur á opinni gjaldeyrisstöðu.*

Við útreikning á opinni gjaldeyrisstöðu stofnunar í einstökum gjaldmiðlum skal taka með allar eignir og skuldir og liði utan efnahagsreiknings í viðkomandi gjaldmiðli þar sem stofnunin sjálf ber gjaldeyrisáhættuna.

Eftirfarandi stöður skal taka með í útreikninginn:

- 1) Nettó nústöðu, þ.e. allar eignir að frádregnum skuldum að meðtöldum áföllnum ógjaldföllnum vöxtum. Afskriftareikningur útlána skal dreginn frá eignum í þessu sambandi.
- 2) Nettó framvirk staða, þ.e. staða stofnunar í framvirkum samningum, stöðluðum framvirkum samningum og gjaldmiðlaskiptasamningum að því marki sem þessir samningar eru ekki með í nettó nústöðu stofnunar. Gjaldmiðlaskiptasamninga skal meðhöndla sem eign í einum gjaldmiðli og sem skuld í öðrum.
- 3) Óafturkallanlegar ábyrgðir og svipaðar skuldbindingar ef öruggt er talið að á þær reyni og ólíklegt að þær verði endurkrefjanlegar.
- 4) Samanlagt nettó deltavirði af valréttarsamningum um gjaldeyri. Stofnanir sem eiga í viðskiptum með valréttarsamninga skulu reikna deltavirði í samræmi við ákvæði reglna nr. 348/1996 um mat á áhættugrunni við útreikning á eiginfjárlutfalli lána-stofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu.
- 5) Markaðsvirði annarra valréttarsamninga í erlendum gjaldmiðli.

Stofnanir sem fengið hafa sérstaka heimild bankaeftirlitsins geta auk liða 1) -5) tekið tillit til eftirfarandi við mat á gjaldeyrisstöðu sinni;

- 6) Framtíðartekna/gjalda sem enn eru ekki áfallin en eru þegar að fullu baktryggð.
- 7) Staða sem stofnunin hefur beinlínis tekið til að baktryggja sig gegn óhagstæðum áhrifum gengisbreytingum gjaldmiðils á eiginfjárlutfall svo og eignarhlutdeild í dótturfélögum sem dregin hefur verið frá við útreikning á eigin fé. Slíkar stöður má undanskilja við mat á gjaldeyrisstöðu enda séu þær ekki viðskiptalegs eðlis eða kerfisbundnar.

Við útreikning á opinni gjaldeyrisstöðu í einstökum gjaldmiðlum er heimilt að skipta upp samsettum mynteiningum s.s. SDR og ECU eftir vægi hverrar myntar í viðkomandi mynteiningu.

## 4. gr.

*Gjaldeyrisjöfnuður.*

Gjaldeyrisjöfnuður stofnunar skal ávallt vera innan eftirtalinna marka;

Opin gjaldeyrisstaða stofnunar í einstökum erlendum myntum skal hvorki vera jákvæð né neikvæð um meir en nemur 15% af eigin fé stofnunar í upphafi árs. Þó er heimilt að jöfnuður í Bandaríkjadal sé jákvæður eða neikvæður um 20%.

Heildargjaldeyrisjöfnuður stofnunar skal hvorki vera jákvæður né neikvæður umfram 30% af eigin fé stofnunar í upphafi árs.

Fari gjaldeyrisjöfnuður umfram þau mörk sem hér eru tilgreind skulu stofnanir þegar grípa til aðgerða til að laga hann, og skal hann vera innan tilskilinna marka eigi síðar en innan þriggja daga.

## 5. gr.

*Skýrsluskil.*

Aðilar þeir er reglur þessar ná til skulu skila Seðlabankanum mánaðarlega skýrslum um gjaldeyrisjöfnuð á því formi sem Seðlabankinn ákveður. Skal slíkum skýrslum skilað innan 10 virkra daga (bankaafgreiðsludaga) frá lokum hvers mánaðar. Aðilar að millibankamarkaðnum með gjaldeyri skulu þó skila daglega skýrslum sbr. gildandi reglur þar að lútandi nú frá 1. júlí 1997.

## 6. gr.

*Gildistaka*

Reglur þessar taka gildi hinn 8. júlí 1997. Jafnframt falla úr gildi reglur um gengisbundnar eignir og skuldir innlánsstofnana frá 31. mars 1989. Þó skulu ákvæði þeirra ekki taka gildi gagnvart öðrum lánastofnunum en viðskiptabönkum og sparisjóðum fyrr en 1. mars 1998. Breytt viðmiðun varðandi eigið fé Sparisjóðabanka Íslands tekur þó ekki gildi fyrr en 1. janúar 1998.

Reykjavík, 1. júlí 1997.

*Seðlabanki Íslands,*

**Birgir Ísl. Gunnarsson.**

**Eiríkur Guðnason.**

Nr. 422

1. júlí 1997

**REGLUR****um gjaldeyrismarkað.**

Reglur þessar eru settar skv. heimild í 18. gr. laga nr. 36/1986 um Seðlabanka Íslands með áorðnum breytingum, sbr. og ákvæði 8. gr. laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál.

## 1. gr.

*Aðild að millibankamarkaði með gjaldeyri.*

Aðilar að millibankamarkaði með gjaldeyri (markaðsaðilar) geta þeir orðið, auk Seðlabanka, sem hafa ótakmarkað starfsleyfi til gjaldeyrisviðskipta á grundvelli 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1992, sbr. 1. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 679/1994, enda taki þeir á sig ábyrgð og skyldur viðskiptavaka með Bandaríkjadal gagnvart íslenskrí krónu samkvæmt ákvæðum þessara reglna. Nefndir aðilar hafa einir rétt til gjaldeyrisviðskipta við Seðlabankann auk ríkissjóðs.

Hver sá, sem æskir þess að verða viðskiptavaki á gjaldeyrismarkaði skv. reglum þessum, skal sækja um það skriflega til Seðlabanka Íslands. Seðlabankinn sendir skriflegt svar við fullbúinni umsókn innan eins mánaðar frá því að hún berst. Samþykki bankinn umsóknina tilkynnir hann það öllum aðilum á markaðnum fimm viðskiptadögum áður en aðild umsækjanda tekur gildi.

Um uppsögn viðskiptavaka sjá 14. gr.

## 2. gr.

*Skyldur viðskiptavaka.*

Viðskiptavaka er skylt að gefa upp bindandi kaup- og söluverð Bandaríkjadals ef annar markaðsaðili óskar þess. Sé fjárhæð eigi tilgreind skal viðskiptavaki miða við 500.000 Bandaríkjadali, og er honum skylt að eiga viðskipti fyrir þá fjárhæð á tilgreindu verði. Hafi markaðsaðili aðra fjárhæð í huga skal hann tilgreina hana, en þarf ekki að segja til um hvort hann vill kaupa eða selja. Viðskiptavaka er ekki skylt að láta uppi verð fyrir aðra fjárhæð en 500.000 Bandaríkjadali. Að loknum viðskiptum er viðskiptavaka ekki skylt að gefa sama markaðsaðila verðtilboð aftur fyrr en eftir 10 mínútur.

Viðskipti í öðrum gjaldmiðli en Bandaríkjadal eru háð samþykki beggja aðila, og getur viðskiptavaki þá vikist undan að gefa upp verð þótt þess sé óskað.

## 3. gr.

*Markaðstími.*

Millibankamarkaður með gjaldeyri stendur frá kl. 9.15 til 16.00 hvern viðskiptadag.

## 4. gr.

*Leiðbeinandi verðtilboð.*

Viðskiptavakar skuldbinda sig til þess að uppfæra reglulega leiðbeinandi verðtilboð á kaup- og sölugengi Bandaríkjadals á sérstakri síðu í upplýsingakerfi Reuters, Telerate, eða í öðru sambærilegu upplýsingakerfi, sem markaðsaðilar koma sér saman um að notað sé fyrir markaðinn. Einungis markaðsaðilar skulu hafa aðgang að þessum síðum. Leiðbeinandi verð skal uppfæra eigi sjaldnar en á 30 sekúndna fresti. Þar skal að öðru jöfnu sýnt það verð sem viðskiptavaki er reiðubúinn að kaupa og selja á 500.000 Bandaríkjadali.

## 5. gr.

*Upplýsingakvöð viðskiptavaka.*

Viðskiptavaki, sem gefið hefur upp verð er leitt hefur til viðskipta, skal tilkynna Seðlabanka símleiðis, með Reuter-mail eða eftir öðrum sambærilegum boðleiðum um þau viðskipti sem nema 500.000 Bandaríkjadöllum eða meira eða jafngildi þess í öðrum gjaldmiðli eigi síðar en 5 mínútum eftir að viðskipti hafa átt sér stað. Þar skal koma fram í hvaða gjaldmiðli viðskiptin voru gerð, hver mótaðili var, fjárhæð og verð (gengi). Seðlabankinn ákveður hvaða boðleið skuli notuð í þessu skyni.

Viðskiptavakar skulu jafnframt skila Seðlabanka tvenns konar yfirliti, daglegu og mánaðarlegu, um gjaldeyrisviðskipti á millibankamarkaði og gjaldeyrisjöfnuð – í því formi sem Seðlabanki mælir fyrir um. Upplýsingar vegna hvers viðskiptadags skulu berast fyrir kl. 14.00 næsta dag, en yfirlit um hvern mánuð eigi síðar en kl. 16.00 sjöunda virkan dag næsta mánaðar.

Viðskiptavökum ber einnig að veita Seðlabankanum símleiðis aðrar upplýsingar um viðskipti og annað það sem líklegt er til þess að hafa umtalsverð áhrif á markaðinn. Viðskiptavökum ber að veita slíkum símtölum eðlilegan forgang.

## 6. gr.

*Upplýsingakvöð Seðlabanka Íslands.*

Í tengslum við ákvörðun opinbers viðmiðunargengis birtir Seðlabankinn vísitölu gengisskráningar einu sinni á dag á Reutersíðu og/eða í öðru sambærilegu upplýsingakerfi.

Seðlabankinn sendir reglulega öllum viðskiptavökum upplýsingar um heildarviðskipti á millibankamarkaði með gjaldeyri.

## 7. gr.

*Skráning opinbers viðmiðunargengis.*

Seðlabankinn skráir gengisvísitölu og opinbert viðmiðunargengi íslensku krónunnar með hliðsjón af leiðbeinandi verðtilboðum viðskiptavaka eða því verði sem myndast hefur í viðskiptum Seðlabanka og viðskiptavaka. Hvern viðskiptadag milli kl. 10.45 og 11.00 skoðar Seðlabankinn tilboð allra viðskiptavaka, reiknar út miðgengi Bandaríkjadals, skráir opinbert viðmiðunargengi á þeim grundvelli og reiknar út gengi annarra gjaldmiðla í hinni opinberu gengisskráningu sinni. Enn fremur getur Seðlabanki skráð opinbert viðmiðunargengi á grundvelli síðasta viðskiptaverðs á þessu tímabili.

Seðlabankinn ákveður hvaða gjaldmiðlar verða skráðir í opinberu viðmiðunargengi og birtir kaup- og sölugengi þeirra. Gengisbil hvers gjaldmiðils skal taka mið af meðalgengisbili almenns gengis allra viðskiptavaka í sama gjaldmiðli og skal endurskoðað mánaðarlega. Gengisbili Seðlabanka verður þó aðeins breytt ef gildandi gengisbil bankans víkur frá meðalgengisbili almenns gengis viðskiptavaka um meira en 0,05 af hundraði.

## 8. gr.

*Viðskipti Seðlabanka Íslands.*

Seðlabanka Íslands er ekki skylt að eiga viðskipti við aðra markaðsaðila þótt eftir því sé leitað. Viðskiptavaka er hinsvegar skylt að eiga viðskipti við bankann í samræmi við reglur þessar.

## 9. gr.

*Gengisbil í viðskiptum.*

Viðskiptavakar skulu gera með sér samkomulag um hámarksgengisbil í tilboðum sínum með 500.000 Bandaríkjadali á millibankamarkaði. Gengisbil skal vera hlutfallslega svipað í öðrum gjaldmiðli. Að fenginni samhljóða niðurstöðu viðskiptavaka á símafundi er heimilt að víkja frá þessu gengisbili tímabundið í neyð, t.d. vegna verulegs þrýstings á krónuna eða vegna áfalla á erlendum mörkuðum. Skal Seðlabanka tilkynnt um slík frávik eins fljótt og auðið er og eigi síðar en innan 5 mínútna.

Viðskiptavökum er heimilt að hliðra til verðtilboðum með ofangreindu gengisbili, m.a. til þess að lýsa áhuga á gjaldeyrisviðskiptum.

Viðskiptavakar skulu nota sama fjölda aukastafa í verðtilboðum og gert er við skráningu opinbers viðmiðunargengis hjá Seðlabanka Íslands.

## 10. gr.

*Tímabundin stöðvun viðskipta.*

Við sérstakar aðstæður getur meirihluti viðskiptavaka samþykkt að stöðva viðskipti á millibankamarkaði, og gildir þá slík ákvörðun fram til kvölds sama dag. Þó geta viðskipti hafist aftur samdægurs ef allir viðskiptavakar samþykkja það. Ákvarðanir skv. þessari grein skulu viðskiptavakar tilkynna Seðlabankanum án tafar.

## 11. gr.

*Gildisdagsetning viðskipta.*

Í viðskiptum með erlendum gjaldeyri skulu gilda sömu reglur og á erlendum gjaldeyris-mörkuðum um gildisdagsetningar og millifærslur á erlenda bankareikninga.

## 12. gr.

*Hæfniskröfur.*

Viðskiptavakar skulu sjá til þess að starfsmenn þeirra, sem annast viðskipti á milli-bankamarkaði, hafi næga þekkingu til að annast gjaldeyrisviðskipti. Viðskiptavakar skulu hafa yfir að ráða fullnægjandi innri eftirlitskerfum til að meta og stýra áhættu í gjaldeyrisviðskiptum. Þá skal innra skipulag viðskiptavaka vera þannig að skýr skil séu milli gjaldeyrisviðskipta og frágangs þeirra. Ef þess er óskað skal viðskiptavaki veita Seðlabanka upplýsingar um eftirlitskerfi og innri reglur sem viðskiptavaki hefur sett sér í gjaldeyrisviðskiptum. Ef starfsemi viðskiptavaka tekur breytingum eða skipt er um yfirmenn gjaldeyrisviðskipta skal Seðlabankanum tilkynnt um slíkt fyrirfram. Jafnframt skulu viðskiptavakar tilkynna Seðlabanka um hverjir sinna gjaldeyrisviðskiptum á millibankamarkaði fyrir þeirra hönd.

## 13. gr.

*Fundir markaðsaðila, siðareglur o.fl.*

Viðskiptavakar skulu tilnefna tengiliði vegna samskipta við Seðlabankann og skal við það miðað að þeir séu yfirmenn gjaldeyrisviðskipta viðskiptavaka. Með reglulegu millibili skal Seðlabankinn boða til funda tengiliða, þar sem fjallað verði um leikreglur markaðarins. Markaðsaðilar skulu stuðla að heilbrigðum viðskiptaháttum, m.a. með því að setja siðareglur fyrir millibankamarkað með gjaldeyri með hliðsjón af alþjóðlegum siðareglum.

Viðskiptavakar skulu fylgjast með öllum vísbendingum um óeðlilegt atferli að því er varðar umfang, tíðni og frágang viðskipta og tilkynna Seðlabankanum um slíkt verði þeir þess áskynja og enn fremur um hvaðeina annað sem óeðlilegt gæti talist.

## 14. gr.

*Uppsögn viðskiptavaka og viðurlög.*

Viðskiptavaki, sem hyggst segja upp aðild að millibankamarkaði samkvæmt reglum þessum, skal tilkynna Seðlabanka Íslands þá ákvörðun skriflega með a.m.k. mánaðar fyrirvara.

Telji Seðlabanki Íslands að viðskiptavaki standi ekki við skuldbindingar samkvæmt reglum þessum getur bankinn svipt hann rétti til viðskipta við sig.

## 15. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar öðlast gildi hinn 8. júlí 1997. Jafnframt falla þá úr gildi Reglur um gjald-eyrismarkað frá 19. maí 1993.

## 16. gr.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Við upphaf viðskipta samkvæmt framanskráðum reglum eru markaðsaðilar þessir auk Seðlabanka Íslands: Búnaðarbanki Íslands, Íslandsbanki hf., Landsbanki Íslands, og Sparisjóðabankinn hf.

Hámarksgengisbil, sbr. 9. gr. skal í upphafi vera 5 aurar á Bankaríkjadal og samsvarandi hlutfallslega á öðrum gjaldmiðlum.

Samkomulag er um að í upphafi verði notast við upplýsingakerfi Reuter vegna leiðbeinandi verðtilboða sbr. 4. gr. og Reuter-mail vegna upplýsingagjafar skv. 5. gr.

Reykjavík, 1. júlí 1997.

*Seðlabanki Íslands,*

**Birgir Ísl. Gunnarsson.**

**Eiríkur Guðnason.**

**AUGLÝSING****um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

1. Að biðskylda verði á Barkarvogi við mót Holtavegar.
2. Að biðskylda verði á Reykjahlíð við mót Flókagötu.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 26. júní 1997.*

**Stefán Hirst,**

e. u.

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Vallahreppi.

## 1. gr.

Hreppsnefnd Vallahrepps er heimilt að leggja á sérstakt árlegt sorphirðugjald (sorp-hreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

## 2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:		kr.
Íbúðir í þéttbýli	sorphirðugjald	5.500
Íbúðir í dreifbýli	sorpeyðingargjald	2.500
Sumarbústaðir	–	1.500
Fyrirtæki flokkur 1	–	5.000
– 2	–	15.000
– 3	–	30.000
– 4	–	60.000
– 5	–	120.000

Hreppsnefnd skipar fyrirtækjum í flokka eftir magni úrgangs.

## 3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Vallahrepps, staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 30. júní 1997.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

## SAMÞYKKT

### um sorphirðu í Kópavogi.

## 1. gr.

Kópavogsbær annast sorphirðu í Kópavogi samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og fer sorphirða fram undir stjórn tæknideildar Kópavogsbæjar og eftirliti heilbrigðisfulltrúa. Kópavogsbær getur falið verktökum að annast innsöfnun á úrgangi í Kópavogi.

## 2. gr.

Verktakar sem annast innsöfnun úrgangs, sbr. 1. gr., skulu hafa til þess starfsleyfi heilbrigðisnefndar.

## 3. gr.

Sérhver íbúðarhafi í Kópavogi er skyldugur að nota þær aðferðir og ílát við sorpeyðingum og hreinsun sem bæjarstjórn, í samráði við heilbrigðisnefnd, ákveður.

## 4. gr.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn og skulu húsráðendur hreinsa snjó frá sorpgeymslum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim, svo unnt sé að annast hreinsun.

## 5. gr.

Kópavogsbær leggur til og annast viðhald sorpílata.

## 6. gr.

Í sorpílátin má aðeins setja neysluúrgang, þ.e. allt venjulegt heimilissorp, í samræmi við nánari fyrirmæli sem kunna að verða sett um flokkun úrgangs, sbr. 3. gr. Ekki má setja í þau mold, mól, grjót, byggingarúrgang, garðaúrgang o.þ.h. Spilliefni og annar hættulegur úrgangur má ekki fara í sorpílát né heldur lyf. Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skaði þá sem meðhöndla sorpið eða sorpílát, skal pakkað inn eða gengið frá á annan tryggilegan hátt. Gæta skal þess að yfirfylla ekki sorpílátin þannig að auðveldlega megi loka þeim.

## 7. gr.

Sorphreinsun fer fram eigi sjaldnar en á 14 daga fresti á almennu heimilissorpi. Flokkað sorp er heimilt að hirða sjaldnar. Æski húsráðendur að sorp verði fjarlægð oftar bera þeir sjálfir kostnað af slíkum viðbótarhreinsunum

## 8. gr.

Fyrirtæki, stofnanir og aðrir þeir aðilar sem hafa með höndum starfsemi sem krefst tíðari og viðameiri sorphirðu en tilgreint er í 7. gr. ber sjálfum að annast og kosta þá sorphirðu. Ef fyrirtæki eða stofnanir óska þá hirðir Kópavogsbær sorp, sem fellur undir 6. gr frá þeim, gegn gjaldi samkvæmt gjaldskrá. Kópavogsbær leggur til sorpílát þeim fyrirtækjum eða stofnunum sem hann hreinsar frá. Frágangur og umgengni um sorpílát skal vera í samræmi við fyrirmæli heilbrigðisfulltrúa. Annan flutning á úrgangi frá fyrirtækjum og stofnunum skal framkvæma eftir fyrirmælum heilbrigðisfulltrúa.

## 9. gr.

Almenn sorphirða samkvæmt 7. gr. greiðist af bæjarsjóði. Bæjarstjórn er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald samkvæmt gjaldskrá sem umhverfisráðherra staðfestir. Sorphirðugjald skal lagt á hverja þá fasteign sem nýtur framangreindrar þjónustu og miðast við stærð og fjölda íláta og hvort um er að ræða flokkað eða óflokkað sorp. Bæjarstjórn er heimilt að takmarka fjölda sorpílata við hverja fasteign. Njóti íbúar í dreifbýli og eigendur sumarhúsa sorphirðuþjónustu þá greiða þeir samkvæmt gjaldskrá í samræmi við veitta þjónustu.

## 10. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu, skal hann koma slíkri kvörtun til tæknideildar Kópavogs eða heilbrigðisfulltrúa.

## 11. gr.

Brjótí húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og geymslu sorps skulu sorphirðumenn tilkynna það heilbrigðisfulltrúa, sem hlutast þá til um að úr verði bætt. Sorphirðumönnum skal óheimilt að hnýsast í sorpílát eða hirða úr þeim.



12. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum 23. og 26. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum.

13. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Kópavogs er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað.

*Umhverfisráðuneytinu, 30. júní 1997.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

---

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## REGLUGERÐ um lyfsöluleyfi og lyfjabúðir.

### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Reglugerð þessi gildir um alla starfsemi lyfjabúða, lyfjaútibúa og annarra er heimild hafa til sölu eða afhendingar lyfja.

Öll almenn ákvæði um starfsemi lyfjabúða, gilda eftir því sem við á um aðrar lyfjasölur.

##### 2. gr.

Ætíð skal haft til hliðsjónar að lyfjadreifing er hluti heilbrigðisþjónustu og starfsmenn við dreifinguna skulu vinna með öðrum í heilbrigðisþjónustu að opinberum heilbrigðis-markmiðum hverju sinni.

Reglugerð þessari er ætlað að tryggja eftir föngum gæði og öryggi lyfja, lyfjaþjónustu og auka fræðslu um lyfjanotkun.

##### 3. gr.

Lyfjabúðir skulu reknar sem sérverslanir og skal öll starfsemi þeirra skýrt aðgreind frá starfsemi annarra verslana eða fyrirtækja.

Lyf má einungis selja eða afhenda í lyfjabúðum, lyfjaútibúum eða hjá öðrum þeim er heimild hafa til sölu eða afhendingar lyfja samkvæmt ákvæðum lyfjalaga. Undanskilin er sala náttúrulyfja og hómópatalyfja, samkvæmt ákvörðun lyfjanefndar ríkisins við veitingu markaðsleyfis þeirra.

Í lyfjabúð skal hafa á boðstólum eða útvega helstu hjálpartæki vegna lyfjanotkunar og helstu lækninga- og hjúkrunarvörur (medical devices).

Í lyfjabúð má selja eitrefni og hættuleg efni enda sé farið að gildandi reglum um meðhöndlun og sölu slíkrar vöru.

Í lyfjabúð er heimilt að selja sjúkræði og sérfæði, helstu hreinlætisvörur og snyrti-vörur svo og vörur sem undanþegnar hafa verið lyfjahugtakinu (vítamín, steinefni, fæðubótarefni o.fl.), eins og það er skilgreint í lyfjalögum á hverjum tíma.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra getur heimilað að einstakar vörur, eða vöruflokkar, sem ekki eru taldar upp hér að framan, séu seldar í lyfjabúðum eða takmarkað sölu ákveðinna vörutegunda við lyfjabúðir, enda sé um að ræða vörur sem falla að starfseminni. Aldrei getur orðið um að ræða almenna mat- eða drykkjarvöru eða vöru sem ekki tengist sérverslun lyfjabúðar og sérþekkingu sem þar er.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sker úr um, að fenginni umsögn Lyfjaeftirlits ríkisins, hvort heimilt er að selja í lyfjabúðum tiltekna vöru eða vöruflokk.

Önnur vara, sem seld er í lyfjabúð, sbr. 4.- 7. málsg. þessa ákvæðis, skal skýrt skilin frá lyfjum.

## II. KAFLI Lyfsöluleyfi.

### 4. gr.

#### *Almenn ákvæði.*

Heimild til lyfjasölu hafa þeir einir sem til þess hafa hlotið leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Ráðherra veitir lyfsöluleyfi þeim sem uppfyllir skilyrði gildandi lyfjalaga til að mega öðlast slíkt leyfi og um það sækir.

Lyfsöluleyfi veitir handhafa þess rétt til að kaupa lyf í heilðsölu og til að afhenda lyf gegn lyfseðli, í lausasölu, í lyfjakistur skipa og flugvéla og til stofnana sem gerður hefur verið sérstakur samningur við, sbr. 2. mgr. 35. gr. lyfjalaga nr. 93/1994.

Lyf skulu keypt í nafni lyfjabúðar.

### 5. gr.

#### *Umsókn um lyfsöluleyfi.*

Umsókn um lyfsöluleyfi skal beint til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Umsókn skulu fylgja eftirtalin gögn:

1. Afrit af leyfi umsækjanda til að mega starfa sem lyfjafræðingur á Íslandi, sbr. lög um lyfjafræðinga.
2. Staðfesting á því að umsækjandi hafi starfað sem lyfjafræðingur í 3 ár hið skemmsta. Veita má undanþágu frá þessu skilyrði ef sérstaklega stendur á.
3. Afrit af verslunarleyfi umsækjanda eða afrit sammings við verslunarleyfishafa og leyfis hans til að stunda smásöluverslun á því svæði sem fyrirhuguð lyfjabúð á að vera.

Nú er umsókn, eða gögn sem henni fylgja, ófullnægjandi og skal þá umsóknin endursend umsækjanda og honum gefinn kostur á að bæta úr ágöllum hennar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra sendir umsóknir um lyfsöluleyfi lyfjabúða til umsagnar viðkomandi sveitarstjórnar og Lyfjaeftirlits ríkisins.

### 6. gr.

#### *Nýjar lyfjabúðir.*

Að fenginni umsögn sveitarstjórnar vegna umsóknar um lyfsöluleyfi, vegna nýrrar lyfjabúðar, veitir ráðherra lyfsöluleyfi, enda liggi fyrir yfirlýsing Lyfjaeftirlits ríkisins um að húsnæði, búnaður og starfslið fullnægi kröfum þess, sbr. IV. og VII.-VIII. kafla reglugerðar þessarar.

Lyfjaeftirlit ríkisins skal leita skriflegrar umsagnar Vinnueftirlits ríkisins og heilbrigðisnefndar og slökkviliðsstjóra viðkomandi sveitarfélags. Heimilt er Lyfjaeftirliti ríkisins að leita umsagnar annarra teljist þess þörf.

Þrátt fyrir að yfirlýsing Lyfjaeftirlits ríkisins skv. 1. mgr. liggi enn ekki fyrir, getur ráðherra gefið út yfirlýsingu, til handa umsækjanda lyfsöluleyfis, um að skilyrðum til útgáfu leyfisins sé að öðru leyti fullnægt.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra tilkynnir Lyfjaeftirliti ríkisins um útgáfu lyfsöluleyfa. Lyfjaeftirlit ríkisins annast tilkynningar um lyfsöluleyfi til lyfjaheildsala og Tryggingastofnunar ríkisins.

### 7. gr.

Lyfjaeftirliti ríkisins er heimilt að víkja frá kröfum um húsnæði þegar um er að ræða lyfjabúð sem stofna á í byggðarlagi þar sem ekki er starfrækt lyfjabúð, enda sé um að ræða starfsemi í húsnæði þar sem fram fer almenn heilbrigðisþjónusta.

## 8. gr.

*Starfandi lyfjabúðir.*

Ráðherra veitir umsækjanda um lyfsöluleyfi, vegna starfandi lyfjabúðar, lyfsöluleyfi, enda uppfylli umsækjandi skilyrði lyfjalaga og þessarar reglugerðar um slíkt leyfi.

Áður en lyfsöluleyfi er veitt skal leita umsagnar Lyfjaeftirlits ríkisins um hvort sú yfirlýsing, er gefin var vegna fyrri lyfsöluleyfifshafa, skuli gilda áfram fyrir lyfjabúðina.

## 9. gr.

Lyfjaeftirliti ríkisins er hvenær sem er heimilt að kanna hvort lyfjabúð fullnægi enn kröfum þess um húsnæði, búnað og starfslíð, til að mega starfa.

Lyfjaeftirlit ríkisins skal reglulega tilkynna heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um hvort lyfjabúð fullnægi kröfum þess, en tafarlaust verði það þess áskynja að kröfum þess sé ábótavant.

## 10. gr.

*Lyfjaeftirlitsgjald.*

Lyfjafræðingur, sem hefur lyfsöluleyfi eða yfirlýsingu ráðherra samkvæmt 3. málsg. 6. gr., vegna nýrrar lyfjabúðar, greiðir eftirlitsgjald samkvæmt gildandi reglugerð hverju sinni.

## III. KAFLI

**Stofnun lyfjabúða.**

## 11. gr.

*Teikningar og áætlanir.*

Þegar fyrir liggur yfirlýsing ráðherra, samkvæmt 3. málsg. 6. gr., leggur væntanlegur lyfsöluleyfifshafi fyrir Lyfjaeftirlit ríkisins hæfilega uppdrætti af húsnæði, lýsingu á því og helstu starfsemi sem fram á að fara í lyfjabúðinni. Einnig skal koma fram staðsetning helsta búnaðar og lýsing á honum auk lýsingar á helstu vinnuferlum. Framangreind gögn skulu send Lyfjaeftirliti ríkisins áður en framkvæmdir eru hafnar.

Lyfjaeftirlit ríkisins skal, innan átta vikna frá því tilskilin gögn berast, svara skriflega með athugasemdum, ef einhverjar eru.

Nú verða breytingar á þeim gögnum er lögð höfðu verið fyrir Lyfjaeftirlit ríkisins samkvæmt 1. mgr. og skulu breytingarnar þá lagðar fyrir Lyfjaeftirlit ríkisins til umfjöllunar. Um afgreiðslu fer samkvæmt 2. málsg. þessarar greinar.

## 12. gr.

*Starfsemi, gæðahandbók.*

Væntanlegur lyfsöluleyfifshafi skal, minnst einum mánuði áður en hann hyggst hefja rekstur nýrrar lyfjabúðar, leggja fyrir Lyfjaeftirlit ríkisins ítarlega lýsingu á fyrirhugaðri starfsemi og gæðahandbók lyfjabúðarinnar þar sem lýst er helstu þáttum í starfseminni.

Einnig skal hann leggja fram starfslýsingar og ítarlegar verklýsingar um einstök verk sem varða móttöku, vörslu, afgreiðslu og afhendingu lyfja. Í efnisyfirliti, sem fylgja á gögnum, skal koma fram áætlun um gögn sem enn á eftir að vinna.

## 13. gr.

Þegar undirbúningur að stofnun lyfjabúðar er á lokastigi og uppfyllt eru skilyrði Lyfjaeftirlits ríkisins skv. reglugerð þessari, sækir væntanlegur lyfsöluleyfifshafi skriflega til Lyfjaeftirlits ríkisins um úttekt á húsnæði, búnaði og öðru því er varðar fyrirhugaða starfsemi. Afgreiðslu umsóknar skal lokið innan fjögurra vikna frá því hún barst.

Lyfjabúð telst tilbúin til úttektar þegar lokið er frágangi við húsnæði, allur nauðsynlegur búnaður er orðinn starfhæfur og hægt er að taka við lyfjasendingum frá lyfjaheildsölum og hefja starfsemi.

## 14. gr.

*Heiti lyfjabúðar.*

Lyfjabúð skal velja heiti er gefur til kynna þá starfsemi sem þar fer fram. Tilkynna skal Lyfjaeftirliti ríkisins um val á heiti lyfjabúðar. Lyfjabúð skal greinilega auðkennd heitinu.

Handhöfum lyfsöluleyfa og þeim einum er heimilt að nefna lyfjaverslanir sínar og þær einar, lyfjabúðir eða apótek. Notkun heitis eða merkis lyfjabúðar, í kynningaraskyni, er óheimil fyrr en lyfsöluleyfi liggur fyrir.

Allt kynningarstarf í nafni lyfjabúðar skal með skýrum hætti fara fram undir því heiti sem lyfjabúð hefur verið valið og Lyfjaeftirlit ríkisins hefur staðfest.

## 15. gr.

*Afgreiðslutími.*

Afgreiðslutími lyfjabúða skal vera frá kl. 9 til kl. 18 virka daga nema laugardaga og almenna frídaga. Heimilt er lyfsöluleyfishafa að ákveða rýmri afgreiðslutíma og skal það tilkynnt Lyfjaeftirliti ríkisins.

Heimilt er ráðherra að veita leyfi til skemmri afgreiðslutíma enda liggja fyrir umsókn lyfsöluleyfishafa þar um. Leita skal umsagnar Lyfjaeftirlits ríkisins og viðkomandi sveitarstjórnar áður en slíkt leyfi er veitt.

Afgreiðslutíma lyfjabúða skal greinilega getið við aðalinngang. Þar skal og vera greinilega auglýst hvaða lyfjabúðir gegna kvöld- eða næturþjónustu, eða kallvakt.

## 16. gr.

Lyfsöluleyfishafa er heimilt að hafa skilgreindar birgðir lyfja í vörslu læknis, er sjái um nauðsynlega afgreiðslu þeirra utan almenns afgreiðslutíma, þegar ekki er unnt að sinna afgreiðslu í lyfjabúð enda sé ekki opin lyfjabúð á svæðinu. Um slíka afgreiðslu fer samkvæmt almennum reglum um afgreiðslu lyfja. Halda skal skrá um afgreiðslur samkvæmt þessari málsgrein.

Lyfjabirgðir sem hér um ræðir eru á ábyrgð lyfsöluleyfishafa og skal hann hafa eftirlit með þeim.

## IV. KAFLI

**Húsnæði.**

## 17. gr.

*Almenn ákvæði.*

Húsakynni lyfjabúða skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt. Til húsakynna lyfjabúðar telst allt það húsnæði þar sem starfsemi á vegum hennar fer fram. Ákvæði heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990, með síðari breytingum, gilda um lyfjabúðir.

## 18. gr.

*Breytingar á húsnæði eða starfsemi.*

Leita skal samþykkis Lyfjaeftirlits ríkisins ef fyrirhugaðar eru verulegar breytingar á húsnæði lyfjabúðar, búnaði hennar eða starfsemi.

Heimilt er Lyfjaeftirliti ríkisins að krefjast þess að húsakynni lyfjabúðar verði endurbætt ef þau að mati Lyfjaeftirlits ríkisins, eru ekki lengur talin fullnægjandi.

Lyfjaeftirlit ríkisins getur krafist grunnflataruppráttar að húsakynnum lyfjabúðar í því skyni að ganga úr skugga um nothæfi þeirra.

## 19. gr.

*Hreinlætisaðstaða.*

Starfsfólk skal eiga greiðan aðgang að fatageymslum, fataskiptaaðstöðu og salernum í lyfjabúðinni.

## 20. gr.

*Hreinlæti, þrif og málun.*

Húsakynnum lyfjabúðar skal haldið hreinum og snyrtilegum, samkvæmt ákvæðum heilbrigðisreglugerðar.

Sérstakt loftræst rými skal vera fyrir ræstiefni, ræstiáhöld og ræstilaug.

Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum dýrum inn í húsakynni lyfjabúðar.

Hreinlæti, þrifum og málun lyfjabúðar skal halda aðgreindu frá óskyldum atvinnurekstri eða íbúð.

## 21. gr.

*Anddyrilíngangur.*

Þess skal gætt að inngangi í lyfjabúð sé þannig fyrir komið að sem best sé girt fyrir að óhreinindi berist inn í lyfjabúðina.

Ef næturvarsla er í lyfjabúð, skal vera anddyri við aðalinngang, eða við þær dyr þar sem næturafræiðsla fer fram. Við anddyri, sem á að vera vel upplýst, skal vera bjalla og dyrasími.

## 22. gr.

*Aðgengi/umgengni.*

Öll umgengni starfsmanna lyfjabúðar, til og frá vinnustað, skal vera um sérstakan starfsmannainngang.

Hindra skal aðgang óviðkomandi inn fyrir afgreiðsluborð. Gæta skal fyllsta hreinlætis við alla umgengni í lyfjabúð.

## 23. gr.

*Starfsmannainngangur.*

Sérstakur inngangur skal vera í lyfjabúð fyrir starfsmenn. Í lyfjabúð skulu vera fata-skápar fyrir starfsmenn og aðstaða til fataskipta. Fatageymslu skal þannig hagað að skilið sé milli útifatnaðar og vinnufatnaðar. Afstaða fatageymslu og starfsmannainngangs skal vera með þeim hætti að ekki sé gengið í útifatnaði um vinnusvæði lyfjabúðar.

Dyr starfsmannainngangs skulu ávallt vera læstar. Æskilegt er að við dýrnar sé rofi tengdur dyrasíma inni í lyfjabúð.

## 24. gr.

*Aðstaða fyrir starfsmenn.*

Í lyfjabúð skal vera aðstaða fyrir starfsmenn til að sinna vinnu við til dæmis símenntun, gerð gæðahandbókar og gerð upplýsingaefnis.

Í lyfjabúð skal vera kaffistofa er nægi fyrir þann fjölda starfsmanna sem í lyfjabúðinni vinna.

## 25. gr.

*Viðtalsaðstaða.*

Í hverri lyfjabúð skal vera fyrir hendi aðstaða er geri viðskiptavinum kleift að ræða í nærði við lyfjafræðing eða lyfjatækni. Aðstaðan skal vera í afgreiðslunni eða í beinu sambandi við hana.

## 26. gr.

*Vörumóttaka*

Tekið skal á móti lyfjum og annarri vöru, um sérstakan inngang, sem má vera starfsmannainngangur enda henti hann til slíks.

Nægilegt rými skal vera til frágangs lyfja og til færslu skráa.

## 27. gr.

*Móttaka símalyfseðla.*

Aðstaða til móttöku símalyfseðla skal vera með þeim hætti að gott næði sé til móttöku þeirra. Jafnframt skal komið í veg fyrir að óviðkomandi heyrri upplestur lyfjafræðings.

## 28. gr.

*Lyfjageymslur.*

Lyfjabúðir skulu þannig búnar að öll meðferð og geymsla lyfja sé í samræmi við settar reglur og fyllsta öryggis sé gætt.

Lyf skulu geymd með þeim hætti að þau séu varin sólarljósi og hitasveiflum.

## 29. gr.

Lyfjageymslur skulu vera þannig að tryggð séu rétt geymsluskilyrði. Lyfjageymslur skulu vera fyrir lyf sem geyma á við stöðugan herbergishita, við svalt hitastig (8-15°C) og í kæli (2-8°C).

Fylgjast skal reglulega með hitastigi í öllum lyfjageymslum og halda skrár þar um.

## 30. gr.

*Eldfim efni.*

Eldfim efni á að geyma í sérstöku læstu og loftræstu herbergi, eða skáp, er henti til geymslu slíkra efna, samkvæmt reglum þar að lútandi.

## 31. gr.

*Eiturefni og hættuleg efni.*

Eiturefni og hættuleg efni skulu geymd í sérstöku læstu og loftræstu herbergi, eða skáp, er henti fyrir geymslu slíkra efna, samkvæmt reglum þar að lútandi.

Eiturefni og hættuleg efni til lyfjagerðar skulu geymd í sérstökum skáp eða hirslu aðskilin frá öðrum efnum.

## V. KAFLI

**Framleiðsla lyfja í lyfjabúðum.**

## 32. gr.

Lyfjabúðir skulu framleiða forskriftarlyf lækna eða útvega þau svo fljótt sem unnt er. Forskriftarlyf lækna skal framleiða á sérstökum stað í lyfjabúð, er uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til slíkrar framleiðslu.

Við framleiðslu lyfja í lyfjabúð skal leiðbeiningum um góða framleiðsluhætti í lyfjagerð (GMP) fyrir lyfjabúðir fylgt í hvívetna.

## 33. gr.

Framleiðsla lyfja, umfram það sem ákvæði 32. gr. kveður á um, þar með talin áfylling, þynning, blöndun og umpökkun, er óheimil, nema í lyfjabúðum með gilt framleiðsluleyfi, enda sé ákvæðum reglugerðar nr. 700/1996, um framleiðslu lyfja fylgt í hvívetna. Undanskilið er óhjákvæmilegt rof pakkninga og lokatilbúningur lyfja, þar með talin skömmtnun í lyfjaöskjur, fyrir einstaka sjúklinga, enda sé fullnægjandi aðstaða fyrir hendi að mati Lyfjaeftirlits ríkisins.

## VI. KAFLI

**Rekstur lyfjabúða.**

## 34. gr.

*Ábyrgð og skyldur lyfsöluleyfshafa.*

Lyfsöluleyfshafi ber sjálfur faglega ábyrgð á rekstri lyfjabúðar sinnar og að hún sé mönnum nægu og hæfu starfsfólki. Lyfsöluleyfshafi sinnir og hefur yfirumsjón með lyfjafræðingsstörfum í lyfjabúð sinni.

Í lyfjabúð skulu á almennum afgreiðslutíma vera að störfum minnst tveir lyfjafræðingar við afgreiðslu lyfseðla og fræðslu og ráðgjöf um rétta notkun og meðhöndlun lyfja. Hið sama gildir á álagstímum utan almenns afgreiðslutíma.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er heimilt, að fenginni umsókn þar um og umsögn Lyfjaeftirlits ríkisins, að leyfa að í lyfjabúð starfi einungis einn lyfjafræðingur enda sé umfang starfsemi lítið og lyfjatæknar eða annað þjálfað starfsfólk sé lyfjafræðingnum til aðstoðar. Í slíkum tilvikum skal miða starfshætti við einn lyfjafræðing og þannig að fyllsta öryggis við afgreiðslu lyfseðla sé gætt.

### 35. gr.

Lyfsöluleyfshafa ber að skipuleggja starfsemi lyfjabúðar sinnar með þeim hætti að sem tryggilegast sé girt fyrir misferli og mistök. Skal þessa sérstaklega gætt við framleiðslu og afhendingu lyfja. Skal öllum störfum og skráningum þannig hagað að auðrakið sé hver starfsmaður á hlut að máli, ef mistök eða misferli kynnu að eiga sér stað.

Lyfsöluleyfshafi skal sjá til þess að nákvæmar starfslýsingar séu til fyrir allt starfsfólk lyfjabúðarinnar. Ennfremur skulu vera til skjalfestar lýsingar á öllum helstu störfum í lyfjabúðinni.

Færa skal dagbækur um framkvæmd einstakra verka.

Handbók um verklýsingar og starfslýsingar skal yfirfarin og uppfærð reglulega.

Lyfjaeftirlit ríkisins skal hafa aðgang að framangreindum gögnum.

### 36. gr.

Nú verða í lyfjabúð alvarleg mistök og skulu þau þá þegar tilkynnt Lyfjaeftirliti ríkisins. Lyfjaeftirlit ríkisins gerir sérstaka rannsókn á málsatvikum og skýrslu þar um. Skýrslan skal látin málsaðilum í té og eitt eintak hennar skal senda heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Aðili máls skal eiga þess kost að tjá sig um efni máls áður en Lyfjaeftirlit ríkisins tekur ákvörðun í því, enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft.

### 37. gr.

#### *Um auglýsingar og kynningar lyfjabúða.*

Heimilt er að auglýsa og kynna þjónustu lyfjabúða, svo sem heimsendingarþjónustu og verð lausasölulyfja. Óheimilt er að auglýsa lyfseðilsskyld lyf fyrir almenningi.

Heimilt er að auglýsa almenn afsláttarkjör.

### 38. gr.

#### *Niðurfelling lyfsöluleyfis.*

Lyfsöluleyfi fellur niður:

1. Ef leyfshafi er sviptur lyfjafræðingsleyfi sínu eða verslunarleyfi. Einnig fellur leyfið niður ef samningur við verslunarleyfshafa fellur úr gildi eða ef verslunarleyfshafi missir leyfið.
2. Í lok þess árs sem lyfsöluleyfshafi verður 70 ára. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er heimilt, að fenginni umsögn Lyfjaeftirlits ríkisins, að framlengja lyfsöluleyfi um eitt ár í senn eftir þann tíma.
3. Ef lyfsöluleyfshafi hættir störfum og skal hann tilkynna það heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og Lyfjaeftirliti ríkisins.
4. Við andlát lyfsöluleyfshafa. Þó er dánarbúi heimilt að reka lyfjabúð hans í hálf tveim árum undir faglegrri stjórn lyfjafræðings að fengnu samþykki Lyfjaeftirlits ríkisins.



## VII. KAFLI

**Starfsfólk.**

## 39. gr.

*Yfirlyfjafræðingur.*

Ráði lyfsöluleyfishafi yfirlyfjafræðing, til að veita lyfjabúd forstöðu í fjarveru sinni, skal ráðning hans tilkynnt Lyfjaeftirliti ríkisins skriflega.

Í starfslýsingu yfirlyfjafræðings skal skýrt kveðið á um verksvið hans, valdsvið og ábyrgð í fjarveru lyfsöluleyfishafa.

Yfirlyfjafræðingur skal vera lyfjafræðingur og fastráðinn í lyfjabúðinni.

## 40. gr.

*Staðgengill.*

Nú er ekki starfandi í lyfjabúð yfirlyfjafræðingur og skal þá í samráði við Lyfjaeftirlit ríkisins ráða staðgengil í fjarveru lyfsöluleyfishafa.

Starfssviðs, valdssviðs og ábyrgðar staðgengils skal getið í starfslýsingu.

## 41. gr.

*Starfsfólk.*

Starfsfólk lyfjabúða eru lyfjafræðingar, aðstoðarlyfjafræðingar, lyfjatæknar eða þjálfað starfsfólk.

## 42. gr.

*Starfsleyfi.*

Áður en lyfjafræðingar, aðstoðarlyfjafræðingar eða lyfjatæknar hefja störf skal lyfsöluleyfishafi ganga úr skugga um að þeir hafi starfsleyfi.

## 43. gr.

*Þagnarskylda.*

Lyfsöluleyfishafi skal með formlegum hætti kynna starfsfólki sínu ákvæði laga um þagnarskyldu starfsfólks í lyfjabúðum.

## 44. gr.

*Heilbrigðisskoðun.*

Þegar nýr starfsmaður hefur störf skal hann leggja fram læknisvottorð sem ekki er eldra en sjö daga.

Eigi sjaldnar en árlega skal allt starfsfólk lyfjabúða fara í læknisskoðun. Læknisvottorð skal sýna að starfsmaður sé ekki vanhæfur til starfa í lyfjabúð, vegna sjúkdóms sem öðrum getur stafað hætta af. Sérstaklega skal hugað að smitnæmum sjúkdómum.

Lyfsöluleyfishafa er skylt að leita eftir læknisvottorði telji hann þess þörf.

Sérstaklega skal huga að læknisvottorði er starfsmaður hefur verið á ferð erlendis og veikst þar.

Lyfsöluleyfishafi skal kynna starfsfólki sínu reglur um heilbrigðisskoðun og læknisvottorð.

Í lyfjabúð skulu vera til skriflegar reglur um framkvæmd heilbrigðisskoðunar og skrá þar um. Læknisvottorð starfsmanna skulu geymd í lyfjabúðinni, í samræmi við ákvæði 77. gr.

## 45. gr.

*Starfsþjálfun.*

Í hverri lyfjabúð skulu vera skriflegar reglur um með hvaða hætti standa á að þjálfun nýs starfsfólks, hvort sem það er ráðið til lengri eða skemmri tíma.

Halda skal skýrslu um starfsþjálfun þar sem fram kemur hver hafi umsjón með einstökum þáttum hennar og hvenær starfsþjálfun lýkur. Þar skal einnig koma fram lýsing á starfsþjálfun hvers starfsmanns.

## 46. gr.

*Vistun nema.*

Um vistun lyfjafræðinema og lyfjataekninema til verklegs náms fer samkvæmt samkomulagi við viðkomandi menntastofnun. Í lyfjabúð, er hefur nema í verknámi, skulu vera skriflegar vinnureglur um verknámið. Lyfjafræðingur hefur umsjón með verknáminu.

Þess skal gætt að nemar fái nægilegar leiðbeiningar og þjálfun á verknámstímanum.

Nema ber að færa dagbók á verknámstímanum. Umsjónarlyfjafræðingur hans staðfestir hana og skal hún send viðkomandi menntastofnun að verknámi loknu, en afrit varðveitt í lyfjabúðinni.

## 47. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra getur veitt lyfjafræðinema, sem lokið hefur fjórða árs námi og tveggja mánaða verknámi í lyfjabúð, leyfi til að gegna störfum aðstoðarlyfjafræðings tímabundið enda sé slíkt gert á ábyrgð lyfjafræðings viðkomandi lyfjabúðar.

Umsókn um tímabundið leyfi skal senda Lyfjaeftirliti ríkisins á eyðublöðum sem þar fást. Lyfjaeftirlit ríkisins leggur það til við ráðherra hvort leyfi skuli veitt.

Í umsókn um leyfi skal koma fram í hvaða lyfjabúð og hve lengi fyrirhugað er að lyfjafræðinemi starfi og hvaða lyfjafræðingur hafi umsjón með og beri ábyrgð á störfum hans. Taki lyfjafræðinemi til starfa í annarri lyfjabúð en getið er í upphaflegu umsókninni, skal hann tilkynna um slíkar breytingar til Lyfjaeftirlits ríkisins og tilgreina þann lyfjafræðing er taka mun við umsjón og bera ábyrgð á störfum hans.

Óheimilt er lyfjafræðinema að sinna aðstoðarlyfjafræðingsstörfum nema í viðurvist lyfjafræðings eða staðgengils hans, er einnig skal vera lyfjafræðingur.

## VIII. KAFLI

**Búnaður, tæki og gögn.**

## 48. gr.

Koma skal á gæðatryggingu í lyfjabúðum. Gæðahandbók er hluti af búnaði lyfjabúðar.

## 49. gr.

*Innréttingar.*

Innréttingum í lyfjabúðum skal þannig fyrir komið að þær stuðli að skýrt afmörkuðu vinnuferli þannig að sem best sé girt fyrir mistök við afgreiðslu lyfja.

Afgreiðslustaður lyfseðla (reseptúr) skal þannig skipulagður að tryggt sé næði við störf sem þar eru unnin og að unnt sé að hafa lyfseðla á skilgreindum afmörkuðum svæðum eftir því á hvaða stigi afgreiðslu þeir eru.

## 50. gr.

*Öryggiskerfi.*

Í lyfjabúð skal vera fullnægjandi öryggiskerfi. Ef næturvarsla er í lyfjabúð, skal næturvörður hafa aðgang að handhægum öryggishnappi, er sé tengdur öryggisgæslu eða lögreglu.

Öryggiskerfi er fyrst og fremst ætlað að tryggja öryggi starfsmanna og koma í veg fyrir innbrot. Önnur öryggiskerfi, til dæmis reykskynjarar, slökkvitæki, vatnsúðunarkerfi og vatnsflóðavörn, skulu miðast við aðstæður.

## 51. gr.

*Símar, tölvur, bréfasímar.*

Gæta skal þess að staðsetning síma, tölvu og bréfasíma auðveldi vinnugang en sé ekki hamlandi. Einnig skal þess gætt að notkun þessara tækja gefi óviðkomandi ekki aðgang að upplýsingum.

## 52. gr.

*Tilbúnir lyfseðlar.*

Þannig skal gengið frá lyfseðlum að þeir séu ekki sýnilegir neinum óviðkomandi, er gætu lesið það sem á lyfseðlum stendur eða séð um hvaða lyf er að ræða.

## 53. gr.

*Sýklalyfjaskápur.*

Sérstök aðstaða skal vera til að leysa upp sýklalyfjamixtúrduft og skal aðstaðan uppfylla kröfur Lyfjaeftirlits ríkisins.

## 54. gr.

*Handlaug.*

Handlaug skal vera í „reseptúr“ eða sem næst honum.

## 55. gr.

*Bækur og gögn.*

Í lyfjabúð skulu vera eftirtaldar bækur:

1. Gildandi lyfjastaðlar, ásamt viðaukum og breytingum.
2. Gildandi sérlyfjaskrá ásamt viðaukum og breytingum.
3. Gildandi lyfjaverðskrá, ásamt viðaukum og breytingum.
4. Lög, reglugerðir, auglýsingar og önnur fyrirmæli stjórnvalda er varða lyfjabúðir. Þannig skal frá þessum gögnum gengið í lyfjabúð að þau séu ávallt aðgengileg starfsfólki.
5. Skrá um lækna, tannlækna og dýralækna, er lækningaleyfi hafa hér á landi.
6. Handbækur um búnað sem notaður er við geymslu, meðhöndlun og afgreiðslu lyfja. Í handbókum skal hið minnsta koma fram um eiginleika búnaðar, hvaðan og hvenær hann er fenginn, um viðhald og einnig upplýsingar um gildingu eftir því sem við á. Einnig handbækur og/eða gögn um milliverkanir og aukaverkanir lyfja.
7. Starfsmannaskrá með nauðsynlegum grunn gögnum.  
Ennfremur skal í lyfjabúð vera sérstök eftirlitsgerðabók, þar sem varðveittar skulu allar eftirlitsgerðir vegna lyfjabúðarinnar.

Í sérstakri bók skulu varðveitt þau opinber leyfi, sem lyfsölum og lyfjabúðum eru veitt vegna starfseminnar.

Framangreind gögn tilheyrja lyfjabúðinni og má ekki fjarlægja úr henni.

## 56. gr.

*Færsla skráa.*

Lyfsölum er skylt að veita heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu upplýsingar um starfsemi sína og halda eftirtaldar bækur þar að lútandi, enda brjóti það ekki í bága við önnur lög:

1. **Innkaupaskrá.** Færa skal innkaupaskrá jafnóðum fyrir öll innkeypt lyf. Í skránni skal koma fram hver seljandi lyfs er, vörunúmer lyfs, heiti þess, styrkur, þakkingarstærð, framleiðslunúmer og fyrning, auk dagsetningar vörureiknings.  
Innkaupaskrá skal varðveita í tvö ár hið minnsta, eftir að birgðir þrotu í lyfjabúðinni.
2. **Lyfseðladagbók.** Færa skal afgreiðsludagbók lyfseðla þar sem fram kemur hið minnsta dagsetning afgreiðslu, nafn og kennitala sjúklings, upplýsingar um afgreidd lyf og magn þeirra, auk greiðsluhluta sjúklings og Tryggingastofnunar ríkisins. Færslu lyfseðladagbókar skal lokið eigi síðar en tveimur dögum eftir afgreiðslu lyfseðils en skal að jafnaði eiga sér stað daglega.
3. **Atvikaskrá.** Færa skal atvikaskrá um mistök er verða við afgreiðslu lyfseðils eða afhendingu lyfja. Færsla atvikaskrár skal hið minnsta sýna hvað úrskaiðis fór og ráð-

stafanir til úrbóta. Nú verða við afgreiðslu lyfs alvarleg mistök og skal þá Lyfjæftirliti ríkisins þegar sent afrit atvikaskrár vegna mistakanna.

4. **Eftirritunarskrá.** Færa skal dagbók yfir eftirritunarskylda lyfseðla þar sem fram kemur númer lyfseðils, dagsetning afgreiðslu, númer læknis, heiti lyfs, styrkur og magn, nafn sjúklings, heimilisfang og kennitala. Um hver mánaðamót skal gera uppgjör eftirritunarskyldra lyfja þar sem fram kemur magn lyfs, sem til var í upphafi mánaðar, innkeypt og selt magn og magn í lok mánaðar. Lyfjafræðingur skal kvitta fyrir uppgjörinu. Ef ekki ber saman birgðum og birgðaskrá skal skýringa leitað og Lyfjæftirliti ríkisins tilkynnt um misræmi.

57. gr.

*Ýmis starfsemi.*

Sé í lyfjabúð sinnt eftirliti með skipskistum, áfyllingu í skammtaöskjur eða annarri sérhæfðri starfsemi, verður að ætla henni sérstakt rými er uppfylli þau sérstöku skilyrði sem slík vinna krefst.

## IX. KAFLI

### Afgreiðsla og afhending lyfja.

58. gr.

Í lyfjabúð er skylt að hafa á boðstólum lyf sem selja má hér á landi og hafa hæfilegar birgðir miðað við ávísanir lækna, tannlækna og dýralækna sem starfa á viðkomandi svæði.

Nú er ekki til í birgðum lyfjabúðar lyf sem afgreiða á gegn lyfseðli og skal þá lyfið útvegað án tafar án þess að sjúklingur beri af slíku kostnað, enda sé lyfið fánlegt í heildsölu sem annast dreifingu þess.

Oheimilt er að lána eða selja lyf milli lyfjabúða nema í undantekningartilvikum, enda sé slíkt fært í innkaupaskrá.

Í lyfjabúð er skylt að afgreiða lyf sem ávísað hefur verið með lyfseðli enda leiki enginn vafi á lögmæti ávísunar eða afgreiðslu og greiðsla komi fyrir.

Í lyfjabúð er óheimilt að afgreiða lyf, hvort sem er gegn lyfseðli eða í lausasölu, ef grunur leikur á að um misferli sé að ræða.

59. gr.

Um afgreiðslu og afhendingu lyfseðilsskyldra lyfja fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar um gerð lyfseðla og afhendingu lyfja og öðrum fyrirmælum eftir því sem við á.

Afgreiðsla lyfseðils er þegar lyfjafræðingur staðfestir með kvittun sinni að lyfseðill sé rétt og eðlilega ritaður, að gengið hafi verið úr skugga um lögmæti lyfjaávísana og að rétt lyf hafi verið tekin til.

Afhending lyfja gegn lyfseðli er þegar lyf eru afhent sjúklingi eða umboðsmanni hans og nauðsynlegar upplýsingar veittar.

Oheimilt er að láta úti fyrnd lyf og lyf sem munu fyrnast hjá sjúklingi á þeim tíma sem hann á að nota það. Sé ekki annað tekið fram telst fyrning lyfs vera fyrsti dagur tilgreinds mánaðar.

Almennt skal viðhaft tvöfalt lyfjafræðingseftirlit með því að rétt sé afgreitt samkvæmt lyfseðli. Heimilt er í lyfjabúðum, þar sem aðeins starfar einn lyfjafræðingur, samkvæmt sérstakri heimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, að lokaftirlit sé í höndum lyfjafræðingsins enda komi lyfjatæknar eða annað þjálfað aðstoðarfólk að fyrri stigum í afgreiðslu lyfseðils.

Afgreiðslurétt lyfja hafa lyfjafræðingar. Auk lyfjafræðinga er lyfjatæknum og þjálfuðu aðstoðarfólki heimilt að afhenda lyf gegn lyfseðli, enda fullvissi viðkomandi sig um, að um rétt lyf sé að ræða og að rétt sé áritað. Sá sem afhendir lyfið skal gæta þess, að réttur aðili fái það í hendur og árita bakhlið lyfseðils fangamarki sínu, með skýrum hætti, því til staðfestingar.

## 60. gr.

*Rofnar þakkningar.*

Lyf skulu afgreidd í órofnum (upprunalegum) umbúðum framleiðanda. Í undantekningartilvikum er lyfjafræðingi eða aðstoðarlyfjafræðingi heimilt að rjúfa þakkningar og afgreiða annað magn en skráða þakkingu, krefjist læknir slíks sérstaklega á lyfseðli, enda sé fullnægt skilyrðum reglugerðar nr. 421/1988, um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu.

## 61. gr.

*Lyf send úr lyfjabúð.*

Lyf skulu almennt afgreidd með þeim hætti að sjúklingur eða umboðsmaður hans veiti þeim viðtöku í lyfjabúð og allar nauðsynlegar upplýsingar eða ráðgjöf sé veitt um leið.

Sé lyf sent um lengri eða skemmri veg, skal afhending vera í höndum lyfjafræðings, lyfjateknis eða þjálfaðs starfsfólks.

Sé óhjákvæmilegt að senda lyf með pósti eða með öðrum hætti, þannig að ekki sé um að ræða afhendingu starfsmanns lyfjabúðar á lyfinu skal gæta sérstakrar varúðar um að lyfið komist í hendur réttis viðtakanda. Í slíkum tilvikum ber lyfsöluleyfishafi ábyrgð á því að lyf sé geymt við rétt skilyrði þar til það kemst í hendur viðtakanda.

## 62. gr.

*Afgreiðsla lausasölulyfja.*

Lyfjafræðingar, lyfjateknar eða þjálfað starfsfólk lyfjabúða, skulu sjá um afgreiðslu lausasölulyfja og ráðleggja um val og rétta notkun þeirra.

Óheimilt er að hafa lyf í sjálfvali.

## X. KAFLI

**Lyfjaútibú.**

## 63. gr.

*Skilgreining.*

Lyfjaútibú telst vera hluti lyfjabúðar, samkvæmt nánari skilgreiningu í reglugerð þessari. Lyfjaútibú skal rekið á ábyrgð lyfsöluleyfishafans og heyrir undir lyfsöluleyfi hans. Lyfjaútibú skal að öðru jöfnu rekið frá þeirri lyfjabúð sem næst er.

## 64. gr.

*Leyfisveiting.*

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið veitir lyfsöluleyfishafa leyfi til reksturs lyfjaútibús.

Í umsókn skal eftirfarandi koma fram:

1. Flokkur lyfjaútibús, sem sótt er um leyfi fyrir, sbr. 68. gr.
2. Upplýsingar sem styðja þörf fyrir lyfjaútibú.
3. Íbúafjöldi á svæðinu sem lyfjaútibúið á að þjóna.
4. Fjarlægð milli lyfjabúðar og lyfjaútibús.
5. Almennar upplýsingar um samgöngur á milli lyfjabúðar og lyfjaútibús.
6. Upplýsingar um læknisþjónustu á svæðinu þar sem fyrirhugað er að lyfjaútibú verði.
7. Upplýsingar um húsnæði, búnað og starfslíð, þar með talið hver muni veita lyfjaútibúinu forstöðu.
8. Lýsing á fyrirhugaðri starfsemi.
9. Gæðalýsing á samskiptum lyfjabúðar og lyfjaútibús þar sem fram kemur hvernig uppfyllt verða markmið lyfjalaga um gæði og öryggi lyfjafræðilegrar þjónustu, meðal annars um öryggi við afgreiðslu lyfseðla og um upplýsingagjöf varðandi rétta notkun lyfja.

## 10. Fyrirhugaður afgreiðslutími lyfjaútibús.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið leitar umsagnar Lyfjaeftirlits ríkisins vegna umsókna um lyfjaútibú.

## 65. gr.

Leyfi til reksturs lyfjaútibús er veitt til sex mánaða fyrsta sinni og til fjögurra ára í senn, þaðan í frá. Lyfjaeftirlit ríkisins skal reglulega tilkynna heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um hvort lyfjaútibú fullnægi kröfum þess, en tafarlaust verði það þess áskynja að kröfum þess sé ábótavant.

Í síðasta lagi þremur mánuðum áður en leyfi rennur úr gildi skal lyfsöluleyfshafi sækja um endurnýjun þess, hyggist hann halda rekstri lyfjaútibúsins áfram.

Leita skal samþykkis Lyfjaeftirlits ríkisins ef fyrirhugaðar eru breytingar á starfsemi lyfjaútibús.

## 66. gr.

*Lyfjabirgðir.*

Lyfjabirgðum í lyfjaútibúum 2, 3 og 4, sbr. 68. gr., skal ætíð haldið í lágmarki. Í hverju lyfjaútibúi skal vera skrá yfir lyf sem þar eru í birgðum og skal skráin uppfærð svo oft sem þörf er á. Skráin skal unnin í samráði við lækna á þjónustusvæðinu og hana skal senda Lyfjaeftirliti ríkisins til samþykktar.

## 67. gr.

*Afgreiðsla lyfja.*

Þegar heimilt er í lyfjaútibúi að afgreiða lyf gegn lyfseðli, skal afgreiðsla ekki fara fram nema að undangengnu eftirliti lyfjafræðings.

Sé lyfjafræðingur ekki starfandi í lyfjaútibúi skal lyfjafræðingur í lyfjabúðinni, þaðan sem lyfjaútibúið er starfrækt, fara yfir lyfseðil og áletrunarmiða, að jafnaði áður en lyf er afhent. Lyfseðill og áletrunarmiðar skulu sendir í lyfjabúðina með bréfasíma eða sambærilegum hætti. Áður en slíkt er gert skal starfsmaður lyfjaútibúsins rita inn á lyfseðilinn norrænt vörunúmer, eða hliðstætt auðkenni, þess lyfs sem hann hyggst afhenda gegn lyfseðlinum.

Halda skal skrá um afgreiðslu lyfja úr neyðarbirgðum í lyfjaútibúi 3 og um alla afgreiðslu úr lyfjaútibúi 4.

## 68. gr.

*Flokkun lyfjaútibúa.***Lyfjaútibú 1.**

Þar starfar lyfjafræðingur og um starfsemi fer samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar um lyfjabúðir þar sem starfar einn lyfjafræðingur.

**Lyfjaútibú 2.**

Leyfi til reksturs lyfjaútibús 2 verður ekki veitt nema þar sem langt eða torsótt er í lyfjabúð og lyfjafræðingur fæst ekki til starfa.

Heimilt er í lyfjaútibúi 2 að afgreiða lyf gegn lyfseðli. Afgreiðslan skal vera í höndum lyfjateknis eða þjálfaðs starfsmanns og skal vera í samræmi við ákvæði 67. gr.

Heimilt er að afgreiða lausasölulyf í lyfjaútibúinu.

**Lyfjaútibú 3.**

Í lyfjaútibúi 3 getur farið fram afhending lyfja sem afgreidd hafa verið frá lyfjabúð. Þar er einnig heimilt að afgreiða lausasölulyf, enda sé fyrir hendi nauðsynleg aðstaða og lyfjateknir eða þjálfað starfsfólk.

Heimila má að í lyfjaútibúi 3 sé skilgreindur neyðarforði nauðsynlegra lyfja, sem starfsmanni lyfjaútíbúsins er heimilt að afgreiða úr samkvæmt fyrirmælum lyfsöluleyfishafa og skriflegum reglum þar um.

#### **Lyfjaútibú 4.**

Hér er um að ræða skilgreinda forða nauðsynlegra lyfja á vegum lyfjabúðar, þar sem langt er í lyfjabúð eða lyfjaútibú og illfært eða ófært getur orðið.

#### 69. gr.

##### *Auðkenni lyfjaútíbús.*

Lyfjaútibú 1 og 2 skulu greinilega auðkennd og þess skýrt getið að um sé að ræða lyfjaútibú. Hið sama á við um lyfjaútibú 3, fari þar fram afgreiðsla lausasölulyfja.

#### 70. gr.

##### *Afgreiðslutími.*

Afgreiðslutíma lyfjaútibúa, sem heyra undir 69. gr., skal auglýsa við aðalinngang útibúsins.

Sé afgreiðslutími lyfseðla skemmri en almennur afgreiðslutími lyfjaútíbúsins skal þess greinilega getið við inngang í útibúið og í öllum auglýsingum þess.

#### 71. gr.

##### *Almenn vara.*

Í lyfjaútibúi má versla með sömu vörur, sem í lyfjabúð væri, nema annað sé sérstaklega ákveðið.

#### 72. gr.

##### *Búnaður og rekstur.*

Um húsnæði, búnað og starfsemi lyfjaútibúa gilda sömu reglur og fyrir lyfjabúðir, samkvæmt nánari fyrirmælum þessarar reglugerðar.

Lyfjaeftirlit ríkisins getur sett nánari reglur um búnað og rekstur lyfjaútibúa, til dæmis um skráningu á afgreiðslu frá minnstu lyfjaútibúunum og eftirlit með þeim.

#### 73. gr.

##### *Merking lyfja.*

Lyf, sem afgreidd eru frá lyfjaútibúi, skulu auðkennd því.

#### 74. gr.

##### *Ábyrgð og eftirlit lyfsöluleyfishafa.*

Lyfsöluleyfishafa ber að hafa reglubundið eftirlit með rekstri lyfjaútíbús síns og ber hann alla ábyrgð á að þar sé farið að settum lögum og reglum.

Í lyfjaútibúi skal vera bók sem lyfsöluleyfishafi kvittar í hverju sinni að loknu eftirliti.

#### 75. gr.

##### *Lyfsöluleyfishafaskipti.*

Nú tekur nýr lyfsöluleyfishafi við rekstri lyfjabúðar og lyfjaútíbús og gilda þá áfram leyfi sem veitt hafa verið fyrir lyfjaútibúi.

## XI. KAFLI

**Lyfjasölu heilsugæslustöðva.**

76. gr.

Ef ekki er starfrækt lyfjabúð eða lyfjaútibú í héraði þar sem heilsugæslustöð er staðsett, getur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra falið stjórn heilsugæslustöðvar að reka lyfjasölu enda starfi þar lyfjafræðingur. Nú fæst ekki lyfjafræðingur til starfsins og er þá heimilt að afgreiðsla lyfseðla sé í höndum lyfjataeknis eða þjálfaðs starfsfólks, enda liggja fyrir samningur stjórnarinnar við lyfjafræðing sem hafi faglegt eftirlit með starfsemi. Samningurinn skal hafa hlotið samþykki Lyfjaeftirlits ríkisins.

Afgreiðslu lyfseðla skal haga í samræmi við ákvæði 67. gr.

Heilsugæslustöð verður ekki falið að reka lyfjasölu ef starfrækt er lyfjabúð eða lyfjaútibú í viðkomandi sveitarfélagi eða ef fyrir liggur umsókn um slíka starfsemi.

Um lyfjasölu sem heilsugæslustöð rekur, fer í öllu samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

## XII. KAFLI

**Meðferð persónuupplýsinga, tölvugögn og öryggisafritun.**

77. gr.

Lyfsalar skulu tölvuskra allar upplýsingar af lyfseðlum á formi sem samþykkt er af landlækni og tölvunefnd, sbr. lög nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Landlæknir getur krafist þessara upplýsinga allt að einu ári aftur í tímann.

Öll gögn er hafa að geyma persónuupplýsingar um sjúklinga skulu geymd með öruggum hætti innan þjófavarins svæðis. Þetta gildir jafnt um skjöl sem gögn á tölvutæku formi.

Í lyfjabúð skulu vera til skriflegar reglur um meðferð persónuupplýsinga og þess gætt að ekki hafi aðrir aðgang að slíkum gögnum en þeir er rétt hafa til slíks og að gögn séu ekki afhent öðrum en þeim sem rétt eiga og að slík afhending sé með tryggum hætti.

Þar sem lögbundnar skrár eru haldnar á tölvutæku formi skal daglega taka öryggisafrit af þeim gögnum sem lyfsölum er skylt að halda, sbr. 56. gr. og með þeim hætti að ekki sé afritað yfir næsta afrit á undan.

## XIII. KAFLI

**Upplýsingaskylda.**

78. gr.

*Upplýsingamiðlun til annarra heilbrigðisstétta og sjúklinga.*

Í lyfjabúðum skulu veittar upplýsingar og fræðsla um lyf og lyfjanotkun með það fyrir augum að stuðla að eðlilegri og réttri notkun og meðhöndlun lyfja.

Ráðgjöf og miðlun upplýsinga um lyf og lyfjanotkun skal öðru fremur hafa það að markmiði að auka almennt heilbrigði.

Lyfjafræðingur, lyfjataeknir eða þjálfað starfsfólk veitir slíkar upplýsingar og ráðgjöf.

79. gr.

*Handbækur.*

Lyfsöluleyfshafi ber ábyrgð á því að í lyfjabúð hans séu til þær handbækur og önnur gögn er gera ábyrga og rétta upplýsingamiðlun mögulega.

80. gr.

*Upplýsingar til Lyfjaeftirlits ríkisins.*

Lyfsöluleyfshafar og aðrir sem leyfi hafa til lyfjasölu skulu láta Lyfjaeftirliti ríkisins í té upplýsingar er varða eftirlitsskylda starfsemi, þegar eftir þeim er leitað.



## 81. gr.

Lyfjaeftirlit ríkisins gerir tillögur að starfsreglum, er varða öryggi og gæði í starfsemi lyfjabúða og eru í samræmi við góða starfshætti í lyfjabúðum og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra staðfestir.

Reglur þessar skulu birtar í Stjórnartíðindum.

## XIV. KAFLI

**Eftirlit, viðurlög og refsing.**

## 82. gr.

Lyfjaeftirlit ríkisins hefur eftirlit með að ákvæðum reglugerðar þessarar sé framfylgt. Almennt eftirlit fer fram á afgreiðslutíma en Lyfjaeftirlit ríkisins skal á öllum tímum hafa aðgang að lyfjabúðum og öðrum lyfjasölum. Skylt er að láta Lyfjaeftirliti ríkisins í té þau gögn og upplýsingar sem það telur nauðsynleg vegna eftirlitsins.

Telji Lyfjaeftirlit ríkisins einhverjum atriðum í starfsemi lyfjabúða, lyfjaútibúa eða annarra sem heimild hafa til sölu eða afhendingar lyfja, ábótavant samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, skal það gefa fyrirmæli um úrbætur og skal orðið við þeim innan þess frests sem það ákveður.

Gerist handhafi lyfsöluleyfis brotlegur við ákvæði þessarar reglugerðar, og brotið er þess eðlis að telja verður leyfishafa óhæfan til að annast lyfjasölu, getur ráðherra svipt hann leyfinu að fenginni umsögn Lyfjaeftirlits ríkisins.

Ráðherra getur frestað sviptingu lyfsöluleyfis, tímabundið í allt að sex mánuði, í þeim tilvikum er Lyfjaeftirlit ríkisins telur rétt að fresta leyfissviptingu og gefa lyfsöluleyfishafa kost á að bæta úr því sem ábótavant er í starfsemi lyfjabúðar.

Færð skulu ítarleg rök fyrir kröfum um breytingar á starfsemi lyfjabúða og annarra lyfjasala og ákvörðunum um að synja, fresta eða fella úr gildi lyfsöluleyfi. Um málsmeðferð að öðru leyti gilda stjórnisýslulög nr. 37/1993.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum skv. 43. gr. laga nr. 93/1994.

Um mál, sem rísa kunna út af brotum á reglugerð þessari, fer að hætti opinberra mála.

## XV. KAFLI

**Gildistaka.**

## 83. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 44. gr. lyfjalaga, nr. 93/1994, öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur þá úr gildi reglugerð um búnað og rekstur lyfjabúða og undirstofnana þeirra, nr. 24/1983, með síðari breytingum.

**Bráðabirgðaákvæði.**

Hætta skal framleiðslu lyfja í lyfjabúðum fyrir 1. nóvember 1997, nema fyrir liggi heimild samkvæmt 32. gr. þessarar reglugerðar eða samkvæmt reglugerð um framleiðslu lyfja, nr. 700/1996.

Heimildir til starfrækslu lyfjaútibúa frá lyfjabúðum og lyfjasölum, sem starfrækt eru við gildistöku þessarar reglugerðar, falla úr gildi 1. nóvember 1997. Lyfsöluleyfishafar, sem hyggjast halda áfram rekstri lyfjaútibúa, skulu sækja um leyfi fyrir þeim, samkvæmt þessari reglugerð, fyrir 1. september 1997.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 20. júní 1997.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

*Einar Magnússon.*

## REIKNINGUR

## Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1996.

## Rekstrarreikningur ársins 1996.

<b>Fjármunatekjur:</b>	<b>kr.</b>
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur af útlánum .....	374.047.583
Aðrar vaxtatekjur .....	11.166.688
Lántökugjald .....	<u>10.551.329</u>
Fjármunatekjur alls:	<u>395.765.600</u>
 <b>Fjármagnsgjöld:</b>	
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur af langtímalánum .....	65.901.084
Önnur vaxtagjöld .....	15.848
Lántökugjöld .....	<u>190.179</u>
Fjármagnsgjöld alls:	<u>66.107.111</u>
 Fjármunatekjur - fjármagnsgjöld án verðbreytingafærslu .....	329.658.489
Reiknuð gjöld v/verðbreytinga (1) .....	<u>92.462.705</u>
Hreinar fjármunatekjur:	<u>237.195.784</u>
 <b>Aðrar tekjur:</b>	
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga .....	<u>135.066.212</u>
Aðrar tekjur alls:	<u>135.066.212</u>
 <b>Rekstrargjöld:</b>	
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði (2) .....	14.685.949
Sérkostnaður Lánasjóðs .....	2.614.847
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna (1) .....	<u>982.147</u>
Rekstrargjöld alls:	<u>18.282.943</u>
 Tekjuafgangur ársins:	<u>353.979.053</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 1996.

## Eignir.

<b>Veltufjármunir:</b>	<b>kr.</b>
Sjóður .....	28.368
Bankainnstæður .....	173.871.630
Útistandandi skuldir .....	7.782.678
Gjaldfallnar afborganir og vextir .....	35.266.050
Áfallnir útistandandi vextir .....	121.614.429
Afborganir sem gjaldfalla á næsta ári .....	<u>764.046.456</u>
Veltufjármunir alls:	<u>1.102.609.611</u>
 <b>Fastafjármunir:</b>	
Langtímakröfur:	
Skuldabréfaeign (7) .....	5.533.231.099
Afborganir til greiðslu á næsta ári .....	<u>791.033.874</u>
Langtímakröfur alls:	<u>4.742.197.225</u>

## Áhættufé:

Hlutabréfaeign .....	325.000
Áhættufé alls:	<u>325.000</u>

## Varanlegir rekstrarfjármunir:

Fasteign (4) .....	30.744.735
Varanlegir rekstrarfjármunir alls:	<u>30.744.735</u>

Fastafjármunir alls:	4.733.266.960
----------------------	---------------

Eignir samtals:	<u>5.875.876.571</u>
-----------------	----------------------

**Skuldir og eigið fé.****Skammtímaskuldir:**

	kr.
Skuldheimtumenn .....	4.099.610
Áfallnir ógreiddir vextir .....	14.665.431
Afborganir næsta árs af langtímaskuldum .....	<u>56.382.146</u>
Skammtímaskuldir alls:	<u>75.147.187</u>

**Langtímaskuldir:**

Langtímalán: (8)	
Framkvæmdasjóður Íslands .....	82.730.575
Seðlabanki Íslands .....	4.235.791
Norræni fjárfestingabankinn .....	<u>790.860.694</u>
	877.827.060
Afborganir næsta árs .....	<u>56.382.146</u>
Langtímalán alls:	<u>821.444.914</u>

## Ábyrgðarskuldbinding:

Lífeyrisskuldbinding v/starfsmanna (9) .....	<u>12.310.000</u>
Ábyrgðarskuldbinding alls:	<u>12.310.000</u>

Skuldir alls:	<u>908.902.101</u>
---------------	--------------------

**Eigið fé:**

Endurmatsreikningur (10) .....	2.147.670.591
Óráðstafað eigið fé (10).....	<u>2.819.303.879</u>
Eigið fé alls:	<u>4.966.974.470</u>

Skuldir og eigið fé samtals:	<u>5.875.876.571</u>
------------------------------	----------------------

**Áritun endurskoðenda.**

Við höfum endurskoðað ársreikning Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1996. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1 til 10.

Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga og á ábyrgð hennar í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að leitt sé í ljós að ársreikningurinn sé í megin-

atriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athugun á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar er koma fram í ársreikningnum.

Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Lánasjóðs sveitarfélaga á árinu 1996, efnahag 31. desember 1996 og breytingu á handbæru fé á árinu 1996 í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 21. apríl 1997.

*Ingimundur Sigurpálsson.*

*Sveinn Sæmundsson.*

### **Staðfesting ársreiknings.**

Reykjavík, 17. apríl 1997.

**Kristján Magnússon.**

**Karl Björnsson.**

**Ingvar Viktorsson.**

**Óli Jón Gunnarsson.**

**Sigríður Stefánsdóttir.**

**Þórður Skúlason.**

**Birgir L. Blöndal.**

23. júní 1997

Nr. 428

## **AUGLÝSING**

**frá ríkisskattstjóra nr. 8/1997 um reglur um jöfnunarverðmæti  
hlutabréfa samkvæmt ákvæði til bráðabirgða  
II með lögum nr. 97/1996.**

### **I. KAFLI.**

#### **Skilgreining.**

##### **1. gr.**

Hlutafélagi og einkahlutafélagi er heimilt að gefa út jöfnunarhlutabréf og ákveða jöfnunarhluti án þess að slík útgáfa teljist til tekna hjá hluthafa, sbr. það sem nánar greinir í reglum þessum. Jöfnunarhlutabréf er í reglum þessum samheiti fyrir jöfnunarhlutabréf hlutafélaga og jöfnunarhluta einkahlutafélaga. Með félagi er í reglum þessum átt við hlutafélag og einkahlutafélag.

##### **2. gr.**

Heimild til útgáfu jöfnunarhlutabréfa takmarkast af þeirri fjárhæð sem lægri er samkvæmt a. og b. liðum þessarar greinar:

- a. Raunvirði hreinnar eignar í árslok 1996 sbr. 6., 7. og 8. gr.
- b. Hækkun á nafnverði innborgaðs hlutafjár og/eða lækkun á nafnverði útborgaðs hlutafjár eftir árslok 1978. Hafi félag verið stofnað fyrir árslok 1978 skal heimild til útgáfu jöfnunarhlutabréfa á árinu 1979, sbr. 3., 4. og 5. gr., framreiknuð. Við framreikning þennan bætist hækkun á nafnverði hlutafjár í árslok 1978. Hækkun og framreikningur samkvæmt þessum lið skal vera samkvæmt vísitölu jöfnunarhlutabréfa til 1. janúar 1997.

## II. KAFLI.

**Mat á raunvirði hreinnar eignar í árslok 1978.**

## 3. gr.

Við mat á raunvirði hreinnar eignar félags sem stofnað var fyrir árslok 1978 ber fyrst að líta til eigin fjár í efnahagsreikningi í árslok 1978. Tilgreina ber fjárhæð höfuðstólsins, eins og hann var talinn fram til skatts, ásamt hækkun eða lækkun samkvæmt þessum kafla.

## 4. gr.

Til hækkunar höfuðstóls, sbr. 3. gr., koma eftirtaldir liðir:

- a. Mismunurinn á endurmati varanlegra rekstrarfjármuna sem framkvæmt var á árinu 1979, eða heimilt hefði verið að framkvæma á því ári, og bókfærðu verði þeirra. Í stað endurmats fasteigna er heimilt að nota brunabótamat og samsvarandi váttryggingaverð skipa og flugvéla 1. janúar 1979.
- b. Aukaafskriftir sem færðar eru undir eigið fé í efnahagsreikningi.
- c. 34,35% af niðurfærslu birgða og viðskiptakrafna.
- d. Hafi félag átt hlut í öðru hlutafélagi í árslok 1978 og fyrir liggur heimild þess félags til útgáfu jöfnunarhlutabréfa, er heimilt að bæta heimild síðarnefnda félagsins við höfuðstólinn.
- e. Hafi félag sameinast öðru félagi samkvæmt ákvæðum 56. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, skal félagið taka við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum þess félags og þar með heimild til útgáfu jöfnunarhlutabréfa sem bætist við höfuðstólinn.

## 5. gr.

Til lækkunar höfuðstóli, sbr. 3. gr., koma eftirtaldir liðir:

- a. Varasjóður telst ekki til hreinnar eignar varðandi jöfnunarhlutabréfaheimild, sbr. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 75/1981. Varasjóðstillag vegna rekstrarársins 1978 kemur því til lækkunar hafi það ekki verið fært af höfuðstóli í varasjóð í efnahagsreikningi 1978.
- b. Álögð opinber gjöld vegna rekstrarársins 1978 umfram áætluð gjöld.
- c. Leigulóðir.
- d. Gengistap, hafi það verið fært sérstaklega sem eign í efnahagsreikningi.
- e. Bókfærð viðskiptavild.

## III. KAFLI.

**Mat á raunvirði hreinnar eignar í árslok 1996.**

## 6. gr.

Endurmatsreikningur í árslok 1996, eins og hann er talinn fram til eignarskattsstofns, skal vera viðmiðunargrunnur við mat á hreinni eign ásamt hækkun eða lækkun samkvæmt þessum kafla.

## 7. gr.

Til hækkunar endurmatsreikningi, sbr. 6. gr., koma eftirtaldir liðir:

- a. Óráðstafað eigið fé eins og það er talið fram til eignarskattsstofns.
- b. Lögbundinn varasjóður.
- c. Mismunur á brunabótamati fasteigna í árslok 1996 eða váttryggingaverði skipa og flugvéla og bókfærðu verði þeirra á því tímamarki.
- d. Aukaafskriftir vegna fasteigna eða skipa og flugvéla sem færðar eru undir eigið fé í efnahagsreikningi ef brunabótamat eða váttryggingaverð er notað í stað bókfærðs verðs.
- e. 67% af niðurfærslu viðskiptakrafna.

- f. Hafi félag átt hlutabréf í hlutafélagi eða einkahlutafélagi í árslok 1996 og heimild þess félags til útgáfu jöfnunarhlutabréfa liggur fyrir má bæta fjárhæð hennar við heimild síðarnefnda félagsins.

Ef skráð hefur verið markaðsgengi í árslok 1996 á hlutabréfum félagsins í viðkomandi hlutafélagi skal nota markaðsverðið í stað nafnverðs hlutabréfaeignarinnar.

8. gr.

Til lækkunar endurmatsreikningi, sbr. 6. gr., koma eftirtaldir liðir:

- a. Ójafnað eigið fé eins og það er talið fram til eignarskattsstofns.
- b. Alögð opinber gjöld vegna rekstrarársins 1996 umfram áætluð gjöld.
- c. Leigulóðir.
- d. Viðskiptavild.

IV. KAFLI.

**Jöfnunarverðmæti hlutabréfa.**

*Skilgreining.*

9. gr.

Jöfnunarverðmæti hlutabréfa skal vera nafnverð þeirra í árslok 1996 að viðbættri heimild til útgáfu jöfnunarhlutabréfa á árinu 1997.

*Útreikningur jöfnunarverðmætis.*

10. gr.

Gera skal grein fyrir útreikningi jöfnunarverðmætis með framtalsskilum á árunum 1997, 1998 eða 1999. Skal skattstjóri staðfesta útreikninginn.

Ríkisskattstjóri skal gefa út reglur og útbúa eyðublöð.

Jöfnunarverðmæti, án framreiknings, skal árlega tilgreina á skattframtali hlutafélagsins og á hlutafjármiðum.

*Jöfnunarverðmæti varðandi söluhagnað hlutabréfa.*

11. gr.

Hafi seljandi hlutabréfa eignast hin seldu hlutabréf fyrir 1. janúar 1997 skal kaupverð bréfanna ákvarðast sem jöfnunarverðmæti þeirra án framreiknings eða sem upphaflegt kaupverð þeirra framreiknað til ársloka 1996 samkvæmt verðbreytingarstuðli skv. 26. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, ef það er hærra.

Hjá þeim sem eignast hin seldu hlutabréf eftir 1. janúar 1997 telst söluhagnaður mismunur á söluverði og kaupverði, óframreiknuðu.

Hafi félag ekki reiknað út jöfnunarverðmæti og skilað útreikningi í síðasta lagi með skattframtali 1999 og fengið staðfestingu skattstjóra skal jöfnunarverðmæti við sölu bréfanna vera nafnverð þeirra í árslok 1996.

*Jöfnunarverðmæti varðandi arðsúthlutun.*

12. gr.

Arður sem félag greiðir út er frádráttarbær frá tekjum þess að hámarki 7% af nafnverði hlutafjár, sbr. 8. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981. Frádrátturinn miðast við nafnverð og þurfa hlutafélög að gefa út jöfnunarhlutabréf til að jöfnunarverðmætið nýtist varðandi arðsfrádrátt.

13. gr.

Hlutafélagi er heimilt að gefa út jöfnunarhlutabréf, þannig að skattfrjálst sé hjá hluthöfum, allt að því að heildarnafnverð hlutafjár nái jöfnunarverðmætinu. Úgáfan verður að vera í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga.

Einkahlutafélögum nægir að tilkynna nýtt nafnverð til hlutafélagaskrár.

Varðandi útgáfu jöfnunarhlutabréfa tekur jöfnunarverðmæti breytingum samkvæmt verðbreytingarstuðli, sbr. 26. gr. laga nr. 75/1981, enn fremur tekur breytingin þeirri hækkun sem verður á innborguðu hlutafé eftir 1. janúar 1997.

*Gildistaka.*

14. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í ákvæði til bráðabirgða II með lögum nr. 97/1996 og öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 23. júní 1997.*

**Garðar Valdmarsson,**  
ríkisskattstjóri.

Nr. 429

1. júlí 1997

## ERINDISBRÉF

fyrir skólastjóra Garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum í Ölfusi.

1. gr.

*Stjórnsýslustaða og ábyrgð skólastjóra.*

Erindisbréf þetta er sett á grundvelli laga um Garðyrkjuskóla ríkisins nr. 91 23. júní 1936 og reglugerðar fyrir Garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum í Ölfusi nr. 712 30. desember 1996, sbr. einnig lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70 1996.

Öll starfsemi Garðyrkjuskóla ríkisins heyrir undir landbúnaðarráðuneytið. Næsti yfirmaður skólastjóra er landbúnaðarráðherra og skólanefnd í umboði hans. Næstu undirmenn skólastjóra eru yfirkennari, fagdeildarstjórar, endurmenntunarstjóri og garðyrkjustjóri.

Skólastjóri ber ábyrgð á að starf skólans sé í samræmi við lög skólans og reglugerð, ákvarðanir skólanefndar varðandi námsskrá, stefnu skólans og áherslur í starfi svo og aðrar stjórnvaldsákvarðanir. Hann skal haga störfum sínum í samræmi við lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og ákvæði erindisbréfs þessa.

2. gr.

*Hlutverk og verkefni skólans.*

Meginhlutverk Garðyrkjuskóla ríkisins er að efla íslenska garðyrkju og styrkja samkeppnisstöðu hennar. Þetta hlutverk rækir skólinn með sérhæfðri fræðslu á sviði garðyrkju og tengdra greina, endurmenntun fyrir þá sem við garðyrkju starfa, útgáfu fræðslurita og námskeiðum fyrir almenning. Enn fremur með því að skapa aðstöðu á skólastaðnum fyrir rannsóknir, tilraunir, leiðbeiningar og aðra faglega og félagslega starfsemi í þágu garðyrkjunnar.

3. gr.

*Verkefni skólastjóra.*

Skólastjóri er skólanefnd til ráðuneytis við stefnumótun varðandi námsskrá og aðrar áherslur í starfi og stefnu skólans, skipulagsmál á skólastaðnum og forgangsröðun framkvæmda. Hann stjórnar daglegu starfi skólans, hefur umsjón með kennslu og gætir þess að skólastarfið sé í samræmi við lög og reglugerð, námsskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Hann ber ábyrgð á að fylgt sé fjárhagsáætlun skólans.

Verkefni skólastjóra eru m.a.:

- Gera í samvinnu við skólanefnd starfs- og fjárhagsáætlun fyrir skólann til þriggja ára í senn og skal hún endurskoðuð árlega.
- Gera í upphafi hvers árs fjárhagsáætlun í samræmi við niðurstöður fjárlaga.
- Hafa umsjón með reikningshaldi skólans.

- Ráða kennara að höfðu samráði við skólanefnd.
- Ráða annað starfsfólk.
- Skipuleggja störf kennara í samræmi við ákvæði 17. gr. reglugerðar.
- Fjalla um undanþágur frá inntökuskilyrðum sbr. 6. gr.
- Setja í samráði við fagdeildarstjóra reglur um framkvæmd verknáms og vera fagdeildarstjórum til ráðuneytis um verknám nemenda ásamt yfirkennara.
- Hafa umsjón með námsefni, bóknámi og verknámi, endur- og framhaldsmenntun og framkvæmd námsmats skv. IV., V. og VI. kafla reglugerðar skólans.
- Boða til kennarafunda sbr. 14. gr. og stjórna þeim, svo og fundum skólaráðs sbr. 13. gr.
- Veita nemendum ráðgjöf og leiðsögn um persónuleg mál er snerta nám þeirra og skólavist ásamt kennurum og öðru starfsfólki.
- Hafa umsjón með framkvæmdum á vegum skólans.
- Skólastjóri er ábyrgur fyrir umgengni á skólastaðnum og hefur umsjón með fasteignum skólans og rekstri garðyrkjustöðvar.

## 4. gr.

*Samráð.*

Skólastjóri skal gera sér far um að hafa sem besta samvinnu og samráð um skólastarfið við kennara skólans, nemendur og annað starfslið. Hann skal enn fremur gera sér far um að hafa náð samráð við skólanefnd um framkvæmd skólastarfsins og rekstur skólastaðarins og um úrlausnarefni sem upp kunna að koma í skólastarfinu og rekstri skólans. Sömuleiðis skal hann kappkosta að hafa sem best samstarf við aðra aðila á skólastaðnum og umhverfi hans.

Skólastjóri skal vera til viðtals á skrifstofu skólans á fyrirfram ákveðnum tímum tiltekna daga í viku hverri sem skólinn starfar.

## 5. gr.

*Upplýsingagjöf.*

Skólastjóri gerir skólanefnd reglulega grein fyrir rekstrarstöðu skólans. Hann skal gera landbúnaðarráðuneytinu grein fyrir rekstrarstöðu skólans a.m.k. tvisvar á ári.

Erindisbréf þetta er sett í samræmi við ákvæði 16. gr. reglugerðar fyrir Garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum í Ölfusi nr. 712/1996 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 1. júlí 1997.

**Guðmundur Bjarnason.**

*Björn Sigurbjörnsson.*

**REGLUGERÐ****um varnir gegn sorpmengun frá skipum.**

## 1. gr.

*Skilgreiningar.*

Í reglugerð þessari merkir:

*Skip:* Sérhvert fljótandi far, þ.m.t. skíðaskip, svifskip og kaþbátar.

*Sorp:* Alls konar matarúrgang, úrgang frá vistarverum og óvinnsluhæfan rekstrarúrgang, þar með taldar umbúðir, að undanskildum ferskum fiski og fiskúrgangi, sem til fellur við eðlilega starfsemi skipa og stöðugt eða öðru hvoru þarf að losna við.



*Kvarnaður matarúrgangur:* Matarúrgang, tuskur, gler og þess háttar sorp sem hefur farið í gegnum kvörn eða mulningsvél og kemst í gegnum 25 mm sigti.

*Samningurinn:* Alþjóðasamning um varnir gegn mengun sjávar frá skipum frá 1973 ásamt bókun frá 1978 (MARPOL 73/78).

*Sérhafsvæði:* Hafsvæði sem tilteknað reglur um varnir gegn mengun sjávar gilda um, svo sem vegna sérstakra umhverfisaðstæðna, í samræmi við samninginn. Hafsvæðin eru talin upp í viðauka með reglum þessum.

*Stofnunin:* Alþjóðasiglingamálastofnunina (IMO).

*Stjórnvöld:* Hollustuvernd ríkisins eða þá aðila sem Hollustuvernd ríkisins felur að sjá um ákveðin framkvæmdatriði þessarar reglugerðar.<sup>1)</sup> Að því er varðar skip sem hafa rétt til að sigla undir fána einhvers annars ríkis eru stjórnvöld ríkisstjórn þess ríkis eða umboðsaðili hennar. Að því er varðar fasta eða fljótandi palla sem notaðir eru til rannsókna og nýtingar hafsbotsins og jarðvegs hans, sem liggur að ströndum og strandríkið hefur á hendi fullveldisrétt til þess að rannsaka og nýta auðlindir þeirra, eru stjórnvöld ríkisstjórn þess strandríkis eða umboðsaðilar hennar.

## 2. gr.

### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir, svo sem við á í mengunarlögsögu Íslands, sbr. skilgreiningu í 7. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar, og um öll íslensk skip utan þess svæðis, nema annað sé sérstaklega tekið fram. Um úrgang að öðru leyti gilda ákvæði mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994 með síðari breytingum.

## 3. gr.

### *Losun sorps í sjó.*

Losun sorps í sjó, að meðtöldum sérhafsvæðum, er óheimil nema annað segi í reglugerð þessari. Bannið gildir m.a. um öll þrávirk gerviefni sem fljóta eða mara í sjónum, t.a.m. plastefni, sorppoka úr plasti, kaðla og net.

## 4. gr.

### *Losun sorps í sjó utan sérhafsvæða.*

- Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. er heimilt að losa sorp utan sérhafsvæða í sjó eins og hér segir:
- Utan 25 sjómílna frá grunnlínunum landhelginnar, skorðunartré og klæðningar- og umbúðaefni sem flýtur,
  - Utan 12 sjómílna frá grunnlínunum landhelginnar, ókvarnaðan matarúrgang og allt annað sorp, t.a.m. pappír, tuskur, gler, málma, flöskur, leirvörur og annan álíka úrgang sem kemst ekki í gegnum sigti sem hefur göt með 25 mm þvermáli,
  - Utan 3ja sjómílna frá grunnlínunum landhelginnar, kvarnaðan matarúrgang og þess háttar sorp, t.a.m. pappír, tuskur, gler og annan álíka úrgang sem kemst í gegnum sigti sem hefur göt með 25 mm þvermáli.

Ef sorpinu er blandað saman við annan úrgang sem háður er sérsökum ákvæðum laga skal framkvæma losunina samkvæmt þeim ákvæðum sem strangari eru.

## 5. gr.

### *Losun sorps í sjó á sérhafsvæðum.*

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. er heimilt að losa matarúrgang í sjó utan 12 sjómílna frá grunnlínunum landhelginnar.

Ef matarúrgangi eða öðru sorpi er blandað saman við annan úrgang, sem önnur ákvæði gilda um, skal framkvæma losunina samkvæmt þeim ákvæðum sem strangari eru.

<sup>1)</sup> Siglingastofnun Íslands, eða aðili sem starfar í umboði hennar er þó stjórnvald í þeim málum er varða skip og búnað þeirra, sbr. 5. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 6/1996.

## 6. gr.

*Undantekningar.*

Ákvæði 3., 4. og 5. gr. eiga ekki við um:

- a. Losun á sorpi frá skipi ef losunin er nauðsynleg vegna öryggis þess eða þeirra sem eru um borð eða framkvæmd í þeim tilgangi að bjarga lífi þeirra sem eru í sjávarháská.
- b. Losun á sorpi sem leiðir af skemmdum á skipi eða tækjum þess enda hafi áður og eftir að skemmdirnar urðu, allar þær varúðarráðstafanir sem með sanngirni má krefjast verið gerðar til þess að koma í veg fyrir eða draga úr losuninni.
- c. Fiskinet úr gerviefnum sem tapast hafa vegna óhappa, þ.m.t. gerviefni til viðgerða á slíkum netum, enda hafi allar þær varúðarráðstafanir sem með sanngirni má krefjast verið gerðar til að koma í veg fyrir slík óhöpp.

## 7. gr.

*Móttökustöðvar.*

Hafnaryfirvöld skulu koma upp eða tryggja rekstur viðunandi aðstöðu í höfnum fyrir móttöku á úrgangi frá skipum. Aðstaðan skal miðast við þarfir skipa er koma í viðkomandi höfn.

## 8. gr.

*Veggspjöld.*

Sérhvert skip með mestu lengd 12 metra eða meira skal hafa uppi veggspjöld sem upplýsa áhöfn og farþega um þær kröfur sem gerðar eru vegna losunar sorps, sbr. 3. og 5. gr., þar sem það á við.

Veggspjöldin skulu vera á íslensku. Þegar um er að ræða skip sem ætluð eru til siglinga milli landa skulu veggspjöldin einnig vera á ensku.

## 9. gr.

*Áætlun í sorpmálum.*

Um borð í sérhverju skipi sem er 400 brúttótonn eða stærra og í sérhverju skipi sem er skráð til að flytja 15 manns eða fleiri, skal hafa áætlun í sorpmálum sem áhöfnin skal fylgja. Í þessari áætlun skulu vera skrifleg fyrirmæli um söfnun, geymslu, vinnslu og losun sorps, auk fyrirmæla um notkun tækja um borð. Í henni skulu jafnframt vera upplýsingar um það hver sé tilnefndur til að bera ábyrgð á að framfylgja áætluninni. Áætlunin skal vera á samskiptamáli áhafnarinnar og í samræmi við þær leiðbeiningarreglur sem stofnunin hefur útbúið.

## 10. gr.

*Sorpdagbók.*

Um borð í sérhverju skipi, sem er 400 brúttótonn eða stærra, og í sérhverju skipi, sem er skráð til að flytja 15 manns eða fleiri, skal vera sorpdagbók.

Sorpdagbókin skal vera samkvæmt þeirri fyrirmynd sem mælt er fyrir um í viðbæti við V. viðauka samningsins. Heimilt er að hafa sorpdagbók sem hluta af leiðarbók eða dagbók skips.

## 11. gr.

*Færslur í sorpdagbók.*

Í sorpdagbókina skal færa sérhverja losun eða fullkomna brennslu. Sérhver þannig færsla skal undirrituð samdægurs af þeim yfirmanni eða yfirmönnum sem hafa umsjón með aðgerðinni. Sérhver blaðsíða sem lokið hefur verið við skal undirrituð af skipstjóra skipsins.

Færslur í sorpdagbókina skulu vera á íslensku og ensku. Færslurnar á íslensku skulu vera ráðandi ef ágreiningur eða misræmi kemur upp.

Í sérhverri færslu um brennslu eða losun skal koma fram dagsetning, tími, staðsetning skipsins, lýsing á sorpinu og áætluðu magni þess sem var brennt eða losað. Sorpdagbókina skal varðveita á vísun stað um borð í skipinu þannig að unnt sé að leggja hana fram til skoðunar þegar þess er óskað af hlutaðeigandi stjórnvöldum. Sorpdagbókina skal varðveita í a.m.k. tvö ár eftir að síðasta færsla var gerð.

Í þeim tilvikum þegar losun, sem fellur undir undantekningarnar sem tilgreindar eru í 6. gr. á sér stað skal færa í sorpdagbókina upplýsingar um aðstæður og orsakir fyrir losuninni.

## 12. gr.

*Undanþágur frá sorpdagbók.*

Stjórnvöld geta gert undanþágur frá þeim kröfum sem gerðar eru til sorpdagbóka þegar um er að ræða:

- (i) Skip sem er skráð til að flytja 15 manns eða fleiri og er í áætlunarsiglingum þar sem hver ferð er styttri en ein klst.; eða
- (ii) fasta eða fljótandi palla sem eru notaðir til rannsókna og nýtingar hafsbotsins.

## 13. gr.

*Eftirlit með sorpdagbókum.*

Hlutaðeigandi stjórnvöldum er heimilt að skoða sorpdagbókina um borð í hvaða skipi sem er sem ákvæði 9. reglugerðar V. viðauka við samninginn gilda um, á meðan skipið er statt í höfn eða umskipunarstöð. Þeim er einnig heimilt að afrita færslur bókarinnar og krefjast þess að skipstjóri eða staðgengill hans staðfesti að afritið sé rétt. Þegar stjórnvöld skoða sorpdagbókina skulu þau útbúa staðfest afrit samkvæmt 1. mgr. eins fljótt og við verður komið og án þess að tefja skipið ótilhlýðilega.

## 14. gr.

*Viðurlög.*

Brot gegn reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt XII. kafla laga nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar, ásamt síðari breytingum.

## 15. gr.

*Gildistaka*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. mgr. 7. gr. laga nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar, með síðari breytingum, sbr. og 9. reglugerð V. viðauka samningsins.

Reglugerðin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi reglur nr. 124/1994 um varnir gegn sorpmengun frá skipum. Reglugerðin gildir frá 1. júlí 1998 um þau skip sem eru smíðuð fyrir 15. júlí 1997.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 30. júní 1997.*


**Guðmundur Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*

## VIÐAUKI.

Eftirtalin hafsvæði hafa verið skilgreind sem sérhafsvæði í samningum við gildistöku þessara reglna: Miðjarðarhaf, Eystrasalt, Svartahaf, Rauðahaf, Persaflói, Norðursjór, hafsvæðið við Suðurheimskautið og Karibahaf ásamt Mexíkóflóa. Nánari afmörkun er í V. viðauka við samninginn.

**Fylgiskjal:**



# REGLUGERÐ

## um notkun tækja.

### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

##### *Efni og gildissvið.*

1. Í reglugerð þessari eru gerðar lágmarkskröfur um öryggi og hollustu þegar starfsmenn nota tæki á vinnustöðum, sbr. skilgreiningu í 1. og 2. mgr. 2. gr.

2. Reglugerðin gildir um tæki sem ætluð eru til notkunar á vinnustöðum og sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, gilda um.

##### 2. gr.

##### *Skilgreiningar.*

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a. Tæki: Vél eða vélbúnaður, áhald, verkfæri eða þess háttar búnaður sem notaður er á vinnustöðum;
- b. notkun tækja: Allar athafnir sem tengjast tækjum, svo sem að ræsa þau eða stöðva, beiting þeirra, flutningur, viðgerðir, breytingar, viðhald og umhirða, þar með talin þrif;
- c. hættusvæði: Öll svæði innan eða umhverfis tæki þar sem heilsu eða öryggi starfsmanns er hættu búin;
- d. starfsmaður í hættu: Hver sá starfsmaður sem að einhverju eða öllu leyti er á hættusvæði;
- e. stjórnandi: Starfsmaður eða starfsmenn sem hafa notkun tækis með höndum.

### II. KAFLI

#### Skyldur atvinnurekenda.

##### 3. gr.

##### *Almennar skyldur.*

1. Atvinnurekandi skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að tæki sem starfsmönnum eru látin í té innan fyrirtækis henti til þeirra verka sem vinna á eða séu hæfilega löguð að þeim, þannig að starfsmenn geti notað þau án þess að öryggi þeirra eða heilsu stafi hættu af. Þegar tæki eru valin til notkunar skal atvinnurekandi hafa í huga þau sérstöku vinnuskilyrði, aðstæður og þá áhættu gagnvart öryggi og heilsu starfsmanna sem fyrir hendi eru innan fyrirtækisins. Einkum skal hann hafa í huga áhættu á þeim stað þar sem vinnan fer fram og ennfremur aðra áhættu sem notkun viðkomandi tækis kann að hafa í för með sér.

2. Þegar ekki er að fullu unnt að tryggja að starfsmenn geti notað tækið án þess að hættu öryggi sínu eða heilsu, skal atvinnurekandi gera nauðsynlegar ráðstafanir til að áhættunni sé haldið í lágmarki.

##### 4. gr.

##### *Aðrar reglur eða reglugerðir.*

1. Með fyrirvara um 3. gr. er atvinnurekanda skylt að afla sér eða nota:

- a. Tæki sem uppfylla, ef starfsmenn innan fyrirtækis fá þau til afnota í fyrsta sinn eftir gildistöku þessarar reglugerðar:
  - Ákvæði allra viðeigandi reglna Vinnueftirlits ríkisins sem í gildi eru;
  - lágmarkskröfur sem gerðar eru í I. viðauka þessarar reglugerðar, að því leyti sem engar aðrar reglur Vinnueftirlitsins eiga við eða ef þær eiga aðeins við að nokkru leyti;

- b. tæki sem uppfylla, ef starfsmenn innan fyrirtækisins hafa þegar fengið þau til afnota fyrir gildistöku þessara reglna, lágmarkskröfur sem gerðar eru í I. viðauka eigi síðar en 1. janúar 1998.
  - c. Með fyrirvara um fyrsta undirlið a-liðar og þrátt fyrir annan undirlið a-liðar og b-lið skulu sérstök tæki sem eru háð kröfum 3. liðar í I. viðauka, ef þau koma í hendur starfsmanna í fyrirtækinu eða stofnuninni fyrir 5. desember 1998, uppfylla lágmarkskröfur I. viðauka eigi síðar en fjórum árum eftir það.
2. Atvinnurekandi skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að tækjum sé haldið þannig við að þau uppfylli, svo lengi sem þau endast, ákvæði a- og b-liða 1. mgr., eftir því sem við á.
3. Að höfðu samráði við aðila vinnumarkaðarins og að teknu tilhlýðilegu tilliti til gildandi reglna og venju setur Vinnueftirlitið reglur til að öryggi komist á það stig sem svarar til þeirra markmiða sem fjallað er um í II. viðauka.

#### 5. gr.

##### *Eftirlit með tækjum á vinnustöðum*

1. Ef öryggi við notkun tækis á vinnustað er undir uppsetningu þess komið skal vinnuveitandinn sjá til þess að það sé skoðað í upphafi (eftir að tækið er sett upp og áður en það er tekið í notkun) af aðila sem er til þess bær samkvæmt lögum eða venju. Sama á við eftir að tæki hefur verið sett saman á nýjum vinnustað eða í nýju húsnæði svo að tryggt sé að tækið hafi verið rétt sett upp og vinni rétt.
2. Til að tryggja að öryggi og hollustu sé gætt og unnt sé að finna skemmdir og gera við þær í tæka tíð skal vinnuveitandi sjá til þess að tæki sem geta skemmst af völdum utanaðkomandi áhrifa þannig að hættuástand skapist af, séu:
  - Skoðuð reglulega og þegar við á prófuð af þar til bærum mönnum samkvæmt gildandi reglum og venjum,
  - skoðuð sérstaklega og þegar við á prófuð af þar til bærum mönnum samkvæmt gildandi reglum og venjum, í hvert sinn sem sérstakar aðstæður hafa skapast sem gætu haft áhrif til hins verra á öryggi tækjanna, t.d. ef þeim hefur verið breytt, slys eða náttúruhamfarir borið að höndum eða þau hafa staðið ónotuð lengi.
3. Skylt er að skrá niðurstöður af skoðunum og halda þeim til haga handa viðkomandi yfirvöldum. Þær skulu geymdar hæfilega lengi. Þegar tæki er notað utan fyrirtækis skulu pappírar sem staðfesta síðustu skoðun fylgja því.

#### 6. gr.

##### *Tæki sem sérstök áhætta fylgir.*

- Þegar líkur eru á að notkun tækja hafi í för með sér sérstaka áhættu fyrir öryggi og heilsu starfsmanna skal atvinnurekandi gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að:
- Þeir starfsmenn einir noti tækin sem það hefur verið falið;
  - viðgerðir, breytingar, viðhald og umhirða sé á hendi starfsmanna sem sérstaklega eru útnefndir til slíkra verka.

#### 7. gr.

##### *Vinnuvistfræði og hollustuhættir á vinnustöðum.*

- Þegar framfylgt er lágmarksákvæðum um öryggi og hollustuhætti skal vinnuveitandinn taka fullt tillit til vinnuaðstæðna starfsmanns og líkamsstöðu hans við notkun tækja auk þess sem honum ber að taka mið af meginhugmyndum vinnuvistfræðinnar.

#### 8. gr.

##### *Upplýsingar til starfsmanna.*

1. Atvinnurekandi skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að starfsmenn hafi handbærar nægilegar upplýsingar og, þar sem við á, ritaðar leiðbeiningar um tæki þau sem notuð eru á vinnustað.

2. Upplýsingarnar og skriflegar leiðbeiningar verða að minnsta kosti að fela í sér nægilegar ábendingar um öryggi og hollustu er snerta:

- Notkunarskilyrði tækjanna,
- óvenjulegar aðstæður sem hægt er að sjá fyrir,
- ályktanir sem hægt er að draga af reynslu við notkun tækjanna, þar sem það á við.

Starfsmönnum skal bent á hættur sem þeim getur stafað af tækjum í nánasta vinnuumhverfi og allar breytingar sem skipta máli og geta haft áhrif á tæki sem eru í næsta nágrenni við vinnusvæði þeirra eða vinnustað, jafnvel þótt þeir noti þau ekki beinlínis sjálfir.

3. Upplýsingarnar og skriflegar leiðbeiningar verða að vera skiljanlegar fyrir hlutað-eigandi starfsmenn.

9. gr.

*Þjálfun starfsmanna.*

Atvinnurekandi skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að:

– Starfsmenn sem falið er að nota tæki á vinnustað fái nægilega þjálfun, þar með taldar leiðbeiningar um hvernig bregðast skuli við hættu sem notkunin kann að hafa í för með sér,

- starfsmenn sem um getur í öðrum undirlið 6. gr. fái nægilega sérþjálfun.

10. gr.

*Samráð við starfsmenn og þátttaka þeirra.*

Hafa ber samráð við starfsmenn og fulltrúa þeirra og tryggja þátttöku þeirra í framkvæmd þessarar reglugerðar eftir því sem við á og í samræmi við gildandi reglur um framkvæmd vinnu, á því sviði sem reglugerð þessi tekur til, að viðaukum meðtöldum.

III. KAFLI

**Ýmis ákvæði.**

11. gr.

*Áfrýjun úrskurða.*

Um áfrýjun á ákvörðunum og úrskurðum sem byggjast á þessari reglugerð gilda ákvæði 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

IV. KAFLI

**Refsiákvæði.**

12. gr.

Brot á þessari reglugerð varða viðurlögum samkvæmt 99. gr. laga nr. 46/1980.

V. KAFLI

**Gildistaka.**

13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 73. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og með hliðsjón af tilskipun 89/655/EBE í 10. tölul. XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og henni var breytt með tilskipun 95/63/EB, öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 3. júlí 1997.*

**Páll Pétursson.**

*Sigríður Lillý Baldursdóttir.*

## I. VIÐAUKI

**Lágmarkskröfur sem um getur í öðrum undirlið a-liðar og b-lið 1. mgr. 4. gr.****1. Almenn athugasemd.**

Þær skyldur sem mælt er fyrir um í þessum viðauka gilda með hliðsjón af ákvæðum reglugerðarinnar þegar hætta er fyrir hendi í tengslum við þau tæki sem um er að ræða. Að því marki sem eftirfarandi lágmarkskröfur gilda um tæki sem eru í notkun er ekki alltaf nauðsynlegt að gera sömu ráðstafanir og gert er ráð fyrir samkvæmt grunnkröfum um ný tæki.

**2. Almennar lágmarkskröfur um tæki á vinnustöðum.**

2.1. Stjórnbúnaður tækja sem varðar öryggi skal vera greinilegur og auðséður og merktur á viðeigandi hátt þar sem við á.

Stjórnbúnaði skal komið fyrir utan hættusvæða nema þegar um er að ræða sérstakan búnað sem óhjákvæmilegt er að koma fyrir annars staðar, og skal það gert þannig að notkun hans hafi ekki aukna hættu í för með sér. Engin hætta má stafa af óviljandi gangsetningu hans.

Ef nauðsyn krefur verður stjórnandi að geta gengið úr skugga um það frá aðalstjórnstöð að enginn sé á hættusvæðunum. Ef það er ekki unnt skal öryggisbúnaður, svo sem varúðar hljóð- og/eða ljósmerki, ávallt virka sjálfkrafa rétt fyrir gangsetningu. Starfsmaður sem er í hættu vegna gangsetningar eða stöðvunar tækja verður að hafa nægan tíma og tækifæri til að víkja sér fljótt undan henni.

Eftirlitskerfi þurfa að vera áreiðanleg og við val á þeim skal hafa fyrirsjáanlegar bilanir, galla og álag við fyrirhugaða notkun í huga.

2.2. Einungis skal vera kleift að setja tæki í gang með því að beita stjórnbúnaði sem til þess er ætlaður.

Hið sama gildir þegar:

- Tæki er sett í gang á ný eftir stöðvun, hver sem ástæða stöðvunarinnar er,
- verkun tækis er breytt í mikilvægum atriðum (hraða, þrýstingi o.s.frv.), nema þegar endurgangsetningin eða breytingin hefur ekki í för með sér neina hættu fyrir starfsmenn.

Ofangreind krafa á ekki við um endurgangsetningu eða breytingu á verkun tækis sem er hluti af eðlilegu vinnuferli sjálfvirkra tækja.

2.3. Með öllum tækjum skal vera stjórnbúnaður til að stöðva þau að fullu og tryggilega. Á hverjum vinnustað skal vera stjórnbúnaður til að stöðva öll tæki eða sum þeirra, eftir því hver hættan er, svo ástand tækjanna sé þannig að engin hætta stafi af þeim. Stöðvunarboð skal hafa forgang umfram gangsetningarboð. Þegar tækin eða hinir hættulegu hlutar þeirra hafa verið stöðvaðir skal loka fyrir orkuflutning til viðkomandi hreyfihluta.

2.4. Sé þess þörf skulu tæki búin neyðarbúnaði til stöðvunar sem miðast við hættuna sem af þeim stafar og þann tíma sem venjulega tekur að stöðva þau.

2.5. Ef hætta stafar af notkun tækis vegna þess að hlutir geta fallið eða þeyst í sundur skal hafður á því viðeigandi öryggisbúnaður í samræmi við það hvers eðlis hættan er. Ef hætta stafar af notkun tækis vegna útstreymis á lofttegundum, gufu, vökva eða ryki skal hafður viðeigandi einangrunar- eða útblástursbúnaður nærri þeim stað þar sem hættan á upptök sín.

2.6. Þegar öryggi og heilbrigði starfsmanna krefst þess skal tryggja stöðugleika tækja eða hluta þeirra með festingum eða á annan hátt.

2.7. Gera skal viðeigandi verndarráðstafanir ef hætta er á að tækjahlutar geti rifnað eða sundrast þannig að öryggi eða heilsu starfsmanna stafi veruleg hættu af.



- 2.8. Þegar hætta er á viðkomu við tækjahluta á hreyfingu þannig að slys getur af hlotist skulu hafðar á þeim hlífðar eða annar verndarbúnaður sem hindrar að unnt sé að komast á hættusvæði eða stöðvar hreyfingu þeirra hluta áður en á hættusvæði er komið.

Búnaður til hlífðar eða verndar:

- Skal vera traustlega gerður,
  - má ekki sjálfur valda annarri hættu,
  - má ekki vera þannig að auðvelt sé að nema hann burt eða gera hann óvirkan,
  - skal vera nægilega langt frá hættusvæði,
  - má ekki byrgja sýn meðan unnið er, nema að því leyti sem ekki verður hjá komist,
  - skal gerður þannig að unnt sé að koma fyrir íhlutum, skipta um þá eða annast viðhald, eftir því sem bráðnauðsynlegt er, en aðgangur skal takmarkaður við það svæði þar sem sú vinna fer fram, og skal unnt að framkvæma hana að sem mestu leyti án þess að hlífðar- eða verndarbúnaðurinn sé fjarlægður.
- 2.9. Þau svæði og þá staði á tækjum þar sem komist er að þeim til vinnu eða viðhalds skal lýsa eins og þörf er á til að framkvæma það verk sem um er að ræða.
- 2.10. Þeir tækjahlutar sem eru mjög heitir eða kaldir skulu eftir því sem við á búnir hlífum svo starfsmenn komi ekki við þá eða of nærri þeim.
- 2.11. Viðvörumerki á tækjum skulu vera ótvíræð, greinileg og auðskilin.
- 2.12. Aðeins má nota tæki til þeirra þarfa sem þau eru ætluð og við þau skilyrði sem þau eru gerð fyrir.
- 2.13. Viðhald á tækjum verður að vera unnt að framkvæma meðan þau eru ekki í gangi. Sé það ekki hægt skal vera unnt að gera viðeigandi öryggisráðstafanir meðan á viðhaldsaðgerðum stendur eða að framkvæma þær utan hættusvæða. Ef viðhaldsdagbók fylgir tæki skal hún ávallt uppfærð um leið og viðhald fer fram.
- 2.14. Á hverju tæki skal vera greinilega merktur búnaður til að rjúfa orkuflutning til þess. Aðeins má opna aftur fyrir orku til tækis ef það veldur starfsmönnum engri hættu.
- 2.15. Tæki skulu áletruð með viðvörðunum og merkt eftir því sem þörf er á vegna öryggis starfsmanna.
- 2.16. Þegar tæki eru notuð við framleiðslu eða þegar vinna skal við stillingu þeirra eða viðhald skulu starfsmenn hættulaust geta farið um og dvalið alls staðar þar sem þörf krefur.
- 2.17. Öll tæki skulu þannig útbúin að starfsmenn séu verndaðir fyrir hættu af völdum bruna eða ofhitnunar, útstreymis lofttegunda, ryks, vökva, gufu eða annarra efna sem þau framleiða eða safnast fyrir í þeim.
- 2.18. Öll tæki skulu þannig útbúin að ekki sé nein hætta á að sprenging verði í þeim eða í efnunum sem þau framleiða, nota eða safnast fyrir í þeim.
- 2.19. Öll tæki skulu þannig útbúin að starfsmenn séu verndaðir fyrir hættu sem getur stafað af beinni eða óbeinni snertingu við rafmagn.

### **3. Viðbótarlágmarkskröfur sem gilda um sérstakar gerðir tækja á vinnustöðum.**

3.1. *Lágmarkskröfur um hreyfanleg tæki, hvort sem þau eru sjálfknúin eða ekki.*

- 3.1.1. Tæki sem getur borið einn eða fleiri starfsmenn skal vera þannig búið að dregið sé úr áhættu starfsmanna á meðan tækið er á ferð.

Meðal þessara áhættuþátta er nánd við hjól eða belti eða hætta á að lenda í þeim.

- 3.1.2. Ef drifbúnaður milli hreyfanlegs tækis og aukabúnaðar þess og/eða einhvers sem dregið er gæti læst í ógáti og skapað sérstaka hættu skal slíkt tæki hafa búnað til að koma í veg fyrir að það geti gerst.

Ef ekki er unnt að hindra slíkt þarf að gera allar hugsanlegar varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir óheppilegar afleiðingar fyrir starfsmenn.

- 3.1.3. Ef drifsköft sem flytja orku milli hreyfanlegra hluta tækisins geta óhreinkast eða skemmst við að dragast með jörðu skal búnaður til að festa þau vera fyrir hendi.

3.1.4. Hreyfanlegt tæki með starfsmönnum sem getur borið einn eða fleiri starfsmenn skal vera þannig búið að við raunveruleg notkunarskilyrði sé takmörkuð hættu á að það velti eða því hvolfi:

- Annaðhvort með veltigrind sem kemur í veg fyrir að tækið hallist meira en 45 gráður,
- eða með grind sem skapar nægilegt rými umhverfis starfsmann eða -menn á tækinu ef hallinn verður meiri en 45 gráður,
- eða með öðrum búnaði sem hefur sömu áhrif.

Veltigrindur geta verið óaðskiljanlegur hluti af tækinu.

Ekki eru gerðar kröfur um veltigrindur þegar tækið stendur stöðugt við notkun eða er sjálft þannig hannað að það getur ekki oltið.

Ef hættu er á að starfsmaður sem er á tækinu geti kramist milli hluta tækis og undirlags, ef tækið veltur, skal vera á því öryggisbúnaður til að koma í veg fyrir slíka hættu.

3.1.5. Gaffallyftarar sem geta borið einn eða fleiri starfsmenn verða að vera hannaðir eða með búnað til þess að draga úr hættu ef þeir velta, til dæmis:

- Grind utan um öikumanninn, eða
- grind sem kemur í veg fyrir að gaffallyftarinn velti, eða
- grind sem tryggir að ef gaffallyftarinn veltur, verði samt nægilegt rými fyrir starfsmenn, sem á tækinu eru, milli undirlags og vissra hluta gaffallyftarans, eða
- grind sem starfsmenn í öikumannssæti eru festir í til að þeir kremjast ekki undir hlutum úr gaffallyftaranum ef hann veltur.

3.1.6. Sjálfknúíð tæki sem á hreyfingu getur verið hættulegt mönnum skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) Það skal hafa búnað sem kemur í veg fyrir að það geti farið óvart í gang;
- b) ef fleiri en eitt tæki á brautarspori eru samtímis á hreyfingu þarf tækið að hafa viðeigandi búnað til að draga úr afleiðingum af árekstri;
- c) á tækinu skal vera búnaður til að hægja á því og stöðva. Sé þess krafist, af öryggisástæðum, skal neyðarbúnaður til að hægja á tækinu eða stöðva það vera vel aðgengilegur eða sjálfstýrður, bregðist aðalstjórnubúnaður;
- d) þegar sjónsvið öikumanns er ekki nægjanlegt til að tryggja öryggi skal setja upp viðeigandi hjálparbúnað til að bæta úr því;
- e) tæki sem er ætlað til notkunar á nóttunni eða þar sem dimmt er skal hafa ljósa-búnað sem hæfir vinnuáðstæðum og tryggir öryggi starfsmanna svo viðunandi sé;
- f) ef eldhætta stafar af tæki, hvort sem er af tækinu sjálfu eða af því sem það ber eða hefur í togi og sem gæti stofnað starfsmönnum í hættu skal það búið viðeigandi eldvarnarbúnaði, ef slíkur búnaður er ekki fyrir hendi nógu nálægt staðnum þar sem það er notað;
- g) fjarstýrð tæki skulu stöðvast undir eins ef þau fara út fyrir stjórnsviðið;
- h) ef fjarstýrð tæki geta skapað hættu á árekstri eða að menn geti kramist við venju-legar aðstæður skulu þau hafa búnað þessu til varnar, nema annars konar viðeigandi búnaður sé þegar fyrir hendi til að afstýra slíkri hættu.

3.2. *Lágmarkskröfur um tæki til að lyfta byrði.*

3.2.1. Ef tæki til að lyfta byrðum er fest varanlega niður, skal tryggja að það hafi bæði nægilegt burðarþol og stöðugt á meðan það er í notkun, einkum með tilliti til byrðarinnar sem lyfta þarf og álags sem það skapar á þeim stöðum sem það er hengt upp eða fest á.

3.2.2. Vélar til að lyfta byrði skulu hafa nafnþyngd greinilega áletraða. Ef við á skal einnig vera á þeim lyftitafla með nafnþyngd eftir innbyrðis afstöðu.

Aukalyftibúnaður skal vera merktur þannig að unnt sé að átta sig á eiginleikum hans og nota hann án þess að hætta stafi af.

Ef tæki er ekki ætlað til að lyfta fólki, en kynni að vera til þess notað af misgáningi, skal vera á því skilti sem sýnir greinilega að það er ekki ætlað til slíkra nota.

- 3.2.3. Varanlegur tækjabúnaður skal vera þannig upp settur að byrðin skapi ekki slyshættu og:
- Sláist ekki í starfsmenn;
  - renni ekki af stað eða falli niður;
  - losni ekki óvart.
- 3.2.4. Tæki til að lyfta starfsmönnum eða flytja þá skulu hönnuð þannig að:
- Með viðeigandi búnaði sé komið í veg fyrir að karfan eða ámóta búnaður, ef slíkt er fyrir hendi, geti fallið niður;
  - komið sé í veg fyrir að notandi geti fallið úr körfunni eða ámóta búnaði, ef slíkt er fyrir hendi;
  - komið sé í veg fyrir að notandi geti kramist, klemmst eða fengið högg á sig, einkum við óviljandi snertingu við hluti;
  - tryggt sé að menn sem sitja fastir ef slys verður séu ekki í hættu og náist út.
- Ef ekki er unnt, vegna staðsetningar og hæðarmismunar, með sérstökum öryggisbúnaði að koma í veg fyrir slyshættu sem um getur í a-lið, skal nota sérstaklega styrkta öryggislinu sem er skoðuð á hverjum vinnudegi.

## II. VIÐAUKI

### Ákvæði er varða notkun tækja á vinnustöðum sem um getur í 3. mgr. 4. gr.

#### 1. Almenn ákvæði er gilda um öll tæki á vinnustöðum.

- 1.1. Tæki skal sett upp, staðsett og notað þannig að sem minnst hætta stafi af fyrir þá sem nota það og aðra starfsmenn. Til dæmis með því að tryggja að nægilegt rými sé á milli þeirra hluta tækisins sem hreyfanlegir eru og fastra eða hreyfanlegra hluta í umhverfinu og þannig að unnt sé að bæta á það eða fjarlægja á öruggan hátt hvers kyns orku og öll efni sem eru notuð eða myndast.
- 1.2. Tæki skal sett upp og tekið niður við öruggar aðstæður, einkum er nauðsynlegt að fara eftir öllum leiðbeiningum frá framleiðanda.
- 1.3. Tæki sem eldingu gæti slegið niður í á meðan það er í notkun skal búið eldingarvara sem ver það gegn áhrifum frá eldingu.

#### 2. Ákvæði er varða notkun hreyfanlegra tækja, hvort sem þau eru sjálfknúin eða ekki.

- 2.1. Sjálfknúnum tækjum skal einungis ekið og stjórnað af starfsmönnum sem hafa fengið viðeigandi þjálfun til að aka þeim og stjórna af fyllsta öryggi.
- 2.2. Ef tæki er á ferð á vinnusvæði þarf að setja viðeigandi ökureglur og fylgja þeim.
- 2.3. Gera skal ráðstafanir til að skipuleggja vinnu þannig að gangandi starfsmenn séu ekki á ferli inni á svæði þar sem sjálfknúin tæki eru notuð.  
Ef ekki er unnt að vinna verkið svo vel sé nema með því að gangandi starfsmenn komi þar að skulu gerðar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að þeir hljóti skaða af tækinu.
- 2.4. Því aðeins er heimilt að flytja starfsmenn á vélknúnu, hreyfanlegu tæki að örugg aðstaða sé til þess. Eigi að vinna á leiðinni skal haga ökuhraða eftir því.
- 2.5. Ekki má nota hreyfanlegt tæki með brunahreyfli á vinnusvæðum nema nóg loft sé þar og öryggi og heilsu starfsmanna stafi engin hætta af.

#### 3. Ákvæði um notkun tækja sem lyfta byrðum.

##### 3.1. Almenn atriði.

- 3.1.1. Tæki sem eru hreyfanleg eða má taka sundur og eru ætluð til að lyfta byrði skulu notuð þannig að stöðugleiki tækisins sé tryggður meðan á notkun stendur við allar fyrirjáanlegar aðstæður og að tekið sé mið af því hvernig undirlagið er.

- 3.1.2. Einungis má lyfta mönnum með tækjum og búnaði sem er til þess ætlaður. Í undantekningartilvikum má nota tæki til að lyfta mönnum, þó þau séu ekki sérstaklega hönnuð til þess, að því tilskildu að viðeigandi varúðarráðstafanir hafi verið gerðar í samræmi við gildandi reglur og venjur og ákvæði um viðeigandi eftirlit. A meðan starfsmenn eru á tækjum sem eru hönnuð til að lyfta byrði skulu stjórtæki þeirra ávallt mönnuð. Mennt sem verið er að lyfta skulu hafa fjarskiptatæki sem má treysta. Ef hættuástand skapast skal vera tryggt að unnt sé ná þeim í burtu.
- 3.1.3. Gera skal ráðstafanir til þess að tryggja að starfsmenn séu ekki staddir undir byrði sem verið er að lyfta nema verkið sem unnið er krefjist þess. Ekki má lyfta byrði yfir óvarið vinnusvæði þar sem starfsmenn eru venjulega við vinnu. Ef slíkt er samt sem áður óhjákvæmilegt og ekki er hægt að vinna verkið með öðru móti þarf að setja viðeigandi vinnureglur og fylgja þeim.
- 3.1.4. Velja ber lyftibúnað með hliðsjón af því að hann henti fyrir þá byrði sem á að meðhöndla, með tilliti til festistaða, festibúnaðar svo og veðurskilyrða og afstöðu stroffa. Lyftibúnaður skal vera greinilega merktur svo að notendur geti áttað sig á eiginleikum hans, ef hann er ekki tekinn í sundur eftir notkun.
- 3.1.5. Ganga þarf frá lyftibúnaði þannig að tryggt sé að hann hvorki skemmist né eyðileggist.
- 3.2. *Tæki sem eru notuð til að lyfta byrði sem er ekki stýrt.*
- 3.2.1. Ef sett eru upp tvö eða fleiri tæki á sama vinnustað sem eru notuð til að lyfta byrðum sem er ekki stýrt, með þeim hætti að vinnuráðius þeirra skarast, þarf að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að byrðarnar og/eða hlutar á tækjunum sjálfum rekist saman.
- 3.2.2. Þegar hreyfanleg tæki eru notuð til að lyfta byrði sem er ekki stýrt, þarf að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að þau hallist, þau velti eða, eftir atvikum, færst til eða renni. Nauðsynlegt er að skoðun fari fram til að tryggja að ráðstafanirnar séu framkvæmdar eins og vera ber.
- 3.2.3. Ef stjórnandi tækis sem hannað er til að lyfta byrði sem er ekki stýrt sér ekki, annaðhvort með eigin augum eða með hjálp aukabúnaðar sem veitir honum nauðsynlegar upplýsingar, yfir allt svæðið sem byrðinni er lyft yfir skal hann hafa þar til bæran aðstoðarmann sem gefur honum merki. Ber að skipuleggja verkið þannig að komist verði hjá árekstrum sem geta stefnt starfsmönnum í hættu.
- 3.2.4. Verkið skal skipulagt á þann veg að starfsmaðurinn geti af fyllsta öryggi fest eða leyst byrði með handaflum um leið og hann stýrir tækinu beint eða óbeint.
- 3.2.5. Allar lyftingar þarf að skipuleggja og framkvæma rétt svo að öryggis starfsmanna sé gætt. Setja skal vinnureglur og fylgja þeim svo að tryggt sé að góð samhæfing náist milli þeirra sem vinna verkið, einkum ef tvö eða fleiri tæki eiga samtímis að lyfta byrði sem ekki er stýrt.
- 3.2.6. Ef tæki sem hannað er til að lyfta byrði sem er ekki stýrt missir hald á byrðinni, vegna þess að það missir algjörlega eða að hluta til afl, þarf að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsmönnum sé hættuá búin af völdum þessa. Byrði sem hangir í lausu lofti má ekki skilja eftir eftirlitslausu nema girt sé fyrir aðgang að hættusvæðinu og tryggt að hún hangi örugglega, rækilega fest.
- 3.2.7. Tæki sem eru notuð utan dyra, hönnuð til að lyfta byrði sem er ekki stýrt, skal stöðva þegar veður spillist svo mjög að það teflir öryggi við notkun tækjanna í tvísýnu og stofnar starfsmönnum í hættu. Gera þarf nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að tækin velti og bægja slyshættu frá starfsmönnum.

## REGLUGERÐ

**um ráðstafanir til þess að auka öryggi og heilbrigði  
á vinnustöðum fyrir starfsmenn sem eru þungaðir,  
hafa nýlega alið börn eða hafa börn á brjósti.**

### 1. gr.

*Gildissvið og markmið.*

Reglugerð þessi tekur til starfsmanna sem eru þungaðir, hafa nýlega alið börn eða hafa börn á brjósti og er markmið hennar að bæta öryggi þessara starfsmanna.

### 2. gr.

*Hugtök.*

Þegar hugtökin „þungaður starfsmaður“, „starfsmaður sem hefur nýlega alið barn“ og „starfsmaður sem hefur barn á brjósti“ eru notuð í reglugerð þessari er átt við starfsmenn sem hafa greint vinnuveitanda sínum frá því ásigkomulagi sínu.

### 3. gr.

*Mat og upplýsingar.*

Er störf geta haft í för með sér hættu sakir mengunar, vinnuaðferða eða vinnuskilyrða, sbr. skrá í I. viðauka, skal vinnuveitandi meta eðli hættunnar í hlutaðeigandi fyrirtæki/starfsstöð fyrir starfsmenn skv. 1. sbr. 2. gr., umfang hennar og hve lengi hún stendur yfir svo hægt sé að:

- a. meta áhættu fyrir öryggi og heilbrigði og hugsanleg áhrif á þungaða starfsmenn eða starfsmenn sem hafa börn á brjósti,
- b. ákveða hvaða ráðstafanir skuli gera.

Vinnuveitandi skal greina starfsmönnum í skilningi 1. sbr. 2. gr. og starfsmönnum sem líklegt er að lendi í slíkum aðstæðum í hlutaðeigandi fyrirtæki/starfsstöð og/eða fulltrúum þeirra frá niðurstöðum mats samkvæmt 1. mgr. og öllum ráðstöfunum er snerta öryggi og heilbrigði á vinnustað.

### 4. gr.

*Tilvik þar sem vinna er bönnuð.*

Óheimilt er að skylda þungaða starfsmenn til að vinna störf sem mat skv. 1. mgr. 3. gr. hefur sýnt að gætu verið hættuleg vegna mengunar eða vinnuskilyrða, sbr. A-lið II. viðauka og gætu stefnt öryggi og heilbrigði þeirra í voða.

Einnig er óheimilt að skylda starfsmenn sem hafa börn á brjósti til að vinna störf sem skv. 1. mgr. 3. gr. eru metin hættuleg sakir mengunar eða vinnuskilyrða, sbr. B-lið II. viðauka, og gætu stefnt öryggi og heilbrigði þeirra í voða.

### 5. gr.

*Vinna að næturlagi.*

Óheimilt er að skylda starfsmann skv. 1. sbr. 2. gr. til að vinna að næturlagi á meðgöngutíma og jafnframt í allt að sex mánuði eftir barnsburð, enda sé slíkt nauðsynlegt vegna öryggis og heilbrigði hlutaðeigandi starfsmanns og hann leggi fram læknisvottorð þar um.

### 6. gr.

*Eftirlit og kæruleiðir.*

Vinnueftirlit ríkisins fer með eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar.

Um áfrýjun á ákvörðunum og úrskurðum sem byggjast á reglugerðinni gilda ákvæði 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

## 7. gr.

*Refsiákvæði.*

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 99. gr. laga nr. 46/1980.

## 8. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 73. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og með hliðsjón af tilskipun nr. 92/85/EBE í viðbæti við XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 3. júlí 1997.*

**Páll Pétursson.**

*Sigríður Lillý Baldursdóttir.*

## I. VIÐAUKI

**Skrá yfir helstu áhrifavalda, vinnuaðferðir og vinnuskilyrði sem um getur í 1. mgr. 4. gr.**

A. *Áhrifavaldar.*

1. Eðlisfræðilegir áhrifavaldar, þegar þeir teljast vera áhrifavaldar sem valda fósturskaða og/eða geta valdið því að legkaka losnar, einkum:

- a) högg, hristingur eða hreyfingar;
- b) burður á þungum hlutum sem hefur hættu í för með sér, einkum fyrir hrygg og lendar;
- c) hávaði;
- d) jónandi geislun\*);
- e) ójónandi geislun;
- f) funhiti og brunakuldi;
- g) hreyfingar og stellingar, ferðir milli staða – annaðhvort innan eða utan starfsstöðvarinnar – andleg og líkamleg þreyta og annað líkamlegt álag sem tengist vinnu starfsmannsins í skilningi 2. gr. tilskipunarinnar.

## 2. Líffræðilegir áhrifavaldar.

Líffræðilegir áhrifavaldar í 2., 3. og 4. áhættuflokki í skilningi 2., 3. og 4. liðar í d-lið 2. gr. í tilskipun 90/679/EBE<sup>1)</sup>, ef vitað er að þeir eða meðferð sem þeir krefjast getur skaðað heilsu þungaðra kvenna og fóstura og ef þeir eru ekki tilfærðir í II. viðauka.

## 3. Efnifræðilegir áhrifavaldar.

Eftirtaldir efnifræðilegir áhrifavaldar, ef vitað er að þeir geta skaðað heilsu þungaðra kvenna og fóstura og ef þeir eru ekki tilfærðir í II. viðauka.

- a) efni merkt R 40, R 45, R 46 og R 47 samkvæmt tilskipun 67/548/EBE<sup>2)</sup> ef þau eru ekki tilfærð í II. viðauka;
- b) efnifræðilegir áhrifavaldar í I. viðauka við tilskipun 90/394/EBE<sup>3)</sup>;

\* Sjá tilskipun 80/836/EBE (Stjtið. EB nr. L 246, 17.9. 1980, bls. 1).

<sup>1)</sup> Stjtið. EB nr. L 374, 31.12. 1990, bls. 1.

<sup>2)</sup> Stjtið. EB nr. L 196, 16.8. 1967, bls. 1. Tilskipunin eins og henni var síðast breytt með tilskipun 90/517/EBE (Stjtið. EB nr. L 287, 19.10. 1990, bls. 37).

<sup>3)</sup> Stjtið. EB nr. L 196, 26.7. 1990, bls. 1.

- c) kvikasilfur og kvikasilfurssambönd;
- d) mítósuheftandi lyf;
- e) kolmónoxíð;
- f) efnafræðilegir áhrifavaldar sem vitað er að hafa skaðleg áhrif gegnum húð.

*B. Vinnuaðferðir.*

Vinnuaðferðir í I. viðauka tilskipunar 90/394/EBE.

*C. Vinnuskilyrði.*

Vinna neðanjarðar í námum.

II. VIÐAUKI

**Skrá yfir helstu áhrifavalda og  
vinnuskilyrði sem um getur í 6. gr.**

*A. Þungaðir starfsmenn í skilningi a-liðar 2. gr.*

1. Áhrifavaldar.
  - a) Eðlisfræðilegir áhrifavaldar.  
Vinna undir miklum þrýstingi, t.d. í þrýstiklefum og við köfun.
  - b) Líffræðilegir áhrifavaldar.  
Eftirtaldir líffræðilegir áhrifavaldar:  
– bogfrymill,  
– veira rauðra hunda,  
nema þungaðir starfsmenn séu sannanlega nægilega varðir gegn slíkum áhrifavöldum með ónæmisaðgerð.
  - c) Efnafræðilegir áhrifavaldar.  
Blý og blýsambönd, ef hætta er á að mannlíkaminn taki þessa áhrifavalda upp.
2. Vinnuskilyrði.  
Vinna neðanjarðar í námum.

*B. Starfsmenn með barn á brjósti í skilningi c-liðar 2. gr.*

1. Áhrifavaldar.
  - a) Efnafræðilegir áhrifavaldar.  
Blý og blýsambönd, ef hætta er á að mannlíkaminn taki þessa áhrifavalda upp.
2. Vinnuskilyrði.  
Vinna neðanjarðar í námum.

Yfirlýsing frá ráði og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins varðandi 3. lið 11. gr. tilskipunar 92/85/EBE, færð í fundargerð 608. fundar ráðsins (19. október 1992 í Lúxemborg).

**RÁÐIÐ OG FRAMKVÆMDASTJÓRNIN LÝSA YFIR:**

„Það er eingöngu af tæknilegum ástæðum – varðandi ákvörðun um upphæð bóta sem skal greiða samkvæmt b-lið 2. liðar og 3. lið 11. gr. – að gerð er samlíking við bætur sem starfsmaður fengi í veikindafrí. Samlíkingin þýðir engan veginn að þungun og fæðingu sé jafnað við sjúkdóm. Í almannatryggingalögum allra aðildarríkjanna eru ákvæði um að greiddar skuli bætur í veikindafríum. Tilgangurinn með samlíkingunni við slíkar veikindafrísbætur sem nú er að finna í textanum er einvörðungu sá að gefa upp tiltekna, fasta viðmiðunarupphæð í öllum aðildarríkjunum sem má styðjast við þegar ákvörðun er tekin um lágmarksgreiðslur í fæðingarorlofum. Ef í einstökum aðildarríkjum eru greiddar hærri bætur en ákveðið er í tilskipuninni helst það vitanlega svo áfram. Þetta sést skýrt af 3. lið 1. gr. í tilskipuninni.“

## REGLUGERÐ

### um ráðstafanir til að bæta öryggi og hollustuhætti starfsmanna í afleysingarstarfi eða tímabundnu starfi.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um:

1. afleysingarstarf, sem byggist á ráðningarskilmálum þar sem starfsmaður gegnir af leysingarstarfi samkvæmt beinum samningi milli atvinnurekanda og starfsmanns. Einnig er skilyrði að samningslok séu ákveðin með hlutlægum skilyrðum, svo sem að miðað sé við tiltekinn uppsagnardag, ef um er að ræða tiltekið verkefni eða sérstakan viðburð;
2. tímabundið starf, sem byggist á ráðningarskilmálum um tímabundið starf milli vinnumiðlunar, sem er vinnuveitandi, og starfsmanns sem er ráðinn til starfa fyrir og undir stjórn fyrirtækis og/eða stofnunar sem nýtir sér þjónustu hans.

#### 2. gr.

##### *Markmið.*

Markmið reglugerðarinnar er að tryggja að starfsmenn samkvæmt 1. gr. njóti sömu verndar og aðrir starfsmenn hlutaðeigandi fyrirtækis og/eða stofnunar.

#### 3. gr.

##### *Upplýsingagjöf til starfsmanna.*

Áður en starfsmaður samkvæmt 1. gr. tekur að sér störf skal hlutaðeigandi fyrirtæki og/eða stofnun sem nýtir sér þjónustu hans veita honum upplýsingar um þá áhættu sem fylgir starfinu.

Í upplýsingum skv. 1. mgr. skal taka fram:

1. hvort krafist sé sérstakrar menntunar, starfshæfis eða kunnáttu;
2. hvort krafist sé sérstakrar læknisskoðunar;
3. hvort starfinu fylgi sérstök áhættuaukning.

#### 4. gr.

##### *Verk sem stofna öryggi og heilsu starfsmanna í mikla hættu.*

Óheimilt er að nýta þjónustu starfsmanna samkvæmt 1. gr. til verka sem stofna öryggi þeirra og heilsu í mikla hættu.

#### 5. gr.

##### *Þjónusta í verndunar- og varnarskygni.*

Atvinnurekandi sem ræður starfsmann skv. 1. gr. skal veita starfsmönnum eða einstaklingum, sem tilnefndir eru til að sjá um verndun og varnir gegn áhættu í starfi, upplýsingar um ráðningu starfsmannsins. Með þeim hætti verði þeim gert kleift að inna af hendi á fullnægjandi hátt verndar- og varnaraðgerðir sem ná til allra starfsmanna í fyrirtækinu og/eða stofnuninni.

#### 6. gr.

##### *Upplýsingar um ráðningarskilmála.*

Áður en starfsmenn samkvæmt 2. mgr. 1. gr. eru ráðnir skal hlutaðeigandi atvinnurekandi veita vinnumiðlun upplýsingar m.a. um kröfur til menntunar og starfshæfis og sérstakt eðli hlutaðeigandi starfs. Vinnumiðlun ber jafnframt að gera viðkomandi starfsmanni grein fyrir þessum upplýsingum.



## 7. gr.

*Eftirlit og málskotsréttur.*

Vinnueftirlit ríkisins fer með eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar. Um áfrýjun á ákvörðunum og úrskurðum sem byggjast á reglugerðinni gilda ákvæði 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

## 8. gr.

*Refsiákvæði.*

Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 99. gr. laga nr. 46/1980.

## 9. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 73. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og með hliðsjón af tilskipun 91/383/EBE, í 16. tölul. XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 3. júlí 1997.*

**Páll Pétursson.**

*Sigríður Lillý Baldursdóttir.*

**GJALDSKRÁ****Orkuveitu Húsavíkur.****A-hluti**

## 1. gr.

*Almennt.*

Gjaldskrá þessi gildir fyrir veitusvæði Orkuveitu Húsavíkur skammstafað OVH. Gjaldskráin tekur til afhendingar og sölu á rafmagni og heitu vatni sbr. reglugerð fyrir OVH nr. 647/1995.

Gjaldskráin skiptist í tvo hluta:

*A-hluti* sem fjallar um almenna skilmála fyrir afhendingu á raforku og vatni á veitusvæði OVH. Í þessum hluta er einnig skilgreining á raforkutöxtum, hitatöxtum, vatnsgjöldum, heimtauga- og heimæðagjöldum, álestrargjaldi og innheimtugjaldi auk annarra ákvæða.

*B-hluti* sem sýnir gildandi verð fyrir raforku og vatn svo og önnur gjöld eins og þau eru á hverjum tíma.

## 2. gr.

*Sérgjöld rafveitu.*

## 2.1 Almenn raforkunotkun.

Almennir taxtar skiptast í tvo þætti, fast gjald og orkugjald:

Fast gjald (kr/ár) felur í sér kostnað óháðan rafmagnsnotkun, m.a. vegna álestra, útgáfu reikninga og mælingar á orku.

Orkugjald (kr/kWh) greiðist fyrir hverja melda orkueiningu og er í beinu hlutfalli við orkunotkun.

## A.1 Almenn notkun.

*Taxti A.1* gildir fyrir alla almenna raforkunotkun.

#### A.2 Skammtímanotkun.

*Taxti A.2* gildir fyrir rafmagn til skammtímanotkunar, svo sem til mannvirkjagerðar.

#### 2.2 Afl- og orkunotkun.

Afltaxti er einn, taxti B.1 fyrir alla almenna orkusölu.

*Taxti B.1* skiptist í þrjá þætti, fast gjald, aflgjald og orkugjald.

#### B.1 Afl- og orkumæling.

*Taxti B.1* gildir fyrir stærri orkunotendur. Orkukaupanda er ekki heimilt að skipta orkunotkun sinni um sömu heimtaug á almennan taxta og afltaxta.

Fast gjald (kr/ár) felur í sér kostnað óháðan rafmagnsnotkun, m.a. vegna álestra, útgáfu reikninga og mælinga á aflri og orku.

Aflgjald (kr/kW/ár) greiðist fyrir hverja mælda afleiningu.

Orkugjald (kr/kWh) greiðist fyrir hverja mælda orkueiningu.

Afl er reiknað á ársgrundvelli, en notandinn greiðir fyrir meðaltal sjö afltoppa sem falla á vetrartímabili, en á sumartímabili er aflíð frjálst. Vetrartímabil er frá 1. október til 30. apríl, en sumartímabil er frá 1. maí til 30. september. Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls. Þeir orkunotendur sem hafa 25 kW afltopp eða hærri geta sótt um að nota taxta B.1.

Notandi greiðir orkugjöld mánaðarlega sem svarar 1/12 af áætlaðri ársnotkun afls og orku auk fastgjalds. Áætlunin byggir á mældri notkun næstliðins árs. Reynist meðaltal mældra afltoppa annað en áætlun, fer leiðrétting fram um áramót hvort heldur er til hækkunar eða lækkunar. Árið er almanaksárið.

#### 2.3 Notkun til hitunar.

C-taxtar gilda fyrir rofna orkuafhendingu að fráskildum taxta C.1. Sala rafmagns samkvæmt C-töxtum er bundin því skilyrði að veitukerfið þoli álagið að dómi OVH.

Öll tæki og búnaður skulu vera fasttengd í húsveitum þar sem notkun greiðist samkvæmt C-töxtum. Landrafmagn til skipa greiðist samkvæmt C-töxtum.

#### C.1 Órofin notkun.

*Taxti C.1* gildir fyrir órofna notkun.

#### C.2 Rofin notkun.

*Taxti C.2* gildir fyrir rofna notkun. Rafmagn samkvæmt taxta C.2 er heimilt að rjúfa tvisvar á sólarhring, allt að tveimur klukkustundum í hvort skipti. Rofið er á tímabilinu frá kl. 10.00 til 12.30 og frá kl. 17.00 til kl. 19.30.

#### 2.4 Heimtaugagjöld.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug sem tengir húsveitu við dreifikerfi OVH. Heimtaugargjald greiðist þegar umsókn hefur verið samþykkt hjá OVH.

Gjaldskrá miðast við að ídráttarrör fyrir heimtaug hafi verið lagt á 50 sm dýpi frá tengistað OVH við lóðamörk að inntaksstað mannvirkis og frágangur hafi verið tekinn út og samþykktur af OVH. Vanti ídráttarrör eða ídráttarrör reynist ónothæft greiðist aukagjald samkvæmt B-hluta gjaldskrár. Til að unnt verði að ganga frá tengingu heimtaugar skal skilja eftir holu við lóðarmörk.

Óski eigandi húsveitu eftir að heimtaug sé lögð þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt B-hluta gjaldskrár.

Sé fyrirsjáanlegt, vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal notandi greiða þann kostnað sem er umfram 50% samkvæmt nánari ákvörðun OVH.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til húsnaði eða lóð undir stöðina OVH að kostnaðarlausu. Hann skal í öllu hlíta skilmálum OVH um staðsetningu stöðvar.

Þegar heimtaug er stækkuð skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram. Heimilt er þó að lækka eða fella niður þetta gjald þegar sérstakar aðstæður mæla með því að mati OVH.

Málstærð heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu. Hámarksstærð heimtaugar samkvæmt gjaldskrá er 315A. Óski notandi eftir stærri heimtaug er gerður um það sérstakur samningur.

### 3. gr.

#### *Sérgjöld hitaveitu.*

##### 3.1 Notkun á heitu vatni.

Hitaorkutaxtar skiptast í tvo þætti, vatnsgjald og fast gjald.

Vatnsgjald (kr/m<sup>3</sup>) greiðist fyrir hvern rúmmetra vatns. Sé um nýtt hús að ræða hefst gjaldtaka þegar húsið hefur verið tengt hitaveitu OVH (við áhleypingu).

Fast gjald (kr/ár) felur í sér kostnað óháðan notkun, m.a. vegna álestra, útgáfu reikninga og mælinga á vatnsmagni.

##### 3.2 Heimæðargjöld.

Heimæðargjald skal greitt fyrir hverja heimæð sem tengir húsveitu við dreifikerfi OVH. Heimæðargjald greiðist þegar umsókn hefur verið samþykkt hjá OVH. Gjaldskrá miðast við að frágangur inntaksstaðar og lóðar hafi verið tekinn út og samþykktur af OVH. Óski eigandi húsveitu eftir að heimæð sé lögð þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt B-hluta gjaldskrár.

Sé fyrirsjáanlegt, vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimæðar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal notandi greiða þann kostnað sem er umfram 50% samkvæmt nánari ákvörðun OVH.

Þegar heimæð er stækkuð skal greiða fullt heimæðargjald fyrir hina nýju heimæð að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimæðar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram. Heimilt er þó að lækka eða fella niður þetta gjald þegar sérstakar aðstæður mæla með því að mati OVH.

Hámarksstærð heimæðar samkvæmt gjaldskrá er 63 mm. Óski notandi eftir stærri heimæð er gerður um það sérstakur samningur.

### 4. gr.

#### *Önnur gjöld sameiginleg.*

##### 4.1 Álestrargjald.

Reglubundinn álestur mælitækja er innifalinn í notkunargjöldum samkvæmt 7., 8. og 9. gr. gjaldskrár. Að jafnaði er lesið á mælitæki einu sinni til tvisvar á ári, þó er lesið mánaðarlega á mælitæki á taxa B.1.

Óski notandi þess að oftast sé lesið á mælitæki er honum gerður sérstakur reikningur fyrir þann álestur, nema um sé að ræða álestur vegna flutnings.

##### 4.2 Innheimtugjald.

Undirbúningur að stöðvun afhendingar á raforku og/eða heitu vatni (hitaorku) vegna vanskila notanda, telst hafinn við sendingu tilkynningar þess efnis til notandans. Sé slík tilkynning send notanda skal hann greiða innheimtugjald vegna kostnaðar við undirbúning stöðvunarinnar, þó að til hennar hafi ekki komið.

## 4.3 Lokunargjald.

Komi til stöðvunar afhendingar á raforku og/eða heitu vatni (hitaorku) vegna vanskila notanda skal hann greiða lokunargjald vegna kostnaðar við þá framkvæmd. Gjald þetta kemur til viðbótar innheimtugjaldi samkvæmt gr. 4.2.

## 5. gr.

*Ýmis ákvæði.*

## 5.1 Launafl.

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá raforkunotendum, ef fasviksstuðull er að meðaltali lægri en 0,9 í tilteknum mánuði. Ef fasviksstuðull er lægri en 0,9 er OVH heimilt að krefjast 2% viðbótarorkugjalds fyrir hvern hundraðshluta sem fasviksstuðullinn er lægri en 0,9.

## 5.2 Gjald dagar og eindagar.

Gjald dag er útgáfudagur reiknings. Eindagi er tilgreindur á reikningi.

## 5.3 Gjaldskrábreytingar.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við lög og verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við að tekjur OVH standi undir rekstri, aukningu veitukerfa og arði.

**B-hluti**

## 6. gr.

*Almennt (sjá A-hluta).*

## 7. gr.

*Sérgjöld rafveitu.*

## 7.1 Almenn orkunotkun.

## A.1 Almenn notkun:

Orkugjald	6,63	kr/kWh
Fast gjald	2.874,00	kr/ár

## A.2 Skammtímanotkun:

Orkugjald	6,63	kr/kWh
Fast gjald	5.748,00	kr/ár

## 7.2 Afl- og orkunotkun

## B.1 Afl- og orkumæling:

Orkugjald	2,67	kr/kWh
Aflgjald	9.370,00	kr/kWh/ár
Fast gjald	41.645,00	kr/ár

## 7.3 Notkun til hitunar.

## C.1 Órofin hitun:

Orkugjald	5,71	kr/kWh
Fast gjald	8.227,00	kr/ár

## C.2 Rofin hitun:

Orkugjald	3,02	kr/kWh
Fast gjald	5.043,00	kr/ár

## 7.4 Heimtaugagjöld.

## E.1 Heimtaugar:

1 X 25A	12.900,00	kr.
1 X 63A	66.250,00	kr.
3 X 63A	72.446,00	kr.
3 X 100A	111.456,00	kr.
3 X 200A	229.104,00	kr.
3 X 315A	359.136,00	kr.
Bráðabirgðaheimtaugar (≤3X63A)	10.000,00	kr.
Vinnurafmagn (≤3 dagar, (≤3X63A)	5.000,00	kr.

## 8. gr.

*Sérgjöld hitaveitu.*

## 8.1 Notkun á heitu vatni.

Almenn notkun:

Vatnsgjald	40,34	kr/m <sup>3</sup>
Fast gjald á ári	3.675,00	kr/ár

## 8.2 Heimæðagjöld.

Þvermál inntaks:

20-32 mm	90.000,00	kr.
40-50 mm	130.000,00	kr.
63 mm	160.000,00	kr.

## 9. gr.

*Önnur gjöld, sameiginleg.*

## 9.1 Álestrargjald.

Fyrir aukaálestur	600,00	kr.
-------------------	--------	-----

## 9.2 Innheimtugjald.

Innheimtugjald vegna vanskila	300,00	kr.
-------------------------------	--------	-----

## 9.3 Lokunargjald.

Lokunargjald vegna vanskila	1.980,00	kr.
-----------------------------	----------	-----

Vanti ídráttarrör eða ídráttarrör reynist ónothæft greiðist 4.000,00 kr/m vegna skurðgraftar. Ef frost er í jörðu bætist við 1.200,00 kr/m

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

*Skammstafanir:*

<i>Tákn</i>	<i>Eining</i>	<i>Skýring</i>
A	amper	straumur
kW	kílówatt	afl
kWh	kílówattstund	orka

## 10. gr.

*Samþykki og staðfesting.*

Gjaldskrá þessi, A- og B-hluti, staðfestist hér með, samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi eldri gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur nr. 90 30. janúar 1997.

*Iðnaðarráðuneytinu, 4. júlí 1997.*

F. h. r.

**Jón Ingimarsson**

*Steinunn Bjarmann*

## SAMÞYKKT

### um skipulag og starfsemi reynsluhverfis í Grafarvogi, Reykjavík.

#### 1. gr.

##### *Hverfismiðstöð.*

Í Grafarvogi í Reykjavík, skal starfrækt hverfismiðstöð sem sinnir þjónustu við íbúa Hamra-, Folda-, Húsa-, Engja-, Rima-, Borgar-, Víkur- og Staðarhverfis sem gert er ráð fyrir í 3. gr.

#### 2. gr.

##### *Hverfisnefnd.*

Hverfisnefnd fer með stjórn hverfismiðstöðvar í Grafarvogi. Hún er skipuð fimm mönnum, þar af eru þrír kosnir hlutfallskosningu af borgarstjórn og jafnmargir til vara. Borgarstjórn kýs formann nefndarinnar úr hópi kjörinna nefndarmanna og skal hann vera borgarfulltrúi eða varaborgarfulltrúi. Íbúasamtökin í Grafarvogi tilnefnda tvo fulltrúa og jafnmarga til vara.

Kjörtímabil hverfisnefndar er hið sama og borgarstjórnar.

#### 3. gr.

##### *Verkefni hverfisnefndar.*

Hverfisnefndin fer með eftirtalin verkefni, í umboði borgarstjórnar, í þeim málaflokkum sem hverfismiðstöðin er ábyrg fyrir samkvæmt nánari ákvörðun borgarstjórnar:

- a) Verkefni félagsmálaráðs, stjórn og framkvæmd félagslegrar þjónustu samkvæmt lögum nr. 40/1991, þó með því fráviki að ákvörðun um fjárhagsaðstoð má skjóta til félagsmálaráðs.
- b) Verkefni fræðsluráðs.
- c) Verkefni menningarmálanefndar.
- d) Verkefni íþrótt- og tólmstundaráðs.
- e) Verkefni stjórnar Dagvistar barna.

Borgarráð setur nánari reglur um samskipti hverfisnefndar og verkaskipti við þær borgarstofnanir sem hér um ræðir.

#### 4. gr.

##### *Réttarstaða nefndarinnar.*

Nefndin og þeir sem hana skipa hafa sömu réttarstöðu í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar og aðrar nefndir sem kosnar eru skv. 36. og 37. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 60/1985 með síðari breytingum.

#### 5. gr.

##### *Gildistaka.*

Ofangreind samþykkt sem gerð er á grundvelli 1. mgr. 7. gr. laga nr. 82/1994 um reynsluveitarfélög, sbr. einnig 9. gr. sömu laga staðfestist hér með samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laganna til þess að öðlast gildi þegar í stað og gildir til og með 31. desember 1999.

*Félagsmálaráðuneytinu, 30. júní 1997.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Elín Blöndal.*

## REGLUGERÐ

### um holræsi og holræsagjöld í Reykjahreppi, Suður-Pingeyjarsýslu.

#### 1. gr.

Hreppsnefnd sér um að leggja holræsi í landi hreppsins við Skarðaháls. Hreppurinn getur tekið að sér að leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði eða tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa. Er þeim húseigendum er þar eiga hús að eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skólp frá því í aðalræsi. Regnvatn frá húsum og hitaveituvatn frá ofnakerfi skal leggja í sérræsi. Vanræki einhver að láta gera holræsi (frá húsi að aðalræsi) innan hæfilegs frests, getur hreppsnefnd látið vinna verkið á hans kostnað. Sama gildir ef húseigandi vanrækir viðhald heimæðar.

#### 2. gr.

Alla framkvæmdaþörf sem holræsakerfi staðarins varða, svo sem viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla, annast hreppsnefnd eða þeir aðilar sem hreppsnefnd felur það, undir hennar umsjón.

Er engum heimilt að leggja ræsi í aðalræsi nema með leyfi þessara aðila og er öllum skylt að hlíta í öllu fyrirmælum þeirra um gerð og legu ræsis og annað þess háttar er máli skiptir.

Oddviti hreppsnefndar annast reikningshald og fjárreiður holræsagerðarinnar.

#### 3. gr.

Kostnaður allur við holræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði. Til að standa straum af kostnaði við gerð og rekstur þess, ber hverjum húseiganda sem tengist holræsakerfi hreppsins að greiða holræsagjald til hreppsins sem miðast við fasteignamat húss og lóðar 0,15% samkvæmt fasteignamati, þó aldrei lægra en kr. 2.500.

Gjöld þessi getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað um 50% án samþykkis ráðuneytisins.

#### 4. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu holræsagjalds gagnvart hreppsnefnd. Kröfur sem hreppsnefndin kann að öðlast skv. 1. og 3. gr. má taka lögtaki á kostnað gjaldanda og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í tvö næstu ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Gjalddagar holræsagjalda eru þeir sömu og á fasteignasköttum.

#### 5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt lögum.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Reykjahrepps í Suður-Pingeyjarsýslu staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 1. júlí 1997.*

F. h. r.

**Sigríður Lillý Baldursdóttir.**

Sesselja Árndóttir.

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um viðurkenningu notendabúnaðar  
á grundvelli sameiginlegra tæknilegra reglugerða á  
Evrópska efnahagssvæðinu nr. 589/1994.

### 1. gr.

Á eftir 8. tölulið í X. viðauka komi nýir töluliðir 9-11 sem orðist svo:

- 9) CTR 7: ERMES viðtæki (ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB, nr. 95/290/EBE): um notendabúnað, sem tengist Almennu samevrópsku boðþjónustunni (ERMES).

Samhæfði staðallinn er:

TBR 7 - september 1994 (að formála undanskildum).

- 10) CTR 8: ISDN 3,1 kHz (ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB, nr. 95/526/EBE): um notendabúnað, sem tengist Samnetinu (ISDN) og veitir talsímaþjónustu með 3,1 kHz.

Samhæfði staðallinn er:

TBR 8 - september 1994 (að formála undanskildum).

- 11) CTR 11: DECT, (ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB, nr. 95/525/EBE): um notendabúnað fyrir Evrópska stafræna og þráðlausa fjarskiptakerfið (DECT), kröfur varðandi almenna tengingu (Public Access Profile, (PAP)).

Samhæfði staðallinn er:

TBR 11 - september 1994 (að formála undanskildum).

### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 143/1996 og með hliðsjón af ofangreindum ákvörðunum framkvæmdastjórnar ESB, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 24. júní 1997.*

**Halldór Blöndal.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

1. júlí 1997

Nr. 438

## GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu á Fáskrúðsfirði.

### 1. gr.

Hreppsnefnd Fáskrúðsfjarðar er heimilt að leggja á sérstakt árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald).

### 2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð í sveitarfélaginu og innheimt með fasteignagjöldum.



## 3. gr.

Gjaldið er sem hér greinir á íbúð á ári:	kr.
Sorphreinsunargjald .....	3.000
Sorpeyðingargjald .....	3.000

## 4. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Fáskrúðsfjarðarhrepps er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum til að öðlast gildi nú þegar.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. er sorphirðugjald á íbúð á mánuði fyrir það sem eftir er af árinu 1997 sem hér greinir:

	kr.
Sorphreinsunargjald .....	250
Sorpeyðingargjald .....	250

*Umhverfissráðuneytinu, 1. júlí 1997.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir*

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð nr. 128/1997 um hafnarríkiseftirlit.**

## 1. gr.

Á eftir 4 tl. 12. gr. komi nýr tl., 5. tl.:

„5. Siglingastofnun Íslands gefur út kennivottorðið sem kveðið er á um í 4. tl. Kennivottorðið skal vera á ensku og innihalda a.m.k. eftirfarandi:

- Nafn Siglingastofnunar Íslands.
- Fullt nafn handhafa kennivottorðsins.
- Nýlega mynd af handhafa kennivottorðsins.
- Undirskrift handhafa kennivottorðsins.
- Yfirlýsing þess efnis að handhafi kennivottorðsins hafi leyfi til að framkvæma skoðanir í samræmi við þessa reglugerð.“

## 2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 35/1993 um eftirlit með skipum ásamt síðari breytingum og með hliðsjón af tilskipun ráðsins nr. 96/40/EB frá 25. júní 1996 um kennivottorð fyrir skoðunarmenn sem annast hafnarríkiseftirlit staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 27. júní 1997.*

**Halldór Blöndal.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 60 – 1997

8. júlí 1997

929

Nr. 440

## REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 394/1997 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á blaðlauk, blómkáli, spergilkáli og papriku í 2. gr. reglugerðarinnar:

<i>Tollnúmer:</i>	<b>Vara</b>	<b>Tímabil</b>	<b>Vörumagn</b>	<b>Verðtollur</b>	<b>Magntollur</b>
			<b>kg</b>	<b>%</b>	<b>kr./kg</b>
0703.9001	Blaðlaukur	10.07.-10.08.97	ótilgr.	30	0
0703.9001	Blaðlaukur	11.08.-24.08.97	ótilgr.	7,5	57
0703.9001	Blaðlaukur	25.08.-07.09.97	ótilgr.	15	114
0704.1000	Blómkál	10.07.-20.07.97	ótilgr.	30	0
0704.1000	Blómkál	21.07.-27.07.97	ótilgr.	15	88
0704.1000	Blómkál	28.07.-10.08.97	ótilgr.	22,5	132
0704.9004	Spergilkál	10.07.-20.07.97	ótilgr.	30	0
0704.9004	Spergilkál	21.07.-27.07.97	ótilgr.	15	141
0704.9004	Spergilkál	28.07.-03.08.97	ótilgr.	22,5	212
0709.6003	Paprika	14.07.-30.09.97	ótilgr.	22,5	298

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 8. júlí 1997.*

F. h. r.

**Jón Höskuldsson.**

*Ólafur Friðriksson.*

## REGLUGERÐ um starfsemi Flugmálastjórnar Íslands.

### 1. gr.

#### *Hlutverk.*

Flugmálastjórn Íslands hefur eftirlit með því, að lögum, reglugerðum og fyrirmælum um flugstarfsemi sé framfylgt, með sérstakri áherslu á flugöryggi. Hún vinnur að þróun búnaðar og annast byggingu, uppsetningu og rekstur flugsamgöngumannvirkja og veitir alhliða flugumferðar- og flugleiðsöguþjónustu.

Stofnunin gerir heildaráætlanir um þróun flugsamgangna og framkvæmdir við flugsamgöngumannvirki, annast alþjóðleg samskipti á sviði flugmála, safnar og gefur út tölfræðilegar upplýsingar um flugumferð á flugstjórnarsvæði Íslands og vinnur að rannsóknum á sviði flugtækni og öðrum þeim sviðum, sem tengjast starfsemi hennar.

Stofnunin veitir öðrum stjórnvöldum ráðgjöf á sviði flugmála, vinnur að framþróun íslensks flugrekstrar og sinnir öðrum verkefnum á sviði flugmála, sem samgönguráðherra felur stofnuninni.

Starfs- og þjónustusvæði Flugmálastjórnar eru Ísland og lofthelgi landsins, flugstjórnarsvæðið, þar sem Alþjóðaflugmálastofnunin eða erlend ríki hafa falið Íslandi að veita þjónustu og starfsstöðvar íslenskra flugrekenda í öðrum löndum.

### 2. gr.

#### *Þjónusta.*

Flugmálastjórn veitir alhliða flugumferðarþjónustu við flugumferð á flugstjórnarsvæði Íslands, þar með talda flugupplýsingaþjónustu (veðurupplýsingar, flugumferðarupplýsingar, viðvaranir), flugumferðarstjórn og leitar- og björgunarþjónustu í samræmi við alþjóðlega staðla og starfsaðferðir.

Stofnunin annast rekstur flugleiðsögu-, fjarskipta- og upplýsingakerfa og sér um að þessi kerfi fullnægi alþjóðlegum kröfum.

Einnig sér stofnunin um skrásetningu loftfara og útgáfu hvers konar skírteina vegna flugstarfsemi í samræmi við loftferðalög og skírteinareglugerðir. Hér er um að ræða loft-hæfisskírteini fyrir loftför, skírteini til flugliða og annarra starfsmanna við flugrekstur, sem skylt er að bera skírteini og flugrekendaskírteini auk annarra viðurkenninga á réttindum starfsmanna við flugrekstur.

Stofnunin sér um rekstur á flugvöllum og flugstöðvum íslenska ríkisins og veitir flugrekendum alhliða flugvallarþjónustu eftir því sem þörf krefur. Stofnunin gefur út upplýsingar og gögn um flugsamgöngukerfið, flugumferð og flugflutninga og veitir almenningi, atvinnulífi og stjórnvöldum ráðgjöf og þjónustu, þar sem sérþekking hennar kemur að notum, s.s. vegna skipulagsmála og mannvirkjagerðar.

### 3. gr.

#### *Rekstur upplýsinga- og fjarskiptakerfa.*

Flugmálastjórn Íslands annast rekstur upplýsinga- og fjarskiptakerfa, þ.m.t. skynjara, fjarskiptakerfa, gagnaneta, gagnavinnskulerfa og gagnabanka, sem gera stofnuninni kleift

að inna af hendi þá þjónustu, sem henni er ætlað að veita skv. 2. gr. Til þessara kerfa teljast eftirlits-, fjarskipta- og tölvukerfi vegna flugleiðsögu- og flugumferðarstjórnar, veðurstöðvar á flugvöllum og gagnanet, sem tengir saman starfsstöðvar stofnunarinnar innanlands og tengist alþjóðlegum fluggagnanetum.

Stofnunin gefur út handbók flugmanna á íslensku og ensku jafnframt því að annast daglega upplýsingagjöf til flugmanna um hvaðeina sem varðar flug á starfssvæði hennar (Notices to Airmen).

#### 4. gr.

##### *Rannsóknir og þróun.*

Flugmálastjórn Íslands stundar rannsóknir og vinnur að þróun á þeim sviðum flugtækni, sem hafa hagnýtt gildi fyrir starfsemi hennar, auk hvers konar rannsókna sem varða þróun íslenskra flugsamgangna og skipta máli vegna stefnumótunar og áætlunargerðar. Í þessu skyni getur stofnunin stofnað til samvinnu við innlenda og erlenda rannsóknar- og þróunar- aðila og tekið þátt í alþjóðlegri rannsóknarstarfsemi.

#### 5. gr.

##### *Alþjóðasamstarf.*

Flugmálastjórn annast fyrir Íslands hönd samskipti við Alþjóðaflugmálastofnunina (ICAO) og er flugmálastjóri aðalfulltrúi Íslands á þingi stofnunarinnar. Þá fer stofnunin með önnur alþjóðasamskipti á starfssviði sínu, m.a. samstarf við Evrópusamband flugmálastjórna (ECAC), Flugöryggissamtök Evrópu (JAA) og Evrópsku flugstjórnarstofnunina (EUROCONTROL). Flugmálastjóri fer með yfirstjórn í málefnum alþjóðaflugþjónustunnar, sem veitt er samkvæmt svonefndum Joint Financing samningi milli Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) og Íslands, og annast samskipti við ICAO vegna þessarar starfsemi.

#### 6. gr.

##### *Þjálfun.*

Flugmálastjórn skal viðhalda og auka hæfni starfsmanna sinna með endurmenntun og þjálfun. Stofnunin starfrækir skóla til að þjálfa flugumferðarstjóra, aðstoðarmenn í flugumferðarstjórn og flugráðsmenn. Jafnframt sinnir stofnunin þjálfun starfsmanna sem annast rekstur flugvalla, svo og annarra starfsmanna, sem stunda sérhæfð þjónustustörf í þágu flugöryggis- og flugsamgangna.

#### 7. gr.

##### *Skipulag, stjórnun og starfsmenn.*

Flugmálastjórn Íslands skiptist í starfssvið í samræmi við meginverkefni stofnunarinnar. Hverju sviði er skipt í deildir eftir því sem nauðsynlegt þykir til að sinna tilgreindum viðfangsefnum. Flugmálastjóri gerir tillögur um skipulag stofnunarinnar, sem samgönguráðherra staðfestir að lokinni umfjöllun flugráðs.

Flugmálastjóri stjórnar og ber ábyrgð á faglegri og fjárhagslegri starfsemi stofnunarinnar. Skrifstofa flugmálastjóra sinnir stefnumótandi verkefnum og hefur með höndum ýmis stjórnsýsluverkefni, sem ekki heyra undir aðalsvið stofnunarinnar. Varaflugmálastjóri er staðgengill flugmálastjóra.

Samgönguráðherra ræður framkvæmdastjóra starfssviða að fengnum tillögum flugmálastjóra og flugráðs. Flugmálastjóri ræður annað starfsfólk til starfa hjá stofnuninni.

Framkvæmdastjórnar stjórnar og bera ábyrgð gagnvart flugmálastjóra á rekstri starfssviða og skulu í samvinnu við flugmálastjóra gera rekstrar- og starfsáætlanir og framfylgja þeim. Þeir bera ábyrgð á störfum sínum í samræmi við verklýsingu, þar sem starfssvið þeirra er tilgreint. Deildarstjórnar stjórnar daglegum rekstri deilda og bera ábyrgð gagnvart framkvæmdastjóra viðkomandi sviðs.

## 8. gr.

*Fjármál.*

Rekstur Flugmálastjórnar Íslands er fjármagnaður með framlögum á fjárlögum þ.m.t. framlagi vegna samnings Íslands við Alþjóðaflugmálastofnunina, tekjum af alþjóðaflugþjónustunni, þjónustutekjum, tekjustofnum flugmálaáætlunar og rannsóknarstyrkjum.

Undir rekstur sem fjármagnaður er með framlagi á fjárlögum fellur meðal annars:

- a) Yfirstjórn Flugmálastjórnar og rekstur almennrar stjórnsýslu.
- b) Flugumferðar- og flugleiðsögupjónusta fyrir innanlandsflug.
- c) Kostnaðarhluti Flugmálastjórnar vegna alþjóðaflugþjónustunnar.
- d) Leitar- og björgunarþjónusta.
- e) Rekstur flugleiðsögu- og flugupplýsingakerfa fyrir innanlandsflugið.
- f) Stofnumótun og almennt starf að flugöryggismálum.
- g) Almenn samskipti við erlend ríki og alþjóðlegar stofnanir.

Flugmálaáætlun fjármagnar framkvæmdir við flugvelli landsins og flugleiðsögu- og upplýsingakerfi fyrir innanlandsflug. Rekstur flugvalla er fjármagnaður með framlögum úr ríkissjóði ásamt lendingargjöldum og öðrum þjónustugjöldum, sem greidd eru af flugrekendum og öðrum notendum.

Rekstur og starfsemi alþjóðaflugþjónustunnar er að mestu leyti fjármögnuð með notendagjöldum, sem eru greidd af flugrekendum í millilandaflugi en að öðru leyti með framlögum frá þeim ríkjum, sem eiga aðild að Joint Financing (JF) samningi Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og Íslands um þessa þjónustu.

Stofnunin tekur þátt í innlendum eða alþjóðlegum rannsóknarverkefnum sem kostuð eru af opinberum vísinda- og rannsóknarsjóðum eða öðrum aðilum.

Stofnunin selur flugrekendum, flugvélaeigendum, flugliðum og öðrum starfsmönnum við flugrekstur, fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum þjónustu, sem er á starfs- og þekkingarsviði stofnunarinnar gegn endurgjaldi samkvæmt verðskrá stofnunarinnar eða samningum við aðila eftir því hvort við á.

## 9. gr.

*Gjaldskrár.*

Ráðherra ákveður í gjaldskrá að fengnum tillögum flugmálastjóra greiðslur fyrir selda þjónustu Flugmálastjórnar sbr. 8. gr. Gjaldskráin tekur mið af þeim kostnaði sem fellur til vegna veittrar þjónustu, þróunar hennar, framleiðslu og miðlunar. Tekið skal tillit til stofnkostnaðar og viðhalds tækja og búnaðar og gæta samræmis við þær reglur sem gilda í verðlagningu sambærilegrar þjónustu á hinu Evrópska efnahagssvæði eftir því sem lög heimila. Gjaldskrána skal birta í Stjórnartíðindum.

## 10. gr.

*Höfundarréttur og afnot gagna.*

Flugmálastjórn Íslands er fyrir hönd ríkisins eigandi að öllum réttindum sem til verða í starfsemi stofnunarinnar og háð eru höfundarrétti. Stofnunin gætir hagsmuna ríkisins á sviði höfunda-, afnota- og útgáfuréttar á öllu því efni og búnaði sem stofnunin hefur eignast, unnið eða gefið út. Um höfundarrétt gilda að öðru leyti höfundalög nr. 73/1972, með síðari breytingum.

Stofnuninni er heimilt að veita öðrum rétt til afnota af réttindum hennar og til útgáfu á gögnum eða upplýsingum í vörslu stofnunarinnar að því tilskildu að uppruna sé

getið og áreiðanleika upplýsinga eða áskilinni leynd gagna sé ekki stefnt í tvísýnu. Um gjald fyrir slík afnot fer samkvæmt gjaldskrá skv. 9. gr. eða í samningum aðila.

11. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum 187. gr. laga um loftferðir nr. 34/1964 öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sama efni nr. 292/1993.

*Samgönguráðuneytinu, 1. júlí 1997.*

**Halldór Blöndal.**

*Halldór S. Kristjánsson*

11. júlí 1997

Nr. 442

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 158/1997, um álagningu spilliefnagjalds, sbr. breytingu nr. 203/1997 og breytingu nr. 316/1997.**

1. gr.

Við reglugerðina bætist nýr VI. kafli sem er svohljóðandi:

**VI. KAFLI.**

**Rafhlöður.**

13. gr.

*Gjaldskyldar rafhlöður og upphæð gjaldsins.*

Spilliefnagjald skal lagt á einnota og endurhlaðanlegar rafhlöður hvort sem þær eru fluttar inn stakar eða sem hluti af rafföngum sem innihalda orkugjafa.

Rafhlöður sem innihalda meira en 0,025% kvikasilfurs eða kadmíums flokkast sem spilliefni að notkun lokinni og er um eftirfarandi gerðir að ræða:

<b>Rafhlöðugerð</b>	<b>Kvikasilfurinnihald (%)</b>
Kvikasilfuroxíð	30
Loft-sink	1
Silfuroxíð	0,4
Alkalískar hnapparafhlöður*	0,2

Spilliefnagjald á innfluttar rafhlöður skal innheimt í tolli. Við tollafgreiðslu ber innflytjanda að tilgreina í þar til gerðan reit á tollskýrslu, sbr. leiðbeiningar ríkistollstjóraembættisins þar um, hvort varan sé ekki spilliefnagjaldsskyld, sbr. skilgreiningu í 2. og 3. mgr.

Um gjaldtöku og flokkun til gjaldskyldu á rafhlöðum og tækjum eða búnaði sem í eru eða fylgja rafhlöður, gilda ákvæði viðauka V við þessa reglugerð.

2. gr.

VI. KAFLI verður VII. KAFLI.

3. gr.

13. gr. verður 14. gr. og 14. gr. verður 15. gr.

\* Aðrar alkalískar rafhlöður eru lausar við kvikasilfur. Nikkelkadmíum rafhlöður flokkast undir spilliefni.

## 4. gr.

Við reglugerðina bætist viðauki V sem er svohljóðandi:

VIÐAUKI V  
RAFHLÖÐUR SEM GETA ORÐIÐ AÐ SPILLIEFNUM.

Spilliefnagjald skal reikna sem tiltekna fjárhæð á hvert kílógramm (eða hluta úr kílógrammi) rafhlaðna sem flokkast undir eftirtalin tollskrárnúmer:

<b>ÚR 85. KAFLA TOLLSKRÁRINNAR</b>	Kr/kg
<b>8504</b>	<b>Rafmagnsspennar, stöðustraumbreytar (t.d. afriðlar) og spankefli:</b>
	– Aðrir spennar:
8504.3100	– – 1 kVA eða minni 26,00
8504.3200	– – Stærri en 1 kVA til og með 16 kVA 26,00
8504.3300	– – Stærri en 16 kVA til og með 500 kVA 26,00
<b>8506</b>	<b>Frumrafhlöð og frumrafhlöður:</b>
8506.3000	– Kvikasilfuroxíð 186,00
8506.4000	– Silfuroxíð 186,00
8506.6000	– Loft-sink 186,00
8506.8001	– Alkalískar hnapparafhlöður 186,00
<b>8507</b>	<b>Rafgeymar, þar með taldar skiljur til þeirra, einnig réttthyrndir (þar með taldar ferningslaga):</b>
	– Nikkelkadmíum:
8507.3001	– – Rafgeymar, sem eru 1,2 V einingar í loftþéttum hylkjum, einnig rafgeymar, samsettir úr tveimur eða fleiri slíkum einingum 186,00
8507.3009	– – Aðrir 186,00
<b>8543</b>	<b>Rafmagnsvélar og -tækjabúnaður, til sérstakra nota, ót.a. í þessum kafla:</b>
8543.4000	– Orkugjafar fyrir rafmagnsgirðingar 186,00
<b>8548</b>	<b>Frumrafhlöð, frumrafhlöður og rafgeymar, sem úrgangur og rusl; notuð frumrafhlöð, notaðar frumrafhlöður og notaðir rafgeymar; rafmagnshlutar til vélbúnaðar eða tækjabúnaðar, ót.a. í þessum kafla:</b>
8548.1000	– Frumrafhlöð, frumrafhlöður og rafgeymar, sem úrgangur og rusl; notuð frumrafhlöð, notaðar frumrafhlöður og notaðir rafgeymar 186,00

## 5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 56/1996 um spilliefnagjald og öðlast gildi 1. ágúst 1997.

*Umhverfissráðuneytinu, 11. júlí 1997.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 640/1989, um greiðslufrest á virðisaukaskatti í tolli, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

Heiti reglugerðarinnar verður: Reglugerð um greiðslufrest á virðisaukaskatti og öðrum aðflutningsgjöldum í tolli.

#### 2. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætast fjórar nýjar málsgreinar, sem verða 2.-5. mgr., er orðast svo:

Heimild til greiðslufrests samkvæmt reglugerð þessari skal auk virðisaukaskatts ná til annarra gjalda sem greidd eru við innflutning. Að því leyti sem lög og reglugerðir kveða á um önnur uppgjörstímabil en reglugerð þessi, skulu slík ákvæði þó ganga framur ákvæðum reglugerðar þessarar.

Þar sem fjallað er í reglugerðinni um virðisaukaskatt af innflutningi og greiðslufrest á honum, er einnig átt við önnur gjöld sem greiðslufrestur nær til skv. 2. mgr.

Innflytjendur sem öðlast hafa heimild til greiðslufrests samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 309/1992, um tollafgreiðslu og greiðslufrest á aðflutningsskjölum þegar tollskjöl eru send á milli tölva, skulu sjálfkrafa öðlast heimild til greiðslufrests samkvæmt reglugerð þessari.

Ákvæði reglugerðar þessarar skulu gilda eftir því sem við getur átt um þá, sem í atvinnuskyni annast tollmeðferð í umboði innflytjenda, t.d. flutningsmiðlara og þá sem reka frísvæði og almennar tollvörugeymslur.

#### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 3. gr. reglugerðarinnar:

- a. 1. málsl. 5. mgr. orðast svo: Þegar greiðslufrestur er veittur samkvæmt reglugerð þessari skal hann ná til allra vara í vörusendingunni sem notið geta greiðslufrests.
- b. Við bætist ný málsgrein, sem verður 6. mgr., er orðast svo:

Annist flutningsmiðlari tollafgreiðslu í umboði innflytjanda getur hann að fenginni skriflegri heimild frá innflytjanda óskað þess að aðflutningsgjöld verði skuldfærð á innflytjanda, í samræmi við þær heimildir sem viðkomandi hefur til greiðslufrests á gjöldunum.

#### 4. gr.

Á eftir orðunum „3. mgr. 34. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt,“ í 1. mgr. 6. gr. kemur: og 109. gr. tollalaga, nr. 55/1987.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 109. gr. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. september 1997.

*Fjármálaráðuneytinu, 11. júlí 1997.*

F. h. r.

**Bergþór Magnússon.**

*Hermann Jónasson.*



## AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 617/1989, um niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af ýmsum aðföngum til samkeppniðnaðar, með síðari breytingum.

1. gr.

1. gr. auglýsingarinnar orðast svo:

Við tollafgreiðslu skal fella niður eftir því sem við á toll og vörugjald af vörum í eftirtöldum tollskránum, sbr. viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með áorðnum breytingum:

8418.1009	8536.2000	8538.1000	8540.7900
8418.3009	8536.3000	8538.9000	8540.8100
8418.4009	8536.4100	8539.4100	8540.8900
8418.6109	8536.4900	8539.4900	8540.9100
8418.6909	8536.5000	8539.9000	8540.9900
8451.2900	8536.6100	8540.4000	8544.4100
8516.8001	8536.6900	8540.5000	8544.5100
8519.9901	8536.9000	8540.6000	8716.8009 <sup>1)</sup>
8520.9001	8537.1009	8540.7100	
8522.9000	8537.2000	8540.7200	

<sup>1)</sup> Rekkar á hjólum til iðnaðarnota.

Eftirtalið fyrir kvikmynda- og myndbandavinnustofur og hljóðver auk þess sem upp er talið í 1. mgr.:

7616.9919 <sup>1)</sup>	8520.3200	8528.2109	9007.1900
8518.2109	8520.3300	8528.2209	9007.9100
8518.2209	8520.3900	8528.3009	9405.1001
8518.2900	8520.9009	8529.1009	9405.1009
8518.3000	8521.1021	8529.9009	9405.4001
8518.4009	8521.1029	8539.2100	9405.4009
8518.5009	8521.9021	8539.2200	9405.9101
8518.9000	8521.9029	8539.2900	9405.9109
8519.4000	8522.1000	8539.3900	9405.9910
8519.9300	8528.1209	8540.2000	9405.9929
8519.9909	8528.1309	8544.2009	

<sup>1)</sup> Undirstöður fyrir kvikmyndatökuvélar eða ljósabúnað.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 13. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, og 12. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, og öðlast gildi við birtingu.

*Fjármálaráðuneytinu, 11. júlí 1997.*

F. h. r.

**Bergþór Magnússon.**

*Hermann Jónasson.*

## REGLUGERÐ

### um tollafgreiðslu hraðsendinga.

#### 1. gr.

Reglugerð þessi skal gilda um tollafgreiðslu á hraðsendingum (express consignments) sem fluttar eru til landsins í flugi, fyrir milligöngu flutningsmiðlara, í samvinnu við erlend hraðflutningafyrirtæki.

#### 2. gr.

Flutningsmiðlari sem óskar eftir heimild til að annast tollafgreiðslu á hraðsendingum samkvæmt reglugerð þessari skal uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Stunda atvinnurekstur og hafa tilkynnt Hagstofu Íslands um atvinnustarfsemi sína og verið færður á fyrirtækjaskrá, sbr. lög nr. 62/1969.
2. Hafa tilkynnt skattstjóra um starfsemi sína, sbr. 5. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.
3. Hafa að mati tollstjóra sýnt fram á við gerð og frágang aðflutningsskjala að hann hafi til að bera fullnægjandi þekkingu á þeim lögum og reglum sem gilda um tollmeðferð innfluttra vara.

#### 3. gr.

Flutningsmiðlari sem um ræðir í 2. gr. skal í skriflegu erindi til tollstjóra í því umdæmi þar sem hann er heimilisfastur sækja um heimild til að annast tollafgreiðslu á hraðsendingum. Í umsókn skal tilgreina eftirtalin atriði:

1. Nafn, kennitölu og heimili.
2. Virðisaukaskattsnúmer.
3. Hverjir hafi umboð til að skuldbinda flutningsmiðlara, t.a.m. með undirritun aðflutningsskýrslu. Rithandarsýnishorn skulu fylgja umsókn.

Flutningsmiðlari skal þegar tilkynna tollstjóra allar breytingar sem verða á framangreindum atriðum.

#### 4. gr.

Flutningsmiðlari skal skila með umsókn sinni yfirlýsingu bankastofnunar um að tekin sé skilyrðislaus sjálfskuldarábyrgð á tiltekinni fjárhæð aðflutningsgjalda, þ.m.t. virðisaukaskatti. Ábyrgðin skal auk þess taka til dráttarvaxta og annars kostnaðar sem leiða kann af vanefndum.

Flutningsmiðlari ákveður fjárhæð ábyrgðar sem jafnframt er hámark þeirrar fjárhæðar aðflutningsgjalda sem heimilað verður að skuldfæra á flutningsmiðlara vegna tollafgreiðslu. Ábyrgðaraðila skal heimilt að segja upp ábyrgðinni með skriflegum hætti og öðlast uppsögnin gildi með skriflegri staðfestingu tollstjóra á móttöku hennar. Tollstjóri skal afturkalla heimild flutningsmiðlara þegar í stað við uppsögn ábyrgðar.

#### 5. gr.

Áður en hraðsendingar eru tollafgreiddar eða afhentar skal flutningsmiðlari láta tollstjóra í té upplýsingar um verðmæti, tegund og þyngd vöru. Heimilt er að veita upplýsingarnar á tölvutæku formi. Ríkistollstjóri setur nánari fyrirsmæli um framkvæmd þessa ákvæðis.

Heimilt er að afhenda hraðsendingar beint frá farmflytjanda án fullnaðartollafgreiðslu.

Ef innflutningur vöru er háður sérstökum innflutningsskilyrðum, skal sýnt fram á að þeim skilyrðum sé fullnægt, t.d. með framvísun innflutningsleyfis eða heilbrigðisvottorðs.

## 6. gr.

Hraðsendingar skulu við ákvörðun aðflutningsgjalda flokkaðar sem hér segir:

1. Eftirfarandi sendingar, enda beri flutningsskjöl eða fylgiskjöl með sér að um slíkar sendingar sé að ræða:
  - a. verðlaus sýnishorn sem ekki hafa neitt viðskiptalegt gildi
  - b. hugbúnaðargögn sem send eru án endurgjalds og ætluð eru til þróunar eða hönnunar hugbúnaðar, prófunar, leiðréttingar, uppfærslu eða eru eingöngu nothæf til kynningar og
  - c. verðlaus bréf, bæklingar og prentuð gögn sem ekki hafa neitt viðskiptalegt gildi
  - d. ritað mál sem undanþegið er virðisaukaskatti skv. 3. mgr. 36. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.
2. Sendingar sem eru að fob-verðmæti undir 1.500 kr., en geta ekki fallið undir 1. tölul., enda sé innflytjandi skráður skv. 5. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.
3. Sendingar sem eru að fob-verðmæti undir 1.500 kr., en geta ekki fallið undir 1. tölul., enda sé innflytjandi ekki skráður skv. 5. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.
4. Aðrar sendingar.

## 7. gr.

Um útreikning aðflutningsgjalda og skil á aðflutningsskýrslum vegna hraðsendinga skal fara sem hér segir:

1. Ekki skal reikna aðflutningsgjöld af vörum sem falla undir 1. tölul. 6. gr. Heimilt skal við fullnaðartollafgreiðslu að skila aðeins einni aðflutningsskýrslu í nafni flutningsmiðlara vegna allra sendinga sem þar falla undir.
2. Reikna skal 100 kr. í áætluð aðflutningsgjöld af vörum sem falla undir 2. tölul. 6. gr. Heimilt skal við fullnaðartollafgreiðslu að skila aðeins einni aðflutningsskýrslu í nafni flutningsmiðlara vegna allra sendinga sem þar falla undir.
3. Reikna skal 570 kr. í áætluð aðflutningsgjöld af vörum sem falla undir 3. tölul. 6. gr. Heimilt skal við fullnaðartollafgreiðslu að skila aðeins einni aðflutningsskýrslu í nafni flutningsmiðlara vegna allra sendinga sem þar falla undir.
4. Af öðrum sendingum skal reikna aðflutningsgjöld með venjulegum hætti. Skila skal aðflutningsskýrslu fyrir hverja sendingu í nafni viðkomandi innflytjanda.

## 8. gr.

Hafi vara verið afhent án fullnaðartollafgreiðslu skal fullnaðartollafgreiðsla fara fram eigi síðar en sjö dögum eftir afhendingu vörunnar. Aðflutningsgjöld skulu greidd eigi síðar en við fullnaðartollafgreiðslu, hafi þau ekki verið skuldfærð á flutningsmiðlara eða innflytjanda.

Liggi fullnægjandi tollskjöl yfir einhverja vöru í hraðsendingu ekki fyrir skv. 1. mgr. skal hún tollafgreidd til bráðabirgða.

## 9. gr.

Verði vanskil af hálfu flutningsmiðlara skal tollstjóri synja miðlara um frekari fyrirgreiðslu vegna hraðsendinga meðan vanskil vara.

Um innheimtu vangreiðdra aðflutningsgjalda fer eftir ákvæðum reglugerðar nr. 61/1989, um greiðslustað, gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum, með síðari breytingum.

## 10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 6. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. september 1997. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 327/1990, um tollafgreiðslu hraðsendinga.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu ákvæði 6. og 7. gr. reglugerðarinnar öðlast gildi 1. ágúst 1997.

*Fjármálaráðuneytinu, 11. júlí 1997.*

F. h. r.

**Bergþór Magnússon.**

Hermann Jónasson.

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 309/1992, um tollafgreiðslu og greiðslufrest á aðflutningsgjöldum þegar tollskjöl eru send milli tölva.**

1. gr.

Við 4. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr., er orðast svo:

Aðili, sem fengið hefur heimild skv. 1. mgr., getur að fenginni skriflegri heimild frá innflytjanda óskað þess að aðflutningsgjöld verði skuldfærð á innflytjanda, í samræmi við þær heimildir sem viðkomandi hefur til greiðslufrests á aðflutningsgjöldum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 109. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum og 3. mgr. 34. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. september 1997.

*Fjármálaráðuneytinu, 11. júlí 1997.*

F. h. r.

**Bergþór Magnússon.**

Hermann Jónasson.

# STJÓRNARTÍÐINDI B 62 – 1997

---

Nr. 447

940

9. júlí 1997

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 373, 20. júní 1997,  
um loðnuveiðar 1997/1998.

1. gr.

Við 5. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein er orðist svo: Óheimilt er að dæla afla úr nót veiðiskips um borð í flutningaskip eða annað veiðiskip eða flytja óvigtaðan afla milli skipa með öðrum hætti. Fáí loðnuskip það stórt kast, að skipið beri ekki allan þann afla, sem er í nótinni, er þó heimilt að dæla eftirstöðvum aflans úr nótinni um borð í annað veiðiskip, enda hafi bæði skipin aflamark í loðnu. Ávallt skal loðnuafli skráður sem afli þess skip, sem aflanum er landað úr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 9. júlí 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

Nr. 448

11. júlí 1997

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 362, 27. júní 1996,  
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1996/1997.

1. gr.

1. mgr. 21. gr. orðist svo: Útgerðum skipa með fullvinnsluleyfi er skylt að lokinni veiðiferð að skila sérstakri skýrslu um afla til Fiskistofu á eyðublöðum sem Fiskistofa leggur til.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 11. júlí 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

## REGLUGERÐ

### um vísindarannsóknir á heilbrigðisviði.

#### 1. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar sjö manna vísindasiðanefnd til fjögurra ára í senn, til að fjalla um vísindarannsóknir á heilbrigðisviði. Sex nefndarmanna skulu skipaðir eftir tilnefningu eftirtalinna aðila: Læknadeildar Háskóla Íslands, Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands, lagadeildar Háskóla Íslands, Líffræðistofnunar Háskóla Íslands, Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Læknafélags Íslands. Einn skal skipaður af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu tilnefndir af sömu aðilum.

#### 2. gr.

Á Ríkisspítölum, Sjúkrahúsi Reykjavíkur og Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri skulu starfa þverfaglegar siðanefndir skipaðar af stjórnnum viðkomandi sjúkrahúsa. Innan heilsugæslunnar skal starfa fimm manna siðanefnd, sem skipuð skal af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til fjögurra ára í senn. Tveir nefndarmanna skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Landssamtaka heilsugæslustöðva, einn samkvæmt tilnefningu læknadeildar Háskóla Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu tilnefndir af sömu aðilum.

#### 3. gr.

Siðanefndir sjúkrahúsa skulu meta áætlanir um vísindarannsóknir sem gera á innan viðkomandi sjúkrahúsa. Á sama hátt skal siðanefnd heilsugæslunnar meta áætlanir um rannsóknir sem gera á innan heilsugæslunnar.

Siðanefndir skv. 2. gr. skulu senda vísindasiðanefnd niðurstöður sínar.

Vísindasiðanefnd skal meta fjölþjóðlegar rannsóknir og aðrar áætlanir um vísindarannsóknir, sem ekki falla undir verksvið siðanefnda skv. 2. gr.

Beiðni um mat skal fylgja nákvæm rannsóknaráætlun ásamt öðrum gögnum samkvæmt nánari ákvörðun vísindasiðanefndar.

Vísindasiðanefnd og siðanefndir geta kallað sérfræðinga til ráðuneytis þegar þörf krefur.

#### 4. gr.

Með vísindarannsókn er átt við rannsókn sem gerð er til að auka við þekkingu sem gerir m.a. kleift að bæta heilsu og lækna sjúkdóma.

Mat vísindasiðanefndar, eða siðanefndar skv. 2. gr., á vísindarannsókn verður að hafa leitt í ljós að engin vísindaleg og siðfræðileg sjónarmið mæli gegn framkvæmd hennar.

Óheimilt er að framkvæma vísindarannsókn á mönnum nema hún hafi áður hlotið samþykki siðanefndar skv. 2. gr. eða vísindasiðanefndar skv. 1. gr.

Þátttakandi skal fyrirfram samþykkja með formlegum hætti þátttöku í vísindarannsókn.

Áður en slíkt samþykki er veitt skal gefa honum ítarlegar upplýsingar um vísindarannsóknina, áhættu sem henni kann að fylgja og hugsanlegan ávinning og í hverju þátttakan er fólgin. Upplýsingarnar skulu gefnar á þann hátt að þátttakandi geti skilið þær. Þátttakanda skal gerð grein fyrir því að hann geti hafnað þátttöku í vísindarannsókn og hann geti hvenær sem er hætt þátttöku eftir að hún er hafin.

#### 5. gr.

Aðgangur að sjúkraskrárum vegna vísindarannsókna er óheimill nema rannsóknin hafi áður hlotið samþykki tölvunefndar, sbr. 30. gr. laga nr. 121/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga og samþykki siðanefndar skv. 2. gr. eða vísindasiðanefndar.

Vísindarannsókn á lífsýnum úr mönnum er óheimil nema rannsóknin hafi áður hlotið samþykki siðanefndar skv. 2. gr. eða vísindasiðanefndar skv. 1. gr.

Um skráningu og vinnslu persónuupplýsinga gilda ákvæði laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga nr. 121/1989.

#### 6. gr.

Ráðherra setur vísindasiðanefnd skv. 1. gr. starfsreglur að fengnum tillögum hennar og skulu þær jafnframt gilda um starf siðanefnda skv. 2. gr. eftir því sem við á.

Reglurnar skulu vera í samræmi við Ráðleggingar ráðherranefndar Evrópuráðsins til aðildarríkjanna, Helsinki-yfirlýsingu Alþjóðafélags lækna: Ráðleggingar til leiðbeiningar fyrir lækna um læknisfræðilegar vísindarannsóknir á mönnum og Alþjóðlegum siðfræðilegum ráðleggingum um læknisfræðilegar vísindarannsóknir á mönnum.

Reglur varðandi stýrðar lyfjaprófanir á mönnum skulu vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 284/1986 um klínískar rannsóknir á lyfjum og leiðbeiningum um góða klíníska hætti við lyfjaprófanir sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu.

Ráðherra getur sett nánari reglur um mat á sértækum rannsóknum svo sem erfðarannsóknnum.

#### 7. gr.

Heimilt er að kæra niðurstöðu siðanefndar skv. 2. gr. til vísindasiðanefndar.

#### 8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 29. gr., sbr. 4. mgr. 2. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 4. júlí 1997.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

## REGLUGERÐ

**um starfshætti faggiltra óháðra skoðunarstofa í sjávarútvegi.**

#### 1. gr.

Reglugerð þessi tekur til þeirra sem annast skoðun á aðstöðu, hreinlæti og innra eftirliti vinnsluleyfshafa í sjávarútvegi.

## 2. gr.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð merkingar sem hér greinir:

Skoðunarstofa: Faggilt skoðunarstofa sem hlotið hefur starfsleyfi til að annast skoðun á aðstöðu, hreinlæti og innra eftirliti vinnsluleyfishafa í sjávarútvegi í samræmi við reglur þar að lútandi.

Skoðunarmaður: Starfsmaður skoðunarstofu sem uppfyllir hæfniskröfur samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar og starfar að skoðun á aðstöðu, hreinlæti og innra eftirliti vinnsluleyfishafa í sjávarútvegi.

Skoðunartottorð: Skjal, undirritað af skoðunarmanni, sem staðfestir ástand hvað varðar aðstöðu, hreinlæti og innra eftirlit vinnsluleyfishafa í sjávarútvegi miðað við þær opinberu kröfur sem gerðar eru þar að lútandi.

Faggildingaraðili: Faggildingarsvið Löggildingarstofu eða annar viðurkenndur faggildingaraðili á Evrópska efnahagssvæðinu.

## 3. gr.

Skoðun á aðstöðu, hreinlæti og innra eftirliti vinnsluleyfishafa í sjávarútvegi skal vera í samræmi við gildandi reglugerðir um meðferð og vinnslu sjávarafurða og aðrar reglur er lúta að skoðun á aðstöðu, hreinlæti og innra eftirliti í sjávarútvegi.

## 4. gr.

Skoðunarstofa, sem annast skoðun á aðstöðu, hreinlæti og innra eftirliti vinnsluleyfishafa í sjávarútvegi, skal hafa hlotið faggildingu í samræmi við íslenskan staðal ÍST EN 45 004 (viðauka A), lög nr. 93/1992 um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra og lög nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu og reglugerðir settar með stoð í þeim lögum.

## 5. gr.

Sá sem hag getur haft af niðurstöðum skoðana má ekki eiga beina eignaraðild að skoðunarstofu.

Skoðunarstofa má ekki veita nokkra þá þjónustu sem snertir skoðunatriði í skoðunarhandbók, s.s. aðstoð við markaðssetningu afurða eða ráðgjöf við framleiðsluna.

## 6. gr.

Fiskistofa veitir starfsleyfi til rekstrar skoðunarstofa sem annast skoðun á aðstöðu, hreinlæti og innra eftirliti vinnsluleyfishafa í sjávarútvegi.

Skoðunarstofur skulu sinna öllum skoðunarbeiðnum sem berast og geta annast skoðanir hvarvetna á landinu.

Starfsleyfi skoðunarstofa skal veitt til fimm ára í senn. Starfsleyfi fellur niður ef skoðunarstofa hættir starfsemi. Framsal starfsleyfis er óheimilt.

Fiskistofu er heimilt að kanna starfsemi skoðunarstofa. Slík könnun er óháð eftirliti faggildingaraðila.

## 7. gr.

Skoðunarstofur skulu skrá niðurstöður skoðana og aðrar tæknilegar upplýsingar og gefa út skoðunartottorð í samræmi við reglur um framkvæmd skoðunar.

Niðurstöður skulu sendar reglulega til Fiskistofu í rafrænu formi og nýta til þess sérstakan hugbúnað sem Fiskistofa ákveður.



## 8. gr.

Sá sem sækir um starfsleyfi til reksturs skoðunarstofu skal leggja fram sönnun fyrir því að hann hafi hlotið faggildingu á viðkomandi faggildingarsviði. Ennfremur skal hann staðfesta að skoðunarstofan:

- a. hafi tæknilegan stjórnanda í föstu starfi með tilskilda hæfni í samræmi við ákvæði 10. gr. sem beri tæknilega ábyrgð á framkvæmd skoðana,
- b. hafi nægan fjölda fastráðinna skoðunarmanna með fullnægjandi þekkingu til að annast skoðanir,
- c. hafi yfir að ráða hentugu húsnæði og aðstöðu,
- d. hafi yfir að ráða hentugum tækjabúnaði eftir því sem við á,
- e. taki þátt í samanburðarskoðunum þegar Fiskistofa og/eða faggildingaraðili óskar eftir því og hlíti fyrir mælum um ráðstafanir ef frávik milli skoðunarstofa koma fram. Skoðunarstofan skal bera allan kostnað vegna þátttöku sinnar svo og ráðstafana sem gera verður innan skoðunarstofunnar,
- f. muni taka þátt í samvinnuverkefnum þegar óskað er.

## 9. gr.

Fiskistofa getur svipt skoðunarstofu starfsleyfi ef hún uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir leyfisveitingu. Sama á við ef skoðunarstofa hlítir ekki fyrir mælum Fiskistofu, vanrækir hlutverk sitt og skyldur eða sýnir af sér ítrekaða óvarkámi í starfi. Starfsleyfi fellur sjálfkrafa niður verði skoðunarstofa svipt faggildingu sinni.

## 10. gr.

Tæknilegur stjórnandi skoðunarstofu skal vera matvælafræðingur, verkfræðingur með sérþekkingu á matvælasviði, örverufræðingur eða sjávarútvegsfræðingur og hafa minnst tveggja ára starfsreynslu á sviði fiskiðnaðar. Undantekningu má gera frá framangreindum skilyrðum um háskólamenntun ef viðkomandi hefur menntun, starfsreynslu og þjálfun sem faggildingaraðili telur fullnægjandi.

Skoðunarmaður á skoðunarstofu skal hafa starfsréttindi fisktæknis eða sambærilega menntun og starfsreynslu.

Bæði tæknilegur stjórnandi og skoðunarmaður á skoðunarstofu skulu hafa sótt námskeið þar sem fjallað er um reglugerðir, reglur og verklagsreglur sem gilda um skoðun á aðstöðu, hreinlæti og innra eftirliti vinnsluleyfshafa í sjávarútvegi. Námskeiðin skulu viðurkennd af faggildingaraðila og skal þeim ljúka með prófi.

## 11. gr.

Sá sem ekki vill una niðurstöðu skoðunar getur, að undangenginni umfjöllun yfir stjórnar skoðunarstofunnar, skotið úrskurði hennar til Fiskistofu.

## 12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 93/1992 um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi III. kafli reglugerðar nr. 429/1992 um fyrirkomulag eftirlits með sjávarafurðum.

Þrátt fyrir ákvæði um gildistöku er starfandi skoðunarstofum heimilt að halda áfram að starfa í samræmi við reglugerð nr. 429/1992 um fyrirkomulag eftirlits með sjávarafurðum til 31. desember 1997. Að þeim tíma liðnum skulu allar skoðunarstofur sem annast skoðun á aðstöðu, hreinlæti og innra eftirliti vinnsluleyfshafa í sjávarútvegi hafa hlotið starfsleyfi

í samræmi við reglugerð þessa. Fiskistofu er þó heimilt að veita skoðunarstofu starfsleyfi til bráðabirgða, allt að 6 mánuðum frá 1. janúar 1998, enda uppfylli skoðunarstofan kröfur þessarar reglugerðar og hafi einnig sótt um faggildingu til faggildingaraðila.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 8. júlí 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

## REGLUR

### um veiðitæki og veiðiaðferðir á hafbeitarlaxi í Hraunfirði.

1. Í Hraunfirði á Snæfellsnesi má eingöngu veiða lax í gildru, sem, hann gengur í af sjálfsdáðum. Ádráttur á ósasvæðum fyrir framan gildruna er óheimill.
2. Gildran skal staðsett í fersku vatni miðað við smástreymisflóð og vatni beint í ákveðna rás til að auðvelda fiskigöngu.
3. Brot á reglum þessum varða viðurlögum samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði nr. 76/1970, með síðari breytingum.
4. Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 67. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum og öðlast gildi 1. ágúst 1997. Jafnframt eru úr gildi felldar reglur um töku á hafbeitarlaxi í Hraunfirði nr. 314/1996.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 7. júlí 1997.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Jón Höskuldsson.*

## AUGLÝSING

### um aðalsamning milli ríkisstjórnar Íslands og Elkem A/S og Sumitomo Corporation.

Hinn 13. júní 1997 var undirritaður í Reykjavík samningur sem íslensk útgáfa aðalsamnings, dags. 13. september 1984, og fyrsti viðauki aðalsamnings, dags. 12. mars 1997, milli ríkisstjórnar Íslands og Elkem A/S og Sumitomo Corporation, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 18/1977 um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, með áorðnum breytingum, skal samningurinn birtur í B-deild Stjórnartíðinda og er hann fylgiskjal með auglýsingu þessari.

*Iðnaðarráðuneytinu, 27. júní 1997.*

**Finnur Ingólfsson.**

*Halldór J. Kristjánsson.*

Fylgiskjal

## A Ð A L S A M N I N G U R

milli

RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS

og

ELKEM A/S

og

SUMITOMO CORPORATION

SAMNINGUR gerður hinn 13. dag septembermánaðar 1984 milli

RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS (hér eftir nefnd „ríkisstjórnin“)

og

ELKEM A/S, sem er norskt hlutafélag og hefur aðalaðsetur sitt að Middelthunsgate 27, Osló, Noregi (hér eftir nefnt „ES“)

og

SUMITOMO CORPORATION (SUMITOMO SHOJI KAISHA), sem er japanskt hlutafélag og hefur aðalaðsetur sitt að 1-1, Hitotsubashi 2-chome, Ciyoda-ku, Tókýó, Japan (hér eftir nefnt „SC“)

MEÐ ÞVÍ að með lögum nr. 10 26. apríl 1975 um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði (hér eftir nefnd „heimildarlögin frá 1975“) heimilaði Alþingi ríkisstjórninni að hefjast handa um stofnun hlutafélags, er hefði að markmiði að reisa og reka iðjuver til framleiðslu á kísiljárn í Áslandi og notaði raforku frá íslenskum orkuverum samkvæmt langtímasamningum um afhendingu á orku, í samvinnu við aðra aðila, er áhuga hefðu á því fyrirtæki, og setti tilteknar reglur og veitti tilteknar heimildir varðandi skipulag og starfsemi hlutafélagsins;

MEÐ ÞVÍ að ríkisstjórnin og Union Carbide Corporation frá New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku („Union Carbide“) gerðu með sér aðalsamning hinn 28. apríl 1975 um samvinnu um ofangreint verkefni og stofnuðu sama dag, á grundvelli heimildarlaganna frá 1975 íslenskt hlutafélag með nafninu Íslenska járnblendifélagið hf., er hefur aðalaðsetur sitt að Grundartanga í Skilmannahreppi í Borgarfjarðarsýslu, en hlutafélag þetta (Járnblendifélagið) er löglega skrásett á Íslandi;

MEÐ ÞVÍ að með samningi dags. 9. júlí 1976 gekk Union Carbide úr Járnblendifélaginu og framseldi hlutabréf sín í félaginu til ríkisstjórnarinnar, sem afhenti þau Járnblendifélaginu til ráðstöfunar, og Union Carbide var leyst frá öllum skuldbindingum varðandi fyrirtækið;

MEÐ ÞVÍ að ES hefur fengist við framleiðslu á kísiljárn í Noregi og markaðssetningu á slíkri framleiðslu um allan heim og hefur aðstöðu til að láta í té víðtæka tækniþekkingu og markaðs aðstoð í þágu Járnblendifélagsins og verksmiðju þess;

MEÐ ÞVÍ að ES var reiðubúið að gerast aðili að Járnblendifélaginu og starfa með ríkisstjórninni við að reisa iðjuver félagsins, á þeim grundvelli sem lagður hefur verið með lögum nr. 18 11. maí 1977 („heimildarlögin“), sem komu í stað heimildarlaganna frá 1975, og eins og frekar er kveðið á um í aðalsamningi sem gerður var milli ríkisstjórnarinnar og ES hinn 8. desember 1976 („aðalsamningurinn frá 1976“);

MEÐ ÞVÍ að Járnblendifélagið hefur síðan verið rekið í samræmi við þetta, með ríkisstjórnina og ES sem einu hluthafana síðan 11. maí 1977, og verksmíðja félagsins hefur verið með framleiðslu í einum kísiljárnsbræðsluofni síðan í apríl 1979 og öðrum sams konar ofni síðan í september 1980;

MEÐ ÞVÍ að heimildarlögunum hefur verið breytt með lögum nr. 45 11. maí 1982 og lögum nr. 95 28. maí 1984, í tilgangi sem tengist fjármögnun Járnblendifélagsins;

MEÐ ÞVÍ að SC fæst við öflun og sölu kísiljárns sem hráefnis fyrir iðnað og hefur viðtæk sambönd við neytendur og birgja fyrir kísiljárnsafurðir í Japan og víðar;

MEÐ ÞVÍ að SC er reiðubúið að gerast aðili að samstarfi ríkisstjórnarinnar og ES um iðjuver Járnblendifélagsins, með þátttöku sem hluthafi í félaginu og með því að koma á langtíma fyrirkomulagi um afhendingu á kísiljárni frá Járnblendifélaginu til Japan, og þar sem ríkisstjórnin og ES hafa á sama hátt vilja til slíks samstarfs;

MEÐ ÞVÍ að ríkisstjórnin og ES vilja af þessum sökum breyta aðalsamningnum frá 1976 í því skyni að koma fram þeim breytingum sem nauðsynlegar eru í ljósi samvinnunnar við SC, og framkvæma þá breytingu með því að gera nýjan aðalsamning milli sín og SC á grundvelli heimildarlaganna, en sá samningur mun bera með sér slíkar breytingar og núverandi stöðu Járnblendifélagsins og kemur í stað aðalsamningsins frá 1976;

NÚ, ÞESS VEGNA samþykkja ríkisstjórnin, ES og SC (hér eftir sameiginlega nefndir „aðilarnir“) eftirfarandi:

## I. KAFLI - INNGANGUR

### 1. gr. - Orðskýringar.

Eftirtalin orð skulu hafa þá merkingu, sem að neðan greinir, þar sem þau koma fyrir í samningi þessum:

1. „Ríkisstjórnin“ merkir ríkisstjórn Íslands.
2. „Íslenska ríkið“ merkir lýðveldið Ísland.
3. „ES“ merkir Elkem a/s, sem er norskt hlutafélag, er hefur aðalaðsetur sitt að Middelthunsgate 27, Osló, Noregi.
4. „SC“ merkir Sumitomo Corporation (Sumitomo Shoji Kaisha), sem er japanskt hlutafélag, er hefur aðalaðsetur sitt að 1-1, Hitotsubashi 2-chome, Chiyoda-ku, Tokyo, Japan.
5. „Dótturfélag ES“ og „dótturfélag SC“ merkir sérhvert hlutafélag, nú eða síðar, þar sem meira en 50% hlutabréfa með venjulegum atkvæðisrétti eru í eigu ES eða SC á hverjum tíma.
6. „Járnblendifélagið“ merkir Íslenska járnblendifélagið hf., sem er íslenskt hlutafélag, er hefur aðalaðsetur sitt að Grundartanga í Skilmannahreppi í Borgarfjarðarsýslu á Íslandi.
7. „Landsvirkjun“ merkir Landsvirkjun, sem er sjálfstætt fyrirtæki í sameign íslenska ríkisins, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar og hefur aðalaðsetur að Háaleitisbraut 68, Reykjavík.

8. „Heimildarlögin“ merkir lög frá Alþingi nr. 18 11. maí 1977 um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, sem komu í stað laga nr. 10 26. apríl 1975 um sama efni, sem heimiluðu stofnun Járnblendifélagsins, eins og þeim lögum hefur verið breytt með lögum nr. 45 11. maí 1982 og lögum nr. 95 28. maí 1984.
9. „Hluthafarnir“ merkir ríkisstjórnina, ES og SC.
10. „Kísiljárn“ merkir 75% kísiljárn og aðrar blöndur af kísiljárn, þar sem kísilinnihald er 95% hið mesta og 45% hið minnsta.
11. „Verksmiðjulóðin“ merkir eignarland það, sem leigt er Járnblendifélaginu við Grundartanga í Skilmannahreppi í Borgarfjarðarsýslu, þar sem iðjuver Járnblendifélagsins hefur verið byggt.
12. „Lóðarleigusamningurinn“ merkir leigusamning þann, sem gerður var 11. maí 1977, þar sem verksmiðjulóðin er leigð Járnblendifélaginu af ríkissjóði Íslands.
13. „Verksmiðjan“ merkir iðjuver það til framleiðslu á kísiljárn samt tilheyrandi mannvirkjum, sem Járnblendifélagið hefur reist á verksmiðjulóðinni og við hana, eins og það er að gerð og búnaði á hverjum tíma.
14. „Hafnarsamningurinn“ merkir samning þann, sem gerður var 11. maí 1977 milli Járnblendifélagsins og Hafnarsjóðs Grundartanga, er heimilar Járnblendifélaginu afnot af aðliggjandi höfn við verksmiðjulóðina.
15. „Tæknisamningurinn“ merkir samning þann milli ES og Járnblendifélagsins, sem gerður var 8. desember 1976 og fjallar um (a) afhendingu af hálfu ES á tveimur rafbræðsluofnum og tilheyrandi búnaði fyrir verksmiðjuna, (b) afhendingu af hálfu ES á tæknikunnáttu varðandi hönnun, verkfræðileg atriði og rekstur í sambandi við framleiðslu á kísiljárn, (c) reglubundna tækniaðstoð af hálfu ES í sambandi við framleiðslu á kísiljárn, og (d) byggingarstjórnun, er ES leggur til í sambandi við skipulagningu, byggingu og uppsetningu verksmiðjunnar í samvinnu við Járnblendifélagið.
16. „Sölusamningurinn“ merkir samning þann milli ES og Járnblendifélagsins, sem gerður verður 13. september 1984, er fjallar um sölu á framleiðslu Járnblendifélagsins, og kemur í stað sölusamningsins sem gerður var 10. febrúar 1977 milli þessara aðila.
17. „Umboðssölusamningurinn“ merkir samning þann milli Járnblendifélagsins, ES og SC, sem gerður verður 13. september 1984, er tilnefnir SC sem einkaumboðsaðila fyrir sölu á kísiljárn í Japan af hálfu Járnblendifélagsins, og gerir ráð fyrir afhendingu kísiljárns frá Járnblendifélaginu til SC fyrir japanskan markað.
18. „Rafmagnssamningurinn“ merkir samning þann milli Landsvirkjunar og Járnblendifélagsins, upphaflega dags. 28. maí 1975, er fjallar um afhendingu Landsvirkjunar á raforku til reksturs verksmiðjunnar, eins og honum var breytt með fyrsta viðauka við rafmagnssamninginn dags. 31. desember 1976 og eins og hann var svo endurútgefinn af aðilunum hinn 23. júlí 1979 og eins og honum er frekar breytt með öðrum viðauka við rafmagnssamninginn.
19. „Annar viðauki“ við rafmagnssamninginn merkir samning þann milli Landsvirkjunar og Járnblendifélagsins sem gerður verður 13. september 1984, er fjallar um breytingu á rafmagnssamningnum og viðbót með viðauka A við hann.
20. „Fyrsti afhendingardagur rafmagns“ merkir 1. apríl 1979, sem er dagurinn sem ákvarðaður er samkvæmt 1. mgr. 5. gr. rafmagnssamningsins sem dagurinn þegar Járnblendifélagið var reiddubúið að taka við rafmagni til reglubundinnar starfrækslu á fyrsta bræðsluofni verksmiðjunnar.

21. [„Samningurinn varðandi útgáfu nýrra hlutabréfa og stækkun Járnblendifélagsins“ merkir samninginn milli ríkisstjórnarinnar, Elkem, Sumitomo og Járnblendifélagsins, sem gerður var 12. mars, 1997, varðandi stækkun verksmiðju Járnblendifélagsins, hækkun hlutafjár, ráðstöfun hlutafjár milli hluthafanna og þriðju aðila og skráningu á Verðbréfaþingi Íslands.]<sup>1)</sup>

## II. KAFLI - JÁRNBLENDIFÉLAGIÐ

### 2. gr. - Staða og skipulag félagsins.

1. Járnblendifélagið hefur verið löglega stofnað sem íslenskt hlutfélag og skal áfram vera skrásett á Íslandi með lögheimili í Skilmannahreppi í Borgarfjarðarsýslu.
2. Tilgangur Járnblendifélagsins er að byggja, eiga og reka verksmiðju á Íslandi til framleiðslu á kísiljárni, að vinna að sölu á kísiljárni og að hafa um hönd alla starfsemi eða viðskipti, sem atvinnurekstur þessi þarfnast eða honum fylgir.
3. Um eignarhald, stofnun, rekstur og stjórn Járnblendifélagsins skal fara að íslenskum lögum, heimildarlögum, samningi þessum og samningum þeim og öðrum skjölum, sem honum eru til fullnustu.
4. [Stjórn Járnblendifélagsins skal skipuð 7 mönnum, er hluthafar kjósa hlutfallskosningu að tiltölu við hlutafjäreign sína þegar kosning fer fram, ásamt jafnmörgum varamönnum. Ennfremur, svo framarlega sem einhver hluthafanna á meira en 50% hlut í Járnblendifélaginu skal sá hluthafi geta kosið 4 aðalmenn og 4 varamenn í stjórn. Jafnframt, svo framarlega sem einhver hluthafanna á að minnsta kosti 10% hlut í Járnblendifélaginu skal sá hluthafi geta kosið 1 aðalmann og 1 varamann í stjórn.]<sup>2)</sup>
5. Hlutabréf í Járnblendifélaginu skulu vera nafnbref með almennum atkvæðisrétti, skráð og útgefin á nöfn viðkomandi hluthafa, og skulu veita hverjum hluthafa forkaupsrétt að öllum og sérhverjum síðar útgefnum hlutum í Járnblendifélaginu, hvort sem er af sama eða öðrum flokki eða nafnverði, í hlutfalli við hlutafjäreign sína.
6. [...]<sup>3)</sup>
7. [...]<sup>4)</sup>
8. [Hluthafi sem óskar að selja, framselja eða afsala sér hlutum sínum í Járnblendifélaginu, í heild eða að hluta til þriðja aðila (annarra aðila en hluthafanna) skal tilkynna hluthöfum þá ætlun sína með ábyrgðarbréfi eða símbréfi (tilkynning um tilboð), þar sem getið skal hver skilyrði viðskiptanna eru, þar með talin fjöldi hlutabréfa, verð og greiðsluskilmálar, vextir af lánum eða ábyrgðum, skilyrði og nafn væntanlegs kaupanda. Hluthafarnir skulu hafa 30 daga frest, talinn frá fyrsta virkum degi eftir móttöku tilkynningar um tilboð, til að tilkynna þeim hluthafa sem tilkynningu sendi um þá ætlun sína að nýta forkaupsrétt sinn að hlutunum. Hluthafi sem kys að nýta forkaupsrétt sinn samkvæmt ákvæðum þessarar 8. mgr. 2. gr., skal ganga frá kaupum á hlutunum, sem honum hafa verið boðnir, með sömu skilyrðum og greinir í tilboðinu sem honum barst, innan 60 daga, talið frá þeim degi þegar hann sendi bjóðanda tilkynningu um að hann hygðist nýta forkaupsrétt sinn. Að því er þá hluti varðar sem annar hluthafi hefur ekki kosið að nýta forkaupsrétt sinn að, er hluthafanum sem bauð þá hluti til sölu, frjálst að ráðstafa hlutunum til væntanlegs kaupanda, innan 60 daga talið frá dagsetningu tilkynningar um tilboð, með þeim kjörum og skilmálum sem lýst er í tilkynningu um

<sup>1)</sup> 1. gr. viðauka 1 við samning varðandi útgáfu nýrra hlutabréfa og stækkun Járnblendifélagsins, sem felur í sér fyrsta viðauka við aðalsamning þennan (hér eftir nefndur fyrsti viðauki við aðalsamninginn).

<sup>2)</sup> 1. mgr. 2. gr. fyrsta viðauka við aðalsamninginn.

<sup>3)</sup> 2. mgr. 2. gr. fyrsta viðauka við aðalsamninginn.

<sup>4)</sup> 3. mgr. 2. gr. fyrsta viðauka við aðalsamninginn.

tilboð, ellegar þarf hann að endurnýja tilboðið til hins hluthafans í samræmi við ákvæðin hér að framan. Ef fleiri en einn hluthafi kys að nýta forkaupsrétt sinn að hlutum skal forkaupsréttinum beitt í réttu hlutfalli við hlutafjäreign þeirra í Járnblendifélaginu.]<sup>1)</sup>

9. [Þrátt fyrir ákvæði 8. mgr. þessarar greinar skal hver hluthafanna hafa rétt til að framsetja hluti sína til eigin dótturfyrirtækja og úr hendi þeirra til upprunalegs hluthafa, en þó með því skilyrði, að sérhver framsalshafi afhendi stjórn Járnblendifélagsins skriflegt samþykki sitt við ákvæðum og skilmálum aðalsamningsins, sölusamningsins, umboðs-sölusamningsins og tæknisamningsins, og við því að vera bundinn af þeim, eftir því sem við getur átt. Ennfremur skulu ákvæði 8. mgr. þessarar greinar ekki eiga við um framsal samkvæmt gr. 5.2 og 5.3 samningsins varðandi útgáfu hlutabréfa og stækkun Íslenska járnblendifélagsins hf.]<sup>2)</sup>
10. Eigi skal heimilt að leggja nein veðbönd á nokkur hlutabréf Járnblendifélagsins án undanfarandi samþykkis allrar stjórnar félagsins.
11. Sérhver hluthafa hefur fullan rétt á aðgangi að bókum Járnblendifélagsins og skal nýta þann rétt í gegnum fulltrúa sína í stjórn Járnblendifélagsins. Ennfremur eiga ES og SC rétt á að tilnefna löggiltan endurskoðanda af sinni hálfu og á sinn kostnað til að kanna bókhald Járnblendifélagsins ásamt skipuðum endurskoðendum Járnblendifélagsins í sérstökum tilvikum ef ES eða SC telur nauðsynlegt.
12. Ákvæði 2. og 3. gr. í samningi þessum, sem leysa af hólmi 2. og 4. gr. aðalsamningsins frá 1976, skulu leysa af hólmi samsvarandi ákvæði 2., 3., 7. og 9. gr. í stofnsamningi Járnblendifélagsins, er hafa ekki frekara gildi. Ef misræmi reynist milli ákvæða samnings þessa og ákvæða í stofnsamningi eða samþykktum Járnblendifélagsins, skulu ákvæði samnings þessa ráða.
13. Samþykktum Járnblendifélagsins skal breyta eins og lýst er á fylgiskjali I með samningi þessum, þannig að þær verði í samræmi við ákvæði þessarar greinar og 4., 5. og 6. mgr. 3. gr. og önnur viðeigandi ákvæði samnings þessa. Aðilarnir eru sammála um að láta kveðja til aukafundar hluthafa í Járnblendifélaginu til þess að koma fram umræddum breytingum á samþykktunum með samhljóða atkvæðum sínum. Fundurinn skal haldinn án tafar eftir undirritun samnings þessa hinn 13. september 1984 og eigi síðar en 30. september 1984, enda hafi skilyrði þau sem vísað er til í 1. mgr. 22. gr. þessa samnings verið uppfyllt. Á þeim fundi skal SC hafa rétt til að kjósa einn aðalmanng og einn varamann í stjórn Járnblendifélagsins, er gegni embætti til aðalfundar á árinu 1985, en ES samþykkir að fulltrúum þess í stjórn félagsins fækki úr núverandi þremur aðal- og varamönnum í tvo aðal- og varamenn í samræmi við 4. mgr. þessarar greinar.

### 3. gr. - Hlutafé og kaup SC á hlutabréfum.

1. Stofnhlutafé Járnblendifélagsins hefur verið jafnvirði tuttugu og fjögurra milljóna bandaríkjadala (\$24.000.000) í íslenskum krónum, eins og ákveðið var við stofnun félagsins. Ríkisstjórnin er eigandi fimmtíu og fimm hundraðshluta (55%) þess hlutafjár og hefur á árunum 1975-1979 greitt inn andvirði þess að fjárhæð jafnvirði \$ 13.200.000.
2. Með aðalsamningnum frá 1976 skrifaði ES sig fyrir fjörutíu og fimm hundraðshlutum (45%) af upphaflegu hlutafé í Járnblendifélaginu eða sem samsvarar \$ 10.800.000. Í skiptum fyrir hlutabréf að samanlögðu nafnverði sem nemur jafnvirði \$ 3.200.000 af hlutafjárloforði ES, hefur ES framselt til Járnblendifélagsins þá tæknikunnáttu og þekkingu varðandi hönnun, verkfræðileg atriði og rekstur, sem nauðsynleg eru til að byggja og reka þau mannvirki verksmiðjunnar, sem ætluð eru til framleiðslu á kísiljárn, eins og nánar segir í tæknisamningnum. Hlutabréf þessi voru fullnaðargreiðsla fyrir tækni-

<sup>1)</sup> 4. mgr. 2. gr. fyrsta viðauka við aðalsamninginn.

<sup>2)</sup> 5. mgr. 2. gr. fyrsta viðauka við aðalsamninginn.

kunnáttuframlag þetta, en verð þess var ákveðið á grundvelli sanngjarns verðmætis á frjálsum markaði. ES lagði fram afganginn af hlutafjárloforði sínu í reiðufé, á árunum 1977-1979 og nam það jafnvirði \$ 7.600.000.

3. Eins og greint er frá í stofnsamningi og samþykktum Járblendifélagsins var nafnverð stofnhlutafjár Járblendifélagsins, sem hluthafarnir skrifuðu sig fyrir eins og skýrt er frá hér að framan (\$ 24.000.000), í öndverðu ákveðið sem íslenskar kr. 36.144.000 (í gömlum krónum 3.614.400.000), í samræmi við kaupgengi bandaríkjadals gagnvart krónunni hinn 28. apríl 1975 samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands (1:150,60). Vegna gengisbreytinga á því tímabili sem hlutaféð var greitt inn, varð heildarandvirði greiddra hlutafjárframlaga í krónum 61.604.972 (nýjar krónur), og samanlagt nafnverð upphaflegs hlutafjár var hækkað í hlutfalli við þetta um íslenskar krónur 25.460.072.
4. Á aðalfundi Járblendifélagsins hinn 15. maí 1984 ákváðu ríkisstjórnin og ES að breyta í hlutafé, að sömu fjárhæð og upphaflega fjárhæð ásamt áföllum vöxtum í árslok 1982, ákveðnum hluthafalánum sem voru veitt af hálfu ríkisstjórnarinnar og ES til Járblendifélagsins í hlutfallinu 55:45 á árunum 1981-1983 í sterlingspundum, þýskum mörkum og bandaríkjadöllum og voru víkjandi gagnvart öðrum lánnum Járblendifélagsins í samræmi við þá meginreglu sem ákveðin var í 3. mgr. 5. gr. aðalsamningsins frá 1976. Í samræmi við þá ákvörðun hefur hlutafé Járblendifélagsins verið aukið að nafnverði um íslenskar krónur 485.055.955 (jafngildir norskum krónum 129.213.864), en lokaákvörðun um aukninguna var tekin og gekk í gildi á hluthafafundi sem á voru ríkisstjórnin og ES og haldinn var 13. ágúst 1984.
5. Á aðalfundinum 15. maí 1984 heimiluðu ríkisstjórnin og ES stjórn félagsins jafnframt að taka ákvörðun um hækkun hlutafjár í Járblendifélaginu að nafnverði að jafnvirði norskar krónur 120.000.000 með áskrift nýs hlutafjár af hálfu ríkisstjórnarinnar og ES í hlutföllunum 55:45. Hefur verið samþykkt að slíkt nýtt hlutafé verði greitt með (a) skuldajöfnun við greiðslur sem ES á þegar inni að fjárhæð norskar krónur 6.000.000, (b) með yfirtöku hluta láns til Járblendifélagsins frá A/S Eksportfinans, af hálfu ríkisstjórnarinnar að fjárhæð \$ 3.630.000 og af hálfu ES að fjárhæð \$ 2.970.000 (jafnvirði norskra króna 29.029.110 og 23.751.090 samkvæmt skráðu gengi hinn 30. júní 1984 milli norskra króna og bandaríkjadala), og (c) með fjárhæð í reiðufé er verði notuð til að greiða upp núverandi lán Járblendifélagsins frá Den norske Creditbank og Bank of America eða með yfirtöku á slíku láni (byggt á skráðu gengi á endurgreiðsludegi eða yfirtökudegi, milli norskra króna og bandaríkjadala) og eftirstöðvar jafnaðar út með reiðufé. Í samræmi við slíka heimild hefur hlutafé Járblendifélagsins verið hækkað um að nafnverði íslenskar krónur 450.468.000 (jafnvirði norskra króna 120.000.000) samkvæmt skráðu gengi hinn 30. júní 1984, en tekin var lokaákvörðun um hækkunina og gekk hún í gildi á hluthafafundi sem á voru ríkisstjórnin og ES og haldinn var 13. ágúst 1984.
6. Á stjórnarfundum Járblendifélagsins, sem haldinn var 13. ágúst 1984, var ákveðið að leggja fyrir framhaldshluthafafund, sem halda skyldi hinn 13. september 1984 og á yrðu ríkisstjórnin og ES, tillögu þess efnis að hlutafé yrði lækkað um íslenskar krónur 337.128.027, sem nokkurn veginn jafngildir ójöfnuðu tapi Járblendifélagsins miðað við 30. júní 1984 að fjárhæð íslenskar krónur 388.575.703 að frádregnum íslenskum krónum 51.017.953 sem Járblendifélagið mun færa sem hagnað er stafi af breytingu hluthafalána í hlutafé samkvæmt 4. mgr. þessarar greinar, ásamt tillögu um síðustu breytingar á 4. gr. samþykktu Járblendifélagsins er taki mið af framangreindum hlutafjárhækkunum og greindri lækkun. Komi til þess að reikningar Járblendifélagsins miðað við 31. október 1984 sýni meira ójafnað tap en miðað við 30. júní 1984, skulu ríkisstjórnin, ES og SC ákveða að lækka hlutafé enn frekar til jafns við ójafnað tap



miðað við 31. október 1984, enda sé mismunurinn íslenskar krónur 2.000.000 eða meira. Tilgangur slíkrar lækkunar er að láta nafnverð hlutafjár endurspeglar raunverulega fjárhagsstöðu Járblendifélagsins og gera félaginu kleift að hefja greiðslur arðs til hluthafa af hagnaði félagsins í framtíðinni samkvæmt 3. mgr. 6. gr., án þess að breytt sé rétti félagsins til að draga slíkt tap frá við uppgjör tekjuskatts.

7. Með eigendaskiptasamningi dags. í dag (eigendaskiptasamningurinn) sem gerður verður milli SC og ES, eignast SC hlutabréf ES í Járblendifélaginu miðað við þann dag sem samningur þessi tekur gildi, sem samsvarar samanlagt 15 (fimmtán) hundraðshlutum af öllum útgefnum og útistandandi hlutabréfum að lokinni hækkun og lækkun hlutafjár samkvæmt 4., 5. og 6. mgr. þessarar greinar.
8. Nafnverð hlutafjár í Járblendifélaginu eftir aðlögun, hækkun og lækkun samkvæmt 3., 4., 5. og 6. mgr. þessarar greinar er íslenskar krónur 660.000.000, er skiptist í 100 hluti að nafnvirði íslenskar krónur 6.600.000 hver. Skipting eignarhluta sem gert er ráð fyrir í samningi þessum og eftir að SC hefur eignast hluti frá ES, verður eftirfarandi:

	Hundraðshluti/ fjöldi hluta	Heildarnafnverð
Ríkisstjórnin	55	ISK 363.000.000
ES	30	ISK 198.000.000
SC	15	ISK 99.000.000

Ef kemur til hlutafjárþækkunar eftir 31. október 1984 samkvæmt 6. mgr. þessarar greinar, breytast framangreindar fjárhæðir í hlutfalli við hana.

#### 4. gr. - Fjármögnun með lánsfé.

1. Eftir endurfjármögnun Járblendifélagsins af hálfu ríkisstjórnarinnar og ES samkvæmt 4. og 5. mgr. 3. gr. verða langtímaskuldir Járblendifélagsins eins og að neðan greinir miðað við 13. september 1984:

Norræni fjárfestingarbankinn	USD 7.231.240
	DEM 41.735.824
	CHF 2.763.850
Eksportfinans A/S	USD 12.821.841

Þessar skuldir stafa af lánnum sem tekin voru samkvæmt 5. gr. 1. mgr. aðalsamningsins frá 1976.

2. [...] <sup>1)</sup>

### III. KAFLI - REKSTUR

#### 5. gr. - Aðrir samningar.

1. Hluthafarnir skulu hlutast til um, að Járblendifélagið undirriti eftirfarandi samninga, viðauka og viðbætur við gildandi samninga, svo fljótt sem unnt er og með skilmálum, sem þeir verða ásáttir um:
  - (a) Sölusamningurinn við ES, samkvæmt 10. gr. þessa samnings.
  - (b) Umboðssölusamningurinn milli Járblendifélagsins, ES og SC, samkvæmt 10. gr. þessa samnings.
  - (c) Annar viðauki við rafmagnssamninginn milli Landsvirkjunar og Járblendifélagsins.

<sup>1)</sup> 3. gr. fyrsta viðauka við aðalsamninginn.

Hluthafarnir skulu undirrita ofangreinda samninga eða staðfesta samþykki sitt við þeim með undirskrift sinni, eftir því sem við á í hverju tilviki.

2. Hluthafarnir skulu hlutast til um að Járblendifélagið haldi í gildi framangreindum samningum og eftirfarandi samningum sem gerðir voru eða breytt í tengslum við aðalsamninginn frá 1976, samkvæmt ákvæðum hvers þeirra:

- (a) Tækniaðstoðarsamningurinn við ES (kaflar nr. 2 og 3).
- (b) Rafmagnssamningurinn við Landsvirkjun
- (c) Lóðarleigusamningurinn við fjármálaráðuneytið.
- (d) Hafnarsamningurinn við Hafnarsjóð Grundartanga.

### 6. gr. - Rekstur.

1. Verksmiðjan var upphaflega byggð í tveimur áföngum og var í fyrsta áfanga byggður bræðsluofn með 30 MW málraun fyrir 75% kísiljárn, en áætluð afkastageta hans er meira en 25.000 lestrir á ári af söluhafu kísiljárni, ásamt fylgibúnaði fyrir tvo bræðsluofna. Í öðrum áfanga var byggður annar bræðsluofn fyrir 75% kísiljárn með sömu afkastagetu. Fyrsti bræðsluofninn var tekinn í notkun í apríl 1979 og sá síðari í september 1980, í samræmi við samþykktar áætlanir.
2. Járblendifélagið skal halda framleiðslugetu verksmiðjunnar í horfi og framleiða kísiljárn í þeim mæli, sem æskilegur er í tæknilegu og efnahagslegu tilliti miðað við aðstæður á hverjum tíma. Framleiðslunni skal hagað í samræmi við þann grundvöll, sem lagður er með tæknisamningnum, sölusamningnum og umboðssölusamningnum, í öllum atriðum sem við eiga.
3. [Hluthafarnir samþykkja að Járblendifélagið skuli ávallt rekið sem sjálfstæð hagnaðar-eining og að öll viðskipti Járblendifélagsins skuli umsamin á grundvelli sjálfstæðra viðskiptasjónarmiða sem beitt er um iðnfyrirtæki af þeirri stærð og gerð sem Járblendifélagið er. Þau sjónarmið skulu endurspegla hlutlæg viðmið sem um viðskipti milli óskyldra aðila væri að ræða og ráðandi aðstæður í alþjóðaviðskiptum milli fyrirtækja sem ekki tengjast hvort öðru. Að því leyti sem frekari leiðbeiningar eru nauðsynlegar til að ákvarða hvort ákveðin viðskipti séu byggð á hlutlægum viðskiptasjónarmiðum sem endurspegla viðskipti milli óskyldra aðila samkvæmt 3. mgr. þessarar greinar, skulu reglur sem stofnað er til endrum og sinnum á vegum ráða, eða sérfræðinganeftnda sem starfa samkvæmt umboði ráða, á vegum Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD) um færsluverðlagningu (The OECD Transfer Pricing Guidelines) gilda. Hver hluthafi skal hafa rétt til að láta sjálfstæðan löggiltan endurskoðanda yfirfara og staðfesta að viðskipti sem vitnað er til í 3. mgr. þessarar greinar byggist raunverulega á hlutlægum sjónarmiðum um viðskipti milli óskyldra aðila. Járblendifélagið, Elkem og Sumitomo skulu veita hinum óháðu löggiltu endurskoðendum þær frekari upplýsingar, um einstök viðskipti og verðútreikninga í því sambandi, sem þörf kann að vera á við framkvæmd yfirferðar og staðfestingar á slíkum viðskiptum. Járblendifélagið skal starfrækt með bestu hagsmuni hluthafa þess, starfsmanna og hins íslenska þjóðfélags fyrir augum, með rekstri sem er hagkvæmur og byggður á viðskiptalegum grundvelli.]<sup>1)</sup>
4. Öllum nettóhagnaði Járblendifélagsins, sem eigi þarf að verja til endurgreiðslu á lánum og eigi þarf eðlilega á að halda sem varasjóði, rekstrarfé eða til fjárfestingar, eða fyrir starfsemi félagsins og í viðskiptum þess og ekki ber að greiða Landsvirkjun samkvæmt viðauka A við rafmagnssamninginn, skal ráðstafað til arðsútborgunar og hann greiddur hluthöfum Járblendifélagsins, eða lagður til hliðar til síðari greiðslu til hluthafa.

<sup>1)</sup> 1. mgr. 4. gr. fyrsta viðauka við aðalsamninginn.

5. [Hluthafarnir gera sér ljóst mikilvægi þess tækni- og rekstrarþróunarstarfs, sem unnið hefur verið að af hálfu starfsfólks Járnblendifélagsins og í samvinnu við íslenskar rannsóknarstofnanir. Hluthafarnir munu tryggja að stefna Járnblendifélagsins verði áfram að félagið verði rekið með áherslu á virka rekstrar- og tækniþróun til að tryggja að félagið verði áfram í fararbroddi hvað varðar rekstur og tæknilega færni á sínu sviði.]<sup>1)</sup>

#### **7. gr. - Umhverfis- og öryggismál.**

1. Járnblendifélaginu ber að gera varúðarráðstafanir til að varna tjóni á umhverfi verksmiðjunnar af hennar völdum, og hanna mannvirki verksmiðjunnar þannig, að þau fari sem best í umhverfinu.
2. Í samræmi við 11. gr. heimildarlaganna hefur verið gerð vistfræðileg athugun á umhverfi verksmiðjunnar á kostnað Járnblendifélagsins og með hliðsjón af tillögum náttúruverndarráðs, til grundvallar því að fylgjast megi með framtíðaráhrifum verksmiðjunnar á lífríkið í umhverfinu.
3. Hönnun verksmiðjunnar, bygging og rekstur skulu í öllu vera í samræmi við núgildandi og síðari lög og reglugerðir á Íslandi varðandi mengunarvarnir og náttúruvernd og öryggi, heilbrigði og hreinlæti á vinnustað, og þá staðla, sem settir eru samkvæmt slíkum lögum og reglugerðum, og sér í lagi við staðla og ákvæði starfsleyfisins, sem gefið var út af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu hinn 5. apríl 1977.

#### **8. gr. - Starfsfólk.**

1. Starfsmenn, sem ES eða dótturfélög ES og SC eða dótturfélög SC leggja Járnblendifélaginu til eða láta starfa að efdum á skuldbindingum sínum samkvæmt samningi þessum eða öðrum tengdum samningum, þurfa ekki að vera íslenskir ríkisborgarar né eiga búsetu á Íslandi.
2. Við verksmiðjuna hefur verið stofnuð samstarfsnefnd skipuð þremur fulltrúum frá hvorum, stjórn Járnblendifélagsins og starfsliði þess, ásamt jafnmörgum varamönnum. Hlutverk nefndarinnar er að efla samvinnu Járnblendifélagsins og starfsliðs þess, vera báðum til ráðuneytis og gera tillögur um bættan aðbúnað, heilbrigði og öryggi starfsliðs og hagkvæmni í rekstri fyrirtækisins.

#### **9. gr. - Tæknileg aðstoð.**

1. ES skal halda áfram að láta Járnblendifélaginu í té tæknilega þekkingu og reynslu til þess að gera Járnblendifélaginu kleift að takast á hendur að reka og halda við verksmiðjunni og framleiða kísiljárn á hagkvæman hátt og með það fyrir augum að ná hámarks ávinningi af þeim búnaði sem við kemur, eins og nánar er kveðið á um í 3. kafla tæknisamningsins og með þeim skilmálum, sem þar greinir.
2. Að áskildum ákvæðum tæknisamningsins skal sú þekking, þjónusta og önnur aðstoð, sem ES lætur Járnblendifélaginu í té, vera innt af hendi á þann hátt, sem best þjónar hagsmunum Járnblendifélagsins að öllu leyti.

#### **10. gr. - Markaðssetning.**

1. Sölu á öllu kísiljárninu, sem Járnblendifélagið framleiðir í verksmiðjunni, ber að stunda á þeim grundvelli, sem mælt er um í þessari grein, að áskildum frekari ákvæðum sölusamningsins og umboðssölusamningsins. ES skal hafa með höndum einkaumboð fyrir Járnblendifélagið til sölu á kísiljárninu utan Japan, að undanskildu því kísiljárninu sem selt er á Íslandi til innanlandsnota, en SC skal hafa með höndum einkaumboð fyrir

<sup>1)</sup> 2. mgr. 4. gr. fyrsta viðauka við aðalsamninginn.

Járblendifélagið til sölu á kísiljárn til og innan Japan. Sem slíkir einkaumboðsaðilar eru ES og SC ávallt skuldbundnir til að gera sitt ítrasta í samræmi við bestu viðskipta- og söluhætti til að vinna að sölu á kísiljárn frá verksmiðjunni og skal ES hafa með höndum heildarumsjón með markaðs- og sölumálum.

2. Framleiðsla kísiljárns hjá Járblendifélaginu og ES skal ávallt njóta jafnstöðu í eftirfarandi tilliti:
  - (a) Nettó FOB verð til verksmiðju skal vera hið sama fyrir kísiljárn af sama gæðaflokki, eins og nánar er kveðið á um í 4. gr. sölusamningsins.
  - (b) Niðurjöfnun á vörusendingum á þeim tímabilum, þegar ekki má búast við að unnt sé að selja alla framleiðsluna vegna neikvæðra aðstæðna á markaðnum. Vörusendingum á þessum tímabilum skal úthlutað til verksmiðjunnar og verksmiðja ES, á grundvelli reiknaðrar afkastagetu hvors aðila.
3. Í því skyni að stuðla að sem bestri nýtingu á afkastagetu verksmiðjunnar með tilliti til eðlilegrar hagkvæmni í rekstrarkostnaði, ábyrgjast ES og SC, eins og nánar er kveðið á um í sölusamningnum og umboðssölusamningnum, gagnvart Járblendifélaginu hvor um sig að taka eða selja það magn af kísiljárn frá verksmiðjunni sem nemur 30.000 tonnum á ári að því er varðar ES og 20.000 tonnum á ári að því er varðar SC, enda nái verkmiðjan að framleiða ekki minna en 50.000 tonn á ári. Járblendifélagið skuldbindur sig til að afhenda slíkt magn til ES og SC að áskildum frekari ákvæðum 4. gr. umboðssölusamningsins.
4. Til endurgjalds fyrir umboðsmennsku þá fyrir Járblendifélagið, sem ES tekur að sér, og jafnstöðu þá, sem Járblendifélaginu er veitt samkvæmt sölusamningnum, skal Járblendifélagið greiða ES jöfnunargjald að fjárhæð norskar krónur 40 fyrir hverja lest af kísiljárn (miðað við 75% kísilinnihald), sem seld er frá verksmiðjunni, svo sem nánar er lýst í sölusamningnum. Járblendifélagið skal greiða SC samsvarandi gjald að fjárhæð norskar krónur 40 fyrir hverja lest af kísiljárn sem afhent er til Japan til sölu af hálfu SC innan Japan.
5. Sem einkaumboðsaðilum ber ES og SC að halda Járblendifélaginu svo vel upplýstu sem unnt er um ástand á markaðnum fyrir kísiljárn á markaðssvæðum sínum og skulu þeir meta söluhorfur bæði til lengri og skemmri tíma.

#### IV KAFLI - FJÁRMÁLAÁKVÆÐI

##### 11. gr. - Gjaldeyrismál.

1. Greiðslur af hálfu ES og SC til Járblendifélagsins samkvæmt samningi þessum eða öðrum samningum til framkvæmdar á aðalsamningnum frá 1976 eða þessum samningi mega fara fram í þeim frjálsa gjaldeyri og á þann venjulegan hátt um fjárgreiðslur sem ES og SC kjósa. Venjuleg íslensk banka- og yfirfærslugjöld, sem við eiga eftir atvikum, skulu gilda um þessar greiðslur í samræmi við venjulegar bankareglur. Ef greiðsla er innt af hendi til einhvers staðar utan Íslands, er óskýlt að greiða af henni íslensk yfirfærslugjöld. Ákvæði þessi skulu gilda um allar greiðslur af framangreindu tagi, sem ES eða SC kann að hlutast til um, að eitthvert dótturfélag ES eða SC, eftir því sem við getur átt, greiði fyrir eigin hönd eða fyrir hönd ES eða SC.
2. Greiðslur til ES og SC á arði, útlögðu fé, eða annars samkvæmt samningi þessum og samkvæmt tæknisamningnum, sölusamningnum eða umboðssölusamningnum mega fara fram í þeim frjálsa gjaldeyri og á þann venjulega hátt um slíkar peningasendingar, sem ES eða SC kunna að kjósa, og skulu íslensk banka- og yfirfærslugjöld, sem um þær gilda, vera í samræmi við venjulegar bankareglur. Ef slík greiðsla er innt af hendi frá stað utan Íslands, er óskýlt að greiða af henni íslensk yfirfærslugjöld.

**12. gr. - Sköttun Járblendifélagsins.**

1. Járblendifélagið skal greiða tekjuskatt og eignarskatt og önnur opinber gjöld, sem almennt eru álögð á Íslandi, eftir þeim reglum, sem um þau gilda samkvæmt lögum á hverjum tíma, nema að því leyti, sem mælt er á annan veg í þessari grein og 14. grein, sbr. 7. og 9. gr. heimildarlaganna.
2. Ef íslenskum lagareglum um tekjuskatt og eignarskatt eða önnur opinber gjöld er breytt frá því, sem í gildi var hinn 26. apríl 1975, skal Járblendifélagið jafnan eiga sama rétt og aðrir íslenskir aðilar, sem hafa hliðstætt rekstrarform og stunda hliðstæða starfsemi, til að njóta þeirra hlunninda, sem um er að ræða eftir hinum breyttu reglum, og skal félaginu ekki íþyngt með álögum umfram þessa aðila. Með hliðstæðri starfsemi í þessu sambandi skal telja orkufrekan iðnað og annan meiriháttar framleiðsluiðnað rekinn af aðilum, sem háðir eru almennum skattalögum á Íslandi á viðkomandi sköttunarsviði, en þó að undanskildum iðnaði, sem sérstaklega er helgaður vinnslu íslenskra sjávarafurða og landbúnaðarafurða.
3. Eftirfarandi reglur skulu gilda gagnvart Járblendifélaginu að því er varðar skatta á nettótekjur og aðra skatta, sem að neðan greinir, án tillits til breytinga, sem verða kunna á almennum íslenskum lögum um þá skatta:
  - (a) Járblendifélaginu skal ávallt heimilt að halda varasjóð, myndaðan af skattfrjálsum framlögum, að því marki, sem um ræðir í 2. mgr. 17. gr. tekjuskattslaga, sem í gildi voru hinn 26. apríl 1975 (lög nr. 68/1971, með breytingum skv. lögum nr. 7/1972 og öðrum áorðnum breytingum til þess dags), og eftir þeim reglum, sem gilda um slíkan varasjóð samkvæmt þeim lögum.
  - (b) Járblendifélaginu skal ávallt heimilt að draga frá hreinum tekjum sínum á ári hverju sem svarar allt að 10% af nafnverði hlutafjár þess með sama hætti og um getur í 1. mgr. 17. gr. tekjuskattslaga, sem í gildi voru hinn 26. apríl 1975. Má sá frádráttur vera fyrir fjárhæðum, er félagið borgar út jafnóðum sem arð á því ári, og/eða fjárhæðum, er félagið leggur til hliðar á árinu í sjóð til fjárfestingar og rekstursþarfa. Úr sjóði þeim, sem lagður er til hliðar samkvæmt ákvæði þessu, má síðar úthluta arði og greiða hann, án þess að slíkt skerði rétt félagsins til frádráttar vegna útborgaðs arðs á því ári, er greiðsla fer fram.
  - (c) Járblendifélaginu skal ávallt heimilt að auka hlutafé sitt með útgáfu jöfnunarhlutabréfa án þess að nafnverð þeirra teljist til skattskyldra tekna hjá hluthöfum þess, innan þeirra marka, sem um ræðir í 2. mgr. D-liðs 1. mgr. 7. gr. tekjuskattslaga, er í gildi voru hinn 26. apríl 1975.
  - (d) Járblendifélagið skal greiða árlegt landsútsvar, er nemi 0,5% hið mesta af rekstrarútgjöldum þess næstliðið almanaksár samkvæmt ákvæðum íslenskra skattalaga (þar með taldar fyrningar og vöru- og efnisnotkun), þó ekki af hærri upphæð en sem nemi brúttótekjum félagsins á árinu. Verður landsútsvarið lagt á atvinnurekstur félagsins sem heild og kemur í stað aðstöðugjalds á þann rekstur samkvæmt V. kafla laga nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga, og annarra gjalda, er leysa kynnu aðstöðugjaldið af hólmi.

**13. gr. - Um skattskyldu ES og SC á Íslandi.**

1. Um skattskyldu ES sem hluthafa í Járblendifélaginu og að öðru leyti í sambandi við starfsemi þess samkvæmt samningi þessum, tæknisamningnum eða sölusamningnum skal fara eftir ákvæðum samnings milli Íslands og Noregs um að komast hjá tvísköttun, eins og hann er í gildi á hverjum tíma. Ef ekki og þar til samningur um að komast hjá tvísköttun er gerður milli Íslands og Japan, skal nefndur samningur einnig gilda um

skattskyldu SC sem hluthafa í Járblendifélaginu og að öðru leyti í sambandi við starfsemi þess samkvæmt samningi þessum eða umboðssölusamningnum. Jafnframt skulu eftirfarandi reglur gilda gagnvart ES og SC án tillits til breytinga á íslenskum skattalögum, sbr. 8. gr. heimildarlaganna, svo og gagnvart dótturfélögum ES og SC, eftir því sem við á:

- (a) Tekjuskattur ES og SC á arð af hlutafjäreign þeirra í Járblendifélaginu, sem kann að vera skattskyldur samkvæmt tekjuskattslögum miðað við 26. apríl 1975 eða síðari lögum, skal vera 5% - fimm af hundraði - fyrir bæði ES og SC nema lögin eða milliríkjasamningurinn milli Íslands og Noregs, eða milliríkjasamningur milli Íslands og Japan (eftir því sem við á) kveði á um lægra gjald, enda eigi ES og/eða SC þá ekki minna en sem svarar 10% af útistandandi hlutafé Járblendifélagsins. Ber Járblendifélaginu að halda skatti þessum eftir við útborgun arðsins og skila honum til hlutaðeigandi yfirvalda á greiðsluárinu. Í þessu sambandi ber að meðhöndla úthlutun á verðmætum til ES og SC við slit á Járblendifélaginu eða við sölu á hlutabréfum sem innlausn á hlutabréfum, og skal ágóði til ES og SC, sem um er að ræða, metinn sem tekjur af innlausninni og skattlagður sem arður.
- (b) ES og SC skulu ekki talin hafa fasta starfstöð á Íslandi vegna umgetinna tengsla sinna við Járblendifélagið, og greiðslur til ES og SC í formi þjónustugjalda, markaðssetningargjalda, umboðslauna og vaxta skulu ekki háð sköttun á Íslandi. Hið sama skal gilda um greiðslur til ES fyrir tækjabúnað samkvæmt tæknisamningnum.

#### 14. gr. - Innflutningsgjöld og söluskattur.

1. Innflutningur af hálfu Járblendifélagsins á byggingarefni, vélum og búnaði og öðrum fjárfestingarvörum og varahlutum til verksmiðjunnar og reksturs hennar og tengdra mannvirkja, skal undanþeginn íslenskum aðflutningsgjöldum og söluskatti á innflutning. Ríkisstjórnin mun einnig fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og/eða söluskatt af efni og þjónustu, sem keypt er innanlands vegna byggingar verksmiðjunnar, innan þeirra marka, sem fjármálaráðuneytið ákveður á hverjum tíma á grundvelli heimildarlaganna.
2. Innflutningur af hálfu Járblendifélagsins á hráefnum og rekstrarvörum, sem beinlínis eru notaðar í framleiðslu á útflutningsvörum frá verksmiðjunni, skal undanþeginn tollum á innflutning og útflutning og söluskatti frá Íslandi, svo og sala til útlanda á framleiðsluvörum félagsins.
3. Undanþágur þær, sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, hafa verið nánar skilgreindar með reglum, útgefnum af fjármálaráðuneytinu hinn 11. maí 1977, sem hafa að geyma fyrirmæli um þær verklagsreglur, sem Járblendifélaginu og verktökum þess og efnisselgjendum ber að fylgja til að fá undanþáguna í hverju tilviki.
4. Raforka, sem afhent er til reksturs verksmiðjunnar, skal undanþeginn íslenskum söluskatti og verðjöfnunargjaldi á raforku og öllum öðrum sköttum eða gjöldum, sem álögð eru á Íslandi nú eða síðar á afhendingu, kaup, notkun eða neyslu rafmagns.
5. Ákvæði 1. og 4. gr. þessarar greinar skulu gilda um verksmiðjuna eins og hún er byggð og rekin á grundvelli rafmagnssamningsins. Ef svo fer, að verksmiðjan verði stækkuð á grundvelli frekari breytinga á rafmagnssamningnum eða frekari rafmagnsafhendingar, sem Járblendifélagið semur um með öðrum hætti, mun ríkisstjórnin ákveða á þeim tíma, hvort ákvæðin skuli gilda um þá stækkun og að hve miklu leyti.

**V. KAFLI - FYRIRHEIT****15. gr. - Ríkisstjórnin.**

1. Ríkisstjórnin skal gera allar ráðstafanir, sem á hennar valdi eru, til að hlutast til um, að Járnblendifélagið efni skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum, tæknisamningnum, sölusamningnum og umboðssölusamningnum, fljótt og samviskusamlega í samræmi við ákvæði þeirra.
2. Ríkisstjórnin skal gera þær ráðstafanir, sem á hennar valdi eru og nauðsynlegar eru og viðeigandi samkvæmt íslenskum lögum, til að framkvæma samning þennan, heimildarlögin og samninga þá og önnur skjöl, sem honum eru til fullnustu, til að gera ES og SC og öðrum aðilum að samningunum kleift að rækja hinar ýmsu skuldbindingar sínar samkvæmt þeim, og til að tryggja, að síðari tíma löggjöf fari ekki í bága við þá.
3. Ríkisstjórnin mun gera allar ráðstafanir, sem á hennar valdi eru og nauðsynlegar eru og viðeigandi samkvæmt íslenskum lögum, til verndar ES og SC og eignum, réttindum og starfsliði þeirra, sem á hverjum tíma er á Íslandi eða háð íslenskri lögsögu, og til að tryggja ES og SC tafarlaugar og fullar bætur fyrir og vegna allra þeirra eigna eða réttinda, sem skert kunna að verða eða þau kunna að verða svipt fyrir tilstilli ríkisstjórnarinnar eða einhverrar stjórnardeildar eða stofnunar hennar eða íslenska ríkisins.

**16. gr. - ES.**

1. ES skal efna hinar ýmsu skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum, tæknisamningnum, sölusamningnum og umboðssölusamningnum fljótt og samviskusamlega í samræmi við ákvæði þeirra. ES skal hlutast til um, að dótturfélög ES, sem kynnu að taka á sig skuldbindingar samkvæmt umræddum samningum eða á annan hátt gagnvart Járnblendifélaginu eða ríkisstjórninni, efni þær skuldbindingar sínar á sama hátt.

**17. gr. - SC.**

1. SC skal efna hinar ýmsu skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum og umboðssölusamningnum fljótt og samviskusamlega í samræmi við ákvæði þeirra. SC skal hlutast til um, að dótturfélög SC, sem kynnu að taka á sig skuldbindingar samkvæmt umræddum samningum eða á annan hátt gagnvart Járnblendifélaginu eða ríkisstjórninni, efni þær skuldbindingar sínar á sama hátt.

**18. gr. - Ýmis ákvæði.**

1. Samningur þessi og samningar þeir og önnur skjöl, sem honum eru til fullnustu, eru til þess ætluð að veita, staðfesta og vernda hin ýmsu réttindi, heimildir, eignir og hagsmuni ríkisstjórnarinnar, íslenska ríkisins, ES, dótturfélaga ES, SC, dótturfélaga SC, Landsvirkjunar og Járnblendifélagsins, nema hið gagnstæða sé sérstaklega tekið fram.
2. Að frátöldu því sem segir í 21. gr., skulu engin ákvæði samnings þessa eða samninga þeirra sem honum eru til fullnustu, valda því eða verða skýrð þannig, að ES eða dótturfélög ES verði talin háð annarri lögsögu en Noregs eða stunda viðskipti annars staðar en í því landi, nema þegar ES eða dótturfélag ES vinnur að verkfræðivinnu á verksmiðjulóðinni.
3. Enda þótt hið gagnstæða kynni að felast í samningi þessum, eða í þeim samningum og öðrum skjölum, sem honum eru til fullnustu, skal ES eigi þurfa að brjóta eða eiga á hættu að brjóta nokkur lög, reglur, fyrirmæli eða reglugerðir konungsríkisins Noregs eða nokkurrar stofnunar þess eða dómstóls þar í landi. Hið sama skal eiga við um dótturfélög ES gagnvart þeim þjóðlöndum þar sem þau eru skrásett eða reka atvinnu.
4. Að frátöldu því sem segir í 21. gr., skulu engin ákvæði samnings þessa eða samninga þeirra sem honum eru til fullnustu, valda því eða verða skýrð þannig, að SC eða

dótturfélög SC verði talin háð annarri lögsögu en Japan eða stunda atvinnu annars staðar en í því landi.

5. Enda þótt hið gagnstæða kynni að felast í samningi þessum, eða í þeim samningum og öðrum skjölum, sem honum eru til fullnustu, skal SC eigi þurfa að brjóta eða eiga á hættu að brjóta nokkur lög, reglur, fyrirmæli eða reglugerðir Japans eða nokkurrar stofnunar þess eða dómstóls þar í landi. Hið sama skal eiga við um dótturfélög SC gagnvart þeim þjóðlöndum þar sem þau eru skrásett eða reka atvinnu.

## VI. KAFLI - LÖG OG LAUSN DEILUMÁLA

### 19. gr. - Lög þau sem fara skal eftir.

1. Um skýringu, túlkun og framkvæmd samnings þessa, tæknisamningsins, sölusamningsins og umboðssölusamningsins skal fara og ráðast eftir íslenskum lögum.

### 20. gr. - Viðurkenndir textar.

1. Samningur þessi er gerður bæði á íslensku og ensku, og skulu báðir þeir textar vera viðurkenndir og jafnir að gildi og þýðingu. Tæknisamningurinn, sölusamningurinn og umboðssölusamningurinn skulu allir gerðir á ensku, og skal sá texti vera hinn viðurkenndi texti þeirra.
2. Samningur þessi, tæknisamningurinn, sölusamningurinn og umboðssölusamningurinn skulu hver um sig undirritaðir og afhentir af viðkomandi samningsaðilum í fjórum eintökum af hverjum viðurkenndum texta. Hvert slíkt eintak, sem verið hefur réttilega undirritað og afhent af viðkomandi samningsaðilum, skal vera viðurkennt frumrit og jafnt að gildi á við önnur sams konar eintök, er einnig hafa verið réttilega undirrituð og afhent af viðkomandi samningsaðilum.
3. Enskar útgáfur, sem ES eða SC kann að óska eftir, af stofnsamningi og samþykktum Járnblendifélagsins og þeim öðrum samningum og skjölum, sem samningi þessum eru til fullnustu eða til er vísað í honum, skulu gerðar af Járnblendifélaginu. Hið sama skal gilda um íslenskar útgáfur af tæknisamningnum eða sölusamningnum eða umboðssölusamningnum, sem ríkisstjórnin kann að óska eftir.

### 21. gr. - Deilumál<sup>1)</sup>.

1. Ef svo fer á þeim tíma, sem samningur þessi, tæknisamningurinn, sölusamningurinn og umboðssölusamningurinn, eða einhver þeirra, eru í gildi, eða síðar, að ágreiningur risi eða kröfur vegna einhvers þeirra eða í sambandi við þá, skýringu þeirra, merkingu, gildi eða framkvæmd, réttindi eða skyldur samkvæmt þeim, eða efndir eða vanefndir á einhverju af ákvæðum þeirra, skulu viðkomandi aðilar að þeim samningum, sem ágreiningurinn eða krafan hefur risið af, freista þess að leysa málið án tafar með samkomulagi sín í milli.

<sup>1)</sup> Í 6. gr. fyrsta viðauka við aðalsamninginn er að finna sérstaka reglu varðandi deilumál sem upp kunna að koma og tengjast framkvæmd samnings varðandi útgáfu hlutabréfa og stækkun Íslenska járnblendifélagsins hf. Ákvæði þetta er svohljóðandi:

#### 6. gr.

**Grein 6.1** Ef ekki leiðir annað af samhenginu, skulu hugtök sem notuð eru í þessum viðauka 1, hafa sömu merkingu og þeim eru gefin í aðalsamningnum. Skuldbindingar samkvæmt þessum viðauka 1 skulu hafa sama gildi og samskonar skuldbindingar samkvæmt aðalsamningnum. Ákvæði aðalsamningsins varðandi óviðráðanleg öfl (force majeure), vanefndir og galla, lög þau sem fara skal eftir, deilumál og viðurkennda texta skulu einnig gilda um þennan viðauka 1. Hins vegar skulu ákvæði 9. gr. samningsins varðandi útgáfu hlutabréfa og stækkun Íslenska járnblendifélagsins hf. gilda um úrlausn ágreiningsmála, að því leyti sem framkvæmd þessa viðauka 1 tengist framkvæmd eða túlkun samningsins varðandi útgáfu hlutabréfa og stækkun Íslenska járnblendifélagsins hf.



2. Ef aðilum að ágreiningi eða kröfu, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, mistekst af einhverjum ástæðum að leysa málið skjótlega með samkomulagi, er hverjum málsaðila heimilt að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar, ES og SC til lausnar á því með samkomulagi milli ríkisstjórnarinnar, ES og SC. Jafnframt þessu er ríkisstjórninni, ES eða SC, hvenær sem er, heimilt að krefjast þess, að sérhverjum slíkum ágreiningi eða kröfu verði vísað af aðilum málsins til ríkisstjórnarinnar, ES og SC til lausnar með samkomulagi þeirra í milli.
3. Ef ríkisstjórninni, ES og SC tekst ekki af einhverjum ástæðum að leysa með samkomulagi einhvern ágreining eða kröfu, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal málinu vísað til dómstóla eins og mælt er um hér á eftir.
4. Ríkisstjórnin, ES og SC samþykkja hér með, að bæjarþing Reykjavíkur skuli eiga fulla lögsögu varðandi sérhvern ágreining eða kröfu, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, að áskildu málskoti til Hæstaréttar eftir því, sem heimilt er að lögum. Járnblendifélagið, dótturfélög ES og dótturfélög SC fallast á þessa lögsögu á sama hátt með samþykki sínu á samningi þessum.
5. ES og dótturfélög ES og SC og dótturfélög SC skulu hvert um sig tilnefna skriflega fyrirvarsmann búsettan á Íslandi, er hafi fullt umboð til að taka við stefnu fyrir þeirra hönd fyrir dómstólum á Íslandi í hverju máli, sem skotið er til þeirra dómstóla í samræmi við 4. mgr. þessarar greinar, og sérhver slík stefna skal teljast nægilega birt er hún hefur verið birt þessum fyrirvarsmanni innan þess frests, er lög kveða á um.
6. Hvers konar mót af hálfu ES eða dótturfélaga ES eða SC eða dótturfélaga SC fyrir íslenskum dómstóli samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal vera og teljast sérstakt mót í þeim tilgangi, sem þar er um að ræða, og skal ekki valda því, að ES eða dótturfélög þess eða SC eða dótturfélög þess verði að öðru leyti háð íslenskri lögsögu.

## VII. KAFLI - ÝMIS ÁKVÆÐI

### 22. gr. - Gildistími samningsins.

1. Samningur þessi skal öðlast gildi þann dag, er ríkisstjórnin, ES og SC hafa undirritað hann, enda hafi samningar þeir, sem taldir eru í stafliðum (a) til og með (d) hér að neðan, verið undirritaðir eða samþykktir í því formi, sem ríkisstjórnin, ES og SC samþykkja, og að þeim aðgerðum, sem vísað er til í stafliðum (e) til og með (g) hér að neðan, hafi verið lokið með þeim hætti, sem ríkisstjórnin, ES og SC telja fullnægjandi:
  - (a) Sölusamningurinn;
  - (b) Umboðssölusamningurinn;
  - (c) Annar viðauki við rafmagnssamninginn;
  - (d) Samningurinn um framsal hlutabréfa;
  - (e) Staðfesting af hálfu Norræna fjárfestingarbankans, A/S Eksportfinans og Norsku ábyrgðarstofnunarinnar á samþykki við endurfjármögnun Járnblendifélagsins og þessum samningi og þeim öðrum samningum og viðaukum sem vísað er til í stafliðum (a) til og með (d);
  - (f) Útgáfa Noregsbanka á gjaldeyrisleyfi til handa ES;
  - (g) Ríkisstjórnin og ES hafi afhent SC skriflega yfirlýsingu sem staðfesti að endurfjármögnun Járnblendifélagsins samkvæmt 4., 5. og 6. mgr. 3. gr. þessa samnings hafi verið lokið að öllu leyti.
2. Aðilarnir skulu reyna sitt besta til að fá nauðsynlegt samþykki frá viðkomandi stjórn-sýsluhöfum. ES og SC lýsa yfir að þau hafa nú þegar öll nauðsynleg samþykki og heimildir innan eigin fyrirtækja og frá viðeigandi stjórnsýsluhöfum.

3. Gildistökuþagur samnings þessa, svo sem hann er ákveðinn eftir 1. mgr. þessarar greinar, skal tiltekinn skriflega og staðfestur með undirskrift ríkisstjórnarinnar, ES og SC. Ef þeim málefnum, sem um ræðir í staflíðum (a) til og með (g) í 1. mgr. þessarar greinar hefur ekki verið ráðið til lykta fyrir 30. september 1984, skal samningur þessi ekki öðlast gildi, nema ríkisstjórnin, ES og SC semji skriflega um annað sín í milli.
4. Frá og með gildistökuþegi samnings þessa samkvæmt 1. og 3. mgr. þessarar greinar skal samningurinn haldast í gildi meðan í gildi eru tæknisamningurinn, sölusamningurinn og umboðssölusamningurinn og aðrir samningar milli ES eða dótturfélaga ES og/eða SC eða dótturfélaga SC annars vegar og Járnblendifélagsins hins vegar, sem gerðir eru í stað þeirra eða í svipuðu skyni og ríkisstjórnin kann að samþykkja, svo og rafmagnssamningurinn, eða meðan einhverjir þessara samninga eru í gildi, og svo lengi sem ES og/eða SC (eða framsalshafi ES og/eða SC skv. 9. mgr. 2. gr. samnings þessa) er hluthafi í Járnblendifélaginu eða lánardrottinn Járnblendifélagsins vegna hluthafalána eða einhverra svipaðra skuldbindinga eða er aðili að samningum við ríkisstjórnina, sem gerðir eru samningi þessum til fullnustu, allt eftir því, sem kann að þurfa vegna þeirra hagsmuna, sem samningi þessum er ætlað að staðfesta og vernda í hverju tilviki.
5. Ákvæði 12., 13. og 14. gr. samnings þessa skulu haldast í gildi um hinn upphaflega samningstíma sölusamningsins og rafmagnssamningsins, sem vísað er til í 8. og 11. mgr. þessarar greinar, og um þann viðbótartíma annars hvors þessara samninga eða annarra samninga, er leysa þá af hólmi, sem ríkisstjórnin kann að ákveða við samningsframlenginguna eða samningsskiptin. Ef hinn tilgreindi gildistími nefndra ákvæða rennur út, skulu þau eigi að síður gilda áfram að því leyti, sem nauðsynlegt er til að ná tilgangi þeirra varðandi hagsmunum, sem skapast hafa á gildistíma þeirra.
6. Hinn óákveðni gildistími samnings þessa skal hvorki verða til að lengja né breyta á annan hátt neinum gildistíma, sem tilgreindur er í nokkrum öðrum samningum milli ríkisstjórnarinnar, ES, dótturfélaga ES, SC, dótturfélaga SC, Járnblendifélagsins og Landsvirkjunar, eftir því sem við á.
7. Svo fremi að eigi verði skriflega samið um annað milli ríkisstjórnarinnar, ES og SC, skal 3. kafli tæknisamningsins vera í gildi í fimmtán (15) ár frá fyrsta afhendingardegi rafmagns til verksmiðjunnar.
8. Sölusamningurinn skal haldast í gildi á meðan ES (eða eitthvert dótturfélag ES) er hluthafi í Járnblendifélaginu, en ekki í lengri tíma en tuttugu (20) ár frá fyrsta afhendingardegi rafmagns. Innan fimmtán (15) ára frá fyrsta afhendingardegi rafmagns skulu ríkisstjórnin og ES þó hafa lokið viðræðum um framlengingu á sölusamningnum um eigi minna en tíu (10) ára skeið frá ofangreindum lokadegi hans með skilmálum, sem báðir geti fellt sig við.
9. Umboðssölusamningurinn skal haldast í gildi á meðan SC (eða eitthvert dótturfélag SC) er hluthafi í Járnblendifélaginu, en ekki í lengri tíma en tuttugu (20) ár frá fyrsta afhendingardegi rafmagns. Innan fimmtán (15) ára frá fyrsta afhendingardegi rafmagns skulu ríkisstjórnin, ES (að því tilskildu að ES sé á þeim tíma hluthafi í Járnblendifélaginu) og SC þó hafa lokið viðræðum um framlengingu á sölusamningnum um eigi minna en tíu (10) ára skeið frá ofangreindum lokadegi hans með skilmálum, sem allir geti fellt sig við.
10. Ef sölusamningurinn rennur út, eða gildistíma hans lýkur á annan hátt, og ríkisstjórnin og/eða Járnblendifélagið, eftir því sem við á, æskja þess, að einhver annar aðili en þau sjálf selji framleiðsluvöru Járnblendifélagsins til útflutnings frá Íslandi, skal ríkisstjórnin veita, eða gera allt sem í hennar valdi stendur til að Járnblendifélagið veiti, ES tækifæri til að fá þá samninga, sem ríkisstjórnin, eða eftir atvikum Járnblendifélagið, mundi veita viðvíkjandi útflutningssölu á framleiðsluvörum Járnblendifélagsins, með eigi

lakari kjörum og skilmálum en öðrum á að bjóða, aður en öðrum eru gerð nokkur bindandi skilorðslaus tilboð eða veittur slíkur samningur. Hið sama skal gilda um SC (og gengur framur rétti ES samkvæmt framansögðu) ef umboðssölusamningurinn rennur út, eða gildistíma hans lýkur á annan hátt, og ríkisstjórnin og/eða Járnblendifélagið, eftir því sem við á, æskja þess, að einhver annar aðili en þau sjálf selji framleiðsluvöru Járnblendifélagsins til Japan.

11. Rafmagnssamningurinn skal haldast í gildi um tuttugu (20) ára skeið frá fyrsta afhendingardegi rafmagns. Innan fimmtán (15) ára frá fyrsta afhendingardegi rafmagns skulu Landsvirkjun, Járnblendifélagið, ríkisstjórnin, ES og SC þó hafa lokið viðræðum um framlengingu á rafmagnssamningnum um eigi minna en tíu (10) ára skeið frá ofangreindum lokadegi hans, með skilmálum sem þessir aðilar geti fellt sig við.

### 23. gr. - Breytingar og uppsögn.

1. Heimilt er að breyta eða segja upp samningi þessum, tæknisamningnum, sölusamningnum og umboðssölusamningnum hvenær sem er, hvort heldur er að hluta eða öllu leyti, en einungis með skriflegum samningi, sem réttilega er undirritaður og afhentur af hálfu ríkisstjórnarinnar, ES og SC, svo og Járnblendifélagsins, eftir því sem við á, og að áskildu samþykki Alþingis, ef það er tilskilið í því tilviki sem um er að ræða. Hið sama skal gilda um breytingar og uppsögn á rafmagnssamningnum.
2. Ef til þess kemur að Samkeppnisráð Japans ráðleggi eða mæli með aðlögun, breytingu, viðbót og/eða brottfalli einhverra skilyrða og skilmála samnings þessa, samkvæmt „lögum varðandi bann við einokun einkaaðila og aðgerðir til að tryggja sanngjörn viðskipti“ sem gilda í Japan, skal SC þegar í stað tilkynna ríkisstjórninni og ES skriflega (og láta fylgja afrit af bréfi frá Samkeppnisráði Japans í enskri þýðingu) um slíkar ráðleggingar eða meðmæli. Aðilarnir samþykkja að ganga til samninga með góðum vilja um að aðlaga, breyta, bæta við og/eða fella brott þau skilyrði og skilmála sem við á í samningi þessum til samræmis við ráðleggingar eða meðmæli innan 6 mánaða frá undirritun samnings þessa.
3. Samningur þessi, heimildarlögin og þeir samningar og önnur skjöl, sem honum eru til fullnustu, skulu koma í stað allra fyrri samninga og viljayfirlýsinga. Frá og með þeim degi, sem samningur þessi tekur gildi, skal hvorugur aðilanna vera bundinn af neinum undanfarandi bréfaskiptum eða viljayfirlýsingum eða af neinu, sem eigi er skriflegt og undirritað af þeim aðila, sem af því skal bundinn eða felst í heimildarlögunum.
4. Á þeim degi sem samningur þessi tekur gildi skal aðalsamningurinn frá 1976 falla úr gildi án frekari aðvörunar og samningur þessi skal ganga framur öllum ákvæðum fyrrnefnds samnings.

### 24. gr. - Óviðráðanleg öfl.

1. Ríkisstjórnin og eftir atvikum ES, SC, Járnblendifélagið, dótturfélög ES og dótturfélög SC, eftir því sem við á, skulu ekki bera ábyrgð á neinum drætti eða vanefnd samkvæmt samningi þessum, ef drátturinn eða vanefndin stafar af hernaði, eða af efnahagslegu umróti samfara honum; innflutnings- eða útflutningsbanni; skorti á vinnuafli, hráefni eða öðrum vörum, framleiðslutækjum eða flutningum; af vinnudeilum; hvers konar borgaralegum óeirðum; aðgerðum stjórnvalda eða hernaðaryfirvalda; eldsvoða; flóðum; jarðskjálftum; eldgosum; eða af nokkurri annarri ástæðu, hverju nafni sem nefnist, sem er óviðráðanleg þeim aðila, sem sagður er hafa vanefnt eða valdið drætti, og í öllum slíkum tilfellum skal sá aðili, sem vanefnt hefur eða valdið drætti, hefja efndir að nýju svo fljótt sem unnt er, og aðilunum hverjum um sig skal heimilt að grípa til allra aðgerða, er samrýmast samningi þessum, til að forða eða draga úr óhagstæðum áhrifum

slíkrar vanefndar eða dráttar. Framanritað skal á sama hátt gilda um alla samninga, sem gerðir eru til fullnustu á samningi þessum, þar sem ekki eru ákvæði um óviðráðanleg öfl.

2. Áskilið er og samþykkt, að gagnvart samningi þessum skuli allar aðgerðir íslenska ríkisins og hinna ýmsu stofnana þess taldar vera á valdi ríkisstjórnarinnar, nema ríkisstjórnin geti óvefengjanlega sannað hið gagnstæða.

### 25. gr. - Framsal.

1. Samningur þessi verður hvorki framseldur með viljayfirlýsingu samningsaðila né fyrir tilverknað lagaákvæða, nema til komi áður skriflegt samþykki gagnaðilans í formi breytingar á samningi þessum samkvæmt 1. mgr. 23. gr. samningsins.
2. Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar skulu ekki verða eða vera talin því til fyrirstöðu, að ES eða SC framselji samning þennan einhverju dótturfélaga ES eða dótturfélaga SC, að einhverju eða öllu leyti, hvenær sem er, en þó þannig að framseljandi takist áður á hendur skilorðslaust gagnvart hinum hluthöfunum að ábyrgjast fullar og samviskusamlegar efndir af hendi sérhvers slíks framsalshafa.

### 26. gr. - Tilkynningar.

1. Allar tilkynningar, sem leyft er eða skylt er að senda samkvæmt samningi þessum, skulu vera skriflegar, og hafi viðtakandi ekki fallist á aðra aðferð, þá skulu þær sendar með símskeyti, er verði staðfest með ábyrgðarbréfi í flugpósti, eða sendandi sjálfur afhenda þær viðtakanda, á þann stað, sem tilgreindur er við nafn hans:

Ríkisstjórnin:           Iðnaðarráðherra,  
Reykjavík, Íslandi

ES:                        Elkem a/s,  
Middelthunsgate 27,  
Oslo, Noregi

SC:                        Sumitomo Corporation  
1-1, Hitotsubashi 2-chome,  
Chiyoda-ku, Tókýó, Japan

2. Hverjum framangreindum aðila er hvenær sem er heimilt að senda hinum aðilunum skriflega tilkynningu um breytingu á heimilisfangi í því tilliti, sem um ræðir í þessari grein.
3. Allar tilkynningar sem leyft er eða skylt er að senda samkvæmt samningi þessum, skulu vera á ensku eða á tungumáli gagnaðila, sem sendir eða tekur við tilkynningu, ásamt enskri þýðingu. Samskipti á milli Járblendifélagsins og SC skulu fara fram á ensku.

### 27. gr. - Ýmislegt.

1. Hinir ýmsu titlar eða fyrirsagnir hinna ýmsu kafla, greina og málsgreina þessa samnings eru eingöngu til hagræðis við tilvísun og skipta eigi máli um skýringu eða túlkun á samningnum.

FRAMANRITUÐU TIL STAÐFESTU hefur samningur þessi verið undirritaður af hálfu ríkisstjórnarinnar, ES og SC miðað við þann dag, er í upphafi greinir.

Undirritaðir staðfesta hér með ofangreindan samning sem íslenska útgáfu aðalsamnings dags. 13. september 1984 og fyrsta viðauka við aðalsamning dags. 12. mars 1997.

Reykjavík, 13. júní 1997.  
Fyrir RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS,  
*Finnur Ingólfsson*

Fyrir ELKEM A/S  
*Marius Grønningseter*

Fyrir SUMITOMO CORPORATION  
*Mitsuhiko Yamada*

## AUGLÝSING

### um erindisbréf skólameistara í framhaldsskólum.

Með vísan til 38. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins hefur menntamálaráðherra hinn 1. júlí sl. sett skólameisturum eftirtalinna framhaldsskóla erindisbréf:

Menntaskólans í Reykjavík,  
Kvennaskólans í Reykjavík,  
Íónskólans í Reykjavík,  
Menntaskólans við Sund,  
Menntaskólans við Hamrahlíð,  
Stýrimannaskólans í Reykjavík,  
Vélskóla Íslands,  
Fjölbrautaskólans við Ármúla,  
Fjölbrautaskólans í Breiðholti,  
Borgarholtsskóla,  
Menntaskólans í Kópavogi,  
Fjölbrautaskólans í Garðabæ,  
Flensborgarskólans í Hafnarfirði,  
Íónskólans í Hafnarfirði,  
Fjölbrautaskóla Suðurnesja,  
Fjölbrautaskóla Vesturlands Akranesi,

Framhaldsskóla Vestfjarða,  
Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki,  
Menntaskólans á Akureyri,  
Verkmenntaskólans á Akureyri,  
Framhaldsskólans á Húsavík,  
Framhaldsskólans á Laugum,  
Menntaskólans á Egilstöðum,  
Verkmenntaskóla Austurlands,  
Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu,  
Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi,  
Menntaskólans að Laugarvatni,  
Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum,  
Framhaldsskólans í Skógum,  
Hússtjórnarskólans í Reykjavík,  
Hússtjórnarskólans á Hallormsstað.

Erindisbréf skólameistara framhaldsskóla eru efnislega samhljóða að breyttu breytanda og birtist sýnishorn erindisbréfs skólameistara sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 4. júlí 1997.*

F. h. r.

**Guðríður Sigurðardóttir.**

*Bórunn J. Hafstein.*

**Fylgiskjal:****ERINDISBRÉF****fyrir skólameistara Iðnskólans í Reykjavík samkvæmt 38. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.**

## 1. gr.

Iðnskólinn í Reykjavík starfar samkvæmt lögum nr. 80/1996 um framhaldsskóla og reglugerðum sem settar eru á grundvelli þeirra laga svo og aðalnámskrá framhaldsskóla.

Skólameistari Iðnskólans í Reykjavík er ábyrgur gagnvart menntamálaráðherra fyrir rekstri og starfsemi skólans. Honum ber að framfylgja lögum og reglugerðum, sem um skólann gilda, stjórnvaldsfyrirmælum og kjarasamningum á hverjum tíma og stýra starfi hans í samræmi við erindisbréf þetta svo og gildandi samning milli skólans og menntamálaráðuneytisins.

Skólameistara ber einnig að gæta ákvæða stjórnáskýslulaga nr. 37/1993 og upplýsingalaga nr. 50/1996, svo og annarra laga og reglugerða sem snerta kunna embættið eða einstök verkefni skólans.

## 2. gr.

Skólameistari Iðnskólans í Reykjavík veitir skólanum forstöðu og stýrir starfi hans í samræmi við erindisbréf þetta. Hann ber ábyrgð á faglegu starfi skólans, öllum rekstri og fjárreiðum. Skólameistari skipar störfum starfsliðs eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð sem sett er á grundvelli 11. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996.

Skólameistari er framkvæmdastjóri skólanefndar og situr fundi hennar. Hann er einnig oddviti skólaráðs og situr lögum samkvæmt í samstarfsnefnd framhaldsskóla.

## 3. gr.

Meginmarkmið og helstu verkefni Iðnskólans í Reykjavík eru tilgreind í lögum og reglugerðum um framhaldsskóla svo og aðalnámskrá framhaldsskóla og skólanámskrá Iðnskólans í Reykjavík. Skólameistara er falin ábyrgð á að unnið sé að þeim.

Skólameistari vinnur með skólanefnd að stefnumótun og gerð starfs- og fjárhagsáætlunar fyrir skólann til þriggja ára í senn þar sem meginmarkmið og verkefni skólans eru nánar skilgreind. Áætlunina skal endurskoða árlega. Skólameistara ber að öðru leyti að starfa samkvæmt stefnu menntamálaráðherra hverju sinni í skólamálum og fyrirmælum menntamálaráðuneytisins á hverjum tíma.

## 4. gr.

Skólameistari ber ábyrgð á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma skólans sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir skólans séu nýttir á árangursríkan hátt, sbr. 38. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Hann vinnur með skólanefnd að gerð árlegrar starfs- og fjárhagsáætlunar vegna undirbúnings fjárlaga. Henni skal fylgja greinargerð um hvernig starfsmarkmiðum skólans, sbr. einnig 3. gr., verði náð svo og ársskýrsla liðins árs með greinargerð um starfsemi skólans það ár.

## 5. gr.

Skólameistari ræður starfsfólk skólans að höfðu samráði við skólanefnd, gerir við það ráðningarsamning og hefur yfirumsjón með framkvæmd þeirra í samræmi við lög um

réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og gildandi kjarasamninga og reglugerð sem sett er á grundvelli 11. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996.

Skólameistari skal í samvinnu við starfsfólk kosta kapps um að tilhögun skólastarfsins og verkaskipting innan skólans stuðli að skilvirkni og hagkvæmni.

Skólameistari hefur yfirumsjón með húsakynnum skólans, búnaði og öðrum eignum hans.

6. gr.

Erindisbréf þetta, sem sett er samkvæmt 38. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og með skírskotun til laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla, öðlast þegar gildi og gildir þar til annað verður ákveðið af menntamálaráðherra. Skólameistari getur óskað eftir endurskoðun þessa erindisbréfs.

*Menntamálaráðuneytinu, 1. júlí 1997.*

**Björn Bjarnason.**

*Guðríður Sigurðardóttir.*

## REGLUGERÐ

### fyrir Lífeyrissjóð KEA.

1. gr.

*Nafn sjóðsins og heimili.*

- 1.1. Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður KEA. Heimili hans og varnarþing er á Akureyri.

2. gr.

*Hlutverk sjóðsins.*

- 2.1. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlátnum mökum þeirra og börnum, lífeyri eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

3. gr.

*Aðild*

- 3.1. Sjóðfélagar geta verið starfsmenn KEA, dótturfyrirtækja þess og samstarfsfyrirtækja.
- 3.2. Stjórn sjóðsins er heimilt að fengnu samþykki stjórnar KEA og stjórnar Starfsmannafélags KEA, (hér eftir skammst. SKE), að veita öllum starfsmönnum eins fyrirtækis aðild að sjóðnum, enda eigi KEA eða fyrirtæki þess verulegan hlut í fyrirtækinu og umsókn um inngöngu berist frá stjórn þess.

4. gr.

*Stjórn sjóðsins.*

- 4.1. Lífeyrissjóðurinn er sjálfstæð stofnun undir eigin stjórn. Í stjórn hans eru fjórir menn. Einn kosinn af stjórn KEA úr hennar hópi, framkvæmdastjóri KEA og tveir af startsmönnum KEA, kosnir af sjóðfélögum á aðalfundi SKE. Varamenn skulu kosnir á sama hátt. Varamaður framkvæmdastjóra KEA er aðalfulltrúi hans.

- 4.2. Stjórnarmenn skulu kosnir til 3ja ára í senn. Hverfi stjórnarmaður ur stjórn KEA á kjörtímabilinu, kýs hún nýjan mann á næsta fundi sínum. Hverfi fulltrúi sjóðfélaga úr starfi hjá KEA á kjörtímabilinu, skipar stjórn SKE nýjan fulltrúa til bráðabirgða fram að næsta aðalfundi þess.
- 4.3. Stjórn sjóðsins skiptir með sér verkum.

## 5. gr.

*Reikningar og endurskoðun.*

- 5.1. Sjóðurinn hefur sjálfstætt reikningshald og skal KEA annast það endurgjaldslaut.
- 5.2. Ársreikningar hans skulu miðast við almanaksárið og skulu þeir endurskoðast af löggiltum endurskoðanda og tveimur kosnum skoðunarmönnum. Skal annar kosinn á aðalfundi SKE, en hinn af stjórn KEA til þriggja ára í senn. Tveir varaendurskoðendur skulu kosnir á sama hátt.

## 6. gr.

*Tryggingafræðileg athugun.*

- 6.1. Fimmta hvert ár að minnsta kosti skal stjórn sjóðsins fá óháðan tryggingafræðing til þess að reikna út fjárhag sjóðsins, samkvæmt 6.2. Hann skal semja skýrslu til stjórnar sjóðsins um athugun sína.
- 6.2. Við útreikning á fjárhag sjóðsins skal tryggingafræðingurinn reikna með framtíðariðgjöldum þeirra sjóðfélaga, sem voru greiðandi til sjóðsins á viðmiðunardegi. Hann skal í því sambandi miða við spá um launahækkunar og ávöxtun eigna sjóðsins, sem byggir á reynslu liðinna ára.
- 6.3. Ef tryggingafræðingurinn kemst að þeirri niðurstöðu að eignir sjóðsins ásamt framtíðariðgjöldum nægi ekki til greiðslu á framtíðarlífeyri og kostnaði, skal hann gera tillögur til stjórnar um hlutfallslega lækkun lífeyris eftir að stjórnin hefur kannað leiðir til þess að bæta ávöxtun sjóðsins og/eða hækka iðgjöld til sjóðsins. Sama gildir ef ástæða er til þess að hækka lífeyri. Aldrei skal þó hækka eða lækka lífeyri nema breytingin sé yfir 5%.

## 7. gr.

*Ráðstöfun fjármagns.*

- 7.1. Stjórn sjóðsins sér um ávöxtun á fé hans. Skal hún ávaxta fé sjóðsins á sem bestan hátt að teknu tilliti til öryggis og áhættu. Skal það gert eins og segir í gr. 7.2.-7.9.
- 7.2. Í ríkisverðbréfum og verðbréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
- 7.3. Í verðbréfum bæjar- og sveitarfélaga eða verðbréfum með ábyrgð bæjar- og sveitarfélaga, enda sé fjárhagur hlutadeigandi sveitarfélaga traustur að mati sjóðsstjórnar, þegar hliðsjón er höfð af skuldastöðu þess, ábyrgðarskuldbindingum og árlegum tekjum.
- 7.4. Í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteignum allt að 50% af brunabótamatsverði. Ef brunabótamat er ekki fyrir hendi eða það telst ófullnægjandi viðmiðun skal hafa hliðsjón af fasteignamati eða miða við matsverð, sem löggiltur fasteignasali eða annar sérfróður aðili framkvæmir.
- 7.5. Í innlánnum og verðbréfum banka og sparisjóða sem fullnægja ákvæðum laga nr. 43/1993, svo og í innlánsdeildum samvinnufélaga skv. lögum nr. 22/1991 og aðild eiga að Tryggingasjóði innlánsdeilda.
- 7.6. Í verðbréfum stofnlánasjóða atvinnuveganna, fjárfestingastofnana og annarra lánastofnana (fjármálafyrirtækja) en getið er hér að framan enda starfi þær skv. sérstökum lögum eða séu undir eftirliti Bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.



- 7.7. Í hlutabréfum traustra fyrirtækja og hlutabréfasjóða sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands (VÞÍ).  
Hlutabréfaeign sjóðsins í félögum skráðum í VÞÍ skal aldrei vera lægri en sem nemur 85% af heildarhlutabréfaeign sjóðsins.  
Einnig í hlutabréfum traustra fyrirtækja sem skráð eru á Opna tilboðsmarkaðinum (OTM).  
Hlutabréfaeign sjóðsins í félögum skráðum á OTM skal aldrei vera meiri en sem nemur 15% af heildarhlutabréfaeign sjóðsins.  
Lífeyrissjóðnum skal eigi heimilt að eiga meira en 10% í hverju fyrirtæki. Þetta ákvæði gildir þó ekki gagnvart eignarhlutum í þróunarfélögum og hlutabréfasjóðum með dreifða eignasamsetningu.  
Hlutabréfaeign sjóðsins skv. ákvæðum greinar þessarar skal á hverjum tíma ekki vera meiri en 15% af hreinni eign sjóðsins.
- 7.8. Í skuldabréfum og víxlum félaga með trausta eiginfjárstöðu og góða rekstrarafkomu, enda séu viðkomandi skuldabréf svo og hlutabréf félagsins skráð á Verðbréfaþingi Íslands eða Opna tilboðsmarkaðinum.
- 7.9. Í traustum erlendum verðbréfum sem skráð eru á opinberum verðbréfamörkuðum í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) og í skráðum verðbréfasjóðum. Sé markaðurinn utan Evrópska efnahagssvæðisins skal bankaeftirlitið hafa viðurkennt hann.  
Verðbréfin skulu keypt fyrir milligöngu viðurkenndra verðbréfamiðlara. Þó er sjóðnum heimilt að kaupa milliliðalaust hlutdeildarskírteini í skráðum verðbréfasjóðum. Hlutfall erlendra eigna fari þó ekki fram úr 15% af hreinni eign sjóðsins.

## 8. gr.

*Iðgjöld.*

- 8.1. Iðgjöld sjóðfélaga skulu vera 11,5% af heildarlaunum hans. Greiðir sjóðfélaginn 4,5%, en KEA eða annar launagreiðandi 7%.
- 8.2. Enginn greiði til sjóðsins af hærri launum en grundvallarlaunum skv. 9.2. að viðbættum 350%.
- 8.3. Enginn greiði til sjóðsins lengur en til 75 ára aldurs eða eftir að taka ellilífeyris er hafin.
- 8.4. Sjóðfélagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.
- 8.5. Launagreiðanda ber að halda eftir iðgjöldum launþega af launum hans og standa sjóðnum skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldahluta. Áskilinn er réttur til að reikna vanskilavexti dragist greiðsla lengur en 10 daga fram yfir liðinn iðgjaldagreiðslumánuð.

## 9. gr.

*Grundvöllur lífeyrisréttinda.*

- 9.1. Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár skulu umreiknast í stig, sem mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans.
- 9.2. Til grundvallar stigaútreikningi skal leggja sérstök árslaun sem stjórn sjóðsins hefur ákvarðað og tilgreind eru í fylgiriti I.  
Frá 1. janúar 1995 skulu grundvallarlaunin kr. 63.516 á mánuði taka sömu hlutfallsbreytingum og lánskjaravísitala, frá vísitölu desembermánaðar 1994 að telja. Miðað er við lánskjaravísitölu þá sem Seðlabanki Íslands auglýsir með heimild í 39. gr. laga nr. 13/1979 með síðari breytingum.

- 9.3. Stig ársins er reiknað þannig, að í árslauð sjóðfélaga, sem hann hefir greitt iðgjald af til sjóðsins, er deilt ársgrundvallarlaunum samkvæmt 9.2. Hafi sjóðfélagi þegið örorkulífeyri á árinu, skal leggja við stig ársins þann hundrads-hluta, sem örorkulífeyririnn byggir á samkvæmt 11.5.
- 9.4. Stig ársins skal reikna með þremur aukastöfum.
- 9.5. Stig ársins skal ekki vera hærra en 4,50.
- 9.6. Ef sjóðfélaginn hefur öðlast stig fyrir fleiri en 30 ár, skal reikna með stigum þeirra 30 ára sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann að fullu, en stigum þeirra ára sem umfram eru að hálfu.

## 10. gr.

*Ellilífeyrir.*

- 10.1. Sá, sem öðlast hefur samanlagt a.m. k. 3 stig hjá sjóðnum samkvæmt 9. gr. og orðinn er 70 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.
- 10.2. Upphæð ellilífeyris er hundrads hluti af grundvallarlaunum samkvæmt 17. gr. og nemur þessi hundrads hluti samanlögðum stigafjölda viðkomandi samkvæmt 9. grein margfölduðum með 1,8.
- 10.3. Sá, sem er orðinn 65 ára en ekki 70 ára og uppfyllir skilyrði 10.1. að öðru leyti, má hefja töku ellilífeyris. Upphæð ellilífeyris samkvæmt 10.2. lækkar þá um 0,5% fyrir hvern mánuð sem sjóðfélagann vantar á 70 ára aldur.
- 10.4. Sá, sem uppfyllir skilyrði 10.1., má fresta töku lífeyris allt til 75 ára aldurs og hækkar þá upphæð ellilífeyris samkvæmt 10.2. um 0,5 % fyrir hvern mánuð, sem töku hans er frestað.

## 11. gr.

*Örorkulífeyrir.*

- 11.1. Sjóðfélagi sem verður fyrir orkutapi sem telja verður að nemi 40% eða meira á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum skv. 11.2. til 11.7. enda hafi hann:
- Greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og áunnið sér eigi minna en 0,4 stig hvert þessara þriggja ára.
  - Greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum.
  - Orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins.
- Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir vera hærra en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar. Því til sönnunar getur stjórn sjóðsins krafist vottorða frá skattstofu, vinnuveitanda, stéttarfélagi o.s.frv. Séu sérstakar ástæður, svo sem aldur sjóðfélaga, búseta hans erlendis eða nám, þess valdandi að hann hefur ekki getað uppfyllt tímaskilyrði þau, sem nefnd eru í a-lið, er sjóðsstjórn heimilt að stytta þann tíma, sem þar er krafist í tvö undanfarandi almanaksár, enda verði talið fullvíst að orsök örorku verði ekki rakin til tíma aftur fyrir orkutap.
- 11.2. Hundrads hluta orkutaps og tímasetningu skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann, svo og álitu trúnaðarlæknis sjóðsins eða tryggingaryfirlæknis. Fyrstu þrjú árin eftir orkutapið, skal örorkumat aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu skal skerðing starfsorku metin á ný með tilliti til vanhæfni sjóðfélagans til almennra starfa, nýrra upplýsinga um heilsufar hans og störf og árangurs af endurhæfingu. Hafi sjóðfélagi verið öryrki er hann hóf iðgjaldagreiðslur í sjóðinn fellur niður réttur til örorkulífeyris, gagnvart þeirri örorku. Örorkuna skal meta á þriggja ára fresti eða oftar.

- 11.3. Til grundvallar örorkulífeyri eru lögð þau stig sbr. 9. gr., sem sjóðfélaginn hefur öðlast, auk þeirra stiga, sem hann hefði áunnið sér til 67 ára aldurs miðað við meðaltal stiga hans næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið, sbr. þó 9.6., 11.4. og 16.2. Reynist þetta þriggja ára meðaltal sjóðfélaga óhagstætt vegna sjúkdóma eða atvinnuleysis, er stjórn sjóðsins heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ára aftur í tímann og sleppa því almanaksárinu sem lakast er.
- 11.4. Ef rekja má orkutapið til ofnotkunar áfengis, deyfí- eða fíkniefna, sjálfsskaparvíta eða stórkostlegrar óvarkámi, skal ekki reikna með stigum vegna ókomins tíma skv. 11.3. Hafi sjóðfélagi skipt um starf og af þeim sökum hafið iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs á síðustu 24 mánuðum, skal ekki heldur reikna með stigum vegna ókomins tíma skv. 11.3. hjá þessum sjóði, ef rekja má starfsskiptin til versnandi heilsufars, sem leitt hefur til orkutapsins.
- 11.5. Upphæð örorkulífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum samkvæmt 17. gr. og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda samkvæmt 11.3. margfölduðum með örorkuprósentunni samkvæmt 11.2. margfölduðum með 1,8. Örorkulífeyri skal reikna á 3 ára fresti eða oftár í samræmi við 11.2.
- 11.6. Skylt er sjóðfélaga sem sækir um örorkulífeyri eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.
- 11.7. Örorkulífeyrir fellur niður við 70 ára aldur eða fyrr, þegar taka ellilífeyris hefst.

## 12. gr.

### *Makalífeyrir.*

- 12.1. Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða uppfyllir skilyrði 11.1. a) og b), og á þá eftirlifandi maki hans rétt til lífeyris úr sjóðnum, frá því að laun sjóðfélagsins féllu niður á meðan eitthvert skilyrði 12.1.1., 12.1.2. eða 12.1.3. eru uppfyllt enda hafi hjónin ekki verið skilin að borði og sæng.
- 12.1.1. Maki sjóðfélaga sé fæddur fyrir 1940. Þó skal makalífeyrir samkvæmt 12.4. skerðast um 2% fyrir hvert ár, sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1920, og 6% að auki fyrir hvert ár sem hann er fæddur eftir 1. janúar 1930.
- 12.1.2. Yngsta barn sjóðfélaga, sbr. 13. gr., sé yngra en 23 ára og á framfæri maka.
- 12.1.3. Maki sjóðfélagsins sé að minnsta kosti 40% öryrki. Hlýtur hann þá lífeyri úr sjóðnum sem er sami hundraðshluti af makalífeyri samkvæmt 12.4. og orkutap hans er metið. Örorkuna skal meta á 3 ára fresti eða oftár.
- 12.2. Þegar makalífeyrir er úrskurðaður skal velja það skilyrði 12.1.1., 12.1.2., eða 12.1.3. sem maka er hagstæðast í hverju tilfalli.
- 12.3. Þrátt fyrir ákvæði greina 12.1.1., 12.1.2., og 12.1.3., skal greiða eftirlátnum maka fullan makalífeyri í 24 mánuði og 50% makalífeyri í 24 mánuði til viðbótar, skv. 12.4. eftir að laun sjóðfélagsins féllu niður.
- 12.4. Upphæð óskerts makalífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum samkvæmt 17. gr. og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda samkvæmt 11.3.
- 12.5. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný, eða stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar, en gengur aftur í gildi ef síðara hjónabandinu eða sambúðinni er slitið án réttar til lífeyris.
- 12.6. Nú andast sjóðfélagi og lætur ekki eftir sig maka og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri samkvæmt 12.1. um lengri eða skemmri tíma til aðila, sem sannanlega hefur annast heimili hans um langt árabil fyrir andlát hans.

## 13. gr.

*Barnalífeyrir.*

- 13.1. Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða uppfyllir skilyrði 11.1. og eiga þá eftirlifandi börn hans sbr. 13.3. rétt til lífeyris úr sjóðnum samkvæmt 13.4., uns þau hafa náð 18 ára aldri.
- 13.2. Börn elli- og örorkulífeyrisþega eiga rétt til lífeyris úr sjóðnum samkvæmt 13.4. og 13.5., uns þau hafa náð 18 ára aldri.
- 13.3. Sem börn sjóðfélaga gilda börn og kjörbörn. Einnig fósturbörn og stjúpbörn, sem sjóðfélaginn framfærði að mestu eða öllu leyti, ef um lífeyri samkvæmt 13.1. er að ræða.
- 13.4. Fullur barnalífeyrir. Ef barnið á foreldri, kjörforeldri, fósturforeldri eða stjúpforeldri á lífi, sem sér um framfærslu þess að öllu eða mestu leyti, skal samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum, öðrum lífeyrissjóðum og fullur lífeyrir úr þessum sjóði vera 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti skal samanlagður lífeyrir þess vera 100% hærri en einfaldur barnalífeyrir almannatrygginga. Sbr. þó 13.5.
- 13.5. Lífeyrir barna örorkulífeyrisþega, skal vera fullur lífeyrir samkvæmt 13.4. margfaldaður með örorkuprósentunni samkvæmt 11.2.
- 13.6. Barnalífeyrir greiðist framfæranda barns.

## 14. gr.

*Tilhögun lífeyrisgreiðslna.*

- 14.1. Umsókn um lífeyri skal vera skrifleg.
- 14.2. Lífeyrir greiðist mánaðarlega. Í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð sem lífeyrisréttur myndast og í síðasta sinn fyrir þann mánuð sem réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðsstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknað frá byrjun þess mánaðar er umsókn barst sjóðnum.
- 14.3. Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð er svarar til a.m.k. eins stigs réttinda og fyrir-sjáanlegt er að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða, er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna af hendi greiðsluna í einu lagi samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðings.
- 14.4. Lífeyrir greiðist lífeyrisþeganum (sbr. þó 13.6.) eða þeim, sem hann veitir til þess skriflegt umboð.
- 14.5. Lífeyrisgreiðslur, sem ekki er vitjað innan fjögurra ára, renna til sjóðsins.

## 15. gr.

*Endurgreiðsla iðgjalda.*

- 15.1. Ekki er heimilt að endurgreiða iðgjöld úr sjóðnum nema til erlends ríkisborgara, utan ríkja Evrópska efnahagssvæðisins, sem flyst af landi brott. Endurgreiðslufjárhæðin er grundvallarlaun á greiðsludegi skv. 9.2., margfölduð með stigum viðkomandi manns hjá sjóðnum, margfölduð með 0,045, en án vaxta.
- 15.2. Hafi iðgjöld verið endurgreidd, fellur niður sá lífeyrisréttur, sem grundvallaðist á þeim.

## 16. gr.

*Geymd réttindi.*

- 16.1. Maður, sem á stig hjá sjóðnum sbr. 9. gr., en uppfyllir ekki skilyrði um a.m.k. 3 stiga inneign, (gr. 10.1), eða skilyrði gr. 11.1. a) og b), skal eiga rétt til lífeyris skv. ákvæðum reglugerðar þessarar, fái hann ekki réttindi sín flutt í annan lífeyrissjóð (sbr. 16.4.). Rétturinn miðast þá einungis við áunnin geymd stig.

- 16.2. Þegar meta skal rétt til framreiknings (gr. 11.3.), skal auk iðgjalda til þessa sjóðs taka með iðgjöld greidd til annarra lífeyrissjóða, sem framreikna réttindi, enda hafi iðgjald verið greitt síðast til þessa sjóðs. Hafi síðast verið greidd iðgjöld samtímis til tveggja eða fleiri sjóða, skulu réttindi framreiknuð eins og greitt hefði verið til eins sjóðs og skiptast þau á milli sjóðanna í hlutfalli við lífeyri vegna áunninna réttinda.
- 16.3. Stofnist réttur til barnalífeyris hjá þessum sjóði og öðrum lífeyrissjóði samtímis, skal því aðeins greiddur barnalífeyrir samkvæmt 13. gr. að meiri iðgjöld hafi verið greidd vegna hins látna til þessa sjóðs en hins sjóðsins á síðustu 12 mánuðum.
- 16.4. Heimilt er stjórn sjóðsins að gera samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutninga, samskipti o.fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma og bóta-ákvæðum reglugerðar þessarar í því skyni að koma í veg fyrir niðurfellingu réttinda þegar sjóðfélagi skiptir um starf og tvítryggingu réttinda sem ekki miðast við liðinn iðgjaldagreiðslutíma. Ennfremur er þar heimilt að ákveða að sjálfstæð réttindi í einstökum sjóðum skuli samanlagt ekki vera meiri en heildarréttindi myndu verða hjá einum og sama sjóði. Slíkir samningar eru þó ekki bindandi fyrir sjóðinn fyrir en þeir hafa hlotið samþykki SKE og stjórnar KEA svo og staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

## 17. gr.

*Verðtrygging lífeyris.*

- 17.1. Elli-, örorku- og makalífeyri, skal miða við grundvallarlaun sjóðsins eins og þau eru í byrjun hvers mánaðar. Á þennan hátt skal þó einungis verðtryggja lífeyri sem grundvallast á allt að þrjátíu stigahæstu árunum. Lífeyrisréttur sem umfram er, miðast við meðaltal grundvallarlauna undangenginna 5 síðustu almanaksára hverju sinni.

## 18. gr.

*Bann við framsali og veðsetningu.*

- 18.1. Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt reglugerð þessari.

## 19. gr.

*Gerðardómur.*

- 19.1. Rísi ágreiningur milli sjóðfélaga og sjóðsstjórnar, skal skjóta málinu til úrskurðar gerðardóms, sem í eru: Einn maður skipaður af stjórn KEA, einn maður skipaður af Starfsmannafélagi KEA og einn af sýslumanninum á Akureyri og er hann oddamaður.

## 20. gr.

*Breytingar á reglugerðinni.*

- 20.1. Breytingar á reglugerð þessari eru háðar samþykki stjórnar KEA og almenns sjóðfélagafundar á vegum SKE, svo og staðfestingar viðkomandi ráðuneytis. Hafi breytingin veruleg áhrif á fjárhag sjóðsins skal liggja fyrir tryggingafræðilegt mat á áhrifum hennar.

## 21. gr.

*Gildistaka.*

- 21.1. Reglugerð þessi gildir frá 1. janúar 1997 og kemur í stað eldri reglugerðar sem gildi frá 1. janúar 1995.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerð þessi hér með.

*Fjármálaráðuneytinu, 20. júní 1997.*

F. h. r.

**Áslaug Guðjónsdóttir.**

*Hermann Jónasson.*

**Fylgiskjal I:**

**Grundvallarlaun Lífeyrissjóðs KEA árin 1938-1996  
skulu vera svo sem hér segir:**

	kr.		kr.
1938	42,20	1967	1.439,98
1939	42,20	1968	1.534,00
1940	50,05	1969	1.732,86
1941	66,20	1970	2.010,60
1942	103,36	1971	2.300,78
1943	164,79	1972	3.360,72
1944	170,74	1973	4.106,51
1945	176,97	1974	5.827,11
1946	189,16	1975	7.423,95
1947	210,46	1976	8.985,76
1948	206,03	1977	12.562,60
1949	213,43	1978	18.690,29
1950	238,34	1979	31.229,19
1951	287,67	1980	50.779,26
1952	325,95	1981	73.072,00
1953	345,60	1982	107.003,00
1954	347,54	1983	155.329,00
1955	383,43	1984	187.497,00
1956	421,40	1985	242.966,00
1957	444,56	1986	314.377,00
1958	483,14	1987	416.914,00
1959	493,70	1988	548.375,00
1960	487,44	1989	630.164,00
1961	518,73	1990	699.751,00
1962	577,25	1991	750.863,00
1963	654,36	1992	762.192,00
1964	972,12	1993	762.192,00
1965	1.196,30	1994	762.192,00
1966	1.366,37	1995	768.450,00
		1996	785.509,00

# SAMÞYKKT

## um hundahald í Kópavogi.

### 1. gr.

Hundahald er takmarkað í lögsagnarumdæmi Kópavogs með skilyrðum samkvæmt samþykkt þessari.

### 2. gr.

Skylt er að sækja um skráningu hunds til Heilbrigðiseftirlits Kópavogs eigi síðar en mánuði eftir að hann er tekinn á heimili og hvolpa eigi síðar en þeir verða 4 mánaða gamlir. Skráðum eiganda hunds ber að tilkynna skriflega innan mánaðar aðseturskipti eða dauða hunds. Hund skal skrá á nafn og heimilisfang lögráða einstaklings. Dveljist hundur tíma-bundið í Kópavogi skal skrá hann til bráðabirgða. Bráðabirgðaskráning gildir aldrei lengur en 6 mánuði. Skrá skal heiti, fæðingardag, kyn, tegund og önnur einkenni hundsins. Hundur sem sótt er um skráningu á skal örmerktur, með örmerki viðurkenndu af heilbrigðiseftirliti Kópavogs. Auk þess skal hundur merktur með nafni og númeri, jafnframt komi fram heimilisfang og símanúmer eiganda. Um hundahald í fjöleignahúsi gilda ákvæði laga nr. 26/1994, með síðari breytingum. Óleyfilegt er að halda hund þar sem enginn býr. Synji heilbrigðiseftirlitið skráningu getur umsóknaraðili skotið máli sínu til heilbrigðisnefndar til úrskurðar.

### 3. gr.

Heilbrigðiseftirlitið eða aðilar á þess vegum sér um skráningu og annast framkvæmd og eftirlit með hundahaldi í lögsagnarumdæmi Kópavogs og getur það leitað aðstoðar lög-reglugjafirvalda, þegar þörf krefur. Heilbrigðisnefnd er heimilt að fela þriðja aðila að sjá um skráningu og eftirlit undir sinni yfirumsjón.

### 4. gr.

Hunda af Bullterrierkyni og blendinga af úlfum og hundum er óheimilt að halda í Kópavogi. Bannað er að árásarþjálfar hunda í Kópavogi eða skrá hund sem hefur verið árásarþjálfaður, nema hundur sé innan vébanda lögreglu. Við skráningu hunda getur heilbrigðiseftirlitið leitað umsagnar lögreglu telji hún ástæðu til.

### 5. gr.

Skylt er að ormahreinsa hunda ár hvert. Vottorði um hreinsun skal skilað til eftirlitsaðila fyrir 31. desember ár hvert.

### 6. gr.

Skylt er að ábyrgðartryggja hund hjá viðurkenndu tryggingafélagi, þannig að tryggt sé að trygging nái til alls þess tjóns, sem dýrið kann að valda, mönnum, dýrum, gróðri og munum. Vottorð fyrir ábyrgðartryggingu skal liggja fyrir við leyfisveitingu og kvittun vegna greiðslu iðgjalds skal skilað til eftirlitsaðila fyrir 15. maí ár hvert. Heilbrigðisnefnd getur ákveðið að gera heildarsamning við tryggingafélag, eitt eða fleiri.

### 7. gr.

Hundeiganda eða umráðamanni hunds er skylt að sjá til þess að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum, óþrifnaði eða að hann raski ekki ró manna með stöðugu eða ítrekuðu gelti eða ýlfri. Skylt er að fjarlægja saur eftir hund. Auk þess ber hundeiganda að sjá til þess að hundur hans sæti ekki illri eða slæmri meðferð. Sinni hundeigandi eða um-

ráðamaður hunds ekki fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur eða breytingu á hegðun hunds getur eftirlitsaðili gert hundeiganda eða umráðamanni að koma hundi fyrir á öðrum stað, viðurkenndum af eftirlitsaðila eða látið fjarlægja hundinn.

8. gr.

Hundur skal ávallt vera í taumi á svæðum þar sem umferð ökutækja eða gangandi fólks er almenn. Óheimilt er að hafa hund tjóðraðan án eftirlits ábyrgs aðila. Bæjaryfirvöld láta merkja ákveðin svæði þar sem ekki má vera með hunda, einnig skal merkja svæði þar sem sleppa má hundum lausum innan afmarkaðs svæðis. Svæði þessi skulu tilgreind og teiknuð á kort. Um aðrar takmarkanir á aðgengi hunda gilda ákvæði heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1989, með síðari breytingum og reglugerðar nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla, með síðari breytingum.

9. gr.

Hafi eigandi ástæðu til að ætla að hundur hans sé grimmur eða varasamur skal hann sjá til þess að hundur hans sé ávallt myldur utan heimilis síns. Hafi hundur bitið mann og/eða er hættulegur getur eftirlitsaðili, tjónþoli eða forráðamaður hans krafist þess að hundurinn verði aflífaður. Óski hundeigandi þess skal leita álits sérfróðs aðila, s.s. dýralæknis eða hundapjálfa sem viðurkenndur er af heilbrigðiseftirlitinu, áður en ákvörðun um aflífun er tekin.

10. gr.

Sleppi hundur frá eiganda eða umráðamanni skal viðkomandi gera tafarlaugar ráðstafanir til að handsama hann. Eftirlitslausa hunda skal færa í sérstaka hundageymslu og tilkynna eiganda, sé hundur merktur, handsömunina innan tveggja virkra daga.

Sé hunds eigi vitjað innan einnar viku skal honum ráðstafað til nýs ábyrgs eiganda, hann seldur fyrir áföllnum kostnaði eða aflífaður. Hafi óskráður hundur verið handsamaður er óheimilt að afhenda hann fyrr en að lokinni skráningu. Kostnaður við handsömun, geymslu eða aflífun skal að fullu greiddur af eiganda.

11. gr.

Sé um alvarlegt eða ítrekað brot á samþykkt þessari að ræða getur heilbrigðisnefnd afturkallað skráninguna og bannað viðkomandi eiganda að vera með hund í Kópavogi. Bann þetta má vera tímabundið.

12. gr.

Bæjarstjórn ákveður í gjaldskrá árlegt gjald fyrir skráningu, eftirlit og handsömun hunda sem ætlað er að standi undir kostnaði við framkvæmd samþykktar þessarar. Gjaldskráin skal vera staðfest af umhverfisráðherra.

13. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með brot út af samþykktinni skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 81/1988, VI. og VII. kafla, með síðari breytingum.

14. gr.

Samþykkt þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Kópavogs staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.



*Ákvæði til bráðabirgða.*

Leyfi til hundahalds, sem veitt hafa verið fyrir gildistöku samþykktar þessarar, verður breytt í skráningu. Að öðru leyti gildir samþykktin að fullu um þau leyfi.

*Umhverfissráðuneytinu, 10. júlí 1997.*

F.h.r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

**AUGLÝSING**

**um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1990–2010, suðurhluti Oddeyrar.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 8. júlí 1997, staðfest breytingar á aðalskipulagi Akureyrar 1990–2010, er staðfest var 30. nóvember 1990.

Landnotkun er breytt þannig að óbyggðu svæði, útivistarsvæði við Hjalteyrargötu, norðan Gránufélagsgötu og að Eiðsvallagötu, er breytt í íbúðarbyggð.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytinguna til staðfestingar.

*Umhverfissráðuneytinu, 8. júlí 1997.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Hrafn Hallgrímsson.*

**AUGLÝSING**

**um staðfestingu á deiliskipulagi suðurhluta Oddeyrar, Akureyri.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 8. júlí 1997 staðfest deiliskipulag fyrir suðurhluta Oddeyrar, Akureyri. Svæðið afmarkast af Strandgötu í suður, Eiðsvallagötu í norður, Glerárgötu í vestur og Hjalteyrargötu í austur.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki bæjarstjórnar Akureyrar liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfissráðuneytinu, 8. júlí 1997.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Hrafn Hallgrímsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 64 – 1997

9. júlí 1997

977

Nr. 458

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 264, 31. desember 1971  
um raforkuvirki, með áorðnum breytingum.

1. gr.

Á eftir liðnum 1.2.8 í I. kafla komi nýr undirliður 1.2.9. Númer annarra undirliða breytist í samræmi við þetta. Undirliður 1.2.9 orðist svo:

*1.2.9 Undanþágur frá reglum.*

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi er Löggildingarstofu heimilt að veita undanþágu frá reglum um gerð, tilhögun og starfrækslu virkja og raffanga og með því er ekki vikið frá alþjóðlegum reglum og stöðlum sem miðað er við. Aðeins er heimilt að víkja frá reglum samkvæmt þessari grein að tryggt sé á fullnægjandi hátt öryggi gegn hættu á slysum og tjóni. Undanþágu Löggildingarstofu skal veita skriflega og skal þar koma fram rökstuðningur fyrir henni og skilyrði þau sem Löggildingarstofa telur að uppfylla þurfi. Ráðuneytinu skal samtímis tilkynnt um undanþágu samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 14. gr. laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga nr. 146/1996, 27. desember 1996, til að taka gildi við birtingu.

*Viðskiptaráðuneytinu, 9. júlí 1997.*

**Finnur Ingólfsson.**

*Páll Gunnar Pálsson.*

8. júlí 1997

Nr. 459

## AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010, Hraunbær 107.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 2. apríl 1997 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að landnotkun lóðar við Hraunbæ 107 er breytt; verslunar- og þjónustusvæði verður íbúðarsvæði, nánar tiltekið íbúðir fyrir aldraða.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfisráðuneytinu, 8. júlí 1997.*

F. h. r.

**Þórður H. Ólafsson.**

*Hrafn Hallgrímsson.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 504/1996 fyrir Lífeyrissjóðinn Framsýn.

#### 1. gr.

14. gr. orðast svo:

#### 14. Barnalífeyrir.

- 14.1. Nú andast sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum örorkulífeyris a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum, og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig og yngri eru en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélagans börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyris-sjóði, skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði, að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.
- 14.2. Fullur barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga er 7.500 kr. með hverju barni fyrir hvern almanaksmánuð. Fjárhæð þessi breytist í hlutfalli við breytingu á grundvallarfjárhæð, sbr. 10.2. Fullur barnalífeyrir greiðist ef árleg stig, áætluð í samræmi við 13.7., eru a.m.k. 1 stig. Séu áætluð árleg stig færri, lækkar barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður, ef árlegur stigafjöldi er minni en 0,5.
- 14.3. Sé sjóðfélagi, sem uppfyllir skilyrði 12.3.1.a og 12.3.1.b., úrskurðaður örorkulífeyrir úr sjóðnum vegna 100% örorku, öðlast börn hans, fædd fyrir orkutap eða á næstu 12 mánuðum þar á eftir, svo og kjörbörn, sem ættleidd hafa verið fyrir orkutap, sama rétt og börn látins sjóðfélaga njóta samkvæmt 14.2 með þeirri undantekningu að fjárhæð fulls barnalífeyris fyrir hvern almanaksmánuð er 5.500 kr. með hverju barni. Sé örorka samkvæmt 12. grein metin lægri en 100%, skal barnalífeyrir sjóðsins vera hlutfallslega lægri. Barnalífeyrir, sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga, fellur ekki niður þó að sjóðfélaginn nái ellilífeyrisaldri.
- 14.4. Fósturbörn og stjúpborn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu, ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.
- 14.5. Barnalífeyrir greiðist framfæranda barnsins.

#### 2. gr.

16. gr. orðast svo:

#### 16. Endurgreiðsla iðgjalda.

- 16.1. Heimilt er skv. umsókn að endurgreiða iðgjaldahluta launþega erlendum ríkisborgurum, sem hverfa úr sjóðnum vegna brottflutnings úr landi, enda sé slík endurgreiðsla ekki óheimil samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að eða viðkomandi hafi verið íslenskur ríkisborgari þegar réttindin áunnust. Óheimilt er að endurgreiða iðgjöld ríkisborgara annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins (EES) skv. gildandi milliríkjasamningum.
- 16.2. Af iðgjöldum, sem sjóðnum eru greidd vegna starfsmanna, sem náð hafa 70 ára aldri, sbr. 9.1. og 10.4., skal hann endurgreiða sjóðfélagi og launagreiðenda iðgjaldshluta þeirra. Skal slík endurgreiðsla eiga sér stað eigi sjaldnar en tvisvar á ári.
- 16.3. Endurgreiðslufjárhæð er 4% af grundvallarfjárhæð á greiðsludegi samkvæmt 10.2., miðað við heilt ár, margfölduð með stigum viðkomandi sjóðfélaga.

3. gr.

Reglugerð þessi gildir frá 1. júlí 1997.

Með vísan til laga nr. 55/1980, staðfestist reglugerð þessi hér með.

*Fjármálaráðuneytinu, 26. júní 1997.*

F. h. r.

**Áslaug Guðjónsdóttir.**

---

*Margrét Gunnlaugsdóttir.*

8. júlí 1997

Nr. 461

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995–2015.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 8. júlí 1997 staðfest aðalskipulag Snæfellsbæjar 1995–2015. Jafnframt eru felld úr gildi aðalskipulag Ólafsvíkur er staðfest var 5. janúar 1990 og aðalskipulag fyrir Neshrepp utan Ennis er staðfest var 30. apríl 1996.

Skipulagsuppráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki bæjarstjórnar Snæfellsbæjar liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfisaráðuneytinu, 8. júlí 1997.***Guðmundur Bjarnason.**

---

*Hrafn Hallgrímsson.*

8. júlí 1997

Nr. 462

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á aðalskipulagi Eyrarbakahrepps 1997–2017.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 8. júlí 1997 staðfest aðalskipulag Eyrarbakahrepps 1997 - 2017. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Eyrarbakka 1987 - 2007 sem staðfest var 20. janúar 1989.

Skipulagsuppráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki hreppsnefndar Eyrarbakahrepps liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfisaráðuneytinu, 8. júlí 1997.***Guðmundur Bjarnason.**

---

*Hrafn Hallgrímsson.*

# SAMÞYKKT

## um hundahald í Vesturbyggð.

### 1. gr.

Hundahald er bannað í Vesturbyggð að undanskildum þarfahundum á lögbýlum, leitarhundum og öðrum þeim takmörkunum sem kveðið er á um í 2. gr. þessarar samþykktar.

### 2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita einstaklingum, búsettum í sveitarfélaginu, undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu bæjarins. Þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem skal jafnan vera í ól um háls hundsins. Hundaeiganda ber að tilkynna bæjar-skrifstofu um aðseturskipti. Einnig skal hann tilkynna eftirlitinu ef hundurinn drepst eða er fluttur úr lögsagnarumdæminu.
- b) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannaferi heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í sjúkra- og skólahús, matvöruverslanir eða aðra staði þar sem matvæli eru um hönd höfð.
- c) Árlega skal bæjarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága samkvæmt 1. mgr. er veitt fyrir. Leyfisgjald skal innheimt samkvæmt gjaldskrá sem bæjarstjórn samþykkir og umhverfisráðherra staðfestir. Gjaldið skal renna í sjóð til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í sveitarfélaginu.
- d) Skylt er hundaeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.
- e) Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski eigi ró íbúa bæjarins og séu hvorki þeim né öðrum sem um bæinn fara til óþæginda.
- f) Hundaeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er hundahald varða, þ.á m. reglum um árlega hreinsun hunda, svo og fyrirmælum sem heilbrigðisnefnd setur.

### 3. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum koma fyrir sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins skal leysa hann út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

### 4. gr.

Heilbrigðisnefnd eða aðilar á hennar vegum annast framkvæmd og eftirlit með hundahaldi í Vesturbyggð og geta leitað aðstoðar lögregluþyrvalda þegar þörf krefur.

### 5. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Vesturbyggðar staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Umhverfisráðuneytinu, 10. júlí 1997.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

---

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

# REGLUGERÐ

## Lífeyrissjóðs verslunarmanna.

### 1. gr.

#### *Nafn sjóðsins og heimili.*

- 1.1. Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður verslunarmanna. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

### 2. gr.

#### *Hlutverk sjóðsins.*

- 2.1. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.
- 2.2. Sjóðurinn starfar á grundvelli samkomulags Verslunarmannafélags Reykjavíkur og Félags íslenskra stórkaupmanna, Kaupmannasamtaka Íslands, Samtaka iðnaðarins, Verslunarráðs Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands og samnings þessara aðila um lífeyrismál frá 30. desember 1996.

### 3. gr.

#### *Aðild.*

- 3.1. Sjóðfélagi er sá launþegi, sem er félagi í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur og kjarasamningar þess og vinnuveitenda taka til, sbr. þó 3.2. og 3.3. Stjórn sjóðsins er heimilt að taka í tölu sjóðfélaga meðlimi annarra samtaka verslunarmanna, sem hafa gert heildarsamninga um lífeyrisgreiðslur.
- 3.2. Sjóðfélagi skal hafa náð 16 ára aldri.
- 3.3. Nú stundar launþegi starf, sem veitir honum aðild að lögbundnum lífeyrissjóði, eða að viðurkenndum lífeyrissjóði fyrirtækis, og er hann þá ekki sjóðfélagi í þessum lífeyrissjóði vegna þess starfs.
- 3.4. Elli- og örorkulífeyrisþegar samkvæmt 11. gr. og 12.gr. eru sjóðfélagar.
- 3.5. Sjóðfélagi, sem gerist sjálfstæður atvinnurekandi í samtökum, sem að sjóðnum standa, getur haldið aðild sinni að sjóðnum, enda sæki hann um það innan sex mánaða.
- 3.6. Sjálfstæðum atvinnurekanda í samtökum, sem að sjóðnum standa, og framkvæmdastjóra fyrirtækis í sömu samtökum er heimil aðild að sjóðnum. Sama gildir um einstaklinga, sem eru utan samtaka, og starfa á sviði viðskipta og verslunar.
- 3.7. Stjórn sjóðsins er heimilt að veita heilum launþegahóp eða einstökum launþegum aðild að sjóðnum, sbr. þó 3.2. og 3.3., að fengnu samþykki þeirra samtaka, sem að sjóðnum standa. Umsókn um slíka aðild skal vera skrifleg.

### 4. gr.

#### *Stjórn og forstjóri.*

- 4.1. Stjórn sjóðsins skal skipuð átta mönnum. Fjórir eru tilnefndir af stjórn Verslunarmannafélags Reykjavíkur og fjórir tilnefndir af þeim samtökum atvinnurekenda, sem að sjóðnum standa þannig: Félag íslenskra stórkaupmanna tilnefnir einn, Kaupmannasamtök Íslands tilnefna einn, Samtök iðnaðarins tilnefna einn að fengnu álit Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands tilnefnir einn að fengnu álit Verslunarráðs Íslands. Jafnmargir varamenn skulu tilnefndir á sama hátt.
- 4.2. Kjörtímabil stjórnar er þrjú ár og hefst það 1. mars. Þó skal stjórn sitja þar til ný stjórn hefur verið tilnefnd.
- 4.3. Stjórnarmenn í lífeyrissjóði skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi, hafa óflekkað mannorð og mega ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnurekstur

- fengið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld. Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi eða í öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins.
- 4.4. Stjórnin skiptir með sér verkum, þó þannig að fulltrúar atvinnurekenda og Verslunarmannafélags Reykjavíkur hafi á hendi formennsku til skiptis þrjú ár í senn. Stjórnin skal setja sér starfsreglur og halda gerðarbók, þar sem skráð skal það sem gerist á stjórnarfundum og skal hún undirrituð af þeim sem fundinn sitja.
  - 4.5. Stjórn sjóðsins fer með málefni hans og skal annast um að skipulag hans og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi, og tekur stefnumarkandi ákvarðanir er varða hag og starfsemi sjóðsins. Hún skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins.
  - 4.6.1. Stjórnin ræður forstjóra, ákveður laun hans og starfskjör, svo og veitir honum lausn ef ástæða þykir til. Stjórn sjóðsins veitir forstjóra, svo og öðrum starfsmönnum ef hentugt þykir prókúruumboð. Forstjóri lífeyrissjóðsins er ekki kjörgengur sem stjórnarmaður í sjóðnum.
  - 4.6.2. Forstjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og fer í því efni eftir reglugerð sjóðsins og þeirri stefnu og fyrirmælum, sem stjórn sjóðsins hefur gefið. Forstjóri ræður starfsmenn til sjóðsins.
  - 4.6.3. Daglegur rekstur sjóðsins tekur ekki til ráðstafana, sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur forstjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn sjóðsins, nema ekki sé unnt að biða ákvarðana hennar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi sjóðsins. Í slíkum tilvikum skal stjórn sjóðsins tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina. Forstjóri skal sjá um að bókhald sjóðsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna sjóðsins sé með tryggilegum hætti.
  - 4.6.4. Forstjóra ber að veita stjórn sjóðsins og endurskoðendum allar upplýsingar um hag og starfsemi sjóðsins, sem þeir óska.
  - 4.7. Stjórnarmaður eða forstjóri má ekki taka þátt í meðferð máls, ef hann hefur hagsmuna að gæta, sem kynnu að fara í bága við hagsmuni sjóðsins. Sama gildir ef um er að ræða ákvarðanir, sem tengjast fyrirtæki, þar sem stjórnarmaður kann að eiga umtalsverðra hagsmuna að gæta sem eigandi, stjórnarmaður eða starfsmaður. Skylt er þeim, sem í hlut á, að upplýsa um aðstæður, sem valda kunna vanhæfi skv. framansögðu.
  - 4.8. Stjórn, forstjóri og aðrir þeir er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd sjóðsins, mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra aðila eða á kostnað sjóðsins.
  - 4.9.1. Reglur II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993 um sérstakt hæfi gilda, eftir því sem við getur átt, um meðferð mála og ákvarðanatökur í stjórn sjóðsins í einstökum málum.
  - 4.9.2. Reglur stjórnsýslulaga um sérstakt hæfi gilda með sama hætti um þá, sem sjóðurinn styður til stjórnarstarfa í einstökum félögum.
  - 4.9.3. Um almennt hæfi þeirra gilda sömu reglur og um stjórnarmenn lífeyrissjóðsins sbr. 3. mgr. þessarar greinar.

## 5. gr.

### Ársfundur.

- 5.1. Ársfund sjóðsins skal halda fyrir lok júní ár hvert og eiga allir sjóðfélagar, jafnt greiðandi sem lífeyrisþegar, rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti.
- 5.2. Stjórn sjóðsins skal boða til ársfundar með auglýsingu í dagblöðum með minnst fjögurra vikna fyrirvara.

- 5.3. Á ársfundi skal leggja fram og gera grein fyrir:
  - 5.3.1. Skýrslu stjórnar.
  - 5.3.2. Ársreikningi fyrir síðasta starfsár.
  - 5.3.3. Tryggingafræðilegri úttekt.
  - 5.3.4. Fjárfestingarstefnu sjóðsins og fjárhagsáætlun yfirstandandi árs.
  - 5.3.5. Tilnefningu stjórnarmanna og varamanna þeirra og skoðunarmanna.
  - 5.3.6. Breytingum á reglugerð sjóðsins.
  - 5.3.7. Ákvörðun um laun stjórnar- og skoðunarmanna.
  - 5.3.8. Önnur mál.

## 6. gr.

*Reikningar, endurskoðun og eftirlit.*

- 6.1. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Endurskoðaðir reikningar skulu liggja frammi eigi síðar en 1. mars næsta ár.
- 6.2. Ársreikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu.
- 6.3. Ákvæði til bráðabirgða.  
Ennfremur skal endurskoðun ársreikninga framkvæmd af tveimur skoðunarmönnum, sem tilnefndir eru til eins árs í senn, annar af Verslunarmannafélagi Reykjavíkur og hinn sameiginlega af þeim samtökum atvinnurekenda, sem að sjóðnum standa, sbr. gr. 2.2.  
Ákvæði þetta til bráðabirgða gildir þar til 2. gr. laga nr. 27/1991 um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða hefur verið breytt þannig að ekki verði lengur laganaúdsýn að tilnefna aðra skoðunarmenn en löggiltan endurskoðanda.
- 6.4. Eftirlit með starfsemi sjóðsins fer eftir ákvæðum laga, nú lög nr. 27/1991 um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða.

## 7. gr.

*Tryggingafræðileg úttekt.*

- 7.1. Á hvert skal stjórn sjóðsins láta framkvæma tryggingafræðilega úttekt á fjárhag sjóðsins og meta framtíðarstöðu hans. Skal úttektin vera hluti af reikningsskilum sjóðsins ár hvert.
- 7.2. Tryggingafræðileg úttekt skal framkvæmd með hliðsjón af samræmdum reikningrunni lífeyrissjóða, liggi hann fyrir. Við mat á framtíðarstöðu sjóðsins skal annars tekið mið af núvirðingu verðbréfaeignar sjóðsins, áætlun um framtíðariðgjöld og ávöxtun og öðrum atriðum, sem máli skipta.
- 7.3. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að eignir sjóðsins séu umfram skuldbindingar miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur og að teknu tilliti til eðlilegra varúðarsjónarmiða, er stjórn sjóðsins rétt að höfðu samráði við tryggingafræðing að gera tillögur til aðildarsamtaka sjóðsins um hækkun lífeyrisréttinda.
- 7.4. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að fjárhagur sjóðsins sé ótryggur og ætla megi að eignir muni ekki duga fyrir skuldbindingum miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur, skal stjórn sjóðsins að höfðu samráði við tryggingafræðing gera tillögur til aðildarsamtaka sjóðsins um lækkingu lífeyrisréttinda, enda finnst ekki aðrar leiðir til að bæta fjárhag sjóðsins.

## 8. gr.

*Ráðstöfun fjármagns.*

- 8.1. Stjórn sjóðsins sér um ráðstöfun á fjármagni hans og er henni skylt að ávaxta það með hliðsjón af þeim kjörum, sem best eru boðin á hverjum tíma, að teknu tilliti til áhættu og með hliðsjón af langtímaskuldbindingum sjóðsins.



Heimilt er að ávaxta fjármuni sjóðsins með eftirfarandi hætti:

- 8.1.1. Í ríkisskuldabréfum og skuldabréfum tryggðum með ábyrgð ríkissjóðs.
  - 8.1.2. Í skuldabréfum sveitarfélaga með trausta rekstrarlega afkomu og fjárhagslega stöðu.
  - 8.1.3. Í innlánum og skuldabréfum banka og sparisjóða.
  - 8.1.4. Í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteignum allt að 50% af brunabótamatsverði. Ef brunabótamat er ekki fyrir hendi, eða það telst ófullnægjandi viðmiðun, skal miðað við matsverð, sem löggiltur fasteignasali eða annar sérfróður aðili framkvæmir.
  - 8.1.5. Í skuldabréfum stofnlánasjóða atvinnuveganna, fjárfestingastofnana og annarra lánastofnana en þeirra, sem getið er í 8.1.3., enda hafi þær trausta eiginfjárstöðu og starfi samkvæmt sérstökum lögum eða séu undir eftirliti bankaeftirlits Seðlabanka Íslands og hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða, sem skráðir eru á opinberu verðbréfaþingi.
  - 8.1.6. Í skuldabréfum fyrirtækja með trausta eiginfjárstöðu og góða rekstrarafkomu enda séu viðkomandi skuldabréf og hlutabréf félagsins skráð á Verðbréfaþingi Íslands.
  - 8.1.7. Í hlutabréfum fyrirtækja, enda séu bréfin skráð á skipulegum verðbréfamarkaði, þó að hámarki 35% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris. A.m.k. 85% þeirra fjármuna, sem bundnir eru í hlutabréfum skulu vera í félögum, sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands. Allt að 15% þessara fjármuna geta verið bundin í hlutabréfum félaga, sem ekki eru skráð á Verðbréfaþingi Íslands, enda hafi þau hlutabréf skráð kaup- og sölugengi á skipulegum verðbréfamarkaði. Heimilt er sjóðnum að eiga eignarhlut í félögum, sem sérstaklega eru stofnuð til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins og gilda þá ekki framangreind ákvæði um skráningu hlutabréfa.
  - 8.1.8. Í erlendum verðbréfum, enda séu bréfin skráð á skipulegum verðbréfamarkaði og keypt fyrir milligöngu viðurkenndra verðbréfamíðlana og að jafnaði í skráðum verðbréfasjóðum til að dreifa áhættu og nýta sérþekkingu á því sviði eða í aðgreindu verðbréfasafni þegar fjárvörslustærð nær hagkvæmnismörkum. Þó er heimilt að kaupa hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum, sem skráðir eru með sama hætti, án milligöngu verðbréfamíðlana.
  - 8.1.9. Í húsnæði til eigin nota.
- Ákvæði til bráðabirgða.*
- 8.1.10. Stjórn sjóðsins er heimilt að kaupa víkjandi skuldabréf af Speli ehf. vegna gerðar ganga undir Hvalfjörð.
  - 8.2. Sjóðfélagar skulu hafa forgangsrétt til lántöku úr sjóðnum. Ákveði sjóðstjórn að lána fé til atvinnufyrirtækja, skulu þau fyrirtæki, sem tryggja starfsfólk sitt hjá sjóðnum, hafa forgangsrétt til lántöku.
  - 8.3. Fjárfestingar sjóðsins skulu miðast við að heildarkröfur á hendur einum aðila fari ekki umfram 2,5% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris. Þó er heimilt að hafa fjórfalt þetta hlutfall í heildarskuldbindingum gagnvart bönkum. Þetta á þó ekki við um skuldbindingar með ríkisábyrgð. Við það skal miðað, að sem stærstur hluti af verðbréfum sjóðsins hafi þekkt markaðsverð og sé skráður á verðbréfaþingi.
  - 8.4. Stjórn sjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu þar sem sett eru viðmið um að hvaða marki skuli fjárfesta í einstökum ofantalinna eignaforma. Þar skal enn fremur koma fram markmið m.a. um dreifingu eigna, tímalengd krafna, myntsamsetningu, seljanleika og aðrar þær viðmiðanir, sem stjórn sjóðs telur að gefi gleggsta mynd af fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins.
  - 8.5. Á ársfundi skal stjórnin leggja fram fjárfestingarstefnu og gera grein fyrir breytingum frá fyrra ári, svo og leggja fram fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár.

9. gr.  
*Iðgjöld.*

- 9.1. Iðgjöld sjóðfélaga skulu vera 10% af heildarlaunum hans, hverju nafni sem þau nefnast. Ef um launþega er að ræða, skiptist iðgjaldið þannig, að launþegi greiðir 4% en launagreiðandi 6%.
- 9.2. Iðgjöld sjóðfélaga, sem er sjálfstæður vinnuveitandi, skal miða við ákveðinn launaflokk í samningi viðkomandi stéttarfélags með föstu álagi. Launaflokk skal velja við inngöngu sbr. 3.6. eða þegar sjóðfélagi gerist vinnuveitandi sbr. 3.5.
- 9.3. Enginn greiði iðgjöld til sjóðsins lengur en til 70 ára aldurs, eða eftir að taka elli-lífeyris er hafin.
- 9.4. Sjóðfélagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.
- 9.5. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum launþega eftir af launum hans og standa sjóðnum skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldahluta. Jafnframt skal launagreiðandi senda sjóðnum skilagrein um iðgjöldin. Gjaldldagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. næsta mánaðar. Eigi greiðsla sér ekki stað innan þess mánaðar skal innheimta vanskilavexti á vangreidd iðgjöld frá gjaldldaga til greiðsludags samkvæmt ákvæðum III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.
- 9.6. Senda skal sjóðfélögum a.m.k. tvisvar á ári yfirlit yfir greidd iðgjöld þeirra vegna. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir, ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Sjóðurinn skal samtímis með opinberri auglýsingu skora á alla þá, sem telja sig hafa greitt iðgjöld til sjóðsins á viðkomandi tímabili, en ekki móttekið yfirlit, að gera sjóðnum án tafar viðvart um ætluð vanskil. Hafi athugasemdir frá sjóðfélagi, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits eða birtingu auglýsingar og sjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki, sem þau fást greidd. Sjóðurinn ber þó ekki ábyrgð á réttindum þeirra iðgjalda, sem glatast við gjaldþrot og Ábyrgðar-sjóður launa ber ekki ábyrgð á skv. 6. gr. laga nr. 53/1993.
- 9.7. Iðgjöld í vanskilum, sem sanna má með innsendum launaseðlum, skulu innheimt með sama hætti og skilagreinar launagreiðanda. Heimilt er sjóðnum að byggja innheimtuaðgerðir á áætlunum um ógreidd iðgjöld, enda hafi hlutaðeigandi launagreiðandi ekki skilað inn skilagreinum til sjóðsins fyrir viðkomandi tímabil.
- 9.8. Allar innborganir launagreiðanda, hvort heldur þær berast með nýrri skilagrein eða öðrum hætti, ráðstafað til greiðslu elstu ógreiddu iðgjalda og vanskilavaxta viðkomandi launagreiðanda. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að víkja frá þessari reglu í þeim tilfellum þegar hafin hefur verið formleg innheimta iðgjalda í vanskilum fyrir ákveðið tímabil og fullnægjandi trygging hefur fengist fyrir greiðslu iðgjalda, vanskilavaxta og innheimtukostnaðar vegna þessa tímabils. Ennfremur ef lög kveða á um annað, sbr. meðferð mála á greiðslustöðvunartímabili launagreiðanda. Skilagreinin telst ógreidd þar til innborgun nægir til fullrar greiðslu skilagreinarinnar og áfallinna vanskilavaxta á hana.

10. gr.

*Grundvöllur lífeyrisréttinda.*

- 10.1. Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár skulu reiknast í stig, sem mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans.
- 10.2. Til grundvallar stigaútreikningi skal leggja samanlögð grundvallarlaun almanaksársins. Grundvallarlaun í janúar 1996, kr. 75.099, skulu taka sömu hlutfallsbreyt-

ingum og vísitala neysluverðs sem Hagstofa Íslands auglýsir samkvæmt 1. gr. laga nr. 12/1995 með síðari breytingum.\*

- 10.3. Stig ársins reiknast þannig, að í árslaun sjóðfélaga (þ.e. tífold iðgjöld hans sbr. 10.1.) er deilt grundvallarlaunum samkv. 10.2.
- 10.4. Stig ársins skal reikna með þremur aukastöfum.
- 10.5. Ef sjóðfélagi á stig fyrir fleiri en 30 ár við útreikning maka- eða örorkulífeyris, skal reikna með stigum 30 bestu árunna að fullu, en þeim stigum, sem umfram eru, að hálfu.

#### 11. gr.

##### *Ellilífeyrir.*

- 11.1. Sá, sem öðlast hefur samanlagt a.m.k. 3 stig hjá sjóðnum samkvæmt 10. gr. og orðinn er 67 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.
- 11.2. Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti grundvallarlauna og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda viðkomandi, samkvæmt 10. gr. margfölduðum með 1,65.
- 11.3. Sá, sem er orðinn 65 ára en ekki 67 ára og uppfyllir skilyrði 11.1. að öðru leyti, má hefja töku ellilífeyris. Upphæð ellilífeyris samkvæmt 11.2. lækkar þá um 0,6% fyrir hvern mánuð, sem sjóðfélagann vantar upp á 67 ára aldur.
- 11.4. Sá, sem uppfyllir skilyrði 11.1., má fresta töku lífeyris allt til 70 ára aldurs og hækkar þá upphæð ellilífeyris samkvæmt 11.2. um 0,6% fyrir hvern mánuð, sem töku hans er frestað.

#### 12. gr.

##### *Örorkulífeyrir.*

- 12.1. Sjóðfélagi, sem ekki er orðinn 67 ára á rétt á örorkulífeyri samkvæmt 12.2. til 12.10. enda hafi hann:
  - a) Öðlast samanlagt a.m.k. 3 stig hjá sjóðnum samkvæmt 10. gr.
  - b) Greitt iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og áunnið sér eigi minna en 0,3 stig hvert þessara þriggja ára. Heimilt er sjóðstjórn að stytta fyrrgreindan tíma í tvö almanaksár vegna sérstakra aðstæðna sjóðfélagsins, svo sem aldurs hans, búsetu erlendis eða náms.
  - c) Greitt iðgjöld til sjóðsins í sex mánuði á undanfarandi 12 mánuðum.
- 12.2. Örorkulífeyrir er greiddur ef sjóðfélagi er metinn a.m.k. 40% varanlegur öryrki af trúnaðarlækni sjóðsins. Heimilt er sjóðnum að leggja örorkumat tryggingayfirlæknis til grundvallar örorkulífeyri. Örorkuna skal meta á þriggja ára fresti eða oftari að mati stjórnar sjóðsins.
- 12.3. Örorkumat samkvæmt 12.2. skal fyrstu þrjú árin miða við vanhæfni sjóðfélagsins til þess að gegna starfi því, sem hann hefur gegnt og veitti honum aðild að sjóðnum. Að því tímabili loknu skal miða örorkumatið við vanhæfni sjóðfélagsins til almennra starfa.
- 12.4. Hafi sjóðfélaginn skipt um starf og af þeim sökum hafið iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs á síðustu 24 mánuðum fyrir orkutap, skal einungis reiknað með áunnum stigum ef rekja má starfsskiptin til versnandi heilsufars.
- 12.5. Til grundvallar örorkulífeyri eru lögð þau stig (sbr. 10. gr.), sem sjóðfélaginn hefur öðlast, auk þeirra stiga, sem hann hefði áunnið sér til 67 ára aldurs miðað við

\*Grundvallarlaun hafa verið: 6. flokkur V.R. til 6. júní 1979, 9. fl. V.R. til 27. okt. 1980, 20. fl. V.R. til 31. des. 1982, 21. fl. V.R. til 5. nóv. 1984, 22. fl. V.R. til 31. des. 1984, 23. fl. V.R. til 28. feb. 1985, 24. fl. V.R. til 30. apríl 1985, 25. fl. V.R. til 31. júlí 1985, 26. fl. V.R. til 31. ágúst 1985. Frá 1. sept. 1985 til 31. des. 1992 samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins. Frá 1. jan. 1993 til 31. des. 1995 tóku grundvallarlaunin sömu hlutfallsbreytingum og lánskjarvísitala sú sem Seðlabanki Íslands auglýsti með heimild í 39. gr. laga nr. 13/1979 með síðari breytingum.

- meðaltal stiga hans næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið, sbr. þó 10.5., 12.4. og 12.6. Reynist þetta þriggja ára meðaltal sjóðfélagans óhagstætt vegna sjúkdóma eða atvinnuleysis, er stjórn sjóðsins heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ára aftur í tímann og sleppa því almanaksári, sem lakast er.
- 12.6. Ef rekja má orkutapið til ofnotkunar áfengis, deyfi- eða fíkniefna, skal ekki reikna með stigum vegna ókomins tíma samkvæmt 12.5.
- 12.7. Örorkulífeyrir er hundraðshluti grundvallarlauna og nemur hundraðshluti þessi sam-  
anlögðum stigafjölda samkvæmt 12.5. margfölduðum með örorkuprósentunni skv. 12.2. margfölduðum með 1,65. Örorkulífeyri skal reikna á þriggja ára fresti eða oftari í samræmi við 12.2.
- 12.8. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir vegna örorkunnar. Því til sönnunar getur stjórn sjóðsins krafist vottorða frá skattstofu, vinnuveitanda o.s.frv.
- 12.9. Skylt er sjóðfélaga, sem sækir um örorkulífeyri eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru, til þess að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.
- 12.10. Örorkulífeyrir fellur niður við 67 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig, að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, stig, sem við úrskurðun örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 67 ára aldurs í samræmi við 10.5.

## 13. gr.

*Makalífeyrir.*

- 13.1. Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða uppfyllir skilyrði 12.1. og á þá eftirlifandi maki hans rétt til lífeyris úr sjóðnum samkvæmt þeim reglum sem hér fara á eftir.
- 13.2. Óskertur makalífeyrir skv. 13.7. er ætíð greiddur eftirlifandi maka í minnst 24 mánuði, enda hafi hjónin ekki verið skilin að borði og sæng.
- 13.3. Eftirlifandi maki fær þó ávallt greiddan makalífeyri þar til yngsta barn sjóðfélagans nær 23 ára aldri sé það á framfæri makans.
- 13.4. Ef maki sjóðfélaga er að minnsta kosti 40% öryrki hlýtur hann lífeyri úr sjóðnum, sem er sami hundraðshluti af makalífeyri samkvæmt 13.7. og orkutap hans er metið. Örorku skal meta á þriggja ára fresti af trúnaðarlækni sjóðsins eða tryggingayfir-  
lækni.
- 13.5. Maki sjóðfélaga er fæddur fyrir 1945. Þó skal makalífeyrir samkvæmt 13.7. lækka um 2% fyrir hvert ár, sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1925, 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1930, 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1935 og 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1940.
- 13.6. Maki sjóðfélaga getur þó ávallt valið um hvort hann fær greiddan makalífeyri skv. ákvæðum gr. 13.2. - 13.5. eða fái greiddan makalífeyri, sem jafngildir þeim ið-  
gjöldum, sem greidd hafa verið vegna sjóðfélagans, að verðmæti mælt í stigum þannig að nemi kaupandvirði þeirra.  
Árafjöldinn, sem greiða skal makanum lífeyri, fæst með því að deila í tíföld áunnin stig sjóðfélagans með samanlögðum stigafjölda skv. gr. 13.7. Hafi sjóðfélaginn þegar fengið greiddan örorku- eða ellilífeyri skal fyrst draga frá tíföldum áunnum stigum sjóðfélagans samanlögð stig margfölduð annars vegar með 1,8 og hins vegar með árafjöldanum, sem lífeyrir hefur verið greiddur, áður en deilt er með saman-  
lögðum stigafjölda skv. gr. 13.7. Hafi sjóðfélaginn fengið greiddan örorkulífeyri,

meðan örorka hans var minni en 100%, skal nota stuðul sem er sami hundraðshluti af 1,8 og örorkan var að meðaltali á því tímabili, sem örorkulífeyrir var greiddur. Hafi töku ellilífeyris verið flýtt, eða henni frestað, skal lækka eða hækka stuðulinn 1,8 um sama hundraðshluta og ellilífeyrinn við úrskurð hans. ( $\text{ÁRM} = (\text{áunnin stig} \times 10 - \text{samanlagður stigafjöldi} \times 1,8 \times \text{ÁREÖ}) / (\text{Samanlagður stigafjöldi})$ ) þar sem ÁRM er árafjöldi makalífeyris og ÁREÖ er árafjöldi elli- og örorkulífeyris).

- 13.7. Upphæð makalífeyris er hundraðshluti grundvallarlauna og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda samkvæmt 12.5.
- 13.8. Réttur til makalífeyris fellur niður, ef makinn gengur í hjónaband á ný.
- 13.9. Nú andast sjóðfélagi og lætur ekki eftir sig maka, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri samkvæmt 13.1. um lengri eða skemmri tíma til aðila, sem sannanlega hefur annast heimili hans um langt árabíl fyrir andlát hans.

#### 14. gr.

##### *Barnalífeyrir.*

- 14.1. Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða uppfyllir skilyrði 12.1. og eiga þá eftirlifandi börn hans sbr. 14.3. rétt til lífeyris úr sjóðnum samkvæmt 14.4., uns þau hafa náð 20 ára aldri.
- 14.2. Börn elli- og örorkulífeyrisþega sem uppfylla skilyrði 12.1. eiga rétt til lífeyris úr sjóðnum samkvæmt 14.4. og 14.5., uns þau hafa náð 20 ára aldri.
- 14.3. Sem börn sjóðfélaga gilda börn og kjörbörn. Einnig fósturbörn og stjúpborn, sem sjóðfélaginn framfærði að mestu eða öllu leyti, ef um lífeyri samkvæmt 14.1. er að ræða.
- 14.4. Fullur barnalífeyrir. Ef barnið á foreldri, kjörforeldri, fósturforeldri eða stjúpforeldri á lífi, sem sér um framfærslu þess að öllu eða mestu leyti, skal lífeyrir þess vera 10% af grundvallarlaunum sjóðsins sbr. gr. 10.2. Að öðrum kosti skal lífeyrir þess vera 20% af grundvallarlaunum sjóðsins. Sbr. þó 14.5.
- 14.5. Lífeyrir barna örorkulífeyrisþega skal vera fullur lífeyrir samkvæmt 14.4. margfaldaður með örorkuprósentunni samkvæmt 12.2.
- 14.6. Barnalífeyrir greiðist framfæranda barns.

#### 15. gr.

##### *Tilhögun lífeyrisgreiðslna.*

- 15.1. Umsókn um lífeyri skal vera skrifleg.
- 15.2. Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á.
- 15.3. Lífeyrir skal greiddur fyrir þann mánuð, sem réttur til hans stofnast, og fyrir þann mánuð, sem réttur til hans fellur úr gildi.
- 15.4. Lífeyri skal ekki greiða lengur aftur í tímann en tvö ár frá því að umsókn barst sjóðnum.
- 15.5. Lífeyrir greiðist lífeyrisþeganum (sbr. þó 14.6.) eða þeim, sem hann veitir til þess skriflegt umboð.
- 15.6. Lífeyrisgreiðslur, sem ekki er vitjað innan þriggja ára, renna til sjóðsins.
- 15.7. Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð er svarar til a.m.k. 1,5 stiga réttinda, og ekki er fyrrisjáanleg sameining við önnur réttindi, þá er stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi í samræmi við útreikninga tryggingafræðings.

#### 16. gr.

##### *Endurgreiðsla iðgjalda.*

- 16.1. Ekki er heimilt að endurgreiða iðgjöld úr sjóðnum nema sjóðfélagi sem flust hefur af landi brott og er ríkisborgari erlends ríkis sem er utan Evrópska efnahagssvæðisins.

- 16.2. Endurgreiðslufjárhæðin er grundvallarlaun á greiðsludegi samkvæmt 10.2. margfölduð með stigum sjóðfélagsins og margfölduð með 0,04, en án vaxta.
- 16.3. Hafi iðgjöld verið endurgreidd, fellur niður sá lífeyrisréttur, sem grundvallaðist á þeim.

## 17. gr.

*Samningar um gagnkvæm réttindi, o.fl.*

- 17.1. Heimilt er stjórn sjóðsins að gera samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutnings o.fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma og bótaákvæðum reglugerðar þessarar í því skyni að koma í veg fyrir niðurfall réttinda, þegar sjóðfélagi skiptir um starf, og tvítryggingu réttinda, sem ekki miðast við liðinn iðgjalda-greiðslutíma. Ennfremur er þar heimilt að ákveða, að sjálfstæð réttindi í einstökum sjóðum skuli samanlagt ekki vera meiri en heildarréttindin mundu verða hjá einum og sama sjóði. Slíkir samningar eru þó ekki bindandi fyrir sjóðinn fyrr en þeir hafa hlotið samþykki Verslunarmannafélags Reykjavíkur og þeirra samtaka atvinnurekenda, sem að sjóðnum standa, sbr. 2. mgr. 2. gr.
- 17.2. Stjórn sjóðsins skal heimilt, að fengnu samþykki aðildarsamtaka sjóðsins, að yfirtaka eignir og skuldbindingar annarra lífeyrissjóða, enda séu tryggingafræðilegir útreikningar lagðir til grundvallar við yfirtökuna.
- 17.3.1. Hafi sjóðfélagi stundað störf eftir 1. janúar 1970, sem veittu aðild að sjóðnum, en ekki greitt iðgjald til sjóðsins, er honum heimilt að kaupa sér réttindi fyrir þennan starfstíma.
- 17.3.2. Fyrir réttindakaup greiðist 10% af margfeldi grundvallarlauna (sbr. 10.2.) á þeim tíma, sem kaupin fara fram og þeirra stiga, sem sjóðfélaginn öðlast með kaupunum.

## 18. gr.

*Upplýsingaskylda.*

- 18.1. Stjórn sjóðsins er skylt að upplýsa sjóðfélaga um lífeyrisrétt þeirra með útgáfu bæklings og dreifirita.
- 18.2. Yfirlitum til sjóðfélaga, sbr. gr. 9.6., skal árlega fylgja greinargerð um helstu niðurstöður tryggingafræðilegrar úttektar og rekstrar sjóðsins.
- 18.3. Einu sinni á ári skal með auglýsingu í dagblaði eða á annan skilmerkilegan hátt birta opinberlega helstu niðurstöður úr starfsemi sjóðsins, þar sem m.a. komi fram helstu niðurstöður úr rekstri, efnahag og tryggingafræðilegri úttekt.

## 19. gr.

*Framsal, veðsetning og aðför lífeyris.*

- 19.1. Réttur til lífeyris verður eigi af hendi látinn né veðsettur.
- 19.2. Lífeyrisgreiðslur eru undanþegnar aðför.

## 20. gr.

*Gerðardómur.*

- 20.1. Rísi ágreiningur um reglugerð þessa, skal vísa honum til gerðardóms, sem skipaður skal þremur mönnum, einum tilnefndum af Verslunarmannafélagi Reykjavíkur, einum tilnefndum af samtökum atvinnurekenda sem að sjóðnum standa og einum tilnefndum af Hæstarétti Íslands og skal sá vera formaður dómsins.
- 20.2. Vilji sjóðfélagi eða erfingi sjóðfélaga ekki hlíta úrskurði stjórnar sjóðsins um eitthvert atriði varðandi réttindi hans eða inneign í sjóðnum, getur hann lagt málið fyrir gerðardóm. Hann skal þá tilkynna stjórninni það bréflaga innan mánaðar eftir að hann fékk úrskurð hennar og jafnframt tilnefna gerðardómsmann af sinni hálfu.

Stjórn sjóðsins skal þá tilnefna gerðardómsmann af sinni hálfu innan tveggja vikna. Aðilar koma sér síðan saman um oddamann, sem skal vera formaður gerðardómsins. Ef samkomulag næst ekki skal hann tilnefndur af Hæstarétti Íslands.

## 21. gr.

*Breytingar á reglugerðinni.*

- 21.1. Breytingar á reglugerð þessari eru samningsatriði milli Verslunarmannafélags Reykjavíkur og þeirra samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa, sbr. 2. mgr. 2. gr.
- 21.2. Til að reglugerðarbreyting öðlist gildi þarf hún samþykki allra aðildarsamtaka sjóðsins sbr. gr. 2.2. og staðfestingu fjármálaráðuneytis.
- 21.3. Tillaga til breytingar á reglugerðinni skal lögð fram og kynnt hverju aðildarsamtaka sjóðsins fullum tveimur mánuðum áður en afstaða til tillögunnar þarf að liggja fyrir. Miði tillaga að aukningu réttinda eða ætla má að hún geti haft áhrif á getu sjóðsins til greiðslu lífeyris skal henni fylgja tryggingafræðileg úttekt á afleiðingum breytingatillögunnar á gjaldhæfi sjóðsins.

## 22. gr.

*Gildistaka.*

- 22.1. Reglugerð þessi gildir frá 1. júlí 1997 og kemur í stað eldri reglugerðar frá 1. apríl 1981 með áorðnum breytingum.\*
- 22.2. Lífeyrisþegar, sem áttu betri rétt samkvæmt eldri reglugerðinni, skulu halda þeim rétti.

Með vísan til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerð þessi hér með.

*Fjármálaráðuneytinu, 2. júlí 1997.*

F. h. r.

**Áslaug Guðjónsdóttir.**

*Hermann Jónasson.*

---

\* Frá 1. apríl 1981 hefur reglugerð sjóðsins verið breytt sem hér greinir. Frá 1. desember 1983 breytingar á mgr. 12.1. og 12.3. Frá 1. ágúst 1986 breytingar á mgr. 8.3. og 9.5. Frá 1. maí 1988 falla mgr. 8.3. og 9.5. brott og númer annarra greina breytist til samræmis við það. Frá 1. janúar 1993 breytingar á mgr. 9.2., 9.4., 12.1., 12.2. og ný mgr. 16.6. Númer síðari greina 16. gr. breytist til samræmis við það. Frá 1. janúar 1994 breytingar á mgr. 7.1. - 7.5., nýjar mgr. 7.7. og 7.8., breytingar á mgr. 7.10., 9.5., 11.1., 11.4., ný mgr. 14.7. og breytingar á mgr. 16.1. og 16.3. Frá 1. janúar 1995 ný mgr. 7.5. Númer síðari málsgreina 7. gr. breytist til samræmis við það. Frá 1. júní 1995 breytingar á mgr. 3.6. og 4.1. Málsgrein 4.3. felld brott. Breytingar á mgr. 5.2., ný mgr. 5.3., breytingar á mgr. 20.1., 21.1. og 22.1. Jafnframt sett inn ákvæði til bráðabirgða um tvo nýja fulltrúa í stjórn sjóðsins frá 1. júní 1995 að fengnum viðbótartilnefningum skv. mgr. 4.1. Frá 1. júlí 1997 ný mgr. 2.2., br. á mgr. 3.6., nýjar mgr. 4.3. - 4.9.3., ný gr. 5., ný mgr. 6.4., breytingar á 7. gr., 8. gr., 9. gr., 11. gr., 12. gr., 13. gr. og 17. gr., nýjar mgr. 18.2. og 18.3.

# REGLUGERÐ

## fyrir Lífeyrissjóð Flugvirkjafélags Íslands.

### 1. gr.

#### *Nafn og heimili.*

Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður Flugvirkjafélags Íslands. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

### 2. gr.

#### *Hlutverk sjóðsins.*

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum elli- og örorkulífeyri og eftirlátnum mökum þeirra og börnum maka- og barnalífeyri samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

### 3. gr.

#### *Sjóðfélagar.*

Sjóðfélagar skulu vera allir þeir félagsmenn Flugvirkjafélags Íslands, sem taka laun í samræmi við gildandi kjarasamninga félagsins.

Heimilt er þeim, sem við gildistöku reglugerðar þessarar er félagi í sjóðnum, en uppfyllir þó ekki skilyrði 1. mgr., að halda áfram þátttöku. Skipti slíkur sjóðfélagi um starf, fer um áframhaldandi þátttöku hans eftir ákvæðum 3. mgr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að taka í tölu sjóðfélaga menn, er starfa að flugmálum, aðra en þá sem nefndir eru í 1. mgr., svo og fasta starfsmenn Flugvirkjafélags Íslands. Þá er henni heimilt að leyfa sjóðfélaga að halda áfram þátttöku, ef hann fer í annað starf. Sama gildir, ef sjóðfélagi hverfur að framhaldsnámi í grein sinni eða námi til undirbúnings öðru starfi.

Þeir, sem njóta elli- eða örorkulífeyris út sjóðnum, teljast sjóðfélagar, nema um sé að ræða réttindi samkvæmt 3. mgr. 14. gr.

### 4. gr.

#### *Stjórn.*

Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 mönnum, þremur tilnefndum af stjórn Flugvirkjafélags Íslands og tveimur af Flugleiðum hf. Jafnmargir varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Stjórn sjóðsins skal skipuð til þriggja ára í senn.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Hún skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar. Stjórnarsamþykkt er ekki lögmat nema a.m.k. þrjú stjórnarmenn greiði henni atkvæði.

### 5. gr.

#### *Reikningar, endurskoðun og afgreiðsla.*

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda svo og af tveimur félagslegum endurskoðendum, öðrum tilnefndum af Flugvirkjafélagi Íslands og hinum af Flugleiðum hf.

Reikningar sjóðsins skulu liggja frammi sjóðfélögum til sýnis á þeim stað, sem sjóðurinn hefur afgreiðslu sína.

Stjórn sjóðsins skal gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru fyrir starfrækslu hans, afgreiðslu, bókhald og endurskoðun. Heimilt er henni að semja við endurskoðunarskrifstofu eða annan aðila um þessi störf að nokkru eða öllu leyti, svo og að semja við aðra lífeyrissjóði um sameiginlegan rekstur.



Eigi sjaldnar en einu sinni á ári skal sjóðurinn senda þeim sjóðfélögum, sem iðgjöld hafa borist frá á undanfarandi ári, yfirlit um áunnin réttindi í sjóðnum.

## 6. gr.

*Tryggingafræðileg athugun.*

Fimmta hvert ár skal stjórn sjóðsins fá tryggingafræðing til að reikna út fjárhag sjóðsins. Hann skal semja skýrslu um athugun sína og gera upp efnahagsreikning á grundvelli útreikninganna.

Telji tryggingafræðingurinn, með hliðsjón af kaupgjaldsþróun og öðrum atriðum, sem máli skipta, rannsókn sína leiða í ljós, að fjárhagur sjóðsins sé svo ótryggur, að við svo búid megi ekki standa, skal hann gera tillögu til sjóðstjórnar um hlutfallslega lækun lífeyrisréttinda.

Að lokinni tryggingafræðilegri athugun skal sjóðstjórn gera Flugvirkjafélagi Íslands og Flugleiðum hf. grein fyrir niðurstöðum hennar og skýra frá fyrirætlunum sínum um ráðstafanir í framhaldi af henni.

## 7. gr.

*Ávöxtun á fé sjóðsins.*

Stjórn sjóðsins sér um ávöxtun á fé hans. Almennt skal gæta eðlilegrar áhættudreifingar við fjárfestingar fyrir hönd sjóðsins. Einungis er heimilt að ávaxta fé sjóðsins með eftirfarandi hætti:

1. Í ríkisskuldabréfum og skuldabréfum, sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
2. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga með trausta fjárhagslega stöðu.
3. Í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteign, þó ekki í sérhæfðu atvinnuhúsnæði, að hámarki 50% af brunabótamatsverði. Telji sjóðstjórn brunabótamat vera ófullnægjandi mælikvarða skal hún miða við mat á markaðsverði fasteignarinnar.
4. Með innlánnum í bönkum og sparisjóðum.
5. Í skuldabréfum banka, sparisjóða og annarra lánastofnana, sem lúta eftirliti banka- eftirlits.
6. Í hlutdeildarskírteinum innlendra verðbréfasjóða sem lúta eftirliti bankaeftirlits, þó að hámarki 15% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris.
7. Í skuldabréfum fyrirtækja, enda séu þau skráð á Verðbréfaþingi Íslands, þó að hámarki 10% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris.
8. Í hlutabréfum fyrirtækja sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands eða Opna tilboðsmarkaðinum, þó að hámarki 25% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris. Ekki má kaupa svo mikið af hlutabréfum í einu og sama fyrirtæki, að bókfært verð hlutabréfa í því fari fram úr 2% af hreinni eign sjóðsins.
9. Í traustum erlendum verðbréfum sem skráð eru á opinberum verðbréfamörkuðum í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD), þó að hámarki 25% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris.

## 8. gr.

*Iðgjöld.*

Iðgjöld til sjóðsins nema 10% af launum þeim, sem tilgreind eru í 2. mgr. eða ákveðin af sjóðstjórn samkvæmt 3. mgr. Sé um launþega að ræða, skiptist iðgjaldið þannig, að launþegi greiðir 4%, en laungreiðandi 6%.

Iðgjald skal greiða af öllum launatekjum starfsmanna, hverju nafni sem nefnast, og gera upp mánaðarlega. Stjórn sjóðsins getur sett reglur um, við hvaða tekjur skuli miða iðgjöld

þeirra, sem nefndir eru í 2. og 3. mgr. 3. gr., þannig að iðgjöldin séu í samræmi við laun annarra sjóðfélaga eða fylgi almennum launabreytingum.

Enginn greiðir iðgjöld til sjóðsins lengur en til loka þess mánaðar, er hann nær 70 ára aldri, né lengur en til þess tíma, er hann hefur töku ellilífeyris.

Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum launþega eftir af launum hans og standa sjóðnum skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldahluta. Menn í sjálfstæðu starfi bera sjálfir ábyrgð á, að iðgjöldum sé skilað til sjóðsins, og hafa vanskil í för með sér missi réttinda, eins og um niðurfall launagreiðslna væri að ræða samkvæmt 2. og 3. mgr. 14. gr. Sama gildir um starfsmenn í þjónustu annarra en Flugleiða hf., þó aldrei fyrr en 2 mánuðum eftir, að sjóðfélaga hefur borist tilkynning sjóðstjórnar um vanskil. Gjaldddagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. næsta mánaðar. Eigi greiðsla sér ekki stað innan þess mánaðar, skal innheimta vanskilavexti þá, sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum hæsta að taka, frá gjaldddaga til greiðsludags.

Sjóðfélagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.

### 9. gr.

#### *Grundvöllur lífeyrisréttinda.*

Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig, er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans.

Til grundvallar stigaútreikningi skal reikna fyrir hvern almanaks mánuð grundvallarlaun sjóðsins. Mánaðarleg grundvallarlaun skulu frá 1. janúar 1993 vera tengd lánskjaravísitölu þeirri, sem Seðlabanki Íslands auglýsir með heimild í 39. gr. laga nr. 13/1979 með síðari breytingum. Reiknast grundvallarlaun janúarmánaðar 1993 kr. 89.230, miðað við lánskjaravísitölu, eins og hún er þann mánuð. Síðan breytast grundvallarlaunin mánaðarlega í hlutfalli við breytingu á lánskjaravísitölu. Verði grundvöllur þessi að dómi sjóðstjórnar ónothæfur mælikvarði, skal hún ákveða annan stigagrundvöll svo og tengingu hans við fyrri grundvöll. Sama gildir, ef stigagrundvöllur, sem ákveðinn hefur verið af sjóðstjórn, reynist síðar ónothæfur.

Stig ársins reiknast þannig, að deilt skal í 10-föld iðgjöld, sem greidd hafa verið vegna hlutaðeigandi sjóðfélaga, með grundvallarlaunum ársins samkvæmt 2. málsg. þessarar greinar. Séu iðgjaldagreiðsluár fleiri en 30, skal þó aðeins reikna að fullu stig þeirra 30 ára, sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann, en að hálfu stig þeirra ára, sem afgangss verða.

Ekki skal reikna stig fyrir tíma eftir lok þess mánaðar, er sjóðfélagi nær 70 ára aldri.

Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.

### 10. gr.

#### *Ellilífeyrir.*

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins og er orðinn fullra 67 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum, eins og þau eru 1. hvers mánaðar, sem lífeyrir er greiddur, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjöldi, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér, margfölduðum með 1,5.

Heimilt er sjóðfélagi að hefja töku ellilífeyris, áður en hann nær 67 ára aldri, þó ekki fyrr en frá 65 ára aldri. Skal þá upphæð ellilífeyris lækka frá því, sem í 2. mgr. segir, um 0,5% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem vantar á 67 ára aldur, er taka hans hefst. Beri sjóðfélagi lögum samkvæmt að láta af starfi sínu fyrir 65 ára aldur, er honum heimilt að hefja töku ellilífeyris, er hann lætur af starfi af þessum sökum, þó aldrei fyrr en frá 60 ára aldri. Lækkar þá fjárhæð lífeyris frá því, sem í 2. mgr. segir, um 0,5% fyrir hvern mánuð, sem vantar á 67 ára aldur, er taka hefst, allt að 64 ára aldri, og síðan um 0,4% fyrir hvern

mánuð, allt að 60 ára aldri. Heimilt er sjóðstjórn að beita sömu reglu, ef sjóðfélagi missir vinnu sína eftir 60 ára aldur vegna meiri háttar breytinga í rekstri fyrirtækis.

Heimilt er sjóðfélagi að fresta töku ellilífeyris allt til 70 ára aldurs, og hækkar þá upphæð ellilífeyris um 0,5% fyrir hvern mánuð, sem töku hans er frestað fram yfir 67 ára aldur.

#### 11. gr.

##### *Örorkulífeyrir.*

Sjóðfélagi, sem verður fyrir orkutapi, sem telja verður að nemi 40% eða meira, á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum, enda hafi hann:

- a. greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og áunnið sér eigi minna en 0,4 stig hvert þessara þriggja ára. Heimilt er sjóðstjórn að stytta þennan tíma í tvö undanfarandi almanaksár, enda verði talið fullvíst, að orsök örorku verði ekki rakin til tíma fyrir orkutap;
- b. greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum;
- c. orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri, meðan hann nýtur greiðslna úr sjúkrasjóði, heldur fullum launum fyrir starf það, er hann gegndi eða hefur jafnháar tekjur af öðru starfi, og aldrei skal samantlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir samkvæmt 13.3 vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann, svo og álitum trúnaðarlæknis sjóðsins. Fyrstu þrjú árin eftir orkutapið skal örorkumat aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi, er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu skal skerðing starfsorku metin á ný með tilliti til vanhæfni sjóðfélagens til almennra starfa, nýrra upplýsinga um heilsufar hans og störf og árangurs af endurhæfingu.

Þegar skilyrði 1. mgr. um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt, miðast hámark örorkulífeyris við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 10. gr. að viðbættum lífeyri, er svarar til þess stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, miðað við meðaltal stiga hans næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórnin þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis, er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári, sem lakast er. Eigi sjóðfélagi jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Ef rekja má orkutapið til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna, skal ekki reikna réttindi vegna ókomins tíma.

Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó c-lið 1. mgr.

Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma, er örorkan óx, ekki verið í starfi, er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.

Örorkulífeyrir fellur niður við 67 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig, að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, stig, sem við úrskurðun örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 67 ára aldurs. Aldrei skal þó

slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo, að heildarstigafjöldi hvert almanaksár verði hærri en almennt tíðkast í starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.

Um örorkulífeyri þeirra, sem ekki uppfylla skilyrði 1. mgr. um iðgjaldagreiðslutíma fer eftir ákvæðum 3. mgr. 14. gr.

## 12. gr.

### *Makalífeyrir.*

Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og lætur eftir sig maka, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda hafi hann verið orðinn 42 ára að aldri við fráfall sjóðfélagans, hjónabandið hafi staðið a.m.k. 5 ár og verið stofnað, áður en sjóðfélaginn náði 60 ára aldri.

Láti sjóðfélagi eftir sig eitt barn eða fleiri innan 19 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum, skal makalífeyrir greiddur fram að 19 ára aldri yngsta barnsins án tillits til hjúskapartíma og aldurs sjóðfélaga og eftirlifandi maka. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt, enda hafi ættleiðingin átt sér stað fyrir 60 ára aldur sjóðfélagans, áður en hann missti starfsorku sína og a.m.k. einu ári áður en hann lést.

Nú andast sjóðfélagi, sem uppfyllir skilyrði 1. mgr. um iðgjaldagreiðslutíma, en maki hans fær ekki úrskurðaðan makalífeyri samkvæmt 1. né 2. mgr. eða greiðsla samkvæmt 2. mgr. stendur skemur en 24 mánuði, og skal makalífeyrir þá engu að síður greiddur í 24 mánuði eftir fráfall sjóðfélagans. Heimilt er sjóðstjórn að lengja þetta tímabil, ef starfsorka hins eftirlifandi maka er talin skert um a.m.k. 50%.

Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri samkvæmt 1.-3. mgr. til aðila, sem sannanlega hefur annast heimili hins látna um langt árabíl fyrir andlát hans.

Upphæð óskerts makalífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum, eins og þau eru 1. hvers mánaðar, sem lífeyrir er greiddur, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0,765. Þegar skilyrði 1. mgr. um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt, skal auk áunninna stiga telja með þau stig, sem ætla má, að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 11. gr. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum, skal reikna stig frá þeim tíma, er honum var veittur örorkulífeyrir, og til þess tíma, er makalífeyrir er veittur, allt að 67 ára aldri, í samræmi við ákvæði 2. mgr. 11. gr., en síðan til 67 ára aldurs í samræmi við stig þau, sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Séu skilyrði 1. mgr. um iðgjaldagreiðslutíma ekki uppfyllt, ákvarðast upphæð makalífeyris í samræmi við 2. mgr. 15. gr.

Sé eftirlifandi maki yngri en 55 ára við fráfall sjóðfélaga, skerðist makalífeyrir samkvæmt 1. málsg. um 0,5% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem eftirlifandi maka vantar á 55 ára aldur. Lífeyrir greiðist jafnan óskertur þann tíma, sem réttur varir samkvæmt 2. eða 3. mgr.

Ekkja eða ekill samkvæmt þessari grein telst ekki sá, sem skilinn var við sjóðfélagann að borði og sæng fyrir andlát hans. Gangi eftirlifandi maki í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar, sem jafna má til hjúskapar, skal greiða honum í einu lagi fjárhæð, er nemur 30-faldri mánaðargreiðslu makalífeyris, eins og lífeyririnn er við giftingu eða stofnun sambúðar. Þó skal eingreiðslufjárhæðin aldrei vera hærri en sem svarar til lífeyris þann fjölda mánaða, sem lífeyrisréttur hefði gilt ella. Með eingreiðslunni fellur niður frekari réttur til makalífeyris.

## 13. gr.

*Barnalífeyrir.*

Nú andast sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum örorkulífeyris a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum, og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig og yngri eru en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélagans börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði, skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði, að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Ef barnið á foreldi eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og úr þessum sjóði 50% hærrí en barnalífeyrir almanna-trygginga. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfaldur barnalífeyrir almanna-trygginga, en þó skal lífeyrir úr sjóðnum í slíku tilviki aldrei vera lægri en verða mundi, ef foreldri eða kjörforeldi sæi um framfærslu barnsins.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga, er njóta örorkulífeyris úr sjóðnum vegna 100% örorku. Við ákvörðun lífeyrisfjárhæðar sjóðsins skal þó ávallt reikna með, að örorka samkvæmt almannatryggingalögum sé einnig 100%. Sé örorka samkvæmt 11. gr. metin lægri en 100%, skal barnalífeyrir sjóðsins vera hlutfallslega lægri.

Fósturbörn og stjúpbörn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu, ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

Nú fellur maki sjóðfélaga frá á undan sjóðfélaga, og skal sjóðurinn þá greiða eftirlifandi börnum barnalífeyri, enda öðlist þau ekki við fráfallið lífeyrisrétt í öðrum lífeyrissjóði. Um lífeyri samkvæmt þessari málsgrein gilda ákvæði 1.-4. mgr. eftir því, sem við getur átt. Falli sjóðfélagi frá á eftir maka sínum, fer um barnalífeyri eftir ákvæðum 2. mgr.

## 14. gr.

*Iðgjaldagreiðslur falla niður.*

Nú falla niður launagreiðslur til sjóðfélaga vegna veikinda, og ávinnur hann sér þá ekki réttindi, meðan svo stendur. Tímabil, er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessari ástæðu, reiknast ekki með, þegar úrskurða skal, hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt. Sama gildir, ef launagreiðslur hafa fallið niður vegna atvinnuleysis, þó ekki lengur en 12 mánuði samfleytt, enda hafi sjóðfélaginn á því tímabili ekki verið 6 mánuði eða lengur í starfi, er veitti honum aðgang að öðrum lífeyrissjóði.

Falli iðgjaldagreiðslur niður í meira en 6 mánuði samfleytt af öðrum ástæðum en þeim, sem nefndar eru í 1. mgr., telst hlutaðeigandi ekki lengur til sjóðfélaga. Skulu þá áunnin stig geymd.

Réttur til elli-, örorku og makalífeyris fellur ekki niður, þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu og hverfi úr sjóðnum, en miðast einungis við áunnin stig.

## 15. gr.

*Flutningur réttinda.*

Gerist sjóðfélagi, sem fer úr þessum lífeyrissjóði, sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, er stjórn sjóðsins heimilt að endurgreiða öll iðgjöld, sem greidd hafa verið hans vegna, með vöxtum, er stjórnin ákveður. Sama gildir, ef sjóðfélaginn kaupir sér lífeyri hjá tryggingafélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir. Það er skilyrði fyrir endurgreiðslunni, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði, er hann flyst til, eða hjá tryggingafélagi eða stofnun svo sem að framan greinir. Það skal enn fremur sett sem skilyrði fyrir endurgreiðslu samkvæmt þessari málsgrein, að tilsvarandi takmarkanir

gildi um endurgreiðslur eða endurkaup, þar sem réttindi eru leyfð, eins og eftir þessari reglugerð.

Fé, sem yfirfært kann að verða úr öðrum lífeyrissjóði, veitir ekki víðtækari endurgreiðslurétt en gildir í sjóðnum, sem það var yfirfært úr. Að öðru leyti setur stjórn sjóðsins um það reglur, að fengnum tillögum tryggingafræðings hans, með hvaða kjörum hún heimilar flutning réttinda úr öðrum sjóði til þessa sjóðs.

16. gr.

*Samningar um gagnkvæm réttindi o.fl.*

Heimilt er stjórn sjóðsins að semja við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutnings o.fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma- og bótaákvæðum reglugerðar þessarar í því skyni að koma í veg fyrir niðurfall réttinda, þegar sjóðfélagi skiptir um starf, og tvítryggingu réttinda, sem ekki miðast við liðinn iðgjaldagreiðslutíma. Slíkir samningar eru þó ekki bindandi fyrir sjóðinn, fyrir en þeir hafa hlotið samþykki Flugvirkjafélags Íslands og Flugleiða hf.

17. gr.

*Tilhögun lífeyrisgreiðslna.*

Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð, er lífeyrisréttur myndast, og í síðasta sinn fyrir þann mánuð, er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðstjórn skyld að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknað frá byrjun þess mánaðar, er umsókn berst sjóðnum.

Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð, er svarar til a.m.k. eins stigs réttinda, og fyrir-sjáanlegt er, að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðings.

Hafi lífeyrisgreiðsla ekki verið vitjað í 5 ár, getur stjórn sjóðsins úrskurðað, að réttur til hennar falli niður, og rennur þá fjárhæðin til sjóðsins.

18. gr.

*Bann við framsali og veðsetningu.*

Réttur til lífeyris verður eigi af hendi látinn né veðsettur.

19. gr.

*Gerðardómur.*

Vilji sjóðfélagi ekki una úrskurði sjóðstjórnar í máli, er hann hefur skotið til hennar, getur hann vísað því til gerðardóms, sem skipaður skal þremur mönnum, einum tilnefndum af stjórn Flugvirkjafélags Íslands, einum af Flugleiðum hf. og oddamanni, er aðilar velja sameiginlega. Náist ekki samkomulag um val hans, skal héraðsdómur Reykjavíkur beðinn að tilnefna oddamann. Úrskurður gerðardómsins er bindandi fyrir báða aðila. Málskostnaði skal skipt milli málsaðila eftir mati dómsins.

20. gr.

*Eldri réttindi.*

Réttindi áunnin í lífeyrissjóðnum til ársloka 1992 skulu reiknuð til stiga í samræmi við ákvæði reglugerðar þeirrar, sem gilt hefur frá 1. janúar 1977.

Þeir lífeyrisþegar sjóðsins, sem njóta lífeyris í desembermánuði 1992 eða fá síðar úrskurðaðan lífeyri fyrir þann mánuð, skulu frá 1. janúar 1993 taka lífeyri samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, þó aldrei lægri fjárhæð á mánuði en þeir fá fyrir desember 1992.

## 21. gr.

*Breytingar á reglugerðinni.*

Breytingar á reglugerð þessari verða sammingsatriði milli Flugvirkjafélags Íslands og Flugleiða hf., og skal með tillögur um breytingar farið eftir sömu reglum og gilda um upp-sögn kjarasamninga milli aðila.

## 22. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi kemur í stað reglugerðar þeirrar, sem gilt hefur frá 1. janúar 1977, með síðari breytingum og gildir frá 1. janúar 1997 að telja.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerð þessi hér með.

*Fjármálaráðuneytinu, 10. júlí 1997.*

F. h. r.

**Áslaug Guðjónsdóttir.**

---

*Hermann Jónasson.***REGLUGERÐ****um breytingu á heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990, með síðari breytingum.**

## 1. gr.

Við 69. gr. reglugerðarinnar bætast nýjar mgr. sem orðast svo:

- 69.4. Fjallaskálar skulu hafa viðunandi salernis- og snyrtiaðstöðu. Þar sem því verður við komið skal vera vatnssalerni og handlaug. Að öðru leyti gilda um fjallaskála ákvæði um gistiskála eftir því sem við getur átt þar með talinn frágangur umhverfis, neysluvatns, sorps og frárennslis. Þar sem svo hagar til að ekkert vatn er að hafa frá náttúrunnar hendi skal viðhafa sérstakar ráðstafanir til að forðast mengun.
- 69.5. Krafa í 2. mgr. um lágmarksrými á hvern næturgest gildir ekki í fjallaskálum, enda sé þess gætt að loftræsting svefnrýmis sé nægjanleg.

## 2. gr.

70. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

- 70.1. Sækja skal um leyfi til heilbrigðisnefndar fyrir veitinga- og gististöðum, orlofshúsum og fjallaskálum samkvæmt þessum kafla og jafnframt skal gæta laga og reglna um veitinga- og gististaði. Við vinnslu starfsleyfa fyrir fjallaskála skal heilbrigðisnefnd fara eftir leiðbeiningum Hollustuverndar ríkisins.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað.

*Umhverfisráðuneytinu, 11. júlí 1997.*

**Guðmundur Bjarnason.**

---

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Hellu, 1977–1998 – iðnaðarsvæði við Dynskála.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Rangárvallahrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 5. mars 1997 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hellu 1977-1998, er staðfest var 2. febrúar 1980, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fölgín í því að stækkað er iðnaðarsvæði austast í þéttbýlinu til norðausturs fyrir oliubirgðastöð. Ennfremur færíst umferðartenging Dynskála við þjóðveg nr. 1 til austurs.

Hreppsnefnd Rangárvallahrepps hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfísráðuneytinu, 8. júlí 1997.*

F. h. r.

**Þórður H. Ólafsson.**

*Hrafn Hallgrímsson.*

11. júlí 1997

## SAMÞYKKT

Nr. 468

### fyrir Veidifélag Hellisár.

1. Félagið heitir Veidifélag Hellisár í Skaftárhreppi. Heimili þess og varnarþing er það sama og formanns.
2. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Hellisá í Skaftárhreppi, allt að eystri mörkum jarðarinnar Holts, en þær eru Skaftárdalur I-III, Skál og Holt.
3. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og að ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurskosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.
5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.
6. Aðalfund skal halda í janúarmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.



9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 11. júlí 1997.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Jón Höskuldsson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar er taki gildi 1. ágúst 1997.

Gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar nr. 163 3. mars 1997, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

#### Smásala.

##### 4. gr.

Fast gjald greiðist af öllu hituðu húsnaði. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Fastagjaldið reiknast út frá flatarmáli (F) samkvæmt fasteignamati. Flatarmál bifreiðageymslna er ekki tekið með flatarmáli íbúðarhúsnaðis, nema þær séu notaðar sem íbúðar- eða atvinnuhúsnaði.

Fast gjald á mánuði =  $F \times 12,08 \text{ kr/m}^2$  ef F er minna en eða jafnt  $130 \text{ m}^2$ .

Fast gjald á mánuði =  $1.570 + (F - 130) \times 7,27 \text{ kr/m}^2$ , ef F er stærra en  $130 \text{ m}^2$ .

##### 5. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er:

- Þeir sem greiða fast gjald samkvæmt 4. gr.: kr. 89,99 fyrir hvern rúmmetra vatns.
  - Þeir sem ekki greiða fast gjald samkvæmt 4. gr.: kr. 120,29 fyrir hvern rúmmetra vatns.
- Gjaldið leiðréttist miðað við reiknað hitastig við húsvegg sbr. 18. gr. reglugerðar hitaveitunnar.

##### 6. gr.

Fyrir hvern mæli skal greiða mánaðarlega:

Fyrir mæli með nafnrennsli undir  $6 \text{ m}^3/\text{klst.}$ : 277 kr./mán.

Fyrir mæli með nafnrennsli yfir  $6 \text{ m}^3/\text{klst.}$ : 497 kr./mán.

*Iðnaðarráðuneytinu, 14. júlí 1997.*

F. h. r.

**Kristmundur Halldórsson.**

*Steinunn Bjarman.*

# AUGLÝSING

## um breytingu á gjaldskrá Akranesveitu.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Akranesveitu er taki gildi 1. ágúst 1997. Gjaldskrá Akranesveitu, nr. 162 3. mars 1997 breytist þannig:

### Vegna sölu á heitu vatni.

#### D-hluti.

##### 1. gr.

Akranesveita selur heitt vatn samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð.

##### 2. gr.

Fastagjald greiðist af öllu hituðu húsnæði. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Fastagjald reiknast út frá flatarmáli (F) samkvæmt fasteignamati. Flatarmál bílgeymslna er ekki tekið með flatarmáli íbúðarhúsnæðis, nema þær séu notaðar sem íbúðar- eða atvinnu-húsnæði.

Fastagjald á mánuði =  $F \times 12,08$  kr./m<sup>2</sup> ef F er minna en eða jafnt 130 m<sup>2</sup>.

Fastagjald á mánuði =  $1.570 + (F - 130) \times 7,27$  kr./m<sup>2</sup>, ef F er stærra en 130 m<sup>2</sup>.

##### 3. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er:

- a. Þeir sem greiða fastagjald samkvæmt 2. gr.: kr. 89,99 fyrir hvern rúmmetra vatns.
  - b. Þeir sem ekki greiða fastagjald samkvæmt 2. gr.: kr. 120,29 fyrir hvern rúmmetra vatns.
- Gjaldið leiðréttist miðað við reiknað hitastig við húsvegg sbr. reglugerð Akranesveitu.

##### 4. gr.

Fyrir hvern mæli skal greiða mánaðarlega:

Fyrir mæla með nafnrennsli allt að 6m<sup>3</sup>/klst.: 277 kr./mán.

Fyrir mæla með nafnrennsli yfir 6m<sup>3</sup>/klst.: 497 kr./mán.

*Iðnaðarráðuneytinu, 14. júlí 1997.*

F. h. r.

**Kristmundur Halldórsson.**

---

*Steinunn Bjarman.*

## REGLUGERÐ

### um eignaskiptayfirlýsingar, útreikning hlutfallstalna o.fl. í fjöleignarhúsum.

#### 1. gr.

Við gerð eignaskiptayfirlýsingar og útreikning hlutfallstalna skulu samþykktar aðal-  
teikningar húss lagðar til grundvallar.

Stærðarútreikningar skulu gerðir samkvæmt skráningarreglum Fasteignamats ríkisins  
og byggingarfulltrúa um mannvirki, sbr. fylgiskjal með reglugerð þessari og íslenskum staðli  
um flatarmál og rúmmál bygginga, ÍST 50. Sé misræmi á milli skráningarreglnanna og ÍST  
50 skulu skráningarreglurnar gilda.

Allar stærðir, merkingar og aðrar færslur skal færa í sérstaka skráningartöflu samkvæmt  
skráningarreglum, sbr. 2. mgr., þó að undanskildum dálkum 14 og 15 í skráningartöflunni.

Breytingar á skráningarreglunum öðlast ekki gildi gagnvart reglugerð þessari nema með  
staðfestingu félagsmálaráðuneytisins.

#### 2. gr.

Í eignaskiptayfirlýsingu skal skipting húss koma glögg fram og tilgreint hvað tilheyrir  
hverjum eignarhluta, hvort um sé að ræða séreign, sameign allra eða sameign sumra og  
hvaða eignarhlutum slík sameign tilheyrir.

Með eignaskiptayfirlýsingu skulu fylgja grunnmyndir og sniðmyndir af hverri hæð  
húss, þar sem hvert rými er merkt í samræmi við skráningarreglur, sbr. 2. mgr. 1. gr.

Jafnframt skal fylgja afstöðumynd er sýni sérnotafleti á lóð og skiptingu lóðar eftir  
því sem við á.

Skráningartafla, sbr. 3. mgr. 1. gr., skal fylgja eignaskiptayfirlýsingu.

Í eignaskiptayfirlýsingu skal greint frá forsendum hennar og þeim gögnum sem hún  
er byggð á og fylgja henni.

#### 3. gr.

Sérhver eign sem eignaskiptayfirlýsing tekur til skal jafnan uppfylla ákvæði byggingar-  
reglugerðar um skiptingu lóða og húsa.

Eignaskiptayfirlýsing skal taka til bæði húss og lóðar.

Ef eignaskiptayfirlýsing tilgreinir rými í húsi eða á lóð eða notkun húss er með öðrum  
hætti en á samþykktari aðaltekningu verður hún ekki staðfest fyrr en breyting hefur hlotið  
samþykki byggingarnefndar.

Komi í ljós verulegar breytingar á notkun eða grunnmynd innan eignarhluta getur bygg-  
ingarfulltrúi krafist þess að ný aðaltekning verði lögð fyrir byggingarnefnd til samþykktar  
áður en eignaskiptayfirlýsing er staðfest.

Í eignaskiptayfirlýsingu skal getið um minni háttar frávik frá samþykktari aðaltekningu  
innan eignarhluta.

#### 4. gr.

Rúmmál samkvæmt 4., 5. og 6. gr. reglugerðar þessarar er nettóflatarmál x salarhæð.  
Við ákvörðun hlutfallstalna í fjöleignarhúsi skal byggt á rúmmáli, sbr. 1. mgr., að við-

bættu botnflatarmáli svala og sams konar séreignarflata x 1 m. Sama gildir ef þess konar flötur er í sameign sumra.

Ef um er að ræða opin rými skal eftir því sem við á leggja við rúmmálið brúttórúmmál rýma í lokunarflokki B x 0,6 og botnflatarmál rýma í lokunarflokki C x 1 m. Skilgreiningu lokunarflokka er að finna í skráningarreglum Fasteignamats ríkisins og byggingarfulltrúa, sbr. fylgiskjal með reglugerð þessari.

Hlutfallstölur bílastæða í sameiginlegum bílageymslurýmum skulu vera jafnar.

#### 5. gr.

Hlutfallstölur í sameign sumra skal reikna sem hlutfall rúmmáls viðkomandi séreignarhluta af heildarrúmmáli séreigna sem eiga hlutdeild í slíkri sameign.

Þegar sameignarrými tilheyrir öllum eignum í matshluta telst það sameign allra í matshlutanum, annars telst það sameign sumra.

#### 6. gr.

Hlutfallstölur fyrir sameign allra skal reikna sem hlutfall rúmmáls viðkomandi séreignarhluta af heildarrúmmáli séreigna.

Ef í fjöleignarhúsi er sameign sumra, skal fyrst reikna hlutdeild viðkomandi séreignarhluta í rúmmáli sameignar sumra. Það rúmmál skal leggja við rúmmál viðkomandi séreignarhluta og síðan reikna hlutfallstölur fyrir sameign allra samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar.

#### 7. gr.

Við útreikning hlutfallstalna í húsi sem er myndað af fleiri en einum matshluta skal við útreikning hlutfallstölu í sameign húss fyrst reikna hlutfallstölu hvers matshluta og leggja til grundvallar brúttórúmmál matshluta og eftir því sem við á brúttórúmmál rýma í lokunarflokki B x 0,6 og botnflatarmál rýma í lokunarflokki C x 1 m. Svalir eru ekki reiknaðar með.

Hlutfallstala hvernar eignar finnst sem hlutfallstala matshlutans x hlutfallstala eignar í matshluta.

#### 8. gr.

Við útreikning hlutfallstalna í lóð sem á standa fleiri en einn matshluti skal fyrst reikna hlutfallstölu matshluta í lóð og leggja til grundvallar brúttórúmmál matshluta og eftir því sem við á brúttórúmmál rýma í lokunarflokki B x 0,6 og botnflatarmál rýma í lokunarflokki C x 1 m. Svalir eru ekki reiknaðar með.

Hlutfallstala hvernar eignar í lóð finnst sem hlutfallstala matshlutans x hlutfallstala eignar í matshluta.

Sérnotafletir í lóð hafa ekki áhrif á hlutfallstölu í sameiginlegri lóð.

#### 9. gr.

Þar sem ekki eru sérstakir mælar til þess að mæla hita- og rafmagnsnotkun í sameign skal reikna skiptingu kostnaðar með eftirfarandi hætti:

##### *Hitakostnaður.*

- a) Hlutdeild sameignar allra í hitakostnaði skal reikna sem hlutfall brúttórúmmáls upphitaðs rýmis í sameign allra af brúttórúmmáli upphitaðs rýmis í því mannvirki eða eign sem hitamælir er fyrir. Þannig reiknuðum hitakostnaði sameignar allra skal skipta jafnt á allar eignir.

- b) Hlutdeild sameignar sumra í hitakostnaði skal reikna sem hlutfall brúttórúmmáls upphitaðs rýmis í sameign sumra af brúttórúmmáli upphitaðs rýmis í því mannvirki eða eign sem hitamælir er fyrir. Þannig reiknuðum hitakostnaði sameignar sumra skal skipta jafnt milli þeirra eigna sem sameign sumra tilheyrir.
- c) Þeim hitakostnaði sem fellur á séreignir skal skipta milli þeirra í réttu hlutfalli við brúttórúmmál upphitaðs rýmis þeirra.

#### *Rafmagnskostnaður.*

Hátti svo til að rafmagn í sameign sé á mæli tiltekinnar séreignar, skal áætla aflnotkun og nýtingartíma tækja og búnaðar sem nýta rafmagn í sameign og út frá þannig fundnum kwh fjölda reikna rafmagnskostnað sameignar. Þannig reiknuðum rafmagnskostnaði sameignar skal skipta jafnt milli þeirra eigna sem sameignin tilheyrir. Á sama hátt skal fara með hliðstæð tilvik, svo sem ef rafmagn í sameign sumra og sameign allra er á sama mæli.

#### 10. gr.

Ef matshlutar eru fleiri en einn á lóð er heimilt að gera eignaskiptayfirlýsingu fyrir hvern matshluta að því tilskildu að hún feli í sér hlutfallstölu matshlutans í sameign allra.

#### 11. gr.

Sé um að ræða matshluta eða hús sem ekki telst fjöleignarhús en fleiri en einn nýtir, skal ef þurfa þykir gera skiptayfirlýsingu til að skapa grundvöll að skiptingu réttinda og skyldna afnotahafa þess.

Skal slík skiptayfirlýsing gerð samkvæmt þeim fyrirmælum sem sett eru í reglugerð þessari og lögum um fjöleignarhús nr. 26/1994 með síðari breytingum.

#### 12. gr.

Í eignaskiptayfirlýsingu skal geta um allar kvaðir á séreign, sameign og lóð. Sama gildir ef einstökum eigendum er veittur sérstakur réttur yfir sameign.

#### 13. gr.

Í eignaskiptayfirlýsingu skal koma fram nafn og kennitala þess eða þeirra sem skjalið gera og útreikning annast. Með áritun sinni ábyrgjast þeir að eignaskiptayfirlýsingin, forsendur hennar og upplýsingar sem hún greinir séu í samræmi við ákvæði laga um fjöleignarhús nr. 24/1994, reglugerðar þessarar, skráningarreglur og samþykktar aðaltekningar.

#### 14. gr.

Byggingarfulltrúi viðkomandi umdæmis skal staðfesta allar eignaskiptayfirlýsingar. Getur hann krafist frekari skýringa og útreikninga ef nauðsyn krefur.

Í áritun byggingarfulltrúa felst staðfesting á því að yfirlýsingin sé í samræmi við samþykktar aðaltekningar, lög um fjöleignarhús nr. 26/1994, reglugerð þessa og ákvæði byggingarreglugerðar sem við geta átt.

Eignaskiptayfirlýsingin skal afhent byggingarfulltrúa í þrítíu, eitt eintakið varðveittir hann, eitt eintak er afhent eiganda til þinglýsingar og þriðja eintakið skal byggingarfulltrúi senda Fasteignamati ríkisins. Skráningartöflu skal að auki skila til byggingarfulltrúa á tölvutæku formi samkvæmt forriti Fasteignamats ríkisins.

#### 15. gr.

Ef þinglýst eignarheimild er ekki í samræmi við samþykktar aðaltekningar skal sækja um leyfi byggingarnefndar til afmörkunar eignarhlutans áður en eignaskiptayfirlýsing fæst staðfest.

## 16. gr.

Reglugerð þessi sem er sett með heimild í lögum um fjöleignarhús nr. 26/1994, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 538/1995, um eignaskiptayfirlýsingar, útreikning hlutfallstalna o.fl. í fjöleignarhúsum.

*Félagsmálaráðuneytinu, 16. júlí 1997.*

F. h. r.

**Sigríður Lillý Baldursdóttir.**

*Elín Blöndal.*

**Fylgiskjal:****Skráning mannvirkja.****Reglur og leiðbeiningar Fasteignamats ríkisins og byggingarfulltrúa.**

Í þessu fylgiskjali er fjallað um skráningu mannvirkja. Það er notað ásamt ÍST 50, lögum nr. 26/1994 um fjöleignarhús og reglugerð um eignaskiptayfirlýsingar, útreikninga hlutfallstalna og fleira sem grundvöllur fyrir skráningu mannvirkja og gerð eignaskiptayfirlýsinga.

**Inngangur.**

Reglur um skráningu mannvirkja, sem birtust upphaflega sem fylgiskjal með reglugerð nr. 538/1995, um eignaskiptayfirlýsingar, útreikning hlutfallstalna o.fl. í fjöleignarhúsum, voru unnar í samstarfi Fasteignamats ríkisins og byggingarfulltrúa á landinu. Reglurnar eru nú birtar í endurskoðaðri mynd, að meginhluta í samræmi við niðurstöður þriggja manna nefndar, sem félagsmálaráðherra skipaði í ágúst 1996. Flestar þær breytingar sem orðið hafa á reglunum frá fyrri útgáfu miða að því að gera þær skýrari og lagfæra nokkra hnökra sem komið hafa í ljós í framkvæmd.

Fylgiskjal þetta skiptist í þrjú hluta:

Hluti I: Skráning mannvirkja, yfirlit.

Hluti II: Frágangur uppdrátta, uppskipting mannvirkis og skráningartafla.

Hluti III: Ýmsar leiðbeiningar, reglur og orðskýringar.

Skýringardæmi verða gefin út sem sýna nánar hvernig skráning skal útfærð fyrir einstök hús.

Hluta I er ætlað að gefa yfirlit yfir flokkun og skráningu mannvirkja. Áhersla er lögð á að frágangur uppdrátta verði samræmdur og reglur þar að lútandi eru settar fram í hluta II. Meginhluti þess kafla er sjálf skráningartaflan sem fylgja skal aðaluppdráttum hvers mannvirkis. Skráningartaflan er byggð upp með það í huga að fá fram þau atriði sem mestu skipta fyrir skráningu. Gert er ráð fyrir að upplýsingar töflunnar leiði til vinnusparnaðar við gerð eignaskiptayfirlýsinga og að skráðar birtar stærðir mannvirkja víki burt margháttuðum ruglingi sem hefur verið á kreiki varðandi sölustærðir eigna.

Hluti III hefur að geyma frekari útskýringar á afmörkun einstakra byggingarhluta og leitast er við að skýra nokkur hugtök.

Breytingar sem gerðar hafa verið frá eldri reglum um skráningu mannvirkja koma fram í eftirfarandi greinum og dálkum reglnanna:

1. Grein 2.1., 6. mgr., um að skráningartöflu skuli skila á tölvutæku formi.
2. Grein 3.1., 2. - 3. mgr., um hæðarskil.
3. Grein 3.3., um afmörkun rýma í byggingu.
4. Grein 4.2., 4. mgr., um lokun.
5. Dálkur 1, 5. - 8. mgr., um tölusetningu og afmörkun rýma.
6. Dálkur 3, 12. - 15. mgr., um afgangsrými og fylgirými.
7. Dálkur 5M, 3. mgr., um botnflatarmál innflata.
8. Dálkur 10A og 10B, 1. og 4. mgr., um minnstu og mestu salarhæð.
9. Dálkur 11, 1. - 2. mgr., um brúttórúmmál.
10. Dálkur 12., 3. - 4. mgr., um nettóflatarmál.
11. Dálkur 13 fellur brott.
12. Dálkur 14 um hjúpfli (útfleti).
13. Dálkur 15, 1. mgr., um glugga- og dyraop.
14. Dálkur 16, 5. mgr., um birtar stærðir rýma - bílskúr.
15. Dálkur 17, um skiptarúmmál.
16. Grein 5.1.1., 2. - 3. mgr., um innfli.
17. Grein 5.6., 1. - 2. mgr., um lagnastokka.
18. Grein 6.1.1., 1. mgr., um verksmiðjur og iðjuver.
19. Í orðskýringum: Fastanúmer, fasteign, lokflötur, matseining, matsnúmer, rými, útfloetur, útveggir og innveggir - flatarmál.

## Hluti I:

### Skráning mannvirkja - yfirlit.

#### 1.1 Lóðir

Sérhver lóð hefur ákveðið fast númer, landnúmer. Númerið er hlaupandi raðtala sem felur ekki í sér aðrar upplýsingar.

Auk þess eru sveitarfélög með eigin staðgreinikerfi.

Sveitarfélög gefa út mæliblöð þar sem fram kemur m.a. afmörkun lóða og staðgreinitölur.

#### 1.2 Mannvirki

Upplýsingar um mannvirki, sem Fasteignamat ríkisins og byggingarfulltrúar óska eftir skulu skráðar í skráningartöflu og fylgja aðaluppdráttum til byggingarfulltrúa.

Hvert sjálfstætt mannvirki er skráð sérstaklega.

Mannvirkjahluta má skrá sérstaklega sem sérmatshluta þegar:

- a) Byggingarfræðileg rök mæla með sjálfstæðri skráningu, s.s. byggingarefni og byggingarlag, enda geti hann staðið sjálfstæður samkvæmt ákvæðum byggingarreglugerðar.
- b) Eignamörk mæla með því og nauðsynlegt reynist að gera sérstaka eignaskiptayfirlýsingu um hann.

Mannvirki skal skipt í hæðir samkvæmt reglum um hæðaskiptingu.


Mannvirki skal skrá eftir lokunarflokkum.

Hæðum skal skipt í rými eftir reglum um eignarhald, höfuðflokkun og notkun rýma.

#### 1.3 Fasteignir

Fasteign samanstendur af einni eða fleiri matseiningum, t.d. íbúð og bílskúr. Með hverri matseiningu er tilgreind hlutdeild í sameign.

Sérhver fasteign hefur ákveðið fast númer, fastanúmer. Númerið er hlaupandi raðtala. Skráning mannvirkja er lögð til grundvallar við eignarskráningu hjá opinberum aðilum.



## Hluti II:

### Frágangur uppdrátta, uppskipting mannvirkis, skráningartafla.

#### 2. Frágangur uppdrátta

##### 2.1 Almennt

Samþykktir aðaluppdrættir af húsi eða öðru skráningarskyldu mannvirki eru grundvöllur uppskiptingar þess í rými og eignarhluta. Við uppskiptinguna skal miða við þær reglur er fram koma í 3. kafla.

Staðgreinitölur viðkomandi sveitarfélags skulu færðar inn á aðaluppdrátt.

Allir stærðarútreikningar skulu gerðir eftir ákvæðum í skráningarreglum þessum og ÍST 50. Sé misræmi á milli skráningarreglnanna og ÍST 50 skulu skráningarreglurnar gilda.

Allar niðurstöður skulu færðar í skráningartöflu, sbr. 4. kafla.

Skráningartafla skal vera á aðaluppdráttum og er hún grunnur að eignaskiptayfirlýsingu.

Skráningartöflu skal skila á tölvutæku formi samkvæmt forriti Fasteignamats ríkisins.

Allar málsetningar skulu vera þannig á grunnmyndum og sniðum að hægt sé að reikna út flatarmál og rúmmál án þess að um mælingar sé að ræða á uppdráttum.

Uppfylli bygging á einhvern hátt ekki ákvæði byggingarreglugerðar eða skipulagsskilmála skal þess getið á aðaluppdráttum og sótt sérstaklega um leyfi vegna fráviks. Reitir fyrir áritun 7 × 10 sm skal vera efst í horni hægra megin á öllum uppdráttum.



## 2.2 Aðaluppdrættir

Aðaluppdrættir eru heildaruppdrættir að mannvirki, ásamt afstöðumynd þess. Þeir eru að jafnaði í mælikvarða 1:100 en afstöðumynd í mælikvarða 1:500.

Aðaluppdrættir fylgja umsókn um byggingarleyfi, þeir eru að jafnaði í blaðstærð A2. Fjallað er um aðaluppdrætti í gr. 3.1.3 og kafla 3.2 í byggingarreglugerð nr. 177/1992, með síðari breytingum.

Nafnreitir skal vera neðst í hægra horni uppdráttar innan ramma, og skal hann ekki vera lengri en 185mm. Í nafnreit skal skrá heiti þess, sem teiknað er, mælikvarða, númer uppdráttar, dagsetningu og undirskrift.

Breytingar á uppdrætti skal tölusetja, dagsetja og undirrita í sérstökum reit innan nafnreits, en geta með athugasemd ofan nafnreits í hverju breytingin sé fólgin.

## 2.3 Afstöðumynd

Afstöðumynd í mælikvarðanum 1:500 skal sýna afstöðu til aðliggjandi mannvirkja, gatna, nágrannalóða og útivistarsvæða. Miða skal við 30m fjarlægð frá mannvirki sem uppdráttur tekur til. Á afstöðumynd skal skrá númer lóða og götuheiti. Þá skal og sýna byggingarreit innan lóðar samkvæmt skipulagi, bílastæði á lóð og aðkomu, sérstaklega skal gera grein fyrir bílastæði fatlaðra. Sýna skal greinilega ef og þá hvar nýbygging fer út fyrir byggingarreit. Á afstöðumynd skal sýna norður. Hæðarkótar skulu vera á lóðamörkum.

## 2.4 Grunnmyndir

Á grunnmyndum skal sýna innra fyrirkomulag og gera grein fyrir notkun hvers herbergis og annarra vistarvera.

Gera skal grein fyrir nettóflatarmáli hversar vistarveru innan hvers rýmis þannig að samanlögð stærð þeirra verði jöfn nettóflatarmáli heildarrýmisins sem skrá skal í skráningartöflu.

Gera skal sérstaklega grein fyrir inntökum hitaveitu, vatnsveitu, rafmagns og síma, svo og sorpgeymslu ásamt aðkomu að henni. Hæðarkótar skulu vera á grunnmyndum. Fastar innréttingar og húsmunir á grunnmyndum skulu vera í réttum mælikvarða. Sýna skal með strikalinu hvar salarhæð er 1,80m.

Eins skal merkja sérstaklega þau rými sem kunna að vera óuppfyllt innan sökkla.

Merkja skal inn björgunarop og sýna staðsetningu reykskynjara. Brunaskilrúm skulu merkt sértaklega. Þetta á við þar sem ekki eru gerðir sérstakir eldvarnauppdrættir.

Gerð skal grein fyrir loftræsingu lokaðra rýma, gólfniðurföllum í votrymum og handslökkvibúnaði.

Op skulu koma fram á grunnmyndum.

Grunnmyndir skulu einnig sýna fyrirkomulag á lóð, bílastæði, leiksvæði barna, hæðarlegu og landhalla og tengsl við nágrannalóðir, girðingar og trjágróður.

Á grunnmyndir skal rita greinitölur hvers rýmis (rýmisnúmer).

## 2.5 Útlit - sneiðingar

Á sneiðingum skal mál- og kótasetja allar hæðir í byggingunni. Þar skal einnig koma fram hæðarlega húss, lóðar og aðliggjandi götu. Á útlitsuppdrætti skal gefa hæð á jörð við útvegg.

## 2.6 Byggingarlýsing

Í byggingarlýsingu skal greina frá helstu byggingarefnum húss, uppbyggingu, frágangi og áferðum jafnt utan sem innan. Gefa skal upp einangrun útveggja, grunnplötu og þaka. Þar skal einnig koma fram hvort hús eru búin loftræsingu og öryggiskerfum.

## 2.7 Ýmsar upplýsingar

Gefa skal upp lóðarstærð og nýtingarhlutfall lóðar. Skýrt skal koma fram hvernig fjöldi bílastæða á lóð er reiknaður. Skrá skal fjölda stæða á uppdrátt og gefa upp mismunandi breidd stæða ef um það er að ræða.

Greina skal frá fyrirhugaðri starfsemi svo og áætluðum fjölda starfsmanna og mesta mannfjölda í salarkynnum.

## 2.8 Breyttir uppdrættir

Þegar sótt er um breytingar á aðaluppdráttum skal gera nákvæma grein fyrir breytingunni í texta sem ritaður er á uppdráttinn ásamt dagsetningu. Heimilt er að láta fylgja með umsókn aukaeintak af uppdrætti þar sem breytingin er sérstaklega afmörkuð með hring eða strikálínu. Slíkur uppdráttur er þá fylgiskjal.

## 3. Uppskipting mannvirkis

### 3.1 Mannvirki skipt í hæðir

Mannvirki skiptist í hæðir um hæðarskil. Hæðarskil eru í botnfleti og lokfleti hverrar hæðar. Neðstu hæðarskil eru í yfirborði botnplötu byggingar og efstu hæðarskil eru í þakfleti eða botnfleti fylgirýmis eða afgangsrýmis.

Botnflötur er óslitinn flötur sem liggur í gólfyfirborði og framlengist yfir göt og gegnum fasta innveggi og útveggi. Botnflötur hæðar hefur ekki alltaf allur sömu hæðarlegu. Hann getur t.d. stallast í hæðum og tengst saman með lóðréttum eða hallandi flötum sem tilheyra botnfletinum. Liggi stigi í botnfleti hæðar, t.d. stigi steypur á fyllingu, eru hæðarskil í kverkfleti hans. Er þá stærð stigans innifalin í botnfletinum. Í þessu tilfalli liggur stiginn í hæðarskilum og er hluti þeirra en hefur ekki legu milli hæðarskila. Algengasta afmörkun botnflatar er útbrún útveggja. Flatarmál botnflatar hæðar er flatarmál lóðréttis ofanvarps hans á láréttan flöt.

Um uppskiptingu mannvirkis í hæðir gildir eftirfarandi:

1. Mannvirki skal skipt í hæðir neðan frá og upp úr.
2. Hver hæð skal merkt með hæðarnúmeri. Númering kjallara er 00 og síðan -1 og -2 ef kjallarar eru fleiri. Fyrsta hæð er merkt 01, önnur hæð 02, o.s.frv.
3. Hverja hæð skal merkja með heiti, t.d. kjallari, 1. hæð, sem er að jafnaði jarðhæð, 2. hæð o.s.frv.
4. Kjallari telst þegar gólf er undir yfirborði jarðvegs á alla vegu, sbr. byggingarreglugerð.

### 3.2 Hæðum skipt í rými

1. Hverri hæð skal skipt í rými.
2. Rými skulu skráð með hliðsjón af:
  - lokun;
  - eignarhaldi;
  - höfuðflokkun;
  - notkun.
 Nánari skilgreining á rýmum og hvernig þau eru skráð er í skýringum með skráningartöflu í kafla 4.
3. Botnfletir rýma á hverri hæð skulu merktir með raðnúmerum, 01, 02, 03, o.s.frv. Til dæmis rými á 1. hæð, 0101, 0102 og rými á 2. hæð 0201, 0202 o.s.frv.

Skráningartafla skal innihalda þau meginatriði sem nauðsynleg og gagnleg eru fyrir skráningu mannvirkis.

### 3.3. Afmörkun rýma í byggingu

Afmörkun byggingar er hjúpur hennar.

Hjúpur er samanlagðir útpletir, þakpletir og botnpletir byggingar.


Botnflötur byggingar liggur í fleti sem er 20 sm neðan við efri brún botnplötu hennar.

Afmörkun hæðar er botnflötur, lokflötur, hliðar aðliggjandi rýma og útpletir hæðarinnar.

Rými geta tilheyrt hæð og verið tölusett með henni þó þau liggja utan afmörkunar hennar, svo sem afgangsrými, fylgirými og svalir (opið rými).

Afmörkun rýmis innan hæðar er botnflötur, lokflötur, hliðar aðliggjandi rýma og útpletir rýmisins.

Sameiginlegar hliðar samliggjandi rýma eru í miðjum þeim vegg sem aðskilur rýmin.



## 4. Skýringar við skráningartöflu

### 4.1 Línur

Línur í töflunni eru nefndar:

1. **Mannvirkjalína**, sem sýnir atriði fyrir mannvirkið í heild.
2. **Hæðarlínur**, sem sýna atriði fyrir hverja hæð.
3. **Rýmislínur**, sem sýna atriði fyrir hvert rými.

4. **Eignarlínur**, eru einungis þar sem rýmisnúmer og eignarhaldsnúmer eru þau sömu. Þá er línan bæði rýmislína og eignarlína.
5. **Botnplötulína**, er ein lína fyrir allt mannvirkid. Þar eru einungis skráð botnflatar-  
mál (D14) og brúttórúmmál (D11).
6. **Þaklína**, er ein lína fyrir þakfleti mannvirkis. Stærð þakflata færast í D14.
7. **Athugasemdalínur**.  
Neðan við skráningartöflu eru athugasemdalínur, þar sem unnt er að setja ýmsar skýringar, s.s. sérnotaréttindi, skrá um tengingu sameigna sumra við eignir, kvaðir o.s.frv.

## 4.2 Dálkar

### Dálkur 0: Lokun

Mannvirki eru flokkuð í þrjá flokka sem táknaðir eru með bókstöfunum A, B og C.

- A merkir lokað mannvirki eða lokað rými í opnu mannvirki.
- B merkir lokað rými að ofan en opið á hliðum að hluta eða öllu leyti.
- C merkir rými opið að ofan.

Rými telst ekki lokað ef útiloft getur leikið um rýmið óhindrað. Yfirleitt eru opin rými óeinangruð. Þótt rimlar eða net séu í opum er rýmið eftir sem áður skilgreint sem opið.

Í færslu í skráningartöflu er rýmum raðað þannig að fyrst eru færð rými í lokunarflokki A, síðan B og loks C. Opin rými koma ekki með í samtölur hæða (hæðarlínur) og mannvirkis (mannvirkjalínu).

Stærðir B rýma færast í D5, D5M, D6, D7, D8, D10 og auk þess D11 og D17 þegar B rými reiknast með í skiptarúmmáli. Stærðir C rýma færast í D5, D7, D8 og auk þess D17 þegar C rými reiknast með í skiptarúmmáli.

Aðalreglan varðandi afmörkun A, B og C rýma er þannig:

Fyrst er A rými afmarkað. Þar sem B rými kemur að A rými, þá reiknast það að áður skilgreindu og afmörkuðu A rými. Þar sem C rými kemur að B rými reiknast það að áður skilgreindu og afmörkuðu B rými.

Skráningartafli:		Skrásetjari:																		
Landnúmer:		Kennitala:																		
Matshlutunúmer:		Dags:																		
Uppskipting og lýsing		Stærðir																		
D0 Lokun	D1 Rými hæð-röð	D2 Notkun texti	D3 Höfuð- flokkun	D4 Eignar- hald	D5 Bornfloður m <sup>2</sup>	DSM Millifloður m <sup>2</sup>	D6 Stigar m <sup>2</sup>	D7 Op m <sup>2</sup>	D8 Brúttófloður m <sup>2</sup>	D9 Brúttófloður sh < 1,8	D10A Salarhæð min	D10B Salarhæð max	D11 Brúttó rúmmál m <sup>3</sup>	D12 Nettófloður m <sup>2</sup>	D14 Hjúpfloður m <sup>2</sup>	D15 Glugga- og dyraop m <sup>2</sup>	D16 Birt flatarmál m <sup>2</sup>	Rekntala Skippa- rúmmáls	D17 Skippa- rúmmál m <sup>3</sup>	
		Matshluti																		
		Bonn																		
	00	Kjallari																		
A	0011	Sorp	T	X																
	01	l. hæð																		
A	0101	íbuð	N	0101																
A	0102	Þvottur	N	X																
A	0103	Geymsla	N	0101																
A	0104	Anddyri	U	X																
B	0105	Stigahúsi	U	X																
B	0106	Verönd	S	0101																
C	0107	Svalir	S	0101																
		Þak																		

Eignarlína  
 Þar sem rýmisnúmer og eignarhaldsnúmer eru eins

Mannvirkis-  
lína  
 Bornplöu-  
lína  
 Hæðarlína  
 Rýmislína  
 Hæðarlína  
 Rýmislinur  
 Þaklína

**Dálkur 1: Rými**

Á uppdráttum er hverri hæð skipt í rými. Byrjað skal á neðstu hæð mannvirkis. Rými á hverri hæð skulu valin og skráð með hliðsjón af:

	Dálkur
-lokunarflokkun	D0;
-notkun	D2;
-höfuðflokkun	D3;
-eignarhaldi	D4;

Hvert sérgreint rými innan hvernar hæðar myndar rýmislínu og fær númer (rýmisnúmer). Aðrar atriðafærslur í sömu línu töflunnar eru tengdar þessu númeri.

Rýmisnúmer er fjórir stafir. Tveir fyrstu stafirnir eru hæðarnúmer og tveir seinni raðnúmer innan hæðar.

Þannig merkir rými númer 00 03 rými númer þrjú í kjallara, og númer 01 01 rými númer eitt á fyrstu hæð.

Við val rýmisnúmera innan hæðar skal gefa þeim notarýmum sem verða í eignarlínum lægstu númerin. Að öðru leyti tölusetjast rými frá vinstri til hægri, sólarinnis, verði því við komið.

Tölusetja skal fyrst séreignarrými og eru eignarhaldsnúmerin lægst. Rými sem hafa aðkomu aðeins frá sameign skal tölusetja sérstaklega. Millifletir fá númer með þeirri hæð sem þeir liggja í. Síðan skal tölusetja sameign sumra og þar á eftir sameign allra.

Opin rými fá samskonar rýmisnúmer og lokuð rými. Númer fyrir opin rými koma í beinu framhaldi af rýmisnúmerum lokaðra rýma. Fyrst skal tölusetja rými í lokunarflokki B og síðan rými í lokunarflokki C. Útstigir og áfastir pallar með þeim fá hæðarnúmer þeirrar hæðar sem þeir liggja að. Stigi og áfastur pallur fá sama rýmisnúmer.

Ef lokuð rými eru við gerð eignaskiptayfirlýsinga afmörkuð með lit skal sameign allra afmörkuð með gulum lit og sameign sumra með grænum lit. Eftir því sem unnt er skal afmarka rými sem tilheyra sömu eign með sama lit.

**Dálkur 2: Heiti notkunar**

Í rýmislínum skal skrá notkun/eðli rýmis með texta.

Dæmi um notkun:

- íbúð;
- geymsla;
- verslun;
- skrifstofa;
- sorpgeymsla.

Athuga skal að sorpgeymslur og hliðstæð rými sem eru áföst við mannvirki skulu færast með viðkomandi hæð.

-inntaksklefi.

Dæmi um eðli rýmis:

- milligólf;
- svalir.

Í hæðarlínum er skráð heiti hæðar (kjallari, 1. hæð, 2. hæð, o.s.frv.).

**Dálkur 3: Höfuðflokkun**

**Notarými (N)** eru stærsti hluti byggingarinnar. Þessi rými þjóna beinlínis markmiði hennar og vísa til notkunar.

Dæmi um notarými er íbúð.

**Umferðarrými (U)** þjóna þeim tilgangi að tengja notarými eða eru aðkoma eða útgangur. Þau notast eingöngu til umferðar og flutninga. Umferðarrými innan notarýma teljast notarými t.d. gangur eða anddyri innan íbúðar.

Dæmi um umferðarrými eru stigahús, stigagangar, gangar, anddyri, neyðarútgangur og forstofur.

**Tæknirými (T)** eru rými sem hýsa rekstrarleg tæki og samstæður í mannvirkinu.

Dæmi um tæknirými eru sorpgeymslur, kyndiklefi, inntaksklefi, herbergi fyrir loftræsi-samstæðu, herbergi fyrir rafstöð eða gassamstæðu, símaþjónustustöð og mælaherbergi.

Sé mannvirkioð reist til þess að þjóna rekstrartæknilegu hlutverki fyrir önnur mannvirki, t.d. kyndistöð, virkjunarhús eða dælustöð telst rýmið notarými.

**Bílageymslurými (B)** eru öll þau rými sem ætluð eru til geymslu á bílum, svo sem innbyggðir bílskúrar, bílageymslur og bílskýli hvort sem þau eru hluti af mannvirkjum eða sjálfstæðar byggingar.

Bílageymslurými önnur en bílskúrar í séreign eru skráð sem heild í skráningartöflu. Einstök bílastæði fá ekki rýmislínu. Sérafnotaréttur af bílastæðum er skráður í athugasemdalínur neðan við skráningartöflu.

**Fylgirými (F)** eru rými sem hægt er að hafa not af en falla ekki undir aðra höfuðflokk. Þau liggja utan afmörkunar íbúðar-, atvinnu-, athafna- og geymslurýma. Fylgirými hafa aðkomuleið, eru án hitastýringar og hafa gólf.

Algengustu dæmi um fylgirými eru óinnréttuð háaloft og þakrými.

Fylgirými eru utan afmörkunar hæða. Fylgirými fá rýmislínu í skráningartöflu og stærðir skulu færðar í D5, D10 og D11.

**Afgangsrými (V)** eru aflokuð rými eða gegnheilir byggingarhlutar sem eru utan afmörkunar hæða. Afgangsrými í fjöleignarhúsum eru jafnan í sameign. Dæmi um afgangsrými eru aflokuð rými í þaki og fá þau rýmislínu í skráningartöflu og skulu stærðir færðar í D5, D10 og D11. Fleiri en eitt afgangsrými má draga saman í eitt númer ef henta þykir. Botnplötur eru afgangsrými en þær færast í botnplötulínu. Afgangsrými afmarkast að hluta af hjúpfleti.

Í þennan dálk skal skrá S ef um svalir er að ræða, I fyrir óskiptar verksmiðjur og iðjuver, L fyrir óskiptar landbúnaðarbyggingar, H fyrir óskiptar ylræktarbyggingar og G fyrir óskipt gróðurhús.

#### **Dálkur 4: Eignarhald**

Í rýmislínu er skráð eignarhald rýmis. Rýmisnúmer mikilvægasta notarýmisins og þess sem einkennir eignina er valið sem eignarhaldsnúmer. Öll séreignarými sem tilheyra sömu matseiningu fá sama eignarhaldsnúmer.

Sameignarrými greinast í sameign allra og sameign sumra.

Rými í sameign allra eru merkt með X og rými í sameign sumra eru merkt með Y.

Ef fleiri en eitt rými er í sameign sumra og tilheyra mismunandi eignum skulu þau merkt Y1, Y2, Y3 o.s.frv.

#### **Dálkur 5: Botnflatarmál**

Í rýmislínu skal skrá stærð botnflatar hvers rýmis, samanber kafla 3.1.

Í hæðarlínu er fært hæðarflatarmál, sem er summan af botnflötum allra rýma á viðkomandi hæð.

Botnflatarmál hæða mannvirkis er samanlagt hæðarflatarmál þess og er fært í mannvirkjalínu.

**Dálkur 5M: Flatarmál milliflata**

Millifletir eru fletir sem liggja ekki í hæðarskilum, samanber kafla 5.1 í hluta III.

Botnflatarmál milliflatar er heildarflatarmál hans og innifelur m.a. op, en stærð þeirra er færð í D7 í rýmislínu milliflatarins.

Botnflatarmál innflata reiknast innan útveggja og innan afmarkandi veggja á eignaskilum, sbr 5.1.1.

Í rýmislínu er fært botnflatarmál hvers millirýmis innan viðkomandi hæðar.

Í hæðarlínu er færð summa botnflatarmáls millihæða innan hvernar hæðar.

Flatarmál botnflata millihæða skal skráð í m<sup>2</sup> með einum aukastaf.

**Dálkur 6: Flatarmál stiga**

Í rýmislínu er fært samanlagt flatarmál stiga í hverju rými, samkvæmt skilgreiningu í hluta III.

Í hæðarlínu er fært samanlagt flatarmál stiga á hæð.

Í mannvirkjalínu er færð samanlögð stærð stiga í mannvirkinu.

Flatarmál stiga skal skrá í m<sup>2</sup> með einum aukastaf.

**Dálkur 7: Flatarmál opa**

Í rýmislínu er færð samanlögð stærð opa í hverju rými samkvæmt skilgreiningu í hluta III.

Í hæðarlínu er færð samanlögð stærð opa á hæðinni.

Í mannvirkjalínu er færð samanlögð stærð opa í mannvirkinu.

Op skal skrá í m<sup>2</sup> með einum aukastaf.

**Dálkur 8: Brúttófletir**

Í rýmislínu skal skrá brúttóflatarmál hvers rýmis án tillits til salarhæðar. Það reiknast sem:

$$D8 = D5 + D5M - D7$$

Í hæðarlínu er fært samanlagt brúttóflatarmál allra rýma innan hæðarinnar.

Brúttóflatarmál mannvirkis er samanlagt brúttóflatarmál allra hæða þess og færist í mannvirkjalínu.

Brúttóflatarmál skal skrá í m<sup>2</sup> með einum aukastaf.

**Dálkur 9: Brúttóflatarmál rýma með salarhæð undir 1,80 m**

Í rýmislínu er skráð flatarmál þess hluta rýmisins sem hefur salarhæð undir 1,80 m.

Flatarmál skal skrá í m<sup>2</sup> með einum aukastaf.

**Dálkar 10A og 10B: Minnsta og mesta salarhæð**

Í rýmislínu er færð salarhæð rýmis. Ef salarhæð er föst skal færa hana í D10A en ella færist minnsta og mesta salarhæð í viðkomandi dálka. Salarhæð er samkvæmt ÍST-21.

Salarhæð er færð í metrum með tveimur aukastöfum.

Salarhæð undir þaki reiknast frá botnfleti að útfleti þaks.

**Dálkur 11: Brúttórúmmál**

Í rýmislínu skal skrá brúttórúmmál hvers rýmis í lokunarflokki A, en auk þess brúttórúmmál rýma í lokunarflokki B þegar þau hafa áhrif á skiptarúmmál.

Brúttórúmmál rýmis hvort sem er í lokunarflokki A eða B er botnflatarmál rýmis í D5 margfaldað með meðalsalarhæð þess.



Brúttórúmmál hæðar er samanlagt rúmmál rýma innan hæðar og færist í hæðarlínu. Rúmmál botnplötu skal skrá miðað við 20 sm heildarþykkt. Brúttórúmmál mannvirkis er samanlagt brúttórúmmál hæða þess að viðbættu rúmmáli botnplötu og öðrum lokuðum rýmum mannvirkisins, séu þau utan afmörkunar hæða. Brúttórúmmál skal skrá í m<sup>3</sup> með einum aukastaf.

### **Dálkur 12: Nettóflatarmál**

Í rýmislinur skal skrá nettóflatarmál hvers rýmis án tillits til salarhæðar.

Nettóflötur rýmis er botnflötur þess að frádrögnum:

- láréttum þversniðum útveggja;
- láréttum þversniðum burðarveggja og fastra innveggja;
- opum.

Nettóflatarmál reiknast af nettófleti rýma, hæða og milliflata.

Nettóflatarmál reiknast ekki af stigum.

Gólfplötur undir dyraopum telst ekki til nettóflatar nema lengd flatarins sé meiri en 1,50m.

Í atvinnuhúsnæði er heimilt að skrá í þennan dálk sem nettóflatarmál rýmis flatarmál innan afmarkandi veggja að frádrögnum berandi veggjum, súlum og opum stærri en 1m<sup>2</sup>. Þannig reiknað nettóflatarmál má nota við útreikning skiptarúmmáls.

Lyftuop reiknast sem nettó- og brúttóflötur gangi lyfta á viðkomandi hæð, ella telst það op.

### **Dálkur 13:**

[...]<sup>1)</sup>

### **Dálkur 14: Hjúpflétir (útflétir)**

Í mannvirkjalínu skal skrá flatarmál útflata (hjúpflata) mannvirkis. Í botnplötulínu er skráð flatarmál botnplötu. Þykkt botnplötu 0,2 m leggst við hæð útveggjar þegar hjúpur er reiknaður. Í þaklínu er skráð flatarmál þakflatar. Allir flétir kvista í þaki reiknast með í þakfleti. Þakflötur er reiknaður sem raunflötur en ekki ofanvarp, sbr. skýringu í hluta III.

Flatarmál glugga og útidyra er innfalið í hjúpfléti.

Flatarmál hjúpflata er skráð í m<sup>2</sup> með einum aukastaf.

Veggflötur byggingar sem liggur þétt að veggfleti annarrar byggingar telst til hjúps hennar. Sé veggurinn sameiginlegur báðum byggingunum telst hann ekki til hjúps þeirra.

### **Dálkur 15: Glugga- og dyraop**

Í mannvirkjalínu skal skrá flatarmál glugga og útidyra.

Stærðir glugga og útidyra miðast við steypumál eða samsvarandi og skráist í m<sup>2</sup> með einum aukastaf.

### **Dálkur 16: Birtar stærðir rýma**

Í rýmislinur séreignarrýma í lokunarflokki A og höfuðflokkum N, U, T og B eru færðar birtar stærðir, sem eru eftirfarandi:

$$D16 = D5 + D5M - D7 - D9.$$

Þ.e. flatarmál botnflata og milliflata að frádrögnum flatarmáli opa og brúttóflata með salarhæð minni en 1,80 m.

Í hæðarlínu eru færðar samtölur úr rýmislinum og í mannvirkjalínu er færð samtala úr hæðarlínum.

Birtar stærðir skal skrá í m<sup>2</sup> með einum aukastaf.

<sup>1)</sup> Dálkur 13 hefur verið felldur brott.

Bílskúr skal alltaf skrá sérstaklega, einnig þegar hann er í sama matshluta og íbúðin sem hann tilheyrir.

### **Dálkur 17: Skiptarúmmál**

Í rýmislínum séreignarrýma og sameignar sumra í lokunarflokki A og höfuðflokkum N, U, T og B er fært nettóflatarmál rýmis  $\times$  meðalsalarhæð.

Sem salarhæð yfir nettófleti skal oftast nota hlutfallið D11/D5 þ.e. brúttórúmmál deilt með botnflatarmáli þess rýmis sem nettóflöturinn er í. Í stigagöngum skal þó salarhæð yfir nettófleti aldrei vera meiri en salarhæð viðkomandi hæðar.

Í rýmislínum rýma í lokunarflokki B skal á samsvarandi hátt færa brúttórúmmál  $\times$  0,6 og botnflatarmál rýma í lokunarflokki C  $\times$  1m þegar slík rými reiknast með í skiptarúmmáli.

Í rýmislínum svala og samskonar flata í séreign eða sameign sumra er fært botnflatarmál þeirra  $\times$  1m.

Þegar rými í lokunarflokki A eru óregluleg og D11/D5 reglan gildir ekki skal skrá reiknaða salarhæð í ótölusettan vinnudálg við hliðina á D17. Dálkurinn heitir reiknitala skiptarúmmáls. Fyrir rýmislínum í lokunarflokki B og C, sem eru ekki svalir en eiga samt að fá skiptarúmmál, er nauðsynlegt að skrá 0,6 fyrir B rými og 1 fyrir C rými í dálkinn reiknitala skiptarúmmáls.

## **Hluti III.**

### **Ýmsar leiðbeiningar og reglur. Orðskýringar.**

#### **5. Skráningarreglur er varða sérstaka fleti og rými**

##### **5.1 Millifletir**

Millifletir er samheiti flata, annarra en stiga, sem liggja milli hæðarskila eða hæðarskila og þakflatar og hafa fasta aðkomu. Millifletir skiptast í innfleti og millihæðir. Allir millifletir mynda sjálfstæða rýmislínu.

Botnflatarmál allra milliflata er fært í D5M.

Uppbyggð gólf (létt gólf) og niðurbyggð loft eru ekki millifletir. Þau þarf ekki að skrá sérstaklega en geta skal þeirra í athugasemdalínum.

##### **5.1.1 Innfletir**

Innflötur er milliflötur í umlykjandi rými og hefur sama eignarhald og það.

Botnflatarmál innflata er skráð í D5M. Atriði um innfleti eru ekki færð í D5, D11 og D17.

Botnflötur innflata reiknast innan útveggja og veggja er liggja á eignaskilum.

Göt í innfleti eru færð í D7.

##### **5.1.2 Millihæðir**

Millihæðir eru aðskildar frá öðrum rýmum, aðkoma að þeim er sjálfstæð eða frá sameign. Botnflötur millihæða reiknast á sama hátt og botnflötur hæðar.

Atriði um millihæðir færast í alla dálka skráningartöflu nema D5.

#### **5.2 Stigar**

Stigi telst samnefni yfir stigahlaup og stigapalla milli hæðarskila.

Flatarmál stiga er flatarmál lóðréttis ofanvarps hans á láréttan flöt. Ofanvarpist fleiri hlutar stigans á sama flöt skal reikna ofanvörpin samanlögð. Flatarmál stiga reiknast án aðliggjandi veggja.

Mæliflötur stiga til ákvörðunar salarhæðar og rúmmálsreikninga liggur í kverkfleti stigans og í yfirborði stigapalla á milli hæða.

Allir stigar sem liggja milli hæðarskila skulu skráðir.

Stigar mynda ekki sjálfstæðar rýmislínur, flatarmál stiga er fært í D6 í rýmislínu þess rýmis sem stiginn liggur í.

Skrá skal stiga utanhúss.

### 5.3 Op

Op í gólfplötum eru flokkuð í þrjá flokka, þ.e. stigaop, lyftuop og önnur op.

Op sem eru minni en einn fermetri eru ekki skráð sérstaklega heldur teljast með þeim fleti sem þau eru í.

Stærð skráðra opa er stærð ljósopa þeirra.

Lyftuop skráist ekki sérstaklega en er innfalið í brúttófleti og nettófleti þess rýmis sem það liggur í. Upplýsingar um hvort lyfta sé í húsinu komi í athugasemdalínur.

#### 5.3.1 Stigaop

Stigaop er op í gólfplötu sem stigi liggur upp að.

Mæliflötur stigaops er í framhaldi yfirborðs gólfplatara aðliggjandi rýmis.

Stigaop er hluti botnflatar en telst ekki til brúttóflatar.

Stigaop myndar ekki sjálfstæða rýmislínu en er fært í D7 í rýmislínu þess rýmis sem stiginn liggur upp að.

#### 5.3.2 Önnur op

Op er hluti botnflatar rýmis en telst ekki til brúttóflatar (raunflatar).

Op er fært í D7 í rýmislínu aðliggjandi rýmis.

### 5.4 Svalir utanhúss

Svalir mynda rýmislínu og stærðir þeirra eru færðar í D5 og D17.

Svalir á sömu hæð og í sama lokunarflokki má taka saman í eina rýmislínu, ef þær tilheyra sömu eign. Dæmi: Íbúð hefur tvennar svalir sem báðar eru í lokunarflokki C. Svalirnar eru færðar í sömu línu og fá því saman rýmisnúmer. Stærðir svalanna eru lagðar saman í skráningu. Í texta skal geta fjölda svala.

Sé stærri hluti svala lokaður að ofan t.d. af öðrum svölum skal merkja BC í dálk 0. Sé stærri hluti svala opin að ofan skal merkja CB.

### 5.5 Lyftustokkar

Þar sem lyftustokkur gengur upp úr þaki eða niður úr neðstu plötu skal rúmmál þess rýmis reiknast með aðliggjandi rými.

### 5.6 Lagnastokkar

Liggi lagnastokkur milli tveggja rýma skal, ef flatarmál hans er minna en 1 m<sup>2</sup>, helmingur þversniðs hans reiknast með hvoru rýminu. Ella skal færa lagnastokk með því rými sem hann er í, ef flatarmál hans er minna en 1 m<sup>2</sup>. Lagnastokk skal færa sem tæknirými ef flatarmál hans er stærra en 1m<sup>2</sup>.

Skriðkjallarar færast ekki í skráningartöflu en þeirra skal getið í athugasemdalínunum.

### 5.7 Þakfletir

Þakfletir eru raunfletir, sem afmarkast af skurðlínunum útflata útveggja og þaks.

Hjúpflatir kvista og sambærilegra rýma teljast til þakflatar.

## 6. Ýmsar tegundir mannvirkja

### 6.1 Atvinnuhúsnæði

#### 6.1.1 Verksmiðjur og iðjuver

Í óskiptum verksmiðjum og iðjuverum skal skrá sem hér segir: Mannvirkjum skal skipt í hæðir sbr. kafla 3.1 og hæðum síðan skipt í rými sem valin eru með hliðsjón af notkun. Notkun skal skráð með texta í D2, óþarft er að greina milli höfuðflokka, en í D3 skal skrá I fyrir verksmiðjur og iðjuver.

Í verksmiðjum og iðjuverum er óþarft að reikna út nettóflatarmál, en að öðru leyti skal útfylla skráningartöflu að fullu.

#### 6.1.2. Annað atvinnuhúsnæði

Um annað atvinnuhúsnæði gilda almennar reglur.

#### 6.2 Landbúnaðarbyggingar, ylræktarver og gróðurhús

Landbúnaðarbyggingar skal skrá sem hér segir: Mannvirkjum skal skipt í hæðir sbr. kafla 3.1 og hæðum síðan skipt í rými sem valin eru með hliðsjón af notkun. Notkun skal skrá með texta í D2, óþarft er að greina milli höfuðflokka, en í D3 skal skrá fyrir landbúnaðarbyggingar L, fyrir ylrækt H og fyrir gróðurhús G.

Í landbúnaðarbyggingum, ylræktarverum og gróðurhúsum er óþarft að reikna út nettóflatarmál en að öðru leyti skal útfylla skráningartöflu að fullu.

#### 6.3 Sumarhús - orlofsbúðir

Sumarhús og orlofsbúðir skal skrá samkvæmt almennum reglum. Skrá skal stærðir sólpalla og veranda við þau í tilheyrandi lokunarflokki.

## 7. Orðskýringar

Birt stærð eigna

Birt stærð eignar er það flatarmál sem fært er í mannvirkjalínu í D16 ef matshluti er óskipt eign, en samtala rýma hvernar séreignar ef matshluti er skipt eign þ.e. inniheldur tvær eða fleiri matseiningar.

Birtar stærðir eignar samkvæmt skráningartöflu verða notaðar af opinberum skráningar- aðilum til að auðkenna stærðir eigna. Þær skulu koma fram með hverri eign í eignaskipta- yfirlýsingum.

### Bílgeymslurými:

1. **Opin bílastæði** eru óyfirbyggð og nokkurn veginn í jarðhæð. Þau eru ýmist hluti af götustæði eða sérbyggð.
2. **Bílastæðahús** eru sérbyggð hús fyrir bílastæði, yfirleitt á fleiri hæðum en einni. Útveggir meira eða minna opnir.
3. **Bílageymsla** er bílastæði í húsi, sem er aðallega byggt fyrir aðra starfsemi. Þessi stæði eru oftast á neðstu hæð og í lokuðu húsi. Bílastæði þessi eru fyrst og fremst fyrir viðkomandi hús.
4. **Bílastæðakjallari** er bílastæði undir húsi, sem er aðallega byggt fyrir aðra starfsemi. Bílastæðakjallarinn er oft nokkrar hæðir neðanjarðar. Fjöldi bílastæða er langt umfram þarfir viðkomandi húss.

**Brúttórúmmál**

Botnflatarmál margfaldað með meðalsalarhæð.

**Eignarhaldsnúmer**

Númer sem tengir saman rýmislínur í skráningartöflu í eina matseiningu. Númerið er rýmisnúmer mikilvægasta notarýmisins.

**Fastanúmer**

Sérhver fasteign er auðkennd með föstu númeri. Númerið er raðnúmer og nefnist fastanúmer. Fastanúmer er matsnúmer aðalmatseiningar fasteignarinnar.

**Fasteign**

Eign sem eigandi getur ráðstafað (selt eða veðsett). Veðandlag. Fasteign samanstendur af einni eða fleiri matseiningum, t.d. íbúð og bílskúr. Samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu í lögfræði er fasteign: „Afmarkað land ásamt eðlilegum hlutum landsins, lífrænum og ólíf-rænum, og þeim mannvirkjum sem varanlega eru við landið skeytt.“ Fasteign verður að innihalda ótvíræðan lóðarrétt.

**Hjúpflötur**

Einstakur flötur hjúps.

**Hjúpur**

Umlykjandi lokaður flötur (envelope).

**Hugflötur**

Andstæða við raunflöt. Hugsaður flötur sem afmarkar rými eða liggur í yfirborði ops o.s.frv.

**Landnúmer**

Sérhver lóð hefur ákveðið fast númer, landnúmer. Númerið er hlaupandi raðtala sem felur ekki í sér aðrar upplýsingar. Tölvukerfi FMR gefur númerið.

**Lokflötur**

Efri afmörkun hæðar eða rýmis. Lokflötur hæðar er botnflötur næstu hæðar fyrir ofan, þakflötur eða botnflötur fylgi- og afgangsrýma.

**Matseining**

Minnsta eining sem fær eigið fasteignamat. Matseining þarf ekki að hafa eigin lóðarrétt t.d. útihús á jörð eða bílskúr sem ekki er á sjálfstæðri lóð. Eignarhaldsnúmer tengir saman rýmislínur í eina matseiningu.

**Matshluti**

Mannvirki í heild eða sá hluti þess sem gerð er eignaskiptayfirlýsing um.

**Matsnúmer**

Sérhver matseining er auðkennd með matsnúmeri. Númerið er raðnúmer, þ.e. hlaupandi raðtala sem felur ekki í sér aðrar upplýsingar.

**Raunflötur**

Andstæða við hugflöt. Áþreifanlegur, efnislegur flötur.

**Rými:**

1. **Botn rýmis.** Botn rýmis er botnflötur þess, sem er neðri afmörkun þess.
2. **Lok rýmis.** Lok rýmis er lokflötur þess, sem er efri afmörkun þess.
3. **Hliðar rýmis.** Hliðar rýmis eru hliðarafmörkun þess.

**Rishæð**

Það telst rishæð þegar tveir eða fleiri þakfletir mynda útveggi rýmis og er í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar.

**Útflötur**

Útflötur er hér ytri flötur útveggja, þaks og botnplötu.

**Útveggir og innveggir - flatarmál**

Þar sem getið er um flatarmál útveggja og innveggja er átt við flatarmál fullfrágenginna útveggja og innveggja.

**Þakhæð**

Gerður er greinarmunur á hæð og þakhæð. Efsta hæð telst því aðeins hæð að lofthæð hennar fullnægi ákvæðum byggingarreglugerðar á gólfleti er nemur a.m.k. tveim þriðju af gólfleti hæðarinnar fyrir neðan. Ella telst hæðin þakhæð, enda innihaldi hún notaeiningar.

**REGLUGERÐ****um hækkun bóta almannatrygginga.**

## 1. gr.

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 117/1993 og samkvæmt lögum um félagslega aðstoð nr. 118/1993 skulu hækka frá 1. ágúst 1997 að telja um 2,5 % frá því sem þær voru í júní 1997.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 65. gr., sbr. 66. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, sbr. 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 25. júlí 1997.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

---

*Guðríður Þorsteinsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 8, 14. janúar 1997 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

1. gr.

Í stað orðanna „fyrir 1. ágúst 1997“ í lokamálslið ákvæðis til bráðabirgða komi orðin: fyrir 1. september 1997.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 25. júlí 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

Árni Kolbeinsson.

Nr. 474

## REGLUGERÐ

28. júlí 1997

### um breyting á reglugerð nr. 255/1993, um vörugjald af eldsneyti, með áorðnum breytingum.

1. gr.

2. másl. 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af blýlausu bensíni skal greiða gjald sem nemur 26,60 kr. af hverjum lítra. Af öðru bensíni skal greiða gjald sem nemur 28,30 kr. af hverjum lítra.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 28. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. öðlast gildi hinn 1. ágúst 1997 og tekur til innflutnings á bensíni sem tekið er til tollafgreiðslu frá og með þeim degi.

#### *Ákvæði til bráðabirgða.*

Þeir aðilar sem gjaldskyldir eru samkvæmt 18. gr. laga nr. 29/1993, skulu greiða bensíngjald af óseldum bensínbirgðum sem þeir eiga þann 1. ágúst 1997, til viðbótar því bensíngjaldi sem greiða skal samkvæmt reglugerð nr. 355/1996. Gjald þetta skal nema 1,09 kr. af hverjum lítra af blýlausu bensíni og 1,19 kr. af hverjum lítra af öðru bensíni og skal því skilað á sama tíma og bensíngjaldi samkvæmt reglugerð nr. 255/1993, með áorðnum breytingum.

Hver sá, sem á eða hefur til umráða gjaldskyldar birgðir af bensíni hinn 1. ágúst 1997, skal ótilkvaddur tilkynna það innheimtumanni ríkissjóðs fyrir 10. ágúst 1997. Eigandi eða umráðamaður þess skal ótilkvaddur aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður ríkissjóðs getur krafist upplýsinga frá innflytjendum bensíns og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 1. ágúst 1997.

*Fjármálaráðuneytinu, 28. júlí 1997.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

Ástráður Karl Guðmundsson.

# GJALDSKRÁ

## Hitaveitu Borgarness.

### 1. gr.

Hitaveitan selur heitt vatn úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð hitaveitunnar.

### 2. gr.

Fastagjald greiðist af öllu hituðu húsnæði. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Fastagjaldið reiknast út frá flatarmáli (F) samkvæmt fasteignamati. Flatamál bílgeymsla er ekki tekið með flatarmáli íbúðarhúsnæðis, nema þær séu notaðar sem íbúðar- eða atvinnu-húsnæði.

Fastagjald á mánuði =  $F \times 11,90 \text{ kr./m}^2$ , ef F er minna en eða jafnt  $130 \text{ m}^2$ .

Fastagjald á mánuði =  $1549,30 \text{ kr.} + (F - 130) \times 7,15 \text{ kr./m}^2$ , ef F er stærra en  $130 \text{ m}^2$ .

### 3. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er:

- Þeir sem greiða fastagjald samkvæmt 2. gr. greiða 74,24 kr. fyrir hvern rúmmetra vatns.
  - Þeir sem ekki greiða fastagjald samkvæmt 2. gr. greiða 98,92 kr. fyrir hvern rúmmetra vatns.
  - Gjald vegna vatnsnotkunar íþróttamiðstöðvarinnar í Borgarnesi skal vera 50% af gjaldskrá a-lið.
- Gjald leiðréttist miðað við reiknað hitastig við húsvegg sbr. 18. gr. reglugerðar hitaveitunnar.

### 4. gr.

Fyrir hvern mæli skal greiða gjald mánaðarlega.

Fyrir mæli með nafnrennsli allt að  $6 \text{ m}^3/\text{klst.}$ : 240 kr./mán.

Fyrir mæli með nafnrennsli yfir  $6 \text{ m}^3/\text{klst.}$ : 428 kr./mán.

### 5. gr.

Komi til lokunaraðgerða, sbr. reglugerð Hitaveitu Borgarness, skal greiða gjald 3.090 kr.

Fyrir aukaálestur af mæli skal greiða 793 kr.

### 6. gr.

Stofngjöld skal greiða af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar óupp-hitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur. Innifalið í stofngjaldi er heimæð allt að 25 m innan lóðarmarka og mælagrind.

Stofngjald skal vera:

Stærð húss:	Stofngjald:
allt að $250 \text{ m}^3$	67.980 kr.
251 - $500 \text{ m}^3$	67.980 kr. + $162,20 \text{ kr/m}^3$ yfir $250 \text{ m}^3$
501 - $1500 \text{ m}^3$	108.530 kr. + $95,00 \text{ kr/m}^3$ yfir $500 \text{ m}^3$
1501 - $6000 \text{ m}^3$	203.530 kr. + $61,00 \text{ kr/m}^3$ yfir $1500 \text{ m}^3$
yfir $6000 \text{ m}^3$	478.030 kr. + $48,00 \text{ kr/m}^3$ yfir $6000 \text{ m}^3$

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera 51.230 kr. Sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.



Fyrir fleiri mælagrindur en eina skal greiða sérstakt mælagrindargjald. Mælagrindargjald er 15.500 kr./grind.

Gjald fyrir heimæðar, sem eru lengri en 25 m innan lóðarmarka, 3.100 kr./m umfram 25 m.

7. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar í júlímánuði 1997, 223,6 stig.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. ágúst 1997 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 178, 7. mars 1997.

*Iðnaðarráðuneytinu, 21. júlí 1997.*

F. h. r.

**Jón Ögmundur Þormóðsson.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## AUGLÝSING

18. júlí 1997

### um staðfestingu á aðalskipulagi Grímseyjarhrepps 1996-2016.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 18. júlí 1997 staðfest aðalskipulag Grímseyjarhrepps 1996-2016.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki hreppsnefndar Grímseyjarhrepps liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfissráðuneytinu, 18. júlí 1997.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Hrafn Hallgrímsson.*

## AUGLÝSING

15. júlí 1997

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

Að Hafnarstræti verði lokað til austurs við hús nr. 20.

Ákvörðun þessi tekur gildi þann 30. júlí 1997.

*Lögreglustjórnin í Reykjavík, 15. júlí 1997.*

**Böðvar Bragason.**

# STJÓRNARTÍÐINDI B 65 – 1997

---

29. júlí 1997

1025

Nr. 478

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 190, 17. mars 1997,  
um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum 1997.**

1. gr.

Eftir 3. málslíð 4. gr., sbr. reglugerð nr. 323, 28. maí 1997, komi nýr málslíður er orðist svo: Landi skip ekki fullfermi í fyrstu löndun eftir 31. maí 1997, er því heimilt að fara í fleiri veiðiferðir, enda fari samanlagður aflí þess eftir 31. maí ekki yfir það magn sem mest hefur verið landað úr því skipi á síldarvertíðinni fyrir þann tíma.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og laga nr. 151, 27. desember 1996, um veiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 339, 6. júní 1997, um breytingu á reglugerð nr. 190, 17. mars 1997, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum 1997.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 29. júlí 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 66 – 1997

Nr. 479

1026

24. júlí 1997

## REGLUR

### fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag Eyjafjarðar.

#### 1. gr.

Samvinnunefnd um svæðisskipulag í eftirtöldum 16 sveitarfélögum: Grímseyjar-, Svarfaðardals-, Árskógs-, Arnarnes-, Skriðu-, Öxnadals-, Glæsibæjar-, Háls-, Svalbarðsstrandar- og Grýtubakkahreppum auk Eyjafjarðarsveitar, Akureyrar, Hríseyjar, Dalvíkur, Ólafsfjarðar og Siglufjarðar, hér eftir nefnd samvinnunefnd um svæðisskipulag í Eyjafirði, er svo skipuð að í henni eiga sæti 33 fulltrúar.

Skipulagsstjórn skipar formann nefndarinnar en sveitarstjórnir á svæðinu skipa hver um sig tvo fulltrúa. Varafulltrúar aðila skulu skipaðir á sama hátt.

Heimild til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt hafa skipulagsstjóri ríkisins og fulltrúi hans og aðrir sem nefndin ákveður hverju sinni.

#### 2. gr.

Hlutverk samvinnunefndar er að vinna að svæðisskipulagi fyrir umrædd sveitarfélög m.a. með endurskoðun þeirrar skipulagsáætlunar sem fyrir er á hluta svæðisins, og leggja fram tillögu þar um, sbr. 2. kafla skipulagsreglugerðar nr. 318/1985.

Nú verður ágreiningur um hversu víðtækt hlutverk nefndarinnar sé við gerð svæðisskipulagsins og sker þá umhverfisráðherra úr að fenginni umsögn skipulagsstjórnar ríkisins og hlutaðeigandi sveitarstjórna.

#### 3. gr.

Fundi samvinnunefndar eða framkvæmdanefndar hennar skal halda eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Formaður boðar til samvinnunefndarfunda með a.m.k. 7 daga fyrirvara og ákveður fundarstað.

Fundur er lögmatgur ef formaður/varaformaður og helmingur annarra nefndarmanna er viðstaddur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó getur nefndin ekki ályktað um mál sem varða sérstaklega hagsmuni eins sveitarfélags að fulltrúum þess fjarstöddum.

Nefndin kýs sér ritara og vararitara. Viðstaddir nefndarmenn og ritari skulu undirrita fundargerð í fundarlök eða á næsta fundi þar á eftir. Sá fundarmaður, sem andvígur er ákvörðun meirihlutans, á rétt á að fá sérálit sitt bókað.

Senda skal fundargerðir til nefndarmanna, Skipulags ríkisins og til umhverfisráðuneytis.

#### 4. gr.

Þegar samvinnunefnd hefur samþykkt tillögu að skipulagi svæðisins sendir hún hana ásamt rökstuddri greinargerð til viðkomandi sveitarstjórna. Að fengnu samþykki þessara aðila sendir samvinnunefndin tillöguna til skipulagsstjórnar ríkisins. Um málsmeðferð tillögunnar fer skv. skipulagslögum nr. 19/1964.

## 5. gr.

Samvinnunefnd getur sett sér nánari vinnureglur um þá þætti sem ástæða þykir til að fjalla um í svæðisskipulaginu.

## 6. gr.

Sveitarfélögin 16 greiða kostnað hvert vegna sinna fulltrúa við störf samvinnunefndar. Embætti skipulagsstjóra ríkisins greiðir kostnað vegna formanns nefndarinnar og varamanns hans auk aðstoðar embættisins við nefndina. Kostnaður vegna fundarhalda greiðist af því sveitarfélagi, þar sem fundurinn er haldinn.

## 7. gr.

Með samþykki skipulagsstjórnar getur samvinnunefndin ráðið sér sérfræðing (ráðgjafa) til aðstoðar við skipulagsvinnuna. Greiðast laun og annar kostnaður við störf hans að hálfu af embætti skipulagsstjóra ríkisins og að hálfu af sveitarfélögunum. Kostnaður vegna framkvæmdanefndar skiptist á sama hátt.

Verði ágreiningur vegna kostnaðar sker umhverfisráðherra úr.

## 8. gr.

Stefnt skal að því að samvinnunefndin ljúki störfum fyrir 1. desember árið 1999. Að rökstuddri beiðni nefndarinnar getur umhverfisráðherra framlengt starfstíma hennar, þó ekki lengur en eitt ár í senn.

## 9. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 5. mgr. 3. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 ásamt síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

*Umhverfisráðuneytinu, 24. júlí 1997.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi við Skúlagötu, staðgreinireitur 1.154.4.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 24. júlí 1997, staðfest breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðisins frá 13. maí 1986 með síðari breytingum að því er varðar staðgreinireit 1.154.4, Skúlagata 21 og 42 og Hverfisgata 105.

Breytingin er fölginn í tilflutningi húseininga, breytingu á húsahæðum og niðurfellingu byggingarreita á norðurhluta Hverfisgötu 105 og suðurhluta Skúlagötu 42.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytinguna til staðfestingar.

*Umhverfisráðuneytinu, 24. júlí 1997.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*

# REGLUGERÐ

## um breyting á reglugerð nr. 278/1977 um Tækniskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

### 1. gr.

5. gr. orðist svo:

„Meginverkefni skólans skulu vera eftirfarandi:

1. Almenn menntun, einkum til undirbúnings sérhæfðu námi fyrir iðnfræðinga, tæknifræðinga, verkfræðinga, búfræðikandidata o.fl.
2. Framhaldsmenntun iðnaðarmanna til iðnfræðiprófs.
3. Menntun til sérstakra starfa á heilbrigðisviði, svo sem meinatækna og röntgentækna eftir nánari ákvörðun menntamálaráðuneytisins.
4. Menntun í rekstrarfræðum samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðuneytisins.
5. Menntun til tæknifræðiprófs eftir nánari ákvörðun menntamálaráðuneytisins.

Skólinn skal og leggja sérstaka áherslu á að halda námskeið fyrir starfandi tæknimenn og aðra sem lokið hafa námi á námssviðum skólans.“

### 2. gr.

3. mgr. 9. gr. falli brott.

Ný mgr. svohljóðandi, bætist aftan við 9. gr:

„Að fengnum rökstuddum tillögum deildar getur rektor, með samþykki skólanefndar eða námsbrautarnefndar eftir því sem við á, ákveðið að takmarka fjölda nemenda á einstökum námsbrautum þegar séð er að ekki er unnt að veita öllum sem uppfylla inntöku-skilyrði inngöngu eða þess er ekki kostur að veita nema takmörkuðum fjölda þá kennslu sem nauðsynleg er.“

### 3. gr.

13. gr. orðist svo:

Gefin skal út kennsluskrá fyrir komandi skólaár, ekki síðar en í apríl ár hvert. Skal kennsluskráin samþykkt af skólanefnd og staðfest af menntamálaráðuneytinu.

Í kennsluskránni skulu vera skráð númer og nöfn allra námskeiða og stutt lýsing á hverju námskeiði fyrir sig. Tilgreina ber öll skilyrði um undanfara einstakra námskeiða þegar það á við. Í námskeiðslýsingum skulu koma fram upplýsingar um kennara, markmið námskeiðsins, námsmat og lesefni. Jafnframt skal í kennsluskrá greina hvernig námskeiðum er skipt eftir kennslumisserum, hver sé áætlaður meðalnámstími og hámarksnámstími hverrar námsbrautar. Ennfremur skal lýsa þar kennsluháttum og öðru, eftir því sem þörf þykir.

### 4. gr.

17. gr. orðist svo:

„Einkunnir skal gefa í heilum og hálfum tölum á bilinu 0-10.

Í frumgreinadeild þarf einkunn í hverjum áfanga að vera 5,0 eða hærrí til að standast próf.

Í sérgreinadeildum gildir: Til að standast próf í áfanga þarf einkunn að vera 5,5 eða hærrí. Þó getur nemandi útskrifast með einkunnina 5 í einum áfanga.

Einkunn undir 4 þýðir að nemandi er skylt að stunda nám í áfanganum að nýju eins og um fyrstu tilraun væri að ræða áður en heimilt er að endurtaka próf.“

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum, nr. 66/1972, um Tækniskóla Íslands og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 10. júlí 1997.*

**Björn Bjarnason.**

*Guðríður Sigurðardóttir.*

24. júlí 1997

Nr. 482

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010, Dalbraut 16.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 11. júní 1997 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytt er landnotkun þannig að stofnanasvæði verður að íbúðarsvæði á lóð nr. 16 við Dalbraut..

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfissráðuneytinu, 24. júlí 1997.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Hrafn Hallgrímsson.*

24. júlí 1997

Nr. 483

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Bakkafjarðar, Skeggjastaðahreppi.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Skeggjastaðahrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 9. júlí 1997 staðfest breytingu á aðalskipulagi Bakkafjarðar 1983-2003 frá 11. júní 1985, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Landbúnaðarsvæði við Hafnargötu breytist að hluta í athafnasvæði.

Sveitarstjórn Skeggjastaðahrepps tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfissráðuneytinu, 24. júlí 1997.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Hrafn Hallgrímsson.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 378/1996 fyrir Sameinaða lífeyrissjóðinn.

#### 1. Grein 10.1 orðast svo:

10.1.

Iðgjald sem greitt er til sjóðsins skal nema 10% hið minnsta af launum þeim, sem tilgreind eru í gr. 10.2 og 10.3. Sé um launþega að ræða, skiptist lágmarksiðgjald þannig, að launþegi greiðir 4%, en launagreiðandi 6%. Iðgjald skiptist þannig milli deilda sjóðsins, að til ellilífeyrisdeildar renna 76% iðgjaldsins, til örorkulífeyrisdeildar 12% og 12% iðgjaldsins til fjölskyldulífeyrisdeildar.

#### 2. Grein 11.2 orðast svo:

11.2.

Til grundvallar stigáútreikningi er grundvallarfjárhæð fyrir hvern almanaksmánuð. Hún er í janúar 1997 kr. 50.098 og breytist í hlutfalli við breytingu vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá 177,8 stigum.

#### 3. Greinar 12.2 til 12.4 orðast svo:

12.2.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af grundvallarfjárhæð, eins og hún er fyrsta dag hvers mánaðar, sem lífeyrir er greiddur, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélagi hefur áunnið sér margfölduðum með 1,5.

12.3.

Ef sjóðfélagi hefur töku lífeyris eftir 67 ára aldur en fyrir 70 ára aldur hækkar stuðullinn í gr. 12.2 um 0,01 fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem töku lífeyris er frestað frá 67 ára aldri á þau stig, sem sjóðfélaginn ávann sér fyrir 67 ára aldur. Stig sem áunnin eru eftir 67 ára aldur skal margfalda með 1,5.

12.4.

Haldi sjóðfélagi áfram að ávinna sér réttindi, eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris, skulu stig hans reiknuð á ný, er hann hefur náð 70 ára aldri og skulu þau stig, sem hann ávann sér eftir 67 ára aldur margfölduð með 1,5.

#### 4. Grein 13.1 og fyrsti málslíður greinar 13.3 orðast svo:

13.1.

Sjóðfélagi, sem verður fyrir orkutapi, sem telja verður að nemi 50% eða meira skv. 13.2 og hefur áunnið sér alls a.m.k. 2 stig hjá sjóðnum og eða sjóðum, sem sjóðurinn hefur gert samning við um samskiptareglur, á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í samræmi við áunnin stig fram að orkutapi.

13.3. fyrsti málslíður:

Þegar skilyrði 13.1 og þessa tölulíðs eru uppfyllt, miðast hámark örorkulífeyris við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 11. gr. að viðbættum lífeyri, er svarar til þess stiga-fjölda, sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, reiknað samkvæmt 13.4, margfaldað með 1,5 enda hafi sjóðfélagi

**5. Grein 14.4 orðast svo:**

14.4.

Yngsta barn, sem sjóðfélagi hefur átt með eftirlifandi maka sínum er 22 ára eða yngra og á framfæri maka og er þá lífeyrir greiddur án tillits til hjúskapartíma og aldurs sjóðfélaga og eftirlifandi maka. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt, enda hafi ættleiðingin átt sér stað fyrir 60 ára aldur sjóðfélagans, áður en hann missti starfsorku sína og a.m.k. einu árið áður en hann lést.

**6. Núgildandi 15. gr. fellur niður en inn komi ný grein 14.9 og breytist röð annarra greina samkvæmt því.****Greinin orðast svo:**

14.9. Barnalífeyrir.

Samhliða elli-, örorku- eða makalífeyri er sjóðfélagi eða maka sjóðfélaga greiddur barnalífeyrir eða bami sjóðfélaga ef sjóðfélagi og/eða maki hans er fallin frá í samræmi við neðangreindar reglur til 18 ára aldurs barns:

14.9.1.

Nú andast sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum örorkulífeyris, með rétti til framreiknings, a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum, og lætur eftir sig barn eða börn og á þá hinn eftirlifandi maki sjóðfélaga rétt á barnalífeyri vegna barna þeirra og kjörbarna, er hann lætur eftir sig. Nú skilur hinn látni eftir sig barn, sem hann hefur framfleytt en átt með öðrum en eftirlifandi maka sínum eða verið ókvæntur og nýtur þá framfarandi barnsins eða barnið, ef það framfærir sig sjálft sama réttar.

14.9.2.

Sé sjóðfélagi úrskurðaður örorkulífeyrir úr sjóðnum vegna 100% örorku, öðlast hann rétt til barnalífeyris úr sjóðnum, vegna barna sinna sem fædd eru fyrir orkutap eða á næstu 12 mánuðum þar á eftir enda séu þau á framfæri hans og hann annist þau. Sami réttur er vegna kjörbarna sem ættleidd hafa verið fyrir orkutap. Við ákvörðun lífeyrisfjárhæðar sjóðsins skal ávallt reikna með, að örorka samkvæmt almannatryggingalögum sé einnig 100%. Sé örorka samkvæmt 13. gr. metin lægri en 100%, skal barnalífeyrir sjóðsins vera hlutfallslega lægri. Barnalífeyrir, sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga, fellur ekki niður, þótt sjóðfélaginn nái ellilífeyrisaldri.

14.9.3.

Sjóðfélagi, sem náð hefur 67 ára aldri og hafið hefur töku ellilífeyris, og á barn sem fætt er áður en sjóðfélagi hefur töku ellilífeyris eða á næstu 12 mánuðum þar á eftir, á rétt á barnalífeyri enda hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og áunnið sér eigi minna en 0,4 stig hvert þessara þriggja ára. Sami réttur er vegna kjörbarna, sem sjóðfélagi hefur ættleitt og framfært að mestu eða öllu leyti a.m.k. frá lokum þess árs, er hann náði 62 ára aldri.

14.9.4.

Öðlist sjóðfélagi, maki sjóðfélaga eða barn sjóðfélaga rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði, skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði, að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

14.9.5.

Barnalífeyrir með hverju barni nemur kr. 10.766 fyrir hvern almanaks mánuð og breytist í hlutfalli við breytingu vísitölu neysluvöruverðs til verðtryggingar 177,8 stigum í janúar 1997. Fullur barnalífeyrir greiðist, ef árleg stig, áætluð í samræmi við 13.6, eru a.m.k. 1 stig. Séu áætluð árleg stig færri, lækkar barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður, ef árlegur stigafjöldi nær ekki 0,5.



14.9.6.

Réttur til barnalífeyris vegna fósturbarna og stjúpbarna, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skal vera sá sami og vegna annarra barna sjóðfélaga. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna þessara barna vera hinar sömu og vera mundu, ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

14.9.7.

Barnalífeyrir greiðist maka látins sjóðfélaga, öryrkja eða framfæranda barns í samræmi við framangreindar reglur. Þó er stjórn sjóðsins heimilt að greiða barnalífeyri beint til barnsins frá því ári, sem barnið verður 16 ára.

### 7. Bráðabirgðaákvæði:

Ný grein ákvæðis til bráðabirgða er verði grein 26 orðast svo:

Hinn 1. janúar 1997 skal færa 730 millj. kr. úr örorkulífeyrisdeild til ellilífeyrisdeildar. Á sama tíma skal flytja 791 millj. kr. úr ellilífeyrisdeild og 163 millj. kr. úr örorkulífeyrisdeild yfir í fjölskyldulífeyrisdeild.

### 8. Gildistaka:

Breytingar þessar taka gildi 1. júlí 1997, aðrar en breyting á gr. 10.1 og ákvæði til bráðabirgða er taki gildi 1. janúar 1997.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerðarbreyting þessi hér með.

*Fjármálaráðuneytinu, 3. júní 1997.*

F. h. r.  
**Áslaug Guðjónsdóttir.**

*Margrét Gunnlaugsdóttir.*

Nr. 485

24. júlí 1997

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010, uppfylling við Ánanaust.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 9. júlí 1997 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990 - 2010 frá 20. febrúar 1992, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin felur í sér að norðvestan Ánanausts gegnt Mýrargötu er gert ráð fyrir uppfyllingu sem skilgreind er sem athafnasvæði. Á svæðinu er gert ráð fyrir hreinsi- og dælustöð, bensínstöð, skyndibitastað og gámostöð Sorpu.

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfissráðuneytinu, 24. júlí 1997.*

F. h. r.  
**Ingimar Sigurðsson.**

*Hrafn Hallgrímsson.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 571/1996, um hámark lána og ábyrgða lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfabjónustu.

#### 1. gr.

Í stað núverandi 1. ml. 6. tl. 1. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi tveir málslíðir:

Kröfur á lánastofnanir, fyrirtæki í verðbréfabjónustu innan Evrópska efnahagssvæðisins, viðurkenndra fyrirtækja í verðbréfabjónustu utan Evrópska efnahagssvæðisins, skipulegra verðbréfamarkaða og viðurkenndra greiðslujöfnunarstöðva og kröfur með ábyrgð sömu aðila með lánstíma eftirstöðva að hámarki eitt ár. Kröfur með lánstíma eftirstöðva yfir einu ári og allt að þremur árum má undanskilja að 80% hluta, en kröfur með lánstíma eftirstöðva yfir þremur árum eða lengur má undanskilja að 50% hluta.

#### 2. gr.

Í stað núverandi 1. mgr. 7. gr. komi eftirfarandi:

Eigi sjaldnar en tvisvar á ári skulu lánastofnanir og fyrirtæki í verðbréfabjónustu tilkynna bankaeftirlitinu, með þeim hætti sem það ákveður, um stórar áhættuskuldbindingar einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila, sbr. ennfremur skilgreiningu á hugtakinu stórar áhættuskuldbindingar í 2. gr. þessarar reglugerðar.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. mgr. 46. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, 5. mgr. 8. gr. laga nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, og 2. mgr. 22. gr. laga nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti, öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytinu, 11. júlí 1997.*

**Finnur Ingólfsson.**

*Tryggvi Axelsson.*

21. júlí 1997

Nr. 487

## AUGLÝSING

### um umferð á Siglufirði.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu vegamálastjóra eru hér með gerðar eftirfarandi takmarkanir á umferð um Strákagöng á Siglufjarðarvegi:

1. Öll umferð reiðmanna er bönnuð nema fyrir liggi sérstök heimild lögreglustjóra og veggöng verði lokuð annarri umferð á meðan.
2. Rekstur búfjár er bannaður nema fyrir liggi sérstök heimild lögreglustjóra og veggöng verði lokuð annarri umferð á meðan á rekstri stendur.

Ákvörðun þessi tekur gildi 1. september 1997.

*Sýslumaðurinn á Siglufirði, 21. júlí 1997.*

**Guðgeir Eyjólfsson.**

# REGLUGERÐ

## um almannaflug.

### EFNISYFIRLIT

#### 1.0 ORÐSKÝRINGAR

#### 2.0 GILDISSVIÐ

#### 3.0 ALMENNT

- 3.1 Lög og reglur
- 3.2 Ábyrgð
- 3.3 Neyðartilvik
- 3.4 Tilkynningarskylda
- 3.5 Hættulegur varningur
- 3.6 Leit og björgun
- 3.7 Hergögn
- 3.8 Vátryggingar

#### 4.0 UNDIRBÚNINGUR FLUGS OG STARFSADFERÐIR Á FLUGI

- 4.1 Ástand öryggistækja á jörðu niðri
- 4.2 Flugvallarlágmörk
- 4.3 Leiðbeiningar til áhafnar og farþega
- 4.4 Lofthæfi og öryggisráðstafanir
- 4.5 Veðurlýsingar og veðurspár
- 4.6 Takmarkanir vegna veðurskilyrða
- 4.7 Varaflugvellir á áfangastað
- 4.8 Eldsneytis- og olíubirgðir
- 4.9 Súrefnisbirgðir
- 4.10 Notkun súrefnis
- 4.11 Leiðbeiningar um neyðarviðbrögð í flugi
- 4.12 Tilkynningar flugmanna um veðurskilyrði
- 4.13 Hættulegar aðstæður í flugi
- 4.14 Hæfi flugliða
- 4.15 Flugliðar á starfsstað
- 4.16 Starfshættir í blindflugi
- 4.17 Almennar leiðbeiningar
- 4.18 Áfylling eldsneytis
- 4.19 Varaflugvellir

#### 5.0 AFKASTAGETA FLUGVÉLA OG TAKMÖRK HENNAR

- 5.1 Starfræksla
- 5.2 Merkingar

#### 6.0 MÆLITÆKI OG BÚNAÐUR FLUGVÉLA

- 6.1 Allar flugvélar í sérhverju flugi
- 6.2 Allar flugvélar sem flogið er samkvæmt reglum um sjónflug
- 6.3 Allar flugvélar í flugi yfir haf eða vötn

- 6.4 Allar flugvélar í flugi á sérlega tilgreindum svæðum
- 6.5 Allar flugvélar í háflugi
- 6.6 Allar flugvélar sem flogið er samkvæmt blindflugsreglum
- 6.7 Allar flugvélar sem starfræktar eru að nóttu til
- 6.8 Allar flugvélar sem fullnægja kröfum um hávaðatakmark í viðbæti 16, I, bindi, við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO Annex 16, Volume I, Noise Certification Standards
- 6.9 Flugvélar knúnar hverfilhreyflum - jarðvari
- 6.10 Flugritar
- 6.11 Mach-tölumælir
- 6.12 Flugvélar sem verða að vera búnar hæðarratsjársvara

## 7.0 FJARSKIPTA- OG LEIÐSÖGUTÆKI FLUGVÉLA

- 7.1 Fjarskiptatæki
- 7.2 Leiðsögutæki
- 7.3 Fjarskipta- og leiðsögutæki flugvéla

## 8.0 VIÐHALD FLUGVÉLA

- 8.1 Almenn
- 8.2 Réttindi til að staðfesta lofthæfi
- 8.3 Viðhaldsskrár
- 8.4 Skoðanir
- 8.5 Viðhald og viðgerðir
- 8.6 Vinna við íslenskar flugvélar erlendis
- 8.7 Lagfæringar til forvarna

## 9.0 FLUGÁHAFNIR

- 9.1 Starfshæfi
- 9.2 Samsetning áhafnar

## 10.0 ÝMIS ÁKVÆÐI

- 10.1 Undanþágur
- 10.2 Refsiákvæði
- 10.3 Gildistaka

## 1.0 ORÐSKÝRINGAR

Þegar eftirfarandi orð og orðasambönd eru notuð í þessari reglugerð hafa þau merkingu þá sem hér segir:

**Að staðfesta lofthæfi** (To certify as airworthy): Að staðfesta það að loftfar, eða hluti þess, fullnægi gildandi skilyrðum um lofthæfi eftir grannskoðun, viðgerð, breytingu eða ísetningu.

**Aðstoðarflugmaður** (Co-pilot): Flugmaður sem er handhafi flugskírteinis og gegnir hvers konar flugmannsstarfi í loftfari, öðru en starfi flugstjóra, þó ekki flugmaður sem er í loftfarinu eingöngu til að njóta flugþjálfunar.

**Afkastageta flugvélar** (Aeroplane performance): Útreiknaðir og prófaðir eiginleikar flugvélar að því er varðar getu og takmörk hennar á öllum stigum flugs, við aðstæður sem hún kann að vera starfrækt við.

**Akstur loftfara** (Taxiing): Hreyfingar loftfars um flugvöll fyrir eigin afli, að undanskildu flugtaki og landingu, en að meðtöldu flugi þyrfa með aksturshraða loftfara rétt yfir yfirborði flugvallar innan áhrifa frá jörðu, þ.e. flugakstur.

**Ákvörðunarflughæð/hæð** (Decision altitude/height, DA/H): Ákveðin flughæð/hæð í nákvæmisaðflugi þar sem hefja verður fráflug ef lágmarksviðmiðun um skyggni til þess að halda áfram aðflugi hefur ekki verið náð.

**Almannaflug** (General aviation operation): Flug loftfars annað en atvinnuflutningar og verkflug.

**Athafnasvæði** (Movement area): Sá hluti flugvallar sem ætlaður er fyrir flugtök og landingar loftfara og ferðir þeirra á jörðu, þ.e. umferðarsvæði og hlöð.

**Atvinnuflug** (Commercial aviation): Flugstarfsemi sem stendur almenningi til boða gegn gjaldi.

**Atvinnuflutningar** (Commercial air transport operation): Flutningar með loftförum á farþegum, vörum eða pósti gegn endurgjaldi.

**Blindflug** (IFR-flight): Flug samkvæmt blindflugsreglum (IFR).

**Blindflugsskilyrði** (Instrument meteorological conditions, IMC): Veðurskilyrði neðan við lágmark sjónflugsskilyrða, tilgreind sem skyggni, fjarlægð frá skýjum og skýjahæð.

**Einkaflug** (Private aviation): Flugstarfsemi sem stunduð er fyrst og fremst ánægjunnar vegna eða til öflunar frekari réttinda og ekkert endurgjald kemur fyrir. Það telst jafnframt einkaflug ef maður flýgur í tengslum við starf sitt og hefur ekki hagnað af rekstri loftfarsins né fær sérstaklega greitt fyrir að stjórna því. Það telst ekki endurgjald þótt aðiljar skipti með sér beinum kostnaði vegna rekstrar loftfarsins.

**Fartími** (Flight time): Allur tíminn frá því að loftfar hreyfist af stað fyrir eigin afli í því skyni að hefja flugtak þar til það stöðvast að afloknu flugi. Hann er talinn frá því að loftfar hreyfist frá þeim stað sem það er fermt þar til það nemur staðar til affermingar.

**Flugáætlun** (Flight plan): Tilteknað upplýsingar um fyrirhugað flug loftfars eða hluta flugs, látanar flugumferðarþjónustudeild í té.

**Flugbrautarskyggni** (Runway visual range): Fjarlægð þaðan sem flugmaður loftfars á miðlínu flugbrautar getur séð yfirborðsmerkingar flugbrautarinnar eða ljós þau sem afmarka hana eða sýna miðlínu hennar.

- Flughandbók** (Flight Manual): Handbók sem tengd er lofthæfisskírteininu þar sem tilgreint er innan hvaða marka loftfarið er talið lofthæft og þar sem gefnar eru nauðsynlegar leiðbeiningar og upplýsingar fyrir flugliða um örugga starfrækslu loftfarsins.
- Flughæð** (Altitude): Lóðrétt fjarlægð lárétts lags, punkts eða hlutar, sem litið er á sem punkt, mæld frá meðalsjávarmáli (MSL).
- Flugliði** (Flight crew member): Áhafnarliði sem er handhafi fullgilds skírteinis og falið er starf sem nauðsynlegt er við starfrækslu loftfars meðan á fartíma stendur.
- Flugrekandi** (Operator): Einstaklingur, fyrirtæki eða stofnun sem stundar eða býðst til að stunda rekstur loftfara. Flugrekandi þarf tilskilin leyfi samgönguráðuneytis og Flugmálastjórnar til þess að stunda atvinnuflug.
- Flugriti** (Flight recorder): Hvers konar síriti í loftfari (þar með taldir ferðriti og hljóðriti) sem skráir upplýsingar er komið gætu að gagni við rannsókn flugslysa eða flugóhappa.
- Flugskyggni** (Flight visibility): Skyggni fram á við úr stjórnklefa loftfars á flugi.
- Flugstjóri** (Pilot-in-command): Flugmaður sem ber ábyrgð á starfrækslu og öryggi loftfars meðan á fartíma stendur.
- Flugstjórnarsvið** (Control zone): Flugstjórnarrými sem nær frá jörðu upp að tilteknum efri mörkum.
- Flugtími** (Time in service): Sá hluti fartíma sem líður frá þeirri stundu að loftfar lyftist frá yfirborði jarðar þar til það snertir hana aftur á næsta landingarstað.
- Flugumferðarþjónusta** (Air traffic service): Almennt hugtak sem táknar ýmist flugupplýsingaþjónustu, viðbúnaðarþjónustu, ráðgjafarþjónustu, flugstjórnarþjónustu, flugstjórnarsvæðisþjónustu, aðflugsstjórnarþjónustu eða flugturnsþjónustu.
- Flugvallarlágmark** (Aerodrome operating minima): Neðstu leyfilegu mörk til að nota megi flugvöll til flugtaks og landingar, venjulega tilgreind sem lágmarksskyggni eða flugbrautarskyggni, ákvörðunarflughæð/hæð (DA/H) eða lágmarkslækkunarflughæð/hæð (MDA/H) og skýjafar.
- Flugvél** (Aeroplane): Vélknúið loftfar þyngra en loft sem helst á flugi aðallega vegna verkana loftsins á vængfleti sem eru óhreyfanlegir meðan á tilteknum þætti flugs stendur.
- Flugverji** (Crew member): Áhafnarliði sem gegnir starfi um borð í loftfari meðan á fartíma stendur.

**Flugvöllur** (Aerodrome): Tiltekið svæði á láði eða legi (að meðtöldum byggingum og búnaði) sem ætlað er að nokkru eða öllu leyti til afnota við komu, brottför og hreyfingar loftfara á jörðu niðri.

**Grannskoðun** (Overhaul): Prófanir og/eða framkvæmdir á loftförum eða hlutum til þeirra í samræmi við gildandi fyrirmæli og leiðbeiningar sem fela í sér endurnýjun, að nokkru eða öllu leyti, og hafa í för með sér að talning flugtíma hlutaðeigandi loftfara eða hluta til þeirra hefst að nýju frá byrjun.

**Hámarksmassi** (Maximum mass): Leyfður hámarksflugtaksmassi loftfars.

**Hæð** (Height): Lóðrétt fjarlægð láréttis lags, punkts eða hlutar, sem litið er á sem punkt, mæld frá tiltekinni viðmiðun.

**Hættulegur varningur** (Dangerous goods): Hlutir eða efni sem stofnað geta heilsu, öryggi eða verðmætum í verulega hættu ef þau eru flutt flugleiðis.

**ICAO** (International Civil Aviation Organization): Alþjóðaflugmálastofnunin.

**IFR** (Instrument flight rules): Alþjóðleg skammstöfun sem notuð er um blindflugsglur.

**ILS** (Instrument landing system): Hnitlendingarkerfi.

**Kennsluflug** (Instructional flying): Notkun loftfars við formlega flugkennslu með flugkennara um borð eða þegar flugnemi flýgur einn undir eftirliti flugkennara.

**Lágmarkslækkunarflughæð/hæð** (Minimum descent altitude/height (MDA/H)): Tiltekin flughæð/hæð sem ekki má fljúga niður fyrir nema sjáist til jarðar, í hringaðflugi eða aðflugi sem ekki er nákvæmnisaðflug.

**Leiðarflug** (En-route flight): Sá hluti flugs milli áfangastaða sem ekki telst til brottflugs eða aðflugs.

**Leiguflug** (Charter flight): Óreglubundið flug til flutninga á farþegum og vörum í loftförum sem hafa hámarks massa 5700 kg eða meira, eða sem viðurkennd eru til flutnings á 10 farþegum eða fleiri.

**Loftfar** (Aircraft): Sérhvert það tæki sem haldist getur á flugi vegna verkana loftsins annarra en loftþúðaáhrifa við yfirborð jarðar.

**Markhreyfill** (Critical engine): Sá hreyfill sem hefði óhagstæðust áhrif á afkastagetu og stjórn loftfars ef hann bilaði.

**Nákvæmnisaðflug** (Precision approach procedure): Stöðluð aðferð við blindaðflug þar sem stuðst er við stefnu- og aðflughallasendingar frá tækjum á jörðu niðri, svo sem hnitlendingarkerfi (ILS) eða nákvæmnisratsjá (PAR).

**Nótt** (Night): Sá tími sem miðpunktur sólar er 6° eða meira fyrir neðan sjóndeildarhring.

**PAR** (Precision approach radar): Nákvæmnisratsjá.

**Reglubundið áætlunarflug** (Scheduled Flights): Röð flugferða sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

- a) Flugferðirnar eru farnar með loftförum sem ætluð eru til flutnings á farþegum, pósti eða vörum gegn gjaldi.
- b) Flugferðunum er ætlað að fullnægja ákveðinni flutningsþörf milli tveggja eða fleiri staða eftir ákveðinni tímaáætlun eða ferðirnar eru farnar svo títt og reglulega að augljóst er að fylgt er ákveðinni áætlun.
- c) Sérhver flugferð stendur almenningi til boða gegn greiðslu meðan rými er fánlegt.
- d) Leyfi til reglubundins áætlunarflugs eru tvenns konar, þ.e. sérleyfi og almennt áætlunarleyfi. Með sérleyfi er átt við einkarétt til áætlunarflugs með farþega, vörur og póst á ákveðinni leið en jafnframt skyldu til að halda uppi föstum áætlunarferðum og fullnægja flutningsþörfinni á hlutaðeigandi leið. Með almennu áætlunarleyfi er átt við leyfi til áætlunarflugs með farþega, vörur og póst, á ákveðinni leið án sérleyfis, en jafnframt skyldu til að halda uppi föstum áætlunarferðum og fullnægja flutningsþörf á hlutaðeigandi leið, eins og ráðuneytið metur hana á hverjum tíma.

Skipulagðar áætlanir um flugferðir sem farnar eru með leiguflugi falla ekki undir þessa skilgreiningu.

**Sjónflug** (VFR-flight): Flug samkvæmt sjónflugsglum (VFR).

**Sjónflugsskilyrði** (Visual meteorological conditions, VMC): Veðurskilyrði sem tilgreind eru sem skyggni, fjarlægð frá skýjum og skýjahæð og eru jöfn eða betri en tilgreind lágmark.

**Skráningarríki** (State of Registry): Ríkið sem hefur hlutaðeigandi loftfar á loftfaraskrá sinni.

**Undirritun viðhaldsvottorðs** (Signing a maintenance release): Vottun þess að eftirlit og viðhald hafi verið framkvæmt á fullnægjandi hátt og samkvæmt aðferðum þeim sem viðhaldshandbókin mælir fyrir um, með því að gefa út viðhaldsvottorð.

**Varaflugvöllur** (Alternate aerodrome): Flugvöllur sem fljúga má til þegar annaðhvort er ógerlegt eða óráðlegt að halda áfram flugi til ákvörðunarflugvallar eða lenda á honum. Til varaflugvalla teljast:

**Varaflugvöllur við flugtak** (Take-off alternate): Varaflugvöllur sem unnt er að lenda á ef nauðsyn krefur skömmu eftir flugtak ef ekki er gerlegt að nota brottfararflugvöll.

**Varaflugvöllur á flugleið** (En-route alternate): Flugvöllur sem loftfar gæti lent á ef upp kæmi óvenjulegt ástand eða neyðarástand í leiðarflugi.



**Varaflugvöllur á ákvörðunarstað** (Destination alternate): Varaflugvöllur sem fljúga má til ef ógerlegt eða óráðlegt reynist að lenda á ákvörðunarflugvelli.

**Veðurfréttir** (Meteorological information): Veðurlýsingar, veðurgreiningar, veðurspár og sérhver skýrsla er varðar ríkjandi eða væntanleg veðurskilyrði.

**Veðurstofa** (Meteorological Authority): Embætti á vegum aðildarríkis Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) sem veitir eða sér um veðurþjónustu fyrir flug.

**Verkflug** (Aerial work): Starfræksla loftfars í sérhæfðri starfsemi og þjónustu, svo sem í landbúnaði, byggingavinnu, við ljósmyndun og ýmiss konar kannanir, athuganir og eftirlit úr lofti, við leit og björgun, í auglýsingaflugi o.s.frv.

**Þjónustuflug:** Óreglubundið flug til flutninga á farþegum og vörum í loftförum sem hafa hámarks massa minni en 5700 kg, og ekki eru viðurkennd til flutnings á 10 farþegum eða fleiri.

## 2.0 GILDISSVIÐ

Reglugerð þessi tekur til alls almannaflugs með íslenskum flugvélum og erlendum flugvélum sem fljúga um íslenska lofthelgi.

## 3.0 ALMENNT

### 3.1 Lög og reglur.

Flugstjóri skal fara eftir gildandi lögum og reglum þeirra ríkja sem loftfarið flýgur um.

### 3.2 Ábyrgð.

Flugstjóri ber ábyrgð á starfrækslu og öryggi flugvélar og öryggi allra manna um borð meðan á fartíma stendur.

### 3.3 Neyðartilvik.

Í neyðartilvikum, sem stofna öryggi flugvélar eða manna í hættu og valda því að brjóta þarf í bága við þær reglur og þau fyrirmæli, sem gilda á staðnum, ber flugstjóra að tilkynna hlutaðeigandi yfirvöldum slíkt brot án tafar. Ef þess er krafist ber flugstjóra að skila skýrslu til hlutaðeigandi yfirvalda um brot sitt. Ef slíkt gerist utan íslenskrar lögsögu í íslenskri flugvél ber flugstjóra enn fremur að láta Flugmálastjórn í té afrit af skýrslunni eins fljótt og auðið er og að jafnaði innan 10 daga eftir að atburðurinn átti sér stað.

### 3.4 Tilkynningarskylda.

Flugstjóri er ábyrgur fyrir því að tilkynna næsta hlutaðeigandi yfirvaldi, svo fljótt sem auðið er, sérhvert slys sem flugvél hans lendir í ef það hefur í för með sér alvarleg meiðsl eða dauða fólks eða verulegar skemmdir á flugvélinni eða öðrum verðmætum. Gildandi „Reglugerð um tilkynningarskyldu“, eins og hún er á hverjum tíma, kveður nánar á um tilkynningarskyldu flugstjóra íslenskra flugvéla.

**3.5 Hættulegur varningur.**

Fara ber eftir „Reglugerð um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis“ eins og hún er á hverjum tíma. Sú reglugerð er þýðing á viðbæti 18 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO Annex 18.

**3.6 Leit og björgun.**

Flugstjóri skal hafa tiltækar um borð í flugvél, sem hann stjórnar, allar nauðsynlegar upplýsingar um björgunar- og neyðarþjónustu á þeim svæðum sem hann flýgur yfir.

**3.7 Hergögn.**

Hergögn má eigi flytja með flugvélum í íslenskri lofthelgi nema með leyfi ráðherra, sbr. „Reglugerð um flutning hergagna með loftförum“ nr. 348/1983. Til hergagna teljast ekki venjuleg veiði- og markskotvopn, sem og neyðar- og viðvörðunarbúnaður loftfars og annað það sem nauðsynlegt má telja vegna öryggis flugs, áhafnar og farþega. Sama gildir um skotelda o.þ.h., sbr. 1. gr. laga nr. 46/1977 um skotvopn, sprengiefni og skotelda.

**3.8 Vátryggingar.**

Í samræmi við X. kafla „Laga um loftferðir“ nr. 34/1964 skal eigandi loftfars, sem nota skal til loftferða um íslenska lofthelgi, taka og halda við vátryggingu eða tryggingu, er örugg telst, til greiðslu skaðabóta sem falla kunna á hann eða umráðanda loftfarsins vegna tjóns er verður á mönnum og hlutum utan loftfarsins og stafa af notkun þess.

**4.0 UNDIRBÚNINGUR FLUGS OG STARFSADFERÐIR Á FLUGI****4.1 Ástand öryggistækja á jörðu niðri.**

Flugstjóri skal ekki hefja flug fyrr en gengið hefur verið úr skugga um með öllum tiltækum ráðum að allur búnaður á láði og/eða legi, sem tiltækur er og krafist er fyrir flugið og örugga för flugvélarinnar, sé fullnægjandi, þar með talin fjarskipta- og leiðsöguvirki.

**4.2 Flugvallarlágmörk.**

Flugstjóri skal ekki fljúga til flugvallar eða frá honum þegar flugvallarlágmörk eru lægri en lágmörk þau, sem kunna að hafa verið sett fyrir flugvöllinn af yfirvöldum þess ríkis sem flugvöllurinn er í, nema það sé viðurkennt sérstaklega af yfirvöldum hlutaðeigandi ríkis.

**4.3 Leiðbeiningar til áhafnar og farþega.**

4.3.1 Flugstjóri skal tryggja að áhöfn og farþegum sé leiðbeint munnlega eða á annan hátt um notkun og verustað:

- a) öryggisbelta, og, eftir því sem við á,
- b) neyðarútganga;
- c) björgunarvesta;
- d) súrefnistækja og
- e) annarra tækja sem ætluð eru til einstaklingsbundinna nota í neyðartilvikum, þar á meðal neyðarupplýsinga fyrir farþega.

4.3.2 Flugstjóri skal tryggja að öllum um borð sé kunnugt um verustað og almennar notkunarreglur helsta neyðarbúnaðar um borð sem ætlaður er til sameiginlegra nota.

#### 4.4 Lofthæfi og öryggisráðstafanir.

4.4.1 Flug skal ekki hafið fyrr en flugstjórinn hefur fullvissað sig um að:

- a) flugvélin sé lofthæf, réttilega skráð og að viðeigandi skírteini þar að lútandi séu um borð. Þó má fljúga flugvél reynsluflug í íslenskri lofthelgi án gilds lofthæfisskírteinis þegar um er að ræða reynsluflug eftir smíði, samsetningu, skoðun, viðhald, viðgerð, breytingu eða ísetningu, enda sé reynsluflugið framkvæmt í því skyni einu að ganga úr skugga um flughæfi flugvélarinnar;
- b) allur búnaður og tæki séu á sínum stað og fullnægjandi fyrir flugið, með hliðsjón af þeim flugskilyrðum sem búist er við;
- c) sérhvert nauðsynlegt viðhald hafi verið leyst af hendi í samræmi við ákvæði 8. kafla þessarar reglugerðar;
- d) massi flugvélarinnar og staðsetning þyngdarmiðju séu á þann veg að unnt sé að fljúga henni á öruggan hátt, með hliðsjón af þeim flugskilyrðum sem gert er ráð fyrir;
- e) öllum farmi, sem flytja á, sé rétt hlaðið í flugvélina og hann festur á öruggan hátt og
- f) ekki verði farið fram yfir þau fluggetumörk sem eru í flughandbók flugvélarinnar eða öðrum samsvarandi gögnum.

4.4.2 Flugstjóri skal hafa nægar upplýsingar um afkastagetu flugvélarinnar, með alla hreyfla í gangi, til þess að hægt sé að ákvarða klifurgetu hennar í brottflugi við ríkjandi flugtaksskilyrði og fyrirhugaðar starfsaðferðir í flugtaki.

#### 4.5 Veðurlýsingar og veðurspár.

Flugstjóri skal hafa kynnt sér allar veðurupplýsingar sem tiltækar eru og eiga við fyrirhugað flug áður en flug er hafið. Undirbúningur fyrir flug til staðar fjarri brottfararstað og fyrir sérhvert flug samkvæmt blindflugsreglum skal taka til:

- 1) athugunar á gildandi veðurlýsingum og veðurspám, og
- 2) áætlunar um aðgerðir sem grípa skal til, ef ekki reynist unnt að ljúka fluginu eins og ráðgert var vegna veðurskilyrða.

#### 4.6 Takmarkanir vegna veðurskilyrða.

4.6.1 Flug samkvæmt sjónflugsreglum:

Flug, sem áætlað er að framkvæma samkvæmt sjónflugsreglum, skal ekki hafið nema síðustu fánlegar veðurfréttir bendi til að veðurskilyrði á leiðinni, eða á þeim hluta leiðarinnar og á þeim tíma sem flug er fyrirhugað samkvæmt sjónflugsreglum, muni gera það kleift að fylgja þeim reglum. Þetta á þó ekki við algerlega staðbundið flug í sjónflugsskilyrðum.

4.6.2 Flug samkvæmt blindflugsreglum:

4.6.2.1 Þegar krafist er varaflugvallar á ákvörðunarstað: Eigi skal hefja flug sem framkvæma á samkvæmt blindflugsreglum, nema tiltækar upplýsingar bendi til þess að skilyrði á þeim flugvelli sem áætlað er að lenda á, og til viðbótar að minnsta kosti á einum varaflugvelli á ákvörðunarstað, verði jöfn eða betri en flugvallarlágmörk hlutaðeigandi flugvallar á áætluðum komutíma.

- 4.6.2.2 Þegar ekki er krafist varaflugvallar á ákvörðunarstað: Eigi skal hefja flug sem framkvæma á samkvæmt blindflugsreglum til flugvallar þegar ekki er krafist varaflugvallar, nema:
- a) staðall um starfshætti við blindaðflug hafi verið útgefinn og sé í gildi fyrir fyrirhugaðan ákvörðunarflugvöll og
  - b) nýjustu tiltækar veðurfréttir bendi til þess að eftirfarandi veðurskilyrði haldist frá því tveimur klukkustundum fyrir áætlaðan komutíma þar til tveimur klukkustundum eftir hann:
    - 1) skýjahæð sé eigi minna en 300 m (1000 fet) yfir því lágmarki sem kveðið er á um við blindaðflug til flugvallarins og
    - 2) skyggni sé eigi minna en 5,5 km eða 4 km meira en kveðið er á um við blindaðflug til flugvallarins.
- 4.6.3 Flugi skal eigi haldið áfram til fyrirhugaðs ákvörðunarflugvallar nema nýjustu veðurfréttir bendi til þess að skilyrði á þeim flugvelli, eða að minnsta kosti á einum varaflugvelli á ákvörðunarstað, verði jöfn eða betri en flugvallarlágmörk hlutaðeigandi flugvallar á áætluðum komutíma.
- 4.6.4 Eigi skal haldið áfram aðflugi til landingar að nokkrum flugvelli, nema í neyðartilvikum, þannig að brotin séu ákvæði um lágmark.
- 4.6.5 Eigi skal hefja flug þegar vitað er um eða búist er við ísingu nema flugvélin hafi verið samþykkt til að standast slíkar aðstæður og hafi búnað til þess.

#### 4.7 **Varaflugvellir á áfangastað.**

Fyrir flug sem á að framkvæma samkvæmt blindflugsreglum skal velja að minnsta kosti einn varaflugvöll á áfangastað og tilgreina hann í flugáætlun, nema:

- a) lengd flugsins og ríkjandi veðurskilyrði séu á þann veg að sæmileg víska ríki um að á áætluðum landingartíma, svo og sæmilega lengi fyrir og eftir þann tíma, verði unnt að fljúga að og lenda á fyrirhuguðum landingarflugvelli við sjónflugsskilyrði eða
- b) fyrirhugaður landingarflugvöllur sé afskekktur og enginn hentugur varaflugvöllur á áfangastað sé til.

#### 4.8 **Eldsneytis- og olíubirgðir.**

- 4.8.1 Flug skal ekki hefja fyrir en gengið hefur verið úr skugga um að eldsneytis- og olíubirgðir flugvélarinnar séu nægilegar til að tryggt sé að ljúka megi fluginu örugglega. Í þessu sambandi ber að hafa hliðsjón af veðurskilyrðum og öllum töfum sem búist er við í fluginu. Eftir því sem við á skal eftirfarandi sérskilyrðum einnig fullnægt.
- 4.8.1.1 Flug samkvæmt blindflugsreglum. Eldsneytis- og olíubirgðir sem teknar eru með, skulu endast að minnsta kosti til eftirfarandi:
- a) þegar ekki er krafist varaflugvallar á ákvörðunarstað samkvæmt undanþágu í grein 4.6.2.2, að fljúga til þess flugvallar sem áætlað er að fljúga til, og síðan til flugs í 45 mínútur, eða
  - b) þegar krafist er varaflugvallar á ákvörðunarstað, að fljúga til þess flugvallar, sem áætlað er að fljúga til, og þaðan til varaflugvallar og síðan til flugs í 45 mínútur.
- 4.8.1.2 Millilandaflug til Íslands með einshreyfils flugvél eða flugvél sem ekki getur haldið áfram flugi ef markhreyfill hennar verður óvirkur: Eldsneytis- og olíubirgðir sem teknar eru með, skulu endast að minnsta kosti til að fljúga til þess flugvallar, sem áætlað er að fljúga til, og síðan til flugs í 3 klst.

- 4.9 Súrefnisbirgðir.**  
Flugstjóri skal tryggja að nægar súrefnisbirgðir séu tiltækar handa flugverjum og farþegum til öndunar í öllu flugi í þeim flughæðum þar sem skortur á súrefni gæti valdið vanhæfi flugverja eða haft skaðleg áhrif á farþega.
- 4.10 Notkun súrefnis.**  
Ævinlega þegar aðstæður krefjast súrefnisnotkunar skv. 4.9, skulu allir flugliðar anda að sér súrefni viðstöðulaust meðan þeir eru við þau störf sem nauðsynleg eru til að fljúga flugvél með öryggi.
- 4.11 Leiðbeiningar um neyðarviðbrögð í flugi.**  
Ef neyðarástand verður í flugi skal flugstjóri tryggja að öllum um borð sé leiðbeint um þau neyðarviðbrögð sem við eiga.
- 4.12 Tilkynningar flugmanna um veðurskilyrði.**  
Tilkynna skal, svo fljótt sem kostur er, um veðurskilyrði sem eru líkleg til þess að hafa áhrif á öryggi flugs annarra loftfara.
- 4.13 Hættulegar aðstæður í flugi.**  
Ef aðstæður verða á einhvern hátt hættulegar, vegna annars en veðurskilyrða, skal tilkynna það svo fljótt sem kostur er. Tilkynningum skal hagað þannig að öryggi annarra loftfara sé haft í huga.
- 4.14 Hæfi flugliða.**  
Flugstjóri ber ábyrgð á því að tryggja að:
- flug sé ekki hafið ef einhver flugliði er óhæfur til að gegna skyldustörfum af einhverjum ástæðum, þ.m.t. vegna meiðsla, sjúkleika, þreytu, áhrifa áfengis eða lyfja og
  - flugi sé ekki haldið áfram lengra en að næsta hentuga flugvelli ef hæfi flugliða til þess að gegna skyldustörfum sínum skerðist verulega, m.a. vegna þreytu, sjúkleika eða súrefnisskorts.
- 4.14.1 Enginn má gegna flugliðastörfum og enginn flugrekandi má krefjast þess að neinn gegni flugliðastörfum ef annað hvort flugliðinn eða flugrekandinn hafa ástæðu til þess að ætla að hlutaðeigandi flugliði sé eða verði að líkindum haldinn þreytu, eða verði á annan hátt ófær um að gegna skyldustörfum sínum réttilega.
- 4.15 Flugliðar á starfsstað.**
- 4.15.1 Flugtak og landing.  
Allir flugliðar sem eiga að gegna skyldustörfum í stjórnklefa skulu vera á starfsstöðum sínum.
- 4.15.2 Á flugi.  
Allir flugliðar sem hafa skyldum að gegna í stjórnarklefa skulu vera á starfsstöðum sínum, nema fjarvera þeirra sé nauðsynleg vegna skyldustarfa við starfrækslu flugvélarinnar eða þeir þurfi að sinna líkamlegum þörfum sínum.
- 4.15.3 Sætisólar.  
Allir flugliðar skulu hafa sätisólar sínar spenntar þegar þeir eru á starfsstöðum sínum.

**4.15.4 Axlaólar.**

Flugliði sem situr í flugmannssæti skal spenna axlaólar, ef tiltækar eru, við flugtak og landingu. Allir aðrir flugliðar skulu hafa axlaólar spenntar við flugtak og landingu nema þær hindri þá við skyldustörf þeirra. Í þeim tilvikum er heimilt að losa axlarólar, en sætisólar verða að vera spenntar eftir sem áður.

**4.16 Starfshættir í blindflugi.**

Öllum flugvélum, sem starfræktar eru samkvæmt blindflugsreglum, skal flogið eftir blindflugsáðferðum sem samþykktar eru af stjórnvöldum þeirra ríkja sem hlutaðeigandi flugvellir eru í.

**4.17 Almennar leiðbeiningar.**

Flugvél skal ekki ekið á athafnasvæði flugvallar nema við stjórnþæki hennar sitji maður sem:

- a) hefur til þess fulla heimild eiganda eða umráðanda (notanda) eða leigutaka, ef um leigða flugvél er að ræða, eða tilnefndan fulltrúa hans,
- b) er fyllilega hæfur til þess að aka flugvélinni,
- c) fullnægir kröfum til að mega nota talstöð flugvélarinnar ef þörf er talstöðvarfjarskipta og
- d) hefur fengið leiðbeiningar um flugvöllinn frá hæfum aðila, og þar sem það á við, um leiðir, merkingar og ljósabúnað á honum, flugstjórnarmerki og fyrirmæli, orðasambönd og starfshætti, sem beitt er, og er fær um að fylgja þeim reglum sem settar hafa verið um öruggan akstur flugvéla á flugvöllum.

**4.18 Áfylling eldsneytis.**

Við áfyllingu eldsneytis hér á landi skal farið eftir „Reglugerð um eldsneytisáfyllingu loftfara“ nr. 282/1980.

**4.19 Varaflugvellir.**

Þegar fljúga á innanlands í samræmi við blindflugsreglur, skal að minnsta kosti einn varaflugvöllur tilgreindur í flugáætlun. Brottfararflugvöllurinn getur verið varaflugvöllur.

**5.0 AFKASTAGETA FLUGVÉLA OG TAKMÖRK HENNA****5.1 Starfræksla.**

Flugvél skal starfrækt:

- a) í samræmi við ákvæði þau sem felast í lofhæfiskírteini hennar eða öðrum jafngildum viðurkenndum gögnum;
- b) innan þeirra getumarka sem sett hafa verið af flugmálayfirvöldum skráningar-ríkis flugvélarinnar; og
- c) í samræmi við gildandi reglur um hávaðatakmark fyrir hlutaðeigandi flugvöll, nema flugmálayfirvöld hafi veitt sérstaka heimild til þess að víkja frá þeim reglum.

Um íslenskar flugvélar undir 5700 kg hámarks massa í almennum flokki gildir einnig „Reglugerð um lágmarksafkastagetu flugvéla“ nr. 263/1986.

**5.2 Merkingar.**

Spjöld, listar, merkingar mælitækja eða samsteypa þessara hluta, sem hafa að geyma þau starfrækslutakmörk sem flugmálayfirvöld skráningarríkis flugvélar hafa sett, skulu vera vel sýnileg og á réttum stöðum í flugvélinni.

**6.0 MÆLITÆKI OG BÚNAÐUR FLUGVÉLA****6.1 Allar flugvélar í sérhverju flugi.****6.1.1 Almennt.**

Auk þess lágmarksbúnaðar sem nauðsynlegur er til að unnt sé að gefa út lofthæfiskírteini skal koma fyrir um borð í flugvélum mælitækjum, búnaði og flugskjölum þeim, sem mælt er fyrir um í eftirfarandi greinum, eða þau borin um borð, eftir því sem við á, í samræmi við þá flugvél sem notuð er og þær aðstæður sem vélinni skal flogið við.

**6.1.2 Mælitæki.**

Flugvél skal búin mælitækjum sem gera flugáhöfninni kleift að stjórna flugslóð hennar, framkvæma allar þær flugathafnir sem þörf krefur, og fljúga innan getumarka flugvélarinnar við þau skilyrði sem búast má við í fluginu.

**6.1.2.1 Í íslenskum flugvélum getur þessi mælitækjabúnaður ekki orðið minni en:**

- a) hraðamælir,
- b) hæðarmælir og
- c) seguláttaviti.

**6.1.3 Búnaður.****6.1.3.1 Allar flugvélar í sérhverju flugi.****6.1.3.1.1 Allar flugvélar í sérhverju flugi skulu búnar:**

- a) aðgengilegum sjúkrakassa,
- b) beranlegum slökkvitækjum af þess konar gerðum að þau valdi ekki hættulegri loftmengun inni í flugvélinni við notkun. Að minnsta kosti eitt slökkvitæki skal vera í:
  - 1) flugstjórnarklefa og
  - 2) sérhverjum farþegaklefa sem er greindur frá flugstjórnarklefa og flugstjóri eða aðstoðarflugmaður geta ekki náð til í snatri;
- c) 1) sæti eða legurúmi fyrir sérhvern þann um borð sem náð hefur ákveðnum aldri samkvæmt ákvörðun skráningarríkis flugvélarinnar, er tveggja ára aldur í íslenskum flugvélum og
- 2) öryggisbeltum fyrir hvert sæti og hvert legurúm;
- d) eftirfarandi handbókum, kortum og leiðbeiningum:
  - 1) flughandbók flugvélarinnar eða öðrum gögnum og leiðbeiningum um hvers konar takmarkanir á starfrækslu flugvélarinnar settum af skráningarríki hennar hefur sett, samanber 5. kafla þessarar reglugerðar;
  - 2) gildum kortum fyrir væntanlega flugleið, sem fljúga á, og allar þær flugleiðir sem ætla má að hugsanlega yrðu flognar ef víkja þyrfti af upphaflegri flugleið;
  - 3) leiðbeiningum um starfshætti flugstjóra við einelti sem lýst er í flugreglum og viðbæti 2 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO Annex 2 og
  - 4) leiðbeiningum um sjáanleg merki notuð við einelti sem tilgreind eru í flugreglum og viðbæti 2 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO Annex 2,

og

- e) þeim vararafmagnsöryggjum, af réttum gerðum, sem unnt er að ná til og skipta um á flugi.
- 6.1.3.1.2 Skylt er að hafa neyðarsendi (Emergency Location Beacon - Aircraft, ELBA), fyrir flugvélar með hámarks massa 5700 kg eða minni til þess að auðvelda leit og björgun. Hann skal senda á örtíðni (VHF) í samræmi við ákvæði þau sem tilgreind eru í viðbæti 10 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO Annex 10. Neyðarsendar skulu þannig hannaðir og ísettir að:
- sending hefjist sjálfkrafa við flugslys er flugvél rekst í jörðina;
  - unnt sé að setja þá í gang handvirkt af þeim sem komast lífs af úr flugslysi eða óhappi;
  - þeir séu ekki háðir aflgjöf frá aflkerfum flugvélarinnar;
  - þeir séu vatnsþolnir og
  - ólíklegt sé að þeir verði óvirkir við flugslys.
- 6.1.3.1.3 Allar flugvélar í sérhverju flugi skulu, til þess að auðvelda leit og björgun, búnar leiðbeiningum um merkjakerfi það sem notað er við samskipti frá jörðu til loftfara.
- 6.1.3.1.4 Í öllum íslenskum flugvélum í sérhverju flugi skulu vera axlaólar við sæti hvers flugliða þegar því verður komið við að mati Flugmálastjórnar.
- 6.1.3.1.5 Í öllum íslenskum flugvélum í sérhverju flugi í íslenskri lofthelgi skulu vera björgunarvesti fyrir alla um borð.

## 6.2 Allar flugvélar sem flogið er samkvæmt reglum um sjónflug.

Allar flugvélar, sem flogið er í samkvæmt reglum um sjónflug, skulu búnar:

- seguláttavita;
- klukku sem sýnir klukkustundir, mínútur og sekúndur;
- næmum þrýstingshæðarmæli;
- hraðamæli og
- þeim viðbótarmælitækjum eða búnaði sem krafist er af hlutaðeigandi yfirvöldum.

## 6.3 Allar flugvélar í flugi yfir haf eða vötn.

### 6.3.1 Lagarflugvélar.

Allar lagarflugvélar í sérhverju flugi skulu búnar:

- björgunarvestum, eða sambærilegum flotbúnaði fyrir sérhvern um borð, og skal þeim komið þannig fyrir að auðveldlega megi ná til vestanna eða flotbúnaðarins úr sætum eða legurúmum;
- tækjum til þess að gefa frá sér þau hljóðmerki sem krafist er til þess að koma í veg fyrir árekstra á sjó (International Regulations for Preventing Collisions at Sea), þegar það á við;
- akkeri;
- flotakkeri (drogue), þegar þess er þörf, til þess að auðvelda stjórn á vatni.

Með lagarflugvélum er einnig átt við þær flugvélar, sem geta bæði lent á vatni og landi, þegar þær eru starfræktar sem lagarflugvélar.

### 6.3.2 Landflugvélar.

- 6.3.2.1 Eins hreyfils flugvélar. Allar eins hreyfils landflugvélar sem fljúga fjær landi en svo að ná megi til lands í renniflugi skulu hafa innanborðs björgunarvesti, eða sambærilegan flotbúnað, fyrir sérhvern um borð. Skal þeim komið þannig fyrir að auðveldlega megi ná til vestanna eða flotbúnaðarins úr sætum eða legurúmum. Með landflugvélum er einnig átt við þær flugvélar, sem geta bæði lent á vatni og landi, þegar þær eru starfræktar sem landflugvélar.

- 6.3.3 Allar flugvélar í langflugi yfir haf eða vötn.



Allar flugvélar, sem flogið er í langflugi yfir haf eða vötn, skulu:

- a) þegar flugvél er flogið fjær landi, þar sem hæglega mætti nauðlenda, en 93 km (50 NM) búnar:
  - björgunarvestum, eða sambærilegum flotbúnaði fyrir sérhvern um borð, og skal þeim komið þannig fyrir að auðveldlega megi ná til vestanna eða flotbúnaðarins úr sætum eða legurúmum,
- b) þegar eins hreyfils flugvél er flogið fjær landi, þar sem hæglega mætti nauðlenda, en 185 km (100 NM) og þegar fjölhreyfla flugvél, sem haldið getur áfram flugi með einn hreyfil óvirkan, er flogið fjær landi, þar sem hæglega mætti nauðlenda, en 370 km (200 NM) búnar:
  - 1) björgunarbátum sem rúma alla um borð og komið er þannig fyrir að auðvelt sé að taka þá í notkun í neyðartilvikum. Bátarnir skulu hafa nauðsynlegan búnað til þess að menn geti lifað af í þeim og miðast sá búnaður við hvers konar flug sem fyrirhugað er. Einnig skal í bátunum vera búnaður til þess að senda neyðarblys svo sem lýst er í flugreglum og viðbæti 2 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO Annex 2,
  - 2) neyðarsendistöð, sem sendir á örtíðni (VHF) og í samræmi við viðeigandi ákvæði viðbætis 10 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO Annex 10. Sendistöðinni skal komið þannig fyrir að auðvelt sé að taka hana í notkun í neyðartilvikum. Hún skal vera beranleg, sjálffleytin, vatnspolin og óháð aflkerfum flugvélarinnar. Unnt skal vera að nota sendistöðina fjarri flugvélinni af mönnum sem ekki hefur verið sérstaklega kennt að nota hana,
- c) þegar einshreyfils flugvél, eða flugvél sem ekki getur haldið áfram flugi ef markhreyfill hennar verður óvirkur, er flogið fjær landi, þar sem hæglega mætti nauðlenda, en 93 km (50 NM) búnar:
  - tiltækum vatnspéttum flotbúningi fyrir sérhvern um borð ásamt nær-fatnaði sem haldið getur nægum hita á þeim er búninginn notar.

#### 6.4 Allar flugvélar í flugi á sérlega tilgreindum svæðum.

- 6.4.1 Þegar flugvélum er flogið yfir landsvæði, sem af hlutaðeigandi ríki hafa verið sérlega tilgreind sem erfið til leitar og björgunar, skulu þær búnar neyðarsendistöð sem sendir á örtíðni (VHF) og í samræmi við viðeigandi ákvæði viðbætis 10 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO Annex 10. Sendistöðinni skal komið fyrir þannig að auðvelt sé að taka hana í notkun í neyðartilvikum. Hún skal vera beranleg, vatnspolin og óháð aflkerfum flugvélarinnar. Hægt skal vera að nota sendistöðina fjarri flugvélinni af mönnum sem ekki hefur verið sérstaklega kennt að nota hana. Flugvélar skulu einnig hafa búnað til þess að senda neyðarmerki og nauðsynlegan búnað til þess að menn geti lifað af eftir flugslys. Miðast sá búnaður við hvaða landsvæði flogið er yfir.
- 6.4.2 Í flugi eins hreyfils flugvéla í íslenskri lofthelgi skal hafa meðferðis búnað sem tryggi öryggi áhafnar og farþega í a.m.k. sólarhring ef til nauðlendingar kæmi. Búnaðurinn skal miðaður við aðstæður hverju sinni, t.d. skal hafa meðferðis varmapoka, skjólfatnað og neyðarkost. Í öllum íslenskum flugvélum með leyfilegan hámarks massa 5700 kg eða minni skulu vera álpokar fyrir alla um borð.
- 6.4.3 Íslenskar flugvélar, svo og erlendar flugvélar sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir, sem flogið er fjær ströndu en 93 km (50 NM) eða milli Íslands og annarra landa, skulu búnar björgunarbátum er rúmi alla um borð.

6.4.3.1 Neyðarsendir, sem sent getur á tíðni 121,5 og 243 MHz og fullnægir kröfum Flugmálastjórnar um slíka senda, skal vera í eða festur við a.m.k. einn björg-unarbát flugvélarinnar eða þannig geymdur að hann sé umsvifalaust tiltækur áhöfn í neyðartilvikum.

## 6.5 Allar flugvélar í háflugi.

6.5.1 Í öllum flugvélum, sem ætlað er að fljúga í miklum flughæðum, skal vera búnaður til þess að hægt sé að geyma og gefa súrefni það sem um getur í gr. 4.8.

6.5.2 Flugvélar sem veitt er lofthæfiskírteini í fyrsta sinn 1. janúar 1991 eða síðar. Í flugvélum með jafnþrýstibúnaði, sem ætlað er að fljúga í flughæðum þar sem loftþrýstingur er minni en 376 hPa (376 mb), sem samsvarar nokkurn veginn 25000 feta flughæð, skal vera búnaður sem varar flugliða á öruggan hátt við hvers konar hættulegum þrýstingsmissi.

## 6.6 Allar flugvélar sem flogið er samkvæmt blindflugsreglum.

Allar flugvélar sem flogið er samkvæmt blindflugsreglum eða geta ekki haldið æskilegri flugstöðu án viðmiðunar við eitt eða fleiri mælitæki, og allar flugvélar í millilandflugum til Íslands og frá því, skulu búnar:

- a) seguláttavita;
- b) klukku sem sýnir klukkustundir, mínútur og sekúndur;
- c) næmum þrýstingshæðarmæli;
- d) hraðamæli, tengdum kerfi sem hefur búnað til að hindra skekkju vegna ísmyndunar eða vatnspéttingar,
- e) beygju- og skriðmæli;
- f) stöðuvísi (artificial horizon);
- g) stefnusnúðu (directional gyroscope);
- h) búnaði sem sýnir hvort aflgjafi snúðumælitækjanna er í lagi;
- i) mæli sem sýnir hitastig utan flugvélarinnar;
- j) stig- og fallmæli og
- k) þeim viðbótarmælitækjum eða búnaði sem hlutaðeigandi yfirvöld kunna að mæla fyrir um.

6.6.1 Íslenskar fjölhreyfla flugvélar, sem notaðar eru í kennslu- og þjálfunarflugi, skulu búnar tveim hæðarmælum, sbr. gr. 6.6 e).

6.6.2 Í íslenskum flugvélum skal aflgjafi fyrir beygju- og skriðmæli, sbr. gr. 6.6 a), vera annar en fyrir stöðuvísi og stefnusnúðu, sbr. gr. 6.6 b) og c).

## 6.7 Allar flugvélar sem starfræktar eru að nóttu til.

Allar flugvélar, sem starfræktar eru að nóttu til, skulu búnar:

- a) öllum þeim búnaði sem um getur í gr. 6.6;
- b) þeim ljósum, sem kveðið er á um í flugreglum og viðbæti 2 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO Annex 2, fyrir flugvélar á flugi eða þær sem starfræktar eru á athafnasvæði flugvallar;
- c) lendingarljósi;
- d) lýsingu fyrir öll flugmælitæki og allan búnað sem nauðsynlegur er fyrir örugga stjórn flugvélarinnar;
- e) ljósum í öllum farþegarýmum og
- f) vasaljósi við starfsstað hvers flugverja.

**6.8 Allar flugvélar sem fullnægja kröfum um hávaðatakmörk í viðbæti 16, I. bindi, við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO Annex 16, Volume I, Noise Certification Standards.**

Um borð í flugvélum, sem fullnægja kröfum um hávaðatakmörk, skal vera skírteini því til staðfestingar.

**6.9 Flugvélar knúnar hverfihreyflum - jarðvari.**

6.9.1 Íslenskar flugvélar, sem knúnar eru hverfihreyflum og hafa meira en 15000 kg hámarks massa eða er heimilt að flytja fleiri en 30 farþega, skulu búnar jarðvara sem viðurkenndur er af Flugmálastjórn.

6.9.2 Íslenskar flugvélar, sem knúnar eru hverfihreyflum og hafa meira en 5700 kg hámarks massa eða er heimilt að flytja fleiri en níu farþega, skulu búnar jarðvara frá og með 1. janúar 1999.

6.9.3 Jarðvarinn skal gefa bæði sjáanleg og heyranleg hættumerki í stjórnklefa ef flugvélin kemur svo nálægt yfirborði jarðar að hugsanlegt er að hætta stafi af.

6.9.4 Frá og með 1. janúar 1999 skal jarðvari hið minnsta gefa hættumerki við eftirfarandi aðstæður:

- 1) flugvélin lækkar flugið með of miklum hraða;
- 2) flugvélin nálgast jörð með of miklum hraða;
- 3) flugvélin missir flughæð of mikið eftir flugtak eða þegar hætt er við landingu;
- 4) flugvélin er hættulega nálægt jörðu meðan hún er ekki í landingarham:
  - a) landingarbúnaður er ekki læstur niðri;
  - b) flapar eru ekki í landingarstöðu og
- 5) flugvélin lækkar flugið of langt niður fyrir hallageisla.

**6.10 Flugritar.**

Flugritar eru tvenns konar, ferðritar og hljóðritar. Nákvæmar lýsingar á flugritum sem fullnægja ákvæðum reglugerðar þessarar, er að finna í fylgiskjali A með viðbæti 6, II. hluta, við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO Annex 6, Part II, Attachment A.

6.10.1 Gerðir ferðrita.

6.10.1.1 Ferðritar af „Gerð I“ skulu skrá þær breytur sem nauðsynlegar eru til þess að ákvarða nákvæmlega flugferil flugvélarinnar, hraða hennar, stöðu, hreyfilafli, flugham og notkun.

6.10.1.2 Ferðritar af „Gerð II“ skulu skrá þær breytur sem nauðsynlegar eru til þess að ákvarða nákvæmlega flugferil flugvélarinnar, hraða hennar, stöðu, hreyfilafli og stöðu hreyfanlegs lyfti- og loftviðnámsbúnaðar.

6.10.2 Skráningartími ferðrita.

Ferðritar af báðum gerðum, I og II, skulu geta geymt skráðar upplýsingar undanfarandi 25 klukkustunda sem þeir voru í gangi.

6.10.3 Ferðritar flugvéla sem veitt er lofhæfiskírteini í fyrsta sinn 1. janúar 1991 eða síðar.

6.10.3.1 Allar flugvélar, sem hafa meira en 27000 kg hámarks massa, skulu búnar ferðrita af „Gerð I“.

6.10.3.2 Allar íslenskar flugvélar, sem hafa hámarks massa meiri en 5700 kg en mest 27000 kg, skulu búnar ferðrita af „Gerð I“ eða „Gerð II“.

6.10.4 Hljóðritar flugvéla sem veitt er lofhæfiskírteini í fyrsta sinn 1. janúar 1991 eða síðar.

6.10.4.1 Allar flugvélar, sem hafa meira en 27000 kg hámarks massa, skulu búnar hljóðrita sem getur hljóðritað það sem heyrir í stjórnklefa meðan á fartíma stendur.

- 6.10.4.2 Allar íslenskar flugvélar, sem hafa hámarks massa meiri en 5700 kg en mest 27000 kg, skulu búnar hljóðrita sem getur hljóðritað það sem heyrir í stjórnklefa meðan á fartíma stendur.
- 6.10.5 Skráningartími hljóðrita.
- 6.10.5.1 Hljóðritar skulu geta geymt skráðar upplýsingar undanfarandi 30 mínútna sem þeir voru í gangi.
- 6.10.5.2 Hljóðritar í íslenskum flugvélum, sem hafa meira en 5700 kg hámarks massa og veitt er lofthæfiskírteini í fyrsta sinn 1. janúar 1991 eða síðar, skulu geta geymt skráðar upplýsingar undanfarandi tveggja klukkustunda sem þeir voru í gangi.
- 6.10.6 Smíði og ísetning flugrita.  
Flugritar skulu smíðaðir, þeim komið fyrir og þeir ísettir þannig að þeir séu eins vel varðir fyrir hnjaski og skemmdum og kostur er svo að þær upplýsingar, sem þeir hafa að geyma, varðveitist og hægt sé að ná þeim og túlka þær.
- 6.10.7 Notkun flugrita.
- 6.10.7.1 Ekki skal slökkt á flugritum meðan á fartíma stendur.
- 6.10.7.2 Til þess að varðveita gögn þau, sem flugritar geyma, skal slökkt á þeim eða þeir teknir úr sambandi að fartíma loknum, ef flugvélin hefur orðið fyrir slysi eða óhappi, og ekki skal kveikt á þeim aftur fyrr en gögn þeirra hafa verið tekin til varðveislu.
- 6.10.8 Gögn flugrita.  
Flugstjóri flugvélar sem lendir í eða tengist flugslysi eða óhappi skal tryggja, eftir því sem kostur er, örugga varðveislu gagna flugrita flugvélarinnar, og ef þörf er skal hann einnig tryggja örugga varðveislu flugrita uns ákveðið hefur verið hvernig með flugritana eða gögn þeirra skuli farið af réttum aðiljum.

## 6.11 Mach-tölumælir.

Í öllum flugvélum þar sem hraðatakmarkanir eru sýndar sem Mach-tölur, skal vera Mach-tölumælir.

- 6.12 Flugvélar sem verða að vera búnar hæðarratsjársvara.  
Allar flugvélar skulu búnar hæðarratsjársvara, sem miðar við málþrýsting, til þess að mega fljúga í tilgreindu loftrými, nema flugmálayfirvöld hafi gefið undanþágu frá því.

## 7.0 FJARSKIPTA- OG LEIÐSÖGUTÆKI FLUGVÉLA

### 7.1 Fjarskiptatæki.

- 7.1.1 Flugvél, sem áætlað er að fljúga samkvæmt blindflugsreglum eða að nóttu, skal búin fjarskiptatækjum. Með þeim skal vera unnt að halda uppi gagnkvæmum fjarskiptum við þær flugfjarskiptastöðvar, sem hlutaðeigandi yfirvöld mæla fyrir um, á þeirri tíðni sem þau hafa ákveðið.
- 7.1.2 Þegar þörf er á fleiri en einu fjarskiptatæki til þess að fullnægja ákvæðum í gr. 7.1.1 skal sérhvert þeirra vera óháð hinu eða hinum þannig að bilun eins þeirra valdi ekki bilun annars.
- 7.1.3 Flugvél, sem áætlað er að fljúga samkvæmt sjónflugsreglum í stjórnuðu flugi, skal, nema undanþága hafi fengist frá hlutaðeigandi yfirvöldum, búin fjarskiptatækjum svo að unnt sé að halda uppi gagnkvæmum fjarskiptum, hvenær sem er á flugi, við þær flugfjarskiptastöðvar, sem hlutaðeigandi yfirvöld mæla fyrir um, á þeirri tíðni sem þau hafa ákveðið.
- 7.1.4 Flugvél, sem áætlað er að fljúga þar sem ákvæði í gr. 6.3.3 eða 6.4 eiga við, skal, nema undanþága hafi fengist frá hlutaðeigandi yfirvöldum, búin fjarskiptatækjum

svo að unnt sé að halda uppi gagnkvæmum fjarskiptum, hvenær sem er á flugi, við þær flugfjarskiptastöðvar, sem hlutaðeigandi yfirvöld mæla fyrir um, á þeirri tíðni sem þau hafa ákveðið.

- 7.1.5 Fjarskiptatækin, sem um getur í gr. 7.1.1 - 7.4, skulu gerð fyrir neyðartíðni flugsins 121,5 MHz.
- 7.1.6 Til flugs samkvæmt sjónflugsreglum innan flugstjórnarsviðs í íslenskri lofthelgi þarf VHF sendi- og viðtæki til fjarskipta við hlutaðeigandi flugturn.
- 7.1.7 Fjarskiptatæki skulu þannig gerð að hægt sé að hlusta stöðugt á tiltekna tíðni og samtímis nota flugleiðsögutækin.

## 7.2 Leiðsögutæki.

7.2.1 Flugvél skal búin leiðsögutækjum svo að unnt sé að fljúga:

- a) í samræmi við flugáætlun og
- b) í samræmi við kröfur flugumferðarþjónustu, nema unnt sé að fljúga rétta leið í samræmi við sjónflugsreglur með viðmiðun við kennileiti á jörðu niðri að minnsta kosti sérhverja 110 km (60 NM) ef slíkt hefur ekki verið bannað af hlutaðeigandi yfirvöldum.

7.2.2 Fyrir flug í sérstaklega skilgreindu loftrými, þar sem settar eru lágmarkskröfur um nákvæmni í flugleiðsögu (Minimum Navigation Performance Specifications) samkvæmt svæðisbundnum samningum um flugþjónustu, skal flugvél búin flugleiðsögutækjum sem:

- a) með nægjanlegri nákvæmni gefa flugliðum stöðugt til kynna hvort þeir fylgja fyrirhuguðum flugferli eða víkja af honum alla flugleiðina og
- b) hafa verið heimiluð af skráningarríki flugvélarinnar til notkunar í flugi í því loftrými.

7.2.3 Flugvélin skal búin þess konar flugleiðsögutækjum að tryggt sé að þótt bilun verði í einu tæki eða hluta þess, hvenær sem er á flugi, sé engu að síður hægt að fljúga í samræmi við kröfur þær sem gerðar eru í gr. 7.2.1 og, þar sem við á, í gr. 7.2.2.

7.2.4 Þegar fyrirhuguð er landing við blindflugsskilyrði skal flugvél búin leiðsögutækjum sem tekið geta á móti leiðarmerkjum til staðar þaðan sem unnt er að lenda úr sjónaðflugi. Tækin skulu geta gefið þess konar leiðbeiningar við sérhvern ákvörðunarflugvöll, sem lenda skal á við blindflugsskilyrði, og sérhvern varaflugvöll.

7.2.5 Flugvélar, sem áætlað er að fljúga:

- a) samkvæmt blindflugsreglum í íslenskri lofthelgi og/eða
- b) innan aðflugsstjórnarrýmis Reykjavíkur- og Keflavíkurflugvallar, skulu búnar ratsjársvara.

7.2.6 Íslenskar flugvélar, sem áætlað er að fljúga samkvæmt blindflugsreglum eða að nóttu til utan 28 km (15 NM) frá lýstum flugvelli í íslenskri lofthelgi, skulu búnar a.m.k. tveimur radióáttavitum eða einum radióáttavita og einu fjölstefnuviðtæki, svo og viðtæki fyrir markvita eða fjarlægðarmæli.

## 7.3 Fjarskipta- og leiðsögutæki flugvéla.

Gerð, ísetning og frágangur fjarskipta- og leiðsögutækja, sem notuð eru í íslenskum flugvélum, skulu hafa hlotið samþykki Flugmálastjórnar/loftferðaeftirlits. Þetta á einnig við um fjarskipta- og leiðsögutæki, sem ekki eru hluti af föstum búnaði flugvélarinnar. Póst- og símamálastofnun hefur eftirlit með starfsemi fjarskiptatækja í íslenskum flugvélum.

**8.0 VIÐHALD FLUGVÉLA****8.1 Almenn.**

- 8.1.1 Eigandi eða umráðandi (notandi) flugvélar eða leigutaki, ef flugvélin er leigð, ber ábyrgð á því að flugvélinni sé haldið lofthæfri þegar hún er í notkun.
- 8.1.2 Eigandi eða umráðandi (notandi) flugvélar eða leigutaki, ef flugvélin er leigð, ber ábyrgð á því að tryggja, eftir því sem framkvæmanlegt er, að:
- allt viðhald, grannskoðanir, breytingar og viðgerðir, sem hafa eða gætu haft áhrif á lofthæfi, fari fram eins og fyrir er mælt af skráningarríki flugvélarinnar,
  - þeir sem framkvæma viðhald skrái viðeigandi færslur í viðhaldsskrár flugvélarinnar og staðfesti að flugvélin sé lofthæf,
  - viðhaldsvottorð sé útfyllt og undirritað af manni eða mönnum sem hafa fullgild réttindi, í samræmi við „Reglugerð um skírteini gefin út af flugmálastjórn“ eða viðbæti 1 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO Annex 1, til að staðfesta að viðhaldsverkinu sé lokið á viðurkenndan hátt og í samræmi við fyrirskipaðar aðferðir.

**8.2 Réttindi til að staðfesta lofthæfi.**

Hver sá, sem ber ábyrgð á að staðfesta að flugvél sé lofthæf, skal hafa réttindi til þess í samræmi við „Reglugerð um skírteini gefin út af flugmálastjórn“ eða viðbæti 1 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO Annex 1.

**8.3 Viðhaldsskrár.**

- 8.3.1 Eigandi eða umráðandi (notandi) flugvélar skal halda viðhaldsskrár um eftirfarandi:
- um flugvélina í heild sinni:
    - gildandi eiginmassa og legu þyngdarpunkts flugvélarinnar tómrar;
    - ísetningu og fjarlægingu búnaðar;
    - tegund og umfang viðhalds og breytinga, flugtíma, svo og um það hvenær vinnan var framkvæmd;
    - lista í tímaröð um framkvæmd lofthæfifyrirmæla og hvernig þeim var framfylgt.
  - um aðalhluti flugvélarinnar:
    - heildarflugtíma;
    - hvenær síðasta grannskoðun fór fram;
    - flugtíma frá síðustu grannskoðun;
    - hvenær síðasta skoðun fór fram.
  - um mælitæki og búnað, ef notkun og notkunartími þeirra takmarkast af flugtíma:
    - heildarflugtíma að því marki að unnt sé að ákveða ástand þeirra og meta endingu þeirra;
    - hvenær síðasta skoðun fór fram.
- 8.3.2 Skrár þær sem vísað er til í gr. 8.3.1 skal varðveita í 90 daga eftir að endingartími hlutarins sem þær eiga við, er úrunninn.
- 8.3.3 Leigutaki flugvélar skal fylgja ákvæðum í gr. 8.3.1 og 8.3.2, eftir því sem við á meðan flugvélin er leigð.

**8.4 Skoðanir.**

Íslenskar flugvélar skulu skoðaðar í samræmi við fyrirmæli skoðunarhandbókar, þó ekki sjaldnar en á 50 og 100 flugtíma fresti (50 og 100 klst. skoðanir). Minnst eina 100 klst. skoðun skal gera því sem næst árlega til endurnýjunar loft-hæfiskírteinis (ársskoðun). Flugmálastjórn/loftferðaeftirlit getur samþykkt annað fyrirkomulag skoðana.

**8.5 Viðhald og viðgerðir.**

Íslenskum flugvélum skal við haldið og við þær gert samkvæmt viðhalds- og viðgerðarhandbókum sem samþykktar hafa verið fyrir hlutaðeigandi tegund flugvéla og/eða samkvæmt almennt viðurkenndum aðferðum flugiðnaðarins. Flugmálastjórn sker úr í vafaatriðum. Sem dæmi um almennt viðurkenndar aðferðir flugiðnaðarins má nefna:

- FAA Advisory Circular No. 43.13-1A, Acceptable Methods, Techniques and Practices. Aircraft Inspection and Repair.
- FAA Advisory Circular No. 43.13-2, Acceptable Methods, Techniques and Practices. Aircraft Alteration.
- BCAA Inspection Procedures.

**8.6 Vinna við íslenskar flugvélar erlendis.**

Skoðanir, viðhald, viðgerðir og/eða breytingar íslenskra flugvéla erlendis mega einungis fara fram hjá aðiljum sem uppfylla eitthvert eftirtalinnu skilyrða:

- 1) hafa fullgild réttindi flugmálastjórnar Bandaríkjanna (FAA) til þess að framkvæma sama verk á flugvélum skráðum í Bandaríkjunum (FAA licensed mechanic/FAA approved Repair Station or Operator), enda fari viðkomandi í einu og öllu eftir ákvæðum og reglum bandarísku flugmálastjórnarinnar (FAR);
- 2) hafa fullgild réttindi flugmálastjórnar Bretlands (CAA) til þess að framkvæma sama verk á flugvélum skráðum í Bretlandi (CAA licensed mechanic/CAA approved Repair Station or Operator), enda fari viðkomandi í einu og öllu eftir ákvæðum og reglum bresku flugmálastjórnarinnar (BCAR),
- 3) hafa fullgild réttindi flugmálastjórnar heimalands síns til þess að framkvæma sama verk á flugvélum skráðum í heimalandi sínu, enda fari viðkomandi í einu og öllu eftir ákvæðum og reglum flugmálastjórnar heimalands síns og heimaland hans sé eitthvert eftirtalinnu landa: Danmörk, Svíþjóð, Noregur, Finnland, Þýskaland, Holland, Belgía, Luxembourg, Austurríki, Sviss, Frakkland, Írland, Ítalía, Grikkland, Portúgal, Spánn, Kanada, Nýja Sjáland eða Ástralía;
- 4) hafa verið samþykktur sérstaklega af Flugmálastjórn/loftferðaeftirliti.

**8.7 Lagfæringar til forvarna.**

8.7.1 Þrátt fyrir ákvæði þessa kafla er eigendum eða umráðendum (notendum) eins hreyfils flugvéla með hámarks massa 1900 kg eða minni, sem notaðar eru einungis til einkaflugs og skráðar sem slíkar, heimilt að framkvæma lagfæringar til forvarna, eins og það er skilgreint í gr. 8.7.1.2, á flugvélum sínum að fullnægðum skilyrðum þeim sem um getur í gr. 8.7.1.1.

8.7.1.1 Til þess að mega stunda lagfæringar til forvarna skal hlutaðeigandi uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. hafa gott vald á þeirri tungu sem handbækur flugvélarinnar eru skrifaðar á;
2. vera handhafi a.m.k. gilds einkaflugmannsskírteinis með áritun fyrir þá tegund flugvélar eða þann flokk flugvéla sem hann hyggst stunda lagfæringar til forvarna á;
3. hafa fengið fullnægjandi tilsögn í lagfæringum til forvarna;
4. hafa tiltækar þær handbækur sem nauðsynlegar eru vegna tæknilegra upplýsinga;
5. eiga eða hafa aðgang að verkfærum og tækjum sem nauðsynleg eru til að geta framkvæmt lagfæringar til forvarna;
6. framkvæma allt verkið einn og færa í gögn flugvélarinnar allar lagfæringar til forvarna sem hann framkvæmir.

#### 8.7.1.2 Lagfæringar til forvarna skilgreinast þannig í reglugerð þessari:

1. Að skipta um gallaða öryggisvirkbindingu eða lásfleyga.
2. Að smyrja þá hluti sem ekki krefjast þess að þeir séu teknir sundur að öðru leyti en að opna þá eða taka af hlífar og hlífðarlok.
3. Að fylla þrýstivökva á þrýstivökvageymi.
4. Að blettmála og snyrta skrokk, vængi og stél að undanskildum jafnvægisstilltum stýrisflötum. Lagfæra og snyrta vindhlífar, hreyfilhlífar, hjólabúnað, klæðingu og búnað í stjórn- og farþegaklefa þegar ekki þarf að fjarlægja eða taka í sundur burðarsmíði, stjórnkerfi eða önnur kerfi.
5. Að bera efni til verndar eða varðveislu á hluti þegar ekki er þörf að taka sundur burðarsmíði né stjórnþæki eða kerfi og þar sem slíkt efni er ekki bannað eða er talið vera gagnstætt góðum vinnubrögðum.
6. Að gera við bólstrun og þá hluti stóla, sem eru til skrauts, bekkja og annarra innréttinga í stjórn- eða farþegaklefa þegar sú viðgerð krefst ekki að tekin sé sundur burðarsmíði, stjórnkerfi né önnur kerfi, eða getur truflað slík kerfi eða burðarvirki.
7. Að framkvæma litlar einfaldar viðgerðir á vindhlífum, lokum, sem ekki eru burðarsmíði, hreyfilhlífum, og litlar bætur og styrkingar sem ekki breyta útlínum þannig að engar truflanir verði á loftstreymi.
8. Að skipta um öryggisólar.
9. Að taka úr og setja í sæti.
10. Að skipta um ljósaperur, linsur og hlífar á leiðsögu- og lendingarljósum.
11. Að taka af og setja á hreyfilhlífar þegar ekki þarf að taka loftskrúfuna af eða aftengja stjórnþæki.
12. Að skipta um smurolíu og skipta um olíusíur af „spin on“ gerð.
13. Að skipta um rafgeymi og athuga sýrustig og magn.

## 9.0 FLUGÁHAFNIR

### 9.1 Starfhæfi.

Flugstjóri skal tryggja að skírteini hvers flugliða hafi verið gefið út eða fullgilt af skráningarríki flugvélarinnar, sé með réttum áritunum og í gildi. Hann skal vera þess fullviss að viðkomandi flugliðar hafi haldið við starfshæfni sinni.

#### 9.1.1 Millilandaflug.

Flugstjóri í millilandaflugi til Íslands eða frá því skal hafa gilda blindflugsáritun.



**9.2 Samsetning áhafnar.**

Fjöldi flugliða í áhöfn flugvélar skal ekki vera minni en segir í flughandbók eða öðrum gögnum, tengdum lofthæfiskírteini hennar.

**10.0 ÝMIS ÁKVÆÐI****10.1 Undanþágur.**

Flugmálastjórn/loftferðaeftirlit getur veitt tímabundnar undanþágur frá reglugerð þessari þegar sérstökum ástæðum er til að dreifa.

**10.2 Refsiákvæði.**

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt XIII. kafla laga um loftferðir nr. 34, 21. maí 1964.

**10.3 Gildistaka.**

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt 188. gr. laga nr. 34, 21. maí 1964 um loftferðir, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. september 1997. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 142/1991 um sama efni.

*Samgönguráðuneytinu, 29. júlí 1997.*

**Halldór Blöndal.**

*Halldór S. Kristjánsson.*

**AUGLÝSING****um breytingu á aðalskipulagi Akraness 1992-2012.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 24. júlí 1997, staðfest breytingu á aðalskipulagi Akraness 1992-2012 frá 2. júní 1995 með síðari breytingum.

Breytingin er fólgin í því að iðnaðarsvæði í Höfðaseli við Þjóðveg út úr þéttbýlinu stækkar allt að Berjadalsá.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akraness. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytinguna til staðfestingar.

*Umhverfissráðuneytinu, 24. júlí 1997.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*

# REGLUGERÐ

## um Lögregluskóla ríkisins.

### I. KAFLI

#### Hlutverk lögregluskólans, stjórn og starfslið.

##### 1. gr.

##### *Hlutverk lögregluskólans.*

Lögregluskóli ríkisins er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir dómsmálaráðherra og er í sömu tengslum við embætti ríkislögreglustjóra og lögregluembættin í landinu.

Grunnnámsdeild skólans veitir lögreglumenum menntun í almennum lögreglufræðum. Til að fá skipun sem lögreglumaður verður nemi að standast próf frá grunnnámsdeild.

Framhaldsdeild skólans veitir starfandi lögreglumönnum símenntun, framhalds-menntun og sérmenntun.

Skólanum er heimilt, í samráði við ríkislögreglustjóra, að halda námskeið fyrir aðra handhafa lögregluvalds en lögreglumenn og aðra starfsmenn lögreglu og hliðstæðra embætta eða stofnana.

Skólinn skal vera vettvangur rannsókna í lögreglufræðum og stjórnvöldum til ráðgjafar um lögreglumálefni.

##### 2. gr.

##### *Stjórn lögregluskólans og starfslið.*

Skólastjóri, sem dómsmálaráðherra skipar, annast daglega stjórn og rekstur skólans og ber ábyrgð á faglegu starfi innan hans. Skólastjóri skal fullnægja sömu skilyrðum til skipunar í embætti og lögreglustjórar og hafa staðgóða þekkingu á lögreglumálefnum.

Skólastjóra til aðstoðar við stjórn skólans eru yfirlögregluþjónn og aðstoðaryfir-lögregluþjónn, sem dómsmálaráðherra skipar. Dómsmálaráðherra skipar lögreglumenn í fastar stöður við skólann að fenginni umsögn skólastjóra. Skólastjóri ræður aðra starfsmenn.

Skólanefnd skal skipuð ríkislögreglustjóra eða fulltrúa hans, lögreglustjóranum í Reykjavík eða fulltrúa hans, fulltrúa Sýslumannafélags Íslands, fulltrúa Landssambands lögreglumanna, fulltrúa Félags íslenskra rannsóknarlögreglumanna og fulltrúa Lögreglu-félags Reykjavíkur. Ríkislögreglustjóri, eða fulltrúi hans, skal vera formaður skólanefndar. Skólastjóri situr fundi skólanefndar og er honum heimilt að tilnefna yfirmann við skólann sem ritara nefndarinnar.

Skólanefnd skal vera ráðgefandi um starfsemi skólans og vettvangur skoðanaskipta um námsefni, þörf á að fella niður eða bæta við námsgreinum og skyld efni.

### II. KAFLI

#### Grunnnámsdeild.

##### 3. gr.

##### *Inntökuskilyrði.*

Til þess að fá inngöngu í skólann skal umsækjandi uppfylla almenn skilyrði samkvæmt 2. mgr. 38. gr. lögreglulaga. Jafnframt verður umsækjandi að uppfylla önnur þau skilyrði sem sett verða og standast læknisskoðun og frekari inntökupróf, sbr. 2. mgr. 4. gr.

Ríkislögreglustjóri auglýsir eftir nemum í skólann. Sótt skal um skólavist á þar til gerðum eyðublöðum sem skila ber til lögregluskólans.

## 4. gr.

*Valnefnd.*

Við skólann starfar sérstök nefnd, valnefnd, sem metur hvort umsækjendur fullnægi inntökuskilyrðum og ákveður hverjir skulu hefja nám við skólann sem lögreglumemar. Nefndina skipa fimm menn, einn tilnefndur af dómsmálaráðherra, einn af ríkislögreglustjóra, einn af Sýslumannafélagi Íslands, einn af Landssambandi lögreglumanna og einn af skólastjóra lögregluskólans er skal vera formaður.

Nefndin skal leitast við að velja til náms þá hæfustu úr hópi umsækjenda á hverjum tíma. Einkum skal þess gætt að velja ekki til lögreglunáms mann, sem ætla má að eigi erfitt með að sinna lögreglustarfi svo að vel fari, svo sem vegna óreglusemi, fjárhagsvanda, eða vegna þess að hann hefur hlotið dóm fyrir brot á sérrefsilöggjöf. Nefndin skal fyrst meta hverjir umsækjenda eru hæfir og uppfylla almenn inntökuskilyrði. Þá skal hún láta hæfa umsækjendur undirgangast inntökupróf og önnur próf sem rétt þykir að framkvæma. Nefndin getur auk þess óskað eftir frekari gögnum frá umsækjendum eða um þá og að þeir sæti sérstakri læknisskoðun. Umsækjandi ber kostnað af umsókn um skólavist, nema þann kostnað sem leiða kann af ákvörðunum skólans og nefndarinnar um sérstaka gagnaöflun.

## 5. gr.

*Tilhögun grunnnáms.*

Grunnám skal miða að því að veita haldgóða fræðslu í almennu lögreglustarfi. Námið skal vera tvær annir og skulu nemar njóta starfsþjálfunar í lögreglu á milli anna. Nemar sem stunda nám á fyrri önn grunnnáms teljast ekki til lögreglumanna og skal nám þeirra vera ólaunað. Nemar í starfsþjálfun og þeir sem stunda nám á síðari önn teljast til lögreglumanna og skal starf þeirra og nám vera launað. Skólinn getur, í samráði við ríkislögreglustjóra, skipulagt sérstök störf nema á síðari önn, t.d. vegna stórverkefna og þegar þörf er viðbótar lögregluliðs. Skólastjóri og kennarar skólans mega annast stjórn nemanna við slík störf.

Nemar skulu lúta reglum skólans meðan á dvöl þeirra þar stendur. Skólastjóri setur almennar reglur um hegðun nema, mætingar, klæðaburð o.fl. og hvernig með skuli fara ef reglum er ekki fylgt.

Tvisvar til þrisvar sinnum á hvorri önn skulu nemar eiga viðtal við kennara um hvernig þeir standa í náminu. Markmið viðtalanna er að gefa nemunum stöðuumsögn, fjalla um framkomu þeirra sem verðandi lögreglumanna og jafnframt að gefa þeim kost á að tjá sig um hvernig þeim sækist námið, eða um erfiðleika við námið, ef einhverjir eru. Stöðuumsögn skal byggð á umsögnum allra fastra kennara og eftir atvikum annarra kennara. Nenum skal gefinn kostur á að tjá sig munnlega og/eða skriflega um umsögnina og skal bókun staðfest með undirritun að viðtali loknu. Í viðtali sem fram fer þegar nám á önn er u.þ.b. hálfnað, skal kennari leitast við að leiðbeina nenum um hvernig haga eigi námi það sem eftir er annar, á hvað þurfi sérstaklega að leggja áherslu og hvað hafi verið vel gert. Ef framkomu nema hefur í einhverju verið ábótavant skal það vandlega rætt. Í viðtali sem fram fer í lok annar skulu dregnir saman jákvæðir og neikvæðir þættir í framkomu og námi og skal hver nemi fá lokaumsögn sem fylgir honum til lögreglustarfa. Í lokaumsögn skal koma fram mat skólans á færni, kunnáttu og framkomu hvers nema.

## 6. gr.

*Námsgreinar.*

Námsgreinar í grunnnámi skulu í höfuðatriðum vera eins og hér segir:

## Lögfræði.

Lögð áhersla á að fræða nema um íslenskt réttarkerfi og veita þeim undirstöðubekkingu í refsirétti og opinberu réttarfari. Farið yfir ákvæði stjórnarskrárinnar, einkum með áherslu á mannréttindaákvæði. Fjallað um lögreglulög og helstu sérlög, reglur og samþykktir, þar sem gert er ráð fyrir afskiptum, eftirliti eða stjórnun af hálfu lögreglu.

## Lögreglufræði.

Leitast við að efla færni nema í mannlegum samskiptum og veita þeim innsýn í ýmsa þætti íslensks mannlífs með því að kynna þeim löggjöf sem lýtur að samfélaginu og persónurétti, kynna þeim vímuefni og virkni þeirra o.fl. Fræða nema um sögu, skipulag og uppbyggingu lögreglu hér á landi og um meginatriði sem lúta að framkvæmd lögreglustarfa. Kenna sérstaklega umferðarlög og helstu reglur sem gilda samkvæmt þeim. Þjálfna nema í að rita lögregluskýrslur og kenna þeim höfuðatriði lögreglurannsóknar, með sérstakri áherslu á vettvangsvinnu og verndun vettvangs.

## Íslenska, erlend tungumál og sérgreinar.

Leitast við að bæta kunnáttu nema í íslenskri stafsetningu og málfræði, ásamt því að þjálfna þá í að rita lipran texta. Kennsla í erlendum tungumálum beinist einkum að talmáli, sem getur nýst lögreglumönnum í starfi.

Þjálfun í rétttri fingrasetningu á leturborði, svo að nemar geti skrifað skýrslur villulaust á tölvu eða ritvél.

## Sálarfræði.

Kennd nokkur atriði úr hagnýtri sálarfræði, er snerta lögreglustarfið.

## Þjálfun.

Kennd meginatriði slyshjálpar og grunnnámskeiði í þeirri grein lokið. Lögð áhersla á líkamsþjálfun er miðað því að byggja upp þrek og liðleika nema, þ.á m. sundþol. Áhersla lögð á gildi góðrar líkamsþjálfunar til að takast á við lögreglustarfið. Þjálfun í lögreglusiðum, kynnt lögreglutæki og undirstöðuatriði er lúta að sjálfsvarnar- og handtökuaðferðum sem lögregla getur þurft að beita.

## 7. gr.

*Reynsluráðning og heitstafur.*

Nemar sem standast próf á fyrri önn grunnnáms skulu eiga kost á reynsluráðningu sem lögreglumenn þann tíma sem starfsþjálfun og síðari önn grunnnáms varir. Ef til reynsluráðningar kemur skulu þeir þegar að lokinni fyrri önn vinna heit samkvæmt ákvæðum 29. gr. lögreglulaga.

## 8. gr.

*Starfsþjálfun.*

Áður en nám á síðari önn hefst skal ríkislögreglustjóri sjá nemum fyrir starfsþjálfun í lögreglu ríkisins í a.m.k. átta mánuði. Gera skal áætlun um framkvæmd starfsþjálfunar hvers lögreglunema þar sem áhersla verði lögð á sem víótækasta kynningu og þjálfun í að takast á við hin ýmsu verkefni lögreglu. Áætlun skal gerð í samráði og samstarfi ríkislögreglustjóra, lögregluskólans og lögreglustjóra þar sem starfsþjálfun fer fram.

Vel skal fylgst með frammistöðu nema í starfsþjálfun. Leitast skal við að finna þá þætti sem óæskilegir eru og þarf að lagfæra, svo og þá sem eru til fyrirmyndar eða framúrskarandi, og nýta í því skyni reynslu og kunnáttu eldri lögreglumanna sem þykja hafa staðið sig vel

í starfi. Gæta skal þess, eftir því sem við verður komið, að verkefni nema séu við hæfi, miðað við starfsaldur, nám og reynslu.

Tilsjónarmaður skal tilnefndur hverjum nema í starfsþjálfun. Tilsjónarmaður skal, eftir atvikum ásamt viðkomandi yfirmanni, ræða reglulega við nemann um dagleg störf hans, svara fyrirspurnum hans og veita honum ábendingar um það sem betur mætti fara.

Á starfsþjálfunartíma skal yfirmaður gefa lögregluskólanum skýrslu um nám og starf nemans og gera þar m.a. grein fyrir framförum hans og öðru sem máli kann að skipta um starfshæfni.

#### 9. gr.

##### *Prófkjöfur.*

Í lok hvorrar námsannar skulu nemar prófaðir í námsgreinum og þeim gefnar einkunnir í heilum og hálfum tölum frá 0 til 10. Á fyrri önn skal tekið áfangapróf í þeim námsgreinum sem einnig eru kenndar á síðari önn, en lokapróf í þeim námsgreinum sem eingöngu eru kenndar á fyrri önn. Niðurstöður úr lokaprófum skulu færðar í prófskírteini. Til þess að standast próf í námsgrein þarf lágmarkseinkunnina 5,0, en meðaltal einkunna má ekki vera lægra en 6,0 til að standist hvora önn. Frammistöðu nema við verklegar úrlausnir má meta með orðum.

Falli nemi í einni námsgrein skal hann eiga endurtökurétt einu sinni, en falli hann í tveimur námsgreinum eða meðaleinkunn, telst hann hafa fallið á önninni. Nemi sem fellur á fyrri önn getur sótt einu sinni aftur um skólavist á fyrri önn, en nemi sem fellur á síðari önn fær ekki að hefja nám að nýju, nema sérstaklega standi á, s.s. að langvarandi veikindi hafi hrjád hann á námstímanum, sem talið er að skert hafi getu hans til náms.

Skrifleg próf dæmir hlutaðeigandi kennari einn, nema skólastjóri hafi skipað prófdómara til að dæma með honum. Nemi á rétt á að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar. Vilji nemi, sem ekki hefur staðist próf, ekki una mati kennarans, skal hann snúa sér til skólastjóra. Ef skólastjóri telur útskýringar kennara ekki viðunandi, skipar hann prófdómara.

Við munnleg próf og við mat verklegra þátta, eða þar sem skriflegu prófi verður ekki við komið, skal vera prófdómari sem skólastjóri skipar.

Þegar prófdómari er skipaður, skulu hann og viðkomandi kennari dæma úrlausn og frammistöðu í sameiningu. Hvor um sig gefur sjálfstætt einkunn fyrir úrlausn, eða metur frammistöðu, og vegur einkunn þeirra eða mat jafnt í lokaeinkunnagjöf.

### III. KAFLI

#### **Framhaldsdeild.**

#### 10. gr.

##### *Nám í framhaldsdeild.*

Í framhaldsdeild skulu haldin stutt námskeið og, þegar því verður við komið, boðið upp á lengra heildstætt nám þar sem starfandi lögreglumönnum er veitt símenntun, framhaldsmenntun og sérmenntun.

#### 11. gr.

##### *Símenntun.*

Lögreglumenn skulu eiga kost á símenntunarnámskeiði fimm árum eftir að þeir ljúka grunnnámi við skólann og síðan á fimm ára fresti a.m.k. tvívegis eftir það.

Á símenntunarnámskeiðum skulu kynntar helstu lagabreytingar og nýjungar sem snerta störf lögreglunnar, svo að nemar geti tileinkað sér þá þekkingu og færni sem nauðsynleg er til að takast á við lögreglustarfið á hverjum tíma.

## 12. gr.

*Framhaldsmenntun.*

Framhaldsmenntunarnámskeið skulu miða að því að mennta og þjálfra starfandi lögreglumenn til að annast stjórnun í lögreglunni. Leitast skal við að gera nema hæfa til að annast stjórnun á öllum starfsstigum lögreglunnar.

Ríkislögreglustjóri ákveður fjölda þátttakenda í náminu, eftir atvikum í samráði við lögreglustjóra og lögregluskólann að undangenginni auglýsingu.

## 13. gr.

*Sérmenntun.*

Haldin skulu námskeið í ýmsum sérgreinum á sviði löggæslu. Á sérmenntunarnámskeiðum skal leitast við að efla hæfni og skilning þátttakenda á sérsviðum þeirra.

Ríkislögreglustjóri ákveður fjölda þátttakenda í náminu, eftir atvikum í samráði við lögreglustjóra og lögregluskólann að undangenginni auglýsingu.

## IV. KAFLI

**Rannsóknir og ráðgjöf.**

## 14. gr.

*Rannsóknir í lögreglufræðum.*

Við lögregluskólann skal unnið að rannsóknum í lögreglufræðum. Miða skal við að rannsóknir nýtist við kennslu og að með þeim sé stuðlað að því að gera lögreglu betur í stakk búna að gegna hlutverki sínu.

## 15. gr.

*Ráðgjöf um lögreglumálefni.*

Lögregluskólinn skal vera dómsmálaráðuneytinu og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar um lögreglumálefni.

## V. KAFLI

**Ýmis ákvæði.**

## 16. gr.

*Afleysingamenn og héraðslögreglumenn.*

Í lögregluskólanum skulu haldin námskeið fyrir afleysingamenn, sem lögreglustjórar hafa heimild til að ráða samkvæmt 4. mgr. 28. gr. lögreglulaga. Þeir sem þannig eru ráðnir tímabundið til lögreglustarfa skulu, áður en þeir hefja störf, hafa sótt afleysinganámskeið í lögregluskólanum og staðist inntökupróf í skólann.

Á afleysinganámskeiðum skal leitast við að upplýsa þátttakendur nokkuð um almenn lögreglustörf. Námskeið fyrir afleysingamenn skulu skipulögð með hliðsjón af tilhögun grunnnáms.

Gefa skal héraðslögreglumönnum, sem lögreglustjórar fá heimild til að ráða samkvæmt 1. mgr. 10. gr. lögreglulaga, kost á að sækja námskeið sem haldin eru fyrir afleysingamenn eða önnur námskeið sem sérstaklega eru ætluð þeim.

## 17. gr.

*Önnur námskeið.*

Í samráði við ríkislögreglustjóra getur lögregluskólinn haldið önnur námskeið en hér hefur verið getið um. Getur þar t.d. verið um að ræða námskeið fyrir aðra handhafa lögregluvalds en lögreglumenn, s.s. lögfræðinga við lögregluembættin, en einnig aðra starfsmenn lögreglu og hliðstæðra embætta eða stofnana.

## 18. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 39. gr. lögreglulaga nr. 90 13. júní 1996, öðlast þegar gildi.

Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um veitingu lögreglustarfs, lögregluskóla o.fl., nr. 660 27. nóvember 1981.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 25. júlí 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Ragnheiður Harðardóttir.*

**REGLUR****um gjöf dýralyfja.***1. Stungustaðir.*

## 1. gr.

Stungulyfjum sem ætluð eru í vöðva á nautgripum skal að jafnaði sprauta vinstra megin í miðjan háls eða ofan til í bóginn aftanverðan. Vítamínum, sem útbúin eru sem stungulyf, skal dæla undir húð eða í vöðva á miðjum hálsi, vinstra megin.

## 2. gr.

Stungulyfjum sem gefin eru sauðfé, geitfé, hreindýrum og kálfum yngri en sex mánaða skal jafnan sprauta vinstra megin í miðjan háls. Mjög ungum dýrum skal gefa stungulyf undir húð. Þessar reglur gilda ekki um sauðfjárbóluefni.

## 3. gr.

Stungulyfi sem ætlað er í vöðva á svínum skal jafnan sprauta rétt aftan við vinstra eyra. Stungulyfi, ætluðu undir húð á svínum, skal dælt undir húð aftan við eyra eða í nárafellingu, nema þegar um er að ræða bóluefni.

## 4. gr.

Bólusetja skal sauðfé og geitur gegn gamaveiki aftast í snögga blettinn við hægri olnboga. Bólusetning skal fara fram á tímabilinu 15. september til 31. desember ár hvert.

## 5. gr.

Ef framleiðandi stungulyfs mælir ákveðið fyrir um aðra tilhögun á inndælingu lyfsins eða ef önnur tilhögun er talin nauðsynleg af læknisfræðilegum ástæðum má víkja frá

framangreindum reglum. Í þeim tilvikum skal umráðamanni dýrsins greint frá því skriflega. Ef nauðsynlegt er að dæla lyfi beint í sjúkan vef þarf þó ekki að greina umráðamanni skriflega frá því.

### *2. Auðkenning og merking dýra.*

#### 6. gr.

Dýr sem notuð eru til matvælaframleiðslu og hlotið hafa lyfjameðferð skulu auðkennd greinilega og á áberandi hátt þangað til heimilt er að nýta afurðir þeirra vegna lyfjagjafarinnar.

#### 7. gr.

Heimilt er að ákveða varanlega merkingu á þeim dýrum sem fengið hafa tiltekna lyfjameðferð, þó ekki leiði af því tímabundið bann á nýtingu afurða, þannig að auðvelt sé að greina þau frá öðrum dýrum (eyrnarmörk, brennimörk, klippmerking og frostmerking).

### *3. Upplýsingar um lyfjameðferð.*

#### 8. gr.

Dýralæknir skal upplýsa eiganda eða umráðamann dýrs þegar í stað og skriflega um það hvaða lyf hann hefur gefið dýrinu og hvaða hömlur á nýtingu afurða það hefur í för með sér og í hve langan tíma. Ef um er að ræða lyf sem hamlar nýtingu afurða í þrjú dægur (36 klst.) eða skemur nægir að greina frá þessu munnlega, nema annars sé óskað. Í upplýsingum dýralæknis skal eftirfarandi koma fram:

- a. Lýsing á dýrinu og nafn eiganda þess.
- b. Sjúkdómsgreining og hvenær hún var gerð.
- c. Nafn og magn lyfja sem notuð voru.
- d. Upplýsingar um hömlur á nýtingu afurða.

#### 9. gr.

Ef gripur eða afurðir hans eru afhentar til neyslu meðan enn eru hömlur á nýtingu þeirra vegna lyfjameðferðar er umráðamanni dýrsins skylt að gera viðtakanda grein fyrir lyfjagjöf.

#### 10. gr.

Ef eftirlitsdýralæknir hefur rökstuddan grun um að fyrirmæli lyfjalaga um nýtingu afurða af dýrum sem fengið hafa lyfjameðferð hafi verið brotin, ber honum að kæra það til lögreglustjóra á þeim stað þar sem afurðir hafa verið afhentar. Telji lögreglustjóri ástæðu til þess að ætla að brotið hafi verið gegn ákvæðum framangreindra laga, ber honum að óska eftir lögreglurannsókn á málinu.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 1. mgr. 11. gr. laga nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðissskoðun og gæðamat á sláturafurðum til þess að öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 21. júlí 1997.*

**Brynjólfur Sandholt** yfirdýralæknir.



# REGLUR

## um tímabundnar undanþágur frá akstri eigin leigubifreiðar.

### I. KAFLI

#### Framkvæmd undanþágna.

##### 1. gr.

Bifreiðastjórastjórnunum Frama er falið að sjá um framkvæmd og eftirlit með undanþágum leyfishafa frá akstri eigin leigubifreiðar. Sætti bifreiðastjóri sig ekki við ákvörðun Frama er honum heimilt að áfrýja til umsjónarnefndar og er úrskurður hennar endanegur á sviði stjórnsýslunnar.

##### 2. gr.

Bifreiðastjórastjórnunum Frami skal fara eftir lögum og reglum um leigubifreiðar og reglum þessum og þar sem vafamál koma upp skal hafa hliðsjón af reglum sem gilda á vinnumarkaði og skal Frami afgreiða þau af sanngirni þannig að jafnræðis sé gætt á milli bifreiðastjóra hvort sem þeir eru félagsmenn í félaginu eður ei.

##### 3. gr.

Frama er aðeins heimilt að veita undanþágu til leyfishafa til að ráða til sín launþega sem uppfylla skilyrði 1., 2., 4. og 5. tölul. 3. gr. laga um leigubifreiðar.

### II. KAFLI

#### Undanþágur vegna orlofs.

##### 4. gr.

Leyfishafa er heimilt að gera út bifreið sína í 30 daga á ári í orlofi. Við hver 5 ár frá leyfisveitingu í samfelldu starfi bætast við orlofið 5 dagar. Þó má orlofið aldrei vera lengra en 60 dagar. Skipta má orlofinu upp eins og leyfishafi óskar, þó ekki minna en einn sólarhring í senn. Leyfishafa er óheimilt að aka í leiguakstri meðan á orlofi stendur.

##### 5. gr.

Orlofstímabil hefst 1. maí ár hvert og stendur til 30. apríl árið eftir. Ekki er hægt að færa orlof á milli tímabila.

### III. KAFLI

#### Undanþágur vegna veikinda.

##### 6. gr.

Leyfishafa er heimilt að gera út í veikindum í allt að eitt ár, sanni hann það með læknisvottorði að hann sé óvinnufær. Þó skal útgerð háð eftirfarandi takmörkunum:

- a. Viðkomandi skal ekki stunda aðra atvinnu eða nám á því tímabili sem útgerðin stendur, sjá þó 9. gr.
- b. Viðkomandi skal ekki dvelja erlendis á því tímabili sem útgerðin stendur, nema til að leita sér lækninga samkvæmt úrskurði trúnaðarlæknis Frama.
- c. Áfengismeðferð telst til veikinda í fyrsta skipti en ekki ef um ítrekaða meðferð er að ræða.

## 7. gr.

Óski leyfishafi eftir undanþágu í lengri tíma en eitt ár er heimilt að veita honum frekari undanþágu ef veikindi hans teljast alvarleg, langvarandi og með þeim hætti að honum sé ófært að stunda almenna atvinnu. Trúnaðarlæknir Frami sker úr um það hvort veikindi séu með þessum hætti.

## 8. gr.

Í undantekningartilfellum er heimilt að veita leyfishafa heimild til að aka á móti launþega, óski hann þess vegna undangenginna alvarlegra veikinda. Miða skal við eftirfarandi tvo kosti í þessu sambandi:

- a. Leyfishafi ekur sjálfur frá sunnudegi til föstudags, en hefur launþega frá kl. 20.00 til kl. 8.00 helgarnætur (aðfarnætur laugar- og sunnudaga).
- b. Aka á móti launþega, þannig að frá sunnudegi til föstudags, ekur leyfishafi allt að sex tíma á dag. Þessi tími skal ákveðinn fyrirfram, t.d. kl. 6.00 - 12.00. Launþegi má aka 12 tíma á dag, t.d. kl. 12.00 - 24.00 mánudag til fimmtudags og frá kl. 20.00 til 8.00 helgarnætur (aðfarnætur laugar- og sunnudaga).

Þessi útgerð er þó aldrei heimiluð nema tvo mánuði á hverju almanaksári, hvor valkostur.

## 9. gr.

Þrátt fyrir 6. og 7. gr. má heimila leyfishafa að stunda takmarkaða atvinnu í stuttan tíma eða sækja námskeið á meðan hann hefur leyfi til að gera út í veikindum, en þá skal sótt um það sérstaklega.

## 10. gr.

Sækja skal um heimild til útgerðar í veikindum á þar til gerðu eyðublaði hjá Frami.

Þar skal tilgreina:

- Dvalarstað umsækjanda á meðan á útgerð stendur;
- tegund útgerðar;
- nafn, kennitölu, stöð, stöðvarnúmer og síma umsækjanda;
- nafn heimilislæknis og sérfræðings.

Frami ásamt trúnaðarlækni skal á hverjum tíma fylgjast með því að upplýsingar þær er koma fram á umsókn og læknisvottorði standist.

## IV. KAFLI

**Álagstímar.**

## 11. gr.

Leyfishöfum er heimilt að gera út bifreið sína laugardagsnætur þegar félagið heimilar helgarútgerðir yfir vetrarmánuðina. Skal Frami þá jafnframt ákveða tímamörk slíkra útgerða.

## 12. gr.

Þegar leyfishafi nær 65 ára aldri eða er 75% öryrki er honum heimilt að gera út bifreið sína frá kl. 20.00 til kl. 8.00 helgarnætur. Má leyfishafi ekki aka á milli kl. 20.00 föstudag og kl. 8.00 sunnudag þá helgi sem útgerðin stendur yfir.

## V. KAFLI

**Tímamörk.**

## 13. gr.

Ef tímabil útgerðar stendur yfir í minna en sjö daga í senn má launþegi aka hámark 12 klukkustundir á dag. Frá kl. 20.00 til kl. 8.00 helgarnætur og tólf klukkustundir eftir fyrir-

fram eigin vali mánudaga til fimmtudaga, en ekkert á sunnudögum. Ef tímamörk gilda ekki vegna útgerðar í orlofi, dragast lágmark sjö dagar frá orlofstíma, þrátt fyrir að útgerð standi í skemmri tíma.

#### VI. KAFLI

##### **Viðgerðir og endurnýjun á bifreið.**

14. gr.

Leyfishöfum er heimilt að fá afnot bifreiðar annars leyfishafa vegna endurnýjunar eða viðgerðar á bifreið sinni í allt að sex mánuði. Slíkt ber að tilkynna Frama.

#### VII. KAFLI

##### **Ökuheimildir.**

15. gr.

Í öllum tilfellum er leyfishafi ræður launþega skal hann áður fá ökuheimild hjá Frama. Skal Frami gefa út heimild í samræmi við reglur þessar. Á heimildinni skal tilgreindur tími og takmarkanir heimildarinnar auk nafna leyfishafa og launþega, númer bifreiðar, bifreiðastöð og stöðvarnúmer. Í undantekningartilfellum er trúnaðarmönnum heimilt að veita akstursheimild. Gjald fyrir veitta undanþágu er kr. 700 fyrir hvern byrjaðan mánuð sem undanþágan er veitt, sbr. 3. mgr. 11. gr. reglugerðar um leigubifreiðar nr. 224/1995.

#### VIII. KAFLI

##### **Eftirlit.**

16. gr.

Frami hefur eftirlit með því að reglum þessum sé framfylgt. Skal það ráða sér trúnaðarmenn á öllum bifreiðastöðvum sér til fulltingis. Skulu leyfishafar sem og launþegar, sýna trúnaðarmönnum viðkomandi skilríki sé þess óskað. Telji trúnaðarmaður að reglur þessar séu brotnar eða honum neitað um að sjá skilríki er honum skylt að tilkynna slíkt til Frama. Þá skal Frami ráða trúnaðarlækni varðandi undanþágur vegna veikinda.

#### IX. KAFLI

##### **Viðurlög.**

17. gr.

Frama er skylt að tilkynna viðkomandi bifreiðastöð, ef bifreiðastjóri þar hefur brotið gegn þessum reglum og ber að stöðva afgreiðslu bifreiðarinnar. Slíkt tilkynnist jafnframt til umsjónarnefndar.

18. gr.

Ef um ítrekuð brot er að ræða missir leyfishafi rétt til að fá undanþágur og launþegi fær ekki akstursheimild í ákveðinn tíma eftir nánari reglum sem félagið setur í samráði við umsjónarnefnd. Slíku er þó ávallt hægt að áfrýja til umsjónarnefndar í samræmi við 3. mgr. 7. gr. laga um leigubifreiðar nr. 61/1995.

*Samgönguráðuneytinu, 27. júní 1995.*

**Haldór Blöndal.**

*Helgi Jóhannesson.*

## REGLUGERÐ

### um sleppingu eða dreifingu og markaðssetningu erfðabreyttra lífvera.

#### I. KAFLI

#### Gildissvið og skilgreiningar.

##### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um sleppingu eða dreifingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið í þágu rannsókna og þróunar. Ennfremur gildir reglugerðin um markaðssetningu og innflutning erfðabreyttra lífvera að undangengnum rannsóknum og þróun, svo og vöru sem er að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttum lífverum eða samsetningu þeirra. Jafnframt gildir reglugerðin um eftirlit með framangreindri starfsemi.

Reglugerð þessi gildir hvorki um afurðir erfðabreyttra lífvera sbr. 2. gr. né flutning á erfðabreyttum lífverum hvort sem er á landi, sjó eða í lofti.

##### 2. gr.

##### *Skilgreiningar.*

Í reglugerð þessari er merking eftirtalinna orða og orðasambanda sem hér segir:

*Afurðir erfðabreyttra lífvera* eru afurðir sem framleiddar eru með erfðabreyttum lífverum en innihalda ekki lifandi erfðabreyttar lífverur.

*Greinargerð um hugsanlegar afleiðingar (áhættumat)* er úttekt á hugsanlegum afleiðingum fyrir heilsu manna, annarra lífvera og umhverfi vegna losunar og sleppingar erfðabreyttra lífvera, svo og vöru sem hefur erfðabreyttar lífverur að geyma.

*Erfðabreyttar lífverur* eru allar lífverur þar sem erfðaefninu hefur verið breytt á annan veg en gerist í náttúrunni við þörun og/eða náttúrulega endurröðun. Samkvæmt skilgreiningu þessari á erfðabreyting sér stað þegar aðferðunum sem taldar eru upp í 1. hluta I. viðauka hefur verið beitt, en aðferðirnar sem taldar eru upp í 2. og 3. hluta I. viðauka eru ekki taldar leiða til erfðabreytinga.

*Lífvera* er erfðafræðileg eining þar sem fram getur farið eftirmyndun eða yfirfærsla erfðaefnis.

*Markaðssetning* er hvers kyns afhending erfðabreyttra lífvera eða vöru sem hefur þær að geyma, hvort sem afhendingin er gegn gjaldi eða ekki (sjá þó 29. gr.).

*Slepping eða dreifing* merkir það þegar erfðabreyttum lífverum eða vöru sem hefur þær að geyma er sleppt út í umhverfið án þess að beitt sé tálmunum til að hindra að þær geti haft áhrif á fólk, aðrar lífverur eða umhverfi. Hér eftir mun orðið slepping notað um sleppingu eða dreifingu.

*Sleppistaður* er sá staður eða það svæði þar sem erfðabreyttum lífverum er sleppt án þess að tálmunum sé beitt til að hindra að þær geti haft áhrif á fólk, aðrar lífverur eða umhverfi.

*Slys* er sérhvert það tilvik þegar erfðabreyttar lífverur sleppa út og geta stefnt heilsu manna, annarra lífvera eða umhverfinu í hættu þegar í stað eða síðar.

*Vara* er tilbúið efni eða framleiðsluvara sem sett er á markað og er að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttum lífverum eða samsetningu þeirra.

*Veira* er líffræðileg eining þar sem fram getur farið eftirmyndun eða yfirfærsla erfðaefnis með hjálp lífvera.

## II. KAFLI Stjórnsýsla og eftirlit.

### 3. gr.

#### *Leyfisveitingar.*

Hollustuvernd ríkisins fjallar um umsóknir og veitir leyfi til sleppingar og markaðssetningar erfðabreyttra lífvera og stjórnar eftirliti með starfsemi sem stofnunin hefur veitt leyfi fyrir. Óheimilt er að sleppa eða markaðssetja erfðabreyttar lífverur eða vörur sem innihalda erfðabreyttar lífverur nema að fengnu skriflegu leyfi Hollustuverndar ríkisins.

Hollustuvernd ríkisins er heimilt að takmarka þann tíma sem starfsemi er heimil eða binda leyfi öðrum skilyrðum. Þá getur stofnunin, í samræmi við ákvæði 4. mgr. 5. gr. laga nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur, afturkallað leyfi sem hún hefur veitt:

- 1) hafi áhættan af leyfðri starfsemi aukist;
- 2) breytist flokkun erfðabreyttra lífvera;
- 3) liggja fyrir nýjar upplýsingar um að áhættan af starfseminni hafi verið vanmetin;
- 4) geri ný tækni það að verkum að mögulegt er að takmarka frekar áhættu fyrir heilsu manna og umhverfi;
- 5) brjóti umsækjandi gegn lögum nr. 18/1996 eða reglugerð þessari.

Áður en til afturköllunar kemur skal hlutaðeigandi umsækjanda veittur hæfilegur frestur til úrbóta sé þess kostur. Afturköllun á leyfi skal tilkynnt umsækjanda og rökstudd skriflega.

### 4. gr.

#### *Eftirlit með sleppingu og markaðssetningu erfðabreyttra lífvera.*

Hollustuvernd ríkisins hefur yfirumsjón með eftirliti með því að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar til að hindra neikvæð áhrif sleppingar og/eða markaðssetningar erfðabreyttra lífvera á heilsu manna, annarra lífvera og umhverfi. Stofnunin skal tryggja að farið sé að reglugerð þessari og í því skyni er henni heimilt að ákveða að sérstakar prófanir eða rannsóknir fari fram eða aðrar ráðstafanir gerðar varðandi eftirlit áður en leyfi er veitt.

## III. KAFLI

### Umsóknir um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið í rannsókn- eða þróunarskyni.

### 5. gr.

#### *Almenn skilyrði.*

Hver sá sem hyggst sleppa erfðabreyttri lífveru eða blöndu af erfðabreyttum lífverum út í umhverfið í rannsókn- eða þróunarskyni eða öðrum tilgangi en til að setja á markað skal senda skriflega umsókn þess efnis til Hollustuverndar ríkisins. Sækja skal um leyfi fyrir hverri einstakri sleppingu. Heimilt er að sækja um leyfi fyrir fleiri en einni sleppingu í sömu umsókn þegar um er að ræða sleppingu á blöndu erfðabreyttra lífvera á einum stað eða sömu tegund á fleiri en einum stað í sama skyni og á afmörkuðu tímabili.

Hollustuvernd ríkisins skal staðfesta skriflega viðtöku umsóknar þegar umsækjandi hefur greitt gjald samkvæmt sérstakri gjaldskrá þar um, sbr. 22. gr. laga nr. 18/1996.

### 6. gr.

#### *Áhættumat vegna sleppingar erfðabreyttra lífvera.*

Þeir sem hyggjast sleppa erfðabreyttum lífverum út í umhverfið skulu vinna áhættumat vegna sleppingarinnar og skal það lagt fram með umsókn samkvæmt 5. gr. Áhættumatinu skulu fylgja þau skjöl og þær upplýsingar sem tilgreindar eru í II. viðauka eftir því sem við á og nauðsynlegar eru til að meta þá hættu sem erfðabreyttu lífverurnar kunna að hafa í för með sér fyrir heilsu manna, annarra lífvera og umhverfi þegar í stað eða síðar. Þegar þær

upplýsingar sem krafist er í II. viðauka eiga ekki við skal það tilgreint og rökstutt, svo og þegar ekki er hægt að veita upplýsingarnar af tæknilegum ástæðum.

Ennfremur skulu koma fram í áhættumatinu upplýsingar um þær aðferðir sem fyrirhugað er að beita og skal vísað í heimildir. Einkum er krafist eftirfarandi:

- a) almennra upplýsinga, þ. á m. um starfsfólk og þjálfun þess;
- b) upplýsinga um erfðabreyttu lífverurnar;
- c) upplýsinga um aðstæður á sleppistað;
- d) upplýsinga um víxlverkun milli erfðabreyttra lífvera og umhverfis;
- e) upplýsinga um athuganir, eftirlit, meðferð úrgangs og áætlanir um viðbrögð í neyðartilfellum.

#### 7. gr.

##### *Greinargerð um áhættumat.*

Með áhættumatinu skal fylgja greinargerð, þar sem, eftir því sem mögulegt er, lagt er mat á þau áhrif og þá hættu sem starfsemi með erfðabreyttar lífverur kann að hafa í för með sér fyrir heilsu manna, annarra lífvera og umhverfið. Tekið skal tillit til eftirfarandi þátta:

- a) jákvæðra og neikvæðra áhrifa starfsemi með erfðabreyttar lífverur á sjálfbæra þróun;
- b) hugsanlegra félagslegra og efnahagslegra kosta og galla starfsemi með erfðabreyttar lífverur.

#### 8. gr.

##### *Upplýsingar um fyrri sleppingar.*

Auk þeirra upplýsinga sem krafist er samkvæmt 6. og 7. gr. skal umsækjandi senda Hollustuvernd ríkisins gögn um og niðurstöður úr sleppingum sömu erfðabreyttu lífveru er hann hefur áður eða samtímis sótt um leyfi fyrir og/eða standa yfir á hans vegum innan Evrópska efnahagssvæðisins eða utan þess. Umsækjanda er heimilt að vísa til gagna eða niðurstaðna úr sleppingum sem aðrir hafa sótt um leyfi fyrir hafi hann til þess skriflegt leyfi.

Hyggist umsækjandi sleppa sömu tegund eða sömu blöndu erfðabreyttra lífvera og áður hefur verið sótt um leyfi fyrir og er hluti af sömu rannsóknáætlun, ber honum eigi að síður að sækja um nýtt leyfi til Hollustuverndar ríkisins. Heimilt er að vísa til sömu gagna og í fyrri umsókn eða niðurstaðna sem fengist hafa úr fyrri sleppingu.

#### 9. gr.

##### *Breyttar aðstæður.*

Geri umsækjandi breytingar á tilhögun sleppingar á erfðabreyttum lífverum eða ef fram koma nýjar upplýsingar um þá hættu sem umhverfinu getur stafað af sleppingunni á meðan umsóknin er til umfjöllunar eða eftir að leyfi hefur verið veitt, skal hann endurskoða þær ráðstafanir sem tilgreindar voru í umsókninni og grípa til nauðsynlegra ráðstafana til verndar heilsu manna, annarra lífvera og umhverfi. Jafnframt skal hann upplýsa Hollustuvernd ríkisins um allar breytingar sem eru gerðar og nýjar upplýsingar sem liggja fyrir.

Hafi nýjar upplýsingar veruleg áhrif á mat á áhættu samfara sleppingu getur Hollustuvernd ríkisins krafist þess að umsækjandi breyti aðstæðum, geri hlé á sleppingu eða hætti.

#### 10. gr.

##### *Meðferð umsókna.*

Áður en afstaða er tekin til umsókna ber Hollustuvernd ríkisins að ganga úr skugga um að þær samræmist ákvæðum reglugerðar þessarar. Þá skal stofnunin, að fengnum tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands, meta áhættu af sleppingunni á grunni framlagðra gagna, skrá niðurstöður sínar og, ef þörf krefur, gera í eftirlitsskyni þau próf og athuganir sem kunna að

vera nauðsynlegar. Stofnunin skal leita umsagnar Náttúruverndar ríkisins og ráðgjafanefndar, sbr. 6. gr. laga nr. 18/1996. Einnig er stofnuninni heimilt að leita umsagnar annarra sérfræðistofnana eða sérfræðinga eftir því sem við á.

## 11. gr.

*Samráð samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.*

Hollustuvernd ríkisins ber að senda fastanefnd EFTA eða eftirlitsstofnun EFTA (Fríverslunarbandalags Evrópu), eftir því sem við á, yfirlitsskýrslu um umsóknir um sleppingu erfðabreyttra lífvera innan 30 daga frá því stofnunin veitti umsóknum viðtöku. Vegna þessa skal umsækjandi fylla út 1. eða 2. hluta staðlaðs eyðublaðs sem fæst hjá Hollustuvernd ríkisins.

Hollustuvernd ríkisins ber að upplýsa fastanefnd eða eftirlitsstofnun EFTA og lögbær yfirvöld í aðildarríkjum að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningnum), eftir því sem við á og kveðið er á um í EES-samningnum, um lokaafgreiðslu umsókna.

## 12. gr.

*Svar við umsóknum.*

Að höfðu samráði við þá aðila sem tilgreindir eru í 10. og 11. gr. skal Hollustuvernd ríkisins taka afstöðu til umsóknar innan 90 daga frá viðtöku hennar og senda umsækjanda skriflegt svar. Í svari stofnunarinnar skal annaðhvort koma fram:

- a) að skilyrðum reglugerðar þessarar sé fullnægt og að slepping sé heimil, eða
- b) að skilyrðum reglugerðar þessarar hafi ekki verið fullnægt og því sé umsókninni vísað frá.

Ofangreindur 90 daga frestur tekur þó ekki til þess tíma sem það tekur Hollustuvernd ríkisins að afla viðbótarupplýsinga sem hún kann að hafa krafði umsækjanda um eða að leita samráðs við samtök eða almenning í samræmi við 31. gr. Stofnunin skal tilkynna skriflega um framlengdan frest.

Aðeins skal veitt leyfi til sleppingar erfðabreyttra lífvera þegar ekki er talin hætta á að hún valdi skaða með tilliti til umhverfis- og heilsuverndarsjónarmiða og hún er talin siðfræðilega réttlæt看leg, sbr. 13. gr. laga nr. 18/1996.

## 13. gr.

*Skyldur umsækjanda að lokinni sleppingu.*

Þegar sleppingu er lokið skal umsækjandi gera ráðstafanir á sleppistað í samræmi við leiðbeiningar sem Hollustuvernd ríkisins gefur út. Ennfremur skal hann senda stofnuninni þær niðurstöður sleppingarinnar er gætu varðað hættu fyrir heilsu manna, annarra lífvera og umhverfi, einkum m.t.t. vöru sem hann hyggst sækja um leyfi til að markaðssetja síðar.

## IV. KAFLI

**Umsóknir um einfaldaðar reglur við sleppingu erfðabreyttra lífvera.**

## 14. gr.

*Erfðabreyttar lífverur aðrar en fræplöntur.*

Telji Hollustuvernd ríkisins, að fengnum tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands og að höfðu samráði við Náttúruvernd ríkisins og aðra, að nægileg reynsla hafi fengist af því að sleppa erfðabreyttum lífverum, er stofnuninni heimilt að leggja fyrir fastanefnd eða eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á, beiðni um einfaldari verklagsreglur við sleppingu á þeim lífverum.

## 15. gr.

*Erfðabreyttar fræplöntur.*

Að uppfylltum sömu skilyrðum og um getur í 14. gr. getur Hollustuvernd ríkisins sótt um til fastanefndar eða eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á, að umsækjandi fái að leggja fram einfaldaðar verklagsreglur við sleppingu erfðabreyttra fræplantna.

Með umsókninni skulu fylgja skjöl með lýsingu á þeim einfölduðu verklagsreglum sem lagðar eru til, hugsanlegum skilyrðum við notkun þeirra og fullnægjandi upplýsingar um þá reynslu sem fengist hefur við sleppingu viðkomandi plantna. Með fullnægjandi reynslu er átt við að unnt sé að sýna fram á að heilsu manna, annarra lífvera og umhverfi stafi ekki hættu af viðkomandi plöntum og getur Hollustuvernd ríkisins byggt á reynslu sinni eða annarra af sleppingum viðkomandi erfðabreyttra plantna í svipuðum vistkerfum, og reynslu í fleiri en einu landi.

## 16. gr.

*Eiginleikar arfþegaplantna.*

Við einfaldaða málsmeðferð vegna sleppingar erfðabreyttra plantna skal eftirfarandi lagt til grundvallar:

- a) flokkunarfræðileg staða og líffræði (æxlunarform og frævun, hæfni til að æxlast með skyldum tegundum) arfþegaplöntunnar skulu vera vel þekkt;
- b) upplýsingar skulu liggja fyrir um hugsanleg víxláhrif sem geta haft áhrif á áhættumat fyrir arfþegaplönturnar og aðrar lífverur í landbúnaðarvistkerfum og í vistkerfinu þar sem tilraunasleppingin fer fram;
- c) vísindaleg gögn skulu liggja fyrir um öryggissjónarmið vegna heilsu manna, annarra lífvera og umhverfis þar sem erfðabreyttum plöntum af sömu arfþegaplöntutegund hefur verið sleppt í tilraunaskyni.

## 17. gr.

*Eiginleikar innskotsraða.*

Einfaldaðar verklagsreglur við sleppingu erfðabreyttra plantna skulu taka mið af eiginleikum innskotsraða og afleiddra afurða þeirra sem hér segir:

- a) innskotsraðirnar og afleiddar afurðir þeirra skulu vera skaðlausar heilsu manna, annarra lífvera og umhverfi við þau skilyrði sem ríkja við tilraunasleppingu;
- b) innskotsraðirnar skulu vera:
  - auðþekktanlegar;
  - samofnar erfðamengi frumukjarna plöntunnar.

## 18. gr.

*Slepping á túnum og ökrum.*

Á meðan á tilraunasleppingu stendur á túnum og/eða ökrum og að henni lokinni skulu ávallt gerðar ráðstafanir til að tryggja að heilsu manna, annarra lífvera og umhverfi sé ekki stefnt í hættu.

Þær viðmiðunarreglur sem um getur í 17. gr. skulu gilda í öllum tilvikum en jafnframt skal ákvæði 1. mgr. lagt til grundvallar við mat á umsóknum um einfaldaðar verklagsreglur.

Að lokinni sleppingu skal umsækjandi gera þær ráðstafanir sem kveðið er á um í 13. gr.



## V. KAFLI

**Umsóknir um markaðssetningu erfðabreyttra lífvera og vöru sem inniheldur erfðabreyttar lífverur.**

## 19. gr.

*Almenn skilyrði.*

Ef fyrirhugað er að markaðssetja á Íslandi, í fyrsta sinn á Evrópska efnahagssvæðinu, erfðabreytta lífveru eða vöru sem inniheldur erfðabreyttar lífverur skal senda umsókn þess efnis til Hollustuverndar ríkisins. Stofnunin skal staðfesta viðtöku hennar skriflega þegar umsækjandi hefur greitt gjald samkvæmt sérstakri gjaldskrá þar um, sbr. 22. gr. laga nr. 18/1996.

Umsækjandi má því aðeins hefja markaðssetningu að hann hafi fengið skriflegt samþykki Hollustuverndar ríkisins, sbr. 24. gr., og að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru fyrir samþykkinu með sérstöku tilliti til ákveðinna vistkerfa eða eðlis og eiginleika umhverfis.

## 20. gr.

*Áhættumat vegna markaðssetningar erfðabreyttra lífvera.*

Áður en Hollustuvernd ríkisins afgreiðir umsókn um markaðssetningu skal framleiðandi eða innflytjandi vörunnar vinna áhættumat og senda það Hollustuvernd ríkisins ásamt umsókn samkvæmt 19. gr. Áhættumatinu skulu fylgja:

- a) þær upplýsingar sem krafist er í II. viðauka eftir því sem við á. Auk þess skulu fylgja viðbótarupplýsingar vegna fjölbreytni þeirra staða þar sem varan er notuð, þ. á m. gögn og niðurstöður úr sleppingum í rannsókn- og þróunarskyni er varða hugsanleg áhrif á vistkerfið. Ennfremur skal fylgja mat á þeirri hættu sem heilsu manna, annarra lífvera eða umhverfi kann að stafa af erfðabreyttu lífverunum í vörunni, þ. á m. þær upplýsingar um áhrif á heilsu manna, annarra lífvera og umhverfið sem fram komu í undangengnum rannsóknum og þróun.
- b) þær upplýsingar sem krafist er í III. viðauka varðandi skilyrði fyrir leyfi til markaðssetningar vörunnar, þ. á m. sérstök skilyrði varðandi notkun hennar og meðhöndlun og tillögur um umbúðir og merkingar. Lágmarksskilyrði varðandi umbúðir og merkingar er að finna í C-lið III. viðauka.

Telji umsækjandi að hvorki heilsu manna, annarra lífvera né umhverfi stafi hættu af markaðssetningu vöru og/eða notkun hennar og byggji hann það álit á árangri og niðurstöðum úr sleppingu samkvæmt reglugerð þessari eða geti stutt það sannfærandi vísindalegum rökum, getur hann farið fram á að ekki þurfi að uppfylla eitt eða fleiri þeirra skilyrða sem sett eru í B-lið III. viðauka.

Við gerð áhættumats skal tekið tillit til eftirfarandi þátta:

- a) jákvæðra og neikvæðra áhrifa starfsemi með erfðabreyttar lífverur á sjálfbæra þróun;
- b) hugsanlegra félagslegra og efnahagslegra kosta og galla starfsemi með erfðabreyttar lífverur.

## 21. gr.

*Upplýsingar um fyrri sleppingar eða markaðssetningar.*

Áhættumatinu skulu fylgja upplýsingar um niðurstöður fyrri sleppinga og markaðssetninga sömu erfðabreyttu lífveru sem umsækjandi hefur borið ábyrgð á innan Evrópska efnahagssvæðisins eða utan þess og/eða sleppinga og markaðssetninga sem standa yfir.

Umsækjanda er heimilt að vísa til gagna eða niðurstaðna fyrri sleppinga sem aðrir hafa staðið fyrir hafi hann til þess skriflegt leyfi.

## 22. gr.

*Nýjar vörutegundir með sömu erfðabreyttum lífverum.*

Sækja ber sérstaklega um hverja nýja vörutegund sem inniheldur eða samanstendur af sömu erfðabreyttu lífverum sé varan ætluð til mismunandi nota.

## 23. gr.

*Nýjar upplýsingar.*

Komi fram nýjar upplýsingar varðandi þá hættu sem heilsu manna, annarra lífvera eða umhverfi kann að stafa af markaðssetningu vöru sem inniheldur erfðabreytta lífveru annaðhvort áður en skriflegt leyfi hefur verið veitt til markaðssetningar eða eftir að það hefur verið veitt skal umsækjandi án tafar:

- a) endurskoða þær upplýsingar og skilyrði sem sett voru samkvæmt 20. gr.;
- b) upplýsa Hollustuvernd ríkisins þar um;
- c) gera nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda heilsu manna, annarra lífvera og umhverfið.

Berist Hollustuvernd ríkisins tilkynning samkvæmt 1. mgr. eða eftir öðrum leiðum skal hún svo skjótt sem auðið er taka afstöðu til þess hvort nauðsynlegt sé að endurskoða eða breyta áður útgefnu leyfi eða afturkalla það. Stofnunin skal tilkynna umsækjanda ákvörðun sína án tafar.

## VI. KAFLI

**Meðferð umsókna um markaðssetningu.**

## 24. gr.

*Svar við umsóknum.*

Þegar Hollustuvernd ríkisins hefur tekið við umsókn samkvæmt 19. og 20. gr. skal hún ganga úr skugga um að umsóknin samræmist ákvæðum reglugerðar þessarar, einkum varðandi mat á áhættu fyrir heilsu manna, annarra lífvera og umhverfi og varúðarráðstafanir sem mælt er með við notkun vörunnar. Stofnunin skal leita umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands, Náttúruverndar ríkisins og annarra sérfræðistofnana eða sérfræðinga eftir því sem við á. Ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur fjallar um umsóknir um markaðssetningar hér á landi og um aðrar umsóknir eins og ástæða þykir til hverju sinni.

Innan 90 daga frá viðtöku umsóknar skal stofnunin annað hvort:

- a) senda umsóknina til fastanefndar eða eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á, með jákvæðri umsögn;  
eða
- b) upplýsa umsækjanda um að fyrirhuguð markaðssetning uppfylli ekki skilyrði reglugerðar þessarar og að leyfi verði því ekki veitt.

Ofangreindur 90 daga frestur tekur ekki til þess tíma sem það tekur Hollustuvernd ríkisins að afla viðbótarupplýsinga, sem hún kann að hafa krafid um, eða að leita samráðs við samtök eða almenning í samræmi við 31. gr. Stofnunin skal tilkynna skriflega um framlengdan frest.

Leyfi til markaðssetningar erfðabreyttra lífvera eða vöru sem inniheldur erfðabreyttar lífverur má aðeins veita ef:

- a) fengist hefur skriflegt leyfi fyrir sleppingu samkvæmt 12. gr. eða ef áhætta hefur verið metin á grundvelli þeirra atriða sem lýst er í II. viðauka, sbr. a-lið 1. mgr. 20. gr.;
- b) varan samræmist gildandi löggjöf;
- c) varan er í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru um áhættumat í reglugerð þessari.

## 25. gr.

*Samráð samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.*

Í tilvikum sem um getur í a-lið 2. mgr. 24. gr., skal Hollustuvernd ríkisins senda gögn til fastanefndar eða eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á, þ. á m. útdrátt úr umsókninni ásamt yfirlýsingu um þau skilyrði sem stofnunin hyggst setja fyrir því að varan verði sett á markað.

Í þeim tilvikum er Hollustuvernd ríkisins hefur fallist á beiðni umsækjanda um að ekki þurfi að uppfylla eitt eða fleiri skilyrði í B-lið III. viðauka, sbr. 2. mgr. 20. gr., skal stofnunin upplýsa stofnanir EFTA um það sérstaklega.

Beri stofnanir EFTA ekki fram andmæli eða athugasemdir innan 60 daga frá útsendingardegi, sbr. 1. mgr., skal Hollustuvernd veita umsækjanda skriflegt leyfi fyrir markaðssetningunni og upplýsa fastanefnd eða eftirlitsstofnun EFTA og lögbær yfirvöld annarra aðildarríkja að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið þar um.

Berist Hollustuvernd ríkisins nýjar upplýsingar um hættu sem kann að stafa af markaðssetningunni skal hún án tafar koma þeim á framfæri við fastanefnd eða eftirlitsstofnun EFTA og lögbær yfirvöld annarra aðildarríkja að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eftir því sem við á og kveðið er á um í EES-samningnum.

## 26. gr.

*Markaðssetning sem leyfi hefur verið veitt fyrir.*

Þegar leyfi hefur verið veitt á Evrópska efnahagssvæðinu til markaðssetningar vöru sem inniheldur erfðabreytta lífveru má nota vöruna á öllu svæðinu án frekari umsókna að því tilskildu að sérstökum skilyrðum um notkun hennar og þeim fyrirmælum varðandi umhverfi og/eða svæði sem felast í téðum skilyrðum sé fylgt til hins ýtrasta. Þannig jafngildir leyfi til markaðssetningar erfðabreyttra lífvera eða vöru sem inniheldur þær, útgefið af lögbæru yfirvaldi í einu aðildarríkja að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, leyfi til markaðssetningar hér á landi. Hollustuvernd ríkisins ber að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að notendur vörunnar hliti þeim skilyrðum um notkun sem sett voru í hinu skriflega leyfi.

Hollustuvernd ríkisins er óheimilt á grundvelli atriða sem tengjast skriflegu leyfi að banna, takmarka eða hindra dreifingu vöru sem inniheldur eða samanstendur af erfðabreyttum lífverum og uppfyllir ákvæði reglugerðar þessarar.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. getur umhverfisráðherra, að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins og umsögn ráðgjafanefndar, bannað eða takmarkað markaðssetningu tiltekinnna erfðabreyttra lífvera eða vöru sem inniheldur þær ef hætta er á að markaðssetningin hafi í för með sér skaðleg áhrif á heilsu manna eða umhverfi. Það sama á við ef leyfisveitingin samræmist ekki markmiði laga nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur eða er ekki í samræmi við íslensk lög.

Í slíkum tilvikum ber Hollustuvernd ríkisins að tilkynna ákvörðunina öðrum lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjum að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eftir því sem kveðið er á um í EES-samningnum

## 27. gr.

*Merkingar.*

Hollustuvernd ríkisins skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að vörur sem innihalda eða samstanda af erfðabreyttum lífverum séu því aðeins settar á markað að umbúðir og merkingar uppfylli þau skilyrði sem sett voru í leyfi til markaðssetningarinnar.

## 28. gr.

*Afhending sem ekki er markaðssetning.*

Í samræmi við 16. gr. laga nr. 18/1996 skal líta svo á að *ekki* sé um markaðssetningu að ræða þegar rannsóknastofur skiptast á erfðabreyttum lífverum í vísindaskyni, erfðabreyttar lífverur eru afhentar genabanka í vísindaskyni eða til varðveislu eða þegar vara sem inniheldur erfðabreyttar lífverur er framleidd til tiltekinnar notkunar (t.d. rannsóknarknippi) og viðtakandi uppfyllir þau skilyrði sem sett eru í reglugerð nr. 330/1997 um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera.

Umhverfisráðherra er heimilt að veita frekari undanþágur frá skilyrðum um markaðssetningu að fenginni umsögn Hollustuverndar ríkisins eða ráðgjafanefndar um erfðabreyttar lífverur.

## VII. KAFLI

**Almenn ákvæði.**

## 29. gr.

*Trúnaður.*

Hollustuvernd ríkisins og umsagnaraðilum er óheimilt að ljóstra upp við þriðja aðila trúnaðarmálum sem hefur verið greint frá samkvæmt reglugerð þessari. Ofangreindum aðilum ber að standa vörð um hugverkarétt höfunda þeirra gagna sem þeim berast.

Umsækjanda er heimilt að taka fram hvaða upplýsingar í þeim umsóknum sem lagðar eru fram samkvæmt reglugerð þessari gætu skaðað samkeppnisaðstöðu hans og mælast til að farið verði með þær sem trúnaðarmál. Fyrir slíkum tilmælum verður að færa sannreynanleg rök.

Að höfðu samráði við umsækjanda ákveður Hollustuvernd ríkisins hvaða upplýsingar skuli teljast trúnaðarmál og ber stofnuninni að tilkynna honum um ákvörðunina. Óheimilt er að fara með eftirfarandi upplýsingar sem veittar eru samkvæmt 6. og 20. gr. sem trúnaðarmál:

- a) lýsingu á erfðabreyttum lífverum, nafn og heimilisfang umsækjanda, tilganginn með sleppingu og staðsetningu sleppistaðar;
- b) aðferðir og áætlanir um eftirlit með erfðabreyttum lífverum og viðbrögð í neyðar-tilfellum;
- c) mat á fyrirsjáanlegum áhrifum, einkum þeim sem kunna að valda sjúkdómum og/eða röskun á vistkerfinu.

Dragi umsækjandi umsókn sína til baka af einhverjum ástæðum ber Hollustuvernd ríkisins að virða trúnað við þann sem upplýsingarnar veitti.

## 30. gr.

*Viðbragðsáætlun.*

Áður en slepping erfðabreyttra lífvera hefst skal Hollustuvernd ríkisins, eftir því sem við á, tryggja að fyrir liggi viðbragðsáætlun (sjá II. viðauka) til verndar heilsu manna og umhverfinu utan sleppistaðar, beri slys að höndum. Viðbragðsáætlunin skal vera skrifleg, hún skal kynnt yfirvöldum öryggismála eða öðrum hlutaðeigandi aðilum og þar skal koma fram hvers eðlis hættan er.

Hollustuvernd ríkisins skal tryggja að þeir sem kunna að verða fyrir áhrifum slyss fái upplýsingar um öryggisráðstafanir og rétt viðbrögð. Upplýsingarnar skulu ítrekaðar og endurskoðaðar þegar þörf krefur. Þær skulu jafnframt vera aðgengilegar almenningi hjá stofnuninni.

## 31. gr.

*Samráð við samtök eða almenning.*

Hollustuvernd ríkisins er heimilt að mæla fyrir um að samráð skuli haft við samtök eða almenning um alla þætti hinnar fyrirhuguðu sleppingar eða markaðssetningar erfðabreyttra lífvera, t.d. með því að efna til opins áheyrnarfundar sem auglýstur skal sérstaklega.

## 32. gr.

*Skaðabótaskylda.*

Sá sem ber ábyrgð á sleppingu og markaðssetningu erfðabreyttra lífvera samkvæmt reglugerð þessari er skaðabótaskyldur vegna tjóns sem af hlýst berist þær út í umhverfið, án tillits til þess hvort tjón verði rakið til saknæms hátternis eða ekki.

## 33. gr.

*Kæruréttur umsækjenda.*

Umsækjandi, leyfishafi eða aðrir sem telja á rétt sinn hallað vegna ákvörðunar sem tekin hefur verið samkvæmt reglugerð þessari geta kært hana til umhverfisráðherra innan þriggja mánaða frá því ákvörðunin var tilkynnt.

## 34. gr.

*Viðurlög og þvingunarúrræði.*

Um þvingunarúrræði og aðgerðir til að knýja á um framkvæmd ráðstafana sem eftirlitsaðilar hafa ákveðið á grundvelli reglugerðar þessarar fer skv. 28. gr. laga nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur.

Með rannsókn á brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála. Brot gegn reglugerðinni varða viðurlögum skv. 29. gr. áður nefndra laga.

## 35. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum 25. tl., 25. tl. a, 25. tl. b og 25. tl. c í XX. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, (tilskipun ráðsins 90/220/EBE ásamt breytingum, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/15/EB, ákvörðun ráðsins 91/596/EBE og ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar 92/146/EBE, 93/584/EBE og 94/211/EB).

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 17. júlí 1997.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

---

*Ingimar Sigurðsson.*

I. VIÐAUKI  
Aðferðir til breytinga á erfðaefni.

**1. hluti: Aðferðir sem leiða til erfðabreyttra lífvera.**

Að skeyta saman erfðaefni með genaferjunaraðferðum (sbr. tilmæli 82/472/EBE).

Aðferðir sem fela í sér að koma fyrir í lífverum erfanlegu erfðaefni sem unnið er utan lífverunnar, þar með talin innspýting í smáum stíl, innspýting í stórum stíl og notkun örhylkja.

Frumusamruni eða kynblöndunaraðferðir þar sem lifandi frumur með nýrri samsetningu erfanlegs erfðaefnis eru myndaðar með samruna tveggja eða fleiri frumna með aðferðum sem eiga sér ekki stað náttúrulega.

**2. hluti: Aðferðir sem leiða ekki til erfðabreyttra lífvera**

að því tilskildu að hvorki sé notað samskeytt erfðaefni né erfðabreyttar örverur.

Frjóvgun í tilraunaglas.

Bakteríutenging, veiruleiðsla, ummyndun eða annað náttúrulegt ferli.

Framköllun fjöllitnunar.

**3. hluti: Aðferðir sem reglugerðin nær ekki yfir**

að því tilskildu að erfðabreyttar lífverur séu hvorki notaðar sem móðurlífverur né arfþegar.

Framköllun stökkbreytinga (t.d. til framleiðslu einstofna mótefna).

Bygging eða notkun blendingsæxlisfrumna dýra.

Samruni plöntufrumna (þar með talinn samruni vegglausra frumna) sem hægt er að rækta með hefðbundnum kynbótaaðferðum.

Sjálflónun skaðlausra örvera úr náttúrulegu umhverfi sem uppfylla skilyrði flokks I um örveruarþega (sbr. Stjórnartíðindi EB nr. 213, 21, 7, 1982, bls. 15).

II. VIÐAUKI

*A-hluti.*

**Upplýsingar sem skal veita í umsóknum um sleppingu erfðabreyttra lífvera annarra en fræplantna.**

**I. Almennar upplýsingar.**

A. Nafn og heimilisfang umsækjanda (fyrirtækis eða stofnunar).

- B. Nöfn, hæfni og reynsla vísindamanna sem bera ábyrgð á verkefninu.
- C. Heiti verkefnis.

## II. Upplýsingar um erfðabreyttar lífverur.

### A. *Eiginleikar a) arfgjafa, b) arfþega eða c) (eftir því sem við á) móðurlífveru eða móður-lífvera:*

1. vísindaheiti;
2. flokkun;
3. önnur heiti (hefðbundið heiti, heiti stofns o.s.frv.);
4. svipfarseinkenni og erfðamörk;
5. skyldleiki milli arfgjafa og arfþega eða milli móðurlífvera;
6. lýsing á leitar- og greiningaraðferðum;
7. nákvæmni, áreiðanleiki (magnbundinn) og sérvirkni leitar- og greiningaraðferða;
8. lýsing á landfræðilegri útbreiðslu og náttúrulegu búsvæði lífverunnar, þar með taldar upplýsingar um náttúrulegar ránverur, bráðir, sníkjudýr og keppinauta, samlífisverur og hýsla;
9. möguleiki á flutningi á erfðaeftni eða hæfni lífveranna til að skiptast á erfðaeftni við aðrar lífverur;
10. sannprófun á erfðafræðilegum stöðugleika lífveranna og þættir sem hafa áhrif á hann;
11. meinafræðileg, vistfræðileg og lífeðlisfræðileg einkenni:
  - a) flokkun áhættuþátta í samræmi við gildandi reglur Evrópska efnahagssvæðisins um heilsu- og/eða umhverfisvernd;
  - b) kynslóðartími í náttúrulegum vistkerfum, kynæxlunarferli/kynlaus æxlunarferli;
  - c) upplýsingar um lífslíkur, þar með talin árstíðatengsl og hæfileiki til að mynda lífseigar einingar, t.d. egg, gró eða korndrjóla;
  - d) meinvirkni: smithæfni, eiturhrif, sýkingarafl, ofnæmisvaldandi áhrif, smitleiðir, hugsanlegir smitmiðlar, hýsilsvið (þar með taldar lífverur aðrar en viðtökulífverur). Hugsanleg virkni dulveira (forveira). Hæfni til að ná bólfestu í öðrum lífverum;
  - e) þol gegn sýklalyfjum og hugsanleg notkun viðkomandi sýklalyfja til forvarna og/eða til meðferðar sjúkdóma í mönnum og hús- og gæludýrum;
  - f) hlutverk í náttúrulegum ferlum: frumframleiðsla, umsetningu næringarefna, niðurbroti lífrænna efna, öndun o.s.frv.
12. eðli eiginlegra genaferja:
  - a) basaröð;
  - b) fartíðni;
  - c) sérvirkni;
  - d) viðvist gena sem valda þoli.
13. greinargerð um fyrri erfðabreytingar.

### B. *Eiginleikar genaferjunnar:*

1. eðli og uppruni genaferju;
2. basaraðir stökkla, genaferja og táknaðalausra erfðaeftnisbúta sem eru notaðir til myndunar erfðabreyttu lífverunnar og til að örva virkni genaferju og innskots í henni;
3. fartíðni innfeldu genaferjunnar og/eða hæfileiki til flutnings á erfðaeftni og aðferðir til að sannreyna hann;
4. upplýsingar um að hve miklu leyti genaferjan takmarkast við það DNA sem nauðsynlegt er til að koma af stað fyrirhugaðri virkni.

### C. *Einkenni erfðabreyttu lífverunnar:*

1. upplýsingar um erfðabreytinguna:
  - a) aðferðir sem beitt er við erfðabreytinguna;
  - b) aðferðir sem beitt er við að mynda innskot og koma því fyrir í arfþega eða til að fella brott erfðaeefni;
  - c) lýsing á innskoti/genaferju;
  - d) hversu hreint innskotið er m.t.t. óþekktra basaraða og upplýsingar um að hve miklu leyti innskotsröðin er takmörkuð við það DNA sem nauðsynlegt er vegna fyrirhugaðrar virkni;
  - e) basaröð, virkni og staðsetning breyttu/innfelldu/brottfelldu kjarnsýrutáknraðarinnar/anna með sérstakri tilvísun til þekktra skaðlegra táknraða.
2. upplýsingar um lokagerð erfðabreyttu lífverunnar:
  - a) lýsing á erfðaeinkennum eða svipfarseiginleikum, einkum nýjum einkennum og eiginleikum sem gætu verið tjáðir eða eru ekki lengur tjáðir;
  - b) samsetning og fjöldi genaferja- og/eða arfgjafakjarnsýra sem verða í erfðabreyttu lífverunni;
  - c) stöðugleiki lífverunnar með tilliti til erfðaeinkenna;
  - d) hraði tjáningar hins nýja erfðaefnis og hlutfallslegt magn tjáðs próteins. Mæliaðferðir og nákvæmni þeirra;
  - e) virkni tjáða próteinsins eða próteinanna;
  - f) lýsing á leitar- og greiningaraðferðum, þar með taldar aðferðir til að finna og auðkenna innskotsröðina og genaferjuna;
  - g) nákvæmni, áreiðanleiki (magnbundinn) og sérvirkni leitar- og greiningaraðferða;
  - h) samantekt um sleppingar og fyrri notkun erfðabreyttra lífvera;
  - i) heilbrigðissjónarmið:
    - i) eiturrhif og ofnæmisvaldandi áhrif ólífvænlegra erfðabreyttra lífvera og/eða efnaskiptaafurða þeirra;
    - ii) skaðlegir eiginleikar efnaskiptaafurða;
    - iii) samanburður á erfðabreyttu lífverunum og arfgjafa, arfþega eða (eftir því sem við á) móðurlífveru með tilliti til meinvirkni;
    - iv) hæfileiki til að ná bólfestu;
    - v) ef lífvera er meinvirk mönnum með heilbriggt ónæmiskerfi:
      - sjúkdómar sem orsakast og meingerð, þar með talin ífærð og smitafl;
      - smithæfni;
      - skammtur sem veldur smiti;
      - hýsilsvið, líkur á breytingu;
      - lífsmöguleikar utan mennskis hýsils;
      - tilvist smitmiðla eða útbreiðsluaðferðir;
      - líffræðilegur stöðugleiki;
      - mynstur sýklalyfjapöls;
      - ofnæmisvaldandi áhrif;
      - tiltæk lækni meðferð.

### III. Upplýsingar um aðstæður á sleppistað.

#### A. *Upplýsingar um sleppingu:*

1. lýsing á fyrirhugaðri sleppingu, þar með talinn tilgangur og áætlaður afrakstur;
2. áætlaðar dagsetningar sleppinga og tímaáætlun tilraunar, þar með talið hversu oft sleppingar fara fram og hve lengi þær standa yfir;
3. undirbúningur sleppistaðar áður en slepping fer fram;
4. stærð sleppistaðar;



5. aðferð eða aðferðir sem beitt er við sleppingu;
6. fjöldi erfðabreyttra lífvera sem sleppa á;
7. truflandi þættir á sleppistað (ræktunaraðferðir, námuvinnsla, áveitur eða önnur starfsemi);
8. öryggisráðstafanir til að vernda starfsmenn við sleppingu;
9. frágangur á sleppistað eftir sleppingu;
10. fyrirhugaðar aðferðir við að útrýma erfðabreyttum lífverum eða gera þær óvirkar við lok tilraunar;
11. upplýsingar um fyrri sleppingar og árangur þeirra, einkum þeirra sem voru ólíkar að umfangi og fóru fram í ólíkum vistkerfum.

*B. Upplýsingar um umhverfið ( á sleppistað og umhverfi í víðari skilningi):*

1. landfræðileg lega og hnattstaða sleppistaðar (einkum ef um er að ræða umsókn um sleppingu með það markmið fyrir augum að markaðssetja erfðabreyttu lífveruna á sama landfræðilega svæði síðar);
2. eiginleg eða líffræðileg nálægð við menn og aðrar lífverur;
3. nálægð við mikilvægt lífríki eða vernduð svæði;
4. íbúafjöldi á staðnum;
5. atvinnuvegir íbúa sem byggjast á náttúruauðlindum á svæðinu;
6. fjarlægð sleppistaðar frá vernduðu vatnsbóli og/eða svæðum sem njóta verndar af umhverfisástæðum;
7. loftslag á svæðinu eða svæðunum sem líklegt er að verði fyrir áhrifum;
8. landfræðileg, jarðfræðileg og jarðvegsfræðileg einkenni;
9. dýra- og jurtalíf, þar með talin jarðrækt, búfénaður og flökkudýrategundir;
10. lýsing á viðtökuvistkerfum og vistkerfum, sem eru ekki viðtökuvistkerfi, sem líklegt er að verði fyrir áhrifum;
11. samanburður á náttúrulegum heimkynnum arfþegans og sleppistaðnum;
12. áætlanir um þróun eða breytingar á landnotkun á svæðinu sem vitað er um og gætu skipt máli vegna áhrifa sleppingarinnar á umhverfið.

**IV. Upplýsingar um víxlverkanir milli erfðabreyttu lífveranna og umhverfisins.**

*A. Eiginleikar sem hafa áhrif á lífslíkur, fjölgun og útbreiðslu:*

1. líffræðileg sérkenni sem hafa áhrif á lífslíkur, fjölgun og útbreiðslu;
2. þekktar eða fyrirsjáanlegar umhverfisaðstæður sem geta haft áhrif á lífslíkur, fjölgun og útbreiðslu (vindur, vatn, jarðvegur, hiti, sýrustig o.s.frv.);
3. næmi fyrir sérstökum áhrifavöldum.

*B. Víxlverkanir í umhverfinu:*

1. væntanleg heimkynni erfðabreyttu lífveranna;
2. rannsóknir á háttalagi og eðli lífveranna og vistfræðilegum áhrifum þeirra, sem eru gerðar í líkani af náttúrulegu umhverfi, til dæmis í örheimi, ræktunarherbergi eða gróðurhúsi;
3. hæfileiki til flutnings á erfðaefni:
  - a) flutningur á erfðaefni frá erfðabreyttum lífverum í lífverur vistkerfa sem hafa orðið fyrir áhrifum vegna sleppingar;
  - b) flutningur á erfðaefni frá lífverum í vistkerfi sleppistaðar í erfðabreyttu lífverunum;
4. líkur á því að val eftir sleppingu valdi óvæntum og/eða óáskillegum einkennum í erfðabreyttu lífverunni;

5. ráðstafanir sem eru gerðar til að tryggja og sannreyna erfðafræðilegan stöðugleika. Lýsing á erfðaeinkennum sem komið gætu í veg fyrir eða dregið úr útbreiðslu erfðaefnis. Aðferðir til að sannreyna erfðafræðilegan stöðugleika;
6. líffræðilegar útbreiðsluleiðir, þekkt eða hugsanleg víxlverkun við dreifimiðla, t.d. við innöndun, neyslu, yfirborðssnertingu og innkomu undir húð, o.s.frv.;
7. lýsing á vistkerfum þar sem erfðabreyttu lífverum gætu breiðst út.

*C. Hugsanleg umhverfisáhrif:*

1. líkur á óhóflegri fjölgun lífvera í vistkerfinu;
2. samkeppnisforskot erfðabreyttu lífveranna í samanburði við upphaflega arfþega eða móðurlífveru(r);
3. auðkenning og lýsing á viðtökulífverum;
4. fyrirsjáanlegur gangur og afleiðingar af víxlverkun milli erfðabreyttu lífveranna sem hefur verið sleppt og viðtökulífveranna;
5. auðkenning og lýsing á lífverum öðrum en viðtökulífverum sem af slysi kunna að verða fyrir áhrifum;
6. líkur á breytingum á líffræðilegum víxlverkunum eða hýsilsviði eftir sleppingu;
7. þekkt og fyrirsjáanleg áhrif á lífverur aðrar en viðtökulífverur í umhverfinu, áhrif á stofnstærð keppinauta: bráðir, hýsla, samlífisverur, ránverur, sníkjudýr og smitmiðla;
8. þekkt og fyrirsjáanleg hlutdeild í lífjarðefnafræðilegum ferlum;
9. aðrar hugsanlegar víxlverkanir við umhverfið sem kunna að hafa þýðingu.

**V. Upplýsingar um eftirlit, skoðun, meðferð úrgangs og neyðaráætlun.**

*A. Eftirlitsaðferðir:*

1. aðferðir sem beitt er við að rekja slóð erfðabreyttu lífveranna og fylgjast með áhrifum sem þær hafa;
2. sérvirkni (við að auðkenna erfðabreyttu lífverum og aðgreina þær frá arfgjafanum, arfþeganum og, eftir því sem við á, móðurlífverunum), næmi og áreiðanleiki eftirlitsaðferða;
3. aðferðir við að uppgötva flutning erfðaefnis í aðra lífveru;
4. hve lengi eftirlit varir og hve oft það fer fram.

*B. Eftirlit með sleppingu:*

1. aðferðir og tilhögun sem miðar að því að koma í veg fyrir og/eða draga sem mest úr útbreiðslu erfðabreyttu lífveranna út fyrir sleppistað eða fyrirhugað notkunarsvæði;
2. aðferðir og tilhögun við gæslu sleppistaðar til að koma í veg fyrir átroðslu óviðkomandi einstaklinga;
3. aðferðir og tilhögun sem miðar að því að koma í veg fyrir að aðrar lífverur komist inn á sleppistað.

*C. Meðferð úrgangs:*

1. tegund úrgangs sem myndast;
2. hugsanlegt magn úrgangs sem myndast;
3. hugsanlegar hættur samfara úrgangi;
4. lýsing á fyrirhuguðum aðferðum við förgun úrgangs.

*D. Viðbragðsáætlanir:*

1. aðferðir og tilhögun við að hefta erfðabreyttu lífverum ef þær breiðast út fyrir slysi;

2. aðferðir til að eyða mengun á menguðum svæðum, til dæmis útrýming erfðabreyttra lífvera;
3. aðferðir til að farga eða hreinsa jurtir, dýr, jarðveg o.s.frv. sem orðið hefur fyrir mengun meðan útbreiðslan átti sér stað eða eftir hana;
4. aðferðir til að einangra svæði sem hafa orðið fyrir mengun;
5. áætlanir um að vernda heilsu manna og umhverfi ef óæskileg áhrif koma fram.

### ***B-hluti.***

#### **Upplýsingar sem veita skal í umsóknum um sleppingu erfðabreyttra fræplantna (berfrævinga og dulfrævinga).**

##### ***A. Almennar upplýsingar:***

1. nafn og heimilisfang umsækjanda (fyrirtæki eða stofnun);
2. upplýsingar um nafn, hæfi og reynslu vísindamanna sem bera ábyrgð á verkefninu;
3. heiti verkefnis.

##### ***B. Upplýsingar um a) arfþega eða b) (eftir atvikum) móðurplöntu(r).***

1. fullt heiti:
  - a) ætt;
  - b) ættkvísl;
  - c) tegund;
  - d) deilitegund;
  - e) ræktunarafrbrigði/ræktunarlína;
  - f) almennt heiti.
2. a) upplýsingar um frjóvgun:
  - i) frjóvgunarhættir;
  - ii) tilteknir þættir sem hafa áhrif á frjóvgun;
  - iii) kynslóðartími.b) möguleiki plantnanna til víxlfrjóvgunar við aðra ræktaða stofna eða villtar plöntur.
3. lífvænleiki:
  - a) hæfileiki til að mynda formgerðir sem auka lífvænleika eða vaxtardvala;
  - b) þættir sem hafa áhrif á lífvænleika.
4. útbreiðsla:
  - a) dreifingarleiðir og útbreiðsla;
  - b) þættir sem hafa áhrif á útbreiðslu;
5. landfræðileg útbreiðsla plöntunnar.
6. ef um er að ræða jurtategundir sem yfirleitt eru ekki ræktaðar í aðildarríki/aðildarríkjum skal lýsa náttúrulegum heimkynnum plöntunnar og veita meðal annars upplýsingar um villtar ránverur, sníkjudýr, keppinauta og samlífisverur.
7. hugsanleg mikilvæg víxlverkun plöntunnar og annarra lífvera en jurta í vistkerfinu þar sem hún vex að jafnaði, meðal annars upplýsingar um eiturverkanir á menn, dýr og aðrar lífverur.

##### ***C. Upplýsingar um erfðabreytinguna:***

1. lýsing á aðferðum sem eru notaðar við erfðabreytinguna;
2. eðli og uppruni genaferju sem er notuð;
3. stærð, uppruni (heiti arfgjafa/arfþega) og fyrirhugað hlutverk sérhvers þáttar innskotsins.

##### ***D. Upplýsingar um erfðabreyttu plöntuna:***

1. lýsing á einkennum og eiginleikum sem hafa verið kallaðir fram eða búið er að breyta;
2. upplýsingar um basaraðir sem hefur verið skotið inn eða felldar burt:
  - a) stærð og uppbygging innskots og aðferðir sem eru notaðar til að skilgreina það, meðal annars upplýsingar um þá hluta genaferjunnar sem er skotið inn í erfðabreyttu fræplöntuna eða burðarefni eða framandi DNA sem verður eftir í erfðabreyttu fræplöntunni;
  - b) við brottfellingu skal nefna stærð og hlutverk brottfellda svæðisins (svæðanna);
  - c) staðsetning innskots í plöntufrumunum (sambætt í litningi, grænuhornum, orkuhornum eða varðveitt í ósambættu formi), og aðferðir við að sannreyna hana;
  - d) eintakafjöldi innskots;
3. upplýsingar um tjáningu innskots:
  - a) upplýsingar um tjáningu innskots og aðferðir til að greina hana;
  - b) hlutar plöntu þar sem innskot er tjáð (t.d. rætur, stöngull, frjókorn o.s.frv.);
4. að hvaða leyti erfðabreytta plantan er frábrugðin arfþeganum:
  - a) hvað varðar æxlunarhætti og/eða æxlunartíðni;
  - b) dreifingu;
  - c) lífvænleika;
5. erfðafræðilegur stöðugleiki innskotsins;
6. möguleikar á að erfðaefni berist frá erfðabreyttu plöntunum til annarra lífvera;
7. upplýsingar um hugsanlegar eituverkanir eða skaðleg áhrif erfðabreytingarinnar á heilsu manna og umhverfi;
8. hugsanleg víxlverkun milli erfðabreyttu plöntunnar og viðtökulífvera (ef við á);
9. hugsanleg markverð víxlverkun við aðrar lífverur í umhverfinu sem eru ekki erfðabreyttar;
10. lýsing á aðferðum til leitar og greiningar á erfðabreyttu plöntunni;
11. upplýsingar um fyrri sleppingar erfðabreyttu plöntunnar, ef við á.

*E. Upplýsingar um sleppistað (á aðeins við um umsóknir samkvæmt 5. gr.).*

1. staðsetning og stærð sleppistaða(r);
2. lýsing á vistkerfi sleppistaðar, meðal annars loftslagi, jurtaríki og dýralífi;
3. víxlfrjóvgunarhæfar skyldar villijurtir eða ræktaðar jurtategundir á sleppistað;
4. fjarlægð frá opinberlega viðurkenndum lífgerðum eða verndarsvæðum sem gætu orðið fyrir áhrifum.

*F. Upplýsingar um sleppingu (á aðeins við um umsóknir samkvæmt 5. og 6. gr.).*

1. markmið með sleppingu;
2. hvenær slepping á að hefjast og hvað hún á að standa lengi;
3. aðferð sem er notuð við sleppingu erfðabreyttu plantnanna;
4. vinnubrögð við undirbúning og viðbúnað á sleppistað, fyrir, á meðan og eftir sleppingu, meðal annars ræktunar- og uppskeruáðferðir;
5. fjöldi plantna um það bil (eða fjöldi plantna á hvern fermetra).

*G. Upplýsingar um eftirlit, skoðun, meðferð úrgangs, (á aðeins við um umsóknir samkvæmt 5. gr.).*

1. varúðarráðstafnir:
  - a) fjarlægð(ir) frá víxlfrjóvgunarhæfum plöntutegundum;
  - b) aðgerðir til að draga úr/koma í veg fyrir útbreiðslu frjókorna eða fræs;
2. lýsing á aðferðum við umhirðu staðarins eftir sleppingu;
3. lýsing á aðferðum við meðferð erfðabreyttra plöntuhluta eftir sleppingu, meðal annars förgun úrgangs;

4. lýsing á eftirlitsáætlunum og -aðferðum;
5. lýsing á viðbragðsáætlunum.

*H. Upplýsingar um hugsanleg umhverfisáhrif vegna sleppingar erfðabreyttra plantna.*

1. líkurnar á því að erfðabreytta plantan verði lífseigari en arfþegarnir eða móðurplönturnar í ræktuðum heimkynnum eða ágengari í náttúrulegum heimkynnum;
2. hugsanlegir jákvæðir eða neikvæðir valþættir sem flust gætu í víxlfrjóvgunarhæfar plöntutegundir við genaflutning frá erfðabreyttu plöntunni;
3. hugsanleg umhverfisáhrif víxlverkunar milli erfðabreyttrar plöntu og viðtökulífvera (ef við á);
4. möguleg umhverfisáhrif af hugsanlegum víxlverkunum við lífverur sem ekki eiga að vera viðtökulífverur.

### III. VIÐAUKI

#### **Viðbótarupplýsingar sem krafist er í umsókn um markaðssetningu vöru sem inniheldur erfðabreyttar lífverur.**

- A. *Auk þeirra upplýsinga sem krafist er í II. viðauka skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í umsókn um markaðssetningu vöru sem inniheldur erfðabreyttar lífverur:*
1. heiti vörunnar og erfðabreyttu lífveranna sem í henni eru;
  2. nafn framleiðanda eða dreifingaraðila og heimilisfang sama aðila á Evrópska efnahagssvæðinu;
  3. upplýsingar um vöruna, nákvæmar notkunarreglur þegar það á við, upplýsingar um við hvers konar aðstæður eða á hvers konar landsvæði innan Evrópska efnahagssvæðisins varan hæfir;
  4. upplýsingar um hvers konar notkun búist er við: við landbúnað, iðnaðarframleiðslu eða til almennrar neyslu;
  5. upplýsingar um erfðabreytingarnar sem máli gætu skipt varðandi hugsanlega skrá yfir erfðabreytingar í lífverum (stofnum). Í þessu sambandi gæti verið um að ræða upplýsingar um basaröð eða annars konar upplýsingar sem að gagni gætu komið vegna slíkrar skrár.
- B. *Eftirfarandi viðbótarupplýsingar við a-lið 1. mgr. 20. gr. reglugerðarinnar skulu koma fram í umsókn um markaðssetningu eftir því sem við á:*
1. til hvaða ráðstafana skal grípa ef erfðabreyttar lífverur sleppa út fyrir slyzni eða ef varan er misnotuð;
  2. nákvæmar leiðbeiningar um geymslu og meðferð vörunnar;
  3. áætlaða framleiðslu og/eða innflutning til ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu;
  4. hvers konar umbúðir fyrirhugað er að nota. Nota skal viðeigandi umbúðir til að tryggja að erfðabreyttar lífverur sleppi ekki út fyrir slyzni á meðan á geymslu vörunnar stendur eða síðar;
  5. fyrirhugaða merkingu. Í merkingu verða að minnsta kosti að koma fram þær upplýsingar sem krafist er í liðum A.1, A.2, A.3, B.1 og B.2.
- C. *Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í umsókn um markaðssetningu í samræmi við 19. gr. reglugerðarinnar:*
- Fyrirhuguð merking. Á merkimiða eða í fylgimiða með vörunni skulu koma fram vísbendingar um að hún samanstandi af eða innihaldi erfðabreyttar lífverur. Þegar um er að ræða markaðssetningu vöru sem er blanda af erfðabreyttum lífverum og lífverum sem ekki hefur verið erfðabreytt, nægir að fram komi að varan geti hugsanlega innihaldið erfðabreyttar lífverur.

## REGLUGERÐ

### um eignir sem telja má til gjaldþols váttryggingafélaga og útreikning lágmarksgjaldþols.

#### I. KAFLI

##### Gildissvið.

###### 1. gr.

Reglugerð þessi skilgreinir nánar þá liði sem telja má til gjaldþols váttryggingafélags skv. 29. gr. laga nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi með síðari breytingum. Jafnframt er kveðið á um útreikning á lágmarksgjaldþoli váttryggingafélaga til fyllingar 30. og 31. gr. sömu laga.

#### II. KAFLI

##### Gjaldþolsliðir.

###### 2. gr.

Gjaldþol váttryggingafélags er eigið fé þess með frávikum sem tilgreind eru hér á eftir. Gjaldþol félags fæst með því að leggja saman töluliði 1 - 10 og draga frá töluliði 11- 13:

1. *Innborgað hlutafé eða stofnfé.* Undir 1. tölulið 29. gr. laga um váttryggingastarfsemi fellur eingöngu innborgað hlutafé sem ekki er forgangshlutafé eða innborgað stofnfé sem ekki fellur undir aðra töluliði.
2. *Helmingur óinnborgaðs hlutafjár eða stofnfjár.* Undir 2. tölul. 29. gr. laganna fellur eingöngu óinnborgað hlutafé sem ekki er forgangshlutafé, enda sé minnst fjórðungur hlutafjár innborgaður. Sömu ákvæði gilda um óinnborgað stofnfé að teknu tilliti til 5. töluliðs.
3. *Varasjóðir sem ekki eru til að mæta skuldbindingum félagsins.* Undir 3. tölul. 29. gr. laganna falla yfirverðsreikningur hlutafjár eða stofnfjár, lögbundinn varasjóður, endurmatsreikningur og aðrir varasjóðir sem ekki eiga að mæta váttryggingaskuldbindingum eða öðrum sérstökum skuldbindingum félagsins. Geymslufé útibús váttryggingafélags með aðalstöðvar utan Evrópska efnahagssvæðisins skv. 72. gr. laganna fellur undir þennan tölulið.
4. *Óráðstafaður hagnaður að frádregnu ójöfnuðu tapi.* Undir 4. tölul. 29. gr. laganna fellur óráðstafað eigið fé.
5. *Framlög eigenda gagnkvæmra váttryggingafélaga.* Til gjaldþols gagnkvæms váttryggingafélags skv. 5. tölul. 29. gr. laganna má telja:
  - a. Skuldir við eigendur, enda sé í stofnsamningi eða samþykktum kveðið á um að ekki sé heimilt að greiða eigendum þessar skuldir, ef það hefði í för með sér að gjaldþol færi niður fyrir tilskilið lágmark, og einnig að við félagsslit skuli fyrst gera upp allar aðrar skuldir félagsins. Enn fremur skal í stofnsamningi eða samþykktum kveðið á um að Váttryggingaeftirlitinu skuli tilkynnt um greiðslur slíkra skulda, nema þær tengist lokum aðildar einstakra félagsmanna að félaginu, með að minnsta kosti eins mánaðar fyrirvara og að Váttryggingaeftirlitið geti lagt bann við útborgun innan þess frests. Umrædd ákvæði og breytingar á þeim öðlast ekki gildi nema með samþykki Váttrygginga-  
eftirlitsins.
  - b. Kröfur um viðbótarframlög eða aukaiðgjöld sem gagnkvæm váttryggingafélög önnur en líftryggingafélög, eða félög hliðstæðrar gerðar með breytilegum framlögum, mega gera á hendur félagsmönnum á reikningsárinu, allt að helming mismunar á hámarki þess sem krefjast má og þess sem þegar hefur verið krafist. Þessar kröfur mega samanlagt ekki vera meira en helmingur gjaldþols.
6. *Duldir sjóðir vegna ofmats eða vanmats efnahagsliða.* Því aðeins má beita ákvæði 6. tölul. 29. gr. laganna að tilvist hinna duldu sjóða sé rökstudd og sýnt sé fram á að þeir séu af

varanlegum toga. Vátryggingaeftirlitið leggur mat á greinargerð félags um þessa liði. Vátryggingaskuld, þar með talin útjöfnunarskuld, og líftryggingaskuld, þar með talin ágóðaskuld samkvæmt reiknigrundvelli líftryggingafélags, telst ekki til gjaldþols. Þó getur Vátryggingaeftirlitið við sérstakar aðstæður heimilað að óráðstöfuð ágóðajöfnunarskuld líftryggingafélags sem ekki er ákveðin samkvæmt reiknigrundvelli eða óráðstöfuð ágóðaskuld annars vátryggingafélags en líftryggingafélags verði reiknuð sem hluti af gjaldþoli félagsins.

7. *Forgangshlutafé og víkjandi lán.* Forgangshlutafé og víkjandi lán má telja til gjaldþols skv. 7. tölul. 29. gr. laganna ef bindandi samkomulag er um að það víki fyrir öllum skuldum sem ekki eru víkjandi og að það verði ekki endurgreitt fyrr en þær skuldir hafa verið greiddar við gjaldþrot eða slit vátryggingafélags. Víkjandi lán skal einnig uppfylla eftirtalin skilyrði:

a. Aðeins er heimilt að telja með innborgaðar fjárhæðir.

b. Upphaflegur lánstími lána með föstum lánstíma skal ekki vera skemmri en fimm ár. Eigi síðar en einu ári áður en kemur að endurgreiðslu skal vátryggingafélagið leggja áætlun fyrir Vátryggingaeftirlitið til samþykktar er sýni fram á fullnægjandi gjaldþol félagsins á gjalddaga nema vægi eftirstöðva lánsins hafi smám saman minnkað í hlutfalli við gjaldþol félagsins á minnst fimm ára tímabili fyrir umsaminn gjalddaga. Sæki vátryggingafélagið um að flýta endurgreiðslu slíkra lána getur Vátryggingaeftirlitið heimilað það að því tilskildu að gjaldþol fari ekki niður fyrir tilskilið lágmark.

c. Lán sem eru ekki með föstum lánstíma skulu vera með a.m.k. fimm ára uppsagnarfresti, nema þau séu ekki lengur talin til gjaldþols félagsins eða að endurgreiðslur fyrir gjalddaga séu háðar samþykki Vátryggingaeftirlitsins. Verður vátryggingafélagið þá að óska eftir slíku samþykki að minnsta kosti sex mánuðum fyrir áætlaðan greiðsludag, og tilgreina áætlað gjaldþol og lágmarksgjaldþol bæði fyrir og eftir endurgreiðslu. Því aðeins skal heimila endurgreiðslu að gjaldþol vátryggingafélagsins fari ekki niður fyrir lágmarksgjaldþol.

d. Lánssamningurinn má ekki fela í sér ákvæði sem gera ráð fyrir endurgreiðslu fyrr en á gjalddaga, nema vátryggingafélaginu verði slitið.

e. Samþykki Vátryggingaeftirlitsins þarf til að breyta lánssamningum.

Gjaldþolsliðir samkvæmt þessum tölulið mega ekki fara yfir 50% af heildargjaldþoli og þar af mega víkjandi lán með fastan lánstíma og heildarfjárhæð forgangshlutafjár með fastan innlausnartíma ekki fara yfir 25% gjaldþols samtals.

8. *Skuldabréf án tiltekins lánstíma og aðrir fjármálasamningar.* Til gjaldþols vátryggingafélags skv. 8. tölul. 29. gr. laganna má telja innborgaðar fjárhæðir samkvæmt skuldabréfum án tiltekins lánstíma og öðrum fjármálasamningum, svo sem forgangshlutafé sem ekki fellur undir 7. tölul., ef samningarnir uppfylla eftirtalin skilyrði:

a. Ekki megi endurgreiða þau að frumkvæði handhafa og ekki án samþykkis Vátrygginga-  
eftirlitsins.

b. Samið er um að vátryggingafélagið megi fresta greiðslu á vöxtum.

c. Kröfur á hendur vátryggingafélaginu samkvæmt þessum tölulið skuli víkja fyrir öllum öðrum kröfum sem ekki eru víkjandi.

d. Skjalfest sé við útgáfu skuldabréfanna að eftirstöðvar og ógreidda vexti megi nota til að mæta tapi þannig að vátryggingafélagi sé kleift að halda áfram starfsemi sinni.

Gjaldþolsliðir samkvæmt þessum tölulið að viðbættum gjaldþolsliðum skv. 7. tölul. mega samanlagt ekki fara yfir 50% af gjaldþoli.

9. *Framtíðarhagnaður af líftryggingum.* 50% áætlaðs framtíðarhagnaðar að fenginni heimild Vátryggingaeftirlitsins. Líftryggingafélag sem óskar eftir slíkri heimild skal senda Vátryggingaeftirlitinu umsókn þess efnis fyrirfram ásamt rökstuddri greinargerð. Framtíðarhagnað skal þá áætla með því að margfalda árlegan hagnað með stuðli sem svarar til gildis-

tíma líftrygginganna sem eftir er í árum talið, þó ekki með hærri stuðli en 10. Með árlegum hagnaði er átt við meðaltal hagnaðar á líftryggingarekstri samkvæmt rekstrarreikningi fimm undangengin ár í viðkomandi greinum líftrygginga.

10. *Hluti iðgjaldaskuldar í líftryggingum með eða án Zillmer-aðferðar.* Þegar Zillmer-aðferð er ekki beitt eða henni er beitt og kostnaðarálag vegna öflunar líftrygginga er lægra en álagið sem fólgið er í iðgjöldum vegna öflunar líftrygginganna, skal reikna til gjaldþols mismuninn á iðgjaldaskuld án Zillmer-aðferðar eða iðgjaldaskuld með Zillmer-aðferð að hluta og iðgjaldaskuld þar sem reiknað er samkvæmt Zillmer-aðferð með öflunarkostnaði að fullu eins og í reiknigrundvelli iðgjalda. Fjárhæðin sem færð er til gjaldþols samkvæmt þessum tölulíð má þó aldrei vera hærri en 3,5% af mismun líftryggingafjárhæða og iðgjaldaskuldar samanlagt vegna líftryggingasamninga þar sem unnt er að beita Zillmer-aðferð. Frá þessum mismun skal draga allan óafskrifaðan eignfærðan öflunarkostnað.

11. *Óefnislegar eignir.* Óefnislegar eignir í efnahagsreikningi skulu koma til frádráttar eigninfjárliðum efnahagsreiknings.

12. *Nauðsynlegar afskriftir og niðurfærslur.* Sé nauðsynlegt að afskrifa eða niðurfæra eignaliði umfram það sem gert er í efnahagsreikningi skal það koma til lækkunar gjaldþoli. Meðal annars skal hafa hliðsjón af atriðum utan efnahags.

13. Ef horfur eru á að gjaldþol verði einhvern tímann á næstu þremur árum lægra en gjaldþol reiknað skv. 1.- 12. tölul. skal til viðbótar færa gjaldþolið niður um muninn á ofantöldum liðum og áætluðu lægsta gjaldþoli á næstu þremur árum.

### III. KAFLI

#### Útreikningur lágmarksgjaldþols o.fl.

##### *Bókfærð iðgjöld.*

##### 3. gr.

Þegar lágmarksgjaldþol er metið skv. 1. tölul. 1. mgr. 30. gr. laga um váttrygginga-starfsemi skal leggja við bókfærð iðgjöld félagsins samkvæmt rekstrarreikningi bókfærð viðbótarframlög og aukaiðgjöld sem eru ígildi iðgjalda, þótt þau hafi verið færð undir aðra liði í rekstrarreikningi.

##### *Tjónsfjárhæðir.*

##### 4. gr.

Við ákvörðun meðaltjónsfjárhæðar félags skv. 2. tölul. 1. mgr. 30. gr. laga um váttryggingastarfsemi skal fyrst færa tjónsfjárhæð hvers árs til verðlags í lok síðasta reikningsárs ef eitthvert eftirtalinna skilyrða er uppfyllt:

1. Verðlag hækkaði meira en 5% á síðasta reikningsári.
2. Verðlag hækkaði meira en 10% á síðustu þremur reikningsárum.
3. Verðlag hækkaði meira en 20% á síðustu sjö reikningsárum og félagið rekur aðallega starfsemi í óveðurs-, hagl- eða frostskaðatryggingum eða í greiðsluváttryggingum.

Miða skal við vísitölu neysliverðs nema félagið reki aðallega starfsemi í váttryggingum fasteigna, þá skal miða við vísitölu byggingarkostnaðar. Við mat á verðlagsbreytingum skal nota vísitölur sem mæla verðlag í desembermánuði.

Reki váttryggingafélag starfsemi í ferðamannaáðstoð skv. 18. tölul. 1. mgr. 22. gr. laga um váttryggingastarfsemi skal leggja við tjónsfjárhæðir í þeirri grein allan kostnað sem félagið hefur borið vegna veittrar aðstoðar, jafnvel þótt hann kunni að falla undir aðra liði í rekstrarreikningi.



*Sjúkratryggingar samkvæmt tæknilegum reiknigrundvelli.*

## 5. gr.

Þegar lágmarksgjaldþol váttryggingafélags er reiknað samkvæmt 1. og 2. tölul. 30. gr. laga um váttryggingastarfsemi skal í sjúkratryggingum sem reknar eru samkvæmt tæknilegum reiknigrundvelli miða við 6% eða 5,33% bókfærðra iðgjalda í stað 18% eða 16%, og 8,67% eða 7,67% meðaltjónsfjárhæðar á síðustu þremur árum í stað 26% eða 23%, þ.e. stuðlarnir sem margfaldað er með verða 1/3 þess sem þar segir.

Sjúkratryggingar teljast reknar samkvæmt tæknilegum reiknigrundvelli þegar eftirfarandi skilyrðum er öllum fullnægt:

1. Iðgjöld eru reiknuð samkvæmt tryggingastærðfræðilegum aðferðum út frá sjúkratöflum.
2. Váttryggingaskuld tekur mið af hækkanði aldri.
3. Kveðið er á um greiðslu viðbótariðgjalda til að koma upp hæfilegu öryggisálagi.
4. Váttryggingafélagið má segja váttryggingasamningum upp fyrir lok 3. váttryggingaárs í síðasta lagi.
5. Váttryggingasamningar kveða á um að hækka megi iðgjöld eða lækka bætur á váttryggingatímabilinu.

*Lágmark gjaldþols líftryggingafélaga.*

## 6. gr.

Líftryggingafjárhæð skv. 2. tölul. 1. mgr. 31. gr. laga um váttryggingastarfsemi svarar til þeirrar fjárhæðar sem líftryggingafélagið ber áhættu af gagnvart hinum líftryggða í lok reikningsárs, þ.e. frá líftryggingafjárhæð sem við andlát yrði greidd vegna hvers líftryggingasamnings skal draga iðgjaldaskuld sem félagið hefur lagt til hliðar vegna þess samnings. Sé mismunurinn neikvæður skal ekki taka viðkomandi samning með þegar lagt er saman.

Stuðullinn í 1. tölul. 1. mgr. 31. gr. laga um váttryggingastarfsemi skal vera 1% í stað 4% fyrir þann hluta líftryggingasamnings þar sem líftryggingataki ber alla fjárfestingaráhættuna og samningurinn er til að minnsta kosti fimm ára og kostnaðarhluti iðgjalda er jafnframt bundinn í að minnsta kosti fimm ár. Beri líftryggingafélagið einhverja fjárfestingaráhættu er stuðullinn 4%. Til viðbótar komi líftryggingafjárhæð skv. 1. mgr. þessarar greinar margfölduð með stuðli skv. 2. tölul. 1. mgr. 31. gr. og á þann hátt sem þar segir, að svo miklu leyti sem dánaráhætta er fyrir hendi á líftryggingasamningum þar sem líftryggingatakin ber alla fjárfestingaráhættuna.

Til lágmarksgjaldþols skal reikna 1% samanlagðra eigna söfnunarsjóða sem líftryggingafélag hefur til ávöxtunar fyrir hönd sjóðfélaga þegar hlutverk sjóðsins er dreifing sjóðs-inneignar til þeirra.

*Gildistökuákvæði.*

## 7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 98. gr. laga nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi með síðari breytingum og skv. 29., 30. og 31. gr. sömu laga til að ljúka lögfestingu ákvæða 16. gr. tilskipunar 73/239/ESB og 18. og 19. gr. tilskipunar 79/267/ESB, svo og til þess að ákvarða hvernig taka skuli tillit til verðlagsbreytinga við útreikning gjaldþols.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytinu, 22. júlí 1997.*

F. h. r.

**Halldór J. Kristjánsson.**

---

*Kjartan Gunnarsson.*

## REGLUGERÐ

### um Eftirlaunasjóð starfsmanna Útvegsbanka Íslands.

#### 1. gr.

Eftirlaunasjóðurinn er sjálfstæð stofnun undir eigin stjórn.

Stjórn sjóðsins skal skipuð tveimur fulltrúum fjármálaráðherra og tveimur fulltrúum sjóðfélaga. Fulltrúar sjóðfélaga skulu valdir á almennum fundi sjóðfélaga. Fjármálaráðherra tilnefnir formann sjóðstjórnar. Kjörtímabil stjórnar er þrjú ár.

Noti sjóðfélagar ekki rétt sinn til að velja menn í stjórn tilnefnir fjármálaráðherra menn í þeirra stað svo að hún verði fullskipuð.

Reikningshald og dagleg afgreiðsla sjóðsins skal vera með þeim hætti sem fjármálaráðuneytið ákvarðar. Reikningsár hans er almanaksárið.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðun eða löggiltum endurskoðanda sem hún vísar á. Ennfremur skulu þeir endurskoðaðir af tveimur skoðunarmönnum. Skal annar tilnefndur af fjármálaráðherra en hinn kosinn á almennum fundi sjóðfélaga. Kjörtími þeirra skal vera sá sami og kjörtími stjórnarmanna.

#### 2. gr.

Sjóðurinn hefur það hlutverk að greiða sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.

Stjórn sjóðsins sér um ávöxtun á fé hans og skal það ávaxtað á eftirfarandi hátt:

1. Í ríkisskuldabréfum og skuldabréfum tryggðum með ábyrgð ríkissjóðs.
2. Í bönkum og sparisjóðum.

Er skuldbindingum sjóðsins er lokið að mati sjóðstjórnar tekur hún ákvörðun um slit sjóðsins. Ákvörðun stjórnar sjóðsins um slit hans skal þegar í stað borin undir fjármálaráðuneytið er staðfestir og annast formleg slit Eftirlaunasjóðs starfsmanna Útvegsbanka Íslands.

#### 3. gr.

Hið fimmta hvert ár skal stjórn sjóðsins láta tryggingafræðing rannsaka fjárhag sjóðsins. Auk þess er stjórn sjóðsins skylt að láta rannsókn fara fram, hvenær sem telja má hættu á að veruleg breyting til hins verra hafi orðið á fjárhag sjóðsins frá síðustu athugun.

Leiði rannsókn tryggingafræðings það í ljós að fjárhagur sjóðsins sé ótryggur ber stjórn sjóðsins að vekja athygli fjármálaráðuneytisins á því.

#### 4. gr.

Allir sem störfuðu hjá Útvegsbanka Íslands og greiddu iðgjöld til sjóðsins án þess að hafa fengið iðgjöld endurgreidd skulu vera sjóðfélagar.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með tillagi sínu fram til lokunar sjóðsins.

#### 5. gr.

Sjóðurinn tekur ekki við iðgjöldum.

#### 6. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. másl. 2. mgr. 14. gr. viðauka I við reglugerð þessa skulu eftirlaun og makalífeyrir þeirra sem starfað hafa samfellt sex ár í Útvegsbanka Íslands eða sex ár

samanlagt í Útvegsbanka Íslands, Fiskveiðasjóði, Útvegsbanka Íslands hf. og/eða Íslandsbanka hf. miðast við laun eins og þau eru þegar lífeyrisgreiðslur byrja.

7. gr.

Rísi ágreiningur milli sjóðfélaga og sjóðstjórnar um hvernig skilja beri ákvæði í reglugerðinni, er heimilt að leggja málið fyrir gerðardóm, þar sem sjóðfélagi tilnefnir einn gerðardómsmanna, sjóðstjórn annan og skulu þeir koma sér saman um oddamann. Komi þeir sér ekki saman um oddamann eða ef annar hvor aðili tilnefnir ekki mann, skal dómstjórnin í Reykjavík tilnefna mann eða menn, svo að gerðardómurinn verði fullskipaður. Um kostnað vegna gerðardómsins úrskurðar gerðardómur.

8. gr.

Um þau atriði sem ekki er kveðið á um í reglugerð þessari, þ.m.t. réttindi sjóðfélaga fer eftir því sem við á samkvæmt reglugerð þeirri sem gildi tók hinn 1. janúar 1983. Skal sú reglugerð fylgja þessari reglugerð sem viðauki. Jafnframt er kveðið á um réttindi sjóðfélaga í 6. gr. laga nr. 7/1987, um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands og skal sú lagagrein einnig vera viðauki við reglugerð þessa.

9. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi við birtingu hennar.

Með vísan til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerð þessi hér með.

*Fjármálaráðuneytinu, 10. júlí 1997.*

F. h. r.

**Magnús Pétursson.**

*Indriði H. Þorláksson.*

VIÐAUKI I

**Reglugerð  
um Eftirlaunasjóð starfsmanna Útvegsbanka Íslands.**

1. gr.

Eftirlaunasjóðurinn er sjálfstæð stofnun undir eigin stjórn. Í stjórn eru þrír menn, formaður bankaráðs, einn bankastjóri valinn af bankastjórn, og hinn þriðji kosinn af sjóðfélögum til þriggja ára í senn. Noti framkvæmdastjórn eða sjóðfélagar eigi rétt sinn til að velja menn í stjórn sjóðsins, skipar bankaráðið í stjórn sjóðsins, svo að hún verði fullskipuð.

Eignir sjóðsins eru aðskildar frá eignum bankans en reikningshald sjóðsins hefur Útvegsbankinn. Ársreikningur hans, sem miðast við almanksárið skal endurskoðaður af endurskoðendum bankans fyrir marslok ár hvert.

Sjóðurinn tók til starfa 1. október 1934.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að sjá starfsmönnum bankans, eftirlifandi mökum þeirra og börnum í ómegð fyrir lífeyri eftir þeim reglum, sem á eftir fara, í reglugerð þessari.

Stjórn sjóðsins sér um ávöxtun á fé hans og skal það ávaxtast á eftirfarandi hátt:

1. Í lánum tryggðum með veði í fasteignum, þó eigi almennt yfir 50% af brunabótamati. Sjóðstjórninni er þó heimilt að veita starfsmönnum bankans lán tryggð með fasteignaveði allt að 75% af brunabótamati hinnar veðsettu eignar.
2. Í sparisjóðsdeild Útvegsbanka Íslands.
3. Í ríkisskuldabréfum og skuldabréfum tryggðum með ábyrgð ríkissjóðs.
4. Í eignalóðum í kaupstöðum og kaupþúnum, þó ekki yfir 75% af fasteignamati lóða.

### 3. gr.

Stjórn sjóðsins setur nánari reglu um lánveitingar skv. 1. mgr. 2. greinar reglugerðar þessar.

Hið þriðja hvert ár skal stjórn sjóðsins láta tryggingafræðing rannsaka fjárhag sjóðsins. Auk þess er stjórn sjóðsins skylt að láta rannsókn fara fram, hvenær sem telja má hættu á, að veruleg breyting til hins verra hafi orðið á fjárhag sjóðsins frá síðustu athugun.

Leiði rannsókn á sjóðnum það í ljós, að fjárhagur sjóðsins sé ótryggur skal stjórn sjóðsins vekja athygli bankastjórnar Útvegsbankans á því vegna ábyrgðar bankans á skuldbindingum sjóðsins. Skal grundvöllur sjóðsins þá tekinn til athugunar og gangskör gerð að því að koma fjárhag hans í öruggt horf, þó þannig að ekki þurfi að skerða réttindi sjóðfélaga til eftirlauna.

### 4. gr.

Allir starfsmenn bankans sem náð hafa 16 ára aldri skulu vera sjóðfélagar og greiða iðgjöld til sjóðsins meðan þeir starfa í bankanum sbr. þó 1. og 3. mgr. 6. gr. Undanskildir eru:

- a. Bankastjórnar sem bankaráð hefur tryggt lífeyrisrétt á annan hátt.
- b. Þeir starfsmenn sem ekki sinna daglegum bankastörfum.
- c. Þeir starfsmenn sem aðild eiga að öðrum lífeyrissjóðum.

Þeir, sem gerast starfsmenn bankans yngri en 16 ára verða ekki sjóðfélagar fyrr en um næstu mánaðamót eftir að þeir hafa náð þeim aldri.

Sá tími sem iðgjöld eru greidd til sjóðsins vegna sjóðfélaga telst starfstími hans. Sá starfstími þarf ekki að vera samfelldur.

### 5. gr.

Sjóðfélagar greiða 4% af föstum mánaðarlaunum sínum að meðtöldum verðlagsuppbótum í iðgjöld til sjóðsins og skal upphæðinni haldið eftir mánaðarlega af launum þeirra, uns þeir hafa greitt iðgjöld í 35 ár eða hafa ná 55 ára aldri, hvort sem síðar verður. Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með tillagi sínu. Bankinn greiðir 8% af sömu launum sjóðfélaga í iðgjöld til sjóðsins, samtímis því að iðgjöld sjóðfélaga eru greidd sjóðnum. Bankinn greiðir einnig til sjóðsins iðgjaldshluta þeirra sjóðfélaga sem greitt hafa iðgjöld í 35 ár eða til 55 ára aldurs meðan þeir starfa í bankanum.

Bankinn ber ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins þar til eignir hans nægja fyrir skuldbindingum hans.

### 6. gr.

Heimilt er starfsmanni að láta af störfum, með rétti til eftirlauna, hvenær sem er, eftir að hann er orðinn 65 ára, en getur þó verið áfram við störf, njóti hann nægilegrar starfsorku að dómi trúnaðarlæknis hlutaðeigandi banka, þó eigi lengur en þar til hann er fullra 70 ára að aldri. Getur hann með því unnið sér viðbótar lífeyrisréttindi, hafi hámarki eigi verið náð, enda sé iðgjaldagreiðslum haldið áfram, meðan hann starfar í bankanum (sbr. 1. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar og 1. mgr. 5. gr.).

## 7. gr.

Hver sjóðfélagi, sem lætur af starfi og greitt hefur iðgjald til sjóðsins í 6 ár eða lengur og orðinn er 65 ára að aldri, á rétt á árlegum eftirlaunum úr sjóðnum. Skulu eftirlaunin nema ákveðnum hundraðshluta af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því, sem sjóðfélagi gegndi síðast, svo sem hér greinir:

Starfstími	Eftirlaun	Starfstími	Eftirlaun	Starfstími	Eftirlaun
6 ár	12%	16 ár	32%	26 ár	52%
7 ár	14%	17 ár	34%	27 ár	54%
8 ár	16%	18 ár	36%	28 ár	56%
9 ár	18%	19 ár	38%	29 ár	58%
10 ár	20%	20 ár	40%	30 ár	60%
11 ár	22%	21 ár	42%	31 ár	63%
12 ár	24%	22 ár	44%	32 ár	66%
13 ár	26%	23 ár	46%	33 ár	69%
14 ár	28%	24 ár	48%	34 ár	72%
15 ár	30%	25 ár	50%	35 ár	75%

Sjóðfélagi sem náð hefur 60 ára aldri og hefur samanlagðan aldur og starfsaldur 95 ár getur hætt störfum og tekur þá eftirlaun samkvæmt töflu hér að framan.

Nú starfar sjóðfélagi áfram í bankanum eftir að hann er 60 ára og hann hefur öðlast rétt til 75% eftirlauna, skal hann þá hljóta 2% hækkun eftirlauna fyrir hvert fullt starfsár, þar til 85% hámarki er náð.

Upphæð eftirlauna samtals má aldrei nema meiru en 85% af launum þeim sem á hverjum tíma fylgja starfi því, er sjóðfélagi lét af.

Nú hækka eða lækka laun starfsmanna bankans eftir að starfsmanni hefur verið ákvarðaður ellilífeyrir eða örorkulífeyrir að loknu starfi, og breytast þá eftirlaun eða örorkulífeyrir í samræmi við það. Sama gildir um eftirlaun maka. Nú frestar sjóðfélagi töku lífeyris og tekur jafnframt við öðru starfi lægra launuðu en því, er hann gegndi áður, og skal þá reikna lífeyri eftir því starfinu, sem hærra var launað.

## 8. gr.

Hver sjóðfélagi, sem ófær verður til að gegna starfi sínu eða missir einhvern hluta af launum sínum vegna varanlegrar örorku á rétt á örorkulífeyri ef trúnaðarlæknir bankans metur örorkuna meira en 10%.

Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar, sem öryrkinn gegndi, er hámark hins árlega örorkulífeyris hans jafnhátt ellilífeyri þeim, er hann hefði öðlast rétt til, ef hann hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs. Endranær miðast hámark örorkulífeyris við starfstíma og laun þau er á hverjum tíma fylgja starfi því sem sjóðfélagi gegndi síðast, með sama hætti og segir í 7. gr. Örorkulífeyrir hvers einstaks er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri hans samkv. 2. mgr. þessarar greinar sem örorka hans er metin. Enginn getur fengið örorkulífeyri meðan hann heldur fullum launum, þrátt fyrir örorkuna.

Skýlt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti.

Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn ef örorkan vex til muna, og án sjálfskaparvita frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi öryrkinn á þeim tíma, sem örorkan óx, ekki verið í þjónustu annarra en bankans.

## 9. gr.

Nú andast sjóðfélagi og lætur eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum, enda hafi hinn látni greitt iðgjöld til sjóðsins í 6 ár eða lengri tíma, og hjónabandinu eigi slitið að lögum áður en hann lést.

Upphæð lífeyris hins eftirlifandi maka fer eftir starfstíma hins látna og launum þeim er á hverjum tíma fylgja starfi því er hinn látni gegndi síðast:

6 ár	17%	9 ár	23%
7 ár	19%	10 ár	25%
8 ár	21%		

og hækkar síðan fyrir hvert starfsár um 1% af árslaunum uns hámarkinu 50% af árslaunum er náð eftir 35 ára starfstíma.

Sé hinn eftirlifandi maki yngri en 50 ára og hafi hann verið meira en 10 árum yngri en hinn látni, lækkar lífeyrir hans um 1% af árslaunum fyrir hvert ár, sem aldursmuninum nemur umfram 10 ár. Þó skal frádrátturinn ekki vera fleiri hundraðshlutar af árslaunum en ár þau, sem hinn eftirlifandi maka vantar í 50 ár.

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband eftir að hann var orðinn 60 ára eða á þeim tíma, er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann er lagstur banaleguna, og úrskurðar þá stjórn sjóðsins hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum, eða einhverjum öðrum lífeyrissjóði. Þessi regla gildir, ef hinn eftirlifandi maki býr samvistum með manni eða konu meðan samvistum er eigi slitið.

Nú andast sjóðfélagi og lætur eftir sig maka, sem ekki hefur búið með honum undanfarin 2 ár og getur sjóðstjórn þá ákveðið makanum lægri lífeyri en hann hefur átt rétt til samkvæmt þessari grein í hlutfalli við þann tíma er þau hafa verið samvistum, enda hafi sjóðnum verið tilkynnt um það bréflaga.

Þegar sjóðfélagi deyr, sem verið hefur tvígiftur og lætur eftir sig tvo maka á lífi, skiptist makalífeyrinn, milli þeirra í beinu hlutfalli við þann tíma, sem hvor þeirra hefur verið giftur hinum látna sjóðfélaga á þeim tíma, sem hann ávann sér lífeyrisréttindi og/eða naut lífeyris úr sjóðnum. Ef annar hinna eftirlifandi maka giftist að nýju, fellur allur lífeyririnn til hins, en skiptist aftur sé því hjónabandi slitið, enda veiti síðara hjónabandið ekki rétt til lífeyris úr sjóðnum eða öðrum hliðstæðum sjóði. Hliðstæð regla gildir séu réttthafar makalífeyris fleiri en tveir.

Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka, en einstæð móðir hans, ógift systir eða annar ógiftur aðili hefur sannanlega annast heimili hans um árabil fyrir andlát hans og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri svo sem um ekkju eða ekkil væri að ræða.

Á sama hátt er sjóðstjórn heimilt að greiða sambúðarmanni eða sambúðarkonu lífeyri í samræmi við ákvæði 2. og 3. mgr.

## 10. gr.

Börn og kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig er hann andast og yngri eru en 18 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þar til þau eru fullra 18 ára að aldri, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Sama gildir um börn og kjörbörn er sá sjóðfélagi lætur eftir sig er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum er hann andaðist. Þó getur sjóðstjórnin ákveðið að þetta taki ekki til kjörbarna, er sjóðfélagi hefur tekið að sér eftir að hann varð 60 ára.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lifi, er sér um framfærslu þess, er lífeyrir þess úr þessum sjóði 50% af barnalífeyri almannatrygginga. Að öðrum kosti er lífeyririnn jafn barnalífeyri almannatrygginga.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn sjóðfélaga ef hann verður öryrki, þó þannig að lífeyrir þeirra skal nema sama hundraðshluta af barnalífeyri úr þessum sjóði og örorka sjóðfélaga er metin sbr. 2. mgr. þessarar greinar.

#### 11. gr.

Nú hækkar elli-, örorku- eða makalífeyrir af þeim orsökum sem um er getið í 5. mgr. 7. gr., eða barnalífeyrir vegna hækkunar á barnalífeyri almannatrygginga, og endurgreiðir bankinn þá sjóðnum slíkar hækkanir frá 1. janúar 1983.

#### 12. gr.

Erfingjar látins sjóðfélaga eiga rétt á greiðslu úr sjóðnum við lát hans að fjárhæð er samsvari 2/3 hlutum mánaðarlauna samkv. 7. launaflokki III. þrepi samkv. kjarasamningum bankamanna með þeirri verðlagsuppbót sem greidd er á laun á hverjum tíma.

#### 13. gr.

Sjóðfélagi, sem fer úr þjónustu bankans, en tekur við starfi hjá honum aftur innan 5 ára, skal eiga þess kost að greiða iðgjöld til sjóðsins (12%) með vöxtum og vaxtavöxtum fyrir þann tíma, sem hann var fjarverandi frá bankanum, og reiknast þá starfstími hans samkvæmt því í samræmi við starf það er hann lét af, enda hafi hann látið fyrri iðgjöld sín vera óhreyfð í sjóðnum.

Ákvæði þetta gildir þó ekki hafi hann áunnið sér lífeyrisréttindi í öðrum sjóði á þessum tíma.

#### 14. gr.

Nú lætur sjóðfélagi í lifanda lífi af starfi sínu í bankanum af öðrum ástæðum en elli eða örorku og á hann þá rétt á að fá endurgreidd með vöxtum iðgjöld þau, er hann hefur greitt í sjóðinn, ef slík endurgreiðsla brýtur ekki í bága við ákvæði laga nr. 9 frá 4. mars 1974 og nr. 55 frá 9. júní 1980 um rétt og skyldur launþega til að eiga aðild að lífeyrissjóði. Stjórn sjóðsins ákveður vextina, en þeir skulu ekki vera lægri en vextir af almennum sparisjóðsbókum á hverjum tíma.

Hafi sjóðfélagi verið í sjóðnum í 6 ár, er hann lætur af starfi sínu og á rétt til endurgreiðslu iðgjalda, skv. 1. mgr. þessarar greinar, getur hann valið um, hvort hann fær iðgjöld sín endurgreidd eða hann lætur þau standa inni í sjóðnum. Velji hann síðari kostinn, fellur niður réttur hans og skylda til að greiða framvegis til sjóðsins og réttur hans til örorkulífeyris. Eftirlaun hans eða lífeyrir eftirlátins maka miðast þá við starfstíma hans og laun þau er hann hafði er hann lét af starfi sínu í bankanum sbr. 7. og 9. gr., en tekur sömu breytingum og lífeyrir annarra, eftir að taka lífeyris hefst. Hafi hann öðlast a.m.k. 15 ára réttindi í sjóðnum, miðast eftirlaunin og makalífeyrir þó við laun eins og þau eru þegar lífeyrisgreiðslur byrja, sbr. 1. mgr. 7. gr. Hafi hann minna en 35 ára réttindi í sjóðnum, skal lífeyrir barna hans ákveðinn þannig, að fjárhæð barnalífeyris samkvæmt 2. mgr. 10. gr. skal margfölduð með hlutfallinu á milli þeirra eftirlauna sem sjóðfélagi hefur öðlast rétt til og þeirra eftirlauna sem hann hefði öðlast rétt til, ef hann hefði gengt starfi sínu í 35 ár.

Nú andast sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjald til sjóðsins skemmri tíma en 6 ár og skal þá endurgreiða eftirlifandi maka hans með vöxtum iðgjöld þau er hann greiddi til sjóðsins að frádregnum dánarbótum sem um ræðir í 12. gr. Endurgreiðslan er þó bundin því skilyrði, að hinn látni láti ekki eftir sig eitt eða fleiri börn eða kjörbörn sem taka lífeyri úr sjóðnum.

## 15. gr.

Verði sjóðfélagi fyrir slysi, sem veitir rétt til slysabóta samkvæmt almannatryggingalögnum, þá skulu þær koma til frádráttar greiðslum þeim úr sjóðnum, sem slysið kann að gefa tilefni til.

## 16. gr.

Verði elli-, örorku-, maka- eða barnalífeyrir, sem greiddur er samkvæmt þessari reglugerð, lægri en samsvarandi bætur samkvæmt almannatryggingalögum skal hann hækkaður um mismuninn.

Þegar starfsmaður fer úr sjóðnum án þess að fá eftirlaun eða deyr áður en rétturinn til makastyrks er genginn í gildi skal sjóðurinn greiða til almannatrygginganna þau iðgjöld, sem viðkomandi sjóðfélagi hefur fengið undanþágu frá að greiða. Gjald þetta skal dragast frá iðgjaldsendurgreiðslu þeirri sem kann að eiga sér stað samkvæmt 14. gr.

## 17. gr.

Nú flyst starfsmaður, er verið hefur sjóðfélagi í starfi, sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði sem stofnaður er með lögum, og má þá endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið í sjóðinn hans vegna. Það skilyrði er fyrir þessari endurgreiðslu, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði, er hann flyst til. Þó má aldrei endurgreiða hærri upphæð en þarf til að kaupa réttindi í hinum nýja sjóði, er svari til þess starfstíma, er sjóðfélaginn hafði öðlast.

Sjóðstjórninni er heimilt að nota sömu endurgreiðslureglur þegar sjóðfélagi flyst í annan sjóð, sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu enda gildi þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris eins og ákveðnar eru í þessari reglugerð.

Á sama hátt og greinir í 1. og 2. mgr. hér að framan heimilast sjóðstjórn að veita nýjum sjóðfélögum inngöngu í sjóðinn, sem flytjast úr öðrum lífeyrissjóðum stofnuðum með lögum eða viðurkenndum af fjármálaráðuneytinu, enda greiði hinn nýi sjóðfélagi fyrir þau réttindi, sama og sjóðfélagi hefur greitt, sem eins stendur á um.

Fé, sem yfirfært kann að hafa verið úr öðrum lífeyrissjóði, veitir ekki víðtækari endurgreiðslurétt en gildi í sjóðnum, sem það var yfirfært úr.

## 18. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að gera gagnkvæma samninga við aðra eftirlauna- og lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutnings o.fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma- og bótaákvæðum reglugerðarinnar í því skyni að koma í veg fyrir niðurfall réttinda þegar sjóðfélagi skiptir um starf og tvítryggingu réttinda sem ekki miðast við liðinn iðgjaldagreiðslutíma.

*Greinargerð:* Með sívaxandi fjölda lífeyrissjóða hefur flutningur iðgjalda og réttinda milli sjóða orðið sífellt meira vandamál, ekki síst vegna röskunar á verðgildi þeirra í vaxandi og stöðugri verðbólgu. Hafa lífeyrissjóðir því almennt tekið fyrir slíka flutninga og samið sín á milli um skiptingu lífeyrisgreiðslna þegar að lífeyrisaldri kemur. Enn er ekki búið að ganga frá slíkum samningum eftirlaunasjóðs bankanna innbyrðis eða við aðra lífeyrissjóði, en nauðsynlegt er að heimildarákvæði í þessu skyni sé tekið inn í reglugerð sjóðsins. Sambærileg grein í lögum um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda er 18. gr.



## 19. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt reglugerð þessari, og ekki má leggja lögöld á þær né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkum hátt.

## 20. gr.

Greiðslur úr sjóðnum, aðrar en dánarbætur samkvæmt 12. gr. skulu inntar af hendi með 1/12 ársgreiðslunnar fyrirfram á hverjum mánuði. Ef 5 ár líða, án þess að vitjað sé gjaldfallinnar greiðslu úr sjóðnum þá getur stjórn sjóðsins úrskurðað að réttur hlutaðeiganda sé niður fallinn og rennur þá upphæðin aftur í sjóðinn.

## 21. gr.

Rísi ágreiningur milli sjóðfélaga og sjóðstjórnar um það hvernig skilja beri ákvæði í reglugerðinni, skal málið lagt fyrir gerðardóm, þar sem sjóðfélagi tilnefnir einn gerðardómsmanna, sjóðstjórn annan og skulu þeir koma sér saman um oddamann. Komi þeir sér ekki saman um oddamann eða ef annar hvor aðili tilnefnir ekki mann, skal borgardómur í Reykjavík tilnefna mann eða menn, svo að gerðardómur verði fullskipaður. Um kostnað vegna gerðardómsins úrskurðar gerðardómur.

## 22. gr.

Engar breytingar skulu gerðar á reglugerð þessari, án þess að áður hafi verið leitað álits fundar sjóðfélaga um þær.

## 23. gr.

Reglugerð þessi gildir frá 1. janúar 1983.

## VIÐAUKI II

**6. gr. laga nr. 7/1987, um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands.**

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Útvegsbanka Íslands sem stofnað er til áður en bankinn er lagður niður með yfirtöku hlutafélagsbanka á honum skv. 1. gr. samkvæmt lögum þessum, sbr. og 2. mgr. Ríkisábyrgð á innstæðum Útvegsbanka Íslands fellur þó niður tveimur árum eftir yfirtöku hins nýja hlutafélagsbanka á Útvegsbanka Íslands, sbr. 1. mgr. 12. gr. Ríkissjóður ábyrgist jafnframt nýjar innstæður í hlutafélagsbanka skv. 1. gr. til sama tíma.

Ríkissjóður yfirtekur ábyrgð Útvegsbanka Íslands á skuldbindingum Eftirlaunasjóðs starfsmanna Útvegsbanka Íslands sem stofnast hafa fyrir gildistöku laga þessara eða stofnast munu fram að yfirtökudegi, sbr. 1. mgr. 12. gr. Eftirlaunasjóður Útvegsbanka Íslands flyst eigi til hlutafélagsbanka skv. 1. gr. og tekur sjóðurinn eftir yfirtökudag eigi lengur við iðgjöldum en skal starfræktur áfram til lúknings þeim skuldbindingum sem á honum hvíla.

Nú tekur maður, sem áður gengdi starfi hjá Útvegsbanka Íslands, við starfi hjá hlutafélagsbanka skv. 1. gr. og skal þá réttur hans til elli- og örorkulífeyris og réttur maka hans og barna til maka- eða barnalífeyris eða annar réttur skv. reglugerð um Eftirlaunasjóð starfsmanna Útvegsbanka Íslands sem í gildi er á yfirtökudegi, sbr. 1. mgr. 12. gr., eigi vera lakari en verið hefði ef hann hefði áfram greitt iðgjald til Eftirlaunasjóðs starfsmanna Útvegsbanka Íslands þann tíma sem hann starfar hjá hlutafélagsbanka skv. 1. gr. Ríkissjóður og hlutafélagsbanki skv. 1. gr. skulu þá greiða það sem á vantar að greiðslur úr Eftirlaunasjóði

starfsmanna Útvegsbanka Íslands og greiðslur, sem réttur hefur stofnast til úr þeim lífeyris-sjóði sem viðkomandi starfsmaður greiðir til meðan hann starfar hjá hlutafélagsbanka skv. 1. gr., séu samanlagt jafnháar og greiðslur hefðu numið úr Eftirlaunasjóði starfsmanna Útvegsbanka Íslands skv. þeirri reglugerð fyrir sjóðinn sem í gildi er á yfirtökudegi, sbr. 1. mgr. 12. gr., ef viðkomandi starfsmaður hefði áfram greitt til hans. Skal greiðsluhlutfall ríkissjóðs annars vegar og hlutafélagsbanka skv. 1. gr. hins vegar af þessum mismun vera hið sama og hlutfallslegur starfstími viðkomandi starfsmanns hjá hvorum aðila um sig. Ríkissjóður, hlutafélagsbanki skv. 1. gr. og Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands skulu semja sín á milli um nánari framkvæmd þessa ákvæðis og skal við það miðað að einn þessara aðila annist útborganir vegna viðkomandi starfsmanns en endurkrefji síðan hina og hlutaðeigandi lífeyrissjóð eftir því sem við á.

Eftir gildistöku laga þessara skal reglugerð um Eftirlaunasjóð starfsmanna Útvegsbanka Íslands endurskoðuð með tilliti til þeirra breytinga sem leiðir af lögum þessum. Fjármálaráðherra skal tilnefna einn fulltrúa í stjórn sjóðsins í stað formanns bankaráðs og eins banka-stjóra Útvegsbanka Íslands uns endurskoðun reglugerðar um sjóðinn er lokið, en við þá endurskoðun skal við það miðað að stjórn sjóðsins verði framvegis skipuð jafnmörgum mönnum frá fjármálaráðherra og þeim sem greitt hafa til sjóðsins. Heimilt skal að fela Tryggingastofnun ríkisins umsjón með rekstri sjóðsins, ávöxtun á fé hans og greiðslur úr honum.

Nr. 496

## REIKNINGUR

### Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og frú Þórunnar Hannesdóttur árið 1996.

#### Rekstrarreikningur fyrir árið 1996.

##### Tekjur

Vextir af bankainnstæðum .....	kr. 3.157,88
	3.157,88

##### Gjöld

Tekjur umfram gjöld .....	kr. 3.157,88
	3.157,88

#### Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1996.

##### Eignir

Bankainnstæður .....	kr. 56.377,48
	56.377,48

##### Skuldir

###### Höfuðstólsreikningur:

Hrein eign pr. 1. janúar 1996 .....	kr. 53.219,60	
Hreinar tekjur árið 1996 .....	kr. 3.157,88	kr. 56.377,48
		56.377,48

Samgönguráðuneytinu, 25. júlí 1997.

F. h. r.

**Halldór S. Kristjánsson.**

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á deiliskipulagi á raðhúsareit Eiðismýri 2-20, Seltjarnarnesi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 24. júlí 1997 staðfest deiliskipulag á raðhúsareit Eiðismýri 2-20, Seltjarnarnesi.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki bæjarstjórnar Seltjarnarness liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfissráðuneytinu, 24. júlí 1997.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*

Nr. 498

## REIKNINGUR

### Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar árið 1996.

#### Rekstrarreikningur fyrir árið 1996.

#### Tekjur

Vextir af bankainnstæðum .....	kr. 5.456,17
	5.456,17

#### Gjöld

Tekjur umfram gjöld .....	kr. 5.456,17
	5.456,17

#### Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1996.

#### Eignir

Bankainnstæður .....	kr. 116.972,86
	116.972,86

#### Skuldir

Hrein eign pr. 1. janúar 1996 .....	kr. 111.516,69
Hreinar tekjur árið 1996 .....	kr. 5.456,17
	kr. 116.972,86
	116.972,86

*Samgönguráðuneytinu, 25. júlí 1997.*

F. h. r.

**Halldór S. Kristjánsson.**

# REGLUGERÐ

## um dýrahald í atvinnuskyni.

### 1. gr.

Reglugerð þessi gildir um dýrahald í atvinnuskyni annað en það sem fellur undir búfjárhald sbr. búfjárræktarlög.

Dýrahald í atvinnuskyni er hvers konar starfsemi með dýr, sem tekið er gjald fyrir svo sem ræktun, dýraverslun, dýragæsla og rekstur dýraspítala, sbr. eftirfarandi skilgreiningar:

Ræktun: Starfsemi þar sem tvö eða fleiri kvendýr, sem hafa átt afkvæmi, eru haldin til undaneldis og ætlunin er að hafa áfram til undaneldis. Þetta á jafnt við um kvendýr, sem ræktandi á eða hefur í umsjá sinni.

Dýraverslun: Sala á dýrum í atvinnuskyni og sala dýra sem ekki eru fædd og uppalin hjá seljandanum.

Dýragæsla: Þrjú dýr eða fleiri af sömu tegund, sem orðin eru þriggja mánaða gömul og haldin eru samtímis og reglulega, til gæslu eða uppeldis.

Dýraspítali: Stofnun sem veitir læknishjálp, hjúkrun og allan aðbúnað þar að lútandi og ætluð er til að vista sjúk dýr.

Einnig fellur undir dýrahald í atvinnuskyni, hvers konar meðhöndlun dýra svo sem snyrtistofur, hestaleigur, tamingastöðvar, þjálfunarskólar, einangrunarstöðvar, keppnismót, dýrasýningar, dýraflutningar, notkun dýra í kvikmyndum og leiksýningum og þess háttar, þar sem um reglubundna starfsemi er að ræða.

### 2. gr.

Leyfi lögreglustjóra þarf til hvers konar dýrahalds í atvinnuskyni, sem fellur undir reglugerð þessa. Einnig þarf leyfi lögreglustjóra til að setja á stofn dýragarða, efna til dýrahappdrættis eða til sýninga á dýrum, hvernar tegundar sem er, sem ekki falla undir búfjárræktarlög. Að fenginni umsögn dýraverndarráðs, veitir viðkomandi lögreglustjóri rekstrarleyfi til allt að þriggja ára í senn.

Til að handsama villt dýr fyrir dýragarða eða önnur söfn lifandi dýra, þarf leyfi umhverfisráðherra að fenginni umsögn dýraverndarráðs. Leyfin gilda fyrir hvert dýr sérstaklega.

### 3. gr.

Í umsókn um leyfi til dýrahalds í atvinnuskyni skal tilgreina nafn, kennitölu og heimilisfang umsækjanda, menntun hans og starfsreynslu á þessu sviði ásamt nafni starfseminnar og heimilisfangi.

Gera skal ítarlega grein fyrir fyrirhugaðri starfsemi og tilgreina þær dýrategundir sem ætlunin er að hafa, fjölda einstaklinga, kyn þeirra og tímalengd. Þegar svo ber undir skal tilgreina fjölda dýra sem ætlunin er að hafa til undaneldis og fjölda dýra sem verða í umsjá aðila. Einnig þurfa að fylgja með greinagóðar upplýsingar um vistarverur, fóðrun, vörslu og meðferð dýranna, sem og meðferð alls úrgangs, sem fellur til vegna starfseminnar.

Greinargóðar lýsingar skulu fylgja um staðsetningu starfseminnar (teikningar eða myndir) og afstöðu- og yfirlitsteikningar, sem sýna mannvirki svo sem hús, búr, réttir, girðingar, gryfjur og þess háttar.

Umsókninni skal fylgja samþykki viðkomandi heilbrigðisnefndar ásamt upplýsingum um afstöðu nágranna hátti þannig til.

## 4. gr.

Þeir, sem heimild fá til dýrahalds í atvinnuskyni skulu hafa til þess haldgóða þekkingu að mati dýraverndarráðs og reynslu í fóðrun, gæslu og umönnun dýra eða hafa menn í sinni þjónustu með slíka þekkingu og reynslu. Þeir, sem reka dýragarða eða halda sýningar á dýrum, skulu leggja fram skilríki til staðfestingar því, að þeir hafi unnið við slík störf í að minnsta kosti hálfu ári. Að öðrum kosti getur dýraverndarráð krafist þess að þeir sanni þekkingu sína með öðrum hætti. Jafnframt skulu þeir ráða dýralækni til þess að hafa eftirlit með heilbrigði sýningardýranna. Sé sýningunum aðeins ætlað að standa í einn til tvo daga, er nægilegt að tilgreina dýralækni, sem fylgist með velferð dýranna á sýningunni.

## 5. gr.

Öllum dýrum skal sýnd fyllsta nærgætni og umönnun. Þeim skal ávallt séð fyrir góðum vistarverum og nægu vatni og fóðri við þeirra hæfi. Þeir, sem hafa umsjón með dýrunum skulu taka tillit til ólíkra þarfa hinna ýmsu tegunda að því er varðar hitastig, hreyfingu, umhyggju og félagsskap. Byggingar, girðingar, búr og hvers kyns vistarverur fyrir dýrin, skulu vera þannig að vel fari um dýrin allt árið um kring.

Eigendum eða umsjónarmönnum dýra ber skylda til að halda þeim hreinum og láta ormahreinsa þau og bólusetja, í samræmi við ákvarðanir yfirdýralæknisembættis á hverjum tíma. Veikist dýr eða slasist, skal koma því svo fljótt sem hægt er til dýralæknis. Sleppi dýr úr haldi skal þegar gera ráðstafanir til að handsama þau.

## 6. gr.

Í stíum eða búrum skal vera upphækkað legupláss, nægilega stórt til þess að dýrin, sem þar eru höfð, geti legið eðlilega samtímis. Skal leguplássioð vera laust við dragsúg. Hafa skal aðstöðu til að einangra sjúk dýr og sérstakt rými til böðunar. Dýrin skulu viðruð daglega eða færð í gerði til þess að þau fái reglubundna hreyfingu. Gerðin skulu vera á skjólgóðum og björtum stað, með sólskyggni ef með þarf og í þeim skal vera pallur til að liggja á. Jarðvegur skal vera þurr og ekki má myndast svað við úrkomu. Efstu lagið skal endurnýjað reglulega. Sé gerði steipt eða malbikað skal vera gott afrennsli, svo ekki myndist pollar. Gerði skal þannig útbúið að dýrin geti ekki sloppið út. Daglega skal hafa eftirlit með dýrunum og staðsetningu þeirra hagað þannig að auðvelt sé að fylgjast með þeim.

## 7. gr.

Gólf, veggir, loft, innréttingar og annar búnaður skulu vera úr efni, sem auðvelt er að þrifa og sótthreinsa. Gólf skulu vera vatnsheld með niðurfalli og vatnslögnum hagað þannig að hægt sé að koma við fullkomnu hreinlæti. Yfirborð gólfs skal þannig útbúið að dýrunum stafi ekki hætta eða óþægindi af mengun, myglu eða raka. Forðast ber að nota hál gólfefni. Allur útbúnaður skal vera þannig gerður að engin hætta sé á að dýrin slasi sig á honum eða að hann valdi þeim heilsutjóni. Hvorki má nota eitrefni né hættuleg efni, fúavarnarefni eða sótthreinsunarefni á gólf, veggir eða innréttingar, geti þau valdið dýrunum heilsutjóni.

## 8. gr.

Loftræsting skal vera góð og búnaður þannig gerður að ekki myndist dragsúgur dýrunum til tjóns. Haga skal frárennsli þannig að magn skaðlegra lofttegunda fari ekki yfir leyfileg mörk, sem eru skaðlaus fyrir menn. Loftskipti miðast við stærð vistarveru og fjölda dýra. Ef um loftræstikerfi er að ræða skal miða við 5-20 loftskipti/klukkustund. Þar sem notuð eru loftræstikerfi og ekki eru opnanlegar einingar tiltækar, skal hafa viðvörunarkerfi. Lofthita skal haldið sem næst kjörhita fyrir hverja dýrategund miðað við kyn og aldur. Lýsing skal vera nægileg til að hafa gott eftirlit með dýrunum og skal þannig komið fyrir

að hún valdi þeim ekki óþægindum. Ekki má vera svo mikill hávaði að hann hafi skaðleg áhrif á heilsu dýranna.

Venja skal dýrin smám saman við miklar breytingar séu þau tekin á hús.

#### 9. gr.

Dýrin skulu daglega hafa greiðan aðgang að næringarríku og heilnæmu fóðri og vatni. Þurrfóður skal geyma á þurrum og köldum stað en nýmeti skal geyma við +4°C - +8°C eða fryst við minnst -18°C. Fóðrið skal útbúið á sérstökum stað.

Dýrin skulu hafa greiðan aðgang að hreinu vatni. Daglegt eftirlit skal hafa með sjálfvirkum brynningartækjum. Hafi dýrin ekki greiðan aðgang að vatni, ber að brynna þeim minnst tvisvar á dag. Vatnspörf þeirra telst ekki fullnægt með aðgangi að snjó.

#### 10. gr.

Þrífa skal vistarverur, innréttingar, gerði og annan útbúnað reglulega og þess gætt að skipta nægilega oft um þekjulag gólfs eða gerðis, svo að það valdi dýrunum ekki óþægindum. Úrgang ber að fjarlægja með hreinlegum hætti.

#### 11. gr.

Forráðamenn skulu að staðaldri færa nákvæma dagbók um þau dýr, sem þeir hafa í umsjá sinni. Þar skal skrá fjölda dýranna, viðkomu og afföll, heilsufar og fleira er varðar líðan þeirra. Halda skal skrá yfir viðskipti með einstök dýr þar sem fram komi nafn og heimilisfang kaupanda eða seljanda. Eftirlitsmenn á vegum lögreglustjóra skulu hafa óhindraðan aðgang að þeim upplýsingum, þegar þurfa þykir.

Lögreglustjóri skal hlutast til um að eftirlit fari fram hjá þeim aðilum, sem stunda dýrahald í atvinnuskyni. Skal það framkvæmt að óvörum, ásamt embættisdýralækni og lögreglustjóra og heilbrigðisfulltrúa afhent skýrsla með niðurstöðunum.

#### 12. gr.

Alvarleg eða endurtekin brot gegn reglugerð þessari varða sviptingu rekstrarleyfis, nema þyngri viðurlög liggja við.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum eða varðhaldi. Ef brot er stórfellt eða ítrekað getur það varðað fangelsi allt að tveimur árum. Með mál vegna brota á reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

#### 13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 15/1994 um dýravernd og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um dýragarða og sýningar á dýrum nr. 67/1971.

#### 14. gr.

##### *Ákvæði til bráðabirgða.*

Þeir aðilar, sem þegar reka ofangreinda starfsemi í samræmi við reglugerð nr. 67/1971 um dýragarða og sýningar á dýrum skulu sækja um nýtt leyfi til rekstrar í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar fyrir 1. október 1997. Frá 1. janúar 1998 falla niður leyfi gefin út samkvæmt þeirri reglugerð.

*Umhverfissráðuneytinu, 6. ágúst 1997.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Magnús Jóhannesson.*

# GJALDSKRÁ

## fyrir gatnagerðargjald í Bessastaðahreppi.

### 1. gr.

#### *Almenn ákvæði. Innifalið í gatnagerðargjaldi.*

Af öllum lóðum og nýbyggingum í Bessastaðahreppi, sbr. þó 3. mgr. a-liðar 2. gr. og 1. mgr. 5. gr., skal greiða gatnagerðargjald til sveitarsjóðs samkvæmt gjaldskrá þessari, sbr. heimild í lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjald nr. 543/1996.

Innifalið í gatnagerðargjaldi er gatnagerð, svo sem undirbygging gatna, tilheyrandi lagnir, m.a. vegna götulýsingar, lagning bundins slitlags, gangstéttar, umferðareyjar og þess háttar, sem gert er ráð fyrir í skipulagi.

### 2. gr.

#### *Gatnagerðargjald.*

Gatnagerðargjald samkvæmt gjaldskrá þessari er tvíþætt, þ.e. gatnagerðargjald vegna íbúðarhúsa og gatnagerðargjald tengt öðrum húsum en íbúðarhúsum.

#### **a. Gatnagerðargjald vegna íbúðarhúsa.**

Af hverri lóð íbúðarhúss greiðist gatnagerðargjald eftir hústegund og miðað við ákveðna stærð húss sem ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar rúmmetra (rúmmetraverðs) í vísitöluhúsi fjölbýlis eins og hann er á hverjum tíma samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987, að frádregnum kostnaði við gatnagerð sem hér segir:

- |   |        |   |
|---|--------|---|
| 1. Einbýlishús, lóð 840 m <sup>2</sup> eða stærri | 11,5 % | af rúmmetraverði 700 m <sup>3</sup> húss.   |
| - , lóð minni en 840 m <sup>2</sup>               | 11,5 % | af rúmmetraverði 650 m <sup>3</sup> húss.   |
| 2. Keðjuhús                                       | 10 %   | af rúmmetraverði 600 m <sup>3</sup> húss.   |
| 3. Parhús og raðhús pr. hús í lengju              | 9 %    | af rúmmetraverði 450 m <sup>3</sup> húss.   |
| 4. Fjölbýlishús pr. íbúð                          | 6,5 %  | af rúmmetraverði 400 m <sup>3</sup> íbúðar. |

Rúmmál byggingar skal reiknað eftir ÍST 50 og miðað við brúttóstærðir, þ.m.t. bílgeymslur og önnur útihús.

Við stækkun eldri íbúðarhúsa sem áður hefur verið greitt gatnagerðargjald af, sem leiðir af endurbótum á þeim, t.d. með byggingu kvista, anddyris, hækkun þaks, yfirbyggingu svala, glerskálum o.þ.h. skal ekki greiða gatnagerðargjald.

Gjald skal miðað við stærð lóðar og húss samkvæmt framansögðu, sbr. einnig ákvæði 3. gr. um lágmarksgatnagerðargjald.

#### **b. Gatnagerðargjald vegna annarra húsa en íbúðarhúsa.**

Af hverjum rúmmetra húsa, annarra en íbúðarhúsa, greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar rúmmetra (rúmmetraverðs) í vísitöluhúsi fjölbýlis eins og hann er á hverjum tíma samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987, að frádregnum kostnaði við gatnagerð.

Hundraðshluti byggingarkostnaðar ákvarðast eftir hústegund svo sem hér segir:

- |  |       |                   |
|--|-------|-------------------|
| 1. Verslunar-, skrifstofu- og atvinnuhús | 5 %   | af rúmmetraverði. |
| 2. Gripahús, hlöður o.þ.h.               | 2,5 % | af rúmmetraverði. |
| 3. Annað húsnæði                         | 5 %   | af rúmmetraverði. |

Gjald skal miðað við brúttóstærð húss samkvæmt samþykktum uppdráttum og ÍST 50, sbr. þó ákvæði 3. gr. um lágmarksgatnagerðargjald. Í atvinnuhúsnæði sem vegna starfsemi sinnar þarf meira en 5,5 metra lofthæð, skal hámarkslofthæð að jafnaði reiknast 5,5 metrar við útreikning rúmmetragjalds.

## 3. gr.

*Lágmarksgatnagerðargjald og viðbótargatnagerðargjald.*

Við ákvörðun gatnagerðargjalds samkvæmt a-lið 2. gr. er miðað við eftirfarandi lágmarksstærðir fyrir hverja íbúð í húsi:

- |   |                    |
|---|--------------------|
| 1. Einbýlishús, lóð 840 m <sup>2</sup> eða stærri | 700 m <sup>3</sup> |
| - , lóð minni en 840 m <sup>2</sup>               | 650 m <sup>3</sup> |
| 2. Keðjuhús                                       | 600 m <sup>3</sup> |
| 3. Parhús og raðhús                               | 450 m <sup>3</sup> |
| 4. Fjölbýlishús                                   | 400 m <sup>3</sup> |

Í öllu öðru húsnæði á skipulögðum lóðum skal við útreikning rúmmáls til lágmarksgatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3,5 metrar og nýtingarhlutfall lóðar 0,3 - 0,5 eftir nánari ákvörðun sveitarstjórnar hverju sinni, ef það er ekki bundið að öðru leyti í samþykktu deiliskipulagi.

Gatnagerðargjald samkvæmt a-lið 2. gr. og lágmarksgatnagerðargjald sbr. b-lið 2. gr. skal lagt á við úthlutun lóðar. Gatnagerðargjald verður ekki endurgreitt þótt minna verði byggt en lágmarksgjaldið miðast við. Endanlegt gatnagerðargjald samkvæmt b-lið 2. gr. skal reiknað þegar samþykktur uppdráttur liggur fyrir og skal það lagt á við veitingu byggingarleyfis.

Um greiðslu gatnagerðargjalds fer eftir ákvæðum 6. gr. gjaldskrár þessarar.

## 4. gr.

*Hækkunar- og lækkanarheimild.*

Sveitarstjórn er heimilt að hækka eða lækka hundraðshluta byggingarkostnaðar á rúmmetra uppgefinn í 2. gr. um allt að 10 % (margfeldi 0,90-1,10) án þess að auglýsa það sérstaklega, m.a. vegna breytilegs kostnaðar við undirbyggingu og frágang gatna eftir hverfum, jarðvegsdýpt, staðsetningu lóðar, verðmæti lóðar, þversniði lóðarfrágangs, o.fl.

## 5. gr.

*Álagning gatnagerðargjalds m.a. ef hús er rífið eða það brennur.*

Þegar íbúðarhús er rífið eða fjarlægt af lóð og nýtt byggt í staðinn í sama gjaldflokki sbr. a-lið 2. gr. skal ekki innheimt gatnagerðargjald af nýja húsinu.

Þegar annað hús en íbúðarhús er rífið eða fjarlægt af lóð eða lendu og nýtt byggt í staðinn í sama gjaldflokki sbr. b-lið 2. gr. skal innheimt gatnagerðargjald samkvæmt b-lið 2. gr. að því er stækkuninni nemur, nema lágmarksgatnagerðargjald skv. ákvæðum gjaldskrár þessarar hafi verið greitt og ekki farið fram úr viðmiðun þess.

Þegar hús er rífið eða fjarlægt af lóð og nýtt byggt í staðinn sem felur í sér að húseign færast í hærri gjaldflokk, sbr. 2. gr., t.d. þegar atvinnuhús eða parhús er rífið og einbýlishús byggt í staðinn á lóðinni, skal innheimt gatnagerðargjald samkvæmt 2. gr. sem nemur mismun á gjaldinu reiknuðu af húsnæðinu fyrir og eftir breytinguna.

Ákvæði þessarar gr. gilda einnig ef hús brennur og byggt er nýtt hús á lóðinni.

## 6. gr.

*Greiðsla gatnagerðargjalds.*

Gengið skal frá greiðslu gatnagerðargjalds innan fjögurra vikna eftir álagningu. Lóðarhafi skal, ef greiðslufrestur er gefinn, gefa út skuldabréf vegna eftirstöðva gatnagerðargjaldsins til mest fjögurra ára tryggt með 1. veðrétti í lóðinni og mannvirkjum sem á hana koma eða með öðru jafn góðu fasteignaveði. Skuldari greiðir vexti, banka- og stimpilkostnað vegna skuldabréfsins.

Veðskuldabréfinu skal þinglýst á viðkomandi eign áður en byggingarleyfi er gefið út.



Heimilt er að láta allt að 2/3-hluta skuldabréfalánsins víkja af 1. veðrétti fyrir húsbrefaláni frá Húsnæðisstofnun ríkisins eða öðru sambærilegu láni.

## 7. gr.

*Endurgreiðsla gatnagerðargjalds.*

Gatnagerðargjald skal endurgreitt í eftirtöldum tilvikum:

- a. Ef lóðarhafi skilar úthlutaðri lóð eða ef lóðarúthlutun er afturkölluð.
- b. Ef gatnagerðargjald hefur verið veitt í tengslum við útgáfu byggingarleyfis, en leyfið fellur úr gildi.

Endurgreiðslu gatnagerðargjalds skv. a-lið 1. mgr. er heimilt að fresta þar til lóð er úthlutað að nýju en þó ekki lengur en í sex mánuði. Frestur til endurgreiðslu er í öðrum tilvikum einn mánuður frá því að lóðarhafi krefst endurgreiðslu gatnagerðargjalds skv. b-lið 1. mgr.

Gatnagerðargjald skal endurgreitt og verðbætt miðað við vísitölu byggingarkostnaðar, frá því lóðarhafi greiddi gatnagerðargjaldið til endurgreiðsludags.

## 8. gr.

*Heimild til að fella niður gatnagerðargjald. Sérstök tilvik.*

Heimilt er að fella niður gatnagerðargjald bygginga á vegum sveitarfélagsins, fyrirtækja þess og stofnana.

Sveitarstjórn getur ákveðið gatnagerðargjald sérstaklega í þeim tilvikum er byggingar falla ekki undir ákvæði gjaldskrár þessarar.

## 9. gr.

*Heimild til afturköllunar byggingarleyfis ef gatnagerðargjald er ekki greitt.*

Nú greiðir lóðarhafi ekki gatnagerðargjald á tilskyldum tíma og er sveitarstjórn þá heimilt að afturkalla byggingarleyfið og/eða lóðarúthlutun og skal kveðið svo á í úthlutunar- eða byggingarskilmálum.

## 10. gr.

*Um eldri samninga og gatnagerðargjöld, álögð fyrir 1. janúar 1997.*

Samningar og skilmálar um gatnagerðargjöld og álögð gatnagerðargjöld fyrir 1. janúar 1997 skulu halda gildi sínu og innheimtast samkvæmt heimild í ákvæði til bráðabirgða í lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996, sbr. 15. gr. reglugerðar um gatnagerðargjald nr. 543/1996.

## 11. gr.

*Gildistaka gjaldskrár.*

Gjaldskrá þessi, er samin og samþykkt af hreppsnefnd Bessastaðahrepps samkvæmt 6. gr. laga nr. 17/1996 og 11. gr. reglugerðar nr. 543/1996 um gatnagerðargjald, til að öðlast gildi þegar í stað.

Við álagningu gatnagerðargjalda í Bessastaðahreppi samkvæmt gjaldskrá þessari skal jafnframt tekið mið af ákvæði til bráðabirgða í lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996.

Þannig samþykkt af hreppsnefnd Bessastaðahrepps, 2. júní 1997,

**Gunnar Valur Gíslason** sveitarstjóri.

## REGLUGERÐ

### um ökuskírteini.

#### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Enginn má stjórna vélknúnu ökutæki nema hann hafi gilt ökuskírteini sem veitir honum réttindi fyrir viðkomandi flokk ökutækja, sbr. 5. - 13. gr. og 81. gr., sbr. þó 14. gr. um undanþágur frá ökuskírteini.

Engum er heimilt að hafa ökuskírteini frá meira en einu ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu.

##### 2. gr.

Ökuskírteini má veita þeim sem sannar með prófi að hann hafi næga aksturshæfni og nauðsynlega þekkingu á ökutækinu og meðferð þess og umferðarlöggjöf, sbr. ákvæði III. kafla.

Ökuskírteini má aðeins veita þeim sem hefur fasta búsetu hér á landi, sbr. 4. gr. Þetta á þó ekki við um útgáfu samrits skv. 1. - 2. mgr. 50. gr., útgáfu bráðabirgðaakstursheimildar skv. 4. mgr. 51. gr., útgáfu alþjóðlegs ökuskírteinis skv. 52. gr. og um útgáfu fullnaðarskírteinis og endurnýjun ökuskírteinis skv. VI. kafla.

##### 3. gr.

Umsókn um ökuskírteini má afhenda lögreglustjóra, óháð því hvar á landinu umsækjandi hefur búsetu.

Umsókn skal fylgja:

- a. Ljósmynd (andlitsmynd án höfuðfats) sem líkist umsækjanda vel, 35x45 mm að stærð. Myndin skal vera á endingargóðum ljósmyndapappír, merkja- og stimplalaus. Falla má frá kröfu um ljósmynd ef fullnægjandi ljósmynd er til í gagnagrunni ökuskírteinaskrár.
- b. Yfirlýsing umsækjanda um heilbrigði eða læknisvottorð, sbr. 22. gr. Við umsókn um réttindi fyrir flokkana A, B, BE, M og T nægir heilbrigðisyfirlýsing ein, nema lögreglustjóri telji þörf á læknisvottorði eða ef umsækjandi hefur náð 65 ára aldri. Við umsókn um réttindi fyrir flokkana C, CE, D og DE, svo og til farþegaflutninga í atvinnuskyni, skal krafist læknisvottorðs.

Á umsóknareyðublaðinu skal umsækjandi gefa skriflega yfirlýsingu um að hann hafi fasta búsetu hér á landi eða fullnægi að öðru leyti skilyrðum um búsetu skv. 4. gr. Lögreglustjóri getur krafist þess að umsækjandi, sem hvorki hefur íslenskt né annað norrænt ríkisfang, leggi fram dvalarleyfi, nema hann megi dvelja löglega í landinu án leyfis. Lögreglustjóri getur og krafist þess að umsækjandi færi sönnur á að hann hafi fasta búsetu hér á landi eða hafi dvalist hér sem námsmaður í a.m.k. sex mánuði, sbr. 4. gr.

Umsækjandi skal enn fremur gefa skriflega yfirlýsingu um að hann, þegar umsókn er lögð fram, hafi ekki:

- a. undir höndum ökuskírteini gefið út í ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu, eða
- b. sætt takmörkunum á eða sviptingu ökuréttar í þeim ríkjum.

Lögreglustjóri getur, ef ástæða þykir, krafist þess að umsækjandi leggi fram skilríki er sanni hver hann er.

Þegar umsókn hefur verið lögð fram skal umsækjandi í viðurvist fulltrúa lögreglustjóra rita nafn sitt í þar til gerðan reit á kennisjald sem ljósmynd af umsækjanda skal fest við.

### Búsetuskilyrði.

#### 4. gr.

Með fastri búsetu er í reglugerð þessari átt við þann stað þar sem hlutaðeigandi býr að jafnaði, þ.e. í a.m.k. 185 daga á hverju almanaksári, vegna persónu- eða atvinnutengsla eða, þegar um er að ræða þann sem hefur engin atvinnutensl, vegna persónulegra tengsla sem sýna náð samband milli hlutaðeigandi og staðarins þar sem hann býr.

Föst búseta telst vera komin á þegar hlutaðeigandi tekur sér búsetu hér á landi í þeim tilgangi að fullnægja a.m.k. einu þeirra skilyrða sem tilgreind eru í 1. mgr.

Sá sem eingöngu hefur atvinnutensl hér á landi telst hafa fasta búsetu í því landi þar sem hann hefur persónuleg tengsl, enda snúi hann þangað með reglubundnu millibili. Síðastnefnda skilyrðinu þarf ekki að fullnægja ef hlutaðeigandi dvelur hér vegna tímabundinna verkefna.

Námsdvöl við menntastofnun felur ekki sjálfkrafa í sér að viðkomandi teljist hafa fasta búsetu hér á landi.

### Ökuréttindaflokkar.

#### 5. gr.

Gefa má út ökuskírteini fyrir eftirtalda flokka:

Flokkur A: Bifhjól

- lítið bifhjól

- stórt bifhjól

Flokkur B: Fólksbifreið/sendibifreið

Flokkur C: Vörubifreið

Flokkur D: Hópbifreið

Flokkur E: Stór eftirvagn/tengitæki:

- flokkur B með stóran eftirvagn/tengitæki (BE)

- flokkur C með stóran eftirvagn/tengitæki (CE)

- flokkur D með stóran eftirvagn/tengitæki (DE)

Enn fremur má gefa út ökuskírteini fyrir eftirtalda undirflokkka: A1, B1, C1, D1, C1E og D1E.

Þá má einnig gefa út ökuskírteini til farþegaflutninga í atvinnuskyni, svo og ökuskírteini fyrir dráttarvél (flokk T) og létt bifhjól (flokk M).

•

#### 6. gr.

Ökuskírteini fyrir **flokk A** (bifhjól) veitir ökuréttindi sem hér greinir:

- a. Ökuskírteini fyrir **flokk A** (lítið bifhjól) veitir rétt til að stjórna:
  - tvíhjóla bifhjóli án hliðarvagns þar sem hlutfall vélarafls og eigin þyngdar fer ekki yfir 0,16 kW/kg. Þá má vélarafli bifhjólsins ekki fara yfir 25 kW,
  - tvíhjóla bifhjóli með hliðarvagni þar sem hlutfall vélarafls og eigin þyngdar fer ekki yfir 0,16 kW/kg,
  - þríhjóla bifhjóli,
  - léttu bifhjóli og
  - torfærutæki.
- b. Ökuskírteini fyrir **flokk A** (stórt bifhjól) veitir rétt til að stjórna:
  - ökutæki skv. a-lið,

- tvíhjóla bifhjóli án hliðarvagns þar sem hlutfall vélarafls og eigin þyngdar fer yfir 0,16 kW/kg, eða vélarafli fer yfir 25 kW og
- tvíhjóla bifhjóli með hliðarvagni þar sem hlutfall vélarafls og eigin þyngdar fer yfir 0,16 kW/kg.

## 7. gr.

Ökuskírteini fyrir **flokk B** (fólksbifreið/sendibifreið) veitir rétt til að stjórna:

- a. fólksbifreið með leyfða heildarþyngd 3.500 kg eða minna og með sæti fyrir 8 farþega eða færri auk ökumanns,
- b. sendibifreið með leyfða heildarþyngd 3.500 kg eða minna,
- c. fólksbifreið eða sendibifreið með tengdan eftirvagn/tengitæki sem er 750 kg eða minna að leyfðri heildarþyngd,
- d. fólksbifreið eða sendibifreið með tengdan eftirvagn/tengitæki sem er meira en 750 kg að leyfðri heildarþyngd, enda sé leyfð heildarþyngd beggja ökutækja 3.500 kg eða minna og leyfð heildarþyngd eftirvagnsins/tengitækisins ekki meiri en eigin þyngd dráttartækisins,
- e. dráttarvél,
- f. vinnuvél,
- g. léttu bifhjóli og
- h. torfærutæki.

Um stjórn vinnuvéla gilda að auki sérstakar reglur um réttindi til að stjórna vinnuvélum, settar samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

## 8. gr.

Ökuskírteini fyrir **flokk C** (vörubifreið) veitir rétt til að stjórna:

- a. bifreið sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd og með sæti fyrir 8 farþega eða færri auk ökumanns og
- b. bifreið skv. a-lið með tengdan eftirvagn/tengitæki sem er ekki meira en 750 kg að leyfðri heildarþyngd.

## 9. gr.

Ökuskírteini fyrir **flokk D** (hópbifreið) veitir rétt til að stjórna:

- a. bifreið með sæti fyrir fleiri en 8 farþega auk ökumanns,
- b. bifreið skv. a-lið með tengdan eftirvagn/tengitæki sem er 750 kg eða minna að leyfðri heildarþyngd og
- c. liðvagni til fólksflutninga.

## 10. gr.

Ökuskírteini fyrir **flokk E** (stór eftirvagn/tengitæki) veitir rétt til að stjórna:

- a. samtengdum ökutækjum með fólksbifreið/sendibifreið og eftirvagni/tengitæki sem ekki fellur undir flokk B (flokkur BE),
- b. samtengdum ökutækjum með vörubifreið og eftirvagni/tengitæki sem er meira en 750 kg að leyfðri heildarþyngd (flokkur CE) og
- c. samtengdum ökutækjum með hópbifreið og eftirvagni/tengitæki sem er meira en 750 kg að leyfðri heildarþyngd (flokkur DE).

Ökuskírteini fyrir flokk BE veitir einungis rétt til að stjórna stórum eftirvagni/tengitæki í tengslum við fólksbifreið/sendibifreið (flokkur B).

Ökuskírteini fyrir flokkana CE og DE veitir jafnframt rétt til að stjórna stórum eftirvagni/tengitæki í tengslum við fólksbifreið/sendibifreið (flokkur B).

Ökuskírteini fyrir flokk CE veitir jafnframt rétt til að stjórna ökutækjum sem falla undir flokk DE þegar skírteinishafi hefur öðlast ökuskírteini fyrir flokk D.

## 11. gr.

Ökuskírteini fyrir undirflokkka veita ökuréttindi sem hér segir:

**Undirflokkur A1:** Ökutæki í flokki A með aflvél ekki yfir 125 rúmsentimetrar og vélarafl sem fer ekki yfir 11 kW.

**Undirflokkur B1:** Þrí- og fjórhjóla ökutæki í flokki B með eigin þyngd 550 kg eða minna.

**Undirflokkur C1:** Ökutæki í flokki C með leyfðri heildarþyngd 7.500 kg eða minna.

**Undirflokkur D1:** Ökutæki í flokki D með sæti fyrir 16 farþega eða færri auk ökumanns.

**Undirflokkur C1E:** Ökutæki í flokki C með leyfðri heildarþyngd 7.500 kg eða minna (C1) með tengdan eftirvagn/tengitæki sem er meira en 750 kg að leyfðri heildarþyngd, enda sé leyfð heildarþyngd beggja ökutækja 12.000 kg eða minna og leyfð heildarþyngd eftirvagnsins/tengitækisins ekki meiri en eigin þyngd dráttartækisins.

**Undirflokkur D1E:** Ökutæki í flokki D með sæti fyrir 16 farþega eða færri auk ökumanns (D1) með tengdan eftirvagn/tengitæki sem er meira en 750 kg að leyfðri heildarþyngd, enda sé:

- a. leyfð heildarþyngd beggja ökutækja 12.000 kg eða minna og leyfð heildarþyngd eftirvagnsins/tengitækisins ekki meiri en eigin þyngd dráttartækisins og
- b. eftirvagninn/tengitækið ekki notað til fólksflutninga.

Undirflokkar þessir gilda um ökuskírteini sem gefin eru út í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og um íslensk ökuskírteini sem gefin eru út í skiptum fyrir slík ökuskírteini, sbr. IX. kafla. Undirflokkarnir C1, D1, C1E, og D1E gilda einnig við útgáfu nýs ökuskírteinis í stað eldra ökuskírteinis, sbr. 82. gr.

## 12. gr.

Ökuskírteini til farþegaflutninga í atvinnuskyni veitir rétt til að stjórna fólksbifreið (flokkur B), hópibifreið (flokkur D, eftir atvikum D1) eða bæði fólksbifreið og hópibifreið til flutnings farþega í atvinnuskyni.

## 13. gr.

Ökuskírteini fyrir **flokk M** (létt bifhjól) veitir rétt til að stjórna létu bifhjóli.

Ökuskírteini fyrir **flokk T** (dráttarvél) veitir rétt til að stjórna dráttarvél.

**Undanþága frá ökuskírteini.**

## 14. gr.

Ekki þarf ökuskírteini til að stjórna:

- a. dráttarvél við landbúnaðarstörf utan alfaravegar, enda sé ökumaður fullra 13 ára og
- b. vinnuvél utan vegar, enda sé ökumaður fullra 17 ára. Ákvæði 2. mgr. 7. gr. eiga við.

**Aldursskilyrði o.fl.**

## 15. gr.

Ökuskírteini fyrir **flokk A** má veita þeim sem er fullra 17 ára.

Réttur til að stjórna stóru bifhjóli, sbr. b-lið 6. gr., er þó háður því að hlutaðeigandi:

- a. hafi a.m.k. tveggja ára reynslu sem ökumaður lítils bifhjóls á grundvelli ökuskírteinis fyrir flokk A,

- b. án þess að hafa tveggja ára reynslu sem ökumaður lítils bifhjóls á grundvelli ökuskráteinis fyrir flokk A, sé orðinn 21 árs og hafi síðan staðist verklegt próf á stóru bifhjóli, sbr. III. viðauka, eða
- c. án þess að hafa áður öðlast ökuskráteini fyrir bifhjól, sé orðinn 21 árs og hafi stundað ökunám og staðist ökuþróf fyrir flokk A þar sem verklega prófið er tekið á stóru bifhjóli, sbr. III. viðauka.

Með umsókn um rétt til að stjórna stóru bifhjóli, sbr. b-lið 2. mgr., skal fara samkvæmt reglum um aukin ökuréttindi í V. kafla.

16. gr.

Ökuskráteini fyrir **flokk B** má veita þeim sem er fullra 17 ára.

17. gr.

Ökuskráteini fyrir **flokk BE**, **flokk C** og **flokk CE** má veita þeim sem er fullra 18 ára.

Ökuskráteini fyrir flokk C má einungis veita þeim sem hefur öðlast ökuskráteini fyrir flokk B.

Ökuskráteini fyrir flokk BE og flokk CE má einungis veita þeim sem hefur öðlast ökuskráteini fyrir flokk B, eftir atvikum C.

Sjá og reglugerð um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins. Við vöruflutninga sem falla undir ákvæði þeirrar reglugerðar þarf stjórnandi ökutækis eða samtengdra ökutækja sem eru meira en 7.500 kg að leyfðri heildarþyngd að vera orðinn 21 árs eða hafa starfshæfnisvottorð um að hafa lokið starfsþjálfun fyrir ökumenn ökutækja í vöruflutningum á vegum.

18. gr.

Ökuskráteini fyrir **flokk D** og **flokk DE** má veita þeim sem er orðinn 21 árs.

Ökuskráteini fyrir flokk D má einungis veita þeim sem hefur öðlast ökuskráteini fyrir flokk B.

Ökuskráteini fyrir flokk DE má einungis veita þeim sem hefur öðlast ökuskráteini fyrir flokk D.

19. gr.

Ökuskráteini til farþegaflutninga í atvinnuskyni má veita þeim sem er fullra 20 ára.

Ökuskráteini til farþegaflutninga í atvinnuskyni má einungis veita þeim sem hefur öðlast ökuskráteini fyrir flokk B og staðist ökuþróf fyrir farþegaflutninga í atvinnuskyni.

Ökuskráteini til farþegaflutninga í atvinnuskyni má einungis veita fyrir þann flokk sem ökuþróf er tekið.

Heimilt er að synja um útgáfu á ökuskráteini til farþegaflutninga í atvinnuskyni ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við. Synjunin skal að kröfu hlutaðeigandi borin undir dómstóla samkvæmt reglum 68. gr. a almennra hegningarlaga.

20. gr.

Ökuskráteini fyrir **flokk M** má veita þeim sem er fullra 15 ára.

Ökuskráteini fyrir **flokk T** má veita þeim sem er fullra 16 ára.

### Heilbrigðisskilyrði.

#### 21. gr.

Ökuskírteini má aðeins veita þeim sem sér og heyrir nægilega vel og er að öðru leyti nægilega hæfur andlega og líkamlega. Nánari ákvæði um heilbrigðisskilyrði til að öðlast ökuskrírteini koma fram í II. viðauka.

Dómsmálaráðherra setur, að höfðu samráði við landlækni, leiðbeinandi reglur um meðferð mála er varða útgáfu og endurnýjun ökuskírteinis, þar sem fram koma upplýsingar um heilbrigði, er krefjast læknisfræðilegra yfirlýsinga, umsagna eða mats.

#### 22. gr.

Læknisvottorð, sbr. b-lið 2. mgr. 3. gr., skal ritað á eyðublað sem gert er eftir fyrir-mælum landlæknis.

Læknisvottorð skal gefið út af heimilislækni umsækjanda. Ef læknisvottorðið er gefið út af öðrum lækni skal umsækjandi gefa á því fullnægjandi skýringu.

Læknisvottorð má við umsókn ekki vera eldra en þriggja mánaða og ekki eldra en eins árs við útgáfu ökuskírteinis.

### Könnun lögreglustjóra.

#### 23. gr.

Á grundvelli heilbrigðisyfirlýsingar/læknisvottorðs ákveður lögreglustjóri hvort umsækjandi fullnægi heilbrigðisskilyrðum til að öðlast þau ökuréttindi sem sótt er um.

Lögreglustjóri getur krafist þess að frá sérfræðingi eða öðrum verði fengin yfirlýsing eða ítarlegri upplýsingar, svo og að umsækjandinn að öðru leyti taki þátt í læknisfræðilegum rannsóknum til að skera úr um hvort gefa megi út ökuskírteini eða það skuli skilyrt á einhvern hátt.

Lögreglustjóri getur og krafist þess að aflað verði yfirlýsinga eða ítarlegri upplýsinga frá prófdómara og enn fremur að umsækjandi gangist undir hæfnisathugun, sbr. 45. gr., til að meta hvort gefa megi út ökuskírteini eða það skuli skilyrt á einhvern hátt.

Umsækjandi ber kostnað af rannsóknum og athugunum samkvæmt þessari grein.

#### 24. gr.

Auk könnunar á heilbrigðisskilyrðum kannar lögreglustjóri hvort aðrar upplýsingar sem lagðar eru fram eru réttar. Hann kannar og reglusemi og áreiðanleik umsækjanda og aflar þeirra upplýsinga sem þörf er á, m.a. upplýsinga úr víðeigandi skráum lögreglu og ákærvalds.

Lögreglustjóri metur að lokum hvort umsækjandi fullnægir skilyrðum til að öðlast þau ökuréttindi sem sótt er um, og þá hvort þau skuli á einhvern hátt skilyrt. Telji hann skilyrði fyrir hendi skal umsækjanda vísað í ökuþróf sem fram fer skv. ákvæðum III. kafla.

#### 25. gr.

Neita má þeim um ökuskírteini sem háður er notkun ávana- og fíkniefna eða annarra sljóvgandi efna eða er að öðru leyti ekki nægilega reglusamur. Slík synjun skal að kröfu hlutaðeigandi borin undir dómstóla samkvæmt reglum 68. gr. a almennra hegningarlaga.

Ákvæði 2. og 4. mgr. 23. gr. eiga við.

## II. KAFLI

### Ökunám og ökukennsla.

#### 26. gr.

Sá sem sækir um ökuskírteini fyrir flokk sem hann hefur ekki áður haft ökuskírteini fyrir skal hafa hlotið kennslu hjá ökukennara sem hefur löggildingu fyrir þann réttindaflokk.

Kennsla fyrir flokk BE skal fara fram hjá ökukennara sem hefur löggildingu fyrir flokka C, D og E.

Kennsla skal fara fram í samræmi við námskrá sem Umferðarráð setur, að höfðu samráði við Ökukennarafélag Íslands, og dómsmálaráðherra staðfestir, um ökunám fyrir hlutað-eigandi flokk.

Námskrámar skulu kveða á um þá þekkingu, hæfni og leikni sem umsækjandi þarf að búa yfir til að öðlast ökuskírteini. Fræðilegur hluti ökunáms skal að jafnaði fara fram í ökuskóla. Að öðru leyti skal eftir því sem unnt er fella saman kennslu um fræðileg efni og verkleg og fylgja námskrá.

#### 27. gr.

Kennslu fyrir flokkana C og D má þá fyrst hefja þegar umsækjandi hefur öðlast ökuskírteini fyrir flokk B.

Kennslu fyrir flokkana BE, CE og DE má þá fyrst hefja þegar umsækjandi hefur öðlast ökuskírteini fyrir, eftir því sem við á, flokk B, C og D.

Hafi umsækjandi áður haft ökuskírteini fyrir flokk B, eða hafi umsækjandi áður haft ökuskírteini fyrir flokk C eða D, má hefja kennslu fyrir flokkana C, D og, eftir því sem við á, CE og DE, enda þótt hlutaðeigandi hafi verið sviptur ökuréttindum, sbr. þó 2. mgr. 28. gr.

### Æfingaakstur.

#### 28. gr.

Æfingaakstur má ekki fara fram fyrr en tólf mánuðum áður en nemandi hefur aldur til að fá útgæfið það ökuskírteini sem óskað er eftir, sbr. ákvæði I. kafla.

Sá sem sviptur hefur verið ökurétti má ekki æfa sig í akstri fyrr en einum mánuði áður en sviptingartímabil rennur út.

Æfingaakstur má ekki fara fram á vegum þar sem umferð er mikil fyrr en nemandi hefur náð þeirri leikni í akstri að eigi stafi sérstök hættu af. Æfingaakstur skal fara fram á vegum við mismunandi umferðarþunga, bæði í þéttbýli og utan þess.

#### 29. gr.

Við æfingaakstur á bifhjóli, þ. á m. léttu bifhjóli, má ökukennari kenna mest tveimur nemendum í senn. Ökukennarinn skal geta fylgst gaumgæfilega með akstri nemendanna. Ökukennarinn má og skal, ef kennt er fleiri en einum nemanda í senn, fylgjast með nemendum úr ökutæki sem fylgir á eftir. Ökutækið skal þannig búið að ökukennarinn geti haft handfrjálst fjarskiptasamband við nemandann, og því skal stjórnað af ökukennaranum eða öðrum sem hefur gilt ökuskírteini. Við kennslu eins nemanda má ökukennarinn fylgjast með akstrinum úr baksæti bifhjólsins.

Ef æfingaakstur á bifhjóli fer fram á svæði þar sem ekki er önnur umferð og ökukennarinn getur haft stöðugt eftirlit með nemanda og veitt honum nauðsynlegar leiðbeiningar eiga ákvæði 1. mgr. ekki við.

Ökutæki sem notuð eru til ökukennslu skulu fullnægja skilyrðum í III. viðauka.

### Æfingaakstur með leiðbeinanda.

#### 30. gr.

Nemanda er heimilt að æfa akstur bifreiðar eða bifhjóls með leiðbeinanda í stað ökukennara, enda hafi nemandinn hlotið lágmarkspjálfun og leiðbeinandinn fengið til þess leyfi lögreglustjóra, svo sem nánar greinir í IV. viðauka, 3. tölulið.



**Æfingaakstur á léttu bifhjóli og dráttarvél.**

31. gr.

Æfingaakstur á léttu bifhjóli má ekki fara fram fyrr en þremur mánuðum áður en nemandi hefur aldur til að öðlast þau réttindi. Sama er um æfingaakstur á dráttarvél sem fram fer á alfaravegi.

Nemanda er heimilt að æfa akstur léttis bifhjóls, svo og akstur dráttarvélar á alfaravegi, án ökukennara, enda hafi hann fengið til þess leyfi lögreglustjóra, svo sem nánar greinir í IV. viðauka, 4. tölulið.

**III. KAFLI****Ökupróf.**

32. gr.

Ökupróf skiptist í tvo hluta, fræðilegt próf og verklegt próf.

Próf fyrir stórt bifhjól, sbr. b-lið 2. mgr. 15. gr., og flokk BE skal eingöngu vera verklegt.

Við aksturspróf skal umsækjandi, ef það á við, hafa þegar útgefið ökuskírteini meðferðis.

Niðurstaða fræðilegs prófs og verklegs prófs skal tilkynnt umsækjanda um leið og prófið hefur verið dæmt.

33. gr.

Ökupróf skulu fara fram á vegum Umferðarráðs.

Dómsmálaráðherra lögildir prófdómendur að fengnum tillögum Umferðarráðs.

Umferðarráð getur ráðið sérfróða prófdómendur sem meðprófdómendur, sbr. V. viðauka, 5. tölulið.

34. gr.

Ökupróf skulu fara fram í samræmi við ákvæði V. viðauka.

Ökupróf til farþegaflutninga í atvinnuskyni fyrir flokk D má fara fram samtímis ökuprófi fyrir flokk D. Ef umsækjandi stenst ekki fræðilega prófið til farþegaflutninga í atvinnuskyni fyrir flokk D heldur hann rétti til að gangast undir verklegt próf fyrir flokk D, enda hafi hann staðist fræðilega prófið fyrir flokk D.

35. gr.

Ef umsækjandi getur ekki talað og skilið íslensku eða erlent tungumál sem prófdómari veldur nægilega vel skal notast við túlk við bæði fræðilegt og verklegt próf. Umferðarráð leggur til túlk en kostnað af túlkun ber umsækjandi.

Ökukennari má ekki koma fram sem túlkur.

Við próf til farþegaflutninga í atvinnuskyni má ekki nota túlk.

**Fræðilegt próf.**

36. gr.

Fræðilegt próf má ekki fara fram fyrr en sá ökukennari sem hefur kennt nemandanum hefur staðfest skriflega að fullnægjandi ökukennsla hafi farið fram, sbr. 38. gr.

37. gr.

Fræðilegt próf fyrir flokkana A, B, M og T má ekki fara fram fyrr en tveimur mánuðum áður en umsækjandi fullnægir aldurskilyrði til að fá útgefið það ökuskírteini sem óskað er eftir.

## 38. gr.

Ökukennari sá sem hefur kennt umsækjandanum skal áður en próf fer fram staðfesta skriflega að umsækjandi hafi fengið kennslu, fræðilega og verklega, í samræmi við námskrá fyrir hlutaðeigandi flokk. Hafi fleiri en einn ökukennari annast kennslu umsækjandans skal sá ökukennari sem kenndi honum síðast staðfesta þetta, og skal hann áður hafa fullvissað sig um að farið hafi verið eftir námskránni.

**Verklegt próf.**

## 39. gr.

Verklegt próf má ekki fara fram fyrr en að stöðnu fræðilegu prófi. Sá ökukennari sem kennt hefur nemandanum skal staðfesta skriflega að fullnægjandi ökukennsla hafi farið fram, sbr. 38. gr.

## 40. gr.

Verklegt próf skal ekki fara fram fyrr en einni viku áður en umsækjandi hefur náð þeim aldri sem er skilyrði fyrir útgáfu þess ökuskírteinis sem óskað er eftir. Ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi má prófið fara fram allt að tveimur vikum áður en tilskildum aldri er náð. Verklegt próf fyrir flokkana C, CE, D og DE og próf til farþegaflutninga í atvinnuskyni má þó fara fram allt að sex mánuðum áður en tilskildum aldri er náð.

Umsækjandi skal hafa staðist verklega prófið áður en sex mánuðir eru liðnir frá því hann stóðst fræðilega prófið.

Umsækjandi skal sjálfur leggja til ökutæki til prófsins. Ökutækið skal fullnægja skilyrðum í III. viðauka.

Ef umsækjandi vegna fötlunar eða af öðrum heilsufarsástæðum getur aðeins fengið ökuskírteini fyrir sérstaka gerð ökutækja eða sérbúin ökutæki, sbr. 2. mgr. 47. gr., skal verklega prófið tekið á slíku ökutæki. Áskilja má að ökutækið við verklega prófið skuli búið sérstökum hemlabúnaði, sbr. III. viðauka.

## 41. gr.

Ef umsækjandi stenst ekki verklega prófið vegna vanþekkingar á mikilvægum umferðarreglum eða vegna slakrar aksturshæfni ákveður lögreglustjóri, samkvæmt ákvæðum 62. gr., hvort umsækjandi skuli gangast undir hæfnispróf til að mega halda ökuskírteini sem hann kann þegar að hafa öðlast fyrir aðra flokka.

**Hæfnispróf.**

## 42. gr.

Hæfnispróf skal fara fram í samræmi við ákvæðin um ökuþróf fyrir flokk B, sbr. V. viðauka.

Sá sem hyggst gangast undir hæfnispróf skal sjálfur leggja til ökutæki til prófsins. Ökutækið skal fullnægja skilyrðum í III. viðauka. Ákvæði 4. mgr. 40. gr. eiga við.

## 43. gr.

Ef hæfnispróf fer fram skv. 62. gr. skal prófdómara sýnt ökuskírteini. Standist skírteinishafi ekki prófið skal ökuskírteinið afhent prófdómara.

Hæfnispróf skv. 62. gr. skal fara fram innan þriggja mánaða frá því ákvörðun um prófið er endanleg. Lögreglustjóri getur ef sérstaklega stendur á veitt undanþágu frá þessum fresti.

## 44. gr.

Ef ákvörðun um próftöku er byggð á akstri hlutaðeigandi með ökutæki í öðrum flokki getur lögreglustjóri ákveðið að prófið fari fram eftir reglum um próf fyrir þann flokk, enda hafi umsækjandi eða hafi haft ökuskírteini fyrir þann flokk. Standist umsækjandi prófið skal gefa út ökuskírteini fyrir þá flokka sem fyrir voru.

Standist umsækjandi ekki hæfnispróf í þriðja sinn skulu frekari próf fara fram eftir reglum um ökupróf fyrir þá flokka sem hann óskar eftir að öðlast aftur. Ef ökuréttindin voru afturkölluð vegna þess að hæfnispróf náðist ekki, sbr. 62. gr., telst það próf sem ekki var staðist fyrsta próf.

**Hæfnisathugun.**

## 45. gr.

Lögreglustjóri getur krafist þess að umsækjandi gangist undir hæfnisathugun svo að ákveða megi hvort gefa megi út ökuskírteini eða það eftir atvikum skuli gefið út með sérstökum skilyrðum. Hæfnisathugun skal fara fram í samræmi við ákvæði V. viðauka, 8. tölulið. Ákveða má að umsækjandi skuli leggja til ökutæki sem er viðurkennt kennslutæki.

## IV. KAFLI

**Útgáfa ökuskírteina.**

## 46. gr.

Lögreglustjóri annast endanlega könnun á því hvort skilyrðum til útgáfu ökuskírteinis er fullnægt og kveður nánar á um útgáfu skírteinisins.

Ríkislögreglustjóri gefur út ökuskírteini.

## 47. gr.

Ökuskírteini skulu vera af EES gerð í samræmi við ákvæði I. viðauka.

Gefa má út ökuskírteini með takmarkaðan gildistíma eða takmarka það við ökutæki sem fullnægja nánar tilgreindum skilyrðum eða binda það að öðru leyti sérstökum skilyrðum. Skilyrði og takmarkanir skal færa á ökuskírteinið í formi tákntalna í samræmi við ákvæði VII. viðauka.

Ökuskírteini til farþegaflutninga í atvinnuskyni skulu gefin út í samræmi við ákvæði VII. viðauka, 3. tölulið.

**Gildistími.**

## 48. gr.

Ökuskírteini eru tvenns konar, bráðabirgðaskírteini og fullnaðarskírteini.

Bráðabirgðaskírteini skal gefa út til byrjanda og til tveggja ára frá útgáfudegi.

Fullnaðarskírteini fyrir flokkana A, B og BE skal gefa út þar til hlutaðeigandi verður fullra 70 ára.

Ökuskírteini fyrir flokkana C, CE, D og DE skal gefa út sem fullnaðarskírteini og til tíu ára frá útgáfudegi. Ökuskírteini fyrir þessa flokka skal þó gefa út þar til hlutaðeigandi verður fullra 70 ára ef umsækjandi hefur slík réttindi útgefin fyrir gildistöku reglugerðarinnar og þau réttindi eru að öðru leyti ekki tímabundin.

Ökuskírteini til farþegaflutninga í atvinnuskyni skal gefa út sem fullnaðarskírteini og til tíu ára frá útgáfudegi.

Hafi umsækjandi þegar ökuskírteini er gefið út náð 65 ára aldri en er ekki fullra 70 ára skal gefa skírteini fyrir alla flokka út til fimm ára frá útgáfudegi.

Hafi umsækjandi þegar ökuskírteini er gefið út náð 70 ára aldri skal gildistími ökuskírteinisins vera þessi:

- hafi umsækjandi náð 70 ára aldri en ekki 71 árs: Fjögur ár.
- hafi umsækjandi náð 71 árs aldri en ekki 72 ára: Þrjú ár.
- hafi umsækjandi náð 72 ára aldri en ekki 80 ára: Tvö ár.
- hafi umsækjandi náð 80 ára aldri: Eitt ár.

Þegar gildistími ökuskírteinis fyrir flokkana C, CE, D og DE og til farþegaflutninga í atvinnuskyni rennur út, sbr. 4. og 5. mgr., heldur skírteinið gildi sínu að því er varðar aðra flokka, sbr. 3. mgr.

Ökuskírteini fyrir dráttarvél og létt bifhjól skal gefa út þar til hlutaðeigandi verður fullra 70 ára.

#### 49. gr.

Ef upplýsingar um heilbrigði mæla með því, eða rökstuddur vafi er um, hvort umsækjandi sé reglusamur eða ekki háður notkun ávana- og fíkniefna eða annarra sljógvandi efna, má jafnan gefa út ökuskírteini til skemmri tíma en segir í 48. gr.

### Samrit ökuskírteina.

#### 50. gr.

Ef ökuskírteini glatast eða það hefur skemmst eða slitnað svo að áritanir, númer, stimplar, ljósmynd eða þess háttar verður ekki staðreynt þegar í stað, eða ökuskírteinið hefur að öðru leyti skemmst, skal handhafi skírteinisins sækja um að fá útgefið samrit ökuskírteinisins, enda sé ætlunin að nota ökuréttindin áfram. Þessa er þó ekki þörf við nafnbreytingu.

Umsókn um samrit ökuskírteinis má afhenda lögreglustjóra, óháð því hvar umsækjandi hefur búsetu, sbr. þó 3. mgr. Umsókn skal fylgja ljósmynd, sbr. a-lið 2. mgr. 3. gr. Ákvæði 2. málsl. 3. mgr. og 4. - 6. mgr. 3. gr. eiga við. Ef ökuskírteini hefur glatast skal umsækjandi undirrita yfirlýsingu um það. Finnist hið glataða ökuskírteini skal það þegar afhent lögreglu. Skemmt ökuskírteini skal afhent lögreglu þegar samrits er beiðst.

Sá sem hefur fasta búsetu hér á landi og hefur ökuskírteini sem gefið er út í ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu getur fengið útgefið samrit samkvæmt ákvæðum þessum. Ákvæði 1. og 3. málsl. 3. mgr. 3. gr. eiga við.

### Bráðabirgðaakstursheimild.

#### 51. gr.

Lögreglustjóri getur gefið út bráðabirgðaakstursheimild handa þeim sem hefur íslensk ökuréttindi. Sama er um handhafa ökuskírteinis sem gefið er út í ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu eða í Færeyjum og hefur fasta búsetu hér á landi, sbr. 1. mgr. 73. gr. Bráðabirgðaakstursheimild skal vera tímabundin, að jafnaði til ekki lengri tíma en eins mánaðar.

Bráðabirgðaakstursheimild má gefa út við þessar aðstæður:

- a. þegar ökuskírteini hefur glatast, sbr. 50. gr., og umsækjanda er nauðsyn að stjórna ökutæki,
- b. þegar skírteinishafi hefur gleymt ökuskírteini sínu á stað þar sem ekki verður með sanngirmi gerð krafa um að hann sæki það,
- c. þegar ökuréttinda hefur verið aflað og tiltekinn tíma tekur þar til ökuskírteinið verður tilbúið til afhendingar, og
- d. þegar aðrar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Við akstur skal akstursheimildin höfð meðferðis, svo og viðurkennt skilríki með ljósmynd af handhafa. Heimildin veitir einungis rétt til aksturs hér á landi.

Bráðabirgðaakstursheimild má einnig gefa út handa þeim sem ekki hefur fasta búsetu hér á landi og hefur ekki undir höndum tilskilið ökuskríteini, sbr. 71. gr. Leyfið má m.a. binda því skilyrði að umsækjandi gangist undir hæfnispróf.

### **Alþjóðleg ökuskríteini.**

52. gr.

Lögreglustjórar og Félag íslenskra bifreiðaeigenda mega gefa út alþjóðlegt ökuskríteini samkvæmt alþjóðasamningi um umferð frá 19. september 1949.

Umsókn má afhenda lögreglustjóra, óháð því hvar umsækjandi hefur búsetu. Umsókn skal fylgja ljósmynd, sbr. a-lið 2. mgr. 3. gr., auk ökuskríteinis umsækjanda. Ákvæði 3. og 4. mgr. 3. gr. eiga við.

Alþjóðlegt ökuskríteini má einungis gefa út fyrir þann sem hefur gilt íslenskt ökuskríteini og tekur einungis til ökutækja sem hlutaðeigandi hefur rétt til að stjórna samkvæmt hinu íslenska ökuskríteini.

Alþjóðlegt ökuskríteini skal gilda í eitt ár frá útgáfudegi. Það veitir rétt til að stjórna þeim flokkum ökutækja sem í því greinir í þeim lögum sem eru aðilar að samningnum. Skríteinið veitir ekki rétt til að stjórna ökutæki hér á landi.

### **V. KAFLI**

#### **Aukin ökuréttindi.**

53. gr.

Umsókn um að ökuskríteini gildi fyrir nýja flokka ökutækja eða til farþegaflutninga í atvinnuskyni og umsókn um verklegt próf skv. b-lið 2. mgr. 15. gr. má afhenda lögreglustjóra, óháð því hvar á landinu umsækjandi hefur búsetu.

Umsókn skal fylgja ljósmynd, sbr. a-lið 2. mgr. 3. gr. Ákvæði 3. - 6. mgr. 3. gr. eiga við.

Umsókn um að ökuskríteini gildi einnig fyrir flokkana C, CE, D, DE eða til farþegaflutninga í atvinnuskyni fyrir flokkana B eða D skal auk þess fylgja læknisvottorð, sbr. b-lið 2. mgr. 3. gr. Þessa er þó ekki þörf ef umsækjandi hefur áður fengið ökuskríteini fyrir einhvern nefndra flokka eða til farþegaflutninga í atvinnuskyni.

Með umsókn um að ökuskríteini sem gildir fyrir flokkana M eða T gildi fyrir flokkana A eða B skal fara skv. 3. gr.

Að öðru leyti þarf læknisvottorð ekki að fylgja umsókn. Lögreglustjóri getur þó krafist læknisvottorðs ef það telst nauðsynlegt.

54. gr.

Ökupróf og verklegt próf vegna aukinna ökuréttinda skulu fara fram samkvæmt reglum III. kafla.

Standist umsækjandi próf og fullnægi að öðru leyti skilyrðum til að fá aukin ökuréttindi skal gefa út nýtt ökuskríteini í samræmi við ákvæði IV. kafla. Ákvæði 23. gr. eiga við.

Ökuskríteinið gildir þaðan í frá fyrir þá flokka ökutækja sem hlutaðeigandi hefur nú rétt til að stjórna, eftir atvikum einnig til farþegaflutninga í atvinnuskyni.

### **VI. KAFLI**

#### **Útgáfa fullnaðarskríteinis og endurnýjun ökuskríteinis.**

55. gr.

Umsókn um útgáfu fullnaðarskríteinis og um endurnýjun ökuskríteinis við lok gildistíma má afhenda lögreglustjóra, óháð því hvar umsækjandi hefur búsetu.

Umsókn skal fylgja ljósmynd og heilbrigðisfirlýsing/læknisvottorð, sbr. a- og b-lið 2. mgr. 3. gr. Ákvæði 3. - 6. mgr. 3. gr. eiga við.

Við umsókn um endurnýjun ökuskírteinis til farþegaflutninga í atvinnuskyni eiga ákvæði 4. mgr. 19. gr. við.

#### 56. gr.

Lögreglustjóri getur ákveðið að áður en fullnaðarskírteini verður gefið út í stað bráðabirgðaskírteinis skuli skírteinishafi gangast undir hæfnispróf ef hlutaðeigandi hefur sýnt af sér vankunnáttu í akstri, vanhæfni eða vítaverða aksturshætti.

Ef sótt er um útgáfu fullnaðarskírteinis eða endurnýjun ökuskírteinis þegar meira en tvö ár eru frá því ökuskírteinið féll úr gildi skal umsækjandi standast hæfnispróf. Lögreglustjóri getur þó ákveðið að ekki þurfi að gangast undir hæfnispróf.

#### 57. gr.

Ef umsækjandi fullnægir skilyrðum til að fá útgefið fullnaðarskírteini eða að fá ökuskírteini endurnýjað skal gefið út ökuskírteini í samræmi við ákvæði IV. kafla. Ákvæði 23. gr. eiga við.

Gildistími ökuskírteinis skal ákveðinn frá útgáfudegi þess.

### VII. KAFLI

#### Afturköllun ökuréttinda og ökuskírteinis og hæfnispróf.

#### 58. gr.

Lögreglustjóri getur, samkvæmt ákvæðum þessa kafla, afturkallað ökuréttindi ef skilyrðum til að öðlast ökuskírteini er ekki lengur fullnægt.

Svipting réttar til farþegaflutninga í atvinnuskyni fer fram samkvæmt reglum 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga. Þann rétt getur lögreglustjóri ekki afturkallað nema hann afturkalli jafnframt hin almennu ökuréttindi.

Lögreglustjóri getur afturkallað ökuskírteini sem er skemmt eða slitið.

#### 59. gr.

Ef lögreglustjóri tekur ákvörðun um afturköllun ökuréttinda, eða ökuréttindi hafa sætt sviptingu, skal ökuskírteinið afhent lögreglu.

Ökuskírteini skal einnig afhent lögreglu ef takmarka á ökuréttindi skv. 2. mgr. 63. gr.

Ef gefið hefur verið út íslenskt alþjóðlegt ökuskírteini og ökuréttindi hlutaðeigandi sæta afturköllun eða sviptingu skal hið alþjóðlega ökuskírteini einnig afhent lögreglu.

Ef ökuréttindi eru afturkölluð vegna þess að hlutaðeigandi er ekki nægilega reglusamur eða hann er háður notkun ávana- og fikniefna eða annarra sljóvgandi efna skal synjunin, að kröfu hlutaðeigandi, borin undir dómstóla samkvæmt reglum 68. gr. a almennra hegningarlaga.

#### 60. gr.

Hæfnispróf samkvæmt kafla þessum skulu fara fram í samræmi við ákvæði III. kafla, sbr. þó 2. mgr.

Í stað þess að gangast undir hæfnispróf skv. 1. mgr. getur skírteinishafi sótt um að fá útgefið ökuskírteini fyrir frekari flokka, enda feli það í sér að gangast verði undir ökupróf til að öðlast þau réttindi, sbr. 1. mgr. 32. gr.

Um ökupróf sem tekið er skv. 2. mgr. eiga við skilyrði og réttaráhrif sem gilda um hæfnispróf.

Neiti skírteinishafi að gangast undir hæfnispróf, ökuþróf skv. 2. mgr. eða þær rannsóknir eða athuganir sem nauðsynlegar eru, sbr. 1. mgr. 63. gr., getur lögreglustjóri afturkallað ökuréttindin þegar í stað.

Ökuréttindi skal einnig afturkalla ef skírteinishafi stenst ekki hæfnispróf í fyrstu próf-raun.

Ef lögreglustjóri hefur afturkallað ökuréttindi vegna þess að skírteinishafi stóðst ekki hæfnispróf eða það fór ekki fram skal fara með umsókn um endurveitingu eftir ákvæðum VIII. kafla.

### **Bráðabirgðasvipting ökuréttinda.**

61. gr.

Nú telur lögreglustjóri skilyrði til sviptingar ökuréttinda vera fyrir hendi og skal þá svipta skírteinishafa ökuréttindum til bráðabirgða svo fljótt sem unnt er. Ákvörðun þessa má bera undir dómstóla samkvæmt reglum um meðferð opinberra mála, og skal lögreglustjóri leiðbeina skírteinishafa um þann rétt þegar ákvörðun er birt.

### **Vanþekking eða vanhæfni.**

62. gr.

Lögreglustjóri getur ákveðið að skírteinishafi skuli gangast undir hæfnispróf ef rökstuddur vafi er um hvort hlutaðeigandi hafi enn næga aksturshæfni, nauðsynlega þekkingu á umferðarlöggjöf eða skilning á tillitssemi við aðra vegfarendur.

Hæfnispróf þarf ekki að fara fram ef hlutaðeigandi hefur staðist ökuþróf eftir það atvik sem gaf tilefni til ákvörðunar lögreglustjóra.

### **Heilbrigði.**

63. gr.

Ef lögregla verður vör við atvik sem veitir rökstuddan vafa um hvort skírteinishafi er enn nægilega heilbrigður eða sé enn reglusamur eða ekki háður notkun ávana- og fíkniefna eða annarra sljógvandi efna ber hlutaðeigandi að gangast undir rannsóknir eða athuganir sem nauðsynlegar eru til að taka um það ákvörðun, þ. á m. að leggja fram læknisvottorð, eftir atvikum frá sérfræðilækni. Ákvæði 23. gr. eiga að öðru leyti við.

Á grundvelli rannsókna eða athugana á ákveður lögreglustjóri hvort afturkalla skuli ökuréttindin, eða hvort skírteinishafi megi halda ökuréttindunum, eftir atvikum með sérstökum takmörkunum, sbr. 2. mgr. 47. gr. og 49. gr. Sama gildir um rétt til farþega-flutninga í atvinnuskyni.

Ef ökuréttindi eru takmörkuð skal gefa út nýtt ökuskírteini í samræmi við ákvæði IV. kafla. Hlutaðeigandi skal leggja fram ljósmynd, sbr. a-lið 2. mgr. 3. gr. Ákvæði 3. - 6. mgr. 3. gr. eiga við.

## **VIII. KAFLI**

### **Endurveiting ökuréttinda.**

64. gr.

Umsókn um endurveitingu ökuréttinda, hvort heldur er vegna afturköllunar eða sviptingar, skal afhenda lögreglustjóra, óháð því hvar á landinu umsækjandi hefur búsetu.

Umsókn skal fylgja ljósmynd, sbr. a-lið 2. mgr. 3. gr. Ákvæði 3. - 6. mgr. 3. gr. eiga við. Ef endurveiting sviptra ökuréttinda er háð leyfi dómsmálaráðuneytisins skal heimild þess fylgja.

Hafi ökuréttindi verið afturkölluð vegna læknisfræðilegra ástæðna eða vegna notkunar ávana- eða fíkniefna eða annarra sljógvandi efna eða vegna ónógrar reglusemi skal enn

fremur leggja fram læknisvottorð, sbr. b-lið 2. mgr. 3. gr. Að öðru leyti þarf því aðeins að leggja fram læknisvottorð að fyrri læknisvottorð, sem gefið var vegna útgáfu eða endurnýjunar ökuskírteinis, eða önnur atvik, gefi tilefni til þess.

65. gr.

Ökuprof og hæfnispróf samkvæmt þessum kafla skulu fara fram í samræmi við ákvæði III. kafla, sbr. þó 2. mgr. 67. gr.

66. gr.

Ef umsækjandi fullnægir skilyrðum til að öðlast ökuréttindi að nýju skal gefa út ökuskríteini í samræmi við ákvæði IV. kafla. Ákvæði 23. gr. eiga við.

### **Endurveiting eftir afturköllun ökuréttinda.**

67. gr.

Hafi lögreglustjóri afturkallað ökuréttindi vegna þess að hlutaðeigandi stóðst ekki hæfnispróf eða prófið fór ekki fram má endurveiting þá fyrst fara fram að hlutaðeigandi standist nýtt hæfnispróf.

Í stað þess að gangast undir hæfnispróf skv. 1. mgr. getur skírteinishafi sótt um að fá útgefið ökuskírteini fyrir fleiri flokka, enda feli það í sér að gangast verði undir ökuprof, sbr. 1. mgr. 32. gr. Réttaráhrif er eiga við um hæfnispróf gilda eftir því sem við á.

Hafi afturköllun ökuréttinda varað þrjú ár eða lengur vegna notkunar ávana- og fíkniefna eða annarra sljóvgandi efna, vegna ónógrar reglusemi eða vegna upplýsinga um heilbrigði er það skilyrði fyrir endurveitingu að umsækjandi standist hæfnispróf. Lögreglustjóri getur ef sérstaklega stendur á ákveðið að ekki þurfi að gangast undir hæfnispróf.

### **Endurveiting eftir sviptingu ökuréttinda.**

68. gr.

Sá sem sviptur hefur verið ökuréttindum um lengri tíma en eitt ár öðlast ekki ökuréttindi að nýju að loknum sviptingartíma nema hann standist hæfnispróf.

Verklegt próf má ekki fara fram fyrr en einum mánuði áður en sviptingartímabil rennur út.

## **IX. KAFLI**

### **Erlend ökuskírteini.**

69. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar gilda eftir því sem við á um handhafa erlendra ökuskírteina, að því leyti sem ökuskírteinið veitir skírteinishafa með fasta búsetu hér á landi rétt til að stjórna ökutækjum hér.

Ökuréttindi samkvæmt erlendu ökuskírteini má afturkalla eftir sömu reglum og gilda um íslensk ökuskírteini.

70. gr.

Erlent ökuskírteini veitir ekki heimild til að stjórna bifreið eða bifhjóli nema skírteinishafi hafi náð 17 ára aldri.

Farþegaflutninga í atvinnuskyni er ekki heimilt að stunda á grundvelli erlends ökuskríteinis.

Ökuskírteini til farþegaflutninga í atvinnuskyni má ekki gefa út á grundvelli erlends ökuskírteinis.



**Ákvæði um ökuskírteinishafa sem dvelja um stundarsakir hér á landi.**

71. gr.

Sá sem ekki hefur fasta búsetu hér á landi má stjórna hér vélknúnu ökutæki ef hann hefur undir höndum eitt eftirgreindra gildra ökuskírteina:

- a. Ökuskírteini gefið út í ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu.
- b. Færeyskt ökuskírteini.
- c. Bráðabirgðaökuskírteini eða ökuskírteini fyrir ferðamann gefið út í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð.
- d. Erlent ökuskírteini, annað en fellur undir a- - c-lið, ef ökuskírteinið er gefið út með latneskum bókstöfum, eða ef því fylgir þýðing á íslensku, dönsku, norsku, sænsku eða ensku.
- e. Alþjóðlegt ökuskírteini gefið út í samræmi við alþjóðasamningana frá 24. apríl 1926 um bifreiðaumferð, frá 19. september 1949 um umferð eða frá 8. nóvember 1968 um umferð á vegum.

Ökuskírteinið veitir handhafanum rétt til að stjórna ökutækjum í sömu flokkum hér á landi og það heimilar að stjórna í útgáfulandinu.

**Ákvæði um ökuskírteinishafa sem hafa fasta búsetu hér á landi.**

72. gr.

Sá sem hefur fasta búsetu hér á landi skal hafa undir höndum íslenskt ökuskírteini til að stjórna vélknúnu ökutæki hér.

Þó má stjórna vélknúnu ökutæki hér á landi á grundvelli erlends ökuskírteinis eftir að stofnað hefur verið til fastrar búsetu, samkvæmt því er greinir í 73. og 74. gr.

73. gr.

Ökuskírteini sem gefið er út í ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu eða í Færeyjum veitir handhafanum rétt til að stjórna sömu ökutækjum hér á landi og það heimilar að stjórna í útgáfulandinu á gildistíma þess, þó ekki lengur en til 70 ára aldurs handhafans.

Ökuskírteini sem gefið er út í ríki sem er ekki aðili að Evrópska efnahagssvæðinu, svo og ökuskírteini sem gefið er út á grundvelli slíks ökuskírteinis, veitir handhafanum rétt til að stjórna sömu ökutækjum hér á landi og það heimilar að stjórna í útgáfulandinu í allt að einn mánuð eftir að skilyrðum um fasta búsetu er fullnægt.

74. gr.

Eftir að stofnað hefur verið til fastrar búsetu hér á landi má því aðeins stjórna vélknúnu ökutæki á grundvelli erlends ökuskírteinis að ökuskírteinið sé gilt og að handhafi þess fullnægi aldursskilyrðum sem gilda um útgáfu samsvarandi íslensks ökuskírteinis, sbr. ákvæði I. kafla.

**Skipti á erlendum ökuskírteinum.**

75. gr.

Umsókn um skipti á erlendu ökuskírteini í samsvarandi íslenskt ökuskírteini má afhenda lögreglustjóra, óháð því hvar umsækjandi hefur búsetu, sbr. þó 1. málsl. 2. mgr. 2. gr.

Umsókn skal fylgja ljósmynd, sbr. a-lið 2. mgr. 3. gr. Við afhendingu umsóknar skal jafnframt afhenda hið erlenda ökuskírteini. Ákvæði 3. - 6. mgr. 3. gr. eiga við.

Umsókn um skipti á ökuskírteini sem ekki er gefið út í ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu, né í Færeyjum, skal fylgja heilbrigðisýfirlýsing/læknisvottorð, sbr. b-lið 2. mgr. 3. gr. Ákvæði 23. gr. eiga við.

Við skipti á ökuskírteini sem gefið er út í ríki sem ekki er aðili að Evrópska efnahags-  
svæðinu og ökuskírteini sem gefið er út á grundvelli slíks ökuskírteinis skal hið nýja öku-  
skírteini bera áritun um útgáfulandið, svo og sérhver síðari endurnýjun eða skipti á öku-  
skírteininu.

Ef umsækjandi fullnægir skilyrðum til að fá skipt á ökuskírteini skal gefa út ökuskírteini  
í samræmi við ákvæði IV. kafla.

#### 76. gr.

Gefa má út íslenskt ökuskírteini í stað gilds erlends ökuskírteinis, með þeim takmörk-  
unum sem leiðir af ákvæðum 77. - 79. gr., enda fullnægi handhafi skírteinisins þeim skil-  
yrðum sem gilda um öflun samsvarandi íslensks ökuskírteinis, sbr. ákvæði I. kafla.

Ef skilyrði 1. mgr. um gildi ökuskírteinisins er ekki fullnægt og það stafar eingöngu af  
því að gildistími ökuskírteinisins er liðinn, getur umsækjandi þó fengið útgefið íslenskt  
ökuskírteini á grundvelli hæfnisprófs.

#### 77. gr.

Handhafi ökuskírteinis sem gefið er út í Færeyjum getur án frekari könnunar fengið skipt  
á því og samsvarandi íslensku ökuskírteini. Sama er um ökuskírteini sem gefið er út í ríki  
sem er aðili að Evrópska efnahagsvæðinu, sbr. þó 2. mgr.

Handhafi ökuskírteinis sem gefið er út í ríki sem er ekki aðili að Evrópska efnahags-  
svæðinu eða ökuskírteinis sem gefið er út á grundvelli slíks ökuskírteinis getur því aðeins  
fengið skipt á því og samsvarandi íslensku ökuskírteini að hann standist hæfnispróf.

#### 78. gr.

Lögreglustjóri getur ákveðið að ekki þurfi að gangast undir hæfnispróf vegna útgáfu  
íslensks ökuskírteinis í stað erlends ökuskírteinis ef telja má að útgáfa ökuskírteina í hlutað-  
eigandi ríki lúti ekki verulega vægari skilyrðum en hér á landi.

Lögreglustjóri getur krafist þess að hæfnispróf fari fram áður en íslenskt ökuskírteini  
verður gefið út í stað samsvarandi erlends ökuskírteinis ef:

- a. ökuskírteinishafi hefur áður gengist undir ökuþróf hér á landi sem hann stóðst ekki  
vegna ónógrar aksturshæfni, vanþekkingar á mikilvægum umferðarreglum eða ónógs  
skilnings á tilliti við aðra vegfarendur, eða
- b. ökuréttindin hafa áður sætt afturköllun eða sviptingu hér á landi.

#### 79. gr.

Sá sem hefur fasta búsetu hér á landi og öðlast hefur ökuskírteini erlendis getur fengið  
því skipt samkvæmt ákvæðum þessa kafla enda hafi dvölin staðið lengur en sex mánuði, sbr.  
þó 2. mgr.

Þessi takmörkun gildir þó ekki um færeysk ökuskírteini eða ökuskírteini sem gefin hafa  
verið út í ríki sem er aðili að Evrópska efnahagsvæðinu.

### X. KAFLI

#### Eldri ökuréttindi.

#### 80. gr.

Fullnaðarskírteini, sem gefin höfðu verið út til tíu ára fyrir 1. mars 1988 og voru þá í  
gildi, skulu gilda áfram án áritunar þar til hlutaðeigandi er fullra 70 ára.

#### 81. gr.

Þeir, sem fyrir gildistöku reglugerðar þessarar hafa öðlast réttindi sem nú er krafist  
sérstakrar löggildingar til, halda þeim rétti, enda fullnægi þeir almennum skilyrðum til þess,  
þannig:

- a. Þeir, sem fyrir 1. júlí 1958 hafa öðlast réttindi til að mega stjórna bifreið, mega stjórna bifhjóli, svo og vörubifreið sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd.
- b. Þeir, sem fyrir 12. apríl 1960 hafa öðlast réttindi til að mega stjórna bifreið, mega stjórna hópibifreið, þó ekki hópibifreið til farþegaflutninga í atvinnuskyni.
- c. Þeir, sem fyrir 12. apríl 1960 hafa öðlast réttindi til að mega stjórna leigubifreið til mannflutninga, mega stjórna fólksbifreið og hópibifreið til farþegaflutninga í atvinnuskyni.
- d. Þeir, sem frá og með 1. júlí 1958 og fyrir 1. mars 1988 hafa öðlast réttindi til að mega stjórna bifreið, mega stjórna hópibifreið með sæti fyrir 16 farþega eða færri auk ökumanns, þó ekki hópibifreið til farþegaflutninga í atvinnuskyni.
- e. Þeir, sem frá og með 12. apríl 1960 og fyrir 1. mars 1988 hafa öðlast réttindi til að mega stjórna leigubifreið til mannflutninga, mega stjórna fólksbifreið og hópibifreið með sæti fyrir 16 farþega eða færri auk ökumanns til farþegaflutninga í atvinnuskyni.
- f. Þeir, sem frá og með 1. júlí 1958 og fyrir 1. júní 1993 hafa öðlast réttindi til að mega stjórna bifreið, mega stjórna vörubifreið fyrir allt að 5 smáesta farm.
- g. Þeir, sem fyrir 1. janúar 1997 hafa öðlast réttindi til að mega stjórna bifreið, mega stjórna fólksbifreið sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd.
- h. Þeir, sem fyrir 15. ágúst 1997 hafa öðlast réttindi til að mega stjórna bifreið, vörubifreið eða hópibifreið, mega stjórna samtengdum ökutækjum með bifreið, vörubifreið eða hópibifreið, eftir því sem við á, og stórum eftirvagni/tengitæki.
- i. Þeir, sem frá og með 1. mars 1988 og fyrir 15. ágúst 1997 hafa öðlast réttindi til að mega stjórna bifreið til farþegaflutninga í atvinnuskyni, mega stjórna fólksbifreið til farþegaflutninga í atvinnuskyni.
- j. Þeir, sem fyrir 15. ágúst 1997 hafa, á grundvelli ökuþrófs, öðlast réttindi til að mega stjórna hópibifreið, mega stjórna hópibifreið til farþegaflutninga í atvinnuskyni.
- k. Þeir, sem fyrir 15. ágúst 1997 hafa öðlast réttindi til að mega stjórna bifhjóli, mega stjórna stóru bifhjóli, óháð ákvæði 2. mgr. 15. gr. um reynslutíma.
- l. Þeir, sem fyrir 30. desember 1996 hafa öðlast réttindi til að mega stjórna dráttarvél, léttu bifhjóli eða torfærutæki, mega til 30. júní 1999 stjórna torfærutæki.

## 82. gr.

Við útgáfu nýs ökuskírteinis í stað ökuskírteinis sem gefið hefur verið út fyrir gildistöku reglugerðar þessarar skal hið nýja ökuskírteini bera réttindaflokka í samræmi við ákvæði 5. - 13. gr., sbr. VI. viðauka, og gildistíma í samræmi við ákvæði IV. kafla.

Handhafi gilds ökuskírteinis af eldri gerð getur með sama hætti fengið útgefið nýtt ökuskírteini. Ákvæði 1. og 2. mgr. 50. gr. gilda eftir því sem við á.

## XI. KAFLI

## Málskot.

## 83. gr.

Sá sem ekki vill una niðurstöðu prófdómara vegna ökuþrófs getur skotið henni til sérstakrar nefndar sem stjórn Umferðarráðs skipar. Í nefndinni skulu eiga sæti deildarstjóri ökunámsdeildar Umferðarráðs, ökukennari tilnefndur af Ökukennarafélagi Íslands og fulltrúi tilnefndur af stjórn Umferðarráðs, og er hann formaður nefndarinnar. Varamenn skal skipa með sama hætti, þó þannig að framkvæmdastjóri Umferðarráðs tilnefnir varamann deildarstjóra ökunámsdeildar. Nefndin skal skipuð til tveggja ára í senn. Ákvörðun nefndarinnar verður skotið til dómsmálaráðuneytisins.

Að öðru leyti fer um málskot ákvarðana samkvæmt reglugerð þessari samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

**Gjöld fyrir próf.**

84. gr.

Fyrir hvert próf (fræðilegt próf og verklegt próf) skal greiða sérstakt gjald, þannig:

Flokkur	M,T	A,B	BE	C	CE	D	DE	Farþegaflutningar í atvinnuskyni		kr.
								B	D	
Fræðilegt próf	900	900	-	-	-	-	-	-	-	kr.
Verklegt próf	2.000	2.800	2.800	5.000	3.500	5.000	3.500	8.000	3.000	kr.

Fyrir verklegt próf fyrir stórt bifhjól, sbr. b-lið 2. mgr. 15. gr., skal greiða 2.800 krónur.

Ef verklegt próf fyrir flokk D og til farþegaflutninga í atvinnuskyni fer fram samtímis skal greiða 9.000 krónur.

Fyrir fyrsta hæfnispróf skal ekki greiða gjald nema prófið fari fram skv. 68. gr.

85. gr.

Komi umsækjandi ekki til prófs á tilsettum tíma án þess að hafa boðað forföll eigi síðar en kl. 12.00 á hádegi tveimur virkum dögum fyrir próf, eða próftaki stenst ekki próf, skal greiða nýtt prófgjald þegar skráð er í próf að nýju, nema forföll stafi af staðfestum veikindum umsækjandans eða ökukennarans.

**Gjöld fyrir ökuskírteini.**

86. gr.

Fyrir ökuskírteini skal greiða:

- |   |           |
|---|-----------|
| a. Bráðabirgðaökuskírteini  | 1.500 kr. |
| b. Ökuskírteini (fullnaðarskírteini) fyrir flokkana A, B, BE, C, CE, D og DE, svo og til farþegaflutninga í atvinnuskyni, að 65 ára aldri | 3.000 kr. |
| c. Ökuskírteini, 65 ára og eldri  | 1.500 kr. |
| d. Ökuskírteini fyrir flokkana M og T   | 1.500 kr. |
| e. Alþjóðlegt ökuskírteini  | 1.000 kr. |

Sama gjald skal greiða fyrir samrit.

Ekki skal taka gjald fyrir endurnýjun ökuskírteinis þess sem náð hefur 70 ára aldri.

**Greiðsla gjalda.**

87. gr.

Greiða skal gjald fyrir ökuþróf og ökuskírteini um leið og umsókn er lögð fram.

Ef leita þarf umsagnar eða afla frekari upplýsinga eða gagna vegna umsóknar getur lögreglustjóri ákveðið að gjöld skuli greidd síðar.

Gjald fyrir endurtekið próf skal greiða um leið og skráð er í próf að nýju.

**Skrá um ökuskírteini.**

88. gr.

Ríkislögreglustjóri skal halda skrá um útfegin ökuskírteini.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um ökuskírteinaskrá þar sem fram kemur hvaða upplýsingar skuli færðar í skrána.

## XII. KAFLI

**Gildistaka.**

## 89. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 50., 52., 54., 57. og 60. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993 og nr. 138 18. desember 1996, svo og með hliðsjón af 24. a tölul. í XIII. viðauka (tilskipun 91/439/EBE, sbr. tilskipun 96/47/EB) við EES samninginn og tilskipun 97/26/EB, öðlast gildi 15. ágúst 1997.

Tilskipanir 91/439/EBE og 96/47/EB sem vísað er til eru birtar í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstakri útgáfu, bók 4, bls. 346-369, sbr. EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB, 17. hefti 1994, bls. 69, og í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB, 29. hefti 1997, bls. 33-38, sbr. bls. 30 og 31.

Jafnframt falla úr gildi:

- a. Reglugerð um ökukennslu, próf ökumanna o.fl., nr. 787 13. desember 1983, með síðari breytingum, 1. - 6. gr., 11. - 12. gr., 15. - 20. gr., 24. - 52. gr., 52. gr. a, a - g-liðir 52. gr. b og 53. - 55. gr.
- b. Reglugerð um prófgjöld ökumanna, gjöld fyrir ökuskírteini o.fl., nr. 634 30. desember 1991, með síðari breytingum, 1. - 6. tölul. 1. gr. og 1. - 8. tölul. 1. mgr. og 3. mgr. 2. gr.

*Ákvæði til bráðabirgða*

- a. Um ökuþróf fyrir flokkana A, B, M og T sem hafið er fyrir gildistöku reglugerðarinnar fer eftir ákvæðum eldri reglugerðar. Þó skal verklegt próf á bifhjól fara fram samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar. Um réttindi fer eftir ákvæðum þessarar reglugerðar.
- b. Þeir sem fyrir gildistöku reglugerðarinnar hafa lokið prófi til að mega stjórna bifreið, annarri en hópbifreið, sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd, hópbifreið eða bifreið til farþegaflutninga í atvinnuskyni, en fullnægja þá ekki aldurskilyrði til að fá útgefið ökuskírteini er veitir þau réttindi, skulu fá útgefin ökuréttindi í samræmi við ákvæði 81. gr.
- c. Þar til nýjar námskrár hafa verið settar skv. 3. mgr. 26. gr. skal ökukennsla fara fram í samræmi við núgildandi námskrár með þeim breytingum sem leiðir af ákvæðum reglugerðarinnar.
- d. Ökukennarar sem við gildistöku reglugerðarinnar hafa löggildingu til kennslu í akstri bifreiða mega annast ökukennslu fyrir þá flokka bifreiða sem ökuskírteinið heimilar þeim að stjórna.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. ágúst 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

## I. VIÐAUKI

## Ákvæði um gerð og efni ökuskírteinisins.

## I. Gerð ökuskírteinis.

Ökuskírteini skulu vera af EES gerð í samræmi við ákvæði tilskipunar 96/47/EB um breytingu á tilskipun 91/439/EBE um ökuskírteini eins og þau ákvæði eru eftir aðlögun þeirra að reglum Evrópska efnahagssvæðisins.

Gerð ökuskírteinisins skal vera í samræmi við meðfylgjandi mynd.



13.	9.	10.	11.	12.
A		14.07.1989	30.09.2041	
B		16.11.1988	30.09.2041	
C		17.03.1997	17.03.2007	
D				
BE		16.11.1988	30.09.2041	
CE		17.03.1997	17.03.2007	
DE				

## II. Útlit ökuskírteinis og efni.

Framhlið ökuskírteinisins:

Í efra vinstra horni er íslenska þjóðernismerkið, ÍS, hvítt að lit á bláum sporöskjulaga grunni.

Efst fyrir miðju er orðið „ökuskírteini“ prentað með svörtum upphafsstöfum.

Í efra hægra horni er orðið „Ísland“ prentað með bláum upphafsstöfum.

Í neðra vinstra horni er ljósmynd af skírteinishafa.

Í neðra hægra horni er mynd af íslenska skjaldarmerkinu í fánalítum.

Í grunni framhliðarinnar eru orðin EES gerð og orðið „ökuskírteini“ á tungumálum Evrópska efnahagssvæðisins.

Efni ökuskírteinisins er á framhliðinni tilgreint með tölulíðum sem merkja:

2. Eiginnafn (eiginnöfn) skírteinishafa og, ef því er að skipta, millinafn.
  1. Kenninafn skírteinishafa.
  3. Fæðingardagur og fæðingarstaður (fæðingarland) skírteinishafa.
  - 4a. Útgáfudagur ökuskírteinisins.  
Tilgreind dagsetning er útgáfudagur sjálfs skírteinisins. Útgáfudagur áður útgefina réttindaflokka, ef því er að skipta, er tilgreindur í dálki 10 á bakhlið skírteinisins.
  - 4b. Lokadagur ökuskírteinisins.  
Tilgreind dagsetning er þegar sjálft skírteinið fellur úr gildi. Fyrir einstaka réttindaflokka o.fl. kann annar lokadagur að vera ákveðinn fyrir. Það er tilgreint á bakhlið skírteinisins.
  - 4c. Nafn útgefanda skírteinisins (ríkislögreglustjóri).
  - 4d. Kennitala skírteinishafa.
  5. Númer ökuskírteinisins.
  7. Undirskrift skírteinishafa.
  9. Upplýsingar um réttindaflokka skírteinishafa. Rita skal innlenda flokka með öðru letri en samræmda flokka.

#### Bakhlið ökuskírteinisins:

Í efra vinstra horni er skilinn eftir sérstakur reitur, merktur 13, fyrir erlend yfirvöld til að færa á upplýsingar vegna umsýslu þeirra ef skírteinishafinn sest að í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins.

Á vinstri hlið eru skýringar á liðunum 2, 1, 3, 4a, 4b, 4c, 4d, 5, 7 og 9 á framhlið ökuskírteinisins, svo og á dálkunum 9, 10, 11 og 12 á bakhlið þess.

Á vinstri hlið (milli liðanna 2 og 3) er svört mynd af íslenska skjaldarmerkinu. Í grunni bakhliðarinnar, umhverfis dálkana 9 - 12, eru einnig orðin EES gerð og orðið „ökuskírteini“ á tungumálum Evrópska efnahagssvæðisins.

Efni ökuskírteinisins er á bakhliðinni tilgreint í dálkum sem merkja:

9. Ökuréttindaflokkar þeir sem notaðir eru hér á landi.  
Samræmdir ökuréttindaflokkar eru tilgreindir með bókstöfum, A, B, C, D, BE, CE og DE, og einnig með tákmynd. Innlendir flokkar eru eingöngu tilgreindir með bókstöfum, M og T, og með öðru letri en samræmdir flokkar.
10. Útgáfudagur hvers réttindaflokks fyrir sig.
11. Lokadagur hvers réttindaflokks fyrir sig.
12. Viðbótarupplýsingar og eftir atvikum skilyrði og takmarkanir er varða ökuskírteinið.  
Dálkurinn nær einnig til stóra reitsins neðst á bakhlið ökuskírteinisins neðan við dálkana 9 - 12.  
Viðbótarupplýsingar, skilyrði og takmarkanir eru tilgreindar með tákntölum eins og greinir í VII. viðauka.

## II. VIÐAUKI

### Lágmarkskröfur um líkamlegt og andlegt hæfi til að stjórna vélknúnu ökutæki.

#### Skilgreiningar.

Í viðauka þessum er öikumönnum skipt í tvo hópa:

*Hópur 1:* Öikumenn ökutækja í flokki A, B og BE, svo og í flokki M og T.

*Hópur 2:* Öikumenn ökutækja í flokki C, CE, D og DE, svo og öikumenn í flokki B sem annast farþegaflutninga í atvinnuskyni.

Á sama hátt flokkast hver sá sem sækir um útgáfu eða endurnýjun ökuskráteisins í þann hóp sem hann mun tilheyra þegar ökuskráteinið hefur verið gefið út eða endurnýjað.

### Meginregla.

Gerðar eru lágmarkskröfur um andlegt og líkamlegt heilbrigði ökumanna. Meiri kröfur eru gerðar til ökumanna í hópi 2 en í hópi 1. Meginkrafan er að ökumaður geti skynjað hættur umhverfisins og stjórnað hlutaðeigandi ökutæki af öryggi fyrir hann sjálfan og aðra og að hann eigi ekki á hættu að missa stjórn á ökutækinu vegna líkamlegra eða andlegra orsaka.

Lágmarkskröfur sem gerðar eru um heilbrigði ökumanna í hópi 1 eiga einnig við um ökumenn í hópi 2.

### A. Sjón.

Sá sem sækir um ökuskráteini skal fara í skoðun til að ganga úr skugga um að hann hafi nógu góða sjón til að stjórna vélknúnu ökutæki. Ef ástæða er til að efast um að svo sé skal umsækjandi fara í rannsókn hjá þar til bærum lækni. Í þeirri rannsókn skal einkum lögð áhersla á sjónskerpu, sjónsvið, sjón í rökkri og augnsjúkdóma sem ágerast.

Ígræddar augnlinsur teljast ekki vera sjóngler í skilningi þessa viðauka.

#### Hópur 1.

Sá sem sækir um útgáfu eða endurnýjun ökuskráteisins skal hafa sjónskerpu sem nemur a.m.k. 0,5 þegar bæði augu eru mæld samtímis, eftir atvikum með sjónglerjum. Ökuskráteini má hvorki gefa út né endurnýja ef fram kemur við læknisskoðun að lárétt sjónsvið viðkomandi er innan við  $120^\circ$ , nema víkja megi frá því í undantekningartilvikum á grundvelli læknisfræðilegs álits og hæfnisathugunar sem gefur jákvæða niðurstöðu, eða að sjón hans er af öðrum ástæðum þannig að hann getur ekki ekið af öryggi. Ef augnsjúkdómur sem ágerist verður sannreyndur eða upplýsingar um hann koma fram má gefa út eða endurnýja ökuskráteini, enda fari viðkomandi reglulega í augnskoðun hjá þar til bærum lækni.

Sá sem sækir um útgáfu eða endurnýjun ökuskráteisins og er alveg blindur á öðru auga eða notar aðeins annað augað (t.d. við tvísýni) skal hafa sjónskerpu sem nemur a.m.k. 0,6, eftir atvikum með sjónglerjum. Þar til bær læknir þarf að votta að það ástand, þar sem aðeins öðru auganu er beitt, hafi varað það lengi að viðkomandi hafi vanist því og að sjónsvið þess auga sé eðlilegt.

#### Hópur 2.

Sá sem sækir um útgáfu eða endurnýjun ökuskráteisins skal hafa sjónskerpu, eftir atvikum með sjónglerjum, sem nemur a.m.k. 0,8 á öðru auga og a.m.k. 0,5 á hinu. Ef sjóngler eru notuð til að ná þessari sjónskerpu skal óleiðrétt sjónskerpa á hvoru auga vera a.m.k. 0,05; að öðrum kosti verður lágmarkssjónskerpan (0,8 og 0,5) að nást annaðhvort með því að leiðrétt með gleraugum sem eru ekki sterkari en plús eða mínus átta ljósbrotsseiningar eða með snertilinum (óleiðrétt sjón = 0,05). Sjónglerin mega ekki valda óþægindum. Hvorki má gefa út né endurnýja ökuskráteini ef umsækjandinn eða ökumaðurinn hefur ekki eðlilegt sjónsvið með báðum augum saman eða ef viðkomandi er haldinn tvísýni.

### B. Heyrn.

Gefa má út eða endurnýja ökuskráteini fyrir umsækjendur eða ökumenn í hópi 2 á grundvelli álits þar til bær læknis. Við læknisskoðun skal tekið tillit til möguleika á leiðréttingu.

### C. Hreyfihömlun.

Ökuskráteini má hvorki gefa út né endurnýja fyrir umsækjendur eða ökumenn sem haldnir eru sjúkdómi í hreyfikerfi líkamans eða hafa afbrigðilegt hreyfikerfi þannig að hættulegt sé að þeir stjórni vélknúnu ökutæki.



### *Hópur 1.*

Gefa má út öskuskírteini, eftir atvikum með sérstökum takmörkunum, fyrir líkamlega fatlaða umsækjendur eða ökumenn að fengnu álitni þar til bærs læknis. Álitnið skal byggt á læknisfræðilegu mati á viðkomandi sjúkdómi eða fötlun og, eftir atvikum, á hæfnisathugun. Þar skal einnig koma fram hvaða breytingar þurfi að gera á ökutækinu og hvort ökumaðurinn skuli nota bæklunarbúnað, enda leiði athuginin í ljós að akstur með slíkum búnaði geti farið fram af öryggi.

Gefa má út eða endurnýja öskuskírteini fyrir umsækjendur sem eru haldnir sjúkdómi sem ágerist, enda fari viðkomandi reglubundið í eftirlit til að kanna hvort hann sé enn fær um að stjórna ökutæki sínu af öryggi. Ef fötlunin tekur engum breytingum má gefa út eða endurnýja öskuskírteini án þess að gerð sé krafa um reglubundið eftirlit læknis.

### *Hópur 2.*

Þar til bær læknir skal taka viðeigandi tillit til þeirrar auknu áhættu sem tengist akstri ökutækja sem falla undir þennan hóp.

## **D. Hjarta- og æðasjúkdómar.**

Sjúkdómar, sem geta valdið því að sá sem sækir um útgáfu eða endurnýjun öskuskírteinis verði fyrir skyndilegu áfalli í hjarta- og æðakerfi sem getur valdið skyndilegri breytingu á heilavirkni, skapa hættu í umferð á vegum.

### *Hópur 1.*

Öskuskírteini má hvorki gefa út né endurnýja fyrir umsækjendur eða ökumenn sem eru haldnir alvarlegum hjartsláttartruflunum.

Gefa má út eða endurnýja öskuskírteini fyrir umsækjendur eða ökumenn sem nota hjarta-gangráð á grundvelli vottorðs þar til bærs læknis og reglubundins eftirlits hjá lækni.

Meta skal hvort gefa eigi út eða endurnýja öskuskírteini fyrir umsækjendur sem hafa óeðlilegan blóðþrýsting, með tilliti til annarra niðurstaðna rannsóknarinnar, hugsanlegra aukaverkana og þeirrar hættu sem þeir geta skapað í umferðinni.

Almennt gildir að öskuskírteini má hvorki gefa út né endurnýja fyrir umsækjendur eða ökumenn sem eiga vanda til hjartakveisu í hvíld eða við geðshræringu. Útgáfa eða endurnýjun öskuskírteinis fyrir umsækjendur eða ökumenn sem hafa fengið kransæðastíflu skal háð vottorði þar til bærs læknis og eftir atvikum reglubundnu eftirliti hjá lækni.

### *Hópur 2.*

Þar til bær læknir skal taka viðeigandi tillit til þeirrar auknu áhættu sem tengist akstri ökutækja sem falla undir þennan hóp.

## **E. Sykursýki.**

Gefa má út eða endurnýja öskuskírteini fyrir umsækjendur eða ökumenn sem eru haldnir sykursýki á grundvelli álits þar til bærs læknis og reglubundins eftirlits hjá lækni sem hæfir hverju einstöku tilviki.

### *Hópur 2.*

Aðeins í undantekningartilvikum má gefa út eða endurnýja öskuskírteini fyrir umsækjendur eða ökumenn í þessum hópi sem haldnir eru sykursýki og þurfa insúlínmeðferð, og þá aðeins á grundvelli álits þar til bærs læknis og reglubundins eftirlits hjá lækni.

## **F. Taugasjúkdómar.**

Öskuskírteini má hvorki gefa út né endurnýja fyrir umsækjendur eða ökumenn sem eru haldnir alvarlegum taugasjúkdómi, nema umsóknin sé studd álitni þar til bærs læknis.

Í þessu sambandi skal taka tillit til truflana í taugakerfi sem stafa af sjúkdómi eða uppskurði og hafa áhrif á miðtaugakerfið eða úttaugakerfið og koma fram í slakri skynjun eða

hreyfigetu og hafa áhrif á jafnvægi og samhæfingu, vegna áhrifa þeirra á starfshæfni og hættu á að einkennin aukist. Í þeim tilvikum getur útgáfa eða endurnýjun ökuskríteinis verið háð reglulegu endurmati þegar hætta er á að ástandið versni.

Flogaveikisköst eða aðrar skyndilegar truflanir á meðvitund valda mikilli hættu í umferð á vegum ef þau koma fram hjá þeim sem ekur vélknúnu ökutæki.

#### *Hópur 1.*

Gefa má út eða endurnýja ökuskríteini á grundvelli rannsóknar þar til bær læknis og reglubundins eftirlits læknis. Læknirinn skal meta stig flogaveikinnar eða annarra truflana á meðvitund, tegund sjúkdómsins og þróun (t.d. ekkert kast í tvö ár), meðferðina sem beitt hefur verið og árangur hennar.

#### *Hópur 2.*

Ökuskríteini má hvorki gefa út né endurnýja fyrir umsækjandur eða ökumenn sem fá eða eru líklegir til að fá flogaveikiköst eða aðrar skyndilegar truflanir á meðvitund.

### **G. Geðtruflanir.**

#### *Hópur 1.*

Ökuskríteini má hvorki gefa út né endurnýja fyrir umsækjendur eða ökumenn sem haldnir eru:

- alvarlegum geðtruflunum, hvort heldur er meðfæddum eða af völdum sjúkdóms, áverka eða taugaskurðaðgerða,
- miklum andlegum vanþroska,
- alvarlegum hegðunarvandamálum vegna öldrunar eða persónuleikatrufunum sem valda skorti á dómgreind eða samskipta- og aðlögunarhæfni,

nema umsóknin sé studd álitum þar til bær læknis og, ef þurfa þykir, háð reglubundnu eftirliti læknis.

#### *Hópur 2.*

Þar til bær læknir skal taka viðeigandi tillit til þeirrar auknu áhættu sem tengist akstri ökutækja sem falla undir þennan hóp.

### **H. Áfengi.**

Áfengisneysla veldur mikilli hættu í umferðinni. Í ljósi þess hversu alvarlegt þetta vandamál er verður læknisfræðilegt eftirlit að vera mjög árvökult.

#### *Hópur 1.*

Ökuskríteini má hvorki gefa út né endurnýja fyrir umsækjandur eða ökumenn sem háðir eru áfengi eða ófærir um að aðskilja áfengisneyslu og akstur.

Gefa má út eða endurnýja ökuskríteini fyrir umsækjendur eða ökumenn sem hafa verið háðir áfengi eftir tiltekinn tíma sem þeir hafa sannanlega verið án áfengis, að fengnu álitum þar til bær læknis og háð reglubundnu eftirliti læknis.

#### *Hópur 2.*

Þar til bær læknir skal taka viðeigandi tillit til þeirrar auknu áhættu sem tengist akstri ökutækja sem falla undir þennan hóp.

### **I. Ávana- og fíkniefni og læknislyf**

Ökuskríteini skal hvorki gefa út né endurnýja fyrir umsækjendur eða ökumenn sem eru háðir geðsæknilyfjum eða, án þess að vera háðir þeim, nota þau að staðaldri og gildir þá einu hvaða flokk ökuskríteina sótt er um.

#### *Hópur 1.*

Ökuskríteini skal hvorki gefa út né endurnýja fyrir umsækjendur eða ökumenn sem að staðaldri nota geðsæknilyf, í hvaða formi sem er, sem geta dregið úr aksturshæfni ef þeirra er

neytt í svo miklu magni að það hafi neikvæð áhrif á aksturinn. Hið sama gildir um öll önnur læknislyf eða lyfjablöndur sem hafa áhrif á aksturshæfni.

#### *Hópur 2.*

Þar til bær læknir skal taka viðeigandi tillit til þeirrar áhættu sem tengist akstri ökutækja sem falla undir þennan hóp.

### **J. Nýrnasjúkdómar.**

#### *Hópur 1.*

Gefa má út eða endurnýja ökuskírteini fyrir umsækjendur eða öikumenn með alvarlega nýrnabilun, að fengnu álitni þar til bærs læknis og háð reglubundnu eftirliti læknis.

#### *Hópur 2.*

Ökuskírteini má hvorki gefa út né endurnýja fyrir umsækjendur eða öikumenn með alvarlega og ólæknanlega nýrnabilun, nema í undantekningartilvikum, að fengnu álitni þar til bærs læknis og háð reglubundnu eftirliti læknis.

### **K. Ýmis ákvæði.**

#### *Hópur 1.*

Gefa má út eða endurnýja ökuskírteini fyrir umsækjendur eða öikumenn sem líffæri eða gervilíffæri, sem geta haft áhrif á aksturshæfni, hafa verið grædd í, að fengnu álitni þar til bærs læknis og háð reglubundnu eftirliti læknis.

#### *Hópur 2.*

Þar til bær læknir skal taka viðeigandi tillit til þeirrar auknu áhættu sem tengist akstri ökutækja sem falla undir þennan hóp.

Almennt gildir að ekki skal gefa út eða endurnýja ökuskírteini umsækjenda eða öikumanna sem eru haldnir sjúkdómi sem ekki hefur verið getið hér að framan en hafa eða geta haft áhrif á hreyfigetu sem hefur áhrif á öryggi við akstur, nema umsóknin sé studd álitni þar til bærs læknis og, ef þörf þykir, háð reglubundnu eftirliti læknis.

## III. VIÐAUKI

### **Ákvæði um ökutæki sem notuð eru til ökukennslu og við verklegt próf.**

#### **I. Sérstök skráning.**

Ökutæki sem notað er til ökukennslu og við ökuþróf skal viðurkennt af faggiltri skoðunarstofu og vera skráð sem slíkt hjá skráningarstofu ökutækja.

Dráttarvél og létt bifhjól þarf ekki að skrá til ökukennslu og eru þau ökutæki undanþegin sérákvæðum um búnað.

#### **II. Sameiginleg ákvæði.**

##### *Ástand ökutækis og búnaður.*

Ökutæki skal við ökukennslu og verklegt próf jafnan vera þrífalegt og í fullkomnu lagi.

Heimilt er að nota ökutæki sem viðurkennt er til ökukennslu þótt það fullnægi ekki ákvæðum viðauka þessa til 31. desember 1999.

##### *Ökukennslumerki, auglýsingar o.fl.*

Við ökukennslu skal ökutæki búið merki/merkjum með áletruninni „Ökukennsla“ með svörtum stöfum á hvítum grunni. Á bifreið skal merkjum komið fyrir í lóðréttri eða nærri lóðréttri stöðu og þannig að áletrunin sjáist vel, bæði að framan og að aftan. Á fólksbifreið

má koma merki, með áletrun sem snýr bæði fram og aftur, fyrir á þaki bifreiðarinnar. Þegar kennt er á bifhjól skal nemandi klæðast vesti í áberandi lit með áletrun að aftan. Önnur ökutæki skulu búin merki að aftan. Umferðarráð ræður gerð merkjanna.

Óheimilt er að nota merkin við annan akstur en við ökukennslu, þar með talinn akstur að og frá þeim stað þar sem ökukennsla fer fram. Heimilt er að nota eldri kennslumerki með áletruninni „Kennslubifreið“ til 31. desember 1999.

Við verklegt próf má ökutæki vera auðkennt með nafni skráðs eiganda/notanda, þó án þess að notað sé orðið ökuskóli eða þess háttar, og símanúmeri. Að öðru leyti má ökutækið við verklega prófið ekki vera auðkennt með kennslumerki né heldur firmamerki, auglýsingum eða öðru sem auðkennir það sem kennslutæki.

Þegar ökutæki, sem sérstaklega hefur verið búið til ökukennslu, er notað í öðru skyni en til kennslu og við verklegt próf, og einhver notar það sæti sem kennslubúnaðinum er stjórnað frá, skal búa þannig um þann búnað að eigi stafi hætta af. Ekki er þörf á slíkum viðbúnaði varðandi speglabúnað.

### *Sjálfskipting.*

Við verklegt próf má einungis nota handskiptibúnað ökutækisins.

Þetta gildir þó ekki um bifreið sem notuð er við verklegt próf fyrir flokk BE, við verklegt próf til farþegaflutninga í atvinnuskyni fyrir flokk B, né um bifreið sem notuð er við verklegt próf til farþegaflutninga í atvinnuskyni fyrir flokk D, enda hafi nemandinn ökuskipteini fyrir flokk D.

Ákveða má að ökuskipteini megi því aðeins gefa út að verklegt próf verði tekið með bifreið með sjálfskiptingu. Ef próftaki hefur ekki áður fengið útgefið ökuskipteini fyrir flokk B verður ökuskipteini er þannig stendur á takmarkað við bifreið með sjálfvirkri girskiptingu.

## **III. Ákvæði um gerð og búnað.**

### *A. Flokkur A.*

Ef stefnt er að öflun réttinda í áföngum: Tvíhjóla bifhjól án hliðarvagns með slagrymi yfir 120 sm<sup>3</sup> og gert fyrir a.m.k. 100 km/klst hraða.

Ef stefnt er að öflun réttinda fyrir stórt bifhjól, sbr. b- og c- lið 2. mgr. 15. gr.: Tvíhjóla bifhjól án hliðarvagns með vélarafli a.m.k. 35 kW.

Bifhjól skal búið baksýnispeglum fyrir ökumann á báðum hliðum, stefnuljóskerum að framan og að aftan og miðjustandara.

### *B. Flokkur B.*

Fjór hjóla fólksbifreið, skráð fyrir a.m.k. þrjá farþega en ekki fleiri en átta auk ökumanns, með leyfða heildarþyngd 3.500 kg eða minna.

Lengd bifreiðarinnar skal vera a.m.k. 3,80 m og breidd a.m.k. 1,45 m, eða eigin þyngd a.m.k. 700 kg. Bifreiðin skal gerð fyrir a.m.k. 100 km/klst hraða.

Við sæti ökukennara skal komið fyrir sérstökum fetlum, þannig að ökukennari geti, óháð nemanda, rofið aflrás og hemlað bifreiðinni. Fetlar ökumanns mega ekki virka á fetla ökukennara.

Ef bifreiðin er búin læsivörn á hemlum, spólvörn eða hallahemli skal hafa rofa fyrir þann búnað.

Ef bifreiðin er búin sjálfskiptingu skal girstöng koma í stað fetils til þess að rjúfa aflrás, og komið þannig fyrir að ökukennari geti stjórnað henni.

Bifreiðin skal búin baksýnispegli fyrir ökumann á hægri hlið og eftirtöldum speglum fyrir ökukennara:

- a. Baksýnispegli inni í bifreið.
- b. Flötum augnspegli til að fylgjast með athygli nemanda.

- c. Kúptum baksýnispegli á hægri hlið.  
Stýri bifreiðarinnar skal vera vinstra megin.
- C. *Flokkur C.*  
Vörubifreið a.m.k. 7,5 m að lengd, a.m.k. 12.000 kg að leyfðri heildarþyngd og gerð fyrir a.m.k. 80 km/klst hraða.  
Bifreiðin skal búin baksýnispeglum fyrir ökukennara, í flokki II skv. reglugerð um gerð og búnað ökutækja, á báðum hliðum. Baksýn án spegla skal ekki vera möguleg fyrir ökumann.  
Um aðrar sérkröfur gildir hið sama og fyrir flokk B. Þó er ekki gerð krafa um rofa fyrir læsivörm á hemla.  
Bifreiðin skal búin lyftanlegum vörupalli. Við verklega prófið skal bifreið vera með a.m.k. 50% af leyfðum farmþunga.
- D. *Flokkur D.*  
Hópbifreið a.m.k. 10 m að lengd eða a.m.k. 9 m að lengd og skráð fyrir a.m.k. 40 farþega. Bil milli ása skal vera a.m.k. 5,5 m og bifreiðin gerð fyrir a.m.k. 90 km/klst hraða.  
Um sérkröfur gildir hið sama og fyrir flokk C.
- E. *Flokkur E.*  
- Flokkur BE:  
Fólksbifreið í flokki B með tengdan eftirvagn/tengitæki að heildarþyngd a.m.k. 1.250 kg. Heildarþyngd samtengdu ökutækjanna skal vera meiri en 3.500 kg eða heildarþyngd eftirvagnsins/tengitækisins a.m.k. 200 kg meiri en eigin þyngd bifreiðarinnar.  
Ökutækin skulu gerð fyrir a.m.k. 100 km/klst hraða.  
Ef eftirvagninn byrgir sýn í baksýnispegli fyrir ökukennara eða prófdómara skal bifreiðin vera búin auka útispegli vinstra megin.  
- Flokkur CE:  
Vörubifreið í flokki C með tengdan tengivagn á tveimur ásum sem er a.m.k. 4 m að lengd og a.m.k. 8.000 kg að leyfðri heildarþyngd eða tvíása vörubifreið með tengdan festivagn þar sem vörubifreiðin skal uppfylla þær kröfur sem tilgreindar eru undir flokki C, þó ekki kröfu um lengd og þyngd.  
Samtengdu ökutækin skulu vera a.m.k. 18.000 kg að leyfðri heildarþyngd, a.m.k. 12 m að lengd og gerð fyrir a.m.k. 80 km/klst hraða.  
Við verklega prófið skulu ökutækin vera með a.m.k. 50% af leyfðum farmþunga.  
- Flokkur DE:  
Bifreið í flokki D með tengdan tengivagn sem er a.m.k. 3.000 kg að leyfðri heildarþyngd. Samtengdu ökutækin skulu gerð fyrir a.m.k. 80 km/klst hraða.  
Við verklega prófið skal eftirvagninn vera með a.m.k. 50% af leyfðum farmþunga.
- F. *Flokkur M.*  
Létt bifhjól ekki aflmeira en 50 sm<sup>3</sup> að slagrúmmáli og ekki hannað til hraðari aksturs en 45 km/klst. Bifhjólið skal búin baksýnispeglum á báðum hliðum fyrir ökumann, stefnu-ljóskerum að framan og að aftan og hliðarstandara.
- G. *Flokkur T.*  
Dráttarvél a.m.k. 2.000 kg að eigin þyngd með tengdan eftirvagn/tengitæki sem er a.m.k. 800 kg að eigin þyngd.
- H. *Farþegaflutningar í atvinnuskyni.*  
- Flokkur B:  
Fólksbifreið fyrir ekki fleiri en 8 farþega auk ökumanns og með leyfða heildarþyngd

ekki yfir 3.500 kg. Bifreiðin skal annað hvort vera a.m.k. 4,40 m að lengd og a.m.k. 1,60 m á breidd eða vera a.m.k. 1.100 kg að eigin þyngd.

Um hemla og spegla gildir hið sama og fyrir flokk B. Bifreiðin má vera búin sjálf-skiptingu.

- Flokkur D:

Hópbifreið eins og lýst er við flokk D.

#### I. Ökutæki fyrir fatlaða.

Bifreið, sem sérstaklega er búin fyrir fatlaðan ökumann, má eigandi/umráðamaður nota til æfingaaksturs og við verklegt próf enda hafi áður verið fengin heimild frá skráningarstofu.

Um hemla og spegla gildir hið sama og fyrir flokk B. Ef bifreiðin er með handstýrðum hemlabúnaði til að nota með hægri hendi fellur brott áskilnaður um hemlafetil við sæti ökukennara ef einnig er unnt án erfiðleika að nota handstýrða hemlabúnaðinn úr sæti ökukennarans.

### IV. VIÐAUKI

#### Ökunám.

##### 1. Námskrár.

Ökunám skal fara fram samkvæmt námskrám fyrir hvern einstakan flokk, A, B, C, D, BE, CE, DE, M og T, svo og fyrir farþegaflutninga í atvinnuskyni fyrir flokkana B og D.

Námskrár fyrir hvern flokk skulu kveða á um þá þekkingu, hæfni og leikni sem umsækjandi þarf að búa yfir til að öðlast hlutaðeigandi réttindi. Ökunám skal vera fræðilegt og verklegt. Í námskrá skal gera grein fyrir námsefni og skipulagi náms, svo og veita leiðbeiningar um fjölda kennslustunda er verja skal til einstakra þátta námsins. Þar skal og kveða á um tilhögun prófa fyrir hvern einstakan flokk.

##### 2. Fræðilegt ökunám.

Fræðilegt ökunám skal metið til eininga og skal ein eining jafngilda 24 kennslustundum (45 mínútur hver). Miða skal við að fjöldi eininga í fræðilegu námi fyrir hvern flokk sé að lágmarki þessi:

- Flokkur A: Ein eining.
- Flokkur B: Ein eining.
- Farþegaflutningar í atvinnuskyni fyrir flokk B: 4 einingar.
- Flokkur C: 4,5 einingar.
- Flokkur D: 5,5 einingar, þar af ein eining vegna farþega flutninga í atvinnuskyni.
- Flokkar CE og DE: Hálf eining.
- Flokkar M og T: Hálf eining.

Meta má nám til flokks sem nemandi hefur þegar öðlast rétt til sem hluta náms fyrir nýjan flokk, þannig:

- við nám til flokks A telst nám fyrir flokk B hálf eining;
- við nám til flokks C telst nám fyrir flokk D 4,5 einingar;
- við nám til flokks D telst nám fyrir flokk C 4,5 einingar.

Ökukennarar og ökuskólar bera ábyrgð á að undirbúningur ökunema sé í samræmi við námskrá.

### 3. Æfingaakstur með leiðbeinanda.

Nemanda sem hlotið hefur nauðsynlegan undirbúning hjá ökukennara er heimilt að æfa akstur bifreiðar eða bifhjóls með leiðbeinanda í stað ökukennara, enda hafi leiðbeinandinn fengið til þess leyfi lögreglustjóra.

Engum má veita leyfi sem leiðbeinandi nema hann:

- a. hafi náð 24 ára aldri,
- b. hafi gild ökuréttindi til að stjórna þeim flokki ökutækja sem æfa á akstur með og hafi a.m.k. fimm ára reynslu af að aka þannig ökutæki,
- c. hafi ekki á undangengnum tólf mánuðum verið án ökuskírteinis vegna ökuleyfis-sviptingar eða verið refsað fyrir vítaverða aksturshætti.

Umsókn um heimild til að æfa akstur með leiðbeinanda skal rituð á eyðublað sem gert er eftir fyrir mælum Umferðarráðs. Á eyðublaðinu skal vera vottorð ökukennara er staðfesti að nemandinn hafi öðlast næga þekkingu á umferðarreglum og þjálfun í meðferð og stjórnun ökutækis til að æfa akstur með leiðbeinanda. Slíkt vottorð þarf ekki ef leitað er heimildar fyrir nýjum leiðbeinanda með nemandann.

Leyfi skal gefið út á nafn nemanda og leiðbeinanda og til tiltekins tíma, allt að fimmtán mánuðum. Á leyfið skal prenta leiðbeiningar um æfingaakstur með leiðbeinanda. Leyfið fellur sjálfkrafa úr gildi þegar nemandi hefur öðlast ökuréttindin. Heimilt er að afturkalla leyfi ef sérstaklega stendur á.

Leiðbeinandi skal hafa leyfið meðferðis við æfingaakstur og sýna það þegar lögreglan krefst þess. Leiðbeinanda er óheimilt að taka endurgjald fyrir starf sitt.

Æfingaakstur skal fara fram með hliðsjón af þjálfun nemandans og leiðbeiningum sem Umferðarráð gefur út að höfðu samráði við Ökukennarafélag Íslands. Skal ökukennari veita leiðbeinanda aðstoð við skipulagningu æfingaakstursins, svo sem með því að leiðbeinandinn fylgist með kennslustund nemandans í akstri.

Óheimilt er að æfa með leiðbeinanda akstur bifreiðar sem krafist er aukinna ökuréttinda til að stjórna.

Við æfingaakstur á bifhjóli skal leiðbeinandinn sitja fyrir aftan nemanda nema æfingaaksturinn fari fram á svæði þar sem ekki er önnur umferð og leiðbeinandinn getur haft stöðugt eftirlit með nemandanum og veitt honum nauðsynlegar leiðbeiningar.

Ökutæki sem notað er til æfingaaksturs með leiðbeinanda skal auðkennt að aftan með merki með áletruninni „Æfingaakstur“. Umferðarráð ræður gerð merkjanna. Óheimilt er að nota merkin við annan akstur.

Um æfingaakstur með leiðbeinanda gilda að öðru leyti, eftir því sem við á, sömu reglur og um æfingaakstur með ökukennara.

### 4. Æfingaakstur á léttu bifhjóli og dráttarvél.

Nemanda er heimilt að æfa án ökukennara akstur léttis bifhjóls, svo og dráttarvélar á alfaravegi, enda hafi hann fengið til þess leyfi lögreglustjóra. Til að fá útgefið æfingaleyfi á léttu bifhjól skal nemandi hafa lokið fræðilegu námi og fengið nauðsynlega þjálfun í akstri hjá ökukennara. Leyfi skal að jafnaði gefið út til þriggja mánaða. Æfingaaksturinn skal fara fram undir umsjón ökukennara. Ákvæði 3. tölulíðar um æfingaakstur með leiðbeinanda gilda að öðru leyti eftir því sem við á.

## V. VIÐAUKI

**Ökupróf.****1. Tilgangur ökuprófs.**

Tilgangur ökuprófs er að meta hvort próftaki búi yfir þeirri þekkingu, hæfni og leikni sem áskilin er til að hann geti stjórnað hlutaðeigandi ökutæki af nægu öryggi og til að fá útgefið ökuskírteini. Ökupróf skal fara fram samkvæmt námskrá og próflýsingum Umferðaráráðs.

Ökuprofi skal haga með hliðsjón af eðli ökutækja í hlutaðeigandi flokki, notkun þeirra og þeirri hættu sem af notkun þeirra getur stafað.

**2. Tilhögun ökuprófs.**

Ökuprof skiptist í tvo hluta; fræðilegt próf og verklegt próf. Verklega prófið er tvíþætt, munnlegt próf og aksturspróf.

Standist próftaki ekki próf má hann ekki reyna við sama próf að nýju fyrr en að viku liðinni. Ef sérstaklega stendur á má stytta þennan tíma.

Próftaka sem vegna sérstakra ástæðna, sem leggja skal fram gögn um, svo sem lesblindu, heymar- eða málleysis eða þess að hann á að öðru leyti erfitt með að tjá sig, getur ekki gengist undir venjulegt skriflegt eða munnlegt próf má vísa í sérstakt próf þar sem prófdómari eða annar tilkvaddur aðstoðarmaður, þó ekki ökukennari, veitir aðstoð við að leggja fram spurningar eða koma svörum á framfæri.

**3. Fræðilegt próf.**

Fræðilegt próf skal vera skriflegt.

Fyrir flokkana A, B, M og T skal prófið vera krossapróf. Spyrja skal um atriði er varða umferðarlöggjöf, viðurkennda aksturshætti, ökutækið, mannlega þætti og viðbrögð á slysstað. Próftaki skal fá allt að 45 mínútum til að leysa úr verkefninu.

Fræðilegt próf í einstökum námsþáttum náms til flokkanna C, CE, D, DE og til farþegaflutninga í atvinnuskyni skal fara fram á vegum ökuskóla og skulu prófkröfur vera í samræmi við námskrá.

Fræðilegt próf í flokkunum A, B, M og T missir gildi ef verklega prófið er ekki tekið innan sex mánaða.

Við próf fyrir þá flokka þar sem ekki er krafist læknisvottorðs skal kanna sjón próftaka á þann hátt að hann þarf að geta lesið af skráningarmerki ökutækis (gerð A) úr 20 metra fjarlægð.

**4. Munnlegt próf.**

Tilgangur munnlegs prófs er að komast að raun um hvort próftaki hafi þá þekkingu á gerð og búnaði ökutækis að hann geti haldið ökutækinu þannig við að ekki verði um óeðlilegar bilanir að ræða sem gera það óruggt í akstri eða auka verulega rekstrarkostnað þess. Einnig skal hann geta framkvæmt einfalda athugun á helstu öryggisþáttum ökutækis.

Munnlega prófið skal lagt fyrir próftaka í og við ökutæki áður en akstursprófið hefst. Í munnlegu prófi skal spyrja um atriði sem tilgreind eru í próflýsingum.

**5. Aksturspróf.**

Aksturspróf má ekki fara fram fyrr en að stöðnu munnlegu prófi.

Í akstursprófi skal prófdómari stjórna prófi og leiðbeinir hann próftaka um tilhögun prófsins. Í prófi fyrir flokk D og við próf til farþegaflutninga í atvinnuskyni er heimilt að hafa



tvo prófdómara, einn sem stjórnar prófi og meðprófdómara. Prófdómari skal að jafnaði sitja við hlið próftaka eða þar sem hann hefur góða yfirsýn yfir umferðaraðstæður og getur fylgst með próftaka. Próftaki skal prófaður í undirbúningi aksturs og öryggisþáttum ökutækis, öryggi í akstri, tæknilegri leikni á ökutæki, hæfni í umferðinni og fylgni við umferðarreglur.

Prófdómari skal því aðeins hafa afskipti af stjórn ökutækis að umferðaröryggi krefjist. Hann skal eftir því sem unnt er láta próftaka afskiptalaus en fylgjast vel með akstursháttum hans, gæta að hvort hann fer eftir umferðarreglum og hvort hann ekur eðlilega miðað við aðstæður. Nauðsynlegar ábendingar og fyriræli ber prófdómara að gefa greinilega og í tæka tíð þannig að próftaka gefist ráðrúm til að skilja þær og framkvæma. Prófdómari má ekki gefa fyriræli sem leiða myndu til umferðarbrota ef hlýtt væri.

## 6. Verklegt próf á bifhjól og létt bifhjól.

Auk bifhjóls/léttis bifhjóls til próftöku skal próftaki leggja til bifreið búna fjarfskiptækjum fyrir prófdómara og vanan ökumann.

Prófdómari skal gæta þess að próftaki hafi viðeigandi öryggis- og verndarbúnað, þ.e. hlífðarhjálms, hlífðargleraugu, hanska og skó, svo og klæðnað, t.d. leðurklæðnað, sem hlífir líkama við minniháttar hnjaski. Prófdómara er heimilt að fresta prófi telji hann próftaka ekki nægilega varinn, fjarfskipti við próftaka ekki í nægilega góðu lagi eða veður eða veðurhorfur þannig að geti skapað hættu fyrir próftaka.

Prófið skiptist í tvo hluta. Fyrri hlutinn felur í sér munnlegt próf og æfingar á plani. Próftaki þarf að standast munnlega prófið til að mega halda áfram í æfingar á plani. Seinni hlutinn felur í sér akstur í umferð og fer hann fram strax að loknum fyrri hlutanum. Standist próftaki ekki fyrri hlutann er prófi hætt án þess að prófað sé í seinni hluta.

## 7. Farþegaflutningar í atvinnuskyni.

Við ökuþróf til farþegaflutninga í atvinnuskyni, bæði fræðilegt próf og verklegt, skal leggja strangara mat á einstaka prófþætti en í almennu ökuþrófi til flokkanna B, eftir atvikum D. Í munnlegu prófi skal sérstaklega spyrja um atriði er tengjast farþegaflutningi fyrir hvorn flokk fyrir sig.

Ökuþróf fyrir flokk D og ökuþróf til farþegaflutninga í atvinnuskyni fyrir flokk D mega fara fram samtímis. Fræðilegt próf og verklegt próf fara þá fram eins og próf til farþegaflutninga í atvinnuskyni fyrir flokk D. Ef frammistaða próftaka nægir ekki til að standast próf til farþegaflutninga í atvinnuskyni fyrir flokk D skal prófdómari eftir sem áður meta og dæma hvort frammistaða próftakans sé nægileg til að standast ökuþróf fyrir flokk D.

## 8. Hæfnisathugun.

Markmið hæfnisathugunar er að meta hvort skilyrði séu til útgáfu ökuskráteinis eða endurnýjunar, eftir atvikum með skilyrðum, svo og hvort skráteinishafi skuli halda ökuréttindum sínum að öllu eða að hluta. Hæfnisathugun getur farið fram að kröfu lögreglustjóra ef upplýsingar um heilbrigði umsækjanda gefa tilefni til, svo og ef fram koma upplýsingar sem gefa til kynna að heilbrigði skráteinishafa sé ekki lengur fullnægjandi. Hæfnisathugun er ekki fræðileg. Í athuguninni má þó leggja fyrir skráteinishafa spurningar til að kanna þekkingu hans á fræðilegum atriðum, m.a. með hliðsjón af mistökum sem skráteinishafi kann að hafa sýnt.

## 9. Niðurstaða prófs.

Að loknu verklegu prófi tilkynnir prófdómari lögreglustjóra niðurstöðu prófs. Komist prófdómari að því að andlegri eða líkamlegri hreysti próftaka sé að einhverju áfátt skal prófdómari geta þess í tilkynningu til lögreglustjóra, hvort sem próftaki hefur staðist próf eða ekki.

**10. Prófstaðir.**

Umferðarráð ákveður hvar ökuþróf (fræðileg próf og verkleg próf) fara fram.

Aksturspróf skal halda þar sem reynir á sem flesta þætti sem upp geta komið í daglegri umferð. Hæfni og leikni próftaka má að hluta prófa á sérstöku svæði. Hæfni próftaka í umferð skal prófuð á vegum í þéttbýli og utan þess, við mismikinn umferðarþunga, þar sem akstursskilyrði geta talist dæmigerð fyrir þá erfiðleika sem geta orðið á vegi ökumanna, þannig að verulega reyni á ökuhæfni próftaka. Gera skal mismunandi kröfur eftir réttindaflokkum.

**11. Prófdæming.**

Frammistaða próftaka á prófi (fræðilegu prófi og verklegu prófi) skal metin til stiga.

Við mat á villum í verklegu prófi skal unnið eftir viðmiðunarkvarða akstursprófa fyrir hvern réttindaflokk. Viðmiðunarkvarðarnir skulu gerðir í samráði við Ökukennarafélag Íslands og skulu þeir segja til um hvað telst villa og hversu alvarleg hún er.

**VI. VIÐAUKI****Eldri ökuréttindi.**

Við útgáfu nýs ökuskráteis í stað ökuskráteis sem gefið hefur verið út fyrir 15. ágúst 1997 skal hið nýja ökuskráteini bera nýja réttindaflokka sem hér greinir:

Ökuskráteini sem ber réttindaflokk A (bifhjól) skal bera nýjan réttindaflokk A (stórt bifhjól).

Ökuskráteini sem ber réttindaflokk B (bifreið) skal bera nýja réttindaflokka, þannig:

- útgefið fyrir 1. júlí 1958 B - BE - C - CE - D - DE
- útgefið fyrir 12. apríl 1960 B - BE - C1 - C1E - D - DE
- útgefið fyrir 1. mars 1988 B - BE - C1 - C1E - D1 - D1E
- útgefið fyrir 1. júní 1993 B - BE - C1 - C1E
- útgefið fyrir 15. ágúst 1997 B - BE

Réttindaflokkarnir C1, D1, C1E og D1E skulu auðkenndir með viðeigandi tákntölu í reit 12 aftan við samræmdan réttindaflokk sem við á í samræmi við ákvæði VII. viðauka.

Ökuskráteini sem ber réttindaflokk D (vörubifreið) skal bera nýja réttindaflokka C og CE.

Ökuskráteini sem ber réttindaflokk E (hópbifreið) skal bera nýja réttindaflokka D og DE.

Ökuskráteini sem ber réttindaflokk C (farþegaflutningar í atvinnuskyni) skal fá tákntöluna 400, 425 eða 450, sbr. VII. viðauka, 3. tölulið, eftir því sem við á, ritaða neðst og fremst í dálk 12, eftir því hvort ökuskráteinið ber réttindaflokk B, réttindaflokk D (eftir atvikum D1) eða bæði B og D (eftir atvikum D1), og miðað við útgáfudag C-réttindanna, þannig:

- útgefin fyrir 12. apríl 1960: tákntalan 450 (B og D).
- útgefin frá og með 12. apríl 1960 og fyrir 1. mars 1988: tákntalan 450 (B og D1); 450 (B og D) ef ökuskráteinið ber nú réttindaflokk E að undangengnu ökuþrófi.
- útgefin frá og með 1. mars 1988 og fyrir 15. ágúst 1997: tákntalan 400 (B); 450 (B og D) ef ökuskráteinið ber nú réttindaflokk E að undangengnu ökuþrófi.

## VII. VIÐAUKI

**Ákvæði um viðbótarupplýsingar, skilyrði og takmarkanir er varða ökuskírteini.****1. Sameiginleg ákvæði.**

Táknötölur í 2. og 3. tölulið tilgreina viðbótarupplýsingar, skilyrði og takmarkanir er varða handhafa ökuskírteinis og skulu færðar í dálk 12 á ökuskírteininu, að jafnaði aftan við þann réttindaflokk sem við á. Ef dálkurinn nægir ekki fyrir táknötölur skulu þær með tilvísun (\*) færðar neðan við ökuréttindaflokkana og dálkana 9 - 11. Ef tákntala varðar alla réttindaflokka skal hún og færð neðan við ökuréttindaflokkana. Sama á við um táknötölur vegna stjórnsýslu.

Táknötlurnar eru annars vegar samræmdar táknötölur (1 - 99) sem gilda innan Evrópska efnahagssvæðisins og hins vegar innlendar táknötölur (100 og hærra) sem einungis gilda innan viðkomandi lands.

Lögreglustjóri ákveður, eftir atvikum á grundvelli tilmæla eða meðmæla lækni eða prófdómara, hvaða táknötölur, fyrir undirflokk ef við á, skal nota við útgáfu ökuskírteinis.

Táknötlurnar eru annað hvort notaðar einar sér eða ásamt tákntölu fyrir undirflokk. Dómsmálaráðuneytið getur sett nánari leiðbeiningar um notkun tákntalna og undirflokka.

Táknötlurnar 72 - 79 skal nota við skipti á ökuskírteinum sem gefin hafa verið út í ríkjum sem eru aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu, að því leyti sem hlutaðeigandi ökuskírteini er með undirflokk ökutækja í samræmi við tilskipun EB um ökuskírteini. Táknötlurnar 74 - 77 skulu með sama hætti notaðar við útgáfu nýs ökuskírteinis í stað eldra ökuskírteinis.

**2. Táknötölur sem gilda fyrir Evrópska efnahagssvæðið.**

Atriði er varða heilbrigði ökumanns:

**01 Nota skal búnað til að leiðrétta sjón.**

- 01.01 Gleraugu.
- 01.02 Snertilinsur.
- 01.03 Hlífðargleraugu.
- 01.04 Ógegnsæ linsa.
- 01.05 Augnhlífur.
- 01.06 Gleraugu eða snertilinsur.

**02 Nota skal heyrnartæki/samskiptastoð.**

- 02.01 Heyrnartæki við annað eyra.
- 02.02 Heyrnartæki við bæði eyru.

**03 Nota skal gervilim(i)/stoðtæki fyrir hendur og fætur.**

- 03.01 Gervilim(i)/stoðtæki fyrir handlegg/handleggi.
- 03.02 Gervilim(i)/stoðtæki fyrir fót/fætur.

**04 Gilt læknisvottorð skal haft meðferðis.****05 Akstur háður takmörkunum af læknisfræðilegum ástæðum** (nota ber tákntölu fyrir undirflokk).

- 05.01 Takmarkað við akstur í dagsbirtu (t.d. einni klukkustund eftir sólrís og einni klukkustund fyrir sólarlag).
- 05.02 Takmarkað við akstur innan ... km rás frá heimili skírteinishafa eða innan ... bæjar.

- 05.03 Akstur án farþega.
- 05.04 Takmarkað við akstur sem er ekki hraðari en ... km/klst.
- 05.05 Akstur aðeins heimill í fylgd annars.
- 05.06 Án eftirvagns/tengitækis.
- 05.07 Ökuskírteinið gildir einungis fyrir þennan flokk.

Atriði er varða sérstakan búnað ökutækis og aðlögun þess:

- 10 Ökutækið skal vera með aðlagðan girrkassa.**
  - 10.01 Handskipting.
  - 10.02 Sjálfskipting.
  - 10.03 Rafknúin skipting.
  - 10.04 Aðlöguð girstöng.
  - 10.05 Auka girkássi.
- 15 Ökutækið skal vera með aðlagðan tengslisbúnað.**
  - 15.01 Aðlagður tengslisfetill.
  - 15.02 Handstýrt tengsli.
  - 15.03 Sjálfvirkt tengsli.
  - 15.04 Tengslisbúnaður sem leggja má saman eða aftengja.
- 20 Ökutækið skal vera með aðlagðan hemlunarbúnað.**
  - 20.01 Aðlagður hemlafetill.
  - 20.02 Stækkaður hemlafetill.
  - 20.03 Hemlafetill til nota fyrir vinstri fót.
  - 20.04 Hemlafetill við il.
  - 20.05 Skásettur hemlafetill.
  - 20.06 Handstýrður aksturshemill.
  - 20.07 Hámarks styrking aksturshemils.
  - 20.08 Neyðarhemill sambyggður aflhemli.
  - 20.09 Aðlagður stöðuhemill.
  - 20.10 Rafknúinn stöðuhemill.
  - 20.11 Aðlagður stöðuhemill sem beita má með fæti.
  - 20.12 Hemlafetill sem leggja má saman eða aftengja.
- 25 Ökutækið skal vera með aðlagðan búnað fyrir eldsneytisgjöf.**
  - 25.01 Aðlagður eldsneytisfetill.
  - 25.02 Eldsneytisfetill við il.
  - 25.03 Skásettur eldsneytisfetill.
  - 25.04 Handstýrð eldsneytisgjöf.
  - 25.05 Eldsneytisgjöf stýrt með hné.
  - 25.06 Eldsneytisgjöf með aflgjafa (t.d. rafmagni eða lofti).
  - 25.07 Eldsneytisfetill vinstra megin við hemlafetil.
  - 25.08 Eldsneytisfetill vinstra megin.
  - 25.09 Eldsneytisfetill sem leggja má saman eða aftengja.
- 30 Ökutækið skal vera með aðlagðan sambyggðan hemlunarbúnað og búnað fyrir eldsneytisgjöf.**
  - 30.01 Fetlar hlið við hlið.
  - 30.02 Fetlar í sömu eða nærri sömu hæð.
  - 30.03 Eldsneytisgjöf og hemill sem renna má til.
  - 30.04 Eldsneytisgjöf og hemill sem renna má til fyrir stoðtæki.

- 30.05 Eldsneytisfetill og hemlafetill sem leggja má saman eða aftengja.
  - 30.06 Hækkað gólf.
  - 30.07 Skilplata við hlið hemlafetils.
  - 30.08 Skilplata fyrir gervilim við hlið hemlafetils.
  - 30.09 Skilplata framan við eldsneytis- og hemlafetil.
  - 30.10 Stuðningur við hæl og/eða fót.
- 35 Ökutækið skal vera með aðlagð fyrirkomulag rofa** (ljósabúnaður, rúðupurrkur/sprautur, flauta, stefnuljós o.fl.).
- 35.01 Rofum komið fyrir svo þá megi nota þannig að tryggt sé að ökutækinu verði stjórnað á öruggan hátt.
  - 35.02 Rofum komið fyrir svo þá megi nota án þess að sleppa taki á stýrishjóli og aukahlutum.
  - 35.03 Rofum komið fyrir svo þá megi nota án þess að sleppa taki vinstri handar á stýri og aukahlutum.
  - 35.04 Rofum komið fyrir svo þá megi nota án þess að sleppa taki hægri handar á stýri og aukahlutum.
  - 35.05 Rofum komið fyrir svo þá megi nota án þess að sleppa taki á stýri og aukahlutum eða sambyggðum búnaði fyrir eldsneytisgjöf og hemlun.
- 40 Ökutækið skal vera með aðlagðan stýrisbúnað.**
- 40.01 Venjulegt aflstýri.
  - 40.02 Aflstýri með viðbótar stýrishjálp.
  - 40.03 Stýri með hjálparbúnaði til að létta stýrið.
  - 40.04 Lengd stýrisstöng.
  - 40.05 Aðlagð stýrishjól (stærri og/eða þykkara, minna þvermál o.fl.).
  - 40.06 Skásett stýrishjól.
  - 40.07 Lóðrétt stýrishjól.
  - 40.08 Lárétt stýrishjól.
  - 40.09 Akstri stýrt með fótum.
  - 40.10 Annars konar aðlögun stýrisbúnaðar (stýrispinni o.fl.).
  - 40.11 Hnappur á stýrishjóli.
  - 40.12 Handstoð á stýrishjóli.
  - 40.13 Með „orthes tenodes“ (aðgerð á sinum til að rétta stöðu handlegs/arms).
- 42 Ökutækið skal vera með aðlagðan baksýnispegil/-spegla.**
- 42.01 Úti-baksýnispegill á hægri hlið.
  - 42.02 Úti-baksýnispegill á frambretti.
  - 42.03 Auka inni-baksýnispegill fyrir ökumann til að fylgjast með umferðinni.
  - 42.04 Gleiðhorns-inni-baksýnispegill.
  - 42.05 Baksýnispegill til að sjá blindaði svæðið við hlið ökutækisins.
  - 42.06 Rafstýrður úti-baksýnispegill.
- 43 Ökutækið skal vera með aðlagð öikumannssæti.**
- 43.01 Öikumannssæti komið fyrir í hæð sem veitir ökumanni góða útsýn og er í eðlilegri fjarlægð frá stýrishjóli og fetlum.
  - 43.02 Öikumannssæti aðlagð lögun líkama ökumanns.
  - 43.03 Öikumannssæti með stoð til beggja hliða.
  - 43.04 Öikumannssæti með armhvílu.
  - 43.05 Öikumannssæti komið fyrir á lengdri rennibraut.
  - 43.06 Aðlagð öryggisbelti.
  - 43.07 Öryggisbelti af H-gerð.

**44 Sérstök aðlögun bifhjóls** (nota ber tákntölu fyrir undirflokk).

- 44.02 Aðlagaður stöðuhemill.
- 44.03 Aðlagaður aksturshemill.
- 44.04 Aðlagað handfang fyrir eldsneytisgjöf.
- 44.05 Handstýrt tengsl og handstýrð girskipting.
- 44.06 Baksýnispegill.
- 44.07 Stefnuljós og hemlaljós.
- 44.08 Ökumannssæti í hæð sem tryggir að ökumaður, þegar hann situr, geti snert jörðu með báðum fótum samtímis.

**45 Einungis bifhjól með hliðarvagni.**

**50 Takmarkað við tiltekið ökutæki** (á eftir tákntölunni skal tilgreina verksmiðjunúmer ökutækisins).

**51 Takmarkað við tiltekið ökutæki** (á eftir tákntölunni skal tilgreina skráningarmerki ökutækisins).

**55/56 Margháttuð aðlögun ökutækja.**

Tákntölur 55 og 56 með undirflokkum verða fyrst um sinn ekki notaðar innanlands. Ökuskírteini gefin út innan Evrópska efnahagssvæðisins kunna að bera þessar tákntölur. Þær hafa þá gildi að því er varðar rétt skírteinishafa til að stjórna vélknúnu ökutæki hér á landi. Jafnframt skulu þær notaðar við útgáfu ökuskírteinis eða samrits ökuskírteinis á grundvelli slíks erlends ökuskírteinis.

Tákntölur vegna stjórnýslu:

- 70 Skipti á erlendu ökuskírteini nr. .... útgefnu í ..... Tilgreina skal land með þjóðernismerki (t.d. 70 123456 DK).
- 71 Samrit ökuskírteinis nr. .... (t.d. 71 12345 IS).
- 72 Takmarkað við ökutæki í flokki A með aflvél ekki yfir 125 rúmsentimetrar og vélarafli sem fer ekki yfir 11 kW (undirflokkur A1).
- 73 Takmarkað við þrí- og fjórhjóra ökutæki í flokki B (undirflokkur B1).
- 74 Takmarkað við ökutæki í flokki C með leyfðri heildarþyngd 7.500 kg eða minna (undirflokkur C1).
- 75 Takmarkað við ökutæki í flokki D með sæti fyrir 16 farþega eða færri auk ökumanns (undirflokkur D1).
- 76 Takmarkað við ökutæki í flokki C með leyfðri heildarþyngd 7.500 kg eða minna (C1) með tengdan eftirvagn/tengitæki sem er meira en 750 kg að leyfðri heildarþyngd, enda sé leyfð heildarþyngd beggja ökutækja 12.000 kg eða minna og leyfð heildarþyngd eftirvagnsins/tengitækisins ekki meiri en eigin þyngd dráttartækisins (undirflokkur C1E).
- 77 Takmarkað við ökutæki í flokki D með sæti fyrir 16 farþega eða færri auk ökumanns (D1) með tengdan eftirvagn/tengitæki sem er meira en 750 kg að leyfðri heildarþyngd, enda sé:
  - a. leyfð heildarþyngd beggja ökutækja 12.000 kg eða minna og leyfð heildarþyngd eftirvagnsins/tengitækisins ekki meiri en eigin þyngd dráttartækisins og
  - b. eftirvagninn/tengitækið ekki notað til fólksflutninga (undirflokkur D1E).

- 78 Takmarkað við ökutæki með sjálfskiptingu.  
79 Takmarkað við ökutæki sem falla undir lýsingu sem tilgreind er innan sviga.

Auka táknölur:

**90 Auka táknölur** (nota ber táknölu fyrir undirflokk):

- 90.01 á vinstri hlið  
90.02 á hægri hlið  
90.03 vinstri  
90.04 hægri  
90.05 fyrir hendi  
90.06 fyrir fót  
90.07 má nota

**3. Innlendir táknölur.**

Táknölur í þessum lið skulu jafnan færðar í dálk 12 neðan við ökuréttindaflokkana. Aftan við táknölnar skal innan sviga tilgreina lokadag réttindanna. Þessar táknölur hafa einungis gildi hér á landi.

- 400 Skirteinishafi hefur ökuskírteini til farþegaflutninga í atvinnuskyni fyrir flokk B.  
425 Skirteinishafi hefur ökuskírteini til farþegaflutninga í atvinnuskyni fyrir flokk D (eftir atvikum D1).  
450 Skirteinishafi hefur ökuskírteini til farþegaflutninga í atvinnuskyni fyrir flokkana B og D (eftir atvikum D1).

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um aksturs- og hvíldartíma o.fl.  
í innanlandsflutningum og við flutning innan  
Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 136 3. mars 1995.

1. gr.

2. gr. breytist þannig:

- a. Í stað „5. - 8. gr.“ í inngangsmálslið 1. mgr. komi „6. - 8. gr.“.  
b. 1. tölul. 1. mgr. falli niður.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 6. mgr. 44. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast gildi 15. ágúst 1997.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. ágúst 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

Ólafur W. Stefánsson.

## AUGLÝSING

**um gildistöku tilskipunar Evrópusambandsins nr. 91/533/EBE  
frá 14. október 1991 um skyldu vinnuveitanda að skýra launþegum  
frá samningsskilmálum eða ráðningarfyrrirkomulagi.**

Samkvæmt 25. tölul. í viðauka XVIII við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið frá 2. maí 1992 eru íslensk stjórnvöld skuldbundin af ákvæðum tilskipunar Evrópusambandsins nr. 91/533 frá 14. október 1991 um skyldu vinnuveitanda að skýra launþegum frá samningsskilmálum eða ráðningarfyrrirkomulagi. Að höfðu samráði við helstu samtök atvinnurekenda og launafólks var ákveðið að hrinda ákvæðum hennar í framkvæmd hér á landi með kjarasamningum, sbr. 1. mgr. 9. gr. tilskipunar nr. 91/533/EBE. Eftirtaldir aðilar hafa undirritað samninga um framkvæmd á efni tilskipunarinnar:

- a. Vinnuveitendasamband Íslands og Alþýðusamband Íslands (samningur undirritaður 10. apríl 1996).
- b. Fjármálaráðherra annars vegar og Alþýðusamband Íslands, Bandalag háskólamanna og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hins vegar (samningur undirritaður 25. júní 1996).
- c. Vinnumálasambandið og Alþýðusamband Íslands (samningur undirritaður 28. ágúst 1997).
- d. Reykjavíkurborg annars vegar og Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hins vegar (samningur undirritaður 10. október 1996).
- e. Launanefnd sveitarfélaga annars vegar og Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Bandalag háskólamanna hins vegar (samningur undirritaður 10. júní 1997).

Í samræmi við 1. gr. l. nr. 55/1980, sbr. 5. gr. l. nr. 69/1993, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, eru laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnu- markaðarins semja um, lágmarkskjör. Af framangreindu leiðir að ákvæði tilskipunar 91/533/EBE hafa tekið gildi með framantöldum kjarasamningum og teljast lágmarkskjör á íslenskum vinnumarkaði.

*Félagsmálaráðuneytinu, 30. júní 1997.*

F. h. r.

**Sigríður Lillý Baldursdóttir.**

*Elín Blöndal.*



**Fylgiskjal:****TILSKIPUN RÁÐSINS**

frá 14. október 1991

**um skyldu vinnuveitanda að skýra launþegum frá samningsskilmálum eða ráðningar-  
fyrirkomulagi****(91/533/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,  
einkum 100. gr.,með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar-  
innar <sup>(3)</sup>,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*Þar sem fram hafa komið í aðildarríkjunum nýjar tegund-  
ir starfa hefur fjölbreytni varðandi ráðningarfyrirkomulag  
aukist.Með hliðsjón af þessari þróun hafa tiltekin aðildarríki tal-  
ið nauðsynlegt að setja ákvæði um formlegar kröfur sem  
gilda um ráðningarfyrirkomulag. Markmiðið með þessum  
ákvæðum er að veita launþegum aukna vernd gegn brotum  
á réttindum þeirra og auka gagnsæi vinnumarkaðarins.Veruleg frávik eru í löggjöf aðildarríkjanna á þessu sviði að  
því er varðar ýmis grundvallaratriði, má þar nefna skylduna  
að skýra launþegum skriflega frá helstu skilmálum ráðning-  
arsamnings eða ráðningarfyrirkomulags.Mismunur á löggjöf aðildarríkjanna getur haft bein áhrif á  
starfsemi sameiginlega markaðarins.<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 24, 31. 1. 1991, bls. 3.<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 240, 16. 9. 1991, bls. 21.<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. C 159, 17. 6. 1991, bls. 32.Í 117. gr. sáttmálans er kveðið á um að aðildarríkin séu  
sammála um að nauðsynlegt sé að stuðla að bættum starfs-  
skilyrðum og bættum lífskjörum launþega með það fyrir  
augum að jafna þau um leið og þau fari stöðugt batnandi.Í 9. lið yfirlýsingar bandalagsins um grundvallarréttindi  
launþega á sviði félagsmála, sem var samþykkt á fundi leið-  
togaráðs Evrópubandalagsins í Strassborg hinn 9. desember  
1989 af ríkis- og ríkisstjórnarleiðtogum 11 aðildarríkja, seg-  
ir:„Í lögum, almennum samningi eða ráðningarsamningi  
skal skýrt kveðið á um ráðningarskilmála sem gilda um  
alla launþega Evrópubandalagsins, samkvæmt þeim  
reglum sem gilda í hverju landi fyrir sig.“Nauðsynlegt er að innleiða á vettvangi bandalagsins þá al-  
mennu kröfu að sérhverjum launþega beri að fá í hendur  
skjal með upplýsingum um meginatriði í ráðningarsam-  
ningi eða ráðningarfyrirkomulagi sínu.Þar sem það getur verið hagkvæmt að viðhalda ákveðnum  
sveigjanleika að því er ráðningarfyrirkomulag varðar ætti  
að gera aðildarríkjunum kleift að útiloka ákveðin afmörkuð  
tilvik er varða ráðningarfyrirkomulag frá gildissviði þess-  
arar tilskipunar.Upplýsingaskyldunni má fullnægja með skriflegum ráð-  
ningarsamningi, ráðningarbréfi eða öðru skjali eða skjölum  
eða, sé þess ekki kostur, með skriflegri yfirlýsingu sem er  
undirrituð af vinnuveitanda.Ef launþegi er skipaður til starfa utan heimalands ber honum  
að fá, auk þess sem gert er ráð fyrir í almennum ráðningar-  
skilmálum eða ráðningarfyrirkomulagi, viðeigandi upplýs-  
ingar er tengjast útleög hans.

Til að vernda hagsmuni launþega með tilliti til þess að fá afhent skjal ber að tilkynna þeim skriflega um allar breytingar sem eru gerðar á meginatriðum ráðningarsamnings eða ráðningarfyrirkomulags.

Nauðsynlegt er að aðildarríkin tryggji að launþegar geti nýtt sér þau réttindi sem þeir hafa samkvæmt þessari tilskipun.

Aðildarríkjum ber að samþykkja þau lög og stjórnsýslufyrirmæli sem nauðsynleg eru til að fara að þessari tilskipun, eða sjá til þess að aðilar vinnumarkaðarins setji með samningum nauðsynleg ákvæði enda sé aðildarríkjum skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að þau geti hvenær sem er tryggt að þeir njóti þess ávinnings sem af þessari tilskipun hlýst.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

##### Gildissvið

1. Þessi tilskipun gildir um sérhvern launþega sem er ráðinn samkvæmt ráðningarsamningi eða ráðningarfyrirkomulagi sem er skilgreint í gildandi lögum aðildarríkis og/eða heyrir undir gildandi lög í aðildarríki.

2. Aðildarríkjum er heimilt að kveða á um að þessi tilskipun gildi ekki um launþega sem eru ráðnir samkvæmt ráðningarsamningi eða ráðningarfyrirkomulagi:

- a) — sem samanlagt gildir ekki lengur en einn mánuð, og/eða
- þar sem vinnuvikan er ekki lengri en átta klukkustundir; eða
- b) sem nær til tilfallandi starfa eða starfa af sérstökum toga að því tilskildu að hlutægar ástæður liggja til grundvallar því að tilskipuninni er ekki beitt.

##### 2. gr.

##### Upplýsingaskylda

1. Vinnuveitanda ber skylda til að skýra launþega sem heyrir undir þessa tilskipun, hér á eftir nefndur „launþeginn“, frá helstu ákvæðum ráðningarsamnings eða ráðningarfyrirkomulags.

2. Í upplýsingunum sem um getur í 1. mgr. skal að minnsta kosti eftirfarandi koma fram:

- a) deili á aðilum;
- b) vinnustaður; ef ekki er um fastan vinnustað að ræða, eða stað þar sem vinnan fer jafnaðarlega fram, skal koma fram að launþeginn sé ráðinn á mismunandi stöðum og heimilisfang skráðrar starfsstöðvar eða eftir atvikum

lögheimili vinnuveitandans;

- c) i) titill, staða, eðli eða tegund starfs sem launþegi er ráðinn í, eða
  - ii) stutt útlistun eða lýsing á starfinu;
  - d) upphafsdagsetning ráðningarsamnings eða ráðningarfyrirkomulags;
  - e) þegar ráðningarsamningur eða ráðningarfyrirkomulag er tímabundið: hve langan tíma er áætlað að það vari;
  - f) lengd launaðs orlofs sem launþegi á rétt á eða, sé það ekki ljóst þegar upplýsingarnar eru gefnar, reglur um úthlutun eða ákvörðun orlofs;
  - g) lengd uppsagnarfrests sem vinnuveitandi og launþegi verða að virða komi til þess að ráðningarsamningi eða ráðningarfyrirkomulagi ljúki eða, sé það ekki ljóst þegar upplýsingarnar eru gefnar, reglur sem gilda þegar uppsagnarfrestur er ákveðinn;
  - h) upphafsgrunnlaun, aðrir launþættir sem launþegi á rétt á og hve oft launagreiðslur fara fram;
  - i) lengd venjulegs vinnudags eða vinnuviku;
  - j) eftir atvikum:
    - i) tilvísun til almennra samninga sem taka til starfskilyrða launþegans, eða
    - ii) þegar um er að ræða almenna samninga, sem hafa verið gerðir utan fyrirtækisins af sérstökum þar til bærum aðilum eða sameiginlegum stofnunum, heiti þar til bærð aðila eða sameiginlegrar stofnunar sem annaðist samningana.
3. Upplýsingarnar sem um getur í f-, g-, h- og i-lið 2. mgr. má gefa, eftir því sem við á, með tilvísun til ákvæða í lögum, stjórnsýslufyrirmælum eða lögumáttum samþykktum eða til almennra samninga sem gilda um þessi atriði.

##### 3. gr.

##### Upplýsingamiðlun

1. Upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. 2. gr. má gefa launþega, eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að starf hefst, með:

- a) skriflegum ráðningarsamningi; og/eða
- b) ráðningarbréfi; og/eða
- c) einu eða fleiri skriflegum skjölum, enda komi fram í einu þessara skjala að minnsta kosti allar upplýsingarnar sem um getur í a-, b-, c-, d-, h- og i-lið 2. mgr. 2. gr.

2. Hafi ekkert skjalanna sem um getur í 1. mgr. verið afhent launþeganum innan tilskilins frests ber vinnuveitanda að gefa launþega, eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að starf hefst, skriflega yfirlýsingu sem er undirrituð af vinnuveitanda og felur að minnsta kosti í sér þær upplýsingar sem um getur í 2. mgr. 2. gr.

Komi einungis hluti tilskilinna upplýsinga fram í skjölunum sem um getur í 1. mgr. skal skriflega yfirlýsingin sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar fela í sér þær upplýsingar sem á vantar.

3. Ef ráðningarsamningnum eða ráðningarfyrirkomulaginu lýkur áður en tveggja mánaða fresturinn frá því að vinna hófst rennur út skulu launþeganur veittar upplýsingarnar sem kveðið er á um í 2. gr. og í þessari grein við lok þess tímabils í síðasta lagi.

4. gr.

#### Launþegar sem starfa utan heimalands

1. Sé launþega falið að starfa í öðru landi eða löndum en því aðildarríki þar sem lög og/eða réttarvenja gildir um ráðningarsamning eða ráðningarfyrirkomulag skal hann/hún hafa fengið skjölin sem um getur í 3. gr. í hendur fyrir brottför hans/hennar og í þeim verða að minnsta kosti eftirfarandi viðbótarupplýsingar að koma fram:

- a) hve lengi hann/hún mun starfa erlendis;
- b) hvaða gjaldmiðil á að nota við launagreiðslur;
- c) eftir því sem við á, hvaða bætur í peningum eða fríðindi tengjast starfi erlendis;
- d) eftir því sem við á, skilyrðin fyrir því að launþegi geti snúið aftur til heimalandsins.

2. Upplýsingarnar sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. má gefa, efur því sem við á, með tilvísun til ákvæða í lögum, stjórnslufyrirmælum eða lögmæltum samþykktum eða til almennra samninga sem gilda um þessi atriði.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki ef starfstímabil utan þess lands þar sem ákvæði laga og/eða réttarvenja gilda um ráðningarsamning eða ráðningarfyrirkomulag er styttra en einn mánuður.

5. gr.

#### Afmarkaðar breytingar á ráðningarsamningi eða ráðningarfyrirkomulagi

1. Vinnuveitanda ber að skýra launþega frá sérhverri breytingu sem er gerð á atriðunum sem um getur í 2. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 4 gr. í skriflegu skjali við fyrstu hentugleika og eigi síðar en einum mánuði eftir að breytingin kemur til framkvæmda.

2. Skriflega skjalið sem um getur í 1. mgr. er ekki lögboðið verði breyting á ákvæðum í lögum, stjórnslufyrirmælum eða lögmæltum samþykktum eða á almennum samning-

um sem vísað er til í skjölunum sem um getur í 3. gr., eftir atvikum ásamt viðbótum samkvæmt 1. mgr. 4. gr.

6. gr.

#### Form og sönnun á því að ráðningarsamningur eða ráðningarfyrirkomulag sé fyrir hendi ásamt reglum þar að lútandi

Þessi tilskipun er með fyrirvara um landslög og réttarvenju varðandi:

- form ráðningarsamnings eða ráðningarfyrirkomulags,
- sönnun á því að ráðningarsamningur eða ráðningarfyrirkomulag sé fyrir hendi og efni þess,
- reglur þar að lútandi.

7. gr.

#### Hagstæðari ákvæði

Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á rétt aðildarríkjanna til að beita eða innleiða lög eða stjórnslufyrirmæli sem eru hagstæðari launþegum eða til að hvetja til eða heimila notkun samninga sem eru launþegum hagstæðari.

8. gr.

#### Réttur tryggður

1. Aðildarríkin skulu taka upp ákvæði í innlendu réttarkerfi sem gera öllum launþegum, sem telja á sér brotið vegna þess að ekki sé farið að kröfum þessarar tilskipunar, kleift að sækja rétt sinn samkvæmt gildandi réttarreglum, hugsanlega eftir að hafa lagt málið fyrir önnur lögbær yfirvöld.

2. Aðildarríkjum er heimilt að kveða á um að beiting þeirra réttarbóta sem um getur í 1. mgr. sé háð því að launþegi hafi gert vinnuveitanda viðvart og hann ekki brugðist við innan 15 daga frá því að honum var gert viðvart.

Þó má ekki gera kröfu um að áður hafi verið viðvart í neinu því tilviki sem um getur í 4. gr., hvorki þegar um er að ræða launþega með tímabundinn ráðningarsamning eða ráðningarfyrirkomulag né þegar um er að ræða launþega sem heyrir ekki undir almenna samninga sem taka til ráðningarfyrirkomulagsins.

9. gr.

#### Lokaákvæði

1. Aðildarríkin skulu samþykkja lög og stjórnslufyrirmæli sem nauðsynleg eru til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 1993 eða tryggja eigi síðar en á þeim degi að aðilar vinnumarkaðarins setji nauðsynleg ákvæði

með samningum sem leggja aðildarríkjunum þær skyldur á herðar að gera nauðsynlegar ráðstafanir er tryggi á öllum tímum þann ávinning sem af tilskipun þessari hlýst.

Þeim ber að tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríkjunum ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja, að því er varðar ráðningarfyriorkomulag sem er í gildi á þeim tíma sem ákvæði er þau samþykka öðlast gildi, að vinnuveitandi afhendi launþeganum, að hans beiðni, innan tveggja mánaða frá því að hann fær beiðnina í hendur, það eða þau skjöl sem um getur í 3. gr., hugsanlega ásamt viðbótum samkvæmt 1. mgr. 4. gr.

3. Þegar aðildarríkin samþykka ráðstafanir sem um getur í 1. mgr. skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega.

Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

4. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni þegar í stað um ráðstafanir sem þau gera til framkvæmdar tilskipun þessari.

*10. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 14. október 1991.

*Fyrir hönd ráðsins,*

B. de VRIES

*forseti.*

## REGLUGERÐ

### um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna.

1. gr.

Heimilt er að veita framfærendum fatlaðra og langveikra barna aðstoð frá Tryggingastofnun ríkisins, ef sjúkdómur eða andleg eða líkamleg hömlun hefur í för með sér sannanleg tilfinnanleg útgjöld og sérstaka umönnun eða gæslu. Einnig er heimilt að veita aðstoð til framfærenda barna með alvarleg þroskafrávik og barna með hegðunarvandamál.

2. gr.

Með hugtakinu fatlað barn er átt við barn, sem vegna greindarskerðingar, geðræna truflana eða líkamlegrar hömlunar þarf sérstaka þjálfun, aðstoð og gæslu á uppvaxtarárum sínum.

Með hugtakinu langveikt barn er átt við barn, sem þarfnast læknisfræðilegrar meðferðar vegna alvarlegs og/eða langvinnis sjúkdóms.

Með hugtakinu alvarleg þroskafrávik er átt við barn með þroskafrávik sem jafna má við fötlun.

Með hugtakinu hegðunarvandamál er átt við barn með hegðunarvandamál sem jafna má við geðræna sjúkdóma.

3. gr.

Tryggingastofnun ríkisins ákvarðar og veitir aðstoð samkvæmt 4. gr. og metur læknisfræðilegar forsendur umsækjenda og fötlunar- og sjúkdómsstig sbr. 5. gr. Svæðisskrifstofur um málefni fatlaðra og/eða félagsmálastofnanir sveitarfélaga gera tillögur um mat vegna fatlaðra barna, sem njóta þjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðra.

## 4. gr.

Um tvíþætta aðstoð getur verið að ræða: a) umönnunarkort til lækkunar læknis- og lyfjakostnaðar og b) mánaðarlegar umönnunargreiðslur.

Gildistími umönnunarkorts er frá fæðingu, ef um meðfæddan sjúkdóm eða fötlun er að ræða, en miðast annars við greiningu og nær allt að 16 ára aldri. Heimilt er að lengja gildistíma allt að 18 ára aldri vegna barna með lífshættulega sjúkdóma eða alvarlega fjölfötlun.

Tímabil umönnunargreiðslna er frá lokum greiðslna í fæðingarorlofi til 16 ára aldurs. Þegar réttur skapast til framlengingar á greiðslum í fæðingarorlofi er foreldri heimilt að velja þær greiðslur sem hærri eru. Heimilt er að hefja greiðslur fyrr og lengja greiðslur til 18 ára aldurs vegna barna með lífshættulega sjúkdóma eða alvarlega fjölfötlun. Umönnunargreiðslur koma þá í stað örorkulífeyris, tekjutryggingar og frekari uppbótar á lífeyri.

## 5. gr.

Umönnunargreiðslur eru 25 - 100% af 53.840 kr. á mánuði, sbr. greiðsluviðmiðunartöflu. Tryggingaráði er heimilt er að hækka umönnunargreiðslur um 25% vegna sjúkra og fatlaðra barna mæli sérstakar ástæður með því að mati tryggingalæknis.

Heimilt er að meta til hækkunar greiðslna ef um sannanleg tilfinnanleg útgjöld er að ræða t.d. vegna ferða- eða dvalarkostnaðar vegna læknismeðferðar.

Almenn leikskóla- og skólaþjónusta skerðir ekki greiðslur. Önnur dagleg, sértæk þjónusta, sem er án endurgjalds og nemur samfelt 4 klst. eða meira, skerðir greiðslur. Umtalsverð skammtmavistun skerðir einnig greiðslur. Samfelld vistun vegna sumarorlofs allt að 4 vikum skerðir ekki greiðslur. Umönnunargreiðslur til framfærenda falla niður við vistun á vistheimili eða vistun greidda af félagsmálayfirvöldum.

### Skilgreiningar á fötlunar- og sjúkdómsstigi.

- I. *Flokkun vegna umönnunar, gæslu og útgjalda vegna fatlaðra barna og barna með þroska- og atferlisraskanir.*
- fl. 1. Börn, sem vegna mjög alvarlegrar fötlunar, fjölfötlunar, eru algjörlega háð öðrum með hreyfifærni og/eða flestar athafnir daglegs lífs.
  - fl. 2. Börn, sem vegna alvarlegrar fötlunar þurfa aðstoð og nær stöðuga gæslu í daglegu lífi t.d. vegna alvarlegrar eða miðlungs þroskahömlunar, hreyfihömlunar, sem krefst notkunar hjólastóls, verulegrar tengslaskerðingar, einhverfu, heyrnarskerðingar, sem krefst notkunar táknmáls/varalesturs, og blindu.
  - fl. 3. Börn, sem vegna fötlunar þurfa aðstoð og gæslu í daglegu lífi t.d. vegna vægrar þroskahömlunar, hreyfihömlunar, sem krefst notkunar spelka og/eða hækja við ferli, heyrnarskerðingar, sem krefst notkunar heymartækja í bæði eyru, og verulegrar sjónskerðingar á báðum augum.
  - fl. 4. Börn með alvarlegar þroskaraskanir og/eða atferlisraskanir, sem jafna má við fötlun eða geðræna sjúkdóma og krefjast þjálfunar og eftirlits sérfræðinga og aðstoðar í skóla og á heimili og meðal jafnaldra.
  - fl. 5. Börn með vægari þroskaraskanir og/eða atferlisraskanir, sem þurfa aðstoð, þjálfun og eftirlit sérfræðinga.

**Umönnunargreiðslur miðast við eftirfarandi töflu og taka mið af umönnunarþyngd, sértækri, daglegri, endurgjaldslausri þjónustu og hlutfallslegri vistun/skammtímavistun:**

stig	I.	II.	III.	IV.
	1. Umönnun: Yfirseta foreldris heima/ á sj. húsi. Aðstoð við flestar athafnir dagl. lífs.	1. Umönnun: Umtalsverð umönnun og aðstoð við ferli.	1. Umönnun: Umtalsverð umönnun. Börn að nokkru sjálfbjarga.	Vistuð börn.
	2. Sértæk þjónusta < 4 klst. dagl.	2. Sértæk þjónusta ≥ 4 klst. dagl.	2. Sértæk þjónusta ≥ 8 klst. dagl.	
	3. Skammtímavistun: ≤ 8 sólarhr./mán.	3. Skammtímavistun: > 8 og ≤ 15 sólarhr./mán.	3. Skammtímavistun: ≥ 16 sólarhr./mán.	
fl. 1.	53.840 kr. eða 100%	26.920 kr. eða 50%	13.460 kr. eða 25%	0
fl. 2.	45.764 kr. eða 85%	22.882 kr. eða 43%	13.460 kr. eða 25%	0
fl. 3.	37.688 kr. eða 70%	18.844 kr. eða 35%	13.460 kr. eða 25%	0
fl. 4.	0	0	13.460 kr. eða 25%	0
fl. 5.	0	0	0	0

**II. Flokkun vegna umönnunar, gæslu og útgjalda vegna sjúkra barna.**

- fl. 1. Börn, sem þurfa langvarandi vistun á sjúkrahúsi eða hjúkrun í heimahúsi og yfirsetu foreldris vegna lífshættulegra sjúkdóma, t.d. börn með illkynja sjúkdóma.
- fl. 2. Börn, sem þurfa tíðar sjúkrahúsinnlagnir og meðferð í heimahúsi vegna lífshættulegra sjúkdóma, t.d. alvarlegra nýrna-, lungna- eða lifrarsjúkdóma, sem krefjast ónæmisbælandi meðferðar og alvarlegra hjartasjúkdóma.
- fl. 3. Börn, sem þurfa innlagnir á sjúkrahús og meðferð í heimahúsi vegna alvarlegra og langvarandi sjúkdóma, t.d. börn með alvarlega bæklunarsjúkdóma, innkirtla- og efnaskiptasjúkdóma, meltingarfærasjúkdóma og geðsjúkdóma.
- fl. 4. Börn, sem þurfa fyrst og fremst meðferð í heimahúsi og aðstoð vegna hjálpartækja, t.d. börn með bæklunarsjúkdóma, sem koma til aðgerða á nokkrum árum, börn með stomapoka, þvagleggi, eða sem þurfa reglulegar lyfjagjafir í sprautuformi.
- fl. 5. Börn, sem þurfa reglulegar lyfjagjafir um munn, nef og húð og eftirlit sérfræðinga, t.d. börn með astma, excem eða ofnæmi.

**Umönnunargreiðslur miðast við eftirfarandi töflu og taka mið af umönnunarþyngd:**

stig	I.	II.	III.	IV.
	Yfirseta foreldris heima/á sj. húsi. Aðst. við flestar athafnir dag. lífs.	Umtalsverð umönnun og aðstoð við ferli.	Umtalsverð umönnun. Börn að nokkru sjálfbjarga.	Vistuð börn.
fl.1.	53.840 kr. eða 100%	26.920 kr. eða 50%	13.460 kr. eða 25%	0
fl.2.	45.764 kr. eða 85%	22.882 kr. eða 43%	13.460 kr. eða 25%	0
fl.3.	37.688 kr. eða 70%	18.844 kr. eða 35%	13.460 kr. eða 25%	0
fl.4.	0	0	13.460 kr. eða 25%	0
fl.5.	0	0	0	0

## 6. gr.

Umsóknir framfærenda skulu sendar Tryggingastofnun ríkisins á þar til gerðum eyðublöðum með tillögum svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra eða sveitarfélaga um flokkun og greiðsluviðmið ef um fatlað barn er að ræða. Greiningaraðilar skulu senda læknisvottorð um læknisfræðilega greiningu og meðferð og umönnun barna til Tryggingastofnunar ríkisins.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir kostnað við læknisvottorð samkvæmt 1. málsgrein.

Aðstoð samkvæmt reglugerð þessari skal ákveða til tiltekins tíma, að hámarki til 5 ára.

Heimilt er að úrskurða greiðslur allt að tvö ár aftur í tímann sbr. 48. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar og 13. gr. laga nr. 118/1993, enda sé ljóst að sjúkdómur, fötlun eða proska- eða hegðunarvandi hafi leitt til útgjalda og sérstakrar umönnunar á þeim tíma.

## 7. gr.

Framfærendum, sem njóta fjárhagsaðstoðar skv. reglugerð þessari er skylt að tilkynna Tryggingastofnun ríkisins eða svæðisskrifstofum um málefni fatlaðra/sveitarfélögum um breytingar á högum, sem kunna að hafa í för með sér breyttar forsendur fyrir greiðslum.

## 8. gr.

Tryggingaráð setur vinnureglur um framkvæmd reglugerðar þessarar.

Um ágreining vegna framkvæmdar reglugerðar þessarar fer skv. 7. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, sbr. 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð.

## 9. gr.

Fjárhæðir skv. reglugerð þessari skulu taka breytingum í samræmi við breytingar á öðrum bótum almannatrygginga.

## 10. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 4. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð með síðari breytingum og gildir frá 1. september 1997. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 150/1992 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og sjúkra barna með síðari breytingum.

*Ákvæði til bráðabrigða.*

Hafi einstakar greiðslur, sem úrskurðaðar voru skv. reglugerð nr. 150/1992, verið úrskurðaðar til lengri tíma en 1. september 1997, skulu þær greiðslur halda gildi sínu til þess tíma er úrskurðurinn nær, nema umsækjandi fari fram á nýjan úrskurð.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 25. júlí 1997.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

# REGLUGERÐ

## um grunnpóstþjónustu.

### I. KAFLI

#### Orðskýringar.

##### 1. gr.

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

*Póstsending:* Hvers konar bréf eða önnur sending sem flutt er með póstþjónustuaðila.

*Póstmeðferð:* Viðtaka, flokkun, flutningur og skil á póstsendingum.

*Póstþjónusta:* Póstmeðferð hvers konar bréfa og annarra sendinga, með eða án utanáskriftar.

*Grunnpóstþjónusta:* Póstmeðferð bréfa og annarra sendinga með utanáskrift sem vega allt að 20 kg að þyngd.

*Póstþjónustuaðili:* Aðili sem veitir hvers kyns póstþjónustu.

*Póstrekandi:* Aðili sem annast einn eða fleiri þætti grunnpóstþjónustu.

*Rekstrarleyfishafi:* Aðili sem hefur leyfi til grunnpóstþjónustu skv. 11. gr. laga um póstþjónustu.

*Einkaréttarhafi:* Aðili sem samkvæmt sérstöku leyfi fer með einkarétt og skyldur ríkisins skv. IV. kafla laga um póstþjónustu.

*Póstkassi:* Kassi sem ætlaður er fyrir viðtöku og uppsöfnun bréfaþóstsendinga, til frekari póstmeðferðar.

*Frímerki:* Gjaldmiðill, útgefinn af ríkinu, sem ætlaður er til greiðslu fyrir póstþjónustu. Frímerki skal bera áletrunina „ISLAND“.

*Gjaldmerki:* Merki, sem ætluð eru til álimingar á póstsendingar og notuð eru af póstþjónustuaðilum og með auðkenni þeirra, til staðfesingar því að greitt hafi verið fyrir póstþjónustu.

*Fjármunapóstsending:* Greiðsluviðskipti með millifærslum (póstgíró), póstaðvísanir, póstkrofur og önnur fjármunapóstþjónusta.

### II. KAFLI

#### Skyldur ríkisins og einkaréttur.

##### 2. gr.

##### *Skyldur ríkisins.*

Íslenska ríkið skal tryggja landsmönnum reglulega grunnpóstþjónustu vegna eftirfarandi sendingartegunda:

- Bréfa, án tillits til innihalds, sem lögð eru í umslög eða sambærilegar umbúðir með utanáskrift allt að 2 kg að þyngd.
- Skriflegra utanáritaðra orðsendinga með sérstöku innihaldi, þar með talinna póstkorta, allt að 2 kg að þyngd.
- Annarra sendinga með utanáskrift og prentuðu innihaldi, sem er að öllu leyti eins, t.d. verðlistar og bæklingar með eða án ytri umbúða allt að 2 kg að þyngd.
- Dagblaða, vikublaða og tímarita, með utanáskrift eða annarri sambærilegri tilgreiningu, allt að 500 g að þyngd.
- Böggla með utanáskrift allt að 20 kg að þyngd.

Jafnframt skal ríkið tryggja póstmeðferð vegna eftirfarandi þjónustupaða:

- Fjármunapóstsendinga.
- Ábyrgðarsendinga.



c) Verðsendinga.

d) Sendinga með blindralettri allt að 7 kg að þyngd.

Sendingar þær, sem tilgreindar eru í 1. mgr. og b) - d) lið 2. mgr. mega að umfangi vera sem hér segir:

Lágmark: 90×140 mm; í ströngum: Lengd+tvöfalt þvermál 170 mm. Minnsta lengd 100 mm.

Hámark: Lengd+breidd+þykkt 900 mm (böggjar þó 3 m). Mesta lengd 600 mm (böggjar þó 1,50 m). Í ströngum: Lengd+tvöfalt þvermál 1040 mm. Mesta lengd 900 mm.

Tilgreina má verð á bréfum og böggjum (verðsendingar) og ábyrgð má kaupa á bréfasendingar (ábyrgðarsendingar).

### 3. gr.

#### *Einkaréttur ríkisins til póstméðferðar.*

Íslenska ríkið hefur einkarétt á póstméðferð eftirfarandi póstsendinga sem eru allt að 2 kg að þyngd:

a) Lokaðra bréfaþóstsendinga hvert svo sem innihald þeirra kann að vera.

b) Annarra lokaðra sendinga sem uppfylla skilyrði til þess að vera veitt viðtaka í póst, að svo miklu leyti sem innihald þeirra er ritaðar orðsendingar eða prentaðar tilkynningar, útfylltar með skrift, að undanskildum vörureikningum, fylgiseðlum, farmskrám og svipuðum fylgiskjölum með sendingum.

Með lokuðum póstsendingum og öðrum sendingum skv. 1. mgr. er átt við sendingar sem lokað er aftur, hvort sem þær eru límdar aftur eða þeim lokað með öðrum hætti, þannig að innihald þeirra er ekki greinilegt.

Ríkið hefur einnig einkarétt til póstméðferðar á póstsendingum skv. staflíðum a) og b), öðrum en hraðsendingum, sem koma erlendis frá og eiga að fara til viðtakenda hér á landi. Hefur ríkið enn fremur einkarétt til póstméðferðar á slíkum póstsendingum sem ætlaðar eru viðtakendum í útlöndum.

Einkarétturinn nær ekki til póstméðferðar með verðlista, bæklinga, blöð og tímarit með utanáskrift sé innihald allra sendinga eins og án umbúða eða um þær búð í gagnsæjum umbúðum.

Sérhverjum er heimilt að sinna pósthjónustu innan eigin starfsemi.

### 4. gr.

#### *Flutningur fyrir einkaréttarhafa.*

Aðilum sem annast flutning á póstsendingum fyrir einkaréttarhafa er óheimilt, án samþykkis einkaréttarhafans, að hafa meðferðis aðrar sendingar við slíkan flutning. Aðilum sem halda uppi reglubundnum farþegaflutningum er þó heimilt að flytja slíkar sendingar með flutningatækjum sínum.

### 5. gr.

#### *Skylda til að flytja póstsendingar í grunnpósthjónustu.*

Hver sá sem heldur uppi reglubundnum flutningum innanlands eða til útlanda er skyldugur til, sé þess óskað, að flytja póstsendingar í grunnpósthjónustu milli endastöðva og póststöðva á leiðinni, enda komi eðlileg greiðsla fyrir. Slíkar póstsendingar njóta forgangs fram yfir annan vöruflutning.

## 6. gr.

*Uppsetning póstkassa.*

Íslenska ríkið hefur einkarétt á uppsetningu póstkassa á almannaferi og á stöðum sem almenningur hefur aðgang að, svo sem við verslanir eða verslunarmiðstöðvar, opinberar byggingar o.s.frv.

## III. KAFLI

## Póstleynd.

## 7. gr.

*Þagnarskylda.*

Einungis má veita upplýsingar um póstsendingar og notkun pósthjónustu að undan- gengnum dómsúrskurði eða samkvæmt heimild í öðrum lögum.

Ollum sem starfa við pósthjónustu, hvort sem er samkvæmt ráðningarsamningi eða verksamningi, er óheimilt að gefa óviðkomandi aðilum upplýsingar um póstsendingar eða gefa öðrum tækifæri til þess að verða sér úti um slíka vitneskju. Enn fremur er þeim óheimilt að opna eða lesa það sem afhent er til póstsendingar. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

## 8. gr.

*Undanþágur.*

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. er heimilt að opna án dómsúrskurðar þær póstsendingar sem ekki er unnt að koma til skila til þess að freista þess að komast að því hverjir sendendur eru svo að unnt sé að endursenda þær. Slíkar sendingar skulu opnaðar í samræmi við ákvæði 18. gr.

Hafi sendinga þeirra, sem getið er um í 1. mgr. og hafa verið teknar í geymslu, ekki verið vitjað innan eins árs að telja frá þeim degi er þær voru póstlagðar skal senda þær Póst- og fjarskiptastofnun, sem auglýsir þær í Lögbirtingablaði. Vitji þeirra enginn innan þriggja mánaða skal selja þær og rennur andvirði þeirra til stofnunarinnar.

Enn fremur er heimilt að leyfa að sendingar séu opnaðar þegar það er óhjákvæmilegt vegna flutnings þeirra eða til að kanna hugsanlegar skemmdir á innihaldi. Hið sama á við þegar rökstuddur grunur leikur á um að ekki hafi verið forsvaranlega búið um sendingu vegna innihalds hennar eða að sending innihaldi hluti sem hættulegt getur verið að flytja. Að athugun lokinni skal ganga frá sendingunni á ný og á hana rituð athugasemd um að hún hafi verið opnuð af viðkomandi póstrekkanda, ásamt dagsetningu og undirskrift yfirmanns og eins votts.

Böggla sem fluttir eru til landsins frá útlöndum má opna ef nauðsynlegt er vegna ákvörðunar aðflutningsgjalda. Aðrar lokaðar póstsendingar má ekki opna vegna ákvörðunar aðflutningsgjalda nema í viðurvist viðtakanda.

Póstsendingar til einstaklinga sem úrskurðaðir hafa verið gjaldþrota má afhenda skiptastjórum eftir beiðni þeirra, enda beri þær með sér að varða fjárhagsmálefni þrotamanns, svo sem bréf frá lánastofnunum og sambærilegum aðilum. Sendingar til látinna manna skal á sama hátt afhenda skiptastjóra þegar um opinber skipti er að ræða. Þegar um einkaskipti er að ræða skulu allar póstsendingar sendar forráðamanni dánarbús nema þær beri með sér að vera einkabréf. Skal sending þá endursend með viðeigandi skýringu áritaðri á sendinguna sjálfa.

Þegar félag, t.d. hlutafélag, er úrskurðað gjaldþrota er heimilt að afhenda skiptastjóra, eftir beiðni hans, allar póstsendingar sem berast hinu gjaldþrota félagi.

## IV. KAFLI

## Almennar reglur um pósthjónustu.

## 9. gr.

*Ábyrgðarsendingar.*

Sendandi bréfaþóstsendingar getur gegn sérstöku gjaldi, auk hins almenna burðargjalds, fengið tekna ábyrgð á sendingunni. Ábyrgðin takmarkast við ákveðna upphæð, skv. gjaldskrá hverju sinni. Ábyrgðarsendingar skulu bera áritunina „Ábyrgð“ eða „Recommandé“ á vinstri hlið utanáskriftarmegin.

Að því undanteknu, sem hér fer á eftir, skulu ekki sett sérstök skilyrði um löggun, lokun eða utanáskrift ábyrgðarsendinga.

Utanáskrift skal tilgreind með haldgóðum og öruggum hætti.

Ábyrgðarsendingar skulu búnar tölusetningarmiða, sem festa verður tryggilega við sendinguna.

Miðann sem og áletrunina „Ábyrgð“ eða „Recommandé“ skal setja utanáskriftarmegin, eftir því sem unnt er í efra vinstra horn eða fyrir neðan nafn og pósthfang sendanda, ef svo ber undir eða, ef um er að ræða sendingar í spjaldformi, fyrir ofan utanáskriftina á þann hátt að hún verði ekki ógreinileg.

Með leyfi póstrekkanda má nota fyrir ábyrgðarsendingar umslög með forprentaðri eftirmynd miðans á stað þeim, sem ætlaður er honum. Raðnúmerið má tilgreina þar á hvaða hátt sem vill, svo fremi það sé gert á skýran og óafmáanlegan hátt. Einnig má prenta eftirmynd miðans á utanáskriftarmerkimiða eða beint á innihald sendinga, sem sendar eru í umslagi með gagnsærri rúðu, enda sé eftirmynd þessari undir öllum kringumstæðum fundinn staður yst til vinstri í glugganum.

Skylda er að kaupa ábyrgð á bréf, sem innihalda peninga, handhafaskuldabréf eða aðrar skuldaviðurkenningar, sem eru nýtar handhafa, eða yfirleitt hvers konar skjöl, er vísa til verðs, ferðatékka, dýra málma, skartgripi eða hliðstæð verðmæti. Einnig er skylda að kaupa ábyrgð á sendingar með lífræn auðskemmd, smitandi efni og sendingar viðurkenndra rannsóknaraðila með hættuleg efni sem heimilt er að taka við til póstsendingar.

Allar slíkar sendingar skulu frágengnar með tryggum hætti. Sé ábyrgðarsendingu lokað með límbandi án merkis má póstrekkandi setja merki eða dagstimpil bæði á límbandið og umbúðirnar.

Sendandi ábyrgðarsendingar á rétt á að fá kvittun fyrir viðtöku hennar í póst.

Beri ábyrgðarsending merki þess að hafa verið opnuð og síðan lokað á ný, áður en hún er látin í póst, verður sendandi eða sendimaður hans að staðfesta þetta með undirskrift sinni.

## 10. gr.

*Verðsendingar.*

Á verðsendingar skal tilgreina verðmæti innihaldsins utan á sendingunni. Fyrir slíkar sendingar má áskilja sérstakt tryggingargjald, t.d. í hlutfalli við hið tilgreinda verð. Póst- og fjarskiptastofnun getur mælt fyrir um hámark upphæðar í verðsendingu til útlanda í samræmi við milliríkjasamninga.

Til þess að verðsending verði tekin til flutnings, skal hún vera innsigliuð og frá umbúðum gengið með tryggilegum hætti. Póst- og fjarskiptastofnun setur reglur um frágang og umbúnað verðsendinga.

## 11. gr.

*Afhending póstsendinga.*

Póstsendingu skal dreift til eða afhent þeim sem hún er stíluð á eða hefur umboð til móttöku hennar. Sendingu má afhenda viðtakanda með eftirfarandi hætti:

- a) Með því að hún er sótt á afgreiðslustað póstrekanda;
- b) Með útburði af hálfu póstrekanda til viðtakanda eftir því sem póstfang segir til um;
- c) Með því að láta þær í pósthólf, sem viðtakendur taka á leigu á afgreiðslustöðum.

Sending sem á er ritað „Sækist“, „Poste restante“, afhendist aðeins á ákvörðunarpóststöð eða afgreiðslustað póstrekanda.

Póstsendingar skulu afhentar viðtakendum svo fljótt sem auðið er.

Almennar bréfaþóstsendingar teljast réttilega afhentar, er bréfberi hefur fengið þær í hendur viðtakanda sjálfum, látið þær í gegnum bréfarifu á hurð viðtakanda eða í bréfaþakassa.

Sendingar til manna sem sitja í fangelsi skal afhenda eftir því sem reglur um slíkt mæla fyrir um.

Sendingar til ólögráða má afhenda þeim sjálfum eða þeim sem að lögum hafa forsjá þeirra.

## 12. gr.

*Bréfaþakassar og bréfarifur.*

Bréfaþakassi er kassi í eða við aðsetur viðtakanda ætlaður fyrir móttöku bréfaþóstsendinga. Í þéttbýli og annars staðar þar sem póstuútbúður fer fram er sett það skilyrði fyrir útburði að kassar eða bréfarifur séu á eða við útihurðir ein-, tví- og þríbýlishúsa, en þar sem fleiri en þrjár íbúðir hafa sameiginlegan inngang skulu húseigendur setja upp bréfaþakassasamstæður. Sama á við í atvinnuhúsnæði þar sem fleiri en einn aðili hefur starfstöð.

Bréfarifur skulu vera minnst 25×260 mm að stærð og staðsettar þannig að fjarlægð frá gólfi (jörðu) að neðri jaðri bréfarifu sé ekki minni en 1000 mm og ekki meiri en 1200 mm.

Bréfaþakassasamstæður skulu staðsettar á neðstu hæð sem næst aðalanddyri svo bréfberi geti óhindrað komist að og athafnað sig við skil bréfaþóstsendinga. Lýsing við kassasamstæðu skal vera fullnægjandi og eigi lakari en almennt er krafist í göngum og stigahúsum fjölbýlishúsa.

Við hverja bréfarifu og/eða á hverjum kassa skal vera skilti eða gluggi, minnst 26×100 mm að stærð, þar sem tilgreint er með stóru og skýru letri fullt nafn húsráðanda og annarra sem hjá honum búa. Ennfremur skal í fjöleignarhúsum tilgreina númer og auðkenni hæðar. Eigendur (íbúar) fjöleignarhúsa skulu sjá um, að kassarnir séu rétt merktir á hverjum tíma og ber þeim einnig að útvega íbúaskrá fyrir viðkomandi hús. Innbyrðis staðsetning kassanna skal vera sem eðlilegust t.d. kassi fyrir íbúð á fyrstu hæð neðstur til vinstri í samstæðunni o.s.frv. Kassarnir skulu vera læstir og samstæðan vel fest við vegg, svo að útilokað sé að bréf falli aftur fyrir hana.

Staðsetning kassasamstæðu á vegg skal vera þannig, að hæð frá gólfi að neðri jaðri neðstu bréfarifu sé ekki minni en 700 mm og hæð frá gólfi að efri jaðri efstu bréfarifu sé ekki meiri en 1750 mm. Staðsetning einstakra kassa skal vera þannig að hæð frá gólfi að neðra jaðri bréfarifu sé ekki minni en 1000 mm og að efri jaðri bréfarifu ekki meiri en 1200 mm.

Þar sem bifreiðar eru notaðar við útburð pósts skal setja upp kassa við vegamót eða girðingarhlið og skulu slíkir kassar staðsettir þannig að auðvelt sé að láta í þá póstsendingar án þess að stíga þurfi út úr bifreiðinni. Þar sem heimreið er sameiginleg fyrir fleiri en eitt heimili (margbýli) skulu kassarnir settir upp hlið við hlið. Um þá gilda að öðru leyti sömu reglur og um aðra bréfaþakassa.

Láti húseigandi undir höfuð leggjast að koma fyrir bréfarífu eða setja upp bréfabakka, skal honum með ábyrgðarbréfi gefinn tiltekinn frestur til uppsetningar.

Hlýði húseigandi ekki fyrir mælum þessum innan hins tiltekna frests er heimilt að hætta að bera út póstsendingar til íbúa hússins.

Ef hundur er á heimili viðtakanda getur pósthjónustuaðili krafist þess að bréfabakki sé staðsettur gangstéttarmegin við lóðarmörk.

### 13. gr.

#### *Afhending sendinga í pósthólf.*

Póstrekandi getur boðið fram til leigu pósthólf á póststöð, þar sem því verður við komið. Bréfabóstsendingum til þess sem tekur pósthólf á leigu er ráðað í pósthólf viðkomandi og teljast sendingarnar þar með réttilega afhentar.

Í pósthólf eru aðeins látnar þær sendingar, sem pósthólfsnúmer er tilgreint á. Heimilt er þó að víkja frá þessari reglu þegar um viðskiptavinum er að ræða sem fá að jafnaði mikinn fjölda póstsendinga.

Leigutaki pósthólfs getur ekki krafist þess, að sendingar til annarra en hans sjálfs séu látnar í pósthólf hans.

### 14. gr.

#### *Afhending gegn kvittun.*

Verðsendingar, ábyrgðarsendingar, böggjar og póstávísanir fást aðeins afhentar eða útborgaðar gegn kvittun viðtakanda eða umboðsmanns hans. Hafi sendandi með áletrun á sendingunni tilkynnt að hún skuli einvörðungu afhendast viðtakanda sjálfum ber honum að kvitta fyrir sendingunni og er þá kvittun umboðsmanns ekki tekin gild.

Fyrir sendingar til opinberra stofnana skal kvitta samkvæmt reglum hlutaðeigandi stofnunar.

Fyrir sendingu eða fjármuni til hlutafélaga og annarra félaga og stofnana skal kvittað fyrir af þeim sem hverju sinni er veitt skrifleg heimild til þess af fyrirsvarsmönnum þeirra.

Sendingar þær sem nefndar eru í 1. mgr. og fara eiga til manns eða félags sem er gjaldþrota eða manns sem er látinn, afhendast samkvæmt ákvæðum í 8. gr.

Sendingar þær sem greinir í 1. mgr. og fara eiga til manna sem dvelja á sjúkrastofnunum og geta ekki sjálfir kvittað fyrir sendingunum, skulu afhentar forstöðumönnum sjúkrastofnana sem þá kvittar fyrir þeim í umboði sjúklingsins enda hafi hann ekki gert sérstakar ráðstafanir um afhendingu sendinga til sín.

Um afhendingu sendinga með áfengi fer samkvæmt áfengislögum.

### 15. gr.

#### *Geymslutími sendinga.*

Sé ekki unnt að afhenda sendingu vegna rangrar eða ófullnægjandi utanáskriftar eða af öðrum ástæðum, t.d. vegna þess að viðtakandi neitar að taka við henni, er látinn eða fluttur burt án þess að vitað sé hvar hann er niður kominn, skal ekki geyma sendinguna lengur en með þarf til þess að ganga úr skugga um að henni verði ekki komið til skila. Sé ekki annað tekið fram í þessari grein skal sending sem þannig er ástatt um að jafnaði ekki geymd lengur en einn mánuð að telja frá næsta degi eftir komu hennar til póstrekkanda, áður en hún er endursend.

Sending sem á er ritað að skuli geymast þar til hennar verði vitjað (poste restante) skal geymd fyrir viðtakanda í allt að tvo mánuði að telja frá næsta degi eftir komu til póstrekkanda.

Sendandi getur ákveðið styttri geymslutíma fyrir sendinguna en að framan greinir og ber honum þá að rita um það athugasemd á sendinguna og sömuleiðis á fylgibréfið þegar um böggla er að ræða.

Sending sem ekki er hægt að afhenda viðtakanda innan geymslufrests telst óskila-sending.

#### 16. gr.

##### *Meðferð óskilasendinga.*

Póstsendingu telst ekki hafa verið skilað:

- a) Þegar viðtakandi skorast undan að taka við henni;
- b) þegar viðtakandi finnst ekki;
- c) þegar sending hefur ekki verið sótt innan reglulegs geymslutíma þrátt fyrir að tilkynning hafi verið send út um komu hennar.

Sending endursendist sendanda, ef nafn hans og pósthfang er tilgreint á sendingunni. Að öðrum kosti er farið með hana sem óskilasendingu.

Á sendingar sem ekki verður komið til skila skal að jafnaði rita ástæðuna fyrir því. Í því skyni má nota sérstaka miða eða stimpla.

Hafi óskilasending eitthvert það innihald sem liggur undir skemmdum skal innihaldi komið í verð á sem hagkvæmastan hátt. Sé af einhverjum ástæðum ekki hægt að selja innihaldið skal það eyðilaggt. Frá andvirði hins selda má draga gjöld þau sem kunna að hafa hvílt á sendingunni svo og kostnað við að koma henni í verð. Afgangurinn sendist sendanda að frádregnu burðargjaldi.

#### 17. gr.

##### *Endursending óskilasendinga til sendanda.*

Óskilasending sem endursend hefur verið til þess að afhendast sendanda skal afhent eftir sömu reglum og gilda um venjulega afhendingu til viðtakanda.

Þegar pósthstöð sem óskilasending hefur verið endursend til hefur gengið úr skugga um að sendingunni verði ekki komið til sendanda skal farið með hana í samræmi við ákvæði í 18. gr.

#### 18. gr.

##### *Lokameðferð óskilasendinga.*

Sendingu sem hvorki hefur verið hægt að afhenda viðtakanda né endursenda sendanda skal opnuð í samráði við Póst- og fjarskiptastofnun samkvæmt reglum sem stofnunin setur.

Verði hægt að komast að því hver sendandi sé með því að opna sendinguna skal viðkomandi póstrekkanda falin endursending hennar. Fáist engar upplýsingar á þennan hátt um sendanda eða reynist ógerlegt að ná til hans eru sendingar sem hafa að geyma reiðufé eða aðra muni er meta má til verðs teknar í geymslu, en aðrar sendingar eyðilagðar í umsjá Póst- og fjarskiptastofnunar.

#### 19. gr.

##### *Meðferð póstsendinga frá öðrum póstrekkanda.*

Póstsending sem fyrir mistök kemst í vörslu póstrekkanda sem ekki var ætlað að annast pósthmeðferð hennar, skal afhent þeim póstrekkanda sem ætluð var meðferð sendingarinnar, viðtakanda hennar eða sendanda, gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá eða samningi.

## V. KAFLI

**Gjaldskrár, viðskiptaskilmálar og frímerki.**

20. gr.

*Gjaldskrá.*

Gjöld fyrir grunnpóstþjónustu skulu birt í gjaldskrá póstrekanda. Gjaldskrár fyrir þessa þjónustu skulu taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna að viðbættum hæfilegum hagnaði. Þær skulu vera gagnsæjar og í samræmi við jafnræðisreglu.

Gefa skal út sérstaka gjaldskrá fyrir þá þjónustu sem lýtur einkarétti og skal hún staðfest af Póst- og fjarskiptastofnun.

Gjaldskrár skulu vera aðgengilegar almenningi á afgreiðslustöðum póstrekanda.

21. gr.

*Viðskiptaskilmálar.*

Póstrekendur skulu semja og birta opinberlega almenna viðskiptaskilmála sína sem um grunnpóstþjónustu gilda og senda til Póst- og fjarskiptastofnunar svo fljótt sem auðið er, þó eigi síðar en 6 mánuðum eftir að þeim hefur verið úthlutað leyfi til starfseminnar. Allar breytingar á skilmálum skulu tilkynntar Póst- og fjarskiptastofnun innan mánaðar frá því að þær taka gildi.

Viðskiptaskilmálar skulu vera aðgengilegir almenningi á afgreiðslustöðum póstrekanda.

22. gr.

*Gjaldfrjálsar póstsendingar.*

Póstsending sem ekki ber gjald samkvæmt alþjóðasamningum skal einnig vera gjaldfrjáls innanlands.

23. gr.

*Frímerki.*

Ríkið hefur einkarétt á útgáfu frímerkja. Með frímerki er átt við gjaldmiðil sem ætlaður er til greiðslu fyrir póstmeðferð sem innt er af hendi í umboði ríkisins. Þau skulu bera nafn landsins.

## VI. KAFLI

**Skaðabætur.**

24. gr.

*Skilyrði fyrir greiðslu skaðabóta.*

Fyrir glataðar almennar bréfaþóstsendingar greiðast ekki skaðabætur, nema póstrekandi hafi tekið á sig slíka ábyrgð sérstaklega, sbr. þó 3.- 6. mgr. Sama gildir þótt innihaldið glatist að nokkru eða öllu leyti.

Póstrekanda er óskyldt að greiða skaðabætur þegar þóstsendingum seinkar.

Fyrir bréfaþóstsendingar í ábyrgð sem glatast eða eyðileggjast að einhverju eða öllu leyti á sendandi rétt á skaðabótum er svari til hins raunverulega verðs. Póst- og fjarskiptastofnun setur reglur um hámark ábyrgðar sem póstrekendur skulu taka á sig samkvæmt ákvæði þessu.

Fyrir verðbréf og verðböggla sem glatast eða eyðileggjast að nokkru eða öllu leyti greiðast skaðabætur er svara til hins raunverulega tjóns, þó aldrei hærri en hið tilgreinda verð. Komist upp að verðið hafi í sviksamlegum tilgangi verið tilgreint herra en það raunverulega var, skal engar bætur greiða.

Póstrekandi ber fulla ábyrgð á fé, sem hann hefur tekið við sem fjármunasendingu.

Skaðabætur fyrir almenna böggla sem glatast eða eyðileggjast að nokkru eða öllu leyti eru greiddar sendendum eða viðtakendum að því marki er svari til hins raunverulega tjóns.

Póst- og fjarskiptastofnun setur reglur um hámark ábyrgðar sem póstrekendur skulu taka á sig samkvæmt ákvæði þessu.

Skaðabætur ná aðeins til verðs þess hlutar sem glatast hefur eða þeirrar rýmnunar sem hinir skemmdu hlutir hafa orðið fyrir.

Eigi er skylt að bæta ábata- eða afnotamissi, tjón vegna rýmnunar á verðgildi peninga eða aðrar óbeinar afleiðingar skaðans.

Skylda til greiðslu skaðabóta fellur niður sé þeirra ekki krafist innan árs frá því viðkomandi póstsending var afhent til flutnings.

Um skaðabætur fyrir póstsendingar milli landa skal farið samkvæmt gildandi milliríkjasamningum. Verði tjón á sendingu meðan hún er á íslensku póstsíðu greiddast þó skaðabætur eins og um innlenda sendingu sé að ræða, enda sé það hagstæðara fyrir hlutaðeigandi tjonþola.

#### 25. gr.

##### *Sérstök tilvik.*

Póst- og fjarskiptastofnun getur í sérstökum undantekningartilvikum mælt fyrir um það með úrskurði að póstrekkandi skuli þrátt fyrir ábyrgðartakmarkanir greiða skaðabætur fyrir póstsendingar, ef tjónið er slíkt og aðstæður allar þess eðlis að ákvæði þessa kafla um takmarkaðar skaðabætur þykja ekki eiga við, t.d. þar sem tjóni er valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi póstrekkanda eða starfsmanna hans.

### VII. KAFLI.

#### **Viðurlög.**

#### 26. gr.

##### *Brot á reglugerðinni.*

Brot á reglugerð þessari varða sektum, en varðhaldi allt að sex mánuðum ef sakir eru miklar. Gáleysisbrot skulu varða sektum.

Brot gegn III. kafla reglugerðarinnar, um póstleynd, varða sektum eða varðhaldi eins og mælt er fyrir um í 1. mgr. Sé brotið framið í ávinningsskyni, hvort sem er í eigin þágu eða annarra, má refsfa með fangelsi allt að þremur árum.

### VIII. KAFLI.

#### **Ýmis ákvæði.**

#### 27. gr.

##### *Póstþjónusta við önnur lönd.*

Ákvæði reglugerðarinnar gilda einnig um póstþjónustu við önnur lönd að svo miklu leyti sem þau fara ekki í bága við milliríkjasamninga um póstþjónustu.

#### 28. gr.

##### *Framkvæmd reglugerðarinnar.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 46. gr. laga um póstþjónustu nr. 142/1996 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um póstþjónustu nr. 161 frá 30. mars 1990. Ákvæði kafla 1.5 um fjárfunapóstsendingar skulu þó halda gildi sínu.

*Samgönguráðuneytinu, 31. júlí 1997.*

**Halldór Blöndal.**

*Halldór S. Kristjánsson.*



## REGLUGERÐ

### um samvinnunefnd um málefni norðurslóða.

#### 1. gr.

Samvinnunefnd um málefni norðurslóða skal stuðla að og efla samstarf um rannsóknir á norðurslóðum og málefni Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar skv. lögum nr. 81/1997.

#### 2. gr.

Umhverfissráðherra skipar samvinnunefndina til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti 11 fulltrúar. Þrír skulu skipaðir án tilnefningar, bæði formaður og varaformaður.

Eftirtaldar stofnanir tilnefna einn fulltrúa hver:

Hafrannsóknarstofnun,  
Háskólinn á Akureyri,  
Háskóli Íslands,  
Hollustuvernd ríkisins,  
Náttúrufræðistofnun Íslands,  
Rannsóknarráð Íslands,  
Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og  
Veðurstofa Íslands.

#### 3. gr.

Formaður nefndarinnar skal jafnframt vera formaður stjórnar Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri og varaformaður nefndarinnar skal vera varaformaður stjórnarinnar. Samvinnunefndin tilnefnir einn fulltrúa í stjórn Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri og annan til vara til fjögurra ára í senn.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 5. gr. laga nr. 81/1997, um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, öðlast gildi þegar við birtingu.

*Umhverfissráðuneytinu, 1. ágúst 1997.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 68 – 1997

---

14. ágúst 1997

1161

Nr. 507

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 362, 27. júní 1996,  
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1996/1997.**

1. gr.

Í stað orðanna: „15. ágúst 1997“ í 3. ml. 3. mgr. 3. gr. komi: 31. ágúst 1997.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 14. ágúst 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

---

*Árni Kolbeinsson.*

14. ágúst 1997

Nr. 508

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 381, 25. júní 1997,  
um bann við tog- og dragnótaveiðum fyrir suðurströndinni.**

1. gr.

Í stað orðanna: „15. ágúst 1997“ í 1. gr. og orðanna: „15. ágúst“ í 2. gr. komi: 31. ágúst 1997.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 14. ágúst 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

---

*Árni Kolbeinsson.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 418, 27. júní 1997, um veiðieftirlitsgjald.

1. gr.

Síðasti málsliður 3. mgr. 3. gr. orðist svo:

Við útreikning á gjaldinu skal miða við landaðan afla viðkomandi krókabáts af þeim fisktegundum sem voru í aflamarki fiskveiðiárið 1996/1997 eins og afli bátsins er skráður í aflaupplýsingakerfi Fiskistofu á 12 mánaða tímabili frá 1. ágúst 1996 til 31. júlí 1997.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 14. ágúst 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

Nr. 510

12. ágúst 1997

## AUGLÝSING

um umferð á Siglufirði.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarráðs Siglufjarðar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Siglufirði:

1. Hraðahindrun verði á Suðurgötu við hús nr. 2-4 og á Laugarvegi við hús nr. 12-14.
2. Einstefna verði á Norðurgötu til norðurs frá Aðalgötu að Eyrargötu og til suðurs frá Aðalgötu að Gránugötu, en tvístefna annars á Norðurgötu.
3. Bifreiðastöður eru bannaðar austan megin á Norðurgötu frá Aðalgötu að Eyrargötu og vestan megin frá Aðalgötu að Gránugötu.
4. Bifreiðastöður eru bannaðar austan megin á Hólavegi frá Þormóðsgötu að Hlíðarvegi.
5. Bifreiðastöður eru bannaðar sunnan megin á Aðalgötu.
6. Bifreiðastöður eru bannaðar vestan megin á Grundargötu frá Gránugötu að Eyrargötu.
7. Gangbrautir verði á Túngötu norðan við Aðalgötu og norðan við Eyrargötu.

Ákvörðun þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Siglufirði, sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

*Sýslumaðurinn á Siglufirði, 12. ágúst 1997.*

**Guðgeir Eyjólfsson.**

# STJÓRNARTÍÐINDI B 69 – 1997

15. ágúst 1997

1163

Nr. 511

## REGLUGERÐ

**um bann við loðnuveiðum fyrir Norðurlandi.**

1. gr.

Frá og með 19. ágúst 1997 eru allar loðnuveiðar bannaðar á eftirgreindum svæðum fyrir Norðurlandi:

1. Á svæði, sem að austan markast af  $18^{\circ}30'V$  og að norðan af  $68^{\circ}N$ . Að vestan markast svæðið af línu, sem dregin er frá stað  $68^{\circ}N, 22^{\circ}V$  í stað  $66^{\circ}N, 26^{\circ}30'V$  og þaðan í réttvísandi austur til lands.
2. Á svæði, sem að vestan markast af  $18^{\circ}30'V$  og að norðan af  $67^{\circ}15'N$ . Að austan markast svæðið af línu, sem dregin er frá stað  $67^{\circ}15'N$  og  $13^{\circ}V$  í stað  $66^{\circ}N$  og  $11^{\circ}V$  og þaðan réttvísandi í vestur til lands.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 15. ágúst 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

**Stjórnartíðindi B 69, nr. 511. Útgáfudagur 18. ágúst 1997.**

Gutenberg

# STJÓRNARTÍÐINDI B 70 – 1997

Nr. 512

1164

31. júlí 1997

## REGLUGERÐ

### um skipulag og starfsemi Náttúrustofu Vesturlands í Stykkishólmi.

#### 1. gr.

Starfrækt skal Náttúrustofa Vesturlands í Stykkishólmi.

Stykkishólmsbær og önnur sveitarfélög í Vesturlandskjördæmi sem kunna að gerast aðilar að stofunni, eiga og reka stofuna með stuðningi ríkissjóðs.

Ríkissjóður greiðir laun forstöðumanns í fullu starfi. Framlag ríkissjóðs til stofnkostnaðar vegna húsnæðis- eða leigukostnaðar, eigi það við, til innréttinga-, bóka- og tækjakaupa getur numið allt að helmingi kostnaðar og fer eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni enda liggja fyrir trygging um jafnhátt framlag frá heimaaðilum. Ríkissjóður er eigandi þessa framlags sem hann leggur til stofnkostnaðar.

#### 2. gr.

Auk framlags skv. 1. gr. hefur stofan tekjur af útseldri vinnu og annarri gjaldhæfri þjónustu. Renna þær óskiptar til stofunnar og hafa ekki áhrif á framlög ríkissjóðs og heimaaðila skv. 1. gr.

#### 3. gr.

Þær eignir sem til stofnkostnaðar teljast skulu aðeins nýttar í þágu stofunnar nema fyrir liggja samþykki ráðuneytisins um annað.

#### 4. gr.

Hlutverk Náttúrustofu Vesturlands í Stykkishólmi er að:

- a) stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru Vesturlands,
- b) safna gögnum og varðveita heimildir um náttúruvar og stuðla að almennum náttúru-  
rannsóknum og skal einkum lögð áhersla á Vesturland og sérstöðu náttúruvarfars á þeim  
slóðum,
- c) stuðla að æskilegri landnýtingu, náttúruvernd og fræðslu um umhverfismál bæði fyrir  
almenning og í skólum á Vesturlandi,
- d) veita fræðslu um náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga á Vesturlandi,
- e) veita sveitarfélögum á Vesturlandi umbeðna aðstoð og ráðgjöf á verksviði stofunnar  
m.a. vegna verndar og nýtingar náttúrulegra auðlinda, skipulagsmála og mats á um-  
hverfisáhrifum framkvæmda enda komi greiðsla fyrir,
- f) vinna markvisst með rannsóknum að því að auka þekkingu á náttúru Breiðafjarðar í  
samvinnu við Breiðarfjarðarnefnd, Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrustofu Vest-  
fjarða í Bolungarvík, sbr. lög nr. 54/1995, um verndun Breiðafjarðar.

## 5. gr.

Heimilt er Náttúrustofu Vesturlands í Stykkishólmi með sérstökum samningi að gerast aðili að sýningarsafni en fjárhagur hennar og safnsins skal vera aðskilinn.

## 6. gr.

Yfir Náttúrustofu í Stykkishólmi skal starfa sérstök stjórn, skipuð þremur mönnum og þremur til vara. Skal bæjarstjórn Stykkishólms tilnefna einn, stjórn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi einn og ráðherra einn og skal hann vera formaður.

Sömu reglur gilda um varamenn. Skipunartími stjórna er milli reglulegra sveitarstjórnarkosninga.

Hlutverk stjórnar er að hafa eftirlit með rekstri stofunnar, fjalla um og samþykkja fjárhagsáætlanir og fylgjast með fjárhag hennar og starfsemi.

Kostnaður vegna starfa stjórnar greiðist af stofunni.

## 7. gr.

Stjórn stofunnar ræður forstöðumann í fullt starf. Hann skal hafa háskólapróf í náttúrufræði eða sambærilega þekkingu. Hann stjórnar daglegum rekstri stofunnar, gerir fjárhags- og starfsáætlanir, fer með fjármálaleg samskipti fyrir hönd stjórnar, ræður að henni starfslið með samþykki stjórnar og er í fyrirsvari fyrir stofuna.

Forstöðumaður skal sækja lögbundna fundi Náttúrufræðistofnunar Íslands og náttúrustofa til að samræma starfsemina og greina frá niðurstöðum rannsókna sem unnar hafa verið í stofunni.

## 8. gr.

Til að sinna hlutverki stofunnar skal sérfræðingum og aðstoðarmönnum þeirra á stofunni sem stunda almennar náttúrufræðisráðgjafar eða söfnun náttúrugripa og annarra heimilda um náttúruna frjáls för um lönd manna en forðast skulu þeir óþarfa átroðning og skylt er að greiða fullar bætur fyrir tjón sem þeir kunna að valda.

Sömu aðilum er í þessu skyni heimilt að safna náttúrugripum hvar sem er án þess að endurgjald komi fyrir. Þetta gildir þó ekki ef um er að ræða náttúrugripi sem fématir eru fyrir landeiganda eða aðra réttihafa lands.

Komi í ljós við rannsókn verðmæti sem áður voru ókunn, ber rannsakanda að tilkynna réttihafa þess lands þar sem verðmætin eru.

## 9. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 2. mgr. 12. og 16. gr. laga nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og óðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 31. júlí 1997.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Magnús Jóhannesson.*

20. ágúst 1997

Nr. 513

## AUGLÝSING

### um umferð á Ísafirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Ísafjarðar og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Ísafirði:

Akstursstefnu Hafnarstrætis og Aðalstrætis frá gatnamótum Mánagötu, Pollgötu og Hafnarstrætis að gatnamótum Aðalstrætis og Pollgötu er breytt þannig, að ekið verður niður Eyrina í austur- og suðurátt. Einstefna verður áfram á umræddum kafla Hafnarstrætis og Aðalstrætis en hún snýst nú við.

Bannað er að leggja bifreiðum í Hafnarstræti milli Mánagötu og Hrannargötu.  
Einstefna á Mánagötu breytist þannig að ekið verður frá Hafnarstræti til norðurs að Fjarðarstræti og snýst því akstursstefna við.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, öðlast gildi þann 15. september 1987.

Úr gildi fellur 13. tl. III. kafla auglýsingar um umferð á Ísafirði nr. 189/1993, svo og allar aðrar reglur um umferð á Skutulsfjarðareyri, er kunna að hafa verið settar og brjóta í bága við reglur þessarar auglýsingar.

*Lögreglustjórinn á Ísafirði, 20. ágúst 1997.*

**Ólafur Helgi Kjartansson.**

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 18. ágúst 1997 staðfest aðalskipulag Reykjavíkur 1996-2016. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Reykjavíkur er staðfest var 20. febrúar 1992.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfissráðuneytinu, 18. ágúst 1997.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Magnús Jóhannesson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi staðgreinireits 4.386.6, Viðarás 1, 3, 5 og 7, Reykjavík.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 11. ágúst 1997, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1996, staðfest breytingu á deiliskipulagi í Suður Selási frá 14. desember 1984 með staðfestri breytingu frá 27. maí 1992.

Með breytingunni er byggingarreitur húseininganna að Viðarási 1, 3, 5 og 7 færður til og jafnframt er lóðin stækkuð inn á borgarland.

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfissráðuneytinu, 19. ágúst 1997.*

F. h. r.  
**Magnús Jóhannesson.**

*Hrafn Hallgrímsson.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um gatnagerðargjöld í Eskifjarðarkaupstað nr. 68/1988.

1. gr.

Nýr 3. málsli. 2. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar hljóðar svo: Skuldabréfin skulu vera með sömu kjörum og lán Lánasjóðs sveitarfélaga. Greiðast afborganir og vextir ásamt verðbótum á gjalddaganum 1. júlí ár hvert, en heimilt er þó skv. ákvörðun bæjarráðs á hverjum tíma að hafa skuldabréfin með mánaðarlegu gjalddögum.

Reglugerð þessi sem samin er af bæjarstjórn Eskifjarðarkaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974, sbr. lög nr. 31/1975 til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 12. ágúst 1997.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Sesselja Árnadóttir.*

28. ágúst 1997

Nr. 517

## AUGLÝSING

### um flutningsjöfnunargjald á sementi.

Viðskiptaráðuneytið hefur með heimild í lögum nr. 62 frá 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, að tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs sements, ákveðið að flutningsjöfnunargjald af hverju tonni sements skuli vera kr. 1.480 frá 1. september 1997 þar til annað verður ákveðið.

Skulu innlendir framleiðendur (Sementsverksmiðjan hf.) greiða gjaldið ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins, en af innfluttu sementi skal það innheimt við tollafgreiðslu. Annast tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn annars staðar á landinu innheimtuna og skulu þeir skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins.

*Viðskiptaráðuneytinu, 28. ágúst 1997.*

F. h. r.

**Atli Freyr Guðmundsson.**

*Tryggvi Axelsson.*

26. ágúst 1997

Nr. 518

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar.

Samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar er taki gildi 1. september 1997:

Gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar, nr. 295 23. maí 1995 með áorðnum breytingum.

Gjaldskráin hækkar um 5,21% frá og með 1. september 1997.

*Iðnaðarráðuneytinu, 26. ágúst 1997.*

F. h. r.

**Jón Ingimarsson.**

*Katrín Jóhannsdóttir.*



## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 389, 19. júní 1997,  
um verndun smáfisks við tog- og dragnótaveiðar fyrir Suðausturlandi.

1. gr.

Í stað orðanna: „1. september 1997“ í 2. mál. 1. mgr. 2. gr. komi: 31. desember 1997.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 1. september 1997.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. ágúst 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

Árni Kolbeinsson.

Nr. 520

26. ágúst 1997

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 460/1993,  
um úthlutanir úr Kvikmyndasjóði Íslands.

1. gr.

Síðasti málsliður 1. málgr. 3. gr. orðast svo:

Nefndin er kosin til eins árs í senn og er starfstími hennar frá 1. október til 30. september.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 10. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmynda-  
mál, og öðlast þegar gildi.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Starfstíma úthlutunarnefndar er kosin var samkvæmt 3. gr. haustið 1996 lýkur 30. september 1997.

*Menntamálaráðuneytinu, 26. ágúst 1997.*

**Björn Bjarnason.**

Árni Gunnarsson.

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 414, 27. júní 1997,  
um veiðar í atvinnuskyni.

### 1. gr.

4. tl. 1. mgr. 3. gr. orðist svo:

Hörpudiskur samtals .....	9.100 lestir
Þ.a. Breiðafjörður .....	8.000 lestir
Þ.a. Húnaflói .....	1.000 lestir
Þ.a. Arnarfjörður .....	300 lestir

### 2. gr.

Í stað „1. september 1996 til 31. ágúst 1997“ í 1. ml. 1. mgr. 10. gr. komi: 1. september 1997 til 31. ágúst 1998.

### 3. gr.

Í stað „3. mgr.“ í 5. mgr. 20. gr. komi: 4. mgr.

### 4. gr.

1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða orðist svo: Fyrir 10. september 1997, skal þeim skipum sem aflareynslu hafa í skrápflúru og sandkola á tímabilinu 1. júní 1994 til 31. maí 1997, á svæði sem er sunnan 64°30'N við Austurland og sunnan við línu sem dregin er réttvísandi vestur úr Öndverðarnesi, úthlutað aflahlutdeild í þessum tegundum á grundvelli aflareynslu þeirra á tímabilinu. Afli af þessum tegundum sem veiðist 1. september 1997 til 31. ágúst 1998 reiknast til aflamarks viðkomandi skips.

### 5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. ágúst 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

Árni Kolbeinsson.

# STJÓRNARTÍÐINDI B 71 – 1997

Nr. 522

1170

29. ágúst 1997

## REGLUGERÐ

### um innheimtu og ráðstöfun á verðskerðingargjöldum af kindakjöti.

#### 1. gr.

Innheimta skal verðskerðingargjöld af öllu kindakjöti sem til fellur í sláturhúsum umfram útflutningsskyldu, þó ekki af heimteknu kjöti, sbr. a-lið 2. gr. reglugerðar um útflutning kindakjöts.

- a) Innheimta skal 3% af verði kindakjöts til framleiðanda, eins og það er skráð í verðlagsgrundvelli sauðfjárafurða.
- b) Innheimta skal verðskerðingargjald af afurðarstöðvum, sem nemur 1,8% af slátur- og heildsölu kostnaði kindakjöts, eins og hann er reiknaður af verðtöku Framleiðsluráðs landbúnaðarins, sem ráðherra staðfestir.

#### 2. gr.

Afurðastöðvum er skylt að standa Framleiðsluráði landbúnaðarins skil á skýrslum um alla slátrun sauðfjár og ráðstöfun kjötsins hvort sem er til innleggs, heimtöku eða annars. Framleiðsluráð reiknar verðskerðingargjöldin samkvæmt skýrslum afurðastöðvanna. Afurðastöð skal innheimta þau gjöld sem hverjum framleiðanda er skylt að greiða.

#### 3. gr.

Verðskerðingargjöldin greiðast af afurðastöðvum. Gjaldldagi verðskerðingargjalds skv. a-lið 1. gr. skal vera 25. hvers mánaðar vegna næstliðins framleiðslumánaðar, þó 25. nóvember vegna framleiðslu í september og október. Verðskerðingargjald skv. b-lið 1. gr. greiðist með þremur jöfnum greiðslum, 25. nóvember, 25. febrúar og 25. maí ár hvert. Séu gjöldin ekki greidd innan mánaðar frá gjaldldaga skal innheimta dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Dráttarvextir skulu reiknast hinir sömu og hjá innlánsstofnunum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

#### 4. gr.

Ef gögn um viðskipti með gjaldskyldar afurðir þykja að mati Framleiðsluráðs ófullnægjandi eða gjaldskyldur aðili skilar ekki skýrslum skv. 2. gr. skal Framleiðsluráð skora á viðkomandi aðila að bæta úr því innan tiltekins tíma og láta í té skriflegar skýringar og gögn. Fáa Framleiðsluráð fullnægjandi skýringar og gögn innan tiltekins tíma skal gjaldið ákvarðað og innheimt í samræmi við þau.

Berist svar við áskorun skv. 1. mgr. ekki innan tiltekins tíma eða ef skýringar eða gögn eru ófullnægjandi, er Framleiðsluráði heimilt að áætla gjaldið og innheimta það skv. þeirri

áætlun. Senda skal skriflega tilkynningu til greiðanda gjaldsins um áætlunina. Telji greiðandi áætlunina ranga, getur hann innan 20 daga frá og með póstsendingardegi tilkynningar um áætlun gjaldsins krafist þess skriflega að Framleiðsluráð taki áætlunina til endurskoðunar. Skal sú krafa rökstudd með söluskrár eða öðrum nauðsynlegum gögnum. Framleiðsluráð skal innan eins mánaðar frá lokum þessa frests gera greiðanda skriflega grein fyrir afgreiðslu á kröfu hans. Heimilt er greiðanda að skjóta lokaafgreiðslu Framleiðsluráðs til landbúnaðarráðherra og skal skrifleg og rökstudd beiðni þar um hafa borist ráðherra innan 30 daga frá póstlagningu lokaafgreiðslu.

Beiðni um endurskoðun á áætlun gjaldsins eða deila um gjaldskyldu frestar ekki eindaga né leysir undan neinum viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu þeirra. Ef gjaldið er lækkað samkvæmt afgreiðslu Framleiðsluráðs eða úrskurði ráðherra skal endurgreiðsla þegar fara fram.

#### 5. gr.

Skylt er Framleiðsluráði að halda innheimtum verðskerðingargjöldum sérgreindum og skal gjöldunum varið til markaðsaðgerða fyrir kindakjöt, bæði hér á landi og erlendis. Framleiðsluráð skal fyrir 1. september ár hvert gera áætlun um tekjur af innheimtu verðskerðingargjalds á almanaksárinu og ráðstöfun þess. Hvers konar ráðstöfun á tekjum af verðskerðingargjaldi skal vera háð samþykki landbúnaðarráðherra.

#### 6. gr.

Reglugerð þessi er samkvæmt heimild í 20. og 21. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sama efni nr. 477 3. september 1996.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 29. ágúst 1997.*

F. h. r.

**Guðmundur Sigbórsson.**

*Jón Höskuldsson.*

## REGLUGERÐ

### um innheimtu og ráðstöfun á verðskerðingargjaldi af nautgripakjöti.

#### 1. gr.

Innheimta skal verðskerðingargjald af öllu nautgripakjöti sem flokkast í UN og K gæðaflokka. Gjaldið skal vera 600 kr. á sláturgrip á tímabilinu 1. janúar til 31. ágúst en 1700 kr. á tímabilinu 1. september til 31. desember. Skal gjaldið dregið af verði til framleiðenda eins og það er ákveðið af Verðlagsnefnd búvöru (sexmannanefnd), eða áætlað skv. verðtöku Framleiðsluráðs landbúnaðarins, sem landbúnaðarráðherra staðfestir.

#### 2. gr.

Afurðastöðvum er skylt að standa Framleiðsluráði landbúnaðarins skil á skýrslum um alla slátrun nautgripa og ráðstöfun kjötsins hvort sem er til innleggs, heimtöku eða annars. Framleiðsluráð reiknar verðskerðingargjaldið samkvæmt skýrslum afurðastöðvanna. Afurðastöð skal innheimta það gjald sem hverjum framleiðanda er skylt að greiða.

## 3. gr.

Verðskerðingargjaldið greiðist af afurðastöðvum. Gjaldldagi skal vera 25. hvers mánaðar vegna næstliðsins framleiðslumánaðar. Sé gjaldið ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal innheimta dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Dráttarvextir skulu reiknast hinir sömu og hjá innlánsstofnunum skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

## 4. gr.

Ef gögn um viðskipti með gjaldskyldar afurðir þykja að mati Framleiðsluráðs ófullnægjandi eða gjaldskyldur aðili skilar ekki skýrslum skv. 2. gr. skal Framleiðsluráð skora á viðkomandi aðila að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta í té skriflegar skýringar og gögn. Fái Framleiðsluráð fullnægjandi skýringar og gögn innan tiltekins tíma skal gjaldið ákvarðað og innheimt í samræmi við þau.

Berist svar við áskorun skv. 1. mgr. ekki innan tiltekins tíma eða ef skýringar eða gögn eru ófullnægjandi, er Framleiðsluráði heimilt að áætla gjaldið og innheimta það skv. þeirri áætlun. Senda skal skriflega tilkynningu til greiðanda gjaldsins um áætlunina. Telji greiðandi áætlunina ranga, getur hann innan 20 daga frá og með póstsendingardegi tilkynningar um áætlun gjaldsins krafist þess skriflega að Framleiðsluráð taki áætlunina til endurskoðunar. Skal sú krafa rökstudd með söluskram eða öðrum nauðsynlegum gögnum. Framleiðsluráð skal innan eins mánaðar frá lokum þessa frests gera greiðanda skriflega grein fyrir afgreiðslu á kröfu hans. Heimilt er greiðanda að skjóta lokaafgreiðslu Framleiðsluráðs til landbúnaðarráðherra og skal skrifleg og rökstudd beiðni þar um hafa borist ráðherra innan 30 daga frá póstlagningu lokaafgreiðslu.

Beiðni um endurskoðun á áætlun gjaldsins eða deila um gjaldskyldu frestar ekki eindaga né leysir undan neinum viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu þeirra. Ef gjaldið er lækkað samkvæmt afgreiðslu Framleiðsluráðs eða úrskurði ráðherra skal endurgreiðsla þegar fara fram.

## 5. gr.

Skylt er Framleiðsluráði að halda innheimtu verðskerðingargjaldi sérgreindu og skal gjaldinu varið til markaðsaðgerða fyrir nautgripakjöt, bæði hér á landi og erlendis. Framleiðsluráð skal fyrir 1. september ár hvert gera áætlun um tekjur af innheimtu verðskerðingargjalds á almanaksárinu og ráðstöfun þess. Hvers konar ráðstöfun á tekjum af verðskerðingargjaldi skal vera háð samþykki landbúnaðarráðherra.

## 6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 20. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 29. ágúst 1997.*

F. h. r.

**Guðmundur Sigþórsson.**

*Jón Höskuldsson.*

## AUGLÝSING

um breytingu á fjallskilasamþykkt nr. 174/1992 fyrir Vestur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Við 1. gr. verði bætt nýrri málsgrein, svohljóðandi:  
Mýrdalshreppur skiptist í tvær fjallskiladeildir og eru mörk þeirra um Hafursá og Klifandaá.

2. gr.

Við 16. gr. verði bætt nýrri málsgrein, svohljóðandi:  
Fjallskilakostnaði í Mýrdalshreppi skal jafnað niður í hlutfalli við tölu fjallskilaskylds búpenings (60%) og landverð jarða, að frádregnu verði ræktaðs lands og hlunninda (40%).

3. gr.

Í 17. gr. verði felld úr 2. másl. orðin „sem lögð eru á eftir fjártölu“.

Auglýsing þessi staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. laga nr. 6 21. mars 1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., til þess að öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 1. september 1997.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Jón Höskuldsson*

25. ágúst 1997

Nr. 525

## REGLUR

um notkun hlífðarhjálms við hjólreiðar barna.

1. gr.

Barn yngra en 15 ára skal nota hlífðarhjálms við hjólreiðar.

2. gr.

Barni er ekki skylt að nota hlífðarhjálms við hjólreiðar ef það hefur fengið læknisvottorð, sem undanþiggur það notkun hans af heilsufars- eða læknisfræðilegum ástæðum.

3. gr.

Lögregla skal vekja athygli barna á skyldu skv. 1. gr.

4. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 72. gr. a. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, öðlast gildi 1. október 1997 og gilda til 1. október 1999.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 25. ágúst 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Benedikt Bogason.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 72 – 1997

Nr. 526

1174

20. júní 1997

## REGLUGERÐ

fyrir Eftirlaunasjóð slökkviliðsmanna á Keflavíkurflugvelli.

1. gr.

*Nafn sjóðsins og heimili.*

Sjóðurinn heitir Eftirlaunasjóður slökkviliðsmanna á Keflavíkurflugvelli. Heimili hans og varnarþing er í Keflavík.

2. gr.

*Hlutverk sjóðsins.*

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

3. gr.

*Sjóðfélagar.*

Sjóðfélagar skulu vera allir þeir starfsmenn Slökkviliðsins á Keflavíkurflugvelli, sem skylt er samkvæmt ákvörðun kaupskrárnefndar frá 28. janúar 1987 að greiða iðgjöld til sjóðsins í samræmi við ákvæði 8. gr.

Elli- og örorkulífeyrisþegar sjóðsins teljast sjóðfélagar, nema um sé að ræða lífeyri samkvæmt 2. málsg. 14. gr.

4. gr.

*Stjórn sjóðsins.*

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn, formaður, ritari og gjaldkeri. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórn FSKF skipar menn í stjórn sjóðsins.

Kjörtímabil stjórnarmanna skal vera 3 ár og skal einn þeirra ganga úr stjórninni ár hvert. Heimilt er að kjósa og skipa sama mann tvisvar sinnum í röð, þannig að viðkomandi sitji 6 ár í stjórn samfellt, en þá skal nýr maður taka sæti í stjórn.

Við kosningu og skipan í stjórn sjóðsins gilda eftirfarandi reglur:

1. Stjórn sjóðsins tilnefni 3 menn úr röðum sjóðfélaga, að vandlega athuguðu máli. Gætt skal að því að viðkomandi hafi á sér gott orð varðandi fjármál.
2. Að fenginni tilnefningu skal stjórn FSKF velja einn af þeim sem tilnefndir eru og skipa í stjórn sjóðsins til 3ja ára.
3. Gefi stjórnarmaður, er aðeins hefir setið 3 ár í stjórn, kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu, skal hann að öllu jöfnu tilnefndur til næstu 3ja ára.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók og skrá í hana allar samþykktir sínar, svo og öll þýðingarmikil mál, er rædd kunna að vera á fundum.

Til þess að samþykkt sé lögmæt, þurfa tveir stjórnarmanna að greiða henni atkvæði.

Stjórnin gegnir þagnarskyldu varðandi upplýsingar er fram koma í lánsúmsóknum sjóðfélaga.

5. gr.

*Reikningar og endurskoðun.*

Reikningar sjóðsins skulu miðast við almanaksárið. Stjórn sjóðsins skal ráða löggiltan endurskoðanda til að endurskoða reikningana, en Félag slökkviliðsmanna á Keflavíkurflugvelli kys á aðalfundi félagsins tvo endurskoðendur úr hópi félagsmanna til eins árs í senn.

## 6. gr.

*Ávöxtun fjár sjóðsins.*

Stjórn sjóðsins sér um ávöxtun á fé hans og skal það gert á eftirfarandi hátt:

1. Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum, allt að 50% af brunabótamatsverði, eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi, þá af matsverði, sem ákveðið er af tveimur mönnum, er fjármálaráðherra tilnefdir.
  2. Í bönkum og sparisjóðum.
  3. Í ríkisskuldabréfum eða skuldabréfum tryggðum með ábyrgð ríkissjóðs.
  4. Í skuldabréfum með fullri bankaábyrgð.
  5. Í skuldabréfum stofnlánasjóða atvinnuveganna, fjárfestingarstofnana eða annarra lána-stofnana en getið er hér að framan, enda starfi þær samkvæmt sérstökum lögum eða séu undir eftirliti bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.
  6. Í skuldabréfum sveitarfélaga, enda sé fjárhagur hlutaðeigandi sveitarfélags að mati sjóðstjórnar traustur, þegar hliðsjón er höfð af skuldastöðu þess, ábyrgðarskuldbindingum og árlegum tekjum.
  7. Í hlutabréfum í fyrirtækjum, sem hafa skráð kaup- og sölugengi á markaði hjá a.m.k. tveimur verðbréfafyrirtækjum, sem aðild eiga að Verðbréfaþingi Íslands. Þó skal eigi verja meiru en 7% af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins til hlutafjárkaupa. Árleg hlutabréfakaup samkvæmt þessum lið teljast einvörðungu kaup umfram sölu á hlutabréfum. Eftirlaunastjóðnum skal eigi heimilt að eiga meira en 5% af hlutafé í hverju fyrirtæki. Heildarhlutabréfaeign sjóðsins samkvæmt þessum lið skal á hverjum tíma ekki vera meiri en sem nemur 10% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris.
  8. Í traustum erlendum skuldabréfum og hlutabréfum, sem skráð eru á opinberum verðbréfamörkuðum í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD). Hlutfall erlendra eigna fari þó ekki umfram 10% af hreinni eign til greiðslu lífeyris, og skal stjórn sjóðsins gæta eðlilegrar áhættudreifingar í því sambandi.
- Heimild til kaupa á verðbréfum samkvæmt 6.-8. lið er bundin því skilyrði, að um slík kaup sé fullt samkomulag í stjórn sjóðsins.

## 7. gr.

*Tryggingafræðileg athugun.*

Fimmta hvert ár skal stjórn sjóðsins fá tryggingafræðing til að reikna út fjárhag sjóðsins. Hann skal semja skýrslu um athuginna og gera upp fjárhag sjóðsins á grundvelli hennar. Sýni uppgjórið halla, sem ekki verður jafnaður með því að auka tekjur sjóðsins, ber að lækka lífeyrisréttindin hlutfallslega.

## 8. gr.

*Iðgjöld.*

Sjóðfélagar greiði í iðgjöld til sjóðsins 4% af launum þeim, er þeir taka hjá slökkviliðinu og gjaldskyld eru samkvæmt gildandi kjörum á hverjum tíma, en launagreiðandi greiðir 6% af sömu launum.

Auk iðgjalda samkvæmt 1. málsg. skulu sjóðfélagar greiða til sjóðsins sérstakt viðbótargjald, er nemi 2% af gjaldstofni, sem þar greinir, en launagreiðandi greiði 6%.

Sjóðfélagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.

Launagreiðanda ber að halda eftir af launum sjóðfélaga iðgjaldshluta þeirra og standa sjóðnum skil á honum ásamt eigin iðgjaldshluta eigi síðar en 14 dögum eftir útborgun launanna.



## 9. gr.

*Grundvöllur lífeyrisréttinda.*

Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig, er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans.

Til grundvallar stigaútreikningi skulu reiknuð sérstök grundvallarlaun. Frá 1. janúar 1987 skulu grundvallarlaun vera kr. 26.557 á mánuði miðað við þáverandi kauplag. Sjóðstjórn ákveður, að fenginni umsögn Kjararannsóknarnefndar, breytingar á grundvallarlaunum þessum í samræmi við breytingar á launum verkamanna samkvæmt kjarasamningum. Verði grundvöllur þessi að dómi sjóðstjórnar ónothæfur mælikvarði á breytingar á dagvinnutekjum sjóðfélaga almennt, skal hún ákveða annan stigagrundvöll, svo og tengingu hans við fyrri grundvöll. Sama gildir, ef stigagrundvöllur sem ákveðinn hefur verið af sjóðstjórn, reynist síðar ónothæfur.

Stig ársins reiknast þannig að deilt skal í 10-föld iðgjöld, sem greidd hafa verið vegna hlutaðeigandi sjóðfélaga samkvæmt 1. málsg. 8. gr., með grundvallarlaunum ársins samkvæmt 2. málsg. Iðgjöld samkvæmt 2. málsg. 8. gr. reiknast ekki til stiga.

Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.

## 10. gr.

*Ellilífeyrir.*

Hver sjóðfélagi sem orðinn er fullra 65 ára að aldri og hefur látið af stöðu sinni hjá slökkviliðinu, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum eins og þau eru 1. hvers mánaðar, sem lífeyrir er greiddur, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér, margfölduðum með 1,7.

Nú er samanlagður lífaldur sjóðfélaga og viðurkenndur starfsaldur hans hjá Slökkviliðinu á Keflavikurflugvelli orðinn 95 ár eða meira, áður en hann nær 65 ára aldri, og er honum þá heimilt að láta af stöðu sinni og hefja töku ellilífeyris, enda hafi hann náð 60 ára aldri. Fjárhæð lífeyris reiknast þá í samræmi við 2. málsg. með þeirri breytingu, að við 95 ára markið skal einungis reikna stig þeirra 32 ára, sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann. Önnur stig sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér, er hann lætur af störfum, reiknast í hlutfallinu milli tímans frá 95 ára markinu til þess tíma, er hann hefur töku lífeyris, og tímans frá 95 ára markinu til 65 ára aldurs. Hefji hann ekki töku lífeyris fyrr en eftir 65 ára aldur, reiknast lífeyrir eftir 2. og 4. málsg.

Heimilt er sjóðfélagi að fresta töku ellilífeyris allt til 75 ára aldurs, og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda, sem áunnin voru fram til 65 ára aldurs, um 0,5% fyrir hvern mánuð, sem töku lífeyris er frestað.

## 11. gr.

*Örorkulífeyrir.*

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins undanfarin þrjú almanaksár og a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum, á rétt á örorkulífeyri, ef hann verður fyrir orkutapi, er tryggingayfirlæknir metur 40% eða meira. Örorkumat þetta skal fyrstu þrjú árin eftir orkutapið aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri, meðan hann heldur fullum launum fyrir starf það er hann gegndi, eða fær jafnhá laun fyrir annað starf, og aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir samkvæmt 3. málsg. 13. gr. vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 10. gr. að viðbættum lífeyri er svarar til þess stigafjölda sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 65 ára aldurs miðað við meðaltal stiga hans næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórn þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla, er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár eftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almana!sári, sem lakast er. Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Ef rekja má orkutapið til ofnotkunar áfengis, deyfí- eða fíknilyfja, skal ekki reikna réttindi vegna ókomins tíma.

Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarks örorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 1. málsg. r.

Skyllt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma er örorka óx, ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.

Örorkulífeyrir fellur niður við 65 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig, að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, stig sem við úrskurðun örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 65 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig verða meiri en svo, að heildarstigafjöldi hvert almanaksár verði hærri en sjóðfélagi hefði náð fyrir fullt starf.

## 12. gr.

### *Makalífeyrir.*

Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og lætur eftir sig maka, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda sé hann orðinn 40 ára að aldri við fráfall sjóðfélagans og hjónabandið hafi staðið a.m.k. 5 ár og verið stofnað áður en sjóðfélaginn náði 60 ára aldri.

Andist sjóðfélagi, sem uppfyllir skilyrði 1. málsg. r. um iðgjaldagreiðslutíma, en maki hans fær ekki úrskurðaðan makalífeyri samkvæmt þeirri málsgrein eða einungis skertan makalífeyri, sbr. 5. málsg. r., og skal óskertur makalífeyrir þá eigi að síður greiddur í 24 mánuði eftir fráfall sjóðfélagans. Láti sjóðfélagi eftir sig barn innan 18 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum, skal óskertur makalífeyrir veittur til 18 ára aldurs barnsins án tillits til hjúskapartíma og aldurs sjóðfélaga og maka hans. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt, enda hafi ættleiðing átt sér stað fyrir 60 ára aldur sjóðfélagans, áður en hann missti starfsorku sína og a.m.k. einu ári áður en hann lést.

Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka, en einstæð móðir hans, ógift systir eða annar ógiftur einstaklingur hefur sannanlega annast heimili hans um árabíl fyrir andlát hans, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri, svo sem um ekkju eða ekkil væri að ræða. Á sama hátt er sjóðstjórn heimilt að greiða sambúðarmanni eða sambúðarkonu lífeyri. Þá er sjóðstjórn heimilt að greiða makalífeyri að hluta eða að fullu að þeim tíma loknum, sem tiltekinn er í 2. málsg. r., ef tryggingayfirlæknir telur hinn eftirlifandi maka vanta 50% eða meira á fulla starfsorku.

Upphæð óskerts makalífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum eins og þau eru 1. hvers mánaðar, sem lífeyrir er greiddur, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stiga-

fjölda, sem sjóðfélaganum er reiknaður. Auk áunninna stiga skal telja með þau stig, sem ætla má að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 65 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 2. málsg. 11. gr., en þó skal aldrei miða meðaltal stiga við fleiri almanaksár en þau, sem sjóðfélaginn hefur greitt iðgjöld. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum, skal reikna stig frá þeim tíma er honum var veittur örorkulífeyrir, og til þess tíma er makalífeyrir er veittur, í samræmi við ákvæði 6. málsg. 11. gr., en síðan til 65 ára aldurs í samræmi við stig þau, sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Fjárhæð samkvæmt 4. málsg. skerðist um 9% fyrir hvert ár eða brot úr ári, sem á vantar, að makalífeyrisþeginn hafi náð 50 ára aldri við fráfall sjóðfélags.

Maki samkvæmt þessari grein telst ekki sá, sem skilinn var við sjóðfélagann að borði og sæng fyrir andlát hans. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makalífeyrisþeginn gengur í hjónaband eða tekur upp óvígða sambúð, en gengur aftur í gildi, ef hjúskapnum eða sambúðinni er slitið án réttar til lífeyris.

### 13. gr.

#### *Barnalífeyrir.*

Nú andast sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum örorkulífeyris a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum, og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig og yngri eru en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélagsins börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði, skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði, að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og lífeyrir úr þessum sjóði 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er hinn samanlagði lífeyrir tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga, en þó skal lífeyrir úr sjóðnum í slíku tilviki aldrei vera lægri en verða mundi, ef foreldri eða kjörforeldri sæi um framfærslu barnsins.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga, er njóta örorkulífeyris úr sjóðnum vegna 100% örorku. Við ákvörðun lífeyrisfjárhæðar sjóðsins skal þó ávallt reikna með að örorka samkvæmt almannatryggingalögum sé einnig 100%. Sé örorka samkvæmt 11. gr. metin lægri en 100%, skal barnalífeyrir sjóðsins vera hlutfallslega lægri.

Fósturbörn og stjúpbörn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu, ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

Nú andast sjóðfélagi án þess að til greiðslu makalífeyris samkvæmt 12. gr. komi, og eiga þá börn hans undir 18 ára aldri rétt á aukabótum, er samsvara óskertum makalífeyri í 2 ár, auk venjulegra bóta. Bótaupphæðin, einfaldur makalífeyrir, skiptist á milli eftirlifandi barna, séu þau fleiri en eitt.

### 14. gr.

#### *Iðgjaldagreiðslur falla niður.*

Nú falla niður launagreiðslur til sjóðfélaga vegna veikinda, og ávinnur hann sér ekki réttindi meðan svo stendur. Tímabil er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessari ástæðu, reiknast ekki með þegar úrskurða skal, hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.

Falli iðgjaldagreiðslur niður í meira en 6 mánuði samfleytt af öðrum ástæðum en veikindum, telst hlutaðeigandi ekki lengur til sjóðfélaga. Skulu þá áunnin stig geymd. Réttur til

elli-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður þótt sjóðfélaginn hverfi úr sjóðnum, en miðast einungis við áunnin geymd stig. Ellilífeyrir reiknast þá í samræmi við 2. og 4. málsg. 10. gr.

## 15. gr.

*Flutningur réttinda.*

Gerist sjóðfélagi, sem fer úr þessum lífeyrissjóði, sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði sem stofnaður er með lögum eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, er stjórn sjóðsins heimilt að endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld samkvæmt 1. málsg. 8. gr., sem greidd hafa verið í sjóðinn hans vegna, ásamt iðgjöldum sem áður hafa verið flutt til sjóðsins. Það er skilyrði fyrir endurgreiðslunni, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði, sem hann flyst til, og aldrei má endurgreiða hærri upphæð en þarf til að kaupa réttindi í þeim sjóði, er svari til þess starfstíma, sem sjóðfélaginn átti að baki.

## 16. gr.

*Samningur um gagnkvæm réttindi o.fl.*

Heimilt er stjórn sjóðsins að gera samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttinda-flutnings o.fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma- og bótaákvæðum reglugerðar þessarar í því skyni að koma í veg fyrir niðurfall réttinda, þegar sjóðfélagi skiptir um starf og tvítryggingu réttinda, sem ekki miðast við liðinn iðgjaldagreiðslutíma. Ennfremur er þar heimilt að ákveða að sjálfstæð réttindi í einstökum sjóðum skuli samanlagt ekki vera meiri en heildarréttindin mundu verða hjá einum og sama sjóði. Aldrei skal flytja frá sjóðnum iðgjöld samkvæmt 2. málsg. 8. gr.

## 17. gr.

*Tilhögun lífeyrisgreiðslna.*

Lífeyrir greiðist mánaðarlega frá næstu mánaðamótum eftir að réttur til lífeyris er fenginn, til loka þess mánaðar, er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknuð frá byrjun þessa mánaðar, er umsókn berst sjóðnum.

Sé lífeyris ekki vitjað í fimm ár, getur stjórn sjóðsins úrskurðað að réttur til greiðslu falli niður, og rennur þá upphæðin aftur til sjóðsins.

## 18. gr.

*Bann við framsali og veðsetningu lífeyris.*

Réttinn til lífeyris má hvorki láta af hendi né veðsetja.

## 19. gr.

*Gerðardómur.*

Vilji rétthafi lífeyris ekki una úrskurði sjóðstjórnar í máli er hann hefur skotið til hennar, getur hann vísað því til gerðardóms, sem skipaður skal þremur mönnum, einum tilnefndum af gerðarbeiðanda, einum tilnefndum af sjóðstjórn og oddamanni tilnefndum af sýslumanninum í Keflavík.

## 20. gr.

*Réttindi vegna starfa til febrúarloka 1987.*

Þeir sjóðfélagar samkvæmt 3. gr., sem voru í starfi hjá slökkviliðinu á Keflavíkurflugvelli 1. mars 1987, skulu eiga þess kost að flytja til eftirlaunasjóðsins inneign sína í Lífeyrissjóði slökkviliðsmanna á Keflavíkurflugvelli, enda tilkynni þeir stjórn sjóðsins skriflega þá ósk sína eigi síðar en 31. mars 1988.

Nú hefur inneign í lífeyrissjóðnum verið flutt til eftirlaunasjóðsins, og skal þá reikna sjóðfélaga stig vegna iðgjaldagreiðslna hans til fyrrnefnda sjóðsins miðað við grundvallarlaun samkvæmt lögum nr. 63/1971 og lögum nr. 2/1985, eins og þau grundvallarlaun hafa verið hvert almanaksár. Þá skal sjóðstjórn úrskurða sjóðfélaga stig vegna viðurkennds starfstíma hjá slökkviliðinu fram til marsloka 1968. Fyrir starf sem slökkviliðsmaður skal þá reikna 3 stig á ári, en að öðru leyti skal sjóðstjórn eftir því sem við verður komið, hafa hliðsjón af launum einstakra sjóðfélaga á þeim tíma sem um ræðir.

Hafi iðgjöld verið flutt til lífeyrissjóðsins frá öðrum lífeyrissjóðum, skal reikna hina fluttu fjárhæð til stiga, eins og um væri að ræða iðgjöld flutningsárs. Slík stig skulu ekki veita rétt til ellilífeyris fyrr en frá 65 ára aldri.

Þeir sjóðfélagar lífeyrissjóðsins sem nutu úr honum örorkulífeyris í desember 1987, skulu halda þeim lífeyri óbreyttum til 65 ára aldurs. Flytji þeir inneign sína með sama hætti og starfandi sjóðfélagar, sbr. 1. málsg., fer um rétt þeirra til ellilífeyris og við fráfall eftir 2. málsg. 14. gr. Reiknast stig þeirra eftir iðgjaldagreiðslum og réttindatíma fram til marsloka 1968, sbr. 2. málsg. Stig til marsloka 1968 skulu þó miðast við meðaltal stiga frá árinu 1969 til loka næsta árs áður en hlutaðeigandi missti starfsorku sína.

Sjóðfélagi lífeyrissjóðsins, sem fengið hefur úrskurð um rétt til örorkulífeyris, en naut ekki lífeyris í desember 1987, skal fá iðgjöld sín og eldri réttindatíma reiknuð til stiga og eiga rétt í samræmi við ákvæði 2. málsg. 14. gr.

#### 21. gr.

##### *Eignir lífeyrissjóðsins.*

Auk inneigna, sem fluttar eru í samræmi við ákvæði 20. gr., skulu eignir örorkudeildar lífeyrissjóðsins renna til eftirlaunasjóðsins. Öðrum inneignum skal haldið á sérreikningum með sama hætti og áður. Skulu þær vera í vörslu eftirlaunasjóðsins og fá reiknaðar vaxta-tekjur og verðbætur í beinu hlutfalli við eign, en um greiðslur til rétthafa eða flutning til annarra lífeyrissjóða fer eftir ákvæðum reglugerðar lífeyrissjóðsins.

#### 22. gr.

##### *Breytingar á reglugerðinni.*

Breytingar á reglugerð þessari eru því aðeins lögmætar, að þær hafi verið samþykktar á aðalfundi Félags slökkviliðsmanna á Keflavíkurlflugvelli og hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytisins að fenginni umsögn kaupskrárnefndar utanríkisráðuneytisins og varnarmálanefndar.

##### *Gildistaka.*

Reglugerð þessi gildir frá 1. júlí 1997.

Reglugerð þessi var upphaflega samþykkt á aðalfundi Félags slökkviliðsmanna á Keflavíkurlflugvelli þann 29. febrúar 1988 en tók gildi 1. mars 1987.

Breytingar á reglugerðinni voru samþykktar á framhaldsaðalfundi Félags slökkviliðsmanna á Keflavíkurlflugvelli, þann 24. apríl 1994 og aftur á tveim félagsfundum í maí 1997.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerð þessi hér með.

*Fjármálaráðuneytinu, 20. júní 1997.*

F. h. r.

**Áslaug Guðjónsdóttir.**

---

*Hermann Jónasson.*

# REGLUGERÐ

## um mælingu skipa með lengd allt að 24 metrum.

### 1. Gildissvið.

- 1.1 Reglur þessar gilda um öll skráningarskyld skip með skráningarlengd allt að 24 metrum.
- 1.2 Reglurnar gilda um skip sem hafin er smíði á eða eru keypt til landsins eftir gildistöku regnanna.
- 1.3 Reglurnar gilda einnig um skip sem hafin var smíði á fyrir gildistöku regnanna, að því marki sem hér greinir:
  - þegar gerðar hafa verið breytingar á skipum, sem hafa áhrif á mælingu þeirra;
  - ef skipin hafa skutgeymi sem ekki er mældur með í mestu lengd;
  - ef eigendur óska eftir endurmælingu.
- 1.4 Siglingastofnun Íslands er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum þessara reglna, þegar um er að ræða skip afbrigðilegrar gerðar.

### 2. Orðskýringar.

- 2.1 *Brúttótonnatala* er heildarstærð skipsins, mælt samkvæmt reglum þessum.
- 2.2 *Skráningarlengd* er sú lengd skips, sem lögð er til grundvallar við stærðarmælingu þess samkvæmt reglum þessum.
- 2.3 *Skráningarbreidd* er sú breidd, sem lögð er til grundvallar við stærðarmælingu þess samkvæmt reglum þessum.
- 2.4 *Skutgeymir* er geymir sem settur er aftan á skip og virkar aðeins sem flotholt, en nýtist ekki að öðru leyti. Skutgeymar mælast ekki með í skráningarlengd, enda sé form þeirra samkvæmt nánari fyrirmælum Siglingastofnunar. Skutgeymar mælast undir öllum kringumstæðum með í mestu lengd.
- 2.5 *Skríðbretti* eru plötur sem festar eru á skut og ætlað er að auka ganghraða skipa.
- 2.6 *Jafnvægisstýri* eru stillanlegar plötur á skut, sem ætlaðar eru til að stjórna stafnhalla eða draga úr halla meðan skipið er á ferð.

### 3. Almenn.

- 3.1 Áður en smíði skips hefst, eða svo fljótt sem verða má eftir að smíði hefst, skal eigandi eða skipasmiðastöð senda Siglingastofnun útreikninga á brúttó- og nettótonnatölu skipsins.
- 3.2 Þegar sótt er um skráningu skips, skulu liggja fyrir útreikningar á stærð skipsins.
- 3.3 Útreikningar á brúttó- og nettótonnatölu skipa skulu á skýran hátt sýna staðsetningu þverskurða, öll mæligildi og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að ganga úr skugga um rétta stærð skipsins. Útreikningunum skulu fylgja eftirgreindar teikningar, eftir því sem við á:
  - aðalfyrirkomulag
  - línu- eða bandateikning
  - miðbandsteikning
  - langskurðarteikning
  - teikningar af yfirbyggingum og öðru sem áhrif hefur á mælingu ofan þilfars.
- 3.4 Teikningarnar skulu varðveittar hjá Siglingastofnun, sem fylgiskjal með mælinga-skýrslum.
- 3.5 Siglingastofnun getur gert kröfu um aðrar teikningar ef framangreindar teikningar teljast ófullnægjandi.

#### 4. Mælibréf.

- 4.1 Skip sem reglur þessar ná til, skulu hafa um borð íslenskt mælibréf útgefið af Siglingastofnun.
- 4.2 Siglingastofnun getur heimilað yfirvöldum annarra ríkja og öðrum hæfum aðilum sem hafa fengið viðurkenningu stofnunarinnar, að gefa út mælibréf samkvæmt reglum þessum, í umboði Siglingastofnunar.

#### 5. Aðalmál.

- 5.1 Aðalmál skipa skulu mæld á þann veg sem greinir í kafla þessum. Sjá einnig myndir aftast í reglunum.
- 5.2 Skráningarlengd, Ls, skal mæld sem hér greinir:
  - Á opnum skipum skal lengdin mæld frá ytri brún spónfars eða ytri hlið plötustefnis að framan, að ytri brún spónfars eða ytri hlið plötustefnis að aftan. Lengdin skal mæld við efri brún borðstokks eða við samsetningu á bol og borðstokki á bátum úr trefjaplasti, nema bolur nái fram- eða aftur fyrir borðstokkinn eða samsetninguna. Sjá mynd 1 A, myndir 2 A og B og 3 A og B.
  - Á þilfarsskipum með mestu lengd allt að 15 metrum, skal lengdin mæld á milli þeirra punkta sem neðri hlið mælingarþilfars mætir ytri hlið súðar við fram- og afturstefni eða ytri hlið plötustefna, nema bolur nái fram- eða aftur fyrir framan-greinda punkta. Á skipum með hluta þilfarsins lyftu, skoðast báðir hlutar þess sem mælingarþilfar. Þó skal mæla fram að samsetningu á hvalbak og bol þar sem lyftiþilfarið myndar hvalbak. Sjá mynd 1 B, myndir 4 A og B og 5 A og B.
  - Á þilfarsskipum með mestu lengd 15 metra eða meiri, skal lengdin vera 96% af heildarlengd sjólínu við 85% af minnstu mótuðu dýpt, mældri frá efri brún kjalar, eða lengdin frá fremri brún stefnis að miðju stýrisáss á sömu sjólínu, ef hún er stærri. Á skipum, sem hönnuð eru með kjalarhalla, skal sjólínan, sem lengd þessi mælist á, vera samhliða hannaðri sjólínu. Sjá mynd 6.
- 5.3 Mesta lengd, Lm, er heildarlengd skipsins, þar með taldir allir fastir hlutar bolsins, svo sem skriðbretti, perustefni, skutgeymar og hlífðarlistar sem teljast hluti bolsins. Hins vegar skal ekki mæla gúm- eða trélista til hlífðar, stýrisfjaðrir, utanborðsvélar eða utanborðsdrif né annan auðlosanlegan búnað svo sem handrið, jafnvægisstýri, hlífðar-grindur við utanborðsdrif og þess háttar.
- 5.4 Skráningarbreydd skips, Bs, skal mæld í þilfarshæð eða þar sem breidd þess er mest neðan þilfars á þilfarsskipum en þar sem breidd bolsins er mest á opnum skipum. Breiddin skal mæld á innri hlið síðu á skipum með málmbyrðing, en ytri hlið á skipum úr öðru efni. Sjá myndir 6 og 7.
- 5.5 Mótuð dýpt skips, D, skal mæld lóðrétt á miðri skráningarlengd skipsins sem hér greinir:
  - Á skipum án þilfars, skal dýptin mæld frá efri brún borðstokks að efri brún spónfars á kilinum eða innri hlið plötukjalar, nema á tréskipum, þar skal mælt niður að neðri brún spónfars á kilinum. Sjá myndir 6 og 7.
  - Á þilfarsskipum skal dýptin mæld frá neðri hlið þilfars við skipshlið að efri brún spónfars á kilinum eða innri hlið plötukjalar, nema á tréskipum, þar skal mælt niður að neðri brún spónfars á kilinum. Sjá myndir 6 og 7.Á skipum með tvö þilför, skal mæla frá því þilfari sem ætlað er að mæta ágangi veðra og sjávar, sem almennt er efra þilfarið. Á skipum með mestu lengd 15 metra eða meiri, með aðeins hluta þilfarsins lyftu, skal lægri hluti þilfarsins og lína í framhaldi af honum samsíða lyfta hlutanum, skoðast sem mælingarþilfar.

Ef formið á botni skips við kjölinn er ávalt, án skarpra skila, skal dýpt þess mæld að þeim punkti, sem framlengd lína frá efri hlið flata hluta botnsins, sker framlengda línu innri hliðar kjalarins. Sama gildir á þilfarsskipum með ávala þröm, þar skal mæla að þeim punkti sem framlengd lína neðri hliðar þilfarsins, sker framlengda línu flata hluta síðunnar.

## 6. Mæling opinna skipa og þilfarsskipa styttri en 15 metrar.

6.1 Ákvæðin í kafla þessum gilda um mælingu á opnum skipum með skráningarlengd allt að 24 metrum og þilfarsskipum með mestu lengd allt að 15 metrum. Siglingastofnun getur þó heimilað að opin skip lengri en 24 metrar séu mæld samkvæmt reglum þessum.

6.2 Brúttótonnataka, BT, skal reiknuð sem hér greinir:

$BT = L_s^2 \cdot B_s \cdot 0,031$ , þar sem

$L_s$  = skráningarlengd skv. gr. 5.2.

$B_s$  = skráningarbreidd skv. gr. 5.4.

6.3 Nettótonnataka, NT, skal reiknuð sem hér greinir:

$NT = BT \cdot 0,3$ , þar sem

BT = brúttótonnataka skv. gr. 6.2.

## 7. Mæling skipa 15 m að lengd eða lengri.

7.1 Ákvæðin í kafla þessum gilda um mælingu þilfarsskipa 15 metra að lengd eða lengri.

7.2 Við mælingu skal fara eftir ákvæðum í viðauka 1 í Alþjóðasamþykkt um skipamælingar, sem undirrituð var í London 23. júní 1969.

7.3 Brúttótonnataka, BT, skal reiknuð sem hér greinir:

$BT = K_1 \cdot V$ , þar sem

$K_1 = 0,2 + 0,02 \cdot \log 10 V$

$V$  = heildarrúmmál allra lokaðra rýma skipsins í metrum.

7.4 Nettótonnataka, NT, skal reiknuð sem hér greinir:

$NT = BT \cdot 0,3$ , þar sem

BT = brúttótonnataka skv. gr. 7.3.

## 8. Gildistaka.

8.1 Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 50/1970 um skipamælingar, sbr. lög nr. 34/1984, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 433/1990 um mælingar skipa undir 24 m að lengd.

*Samgönguráðuneytinu, 18. ágúst 1997.*

**Halldór Blöndal.**


*Ragnhildur Hjaltadóttir.*



**Mynd 1**  
Lengdir tréskipa með mestu lengd allt að 15 metrum.


**A**

**OPIÐ TRÉSKIP**




**B**

**ÞILFARSTRÉSKIP**




Mynd 2  
Lengdir opinna skipa.

A




B




**Mynd 3**  
Lengdir opinna skipa.

**A**




**B**




**Mynd 4**

Lengdir þilfarsskipa, með mestu lengd allt að 15 metrum.

**A**




**B**




Mynd 5

Lengdir þilfarsskipa, með mestu lengd allt að 15 metrum.

A




B




Mynd 6

Lengd, breidd og dýpt skipa með mestu lengd 15 metra eða lengri



**Mynd 7**

Breidd og dýpt skipa úr trefjaplasti og tré, með mestu lengd allt að 15 metrum



# REGLUGERÐ

## um einkennisbúninga, merki og búnað lögreglumanna.

### 1. Einkennisfatnaður almennra lögreglumanna.

**1.1 Einkennishúfa 1** skal vera með 5 sm breiðri uppistandandi gjörð allan hringinn og reisin, 5 sm að framan og 4 sm að aftan, kringlóttum, hvítum kolti, svörtu gljáleðursskyggni og hökuól, sem fest sé á gjörðina með tveimur litlum einkennishnöppum. Utan á gjörðina skal koma svartur borði með íofnu munstri.

Framan á reisininni skal vera gyllt lögreglumerki úr málmi, 58 mm í þvermál. Undir merkinu skal vera jafnstór hringur úr mjúku svörtu plastefni.

**1.2 Einkennishúfa 2** skal vera úr svörtu sterku efni með hörðu deri klætt sama efni. Hún skal fóðruð með hentugu efni. Framstykki húfunnar skal vera stíft og þar skal vera ísaumað merki lögreglunnar fyrir miðju. Til endanna skal vera minni gerð einkennishnappa sem tengdir eru með einfaldri ól ofan á deri sbr. húfu 1. Innan í húfunni skulu vera eyrnahlífar sem hægt er að taka niður. Þær skulu vera úr mjúku hlýju efni, sem er bryddað með teygju þannig að þær falli vel yfir eyrun.

**1.3 Einkennishúfa 3 (kuldahúfa)** skal vera úr svörtu vönduðu efni. Gyllt lögreglumerki úr málmi, 58 mm í þvermál, skal vera framan á húfunni.

**1.4 Jakki 1** skal vera úr svörtu terlin efni. Jakkinn skal vera með útálggjandi hornum og kraga, einhnepptur, með fjórum einkennishnöppum af stærri gerð og axlarsprotum úr mjúku plastefni. Lengd sprotanna er 14-15 sm, breidd við ermasaum 5 sm en 4 sm við kraga. Sá endi sprotans sem er nær kraga er sniðinn í odd.

Sprotarnir skulu klæddir sama efni og er í jakkanum og eru að ofan með gylltum borðum, 10 mm breiðum, á jöðrunum báðum megin. Þeir skulu festir við axlarbrún með stórum einkennishnappi en litlum einkennishnappi nær kraga. Sprotar á jakka allra lögreglustjóra, skólastjóra Lögregluskóla ríkisins og varalögreglustjóra, skulu klæddir gylltu efni.

Á hvorri ermi skulu vera 3 einkennishnappar af minni gerð, fremst meðfram ermasaum.

Á jakkanum skulu vera tveir brjóstvasar með loki og hneppist hvort vasalok með litlum einkennishnappi. Jakkinn skal vera með tveimur innri vösum.

Jakkalöf skulu fest með þversaum að framan og á hliðum, en bakstykki heil niður, með tveimur fellingum og klauf.

Um mitti skal vera svart leðurbelti, 4 sm breitt, spennt með koparsylgju (lögreglusylgju) að framan og fest upp á hliðum með koparkrökum.

Inni í jakkanum skal vera merkimiði með upplýsingum um efni, meðhöndlun og stærðar-númer.

**1.5 Buxur 1** skulu vera úr sama efni og jakki 1, þær skulu vera síðar, án uppábrota, með fjórum vösum og vasa fyrir kylfu innan á hliðarvasa öðru hvoru megin. Við buxur 1 skal nota svart leðurbelti með einfaldri venjulegri sylgju, eða lögreglusylgju. Heimilt skal að nota axlabönd ef þau eru svört eða sem líkust skyrtulit.

**1.6 Skyrta** skal vera úr lipru slitsterku efni sem er auðvelt í umhirðu og lætur ekki lit. Hún skal vera með venjulegum kraga, hálf- eða heilerna, eftir óskum notanda.

Skyrta við annan einkennisfatnað en jakka 1 skal vera fölblá. Hvít skyrta skal ætíð notuð með jakka 1.

Á báðum öxlum skulu vera samlitir axlarsprotar, 4,5 sm breiðir og 14 - 15 sm langir, í odd við kraga, hnepptir upp á öxl með venjulegum tölum. Smeygar með tilheyrandi merk-



ingum skulu dregnir upp á sprotana. Á skyrtu skulu vera tveir brjóstvasar með loki sem hneppist með litlum einkennishnappi.

Armmerki skulu vera á báðum ermum, 7 sm neðan við axlarsaum.

Ofan við hægri skyrtuvasa, og fyrir miðju hans, skal sauma svartan borða, 3 sm á hæð og 10 sm á breidd, þar sem á stendur ísaumað með gylltum þræði LÖGREGLAN, stafagerð Arial, hæð leturs 11 mm.

# LÖGREGLAN

**1.7 Flísfatnaður** skal vera úr svörtu flísefni, polartec 200 eða sambærilegt, peysa með tveimur hliðarvösum og rennilás að framan, sem lokast upp í háls. Buxur skulu vera úr sama efni. Utandyra skal þessi fatnaður einungis borinn undir jakka 2 og 3 og buxum.

**1.8 Jakki 2** skal vera úr svörtu efni af vandaðri gerð og skal hann ná vel niður fyrir mitti. Hann lokast að framan með sterkum rennilás. Stykki fellur yfir rennilásinn og hneppist með 4 stórum einkennishnöppum.

Jakkinn skal vera með kraga. Utan á jakkanum skulu vera tveir brjóstvasar með loki sem hneppast með litlum einkennishnappi. Jakkinn skal vera með tveimur innri vösum.

Vinstra megin, ofan við brjóstvasa, skal vera vasi fyrir handtalstöð. Hann skal vera innanliggjandi og opnast út og lokast bæði með riflás í opi og undir loki. Jakkinn skal vera fóðraður með stroff í ermum. Leðurbryddingar eru fremst á ermum.

Á báðum öxlum skulu vera axlasprotar, klæddir sama efni og er í jakkanum, 4 sm breiðir og 14 - 15 sm langir í odd, smeltir upp á öxl, með 15 - 16 mm einkennismellum. Smeygar með tilheyrandi merkingum skulu dregnir upp á sprotana.

Á miðjum streng skal vera endurskinsborði, 5 sm breiður og 30 - 35 sm langur að aftan og 5 sm breiður og 20 - 24 sm langur hvorum megin að framan, og ermar með 5 sm breiðan endurskinsborða allan hringinn ofan við leðurbryddingar. Endurskinsborðum á ermum skal sleppa þegar gylltir borðar koma á ermar sem stöðueinkenni.

Yfir brjóstvösum skulu vera endurskinsborðar, 3ja sm breiðir. Á endurskinsborða yfir hægri brjóstvasa skal standa LÖGREGLAN með svörtu letri

Á baki jakkans skal standa orðið **LÖGREGLAN**, stafagerð Arial, eða sambærilegt, 5 sm á hæð, gerðir úr endurskini. Armmerki skulu vera á báðum ermum.

**1.9 Buxur 2** skulu vera úr svörtu, slitsterku, eldtefjandi efni, þær eru síðar, án uppbrota, með fjórum vösum og vasa fyrir kylfu innan á hliðarvasa öðru hvoru megin. Við buxur 2 skal nota svart leðurbelti með einfaldri venjulegri sylgju, eða lögreglusylgju. Heimilt er að nota axlabönd ef þau eru svört eða sem líkust skyrtulit.

**1.10 Jakki 3** skal vera úr svörtu vönduðu texefni, sem er bæði vatns- og vindhelt, þannig að það hleypi litlu sem engu vatni inn í sig utan frá en vatn geti gufað í gegn um það innan frá.

Jakkinn skal vera aðeins síðari en einkennisjakki 1 og lokast að framan með sterkum tveggja sleða rennilás. Tvöföld vindhlíf skal vera utan við rennilás sem lokast með 5 einkennismellum. Kortavasi er inn í jakkanum með opi fyrir utan rennilás en innan við vindhlíf. Teygjustúra skal vera í mitti. Á jakkanum skal vera fóðruð hetta sem hægt er að brjóta inn í kragann. Hann skal fóðraður með hentugu efni og hafa talstöðvarvasa í fóðri, vinstra megin, í brjóstthæð.

Utan á jakkanum skulu vera brjóstvasar með föllum sem lokast með riflás og einkennismellum. Tveir stærri vasar eru neðan mittis sem lokast á sama hátt. Yfir öllum vösum

skulu vera endurskinsborðar, 3ja sm breiðir. Á endurskinsborða yfir hægri brjóstvasa skal standa LÖGREGLAN með svörtu lettri.

Ermar skulu dregnar saman neðst með teygju og riflás og þar fyrir ofan skal vera 5 sm breiður endurskinsborði. Endurskinsborðum á ermum skal sleppa þegar gylltir borðar koma á ermar sem stöðueinkenni. Axlarsprotar skulu saumaðir við axlarbrún og festir upp á öxl með lítilli einkennismellu. Jakkinn skal opnast á báðum hliðum upp að mitti og lokast með rennilás og riflás. 5 sm breiður endurskinsborði skal vera neðst á bakstykki. Á baki jakkans skal standa orðið **LÖGREGLAN**, stafagerð Arial, eða sambærilegt, 5 sm á hæð, gerðir úr endurskini.

**1.11 Buxur 3** skulu vera úr sama efni og jakki 3 og ná vel upp fyrir mitti að framan og hafa teygju í mitti að aftan. Þær skulu lokast að framan með tveggja sleða rennilás. Buxurnar skulu opnanlegar alla leið á hliðum og lokast með tveggja sleða rennilás og vindhlíf sem aftur lokast með riflás og svörtum smellum neðst á skálmum. 5 sm breiður endurskinsborði skal vera á vindhlíf og ná upp fyrir neðri brún á jakka 3.

Buxurnar skulu hafa axlabönd þar sem báðir endar festast á framstykki þannig að afturstykkið sé laust. Inn í skálmum skulu vera snjóhlífar. Utan á skálmum, neðarlega, skulu vera 2 endurskinsborðar, 5 sm breiðir og eru 5 sm á milli þeirra. Styrktarefni skal vera yfir hnjám og innanfótar á skálmum. Hægra megin aftan á buxunum skal vera vasi fyrir kylfu.

**1.12 Regnfrakki** skal vera úr vatnsvörðu svörtu efni, polyester, heilfóðraður með léttu fóðri. Saumar skulu límdir að innan. Brjóstvasi skal vera vinstra megin í fóðri.

Frakkinn skal vera einhnepptur að framan upp í háls með 5 stórum einkennishnöppum, eða smellum, og hafa einfaldan kraga. Frakkinn skal hafa tvo innanliggjandi vasa-lokum sem sitja þvert í mjaðmarhæð. Ermar skulu vera tvísaumsermar. Frakkinn skal hafa klauf að aftan sem lokast með feluhnappi í miðju.

Á öxlum skulu vera sprotar, 4,5 sm breiðir og 14 - 15 sm á lengd, klæddir sama efni og er í frakkanum, saumaðir við axlarbrún og festir niður með einkennishnappi eða smellu nær kraga. Smeygar með tilheyrandi merkingum skulu dregnir upp á sprotana. Frakkinn skal eingöngu notaður utanhúss yfir jakka 1.

## 2. Einkennifatnaður lögreglumanna á bifhjólum lögreglu.

**2.1 Einkennisjakki** skal vera svartur mittisjakki úr leðri, sem lokast með rennilás að framan. Á jakkanum skulu vera tveir brjóstvasar með smelltum lokum og tveir innri vasar. Ermar skulu vera þröngar að framan með rennilás. Við jakkann skal borin gyllt flauta í festi á sama hátt og við jakka 1. Á öxlum skulu vera sprotar, sams konar og á jakka 1. Þeir skulu vera úr svörtu gúmmíefni eða mjúku plastefni.

**2.2 Buxur** skulu vera úr sama efni og jakkinn, mittis- eða smekkbuxur eftir vali viðkomandi lögreglumanns.

**2.3 Öryggishjálmur** skal vera úr hvítu trefjaplasti og smelltur undir höku með hálshlíf að aftan úr mjúku leðri. Hjálmurinn skal vera af vandaðri gerð og gætt fyllsta öryggis varðandi endingartíma. Framan á hjálminn skal líma lögreglumerki, 58 mm í þvermál.

**2.4 Hanskar** skulu vera úr leðri, svartir að lit. Þeir skulu fóðraðir og með hvítum uppslögum. Endurskinsborðar, 5 sm breiðir, skulu vera á uppslögum og ná allan hringinn.

**2.5 Leðurstígvél** skulu vera svört með reiðstígvélasniði.

**2.6 Hvítt belti** skal vera úr leðri, 5 sm breitt með axlaról 3 sm yfir hægri öxl. Hanki skal vera vinstra megin á belti fyrir hvíta umferðarstjórnarkylfu eða ljós. Hulstur fyrir handjám skal vera á beltinu. Endurskinsborðar skulu vera á belti og axlaról.

### 3. Einkennisfatnaður sérsveitar lögreglu.

**3.1 Einkennishúfa** skal vera svört alpahúfa með lögreglumerki, eða einkennishúfa 2, sbr. gr. 1.2.

**3.2 Samfestingur** skal vera úr sterku, dökku (svörtu eða dökkbláu) eldtefjandi efni. Axlarsprotar úr sama efni skulu vera saumaðir við axlarbrún og festir nær hálsmáli með riflás. Annar fatnaður skal vera svört eða dökkblá rúllukragapeysa og dökkar (svartar eða dökkbláar) slitsterkar vinnubuxur.

**3.3 Skjólklæðnaður** skal vera svartur jakki og buxur úr öndunarefni, svartir leðurhanskar og lambhúshetta.

**3.4 Skófatnaður** skal vera svartur, uppháir, reimaðir leðurklossar og svartir sterkir aðgerðaskór, reimaðir upp á ökkla.

**3.5 Belti** skal vera 4 sm breitt úr svörtu leðri, með venjulegri sylgju, eða lögreglusylgju.

**3.6 Regnfatnaður** skal vera úr svörtu efni.

**3.7 Klæðnaður sérsveitar** skal vera merktur með armmerki á báðum ermum, 7 sm neðan við axlarsaum, og viðeigandi merkingum á axlarsprotum og smeygum. Heimilt er að festa merkin með riflás eða á annan hátt þannig að auðvelt sé að koma þeim fyrir og fjarlægja eftir ástæðum.

### 4. Einkennisfatnaður í Lögregluskóla ríkisins.

**4.1** Lögregluskólinn ber kostnað af einkennisfatnaði fastra starfsmanna skólans.

**4.2** Fatnaður skólanema á fyrri önn grunnnáms skal vera fölblá einkennisskyrta án einkenna, svart bindi, svartar taubuxur, svartir sokkar og svartir lágir skór.

**4.3** Lögregluskóli ríkisins skal greiða fyrir klæðnað skólanema á fyrri önn grunnnáms.

**4.4** Fatnaður skólanema á síðari önn grunnnáms skal vera almennur einkennisklæðnaður lögreglumanns.

**4.5** Skólastjóra er heimilt að ákveða að nota og lána til afnota annan nauðsynlegan fatnað, svo sem svartan eða dökkbláan samfesting með merki skólans á ermum, svartan strokk og derhúfu með merki skólans. Endurskinsborðar skulu vera á ermum og skálmum.

**4.6** Hætti nemandi námi, eða nái ekki tilskildum árangri, ber honum að skila þeim fatnaði sem hann hefur fengið úthlutað.

**4.7** Nemendum er óheimilt að nota fatnað þann sem upp hefur verið talinn hér að framan til annarra nota en við nám og störf í Lögregluskóla ríkisins.

## 5. Annar einkennisfatnaður og búnaður lögreglumanna.

**5.1 Hálsbindi** skal ætíð borið með einkennisfatnaði. Það skal vera úr svörtu taui með föstum hnút og fest með teygju eða klemmu.

**5.2 Strokkur** skal vera úr hlýju slitsterku svörtu bandi, polartec 200 eða sambærilegu flís-fni. Hann má bera innan klæða með öðrum fatnaði en jakka 1.

**5.3 Hanskar** skulu vera vandaðir og slitsterkir úr svörtu mjúku leðri, fóðraðir með lipru prjónuðu fóðri og ná vel upp á úlnlið.

**5.4 Hvítir hanskar** skulu vera nælon eða bómullarhanskar, sem auðvelt er að hirða og skulu notaðir með jakka 1 og regnfrakka og skulu þeir ná vel upp á úlnlið.

**5.5 Belti** vegna umferðarstjórnar skal vera hið sama og beltí lögreglumanna á bifhjólum sbr. tölulið 2.6.

**5.6 Endurskinsvesti** skal vera úr Polyester teygjuefni. Efnið skal vera neongult með svörtum bryddingum sem eru úr samsvarandi efni. Framan á vestið, vinstra megin, skal vera áprentað með svörtu letri **LÖGREGLAN**, stafagerð Arial eða sambærilegt, hæð leturs 2,5 sm. Á baki fyrir miðju skal einnig vera áprentað **LÖGREGLAN**, með sömu leturgerð, hæð 5 sm og fyrir neðan á ensku, **POLICE**, hæð leturs 4 sm.

Endurskinsborðar, 5 sm breiðir, skulu vera allan hringinn neðan við handveg og jafnbreiðir borðar yfir báðar axlir, sem ná niður að þverborða bæði að aftan og framan. Riflásar skulu vera samlitir vestinu. Vestið skal að jafnaði nota úti við þegar skuggsýnt er og slæmt skyggni.

**5.7 Sokkar** skulu vera úr lipru slitsterku svörtu bandi.

**5.8 Skór** skulu vera lágir, svartir leðurskór, reimaðir að framan. Þeir skulu vera með meðal grófmynstruðum sóla úr slitsterku efni og með púðum og styrkingum til mikillar notkunar. Þeir skulu vera fóðraðir að innan með leðri. Allur frágangur skal vera vandaður.

**5.9 Kuldaskór** skulu vera reimaðir að framan og ná upp fyrir ökkla. Þeir skulu vera með grófmynstruðum sóla úr slitsterku efni. Þeir skulu vera úr svörtu vatnsheldu efni og fóðraðir með mjúku slitsterku fóðri. Allur frágangur skal vera vandaður og saumar vatnsheldir.

**5.10 Annar fatnaður.** Til afnota fyrir lögreglumenn skal lögreglustjóri láta þeim í té eftir þörfum; öryggishjálma, sloppa, samfestinga, vettlinga og gúmmístígvél.

**5.11 Flauta.** Lögreglumenn í einkennisjakka 1 og jakka bifhjólanna, skulu bera gyllta flautu sem hneppist í vinstri brjóstvasa. Gyllt festi, um 40 sm að lengd, skal tengjast flautunni og fest í ytri hnapp undir vinstri axlarsprotu. Bugðan á flautunni skal snúa fram.

**5.12 Kylfa.** Allir lögreglumenn, sem til þess hafa hlotið þjálfun, skulu að jafnaði bera á sér kylfu við störf sín.

**5.13 Kylfur** af annarri gerð en ríkislögreglustjóri hefur samþykkt, er óheimilt að nota.

**5.14 Tækjabelti** og tilheyrandi hulstur skulu vera úr svörtu vönduðu leðri.

Eftirtalinn tækjabúnað er heimilt að hafa á beltinu:

Einnota hanska og sáraböggul, saman í hulstri

Fjölnota hníf í hulstri

Handjárn í hulstri

Hring fyrir stórt vasaljós

Mace úðabrúsa í hulstri

Maglite handljós, minni gerð, í hulstri

Lyklahring eða lyklaveski

Talstöð ef henni er ekki ætlaður sérstakur staður í fatnaði.

Ríkislögreglustjóri getur sett nánari reglur um þennan búnað.

**5.15** Lögreglumaður skal að jafnaði bera á sér handjárn og kylfu, þegar hann er í lögreglu-  
starfi.

**5.16** Öllum búnaði samkvæmt töluliðum 5.12 til 5.14 skal lögreglumaður skila til viðkom-  
andi lögreglustjóra við starfslok.

## 6. Klæðaburður lögreglumanna.

**6.1 Klæðnaður almennt.** Lögreglumenn skulu ganga í einkennisfatnaði við störf sín samkvæmt þessari reglugerð. Lögreglumönnum er heimilt að vera án einkennisjakka og húfu við störf innan lögreglustöðvar og við akstur lögreglubifreiða. Jafnframt er lögreglumönnum heimilt að vera án einkennisjakka við störf utandyra á góðviðrisdögum. Lögreglustjóri getur sett nánari reglur um notkun á jakka 1, 2 og 3.

Þegar lögreglumenn sinna sérstökum skammtímaverkefnum, mega þeir, í samráði við lögreglustjóra, vera óeinkennisklæddir.

**6.2 Snyrtimennska í klæðaburði.** Lögreglumenn og lögreglunemar skulu ætíð vera snyrtilegir til fara við störf sín. Fatnaði og skóm ber þeim að halda vel við og sjá um að hann sé hreinn og snyrtilegur. Lögreglustjóri, skólastjóri lögregluskólans og aðrir yfirmenn lögregluliðs, skulu fylgjast með klæðaburði lögreglumanna og sjá um að klæðnaður sé í samræmi við gildandi reglur. Þess skal jafnan gætt að samræmi sé í klæðaburði þegar tveir eða fleiri eru saman að störfum.

**6.3 Einkennishúfur.** Einkennisklæddur lögreglumaður skal ganga með einkennishúfu á almannaþæri. Einkennishúfa 1 skal aðeins borin með jakka 1 og regnfrakka. Einkennishúfur 2 eða 3 skulu bornar með öðrum einkennisfatnaði.

**6.4 Klæðaburður lögreglustjóra og skólastjóra lögregluskólans.**

Lögreglustjórum, skólastjóra Lögregluskóla ríkisins og varalögreglustjórum er ekki skylt að klæðast einkennisbúningi við dagleg störf en þeir skulu að jafnaði klæðast einkennisbúningi við opinber eða háúðleg tækifæri, sérstakar móttökur o.þ.h.

**6.5 Óeinkennisklæddir lögreglumenn.** Rannsóknarlögreglumönnum er að jafnaði ekki gert skylt að ganga í einkennisfatnaði við störf sín. Yfirlögregluþjónum og aðstoðar-  
yfirlögregluþjónum er heimilt að vera óeinkennisklæddir við störf sín, með samþykki lögreglustjóra.

Lögreglustjóri getur, í samráði við ríkislögreglustjóra, heimilað öðrum lögreglumönnum að vera óeinkennisklæddir við störf, enda sinni þeir þannig verkefnum, að ekki sé talin nauðsyn á því að þeir klæðist einkennisfatnaði að jafnaði.

Öllum lögreglumönnum er þó skylt að eiga einkennisfatnað samkvæmt þessari reglugerð og koma einkennisklæddir til starfa þegar lögreglustjóri óskar þess.

Þegar lögreglumenn ganga óeinkennisklæddir er þeim heimilt, við sérstakar lögreglu-aðgerðir, að einkenna sig með því að klæðast húfu 2 og/eða endurskinsvesti.

**6.6 Klæðaburður kennara við lögregluskólann.** Lögreglumenn, sem eru fastráðnir kennarar við Lögregluskóla ríkisins, skulu að jafnaði vera einkennisklæddir við kennslu og bera einkenni samkvæmt starfsheiti sínu. Hið sama á við um lögreglumenn sem annast stundakennslu við skólann. Frávik eru aðeins heimil í samráði við skólustjóra.

**6.7 Klæðaburður lögreglumanna í heiðursverði.** Í heiðursverði skulu lögreglumenn klæðast einkennisfatnaði, jakka 1, buxum 1 og húfu 1, hvítu skyrtu, hvítum hönskum og svörtum einkennisskóm. Heimilt er að klæðast regnfrakkanum sem yfirhöfn. Ef um er að ræða 8 manna heiðursvörð eða fleiri er heimilt að nota hátíðasnúru og hvítt belti með axlaról sbr. 2. mgr. gr. 4.1 í handbók um lögreglusiði, útg. í apríl 1996.

## 7. Snyrtilegt útlit lögreglumanna, hársídd, skartgripir o.fl.

**7.1 Almenn.** Öllum lögreglumönnum ber að vera snyrtilegir í útliti við lögreglustörf.

Þeir skulu sýna sjálfum sér, einkennisfatnaði sínum og starfinu tilhlýðilega virðingu.

**7.2 Hár, skegg og neglur.**

**Hár** skal vera hreint, vel klippt og snyrtilegt. Óheimilt er að lita það óvenjulegum eða skærum litum. Hár karla má ekki ná yfir skyrtukraga. Hár síðhærðra kvenna skal við störf vera tekið upp í hnút eða í eina fasta fléttu eða tagl í hnakka. Hár stuttklippra kvenna má ekki ná yfir skyrtukraga.

**Skegg** skal vera vel snyrt. Af öryggisástæðum má það ekki vera sítt. Óheimilt er að lita það í óvenjulegum eða skærum litum.

**Neglur** á fingrum skulu vera stuttklipptar. Konur mega ekki við störf bera naglalakk í áberandi eða skærum litum.

**7.3 Skartgripir.**

**Hringir** skulu af öryggisástæðum vera látlausir. Þeir mega ekki vera útstæðir, með hvössum hornum eða brúnum sem geta skaðað fólk eða fest í fatnaði eða öðru og valdið tjóni. Lögreglumenn mega ekki við lögreglustörf bera fleiri en tvo hringa að meðtöldum giftingar- eða trúlofunarhring.

**Eyrnalokkar.** Karlar mega ekki bera eyrnalokka við lögreglustörf. Konur mega bera látlausa eyrnalokka við lögreglustörf s.s. litlar perlur eða kúlur. Opnir eða lokaðir hringir og hangandi lokkar í eyrum eru af öryggisástæðum bannaðir. Konur mega aðeins bera einn lokk í hvorum eyrnasnepli.

**Aðrir skartgripir.** Lögreglumenn í starfi mega ekki bera skartgripir í andliti, s.s. í nefi, vörum eða augabrún.

**7.4 Eftirlit.** Lögreglustjórar fylgjast með því að farið sé að fyrirmælum um snyrtilegt útlit o.fl. Ef upp kemur ágreiningur varðandi slík mál skal því vísað til úrskurðar ríkis-lögreglustjóra.

**8. Lögreglumerki o.fl.**

**8.1** Íslenska lögreglumerkið skal vera gyllt stjarna með sex jöfnum örmum 58 mm í þvermál. Í miðri stjörnunni skal vera skjöldur með tveimur krosslögðum sverðum að baki skjaldarins, þannig að aðeins sjáist hjöltun ásamt efsta og neðsta hluta blaðanna.

Umhverfis skjöldinn skal vera áletrunin: MEÐ LÖGUM SKAL LAND BYGGJA, með leturgerðinni New Century Schoolbook, Trademark, Normal. Áletrunin skal vera afmörkuð með tveimur upphleyptum hringjum með 5 mm millibili. Frá ytri hringnum sem skal vera 31 mm í þvermál, liggja 54 teinar með jöfnu millibili út að jaðri stjörnunnar. Neðst á milli hringjanna skal vera upphleypt 5 arma stjarna, 2 mm í þvermál.

Ef stjarnan er prentuð í lit skal hún vera svört á gulum grunni, sjá mynd.

Litir; svartur, gulur Pantone 109U.



**8.2 Lögreglumerki Alþjóðasamtaka sakamálaLögreglu, INTERPOL,** er blátt á hvítum grunni, sporöskjulagað hnattlíkan með lárviðarsveig til hliðanna, með áletruninni: OIPC og ICPO ofan á hnattlíkaninu, en INTERPOL undir því.

Þá er sverð lóðrétt að baki líkaninu og sjást hjöltu þess og efsti og neðsti hluti blaðsins. Tvær vogarskálar eru fyrir neðan hnattlíkanið.

**8.3 Lögregluskilríki.** Allir starfsmenn í lögreglu ríkisins, sem eru handhafar lögregluvalds, skulu bera sérstök lögregluskilríki við skyldustörf, samkvæmt ákvæðum lögreglulaga. Dómsmálaráðherra setur reglugerð um lögregluskilríki.

**8.4 Nafnmerki.** Lögreglustjórar geta ákveðið að lögreglumenn skuli bera nafnmerki í skyrtu og peysu innandyra. Ríkislögreglustjóri getur sett samræmdar reglur um nafnmerki og notkun þeirra, bæði innan- og utanhúss.

**8.5 Einkennishnappar** lögreglunnar skulu vera hringlaga, gylltir með upphleyptri mynd af merkinu „hönd og auga“. Hnapparnir skulu vera í tveimur stærðum. Minni gerðin skal



vera 15-16 mm, en hin stærri 22 mm, í þvermál. Festing hnappanna skal vera með tvennum hætti, annars vegar saumaðir og hins vegar pressaðir (smella). Hnappa í einkennishúfu 1 og 2 skal festa með spennum, sem sveigðar eru til hliðanna, innan í húfunum. Hnapparnir skulu vera tvenns konar, þ.e. fingur skulu ýmist vísa lárétt til hægri eða vinstri, með þumalfingur efstan. Hnapparnir skulu festir á einkennisfatnað, horft framan frá, sem hér segir:

Í einfaldri hnapparöð skulu fingur vísa til hægri, þumalfingur efstur.

Á ermum, brjóstvösum og húfu skulu fingur vísa að miðju, þumalfingur efstur.

Í tvöfaldri hnapparöð skulu fingur vísa að miðju, þumalfingur efstur.

**8.6 Armmerkið** skal vera hringlaga úr svörtu klæðisefni, 8,2 sm í þvermál. Lögreglu-merkið skal vera ísaumað í miðju merkisins með gylltum þræði. Yst á armmerkinu, allan hringinn, skal vera ísaumuð gyllt rönd 2 mm á breidd og önnur eins rönd, einum sm innar, utan við horn lögreglustjörunnar. Efst á merkinu, á milli hringjanna, skal vera ísaumað með gylltum þræði **LÖGREGLAN**, leturgerð Arial, eða sambærilegt, stafahæð 8 mm.

**8.7 Merki Lögregluskóla ríkisins** skal vera eins og armmerkið að lögun og gerð, en til viðbótar að neðan, á milli hringjanna, skal vera ísaumað með gylltum þræði **LÖGREGLUSKÓLINN**, sama leturgerð og stærð. Merkið skal notað á einkennisfatnað kennara og nemenda samkvæmt nánari ákvörðun skólastjóra, að undanskildum jakka 1 og regnfrakka.

## 9. Lögreglunúmer.

**9.1 Lögreglunúmer.** Allir lögreglumenn skulu bera fjögurra stafa númer í einkennisbúningi sínum sem helst óbreytt á meðan þeir eru í starfi. Ríkislögreglustjóri annast úthlutun númeranna og gefur árlega út skrá um lögreglumenn.

Fyrstu tveir stafir númersins ráðast af byrjunarari í lögreglu en tveir þeir síðari segja til um röðun þeirra sem ráðnir eru á sama ári. Ef tveir eða fleiri byrja á sama tíma skal sá sem eldri er fá lægra númer.

Númerin skulu vera ísaumuð gylltum þræði í svartan efnisbút, sem er 25 x 47 mm í þvermál. Númerin eru 12 mm á hæð og 37 mm á lengd (4 tölustafir). Letrið skal vera gyllt blokkskrift. Lögreglunúmerið skal vera staðsett, hornrétt, efst í vinstra horni, framan á vinstra vasaloki, á brjóstvasa á skyrtum, jakka 1, jakka 2 og jakka 3.

**9.2 Lögreglumenn 4 og héraðslögreglumenn** skulu bera númer með stórum bókstaf, **H**, og hlaupandi þriggja stafa númeraröð (H001 - H999), sem raðað er eftir skráðum byrjunardeggi. Þegar tveir eða fleiri eru ráðnir á sama tíma gildir sama regla og um fastráðna lögreglumenn.

**9.3 Úthlutun lögreglunúmers.** Aldrei má úthluta lögreglunúmeri sem annar maður hefur borið. Á þetta jafnt við um alla lögreglumenn hvernig sem ráðningarform hefur verið. Ríkislögreglustjóri getur sett nánari reglur um lögreglunúmer.

## 10. Merkingar á axlarsprotum, smeygum, kraga, ermum o.fl.

**10.1 Axlarsprotar.** Stöðueinkenni úr málmi skulu fest beint á axlarsprotu á jakka 1 og jakka bifhjólamanna og skulu staðsett á milli 10 mm breiðra gylltra borða sem eru á jöðrum þeirra. Sprotarnir skulu festir til endanna með lögregluhnöppum, nær axlarbrún skal vera hnappur af stærri gerð en nær kraga hnappur af minni gerð.

Axlarsprotar lögreglustjóra, skólastjóra lögregluskólans og varalögreglustjóra skulu klæddir gylltu efni.

**10.2 Axlarsmeygar.** Á öðrum fatnaði lögreglumanna skulu smeygar með einkennum vera dregnir upp á axlarsprotana. Einkennin skulu vera gylltir borðar og önnur tilheyrandi einkenni, ísaumuð með gylltum þræði ofan á smeygana. Gylltu borðarnir skulu ýmist vera 6 eða 3 mm breiðir með 3 mm millibili.

Axlarsmeygar lögreglustjóra, skólastjóra lögregluskólans og varalögreglustjóra skulu klæddir gylltu efni að ofan.

### 10.3 Stöðueinkenni á sprotum og smeygum.

Stöðueinkenni á sprotum og smeygum skulu vera eftirfarandi:

Íslenska lögreglumerkið, 22 mm í þvermál, gyllt að lit.

Fimmarma stjarna, 18 mm í þvermál, gyllt að lit.

Plata, 24 × 10 mm að stærð, gyllt að lit.

**10.4 Merkingar á kraga.** Á jakka 1 skal merking á hvoru kragahorni vera gyllt lögreglumerki, 22 mm, eða gyllt skjaldarmerki íslenska lýðveldisins, 30 × 28 mm að stærð.

**10.5 Merkingar á jakkaermum.** Á jakkaermum skulu merkingar vera gylltir borðar, 20 eða 10 mm breiðir, með 5 mm millibili, á hvorri ermi ofan við ermahnappa og ná milli ermasauma á jakka 1, en allan hringinn á jakka 2, jakka 3 og regnfrakka. Á jakka 2, jakka 3 og regnfrakka skal neðri brún á neðsta borða vera 8 sm frá ermabrún.

**10.6 Armmerkið.** Armmerkið skal fest á báðar armar, 7 sm neðan við axlarsaum á skyrtu, jakka 2, jakka 3, samfesting og skjólklaðnað sérsveitar lögreglunnar.

## 11. Stöðueinkenni og merki íslensku lögreglunnar.

**11.1 Ríkislögreglustjóri.** Axlarsprotar á jakka 1 og smeygar á öðrum fatnaði skulu vera gylltir. Á hvorum sprota/smeyg skulu vera þrjú lögreglumerki. Á hvorri jakkaermi, ofan við ermahnappa, skulu vera þrjár borðar, 20 mm breiðir. Á hvoru kragahorni skal vera gyllt skjaldarmerki.

Á einkennishúfu 1 og 2 skal vera gyllt ól, 14 mm breið. Ofan á skyggninu, meðfram brún þess, skulu vera ísaumaðir tveir gylltir laufborðar, hvor um sig, 13,5 × 2 sm, sem koma saman á miðju skyggni.

**11.2 Lögreglustjórinn í Reykjavík.** Axlarsprotar á jakka 1 og smeygar á öðrum fatnaði skulu vera gylltir. Á hvorum sprota/smeyg skulu vera tvö lögreglumerki. Á hvorri jakkaermi, ofan við ermahnappa, skulu vera tveir borðar, 20 mm breiðir. Á hvoru kragahorni skal vera gyllt skjaldarmerki.

Á einkennishúfu 1 og 2 skal vera gyllt ól, 14 mm breið. Ofan á skyggninu, meðfram brún þess, skulu vera ísaumaðir tveir gylltir laufborðar, hvor um sig, 13,5 × 2 sm, sem koma saman á miðju skyggni.

**11.3 Aðrir lögreglustjórar, skólastjóri lögregluskólans, vararíkislögreglustjóri og varalögreglustjóri í Reykjavík.** Axlarsprotar á jakka 1 og smeygar á öðrum fatnaði skulu vera gylltir. Á hvorum sprota/smeyg skal vera eitt lögreglumerki. Á hvorri jakkaermi, ofan við ermahnappa, skal vera einn borði, 20 mm breiður. Á hvoru kragahorni skal vera gyllt skjaldarmerki

Á einkennishúfu 1 og 2 skal vera gyllt ól, 14 mm breið. Ofan á skyggninu, meðfram brún þess, skulu vera ísaumaðir tveir gylltir laufborðar, hvor um sig, 13,5 × 2 sm, sem koma saman á miðju skyggni.

**11.4 Yfirlögregluþjónn.** Á smeygum skulu vera tveir gylltir borðar, 6 mm, nær axlarbrún og einn gylltur borði, 3 mm, nær kraga. Á hvorum axlarsmeyg/sprota skulu vera þrjár fimmarma stjörnur.

Á hvorri jakkaermi, ofan við ermahnappa, skulu vera 3 borðar, 10 mm breiðir. Á hvoru kragahorni skal vera eitt lögreglumerki.

Á einkennishúfu 1 og 2 skal vera gyllt ól, 12 mm breið. Ofan á skyggninu skulu ísaumaðir tveir gylltir laufborðar,  $7 \times 1,8$  sm.

**11.5 Aðstoðaryfirlögregluþjónn.** Á smeygum skulu vera tveir gylltir borðar, 6 mm, nær axlarbrún og einn gylltur borði, 3 mm, nær kraga. Á hvorum axlarsmeyg/sprota skulu vera tvær fimmarma stjörnur. Á hvorri jakkaermi, ofan við ermahnappa, skulu vera tveir borðar, 10 mm breiðir. Á hvoru kragahorni skal vera eitt lögreglumerki.

Á einkennishúfu 1 og 2 skal vera gyllt ól, 12 mm breið.

**11.6 Aðalvarðstjóri, lögreglufulltrúi og fulltrúi við lögregluskólann.** Á smeygum skulu vera tveir gylltir borðar, 6 mm, nær axlarbrún og einn gylltur borði, 3 mm, nær kraga. Á hvorum axlarsmeyg/sprota skal vera ein fimmarma stjarna. Á hvorri jakkaermi, ofan við ermahnappa, skal vera einn borði, 10 mm breiður. Á hvoru kragahorni skal vera eitt lögreglumerki.

**11.7 Varðstjóri og rannsóknarlögreglumaður 1.** Á smeygum skal vera einn gylltur borði, 6 mm, nær axlarbrún og annar, 3 mm, og einn borði, 3 mm, nær kraga. Á hvorum axlarsmeyg/sprota skulu vera tvær gylltar plötur. Á hvoru kragahorni skal vera eitt lögreglumerki.

**11.8 Aðstoðarvarðstjóri og rannsóknarlögreglumaður 2.** Á smeygum skal vera einn gylltur borði, 6 mm, nær axlarbrún og annar, 3 mm, og einn borði, 3 mm, nær kraga. Á hvorum axlarsmeyg/sprota skal vera ein gyllt plata.

Á hvoru kragahorni skal vera eitt lögreglumerki.

**11.9 Flokksstjóri, lögreglumaður í sérhæfðu starfi og stöðvarmaður.** Á smeygum skal vera einn gylltur borði, 6 mm, nær axlarbrún og tveir, 3 mm, og einn borði, 3 mm, nær kraga.

**11.10 Lögreglumaður 1,** lokið lögregluskóla, 3 ár í starfi, þar af eitt ár eftir skóla.

Á smeygum skal vera einn gylltur borði, 6 mm, nær axlarbrún og annar, 3 mm, og einn borði, 3 mm, nær kraga.

**11.11 Lögreglumaður 2 og héraðslögreglumaður,** báðir lokið lögregluskóla. Á smeygum skal vera einn gylltur borði, 6 mm, nær axlarbrún og annar, 3 mm, nær kraga.

**11.12 Lögreglumaður 3,** lokið fyrri hluta lögregluskóla. Á smeygum skal vera einn gylltur borði, 3 mm, á hvorum enda.

**11.13 Lögreglumaður 4 og héraðslögreglumaður,** sem ekki hafa lokið lögregluskóla. Á smeygum skal vera einn gylltur borði, 3 mm, nær kraga.

## 12. Heiðursmerki, lögreglumerki o.fl.

**12.1 Heiðursmerki, þjónustumerki eða táknræna borða þeirra** skal bera í samræmi við reglur um lögreglusiði, grein 4.5, frá apríl 1996.

**12.2 Félagsmerki lögreglumanna og samtaka þeirra** mega lögreglumenn bera í hálsbindi en önnur merki með leyfi lögreglustjóra.

### **13. Úthlutun einkennisfatnaðar til lögreglumanna, lögreglustjóra og skólastjóra lögregluskólans.**

**13.1 Almenn.** Þeir, sem taldir eru upp í 11. kafla reglugerðarinnar, skulu fá úthlutað einkennisfatnaði skv. þessari reglugerð.

**13.2 Lögreglumaður** sem ráðinn er í fyrsta skipti í fast starf skal fá afhentan eftirtalinn einkennisfatnað á fyrsta starfsári: Einn jakka 1 og einar buxur 1, einn jakka 2, og tvennar buxur 2, einn jakka 3 og einar buxur 3, eitt sett af flísfatnaði, þrjár skyrtur, eitt hálsbindi, eina einkennishúfu 1 ásamt auka húfukolli, eina einkennishúfu 2, eina einkennishúfu 3, eina lága götuskó, eina kuldaskó, einn strokk, eina leðurhanska, eina nælon- eða bómullarhanska og ferna sokka.

**13.3 Lögreglumaður 4 og héraðslögreglumaður** skulu fá afhentan einkennisfatnað sem hér segir:

Einn jakka 2 og einar buxur 2, eina húfu 2, tvær skyrtur, eitt bindi. Annan fatnað, þar með talinn skófatnað, skulu þeir fá samkvæmt mati viðkomandi lögreglustjóra.

**13.4 Lögreglustjórar, skólastjóri lögregluskólans og varalögreglustjórar.**

Lögreglustjórar, skólastjóri lögregluskólans og varalögreglustjórar skulu fá einkennisfatnað samkvæmt reglugerð þessari, eftir því sem þurfa þykir, að mati ríkislögreglustjóra.

**13.5 Meðaltalsúthlutun til óeinkennisklæddra lögreglumanna.** Þeir lögreglumenn sem að jafnaði ganga óeinkennisklæddir geta í stað reglulegrar úthlutunar samkvæmt tölulíð 14.1, fengið árlega almenna fatabeiðni, svokallaða meðaltalsúthlutun einkennisfatnaðar, að frádregnum skóm, sem ávallt koma til úthlutunar sbr. sama tölulíð. Meðalverð einkennisfatnaðar er gefið út af ríkislögreglustjóra sem mælir nánar fyrir um úthlutun þessa. Þessi tilhögun leysir viðkomandi ekki undan þeirri skyldu að eiga ávallt tiltækan einkennisfatnað skv. reglugerð þessari, sbr. tölulíð 6.5.

**13.6 Lögreglumaður á bifhjóli lögreglu.** Þegar lögreglumenn hefja störf á bifhjólum lögreglu skal þeim úthlutað eftirtöldum fatnaði; leðurjakka og leðurbuxum, öryggishjálmi, leðurhönskum, leðurstígvélum eða klossum og hvítu leðurbelti. Endurskinsvesti skal ætíð fylgja með klæðnaði lögreglumanns á bifhjóli lögreglu og vera til taks á hjólinu þegar á þarf að halda. Endurnýjun fatnaðar bifhjólamanna skal fara eftir þörfum að mati lögreglustjóra.

Þegar lögreglumaður lætur af störfum á bifhjóli lögreglu ber honum að skila öllum sérbúnaði og fatnaði sem hann hefur fengið afhentan vegna starfsins.

**13.7 Lögreglumaður í sérsveit lögreglunnar.** Þegar lögreglumenn hefja störf í sérsveit lögreglunnar skal þeim úthlutað eftirtöldum fatnaði; einum samfestingi, einum vinnubuxum, tveimur peysum, einum leðurklossum, einum aðgerðaskóm, einni húfu, einu leðurbelti, einum skjólklæðnaði, einum hönskum, einni lambhúshettu og einum regnfatnaði.

Eftirtalinn hlífðarútbúnaður er nauðsynlegur hverjum lögreglumanni sem starfar í sérsveit lögreglu; legghlífar, hnéhlífar, innanklæða skotvesti, aðgerðaskotvesti, högghlífðarhjálmur, óeirðarhjálmur, skotskýlingarhjálmur, öryggisgleraugu og heyrnarskjól.

Endurnýjun fatnaðar og hlífðarútbúnaðar skal síðan fara eftir þörfum að mati lögreglustjóra. Þegar lögreglumaður lætur af störfum í sérsveit ber honum að skila öllum sérbúnaði og sérsveitarfatnaði.

**13.8 Kvenlögregla.** Kvenlögreglumenn sem verða barnshafandi skulu eiga þess kost að fá skokk og síðar buxur sér að kostnaðarlausu á meðgöngutímanum. Þessi úthlutun skal fara eftir mati viðkomandi lögrelustjóra.

**13.9 Lögreglu Einkenni.** Einkenni skulu fylgja fatnaðinum í samræmi við reglugerð og endurnýjast eftir þörfum að mati viðkomandi lögrelustjóra hverju sinni.

#### 14. Úthlutun og endingartími einkennisfatnaðar.

**14.1** Regluleg úthlutun og endingartími skal vera eftirfarandi:

- |                        |  |
|------------------------|--|
| 1. Einkennishúfa 1     | ein fjórða hvert ár                          |
| 2. Einkennishúfa 2     | ein annað hvert ár                           |
| 3. Einkennishúfa 3     | ein fjórða hvert ár                          |
| 4. Jakki 1             | einn fjórða hvert ár                         |
| 5. Belti án sylgju     | eitt fjórða hvert ár                         |
| 6. Einkennisbuxur 1    | einar, annað hvert ár                        |
| 7. Einkennisskyrta     | þrjár á hverju ári                           |
| 8. Flísfatnaður        | eitt sett þriðja hvert ár                    |
| 9. Jakki 2             | einn þriðja hvert ár                         |
| 10. Einkennisbuxur 2   | einar á hverju ári og tvennar annað hvert ár |
| 11. Jakki 3 og buxur 3 | eitt sett fjórða hvert ár                    |
| 12. Regnfrakki         | einn fimmta hvert ár                         |
| 13. Hálsbindi          | eitt annað hvert ár                          |
| 14. Strokkur           | einn þriðja hvert ár                         |
| 15. Leðurhanskar       | eitt par á hverju ári                        |
| 16. Hvítir hanskar     | eitt par þriðja hvert ár                     |
| 17. Sokkar             | fjögur pör á hverju ári                      |
| 18. Götuskór           | eitt par á hverju ári                        |
| 19. Kuldaskór          | eitt par annað hvert ár                      |

Eftirfarandi tafla er sett upp til fróðleiks og gefur mynd af reglulegri úthlutun einkennisfatnaðar á hverju ári þegar mið er tekið af samsvarandi töflu í síðustu fatareglugerð. Nauðsynlegt er að hafa í huga að úthlutun fatnaðar, þ.m.t. skótau, reiknast frá síðustu úthlutun til hvers lögreglumanns, óháð tölfunni.

ÚTHLUTUNARÁR:	'98	'99	'00	'01	'02	'03	'04	'05	'06	'07
Einkennishúfa 1			1				1			
Einkennishúfa 2	1		1		1		1		1	
Einkennishúfa 3				1				1		
Jakki 1	1				1				1	
Belti án sylgju	1				1				1	
Einkennisbuxur 1		1		1		1		1		1
Einkennisskyrta	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3
Flísfatnaður	1			1			1			1
Jakki 2		1			1			1		
Buxur 2	2	1	2	1	2	1	2	1	2	1
Jakki + buxur 3		1				1				1
Regnfrakki	1					1				
Hálsbindi	1		1		1		1		1	
Strokkur	1			1			1			1
Leðurhanskar	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Hvítir hanskar	1			1			1			1
Svartir sokkar	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4
Götuskór	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Kuldaskór		1		1		1		1		1

### 15. Útvegum einkennisfatnaðar, annars búnaðar, viðhald o.fl.

**15.1 Útvegum einkennisfatnaðar og búnaðar.** Lögreglustjórar skulu útvega einkennisfatnað og annan búnað fyrir lögreglumenn. Þeim ber að halda skrá yfir afhentan einkennisfatnað, lögregluskilríki, tækjabelti og annan tilheyrandi búnað.

**15.2 Viðhald einkennisfatnaðar.** Venjulegt viðhald einkennisfatnaðar skulu lögreglumenn greiða sjálfir. Þeir skulu þó fá greitt fyrir tvær fatahreinsanir á ári, svo og aðrar hreinsanir á fötum sem yfirmaður telur þörf á. Meiriháttar tjón á einkennisfatnaði, sem rekja má til starfsins, skal lögreglumönnum bætt að mati lögreglustjóra.

**15.3 Eignarheimild.** Einkennisfatnaður, sem fastráðinn lögreglumaður hefur fengið afhentan samkvæmt reglugerð og notað lengur en tvö ár, skal teljast hans eign. Tilheyrandi einkennum og búnaði ber honum þó að skila til viðkomandi lögreglustjóra við starfslok.

**15.4 Notkun einkennisfatnaðar utan lögreglustarfs.** Lögreglumönnum er óheimilt að nota einkennisfatnaðinn utan lögreglustarfs, nema með heimild lögreglustjóra. Ef um er að ræða notkun erlendis skal óska heimildar ríkislögreglustjóra.

Ekki er heimilt að afhenda einkennisfatnað utanaðkomandi aðila nema með sérstakri heimild lögreglustjóra.

**15.5 Skil á einkennisfatnaði.** Lögreglumönnum, sem láta af störfum á reynslutíma, hafa starfað skemur en tvö ár og hafa ekki útskrifast úr Lögregluskóla ríkisins, ber að skila öllum einkennisfatnaði, búnaði og einkennum, sem þeir hafa fengið afhentan vegna skólagöngu eða lögreglustarfs.

**15.6 Fataviðskipti.** Lögreglustjórum ber að haga viðskiptum með einkennisfatnað, skó og annan búnað skv. þessari reglugerð, í samræmi við fyrirmæli ríkislögreglustjóra.

### 16. Ágreiningsmál.

**16.1 Dómsmálaráðherra** sker úr ágreiningi sem rísa kann vegna túlkunar á reglugerð þessari.

### 17. Gildistaka o.fl.

**17.1** Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 40. gr. lögreglulaga nr. 90 13. júní 1996, öðlast gildi 1. janúar 1998.

Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um einkennisbúninga, merki og búnað lögreglumanna nr. 118 9. febrúar 1990, sbr. reglugerð um breyting á þeirri reglugerð nr. 118 18. mars 1993, og reglugerð um merki lögreglunnar nr. 261 13. maí 1980.

### 18. Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði reglugerðar þessarar, sem varða lögreglustjóra, skólastjóra lögregluskólins og varalögreglustjóra, taka þegar gildi.

Eftir gildistöku skv. 17. grein er heimilt að nota áfram einkennisfatnað skv. reglugerð nr. 118/1993 svo sem hér greinir:

1.1.4	Vesti	(út árið 1998)
1.1.7	Peysa m. V háls máli	(út árið 1998)
1.1.8	Jakki II	(út árið 1998)
1.1.9	Frakki „gamli lordinn“	(út árið 2000)
1.1.10	Kuldaúlpa	(út árið 2000)
1.1.11	Regnfatnaður	(út árið 2000)
1.2.9	Trefill	(út árið 1998)
1.5.1	Skyrtur, bláar	(út árið 1998)

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 18. ágúst 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Þorsteinn Geirsson.*



Stöðueinkenni og merki íslensku lögreglunnar

Stöðuheiti	Lögreglu-númer	Einkennis-húta 1	Einkennis-húta 2	Axlarsprotti jakka 1	Axlarsmeygur	Kragahorn á jakka 1	Ermar á jakka	Ammerki	Hítumerki
Ríkislögreglustjóri									
Lögreglustjórnin í Reykjavík									
Aðrir lögreglustjórar, skólastjórir varalögregluáskóans, vararíkislögreglustjóri og varalögreglustjóri í Reykjavík									
Yfirlögregluþjónn	X								
Aðstoðaryfirlögregluþjónn	X								
Aðalvarðstjóri, lögregluhlutlitrúi og fulltrúi við lögregluskólann	X								
Varðstjóri og rannsóknarlögreglumaður 1	X								
Aðstoðanvarðstjóri og rannsóknarlögreglumaður 2	X								
Flokkstjóri og lögreglumaður í sérhæfðu starfi	X								
Lögreglumaður 1 með skóla, þar af 1 ár eftir skóla	X								
Lögreglumaður 2, og héraðslögreglumaður, þaðni með skóla	X								
Lögreglumaður 3, með fyrri áfanga lögregluskóla	X								
Lögreglumaður 4 og héraðslögreglumaður án lögreglunnáms	X								

The Insignia of the Icelandic Police Forces



Rank:	Number	Cap 1	Cap 2	Shoulder rod jacket 1	Shoulder	Collar insignia on jacket 1	Sleeves	Arm patch	Cap patch/backage
National Commissioner of police									
Commissioner of Reykjavik police									
Other Commissioners, Principal of the Police School, National Vice Commissioner, Vice Commissioner of Reykjavik police									
Chief Superintendent	X								
Superintendent	X								
Chief Inspector / Detective chief Insp.	X								
Inspector / Detective insp. 1 gr.	X								
Deputy Inspector / Detective insp. 2 gr.	X								
Sergeant	X								
Corporal	X								
Constable	X								
Cadet after 1st Term	X								
Cadet	X								



## REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 68/1996 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingu.

### 1. gr.

Í stað orðanna „börn sem njóta umönnunarbóta“ í;

- a) 2. tl. 1. mgr. 2. gr.
- b) 2. tl. 1. mgr. 3. gr.
- c) b. lið 1. tl. 1. mgr. 4. gr.
- d) b. lið 2. tl. 1. mgr. 4. gr.
- e) 4. mgr. 4. gr.
- f) b. lið 1. tl. 1. mgr. 6. gr.
- g) b. lið 2. tl. 1. mgr. 6. gr.
- h) b. lið 3. tl. 1. mgr. 6. gr.

komi orðin:

börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna

### 2. gr.

Í stað orðanna „börn með umönnunarbætur“ í;

- a) b. lið 1. tl. 2. mgr. 9. gr.
- b) b. lið 2. tl. 2. mgr. 9. gr.
- c) b. lið 3. tl. 2. mgr. 9. gr.
- d) b. lið 4. tl. 2. mgr. 9. gr.

komi orðin:

börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna

### 3. gr.

Í stað orðanna „börn sem njóta umönnunarbóta“ í;

- a) b. lið 5. tl. 2. mgr. 9. gr.
- b) b. lið 6. tl. 2. mgr. 9. gr.
- c) b. lið 7. tl. 2. mgr. 9. gr.

komi orðin:

börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna

### 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 36. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar öðlast gildi 1. september 1997.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 25. ágúst 1997.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 189/1994 um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa.

#### 1. gr.

Grein 1.1. orðist svo:

Ákvæði þessara reglna taka til allra íslenskra skipa og báta, sem eru 6 metrar að lengd eða lengri. Þar sem lengd skipa er tilgreind í reglum þessum er átt við skráningarlengd, eins og hún er skilgreind í reglum um mælingu skipa með lengd allt að 24 metrum.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 35, 30. apríl 1993 um eftirlit með skipum, með síðari breytingum, tekur þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 18. ágúst 1997.*

**Halldór Blöndal.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

25. ágúst 1997

Nr. 531

## REGLUGERÐ

### um (4.) breytingu á reglugerð nr. 158/1996 um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

2. tl. 3. gr. orðast svo:

2. Elli- og örorkulífeyrisþegar og börn með umönnunarkort skv. reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna skulu greiða fyrstu 250 kr. fyrir hverja lyfjaávisun. Af smásöluverði lyfsins umfram 250 kr. skulu þeir greiða 12%, en þó aldrei meira en 400 kr. Í þeim tilvikum, sem smásöluverð þess lyfs, sem ávísað er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðmiðunarverðskrá.

#### 2. gr.

2. tl. 4. gr. orðast svo:

2. Elli- og örorkulífeyrisþegar og börn með umönnunarkort skv. reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna skulu greiða fyrstu 250 kr. fyrir hverja lyfjaávisun. Af smásöluverði lyfsins umfram 250 kr. skulu þeir greiða 20%, en þó aldrei meira en 800 kr. Í þeim tilvikum, sem smásöluverð þess lyfs, sem ávísað er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðmiðunarverðskrá.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í c. lið 36. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993, sbr. 4. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, öðlast gildi 1. september 1997.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 25. ágúst 1997.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

# FJALLSKILASAMÞYKKT

fyrir Dalasýslu.

## I. KAFLI

### Um stjórn fjallskilamála.

#### 1. gr.

Héraðsnefnd Dalasýslu hefur á hendi yfirstjórn allra fjallskilamála innan sýslunnar, en hreppsnefndir annast stjórn og framkvæmd þeirra hver í sínum hreppi.

## II. KAFLI

### Um afrétti og önnur leitarlönd.

#### 2. gr.

Land sem fjallskilaframkvæmd tekur til, eru beitolönd þau sem nytjuð eru sem sumarhagar fyrir sauðfé. Þó er hreppsnefnd heimilt að ákveða annað.

#### 3. gr.

Alla þá menn í hverjum hreppi, sem skyldir eru til skv. 4. gr. að gera fjallskil, skal hreppsnefnd kveðja til þess skriflega á ári hverju með nægum fyrirvara. Í slíkum fjallskilaboðum skal taka fram, hvaða fjallskil hver og einn eigi að inna af hendi, á hvaða svæði hver skuli ganga, hvernig fjallskilum skuli haga, rekstrum til rétta, geymslu safnsins við réttina þar til réttarstarf byrjar, hverjir sækja skuli fé í réttir utan hrepps eða fjallskiladeildar, hverjir skuli vera leitarstjórar og hve margir og sérhvað annað er að fjallleitum lýtur.

Fjallskilaboð skulu ganga sem þingboð um hreppinn eða ljósrit af fjallskilaseðli á hvern bæ.

Allir fjáreigendur skulu að forfallalausum taka við leitarstjórarstarfi og hafa það á hendi. Til að sækja suðfé í réttir utan hrepps eða fjallskiladeildar skulu ávallt valdir markglöggir og aðgætnir menn og skulu þeir hafa með sér markaskrá sýslunnar, er ný mörk séu færð inn í.

#### 4. gr.

Fjallskilaskyldur er hver sá, sem á kindur, hvort sem er í heimalöndum eða ekki, og hross á afrétti. Hreppsnefndin skal meta allan fjallskilakostnað leitarmanna til peningaverðs, og ber að jafna því gjaldi niður á alla þá, er fjallskilaskyldir eru. Nefnist sú upphæð fjallskilaskjóður. Skal jafnt gjald lagt á hvert hross, þar sem þeim er smalað til réttar sem á 5 sauðkindur.

Hreppsnefnd á rétt á því, að hver sem fjallskilaskyldur er, leggi menn til leita, ef þörf krefur. Reki menn fénað sinn í aðra hreppa til sumargöngu, eða hafi fé sitt í girðingu yfir sumarið, er hreppsnefnd heimilt að færa niður fjallskilakostnað að nokkru. Full fjallskil greiðast af fé því sem utanhreppsmenn reka til sumargöngu í hreppinn. Húsráðendur skulu inna af hendi fjallskil fyrir heimafolk sitt.

Tekjum fjallskilasjóðs skal varið til að greiða kostnað við fjallskil á hausti, gæslukostnað á úrtíningsfé o.fl., eftir ákvörðun hreppsnefndar. Tekjur fjallskilasjóðs hafa lögtaksrétt.

#### 5. gr.

Eigendum eyðingarða er óheimilt að ráðstafa beitarafnotum til utansveitarmanna án leyfis hreppsnefndar.

#### 6. gr.

Allir búendur hreppsins, svo og umráðamenn eyðingarða, eru skildir að láta smala heimalönd sín á hausti, þegar sveitarstjórn mælir svo fyrir, og hafa fé sitt í vörslu fram yfir leit. Allt

ókunnugt fé, er finnast kann, náí til réttar áður en réttarstarf hefst. Búendur skulu flytja fé til réttar.

Nú sinnir umráðamaður jarðar ekki smölunarskyldu sinni, getur þá hreppsnefnd látið smala landið á hans kostnað.

Hreppsnefnd er heimilt að leggja hluta fjallskilakostnaðar á landverð jarða að frádregnu verði ræktaðs lands og hlunninda, samkvæmt fasteignamati á hverjum tíma.

#### 7. gr.

Aðalhaustleitir skulu vera tvær: Fyrsta leit í Dalahólfi syðra laugardag 12. til 18. september, og í Dalahólfi nyðra laugardag 14. til 20. september. Heimilt er að skipta leitum á tvo daga. Hreppsnefndum er heimilt að fella niður leit á sínu svæði, eða hluta þess, ef henta þykir, í samráði við aðrar hreppsnefndir þegar fyrsta leit á að fara fram. Önnur leit í Dalahólfi syðra laugardag 26. september til 2. október og í Dalahólfi nyrða laugardag 28. september til 4. október, og verður ekki breytt nema með samþykki hlutaðeigandi hreppsnefnda.

Réttað skal leitarþaga í Hólmarétt, Flekkudalsrétt, Tungurétt, Ormsstaðarétt og Skarðs-  
rétt, eftir fyrstu leit en í hinum næsta dag eftir leitir.

#### 8. gr.

Skilaréttir skulu haldnar sama dag eða daginn eftir aðra leit í öllum fjallskiladeildum sýslunnar.

#### 9. gr.

Eftirleitir fari fram eftir ákvörðun hreppsnefndar. Þurfi að skilja eftir kindur í leitum, hvort sem er í sjálfheldu eða af völdum sjúkdóma eða slysa, sjái viðkomandi leitarstjóri í samráði við oddvita um að ná í féð, sé þess kostur. Kostnaður greiðist úr fjallskilasjóði.

#### 10. gr.

Leitarstjórar skulu gæta þess vandlega, að allir þeir sem eiga að leggja til menn í fjall-  
leitir, sendi svo marga fullgilda leitarmenn sem hreppsnefnd hefur fyrirskipað og að allir leitarmenn fylgi fjársafni til réttar. Þeir skulu og sjá um, að leitir fari vel og skipulega fram, að leitarmenn hefji leit strax og sauðljóst er orðið, bíði hver eftir öðrum á gangnamótum að svo miklu leyti sem því verður við komið, og haldi leitum samhliða. Ef einhver sendir mann í leit, sem leitarföngi telur óhæfan eða vanbúinn, skal vísa honum heim aftur, og er þá sá er slíkan mann sendir, skyldur að borga eins og hann hafi engan sent. Sama gildir um þann, er sendir ófullgildan mann í útréttir. Stefna ber að því að leitarmenn séu vel klæddir í áberandi klæðnaði eins og björgunarsveitarmenn nota.

#### 11. gr.

Ef einhver vanrækir að láta mann til fjallskilastarfa, skulu leitarstjórar eða hreppsnefnd kaupa mann í staðinn, sé þess kostur, og greiði sá manningur, er leitina átti að inna af hendi. Fáist ekki maður til leitarstarfa, greiði sá, er dagsverkið átti að inna af hendi, dagsverkið til fjallskilasjóðs auk sektar allt að helmingi af matsverði fjallskilanna.

### III. KAFLI

#### Um réttir og réttarstörf.

#### 12. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um, að lögréttir og aukaréttir séu ávallt í góðu ástandi. Skulu dilkar að jafnaði svo stórir að eigi þurfi að hleypa út úr þeim fyrir en fjádrætti er lokið. Hreppsnefndir skulu sjá um, að vélknúnum ökutækjum sé fært að lögrétt, og aðstaða sé til að koma réttarfé á bíla eða fjárvagna.

Þeir hreppar, er fjárvon eiga í öðrum hreppum í haustréttum, skulu kosta byggingu og viðhald á hæfilega stórum dilkum við lögrétt þess hrepps, sem fjárvon er í, eftir samkomulagi viðkomandi hreppsnefnda.

Kostnaður við byggingu almenningsréttar skal greiðast úr fjallskilasjóði viðkomandi fjallskiladeildar. Heimilt er sveitarstjórn að jafna niður á fjallskilaskylda aðila í fjallskilasjóð vegna réttarbyggingar. Hluta af gjaldinu má leggja á landverð jarða. Sveitarstjórn getur ákveðið framlag sveitarsjóðs.

## 13. gr.

Valdi réttarbygging gróðurspillingu eða jarðusla, skal endurgjald koma fyrir úr hrepps-  
sjóði eftir mati óvilhallra manna, sem sýslumaður tilnefnir.

## 14. gr.

Lögréttir eru þessar:

Í Hörðudal, Hólmarétt.

Í Miðdölum, Fellsendarétt.

Í Haukadal, Kirkjufellsrétt.

Í Laxárdal, Gillastaðarétt.

Í Hvammssveit, Skerðingsstaðarétt.

Á Fellsströnd, Flekkudalsrétt.

Á Skarðsströnd, Skarðsrétt.

Í Saurbæ, Múlarétt.

Aukaréttir eru þessar:

Í Haukadal, Vatnsrétt.

Á Fellsströnd, Tungurétt og Ormsstaðarétt.

Breyta má um lögréttarstað eftir ákvörðun hreppsnefndar og samþykki sveitarfundar og héraðsnefndar.

## 15. gr.

Oddviti hreppsnefndar stjórnar réttarstörfum, nema hreppsnefnd ákveði annað.

## 16. gr.

Enginn má marka kind á eyra í lögrétt, nema með leyfi réttarstjóra. Ekki má taka fé úr dilkum án leyfis réttarstjóra.

## 17. gr.

Ómerkinga skal láta í sérstakan dilk og hleypa þangað þeim ám, sem líkur eru til að vanti lamb undir. Þá ómerkinga sem af ganga, skal farið með eftir gildandi reglum. Þær kindur, sem að dómi tilkvaddra manna, hafa skemmd eyru og ekki er hægt að greina mark á, skal farið með sem ómerkinga. Andvirði þeirra kinda, sem enginn sannar eignarrétt sinn á, rennur í fjallskilasjóð. Leitast skal við að auðkenna ómerkinga og móður, sem finnast í leitum, ef tök eru á.

## 18. gr.

Búanda þeim, sem ábúð hefur á jörð, þar sem lögrétt eða aukarétt er skal gjalda réttar-  
toll, eitt til tvö fjallskiladagsverk, eftir samningi hreppsnefndar við viðkomandi jarðeiganda.

## 19. gr.

Þeir menn, sem sendir eru í lögréttir utan hrepps, skulu skila því sauðfé, er þeir taka í réttinni, á þann hátt sem hreppsnefnd ákveður.

## 20. gr.

Ef sauðfé finnst í afréttum eða heimahögum eftir réttir, þá skal finnandi koma því til byggða, ef kostur er, og tilkynna eiganda eða oddvita heimasveitar eiganda.

## IV. KAFLI

**Um meðferð ómerkinga og óskilafjár.**

## 21. gr.

Ómerkingum og óskilafé, sem kemur fyrir í réttum og ekki finnast eigundur að, skal þegar lógað í slátuhúsi, og sér réttarstjóri um að svo sé gert. Áður en slíku fé er lógað, skal skrifa nákvæma lýsingu á því þar sem getið sé marks og annarra einkenna, er eigundur gætu helgað sér það eftir.

Óskilafé, sem fram kemur eftir réttir og ekki finnast eigundur að, eða ekki kemst til eigenda vegna fjarlægðar, skal fara með á sama hátt.

Annar óskilapening, svo sem hross og nautgripi, skal sýslumaður eða hreppsstjóri selja á opinberu uppboði með 12 vikna innlausnarfresti.

## 22. gr.

Fyrir árslok skulu framkvæmdastjórar sveitarfélaga birta í Lögbirtingablaði tilkynningu um förgun óskilafjár, hver í sínum hreppi, eða um sölu, ef um óskilahross eða nautgripi er að ræða. Skal í tilkynningu greint mark og auðkenni hverrar skepnu, eftir því sem kostur er, og skorað á eigendur að gefa sig fram innan tilskilins tíma.

## 23. gr.

Af sláturverði ómerkinga og annars óskilafjár og andvirði seldra hrossa og nautgripa greiðist áfallinn kostnaður. Eftirstöðvar andvirðis greiðist eiganda, ef hann sannar eignarrétt sinn innan tiltekins tíma, ella í fjallskilasjóð þeirrar fjallskiladeildar, þar sem óskilapeningurinn kom fyrir.

## V. KAFLI

**Um mörk og markaskrár.**

## 24. gr.

Búfjármörk eru: Eyrnamörk, brennimörk, frostmerkingar, örmerki og plötumerki í eyra. Hver fjáreigandi er skyldur að hafa glöggt eyrnamark á fé sínu. Skylt er hverjum fjáreiganda að hafa hreppsmerki á fé sínu, brennimark á hyrndu fé eða plötu í eyra með sömu stöfum og hreppsmerkið.

## 25. gr.

Héraðsnefnd ræður markavörð til að hafa umsjón með upptöku nýrra marka og að búa markaskrá undir prentun. Skylt er markeiganda að tilkynna mark sitt til prentunar í markaskrá sýslunnar.

## VI. KAFLI

**Um ágang afréttarpenings o.fl.**

## 26. gr.

Verði mikil brögð að ágangi búfjár úr afrétt í heimahaga, getur sá er fyrir verður gert sveitarstjórn aðvart.

## 27. gr.

Nú verður verulegur ágangur sauðfjár eða hrossa frá einu sveitarfélagi í annað, og getur þá það sveitarfélag, er fyrir ágangi verður óskað eftir að hitt sveitarfélagið greiði bætur fyrir áganginn, eða sendi menn í göngur, ef það er talið heppilegra, miðað við gangnakostnað og usla í högum.

Miða skal greiðslu við fjallskilakostnað á fullorðna kind í því sveitarfélagi sem féð gengur í og séu tvær kindur, sem til réttar koma, metin ein gjaldeining.

Réttarstjóri skal sjá um að telja það fé sem til réttar kemur. Verði ágreiningur um gjaldtöku skulu viðkomandi hreppar tilnefna einn mann hver og sýslumaður einn mann í nefnd til að úrskurða endanlega um ágreiningsefnið.

#### 28. gr.

Nú verður ágangur búfjár úr einu heimalandi í annað, og getur þá sá er fyrir verður, kært til sýslumanns eða hreppsstjóra. Búpening, sem er sérstaklega áleitinn í afgirt ræktuð lönd, skal eigandi hirða, þegar tilsagður er og setja í örugga vörslu. Vanræki eigandi að hirða tilsagðan fénað, má kæra til sýslumanns eða hreppsstjóra.

#### 29. gr.

Sé ágangspeningur settur inn, skal þess gætt, að hann sé ekki í svelt. Ef innsettur fénaður ferst eða slasast greiði sá er inn setur bætur til eiganda.

#### 30. gr.

Telji hreppsnefnd ofsetin beitarlönd á einstökum jörðum í hreppnum eða á afrétti, þá getur hún krafist ítölu. Áður skal þó hreppsnefnd leita álits gróðurverndarnefndar Dalasýslu.

### VII. KAFLI

#### Um hross.

#### 31. gr.

Sérhver hrossaeigandi er skyldur að hafa glöggt eydamark, frostmerkingu eða önnur merki á hrossum sínum. Hreppsnefnd getur, ef henni þykir ástæða til, bannað að hross gangi á afrétti.

#### 32. gr.

Séu hross á afrétti, skal þeim smalað til annarrar réttar. Með óskilahross skal farið sem óskilakindur. Þó skulu þau seljast með 10 daga auglýsingarfresti fyrir söludag og 12 vikna innlausnarfresti eftir söludag. Gjaldfrestur á söluverðinu sé einnig 12 vikur. Kostnað allan greiðir eigandi.

### VIII. KAFLI

#### Ýmis ákvæði.

#### 33. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum refsheimildum. Renna sektir í fjallskilasjóð þess upprekstrarfélags sem brot er framið í.

Mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal fara með að hætti opinberra mála.

#### 34. gr.

Samþykkt þessi, sem héraðsnefnd Dalasýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld fjallskilasamþykkt nr. 359 31. ágúst 1990 fyrir Dalasýslu.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 2. september 1997.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Jón Höskuldsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 73 – 1997

26. ágúst 1997

1215

Nr. 533

## REGLUGERÐ

### um veitingu tímabundinna lána til sveitarfélaga vegna kaupa á íbúðarhúsnæði sökum snjóflóða eða skriðufalla.

#### 1. gr.

Byggingarsjóði ríkisins er heimilt að veita sveitarstjórnnum tímabundið lán til allt að 5 ára til íbúðarkaupna þar sem tjón hefur orðið af völdum snjóflóða eða skriðufalla og íbúar treysta sér ekki til að búa í íbúðarhúsnæði sínu enda sé sala þess á frjálsum markaði ekki raunhæf.

#### 2. gr.

Skilyrði lánveitingar eru þau að sveitarstjórn hafi samið við eigendur um kaup á íbúðum þeirra og einnig að umhverfisráðherra hafi staðfest skuldbindingu Ofanflóðasjóðs gagnvart sveitarfélaginu þess efnis að sjóðurinn muni innleysa til sín þessar íbúðir að fimm árum liðnum hafi ekki tekist að nýta íbúðirnar sem heilsársíbúðir fyrir þann tíma.

#### 3. gr.

Lán Byggingarsjóðs ríkisins til sveitarstjórna getur numið allt að 90% af kaupverði íbúðar, lánin bera 1% breytilega vexti, háða ákvörðun ríkisstjórnar, og eru að fullu verðtryggð samkvæmt vísitölu neysluverðs.

Kaupverð íbúðar skal miðast að hámarki við staðgreiðslu markaðsverðs sambærilegra húseigna í sveitarfélaginu utan hættusvæða.

Lán, ásamt vöxtum og verðbólguþætti vaxta, greiðast í einu lagi á gjalddaga sem er við sölu íbúðar eða í seinasta lagi við tilgreinda dagsetningu á skuldabréfi sem miðast við innlausn Ofanflóðasjóðs, sbr. 2. gr.

Sveitarstjórn ábyrgist endurgreiðslu lánanna til Byggingarsjóðs ríkisins með tryggingu í öllum eignum sveitarfélagsins. Þá ber sveitarstjórn ábyrgð á því að sala íbúðar sé tilkynnt til Byggingarsjóðs ríkisins, ef af verður. Húsnæðisstofnun er heimilt að gjaldfella lán fyrir umsaminn gjalddaga ef forsendur lánveitingar teljast brostnar.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 11. grein laga nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins, öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 26. ágúst 1997.*

**Páll Pétursson.**

*Sigríður Lilly Baldursdóttir.*



## REGLUGERÐ

### um bann við loðnuveiðum fyrir Norðurlandi.

#### 1. gr.

Frá og með 5. september 1997 eru allar loðnuveiðar bannaðar á eftirgreindum svæðum fyrir Norðurlandi:

1. Á svæði, sem að austan markast af 18°30'V og að norðan af 67°30'N. Að vestan markast svæðið af línu, sem dregin er frá stað 67°30'N, 20°V í stað 66°15'N, 22°V.
2. Á svæði, sem að vestan markast af 18°30'V og að norðan af 67°15'N. Að austan markast svæðið af línu, sem dregin er frá stað 67°15'N og 13°V í stað 66°N og 11°V og þaðan réttvísandi í vestur til lands.

#### 2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 511, 15. ágúst 1997, um bann við loðnuveiðum fyrir Norðurlandi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 4. september 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Jón B. Jónasson.*

Nr. 535

5. september 1997

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 188/1988 um slátrun, mat og meðferð sláturafurða, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

Við 3. tl. 18. gr. reglugerðarinnar, sbr. breytingu með 2. gr. rg. nr. 118/1994, bætist nýr bókstafsliður, d-liður, svohljóðandi:

d. Heimilt er að auðkenna skrokka sem metnir eru í vaxtarlagsflokk I og fituflokk M (UNIM) með merkinu + (UNIM+), ef kjötið ber augljós merki góðrar fóðrunar.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 30 28. apríl 1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum og öðlast gildi þegar í stað.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 5. september 1997.*

F. h. r.

**Guðmundur Sigþórsson.**

*Jón Höskuldsson.*